- Skipulagsskrár: Minningarsjóður Ragnhildar og Ólafs Thorlacius, 27—28; Minningarsjóður Guðmundar frá Hólmi, 138; Skólamerkjaskjóður Eiðaskóla, 139—140; Hússjóður Öryrkjabandalagsins, 149—150; Minningarsjóður Ástu Guðrúnar Pálsdóttur, 154; Minningarsjóður Elínar Rannveigar Briem Jónssonar, 269; Minningarsjóður Ara Jósefssonar, 270; Minningarsjóður Stefáns Stefánssonar, skólameistara, 310—311; Minningarsjóður breiðfirzakra mæðra, 318; Hjómlistarsjóður Steinars Guðmundssonar frá Hamraendum, 319; Jólagaðnings- og hjálparsjóður Gunnlaugs Bjarna, 320; Minningarsjóður Kristínar Thoroddsen, 552—553.
- Skotvopn, skotfæri, innflutningur, sala, meðferð, rg., br., 222.
- Skúli Pálsson, hdl., 679.
- Skúli Þorsteinsson, námsstjóri, 677.
- Smásild, bann við veiði, rg., 24—25.
- Snorri P. Snorrason, dósent, 672.
- Snæbjörn Jóhannsson, kennari, 674.
- Snævarr, Árni, verkfr., hm., 556.
- Soffía Jóhannesdóttir, kennari, 673.
- Soumela, Pentti, ambassador, 681.
- Sólrún Skúladóttir, kennari, 673.
- Sólveig Kolbeinsdóttir, kennari, 672.
- Sóttvarnarreglugerð, br., 329—331.
- Stabel, Ernst, ræðism., 557.
- Starfsfræðiskennarar, menntun, r., 551—552.
- Stefán Ólafur Jónsson, námsstjóri, 677.
- Stefán Sigurðsson, kennari, 675.
- Steindór Steindórsson, yfirkennari, 677.
- Steingrímur Baldursson, prófessor, 678.
- Steingrímur Benediktsson, skólustj., 675.
- Steinunn L. Aðalsteinsdóttir, kennari, 673.
- Steinunn A. Einarsdóttir, menntaskólakennari, 676.
- Steinunn Pálmadóttir, kennari, 677.
- Steinunn Sighvatsdóttir, og Magnús Ólafsson, minningarsjóður, rkn., 457.
- Stigur, sjóður, rkn., 404.
- Stokkseyri: Rafveita, gjsk., 184—186; vatnsveita, rg., br., 432—433.
- Stundakennarar, laun, augl., 17—20; augl., laun, 65—68; laun, augl., 379—382.

Sturla Friðriksson, náttúrufræðingur, 671.
 Stykkishólmur, fasteignaskattur, rg., 292.
 Stöðumælar, Reykjavík, augl., 75; r., 389—390.
 Stöðvarfjörður, hafnarreglugerð, 351—356.
 Suður-Múlasýsla: Lögreglusamþykkt, br., 309—310; sýsluvegir, sp., br., 414—417.
 Sundskáli Svarfdæla, rg., 525—526.
 Sundstaðir, Reykjavík, augl., 32—33.
 Sýsluvegasjóður: Árnassýsla, sp., br., 304—305; A.-Skaftafellssýsla, sp., br., 305—306; V.-Skaftafellssýsla, sp., br., 306—307; Rangárvallasýsla, sp., br., 307; Dalasýsla, sp., br., 357—358; N.-Múlasýsla, sp., br., 358.
 Sýsluvegir, S.-Múlasýsla, sp., br., 414—417.
 Svabjörn Frimannsson, bankastj., hm., 556.
 Svavar Hafstein Jóhannsson, kennari, 678.
 Sveinn Pálsson, kennari, 672.
 Sveitarfélög, leiguibúðir, rg., 35—36.
 Sveitarstjóri, Höfðahreppur, sp., 317.
 Sverrir Bergmann Bergsson, lækningaleyfi, 671.
 Sæmundur Bjarnason, skólastjóri, 676.
 Sæmundur Kjartansson, sérfræðingur, 669.
 Söfnunarsjóður Íslands, rkn., 233—248.
 Sölubúðir, sölustaðir, Ólafsvík, sp., 169—170.
 Söluskattsskírteini, tilk., 530.

T.

Takahashi, Michitoshi, sendiherra, 681.
 Taugaveikluð börn, heimilissjóður, rkn., 503—505.
 Tálknafjarðarvegur, hámarkshraði, augl., 378.
 Tekju- og eignaskattur, rg., br., 209—210.
 Teresía Guðmundsson, veðurst.stj., hm., 556.
 Theodór Kristjánsson, kennari, 677.
 Thorlacius, Hallveig, dómtúlkur, 671.
 Thorlacius, Þorleifur, forsetar., hm., 556.
 Thorarensen, Guðríður, kennari, 673.

Thoroddsen, Valgarð, rafmagnsveitustj., 671.
 Thors, Jón, deildarstjóri, 669.
 Thorsteinsson, Pétur, ambassador, 668, 669; 676.
 Tjón af jarðeldum, styrktarsjóður, rkn., 400—401.
 Tollur, endurgreiðsla gjalda, augl., 250—252, 548—550.
 Tómas Helgason, prófessor, 670.
 Tómas Á. Tómasson, deildarstjóri, hm., 556.
 Trausti Einarsson, prófessor, 671.
 Trúfélög, tilkynning og skrásetning, augl., 408—410.
 Tryggingarfélög, stj.ráðsbréf, 130.
 Tryggingastofnun ríkisins, rkn., 506—520.
 Tulinius, Axel V., sýslumaður, 680.
 Tulinius, Hrafn, lækningaleyfi, 673.
 Tulinius, P., styrktarsjóður, rkn., 402.

U.

Umferð: Reykjavík, augl., 15; Vesturlandsvegur, augl., 27; Reykjavík, augl., 208; Ísafjörður, augl., 208; Vogakaup-tún, augl., 213; Vestmannaeyjar, augl., 219—220; Borgarnes, augl., 220; Reykjavík, augl., 255; Reykjanesbraut, augl., 256—257; Þjóðvegir við Selfoss, augl., 257; Hafnarfjörður, augl., 331—332; Reykjavík, augl., 335; Garðahreppur, augl., 387; Seltjarnarnes, augl., 387; Reykjavík, augl., 395; Siglufjörður, augl., 420; Garðahreppur, augl., 432; Akranes, augl., 433; Reykjavík, augl., 530; Reykjavík, augl., 550.
 Umferðargjald, Reykjanesbraut, rg., 210—211.
 Una G. Sverrisdóttir, kennari, 673.

Ú.

Útvarp, rg., br., 248; rg., br., 256.
 Útvarpsrekstur ríkisins, rg., br., 542—544.

V.

V.-Skaftafellssýsla, sýsluvegir, sp., br., 306—307.
 Valdimar Kristjánsson, kennari, 672.
 Valgarð Haraldsson, námsstjóri, 677.

- Valgeir Ársælsson, viðskiptafræðingur, 669.
- Vallholtslegat, rkn., 502.
- Vangefnir, styrktarsjóður, rkn., 455.
- Valtýr Guðmundsson, sýslumaður, 680.
- Vatnsskattur, Reykjavík, rg., br., 37.
- Vatnsleysustrandarhreppur, rafveita, 165—168, rafveita, gjsk., 435—438.
- Vatnsveita: Lindartunga, sp., 41—42; Kópavogur, rg., br., 158; Akureyri, gjsk., 283—284; Patrekshreppur, rg., 297—300; Stokkseyri, rg., br., 432—433; Hella, rg., br., 494.
- Vatnsveita, Seyðisfjörður, rg., br., 545—546.
- Vatnsveitufélag, Skammbeinsstaðabæir, sp., 131—132; Hrafnkelsstaðahverfi, sp., 147—148; Teigsbæir og Smáratún, sp., 155—156; Grjótár, Arngeirsstaða og Bollakots, sp., 156—157; Víðir, sp., 527—528; Lækjamóta o. fl., 553—554.
- Vazhnov, Nioklai P., ambassador, 681.
- Veidifélag, Lárvík, sp., 31—32.
- Veidifélag, Kjósahreppur, arðskrá, 133—134; Húseyjarkvislar, arðskrá, 134—135; Breiðdæla, sp., 162—163; Fljótsdalshérað, sp., 300—302.
- Verðlagsráð sjávarútvegsins, rg., br., 212.
- Verðstöðvun, augl., 559.
- Verkamanna- og sjómannafélög, styrktarsjóður, rkn., 233.
- Verzlun, Akureyri, afgreiðslutími, sp., 28—30; afgreiðslutími, Akranes, sp., 410—412; afgreiðslutími, Húsavík, sp., 491—493.
- Verzlunarbanks Íslands hf., rkn., 226—228.
- Vestmannaeyjar: Umferð, augl., 219—220; hafnarreglugerð, br., 295; bæjarmálasamþykkt, 273—282; lögreglusamþykkt, br., 311.
- Vestur Ísafjarðarsýsla, minningarsjóður, rkn., 403.
- Vesturlandsvegur, umferð, augl., 27.
- Vigdís Björnsdóttir, viðgerðarm. handrita í Þjóðskjalasafni, 680.
- Vigfús Magnússon, héraðslæknir, 668.
- Vignir B. Árnason, kennari, 673.
- Vilborg Guðjónsdóttir, kennari, 675.
- Vísindasjóður, rg., br., 216; rkn., 223—226.
- Vogakauptún, umferð, augl., 213; hámarkshraði, augl., 378.
- Vörubifreiðar, hámarkstala, Árnassýsla, rg., 339; Rangárvallasýsla, rg., 340.
- Vörumerki, augl., 559—667.
- Wiesley, David N., aðalræðism., 556.

Ý.

Ýmis gjöld, innheimta, augl., 531.

Z.

Zoëga, Helgi, héraðslæknir, 680.

Þ.

Þjóðjarðarlandsetar, styrktarsjóður, rkn., 400.

Þjóðvegir í kaupstöðum og kauptúnum, rg., br., 410.

Þór Vigfússon, menntaskólakennari, 680.

Þóra Davíðsdóttir, kennari, 673.

Þóra Guðmundsdóttir, kennari, 673.

Þórarinn Björnsson, skólameistari, 677.

Þórarinn Magnússon, skólustjóri, 676.

Þorbjörn Ármann Friðriksson, skólustj., 672.

Þorbjörn Sigurgeirsson, prófessor, 678.

Þórður Eyjólfsson, fyrrv. hæstaréttard., 671.

Þórður Oddsson, héraðslæknir, 671.

Þórey Guðmundsdóttir, kennari, 672.

Þorgils Ingvarsson, bankaftr., hm., 556.

Þórhallur Jónasson, hreppstj., hm., 556.

Þórhallur B. Ólafsson, héraðslæknir, 669.

Þórir Kjartansson, kennari, 677.

Þórleif Kr. Sigurðardóttir, minningarsj., rkn., 525.

Þóroddur Guðmundsson, kennari, 672.

Þóroddur Jónasson, héraðslæknir, 669.

Þórsteinn Bjarnason, körfug.m., hm., 556.

Þórsteinn Sigurðsson, héraðslæknir, 669, 671, 679.

Þórsteinn Sæmundsson, dr., stjarnfræðingur, 668, 676, 678.

Þorvaldarminning, styrktarsjóður, rkn., 399.

Þorvaldur Sæmundsson, kennari, 673.

Ö.	Örn Bjarnason, héraðslæknir, 672; héraðslæknir, 680.
Ökukennsla, próf ökumanna o. fl., rg., br., 391—394; rg., br., 558.	Örn Guðmundsson, tannlækningaleyfi, 676.
Ökutæki, gerð og búnaður, rg., br., 356—357.	Öryrkjabandalag, leiguíbúðir, rg., 35—36.
Örn Smári Arnaldsson, læknir, 670.	Österberg, Asbjörn P., hm., 557.

Skammstafanir í registri, B-deild.

augl. = auglýsing.	rg. = reglugerð.
br. = breyting.	rkn. = reikningur.
hm. = heiðursmerki.	stj.bréf = stjórnarráðsbréf.
gjask. = gjaldskrá.	sp. = samþykkt.
r. = reglur.	

STJÓRNARTÍÐINDI B 1 — 1966

3. janúar 1966.

1

Nr. 1.

AUGLÝSING

um gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 64 16. desember 1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, er gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu, hér með ákveðið þannig:

1. Fyrir tilkynningu um skrásetningu hlutafélaga og samvinnufélaga	kr. 600.00
2. Fyrir tilkynningu um skrásetningu firma	— 200.00
3. Fyrir tilkynningu um veitingu prókúruumboðs, breytingu eða afturköllun á prókúruumboði	— 200.00
4. Fyrir tilkynningu um breytingu á hlutafélögum, samvinnufélögum og firmum (breytingu á stjórn, samþykktum, eigendaskipti o. fl.)	.. — 200.00
5. Fyrir tilkynningu um að hlutafélag eða firma sé hætt störfum — 40.00
6. Fyrir uppboðsauglýsingu, þrjár birtingar — 400.00
7. Fyrir fjármark — 50.00
8. Fyrir auglýsingu um óskilafénað, fyrir hverja kind eða hross — 20.00
9. Fyrir innköllun, þrjár birtingar — 400.00
10. Fyrir auglýsingu um skiptafund — 200.00
11. Fyrir einkaleyfisumsókn — 200.00
12. Fyrir ógildingarstefnu — 200.00

Gjaldskylt efni, sem birt er í blaðinu, en eigi fellur undir neinn framangreindra liða, greiðist með 25.00 krónum fyrir hvern dálksentimetra.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 15. janúar 1966. Fellur þá jafnframt úr gildi auglýsing nr. 1 9. janúar 1963, um gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 3. janúar 1966.

F. h. r.
Baldur Möller.

Eliás I. Ellason.

Stjórnartíðindi B, nr. 1. Útgáfudagur 10. janúar 1966.

B 1

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Hafnarfjarðarkaupstað.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Hin löggilta höfn Hafnarfjarðar takmarkast landmegin af strandlengju lögsagnarumdæmisins.

Sjávarmegin ráða mörkum tvær eftirfarandi línur úr landi að skurðarmörkum þeirra:

Lína úr Markarkletti við Hraunsnes í Gróttuvita og línu úr Balaklökk til skurðar við áðurnefnda línu 5000 m frá meðalstórstraumstjöruborði á Hraunsnesi.

Hafnargarðar skipta höfninni í ytri og innri höfn.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur á hendi stjórn hafnarmálanna undir yfirumsjón þess ráðuneytis, sem fer með hafnarmál.

3. gr.

Hafnarstjórn hefur á hendi framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni, og strandlengju lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðar. Hafnarstjórn sér um viðhald og umbætur á höfninni, stýrir öllum framkvæmdum er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd bæjarstjórnar.

Hún sér um, að reikningar hafnarsjóðs séu endurskoðaðir á sama hátt og reikningar bæjarsjóðs.

Hafnarstjórn er auk bæjarstjóra skipuð fjórum mönnum, sem bæjarstjórn kýs hlutfallskosningu í einu lagi.

Tveir þeirra manna, er bæjarstjórn kýs, mega vera utan bæjarstjórnarinnar.

Kjörtímabil hafnarstjórnar er eitt ár og fer kjör hennar fram á sama tíma og nefnda bæjarstjórnar.

Á fundum hafnarstjórnar mætir hafnarstjóri og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

Hafnarstjórn kýs formann hafnarstjórnar, og stýrir hann fundum hennar og boðar til þeirra. Kjósa má hafnarstjóra formann hafnarstjórnar, þótt eigi hafi hann þar atkvæðisrétt. Hafnarstjórn kýs sér einnig ritara úr sínum hópi.

4. gr.

Bæjarstjórn skipar hafnarstjóra eftir tillögum hafnarstjórnar og setur honum erindisbréf.

Daglegar framkvæmdir og eftirlit annast hafnarstjóri undir umsjón hafnarstjórnar. Til aðstoðar hafnarstjóra skulu vera svo margir starfsmenn, sem þurfa þykir. Bæjarstjórn skipar fasta starfsmenn eftir tillögu hafnarstjórnar, en hafnarstjórn getur sagt þeim upp eða vikið þeim frá, án þess að til þurfi að koma samþykki bæjarstjórnar.

III. KAFLI

Um almenna reglu.

5. gr.

Hafnarstjóri sér um að gætt sé reglu á höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða boði hans og banni eða þess eða þeirra, sem hann setur til að gæta reglu. Starfsmenn hafnarinnar skulu hafa einkennisbúning, þegar þeir eru að starfa við höfnina, ef hafnarstjórn krefst þess. Þyki einhverjum sér óréttur ger af starfsmönnum hafnarinnar, getur hann kært það fyrir hafnarstjóra, en skipun starfsmanns ber jafnan að hlýða þegar í stað. Starfsmenn hafnarinnar skulu sýna þeim kurteisi, er þeir skipta við.

6. gr.

Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir með því tálma fermingu eða affermingu skipa eða önnur störf, sem þar eru unnin. Banna má ónauðsynlegan akstur hvers konar ökutækja um bryggjur og hafnarbakka.

7. gr.

Böð í höfninni eru bönnuð, nema með leyfi hafnarstjóra. Öll veiði með skotum er bönnuð í höfninni. Bannað er að hleypa af skotvopnum og skjóta flugeldum á innri höfninni eða á landi hennar. Þá er skipum bannað að blása í flautu eða lúðra á innri höfninni, nema umferð gefi tilefni til.

8. gr.

Skyllt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má eigi kveikja eld eða ljós, nema undir kötlum skipsins, í eldavél skipsins og lögboðnum ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í skipinu og á því svæði, sem unnið er að fermingu þess eða affermingu. Bannað er að sjóða tjöru, bik, fernisolíu og annað slíkt, sem eldhætta getur stafað af, í skipum á höfninni, svo og á landi hafnarinnar, nema með leyfi hafnarstjóra.

9. gr.

Á landi hafnarinnar má ekki smíða ný skip, né þetta eldri skip, eða gera við þau á annan hátt, nema með leyfi hafnarstjóra og með þeim skilmálum, sem hann ákveður. Bannað er að leggja skipum upp í hafnarfjöruna, nema með leyfi hafnarstjóra.

10. gr.

Ekki má kasta í höfnina kjölfestu, ösku, dauðum fiski, fiskúrgangi, vírum, vöruleifum, umbúðum eða öðru þess háttar.

Skal það flutt þangað, sem hafnarstjóri vísar til.

Þegar olía er látin í skip eða tekin úr því, skal þess gætt, að ekki renni neitt í höfnina, á bryggjur eða á skipsþilfar. Ekki má heldur láta vatn mengað olíu, grút eða lýsi renna í höfnina.

IV. KAFLI

Um komu skipa og legu þeirra í höfninni.

11. gr.

Skip telst í reglugerð þessari sérhvert fljótandi far.

12. gr.

Sérhver skipstjóri, sem kemur við á höfninni á skipi sínu, á sjálfur, og svo skipshöfnin, að kynna sér ákvæði reglugerðar þessarar, sem liggur til sýnis á hafnarskrifstofunni. Þar geta skipstjórar á skipum þeim, er til hafnar koma, fengið hæfilega mörg eintök af reglugerðinni. Eintak af reglugerðinni á að vera í hverju skipi, meðan það liggur í höfninni. Hafnarstjóri sér um, að jafnan sé til á hafnarskrifstofunni nægilegt upplag af reglugerðinni á tungumálum þeim, sem hafnarstjórn ákveður.

13. gr.

Í hverju skipi eða fari, að undanskildum skipum eða förum, sem hafa leyfi hafnarstjóra til að liggja mannlauis í lægi á höfninni, skal jafnan vera einn maður að minnsta kosti, er tekið gæti á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og framkvæmt þær, hvort heldur á að færa skipið eða gera eitthvað annað samkvæmt reglugerð þessari.

14. gr.

Hafnarstjóri getur krafizt þess, að sérhvert skip, er liggur við festar á ytri höfninni, verði flutt, ef það að álitu hans, tálmar umferð inn í innri höfnina eða úr henni.

Færast hlutaðeigandi undan að flytja skipið eða dragist flutningur þess fram yfir þann tíma, er hafnarstjóri hefur tiltekið og fyrirskipað, er honum heimilt að láta flytja skipið á kostnað og ábyrgð hlutaðeiganda.

15. gr.

Ekki má vera á fiskveiðum á ytri höfninni, ef hafnarstjóri telur það geta hamlað umferð um höfnina. Í innri höfninni má alls ekki fást við fiskveiðar, nema með leyfi hafnarstjóra. Beitutaka og seglfestutaka og annað slíkt, er bannað í ytri og innri höfninni, nema með leyfi hafnarstjóra.

16. gr.

Þegar skip, sem ekki hefur hafnsögumann um borð, kemur í höfnina, skal skipstjóri eða umboðsmaður skipsins, tafarlaust snúa sér til hafnarskrifstofunnar, sem segir honum, hvar skip hans megi liggja. Ekkert íslenzkt skip, sem er stærra en 100 brúttórumlestir, og ekkert erlent skip fá að fara inn í höfnina eða út úr henni án leiðsögumanns, sem hafnarstjóri lætur skipinu í té. Hafnarstjóri getur veitt undanþágu frá ákvæði þessu. Skip, sem koma inn í höfnina án leiðsögumanns, skulu binda landfestar þar, sem starfsmenn hafnarinnar vísa til.

Þegar búið er að leggja skipi við festar, má ekki flytja það þaðan án leyfis hafnarstjóra, en skyldur er skipstjóri að flytja skipið ef hafnarstjóri skipar svo fyrir, og það enda þótt byrjað sé að ferma eða afferma skipið, en þá á skipstjóri öðrum fremur heimtingu á, að sér sé vísað á stað, þar sem fermingu eða affermingu verður haldið áfram.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu skipa í innri höfninni, skal jafnan skylt að flytja skipið á ytri höfnina, ef hafnarstjóri krefst þess.

17. gr.

Ekkert skip má liggja við dufl eða akkeri á innri höfninni nema með sérstöku leyfi hafnarstjóra. Ekki má heldur teppa umferð með taugum, strengjum eða köðlum, nema hafnarstjóri telji nauðsynlegt. Sérhvert skip, sem ekki er bundið við bryggjur eða bólvirki, skal hafa uppi fyrirskipað ljós- og dagmerki.

18. gr.

Skip, sem koma inn í höfn, skulu hafa að minnsta kosti eitt akkeri tilbúið í festarauga, og eigi skip að leggjast að bryggju eða bólvirki, skal hliðarbátum, botnvörpuhlerum og þess háttar tækjum, sveiflað inn fyrir borðstokkinn, brandar dregnir inn og râm snúið.

19. gr.

Eigi má festa skipum við bólvirki eða bryggjur, nema við festarhringana eða festarstólpa, að tilvisun hafnarstjóra. Séu landfestar úr járni, skulu þær vera klæddar, þar sem þær hvíla á bólvirkinu eða bryggjunni.

Festum skal þannig fyrir komið, að þær hindri sem minnst umferð á bryggjunni eða bólvirkinu. Þyki hafnarstjóra þess ekki nægilega gætt, getur hann krafizt að bætt sé úr því tafarlaust. Skyllt er að hafa hlifar milli skips og hafnarbakka eða bryggju, ef hafnarstjóri krefst þess.

20. gr.

Ekki má krækja hökum í bryggjur eða bólvirki. Ekki mega skip hleypta vatni á bryggjur eða bólvirki, hvorki við þvott á þilfari, né heldur er þau hleypta burt vatni, eða á annan hátt, heldur skulu þau girða svo fyrir með seglum og hlífdúkum, að vatnið fari beint í höfnina, en komist ei á bryggju né bólvirki.

21. gr.

Skip mega ekki láta vélarnar ganga af svo miklu afli, að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum stafi hættu af því.

22. gr.

Ef skip lendir á grynningum eða sekkur, þar sem það að álitni hafnarstjóra tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burt svo fljótt, sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarstjóri láta færa skipið burt á kostnað eigandans, og er honum heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur. Um þetta atriði fer að öðru leyti eftir gildandi lögum.

V. KAFLI

Um fermingu og affermingu skipa.

23. gr.

Þegar hafnarstjóri hefur ákveðið, hvar skip skuli fermt eða affermt, skal verkið hafið í síðasta laga innan sólarhrings. Verkinu skal haldið áfram alla virka daga, ef veður leyfir, unz því er lokið. Ef hlé verður á, að nauðsynjalaus eða sé verkinu ekki lokið innan hæfilegs tíma, ber skipinu að víkja fyrir öðrum skipum, ef hafnarstjóri krefst þess.

24. gr.

Ef nauðsyn ber til að skipum, sem ferma eða afferma við bryggju eða bólvirki, sé lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, sem utar liggja, yfir þilför hinna á bjálkabrum. Svo er og skipshöfn og farþegum þeirra skipanna, sem utar liggja, heimil nauðsynleg umferð um þilför þeirra skipanna, sem nær liggja.

25. gr.

Áður en kjölfesta er flutt á skip, eða af skipi, skal hafnarstjóra gert viðvart. Ákveður hann hvar það skuli fara fram.

Við uppskipun og útskipun á kjölfestu, sandi, kolum og öðru slíku, er skylt að hafa nægilega sterka hlífðúka milli skipsins og bólvirkisins, bryggjunnar eða bátanna, svo að ekkert falli fyrir borð. Sé þessa eigi gætt, getur hafnarstjóri stöðvað verkið, unz bætt hefur verið úr því, sem áfátt er.

Ekki má sálda kol á bryggju eða bólvirki.

Skipstjóri skal sjá um, að kjölfesta sú, sem flutt hefur verið á land úr skipi hans, sé þegar í stað, flutt burt af lendingarstaðnum, þangað, sem hafnarstjóri vísar til.

26. gr.

Skyllt er farmseiganda að gæta alls þrifnaðar á bryggju og bólvirki við uppskipun og útskipun. Sé þessu ákvæði ekki framfylgt eftir því, sem ástæður leyfa að dómi hafnarstjóra, getur hann látið hreinsa mannvirki þessi á kostnað eiganda.

VI. KAFLI

Um geymsluskip og skip, sem lagt er í lægi.

27. gr.

Skip, sem ætluð eru til geymslu, mega ekki liggja á innri höfninni, né ytri, nema með sérstöku leyfi hafnarstjóra.

Leyfið skal bundið því skilyrði, að eigandi skipsins láti taka það upp, ef það sekkur eða sprengja það sundur, svo og að það skemmi ekki höfnina, enda sé hafnarstjórn heimilt að láta framkvæma þetta á kostnað eigandans, ef dráttur verður á því af hans hálfu. Hafnarstjóri ákveður legustað geymsluskipa, ákveður hver legufæri skuli nota og hefur umsjón með þegar þeim er lagt, svo og með viðhaldi legufæra þeirra.

Á skipum þessum séu að minnsta kosti tveir varðmenn, er hafnarstjóri tekur gilda, og skal tendra ljós á skipunum, sýna dagmerki og gera hljóðbendingar eftir reglum þeim, er settar eru í alþjóðasjóferðareglum um skip, sem liggja fyrir akkerum. Eftirlit og viðhald legufæra er á ábyrgð skipseiganda.

28. gr.

Innan hafnarinnar má því aðeins leggja skipum í lægi, að rúm sé fyrir hendi að dómi hafnarstjóra, og hann gefi sérstakt leyfi til þess.

Skipunum skal lagt undir umsjón hafnarstjóra. Ákveður hann legustaðinn fyrir hvert skip, og segir fyrir um, hver legufæri skuli nota. Ákvæði þessi ná einnig til smærra báta og uppskipunarpramma.

29. gr.

Meðan skip liggur mannlaust í lægi, skal ekki sjaldnar en einu sinni í mánuði fara út í það, til þess að líta eftir, hvort legufæri eða annað hafi haggast eða bilað, og ef svo reynist, skal lagfæra það svo fljótt, sem auðið er.

Áður en skipstjóri fer af skipinu, skal hann skriflega tilgreina hafnarstjóra siglingafróðan mann, sem búsettur sé í Hafnarfirði, sem hafa skal umsjón skipsins á hendi. Beinir hafnarstjóri til hans öllum fyrirskipunum, sem skipið varða. Sér hann um, að þeim sé fullnægt Verði dráttur á því, skal hafnarstjóri láta fullnægja þeim, en skipseigandi greiði allan kostnað, sem af því leiðir. Eigi ber hafnarstjóður neina ábyrgð á skipum þeim, sem lagt hefur verið í lægi.

VII. KAFLI

Um fermingu og affermingu eldfimrar vöru.

30. gr.

Skip, sem flytja eldfim efni, svo sem steinolíu, benzín, acetón, terpentínu eða önnur slík efni, sprengiefni, svo sem póður, dynamit, geomit eða þess konar efni, sem eldhætta eða sprengihætta stafar af, mega ekki fara inn í innri höfnina, fyrr en tilkynnt hefur verið um farm til hafnarstjóra og slökkviliðsstjóra, og hafnarstjóri hefur leyft affermingu undir umsjón slökkviliðsstjóra.

31. gr.

Um útskipun á þeim efnum, sem um getur í 30. gr., gilda sömu varúðarreglur og um affermingu.

32. gr.

Áliti hafnarstjóri, að hætta geti af fermingu eða affermingu eldfimrar vöru, er honum heimilt að stöðva verkið, unz gerðar hafa verið nauðsynlegar varúðarráðstafanir.

33. gr.

Skip, sem hafa meðferðis þau eldfim efni, sem getið er í 30. gr., skulu á daginn hafa rautt flagg á framsiglutoppi, en á nóttum rautt ljósker.

VIII. KAFLI

Um hafnarmannvirki einstakra manna og félaga innan hafnarinnar.

34. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né heldur breyta þeim mannvirkjum, sem nú eru, og ekki fylla upp eða dýpka út frá landi, nema bæjarstjórn veiti eða hafi veitt eitthvert samþykki sitt til.

Sá, sem gera vill eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarstjórninni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa, í tvennu lagi, og heldur hafnarstjórn öðru eintakinu af hvoru þeirra eftir. Hafnarstjórnin afgreiðir síðan málið til bæjarstjórnar, er ákveður hvort leyfið skuli veitt. Skjóta má þó þeirri ákvörðun undir úrskurð stjórnarráðsins.

Sá, sem hefur fengið leyfi til að gera slíkt mannvirki, skal skyldur að halda því svo við, að engin hætta stafi af því. Brot gegn þessari grein varðar sektum allt að 30 000.00 krónum, og hafnarstjórn getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eigandans.

Nú hefur bryggja eða mannvirki legið ónotað í 5 ár samfleytt og er þá hafnarstjórn heimilt að láta taka það burt án endurgjalds til eigandans.

Byggingarleyfi, sem um getur í þessari grein, falla úr gildi, hafi þau ekki verið hagnýtt og verkinu lokið innan tveggja ára frá því, að leyfið var veitt.

Ákvæði þetta tekur til allra mannvirkja, sem ekki eru fullgerð, er reglugerð þessi öðlast gildi.

35. gr.

Við bryggju eða uppfyllingu einstakra manna eða félaga innan hafnarinnar, hafa skip rétt til að leggjast í sömu röð og þau koma inn og sækja það, þó skulu skip, sem sigla eftir fastrí áætlun hafa forgangsrétt.

36. gr.

Á hverri bryggju eða uppfyllingu einstakra manna eða félaga, sem skipum er ætlað að leggjast að, skulu vera umsjónarmenn, sem hafa á hendi svo víðtæka dagvörzlu mannvirkja þessara, sem hafnarstjórn telur nauðsyn á, og skulu umsjónarmenn þessir samþykktir af hafnarstjórninni. Umsjónarmenn þessir skulu ákveða legustað og umbúnað landfesta allra þeirra skipa, sem að mannvirkjunum leggjast, og ber hlutaðeigendum að hlýða boði þeirra og banni, eins og öðrum starfsmönnum hafnarinnar, enda ber þeim að sýna þeim, er þeir skipta við, fulla kurteisi.

Reynist umsjónarmaður slíkra mannvirkja óhæfur til starfsins, svo að ætla megi að dómi hafnarstjórnar, að af ráðstöfunum hans eða vanrækslu geti stafað hætta í höfninni, getur hafnarstjórn svipt hann starfinu og heimilað nýjan umsjónarmann.

37. gr.

Um lýsingu slíkra mannvirkja, þrífnað á þeim og ýmis nauðsynleg áhöld, svo sem stiga, landgöngubrýr, björgunartæki o. s. frv., fer eftir þeim fyrirmælum hafnarstjórnar, er hún setur á hverjum tíma, og sem gilda jafnt fyrir allar bryggjur og uppfyllingar innan hafnarinnar.

IX KAFLI**Um hafnsögu.****38. gr.**

Hafnarstjórn skipar hafnsögumenn svo marga, sem þurfi þykir, og ákveður laun þeirra. Laun hafnsögumanna greiðast úr hafnarsjóði.

39. gr.

Hafnsögumönnum ber í starfi sínu að haga sér eftir því, sem sagt er í reglugerð þessari og eftir skipun hafnarstjórnar. Þeim skal skylt að bera einkennisbúning þann, er hafnarstjórn ákveður.

40. gr.

Hafnarstjórn getur með þriggja mánaða fyrirvara sagt hafnsögumanni upp starfi sínu. Með sama fyrirvara getur hafnsögumaður sagt starfa sínum lausum.

Hafnarstjórn getur fyrirvaralaust vikið hafnsögumanni frá starfanum, ef hann verður ber að vanrækslu í starfi sínu.

41. gr.

Hvert skip, sem ætlar til Hafnarfjarðar og nota vill hafnsögumann, skal þegar það er komið hálfu mílu undan Álftanesi eða Helgaskeri, gefa merki að það óski hafnsögumanns eða tilkynna það með símskeyti, og er hafnsögumanni skylt að vitja skipanna þangað.

42. gr.

Hafnsögumaður, er vísar skipi leið til hafnar, má eigi yfirgefa skipið án samþykkis skipstjóra, fyrr en skipið er lagzt við festar á höfninni. Meðan hafnsögumaður dvelur á skipi, ber því að sjá honum fyrir fæði.

43. gr.

Hvert skip, sem af höfninni fer, á rétt á að fá hafnsögumann, og skal hafnsögumanni skylt að fylgja því þangað, sem honum samkvæmt 41. gr. er skylt að vitja þess. Hafnsögumaður skal og hafa á hendi leiðsögu skipa um höfnina, komi það eigi í bága við aðalstarf hans.

44. gr.

Hafnsögumanni er skylt að banna allar ónauðsynlegar samgöngur við skipið, áður en hann hefur lokið starfi sínu á skipsfjöln.

45. gr.

Ef sjúkdómur er á skipi, eða ástæða til að halda, að sóttþætta geti stafið frá því, ber hafnsögumanni að sjá um, að fylgt sé reglum þeim, sem settar eru í lögum um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til landsins.

46. gr.

Hafnarsjóður leggur til báta og önnur tæki, er hafnsögumenn þurfa að nota við starfa sinn, og svo mannhjálp.

X. KAFLI

Um hafnargjöld í Hafnarfirði.

47. gr.

Við útreikning hafnargjalda af skipum, skal alltaf talið í heilum rúmlestum, en sleppa brotum.

1. Lestagjald.

48. gr.

Öll skip, seglskip, gufuskip, mótorskip, bátar, hvers konar uppskipunartæki, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða lestagjald í hvert skipti, sem þau koma til hafnarinnar, þó með þeim undantekningum er siðar getur.

49. gr.

- a) Skip, sem heima eiga í Hafnarfirði og minni eru en 20 brúttórúmllestir, skulu greiða lestagjald tvisvar á ári, 2. janúar og 1. júlí kr. 5.00 fyrir hverja brúttórúmllest. Sama gjald greiða geymsluskip þótt stærri séu en 20 brúttórúmllestir. Undanþágu frá þessu getur hafnarsljóri veitt smábátum, sem ekki greiða bryggjugjald.

- b) Öll skip önnur, sem til hafnarinnar koma, nema herskip, varðskip, björgunarskip, skip, sem hafa skirteini sem skemmtiskip, skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, og skip þau, sem getur um í staflið c) þessarar greinar, skulu greiða 60 auro fyrir hverja brúttórúmllest.

Innlend fiskiskip skulu þó eigi greiða lestagjald þetta oftast en einu sinni í mánuði, en innlend skip, sem eingöngu sigla með ströndum landsins, eigi oftast en tvisvar í mánuði, þótt þau komi oftast til hafnar.

- c) Skip, sem leita hafnar vegna illveðurs, sjóskaða eða skemmda á skipi á einhvern hátt, greiða ekki lestagjald nema þau jafnframt fermi eða affermi einhverjar vörur.

Sama gildir um skip, sem leita hafnarinnar til að setja á land sjúka menn eða látna.

2. Vitagjald.

50. gr.

Öll þau skip, sem greiða eiga lestagjald, skulu samtímis greiða vitagjald, 10 auro fyrir fyrir hverja brúttórúmllest. Vitagjald skal þó aldrei vera lægra en kr. 30.00.

3. Bryggjugjald.

51. gr.

Hvert það skip, sem leggst við hafnarbakka, bryggju eða við hafnarfestar, skal greiða bryggjugjald af brúttórúmllest skipsins.

Gjaldið skal greiða fyrir hvern sólarhring eða hluta af sólarhring, 30 aura af hverri rúmllest, þó aldrei minna en 30 krónur um sólarhringinn.

Herskip og varðskip eru undanþegin bryggjugjaldi.

4. Fjörugjald.

52. gr.

Fyrir að leggja skipi í fjöru eða taka skip í slipp til hreinsunar eða aðgerðar, skal greiða 1.50 krónur af hverri rúmllest af brúttóstærð skipsins, en þó aldrei minna en 100.00 krónur.

Dráttarbrautarfyrirtæki eru skyld að sjá um og bera ábyrgð á innheimtu gjalds þessa fyrir hafnarsjóð hjá þeim skipum, er tekin eru í slipp hjá þeim.

5. Vatnsgjald.

53. gr.

Fyrir vatn handa skipum skal greiða það gjald, sem hafnarstjórn ákveður.

6. Hafnsögugjald.

54. gr.

Öll skip, 30 brúttórúmllestir að stærð eða meira, skulu hvort sem þau nota hafnsögumann eða eigi, skyld að greiða hafnsögugjald, er þau koma frá útlöndum til hafnarinnar.

Herskip, varðskip, skemmtiskip og fiskiskip, sem skrásett eru hér á landi, eru undanþegin hafnsögugjaldi, nema þau noti hafnsögumann.

55. gr.

Hvert það skip, sem hafnsögumann notar til hafnarinnar eða frá höfninni, skal greiða hafnsögugjald, auk þess skal greitt sérstakt gjald fyrir leiðsögu skipa um höfnina sjálfa, þar á meðal inn í og út úr höfninni.

56. gr.

Hafnsögugjöld skulu greidd skv. eftirfarandi gjaldskrá:

- a) Fyrir leiðsögu til hafnarinnar 400 krónur fyrir hvert skip auk 1 krónu fyrir hverja brúttórúmllest, allt að 10 000 rúmllestum og 30 aura fyrir hverja brúttórúmllest fram yfir 10 000.
- b) Fyrir leiðsögu frá höfninni 300 krónur fyrir hvert skip, auk 60 aura fyrir hverja brúttórúmllest allt að 10 000 rúmllestum og 20 aura fyrir hverja brúttórúmllest fram yfir 10 000.
- c) Fyrir leiðsögu um höfnina sjálfa, þar á meðal inn í og út úr innri höfninni, greiðist 200 krónur auk 30 aura fyrir hverja brúttórúmllest.
- d) Auk þess skal hvert skip, sem hafnsögumenn nota til hafnarinnar eða sem skylt er að greiða hafnsögugjald skv. 54. gr., greiða 75 krónur í hafnsögusjóð.
- e) Hafnarstjóra er heimilt að ákveða að fiskiskip, sem minni eru en 300 brúttórúmllestir, skuli greiða fast hafnsögugjald eftir a-lið 400 krónur, eftir b-lið 300 krónur og eftir c-lið 200 krónur.

7. *Vörugjald.*

57. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum, svo og skepnum lifandi eða dauðum, sem fluttar eru af skipsfjöllum á land eða úr landi á skipsfjöllum, eða úr einu skipi í annað á höfninni, með undantekningum þeim, er síðar getur.

58. gr.

Ef vörur, sem skv. farmskrá skips eiga að fara til annarrar hafnar en Hafnarfjarðar, eru látnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald, þegar vörurnar eru fluttar í land. Undanþegnar eru þær vörur, sem látnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

59. gr.

Af vörum, sem fluttar eru úr landi á skip og fara eiga til annarra hafna innanlands, greiðist hálf vörugjald.

60. gr.

Þessar vörur eru undanþegnar vörugjaldi:

- a) Kol, olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi, enn fremur salt, sem flutt er úr landi í íslenskt skip til eigin afnota.
- b) Bréfaþóstur og farangur ferðamanna.

61. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu, sem nemur helmingi eða meira, telst heil gjaldeining, en minna brot hálf gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds, og er skipstjóri skyldur að láta hafnarstjóra í té eftirrit af farmskrá skips síns. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem skip hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarstjóra ástæða til, getur hann hvenær sem er, látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hann telur hentugast.

Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn.

Ef ýmsar vörutegundir eru í sendingu, skal reikna vörugjald eftir þeirri tegund, sem hæst gjald ber að greiða af.

62. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og greiðist gjald eins og þar segir. Þó skal aldrei reikna vörugjald lægra en 5 krónur.

Ef vafi leikur á í hvaða flokki skulu telja vöru, skal hafnarstjóri úrskurða, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarstjórnar.

63. gr.

Vörugjaldskrá.

1. flokkur. Gjald kr. 0.75 fyrir hver 100 kg:
Fiskur, afli skipa lagður á land, annar en humar.
2. flokkur. Gjald fyrir hver 100 kg:
Slitinn humar kr. 7.50, óslitinn humar kr. 2.00.
3. flokkur. Kr. 1.30 hver 100 kg:
Kol, koks, kalk, leir, salt, sement, vikur, alls konar vörur úr ódýrum steintegundum, og ís.

4. flokkur. Kr. 2.40 hver 100 kg:
Oliur til eldsneytis og hreyfla, benzín.
5. flokkur. Kr. 2.60 hver 100 kg:
Áburður, alumíníum, asfalt, carbíð, fiskur annar en niðursoðinn, fiskbein, fiskimjöl, fódurvörur alls konar, garnir, girðingavír, gólfúkur, gólfpappi, gærur, hrogn, jarðávextir, járn og stál til smíða, bygginga og skipa, kaðlar, keðjur, kítti, kjöt og annað niðursoðið, kornvörur, leður, málning og efni til hennar, mör, miðstöðvarofnar, pípur úr asbesti, járn eða alumíníum, pokar úr striga eða pappír, umbúða- og prentpappír, rúðugler (einfalt, venjulegt), saumur, segldúkur, síld, síldarmjöl, smurningsoliur, strigi, tjara, tvístur, vír óeinangraður úr stáli, kopar eða alumíníum, vírnet, þakplötur úr asbest, alumíníum, járn eða kopar.
6. flokkur. Kr. 3.20 hver 100 kg:
Ávextir, blöð, bækur, brauðvörur, brennisteinn, hráefni til efnagerðar, svo sem sýrur, oliur, essensar, kaffi, kalíum, lofttegundir á stálflöskum, lýsi, niðursuðuvörur, nýlenduvörur, sápugetarvörur, sápur, smjör, smjörlíki, smjörlíkisoliur, sykur, te, ull, þvottaefni
7. flokkur. Kr. 0.70 hver 10 kg:
Efni til rafmagnslagna, eldhúsáhöld, gólfplötur, gúmmíúkur, harðviður, hjólbarðar, hreinlætistöki, húsgagnaspónn, korkur leirvörur, lím alls konar, lyf alls konar, tengihlutir til miðstöðvarlagna, vatnslagna og rafmagnslagna, þilplötur alls konar, tvöfalt gler (einangrunargler).
8. flokkur. Kr. 1.20 hver 10 kg:
Borðbúnaður, dúnn, eldspýtur, fiður, glervörur, gúmmívörur, leðurvörur, leikföng, prjónavörur, skófatnaður, súkkulaði, súkkulaðikex, sælgætisvörur, vefnaðarvörur.
9. flokkur. Kr. 1.50 hver 10 kg:
Heimilisvélar, landbúnaðarvélar, hreyflar, mælistöki, raf- og loftknúin verkfæri, sauma- og prjónavélar, skrifstofuvélar, þungavinnuvélar, varahlutir til bifreiða, hreyfla, landbúnaðarvéla og þungavinnuvéla.
10. flokkur. Kr. 3.00 hver 10 kg:
Bátar, bifhjól, bifreiðar, ferðaútbúnaður, flugvélar, hjólhestar, húsgögn, hljóðfæri, klukkur, úr, útvarps- og sjónvarpstæki, firðsjár, myndavélar, sjónaukar, sportvörur.
11. flokkur. Kr. 6.00 hver 10 kg:
Fegrunarmeðöl, glysvarningur, ilmvötn, smyrsl, tóbak, tóbaksvörur, vín, vínandi.
12. flokkur. Kr. 13. 00 hver rúmmetri:
Timbur, ýmis gerviefni, svampur, eggjaumbúðir og annað reiknað eftir rúmmáli.
13. flokkur. a) Kr. 20.00 hver gripur:
Hestar, nautgripir, svín.
b) Kr. 5.00 hver gripur:
Sauðfé.
c) Kr. 1.00 hvert stykki:
Tómar tunnur.
14. flokkur. Kr. 7.00 hver 100 kg:
Allt annað.

8. Ýmis gjöld til hafnarinnar.

64. gr.

Fyrir geymslu á vörum í húsum og á lóðum hafnarinnar um stundarsakir, skal greiða það gjald, sem hafnastjóri ákveður.

65. gr.

Fyrir lóðir og land hafnarinnar, geymsluhús og verbúðir, sem leigt er einstökum mönnum eða félögum um lengri tíma, skal greiða leigugjald, sem ákveðið verður með sérstökum samningi.

66. gr.

Fyrir notkun á bátum hafnarinnar, áhöldum og öðrum tækjum hennar, skal greiða það gjald, er hafnastjórn eða hafnastjóri í umboði hennar ákveður í hvert skipti.

XI. KAFLI

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

67. gr.

Hafnastjóri sér um innheimtu allra hafnargjalda, og skal greiða gjöldin á skrifstofu hans.

68. gr.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra, sem greiða ber til hafnarinnar vegna skipsins. Er skipstjóra skylt að afhenda hafnastjóra þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnastjóri krefst þess, og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skipinu unz gjöldin eru greidd.

Að svo miklu leyti sem í reglugerð þessari eru ekki ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldum, skal greiða þau áður en skip fer burt úr höfninni og enginn skipstjóri getur vænt þess, að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá bæjarfógeta, nema hann sanni með vottorði frá hafnastjóra að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarinnar.

69. gr.

Vörugjald og leigu fyrir lóðir og geymsluhús hafnarinnar skv. 64. gr., greiðir móttakandi af vörum, sem koma til hafnarinnar, en sendandi vörum, sem fluttar eru úr höfninni. Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarsjóði skil á greiðslunni. Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjald, er affermir.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga þegar skipið, sem vöruna flytur, er komið í höfnina, og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr höfninni, fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar á skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar, unz gjaldið er greitt. Hafnarsjóður hefur haldsrétt á vörum, unz gjaldið er greitt.

70. gr.

Leigu af lóðum og húsum hafnarinnar samkv. 65. gr., svo og gjöld fyrir að nota áhöld og tæki hafnarinnar, samkv. 66. gr., greiðir leigutaki.

71. gr.

Öll gjöld samkv. þessari reglugerð má taka lögtaki, og hafa þau forgangsrétt sem önnur opinber gjöld, sbr. 83. gr. b, tölulið 3 skiptalaganna. Auk þess eru skipagjöldin tryggð með lögveði í skipinu, og gengur það veð í tvö ár fyrir samnansveðskuldum.

Skipagjöld teljast í reglugerð þessari öll þau gjöld, sem skipi ber að greiða til hafnarinnar, svo sem lestagjald, vitagjald, bryggjugjald, vatnsgjald, hafnsögugjald, fjörugjald, gjald fyrir dráttarbáta og önnur tæki og aðra þá aðstoð, sem framkvæmd er af hafnarinnar hálfu fyrir skipið.

XII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

72. gr.

Þeir munir eða vörur, sem affermdar eru eða látnar í skip, mega ekki liggja á bryggju eða bólvirki, og eigi annars staðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi hafnarstjóra.

Skal flytja burt muni og vörur jafnskjótt sem hafnarstjóri krefst þess. Sé það eigi gert, lætur hafnarstjóri gera það á kostnað og ábyrgð eiganda eða umboðsmanns hans.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til mannvirkja einstakra manna eða félaga innan hafnarinnar.

73. gr.

Frá kl. 9 síðdegis til kl. 6 árdegis mega skip ekki valda óþarfa hávaða með eimpípu sinni, og getur hafnarstjórn sett nánari og strangari ákvæði um þetta, ef þurfa þykir.

74. gr.

Um skaðabótaskyldur fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum reglum.

Ef samningum verður ekki komið við um skaðabætur, skulu þær ákveðnar af óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila um sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því, er matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af 4 óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, sem krafðist yfirmats, ef það gengur honum ekki í vil. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

75. gr.

Nú veldur skip skemmdum í höfninni eða skipstjóri verður brotlegur við ákvæði reglugerðar þessarar og er þá óheimilt að flytja skipið úr höfninni, áður en málið er útkljáð, nema fullnægjandi trygging sé sett fyrir greiðslu að dómi hafnarstjóra.

76. gr.

Enginn, sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni meðan mál hans er útkljáð nema hann setji tryggingu, sem hafnarstjóri tekur gilda.

77. gr.

Hafnarstjóra skal þegar tilkynnt um allt það, sem hjargað er í höfninni, en hann gefur aftur lögreglunni skýrslu um það.

78. gr.

Hverja þá skipun, sem samkv. reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki á skipi, og eigi heldur umboðsmaður hans samkv. 13. gr. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt, sem skipstjóri hafa fengið skipunina sjálfur.

79. gr.

Allir þeir, sem æskja afgreiðslu fyrir skip, láns á tækjum eða aðstoðar á einn eða annan hátt hjá höfninni, skulu snúa sér beint til skrifstofu hafnarinnar með beiðni þar að lútandi.

Heimilt er hafnarstjóra að neita þeim aðilum um aðstoð eða afgreiðslu, sem eru í vanskilum með gjöld til hafnarinnar, eða eru brotlegir við reglugerð þessa.

80. gr.

Innan hafnargarða má ekki sigla skipum hraðar en sem svarar 5 mílum á klst., nema sérstaklega standi á.

81. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að 25 000.00 krónum, nema þyngri refsing liggir við eftir almennum lögum. Sektir renna í hafnarsjóð.

82. gr.

Með mál út brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og landingarbætur, sbr. lög nr. 41 5. apríl 1948, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Hafnarfjarðarkaupstað, nr. 232 29. desember 1961.

Samgöngumálaráðuneytið, 3. janúar 1966.

Eggert G. Þorsteinsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Að fengnum tillögum borgarstjórnar Reykjavíkur hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð, samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 26 frá 2. maí 1958.

- I. Aðalbrautarréttur hefur verið ákveðinn á Nesvegi frá Ægissíðu að borgarmörkum Seltjarnarneshrepps.
- II. Einstefnuakstur hefur verið ákveðinn á Fálkagötu frá Dunhaga að Suðurgötu. Jafnframt verði bifreiðastöður leyfðar beggja vegna götunnar.
- III. Hægri og vinstri beygjur hafa verið bannaðar úr Austurstræti í Pósthússtræti.
- IV. Ákveðin hefur verið stöðvunarskylda á umferð um Hátún gagnvart umferð um Nóatún.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 3. janúar 1966.

Sigurjón Sigurðsson.

REGLUGERÐ**um gjald af fob-verði bifreiða og bifhjóla.****1. gr.**

Gjald samkvæmt 16. gr. laga nr. 4/1960 skal innheimt við tollafgreiðslu. Gjald þetta skal innheimt af öllum bifreiðum að burðarmagni minna en 3 tonn, að undanskildum almenningsbifreiðum skv. nr. 87.02.20 í tollskrá, sjúkra-, bruna- og snjóbifreiðum, svo og bifreiðum, sem eru hvort tveggja lögreglu- og sjúkrabifreiðar, samkv. nr. 87.02.38 í tollskrá.

2. gr.

Gjaldið af gjaldskyldum bifreiðum er ákveðið 125% af fob-verði eða eftir atvikum matsverði bifreiða, án tillits til þess, hvort bifreiðin er notuð eða ný, öðrum en jeppabifreiðum skv. nr. 87.02.37 í tollskrá, en af þeim skal greiða 30% gjald. Gjald af bifhjólum er á sama hátt ákveðið 25% af fob-verði.

3. gr.

Bifreiðastjórar, sem hafa kennslu í bifreiðaakstri að aðalstarfi, leigubifreiðastjórar, sem hafa akstur allt að 8 farþega leigubifreiðar til fólksflutninga að aðalstarfi og sendiferðabifreiðastjórar, sem hafa akstur allt að 3. tonna sendiferðabifreiðar að aðalstarfi, mega við tollafgreiðslu greiða 30% gjald af fob-verði bifreiðar í reiðu fé, en eftirstöðvarnar (95%) með skuldabréfi. Þeir bifreiðastjórar, sem hafa ökukennslu að aukastarfi og þeir leigu- og sendiferðabifreiðastjórar, sem hafa aksturinn að aukastarfi, mega við tollafgreiðslu greiða 65% gjald af fob-verði bifreiðanna í reiðu fé, en eftirstöðvarnar (60%) með skuldabréfi.

Taka skal veð í viðkomandi bifreiðum fyrir þeirri upphæð, sem greidd er með skuldabréfi. Veðskuldabréf þessi skulu afskrifuð með jöfnum mánaðarlegum upphæðum, þannig að veðskuldin sé að fullu fallin niður að þremur árum liðnum frá undirskrift bréfsins, þegar um er að ræða skuld leigu- eða sendiferðabifreiðastjóra, sem hefur greitt 95% gjald með skuldabréfi en að fimm árum liðnum þegar um er að ræða skuld ökukennara svo og bifreiðastjóra, sem greitt hefur 60% gjald með skuldabréfi miðað við það, að hann hafi akstur leigu- eða sendiferðabifreiðar að aukastarfi.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 35. gr. laga nr. 4/1960, um efna-hagsmál, tekur þegar gildi, þó skulu þær jeppabifreiðar tollafgreiddar eftir eldri reglum, sem sannanlega hafa verið endanlega keyptar erlendis frá og seldar innanlands til ákveðinna kaupenda. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 139/1965, um gjald af fob-verði bifreiða.

Fjármálaráðuneytið, 18. janúar 1966.

Magnús Jónsson.

Björn Hermannsson.

AUGLÝSING

um laun stundakennara.

1. gr.

Laun stundakennara miðast við þá launaflokka, sem kennararnir myndu taka laun samkvæmt, ef þeir væru fastir kennarar, og skulu vera fyrir hverja kennslustund sem hér segir:

I. Í barnaskólum:

Miðað við 13. launaflokk	(kennarar án kennararéttinda)	kr. 84.10
— — 16. —	— 94.60
— — 16. —	(söngkennarar, tónlistarkennarar og kennarar afbrigðilegra og vangefinna barna með $\frac{1}{2}$ kennsluskyldu)	— 118.25
— — 17. —	(kennarar með a. m. k. árs framhaldsnámi við kennaraháskóla eða öðru sambærilegu framhaldsnámi, hvoru tveggja að mati menntamálaráðuneytisins, tal-	
— — 17. —	kennarar og blindrakennarar)	— 98.35
	(söngkennarar, tónlistarkennarar og kennarar afbrigðilegra og vangefinna barna með a. m. k. árs framhaldsnámi við kennaraháskóla eða öðru sambærilegu framhaldsnámi, hvoru tveggja að mati menntamálaráðuneytisins	— 123.00
— — 18. —	(vanvitaskólakennarar)	— 127.90

II. Í húsmæðraskólum:

Miðað við 14. launaflokk	(kennarar án kennararéttinda)	— 108.25
— — 17. —	— 121.70
— — 18. —	(kennarar með B.A.-prófi eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum, ásamt prófi í uppeldisfræðum)	— 126.60
— — 19. —	(kennarar með cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í aðalkennslugreinum sínum) ..	— 137.80

III. Í gagnfræðastigsskólum (unglingaskólum, miðskólum og gagnfræðaskólum):

Miðað við 17. launaflokk	— 121.70
— — 17. —	(söngkennarar og tónlistarkennarar með $\frac{1}{2}$ kennsluskyldu)	— 152.15
— — 18. —	(kennarar með B.A.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum, ásamt prófi í uppeldisfræðum)	— 126.60
— — 19. —	(kennarar með cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í aðalkennslugreinum sínum) ..	— 137.80

IV. Í iðnskólum:

Miðað við 17. launaflokk	kr. 121.70
— — 18. —	(kennarar með B.A.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum, ásamt prófi í uppeldisfræðum)	— 126.60
— — 19. —	(kennarar með cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í aðalkennslugreinum sínum)	.. — 137.80

V. Í Hjúkrunarskóla Íslands:

Miðað við 17. launaflokk	— 131.15
— — 18. —	(kennarar með B.A.-prófi í kennslugreinum sínum, ásamt prófi í uppeldisfræðum)	— 136.40
— — 19. —	(kennarar með cand. mag.-prófi eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum)	— 148.45

VI. Í Myndlista- og handíðaskóla Íslands:

Miðað við 18. launaflokk	— 136.40
--------------------------	-------	----------

VII. Í Heyrnleysingjaskólanum:

Miðað við 17. launaflokk	— 121.70
--------------------------	-------	----------

VIII. Í Tónlistarskólanum í Reykjavík (kennaradeild):

Miðað við 18. launaflokk	— 136.40
--------------------------	-------	----------

IX. Í Vélaskólanum í Reykjavík:

Miðað við 17. launaflokk	— 131.15
— — 18. —	(kennarar í tæknigreinum og kennarar með B.A.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum, ásamt prófi í uppeldisfræðum)	— 136.40
— — 19. —	(kennarar með cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í aðalkennslugreinum sínum)	.. — 148.45

X. Í Íþróttakennaraskóla Íslands:

Miðað við 18. launaflokk	— 136.40
— — 19. —	(kennarar með cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í aðalkennslugreinum sínum)	.. — 148.45

XI. Í Húsmæðrakennaraskóla Íslands:

Miðað við 18. launaflokk	— 136.40
— — 19. —	(kennarar með cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í aðalkennslugreinum sínum)	.. — 148.45

XII. Í Kennaraskóla Íslands:**a) Íþróttakennarar:**

Miðað við 18. launaflokk kr. 136.40

b) Kennarar við handavinnudeild:

Miðað við 18. launaflokk — 136.40

— — 19. — (kennarar með cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í aðalkennslugreinum sínum) .. — 148.45

c) Aðrir kennarar:

Miðað við 20. launaflokk — 156.65

XIII. Í menntaskólum:**a) Íþróttakennarar:**

Miðað við 18. launaflokk — 136.40

b) Aðrir kennarar:

Miðað við 20. launaflokk — 156.65

XIV. Í Stýrimannaskólanum:

Miðað við 17. launaflokk — 131.15

— — 18. — (kennarar í tæknigreinum og kennarar með B.A.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í aðalkennslum sínum, ásamt prófi í uppeldisfræðum) — 136.40

— — 19. — (kennarar með cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í aðalkennslugreinum sínum) .. — 148.45

XV. Í Matsveina- og veitingaþjónaskólanum:

Miðað við 17. launaflokk — 131.15

— — 18. — (kennarar með B.A.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum, ásamt prófi í uppeldisfræðum) — 136.40

— — 19. — (kennarar með cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í aðalkennslugreinum sínum) .. — 148.45

XVI. Í búnaðarskólum:

Miðað við 17. launaflokk — 131.15

— — 18. — (kennarar með B.A.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum, ásamt prófi í uppeldisfræðum) — 136.40

— — 19. — (kennarar með prófi frá búnaðarháskóla eða samsvarandi prófi í aðalkennslugreinum sínum) — 148.45

XVII. Í Garðyrkjuskóla ríkisins:

Miðað við 17. launaflokk — 131.15

— — 18. — (kennarar með B.A.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum, ásamt prófi í uppeldisfræðum) — 136.40

Miðað við 19. launaflokk (kennarar með prófi frá búnaðarháskóla eða samsvarandi prófi í aðalkennslugreinum sínum) kr. 148.45

XVIII. Í Tækniskóla Íslands:

Miðað við 20. launaflokk — 156.65

2. gr.

Í auglýsingu þessari eru framangreind laun stundakennara í barnaskólum miðuð við 40 mínútna kennslustund, en í öllum framhaldsskólum við 45 mínútna kennslustund. En sé hver kennslustund lengri eða skemmri, breytast launin í hlutfalli við það.

3. gr.

Orlofsfé er innifalið í launum þessum.

4. gr.

Stjórnskipaðir prófdómendur njóta sömu launa og stundakennarar skólanna, er þeir starfa við.

5. gr.

Stundakennsla greiðist af rekstrarfé skólanna hvers um sig.

6. gr.

Framangreint stundakennarakaup í auglýsingu þessari greiðist fyrir kennslu, sem fram fer á tímanum frá kl. 8 til kl. 17, þar með talinn matartími. Fyrir kennslu eftir kl. 17, svo og fyrir kennslu eftir kl. 13 á laugardögum, skal kaup stundakennara vera jafnhátt og eftirvinnukaup fastra kennara í viðkomandi launaflokkum, án tillits til lengdar kennslustundar, og vera sem hér segir:

Samkvæmt 13. launaflokki	kr. 110.75
— 14. —	— 115.09
— 16. —	— 124.50
— 17. —	— 129.47
— 18. —	— 134.69
— 19. —	— 148.45
— 20. —	— 156.59

7. gr.

Eigi skal greiða fyrir eyður, sem verða kunna í starfstíma stundakennara.

8. gr.

Auglýsing þessi er gefin út í samráði við önnur ráðuneyti, sem með skólamál fara, svo og fjármálaráðuneytið, og gilda ákvæði hennar frá 1. janúar 1966 og þar til öðruvísi kann að verða ákveðið.

Í menntamálaráðuneytinu, 5. janúar 1966.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Árni Gunnarsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 3 — 1966

25. janúar 1966.

21

Nr. 6.

REGLUGERÐ

um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum.

1. gr.

Af vörum, sem eru undanþegnar tollum samkvæmt reglugerð þessari falla einnig niður önnur aðflutningsgjöld, söluskattur við innflutning og einkasölugjöld.

2. gr.

Áfengi og tóbaksvörur.

Við komu til landsins er ferðamönnum og áhöfnum heimilt að hafa meðferðis án greiðslu aðflutningsgjalda eftirtalið magn af áfengi og tóbaksvörum:

	Áfengi þó ekki yfir 47% styrkleika.	Tóbak.	Öl
1. Ferðamenn	$\frac{3}{4}$ lítra. Auk þess 1 líter af víni undir 21% styrkleika.	200 stk. vindlingar eða 250 gr. annað tóbak.	ekkert.
2. Skipverjar á íslenskum skipum, sem eru lengur í ferð en 20 daga (Skipstjóra, I. vélstjóra og bryta er heimill jafnstór aukaskammtur til risnu um borð).	$2 \times \frac{3}{4}$ lítra.	400 stk. vindlingar eða tilsvareandi magn annað tóbak.	48 fl.
3. Skipverjar á erlendum skipum og þeim íslensku skipum, sem eru 20 daga eða skemur í ferð (Skipstjóra, I. vélstjóra og bryta er heimill jafnstór aukaskammtur til risnu um borð).	$\frac{3}{4}$ lítra.	200 stk. vindlingar eða tilsvareandi magn annað tóbak.	24 fl.
4. Flugáhafnir	$\frac{3}{8}$ lítra.	60 stk. vindlingar eða tilsvareandi magn annað tóbak.	ekkert.

Í þessu sambandi reiknast hver vindill vega 5 gr., hver smávindill 2.5 gr. og hver vindlingur 1.25 gr.

B 3

Ef skip, sem er í utanlandssiglingum, dvelur hér við land lengur en 7 daga samfleytt, má gefa skipverjum undan innsigli 200 stk. af vindlingum eða tilsvarendi magn af öðru tóbaki til hverra 7 daga. Skipstjóri yfirvélstjóri og bryti skulu, vegna risnu, fá tvöfaldan tóbaksskammt þann, sem að framan greinir.

Frekari ívilnanir varðandi áfengi og tóbak fá skipverjar ekki.

Skipverjum og flugliðum erlendra farartækja er óheimilt að hafa með sér í land úr farartæki sínu annað eða meira af hinum tollfrjálsa varningi, en hæfilegan dagsskammt af tóbaksvörum við hverja landgöngu.

Ákvæði þessi gilda, að því er áfengi varðar, ekki fyrir menn, sem eru undir 21 árs aldri og að því er varðar tóbak ekki fyrir þá, sem eru undir 16 ára aldri. Menn njóta eigi undanþágu, nema þeir sanni aldur sinn með framvísun nafnskírteinis eða á annan hátt, ef tollgæzlumaður krefst þess.

3. gr.

Ferðabúnaður og annar farangur.

Ferðamönnum, búsettum erlendis, er heimilt að hafa með sér til landsins án greiðslu aðflutningsgjalda, til eigin nota á ferðalaginu, íverufatnað, sængurföt, viðleguútbúnað og annan ferðabúnað, að því tilskildu, að varningur þessi geti talizt hæfilegur og eðlilegur miðað við tilgang ferðalagsins, dvalartíma viðkomandi hérlendis og hagi hans að öðru leyti, og enn fremur að varningurinn verði fluttur úr landi við brottför eigandans að svo miklu leyti, sem hann eyðist ekki hérlendis.

Ferðamönnum, búsettum hér á landi, er heimilt að hafa með sér, án greiðslu aðflutningsgjalda, fatnað og ferðabúnað, sem þeir hafa haft með sér héðan til útlanda og auk þess varning fenginn erlendis í ferðinni, eða um borð í skipi eða flugvél — annan en þann, sem talinn er undir 2. gr. — fyrir allt að 5000 krónur að smásöluverði. Andvirði annarra vara en fatnaðar má þó ekki vera meira en helmingur þessarar upphæðar og andvirði matvæla (þar með talið sælgæti) ekki nema tíundi hluti hennar. Börn yngri en 12 ára njóta ekki réttinda til innflutnings gjaldskyldra vara án greiðslu aðflutningsgjalda.

Skipverjar og flugliðar innlendra farartækja mega hafa með sér, án greiðslu aðflutningsgjalda varning slíkan, sem greinir í næstu málsgrein hér á undan, fyrir allt að kr. 2500.00 við hverja komu til landsins, enda hafi þeir verið lengur í ferð en 20 daga. Tilsvarendi undanþága fyrir þá, sem skemur hafa verið í burtu er kr. 1000.00 við hverja komu.

4. gr.

Innflutningsbann og takmarkanir.

Ákvæði þessi veita ekki undanþágu frá innflutningsbanni eða innflutningshömlum, sem kunna að vera á ýmsum vörutegundum af varúðarráðstöfunum.

Innflutningur, samkv. þessari reglugerð, er því m. a. bannaður á:

1. Ósoðnum kjötvörum og öðrum sláturafurðum.
2. Eggjum og hvers konar afurðum alifugla.
3. Smjöri.
4. Lyfjum umfram þau, sem eru til persónulegra nota viðkomandi ferðamanns.
5. Útvarps- og sjónvarpstækjum.
6. Skotvopnum.

5. gr.

Ýmis ákvæði.

Tollundanþága samkvæmt ákvæðum þessum gildir einungis um varning, sem er fluttur inn til persónulegra nota viðkomandi eða fjölskyldu hans eða til smágjafa.

Séu vörur, sem tollafgreiddar hafa verið með undanþágu samkvæmt reglugerð þessari, seldar eða boðnar til sölu án þess að aðflutningsgjöld hafi áður verið greidd, varðar það refsingu samkvæmt 38. gr. laga nr. 68 frá 1956.

Undanþága samkvæmt reglugerð þessari nær ekki til hluta af verði munar, sem er í heild dýrari en nemur hámarki heimillar undanþágu hvers ferðamanns samkvæmt 2. og 3. málsg. 3. gr.

Undanþága samkvæmt 2. og 3. gr. tekur einungis til varnings, sem viðkomandi ferðamenn hafa í eigin vörzlum við komu frá útlöndum og framvísa við tollgæzlumenn þegar við komu af skipsfjöllum eða úr flugvél, sem flytur þá til landsins.

6. gr.

Framvísunarskylda o. fl.

Allar tollundanþágur samkvæmt reglugerð þessari eru bundnar því skilyrði, að viðkomandi ferðamaður eða farmaður framvísi vörum sínum skilvíslega fyrir tollgæzlumönnum á þann hátt, sem reglur tollgæzlunnar mæla fyrir um. Vilji farmaður flytja vörurnar í land úr farartæki sínu, skal það gert á þeim tíma, sem tollgæzlan ákveður og undir tolfertiliti. Fari varningur fram úr hámarki því, sem leyfilegt er samkvæmt reglugerð þessari, og honum er ekki framvísað til tollgreiðslu, verður litid á þann innflutning sem óleyfilegan og hann upptækur ger til ríkissjóðs.

Heimilt er tollgæzlunni að setja ákveðið hámark fyrir leyfðan tollfrjálsan innflutning tiltekinna vörutegunda í háum tollflokkum innan þeirra marka, sem að öðru leyti eru sett í reglum þessum.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. og 5. tölulið 2. gr. tollskrárlaga nr. 7 29. apríl 1963 og 1. gr. laga nr. 102/1965, um breyting á þeim lögum, tekur gildi 1. marz 1966 og er þá jafnframt úr gildi numin 59. gr. reglugerðar nr. 41 13. marz 1957, um tollheimtu og tolfertilit.

Fjármálaráðuneytið, 25. janúar 1966.

Magnús Jónsson.

Björn Hermannsson.

REGLUGERÐ um bann við veiði smásíldar.

1. gr.

Bannað er að veiða smásíld, 23 cm að lengd eða minni, sé hún verulegur hluti síldarafla fiskiskips.

Lágmarksstærð síldar er mæld frá trjónuodda að sporðsenda.

2. gr.

Fái fiskiskip síldarkast, sem bersýnilega er að mestu leyti smásíld, 23 cm að lengd eða minni, þá er skipstjóra fiskiskipsins skylt að sleppa síldinni þegar í stað úr nótinni.

3. gr.

Sé skipstjóri fiskiskips í vafa um hlutfall smásíldar í aflanum, þá ber honum, áður en verulega hefur verið þrengt að síldinni í nótinni, að taka sýnishorn af aflanum í smáriðin háf og mæla 100 síldir valdar af handahófi. Reynist meira en 50 síldir, 23 cm að lengd eða minni, ber honum að sleppa síldinni þegar í stað.

Ef fyrirhugað er að setja síld um borð í síldarmóttökuskip, er skipstjóra þess skylt að ganga úr skugga um að helmingur síldarafla hvers einstaks veiðiskips fullnægi stærðarmörkum 1. mgr. Stærðarhlutföllin skulu prófuð á þann hátt, sem í 1. mgr. segir.

Sýni þessar prófanir, að helmingur síldaraflans sé síld 23 cm eða minni, skal skipstjóra síldarmóttökuskipis óheimilt að taka síldina í síldarmóttökuskipið.

4. gr.

Nú kemur síldveiðiskip eða síldarmóttökuskip með síldarfarm til hafnar blandaðan smásíld og er þá síldarmóttakanda skylt að ganga úr skugga um, hvert sé hlutfall smásíldarinnar í aflanum, á þann hátt að tekin skulu þrjú sýnishorn valin af handahófi með 100 síldum í hverju. Sé hlutur smásíldar samanber 1. gr. að meðaltali úr þessum þremur sýnishornum meiri en 55%, skal síldarmóttakandi gera Ferskfiskeftirlitinu á staðnum aðvart, sem síðan gengur úr skugga um stærðarhlutföllin á sama hátt og að framan greinir og kærir hlutaðeigandi skipstjóra veiðiskips eða síldarmóttökuskipis til sekta, sé hlutur smásíldarinnar yfir 55%.

5. gr.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið veitir, að fengnu álitni Hafrannsóknastofnunarinnar og Fiskifélags Íslands, leyfi til veiði smásíldar, 23 cm að lengd eða minni, til niðursuðu eða annarar vinnslu til manneldis eða til beitu. Leyfi þetta má binda skilyrðum, sem nauðsynleg þykja.

6. gr.

Ferskfiskeftirlitið, sbr. lög nr. 42/1960, skal hafa eftirlit með því, að ákvæðum þessarar reglugerðar sé fylgt.

7. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948, sbr. lög nr. 81 8. desember 1952.

8. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 22. febrúar 1966.

Eggert G. Þorsteinsson.

Gunnlaugur E. Briem.

SAMÞYKKT

um breytingu á heilbrigðissamþykkt fyrir Mosfellshrepp nr. 150 13. ágúst 1963.

Við 65. gr. bætist nýr stafliður, f. viðauki, svo hljóðandi:
f. viðauki: Þrátt fyrir ákvæði þau, sem að framan greinir um verzlunar-
húsnæði getur heilbrigðisnefnd leyft vörusölu úr ökutækjum að fullnægðum eftir-
greindum skilyrðum:

- 1) Leyfið veitist til eins árs í senn.
- 2) Aðeins má geyma og selja innpakkaða vöru í sölutæki.
- 3) Rými fyrir matvæli skal vera hentugt og fullnægja sanngjörnum hreinlætis-
kröfum. Í því sambandi skal sérstaklega tekið fram eftirfarandi: Veggir, loft,
gólf og skilrúm, ef einhver eru, skulu vera áferðarslétt svo hreingerning sé
auðveld og klædd ryðfríum plötum eða öðru jafnhentugu efni, sem raki kemst
ekki í gegnum, og skal flöturinn vera í ljósum lit. Dyr og op skulu vera með
þéttlistum til varnar ryki. Þar sem loftræstingarútbúnaður er, skal vera loft-
sía, sem skipta má og þannig gengið frá, að yfirþrýstingur sé í matvælarýminu.
- 4) Innréttingar í matvælarýminu, svo sem hillur, afgreiðsluborð, bakkar fyrir
brauð og annað þvílíkt, skulu vera þannig, að auðvelt sé að halda þeim hreinum
og þess vegna getur verið nauðsynlegt, að sumir hlutir innréttinga séu færan-
legir.
- 5) Í ökutækinu skal vera snyrtiherbergi með sérinngangi og sér loftræstingu. Í
snyrtiherberginu skal vera salerni og handlaug, og frárennsli í þar til gerðan
geymi, sem losast daglega.
- 6) Ökutæki, sem ætlað er til sölu á kjötvörum, kjötafurðum, fiski, smjöri og
smjörlíki, skal vera búið kælitækjum, sem tryggja að hitastigið í því rými, sem
ætlað er fyrir þessar vörur fari ekki yfir + 8 gráður C.
- 7) Ákvæði þessarar greinar skerða þó ekki þær undanþágur til torgsölu o. fl., sem
veittar eru annars staðar í samþykkt þessari eða í lögreglusamþykkt.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, er hreppsnefnd Mosfellshrepps hefur samið og samþykkt sam-
kvæmt lögum nr. 35 12. febrúar 1940, um heilbrigðissamþykktir, staðfestist hér
með eftir tillögu landlæknis og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga
að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 4. janúar 1966.

F. h. r.

Baldur Möller.

Jón Thors.

AUGLÝSING

um umferð á Vesturlandsvegi.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga, nr. 26 2. maí 1958, hefur ráðuneytið ákveðið, að framúrakstur ökutækja verði bannaður á Vesturlandsvegi frá stað 100 metrum vestan við Kaupfélag Kjalnesinga að vegamótum við Álafossveg við Varmá.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 5. janúar 1966.

F. h. r.

Baldur Möller.

Ólafur W. Stefánsson.

12. janúar 1966.

Nr. 10.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Ragnhildar og Ólafs Thorlacius, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 12. janúar 1966.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Ragnhildar og Ólafs Thorlacius.

1. gr.

Stofnfé sjóðsins, fimm þúsund krónur, er gjöf frá nokkrum mönnum í Berufjarðarlæknishéraði árið 1928 við brottför Ragnhildar og Ólafs Thorlacius, lækni-hjóna að Búlandsnesi, ásamt vöxtum og viðbótum frá öðrum.

2. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands. Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða og skulu vextir og aðrar tekjur sjóðsins leggjast við höfuðstólinn, unz hann er orðinn tuttugu og fimm þúsund krónur. Eftir það má verja hálfum ársvöxtum sjóðsins til stuðnings málefnum, er skipulagsskrá þessi greinir, en helmingur vaxta og aðrar tekjur sjóðsins, svo sem gjafir, skulu leggjast við höfuðstól.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja heilbrigðis- og menningarmál í Berufjarðarlæknishéraði (Geithellna-, Búlands-, Beruness- og Breiðdalshreppum) á þann hátt, sem stjórn sjóðsins telur réttast á hverjum tíma.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: héraðslæknirinn í Djúpavogshéraði formaður, sóknarpresturinn í Djúpavogsprestakalli og oddviti Búlandshrepps.

5. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar skulu endurskoðaðir af endurskoðendum hreppsreikninga Búlandshrepps, þeir eiga ekki sæti í stjórn sjóðsins, sbr. 4. gr., en ef svo er, þá kýs hreppsnefnd endurskoðendur sjóðsins. Reikningur sjóðsins skal birtur árlega í Stjórnartíðindum.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 25. ágúst 1965.

Birgir Thorlacius.

Erlingur Thorlacius.

Kristján Thorlacius.

S A M Þ Y K K T**um afgreiðslutíma verzlana á Akureyri.**

1. gr.

Samþykkt þessi tekur til hvers konar smásöluverzlana á Akureyri, þ. á m. sölu-turna, brauð- og mjólkurbúða.

Undanþegnar ákvæðum samþykktarinnar eru: Lyfjabúðir, benzínsölur, að því er snertir sölu á benzíni, olíu, smurolíum og vörum til bifreiða, sjálfsalar, blaðasala á götum, blaðsöluvögnum og blaðsöluturnum, merkjasala og annað slíkt.

Ákvæði samþykktar þessarar ná ekki til þjónustufyrirtækja, s. s. bifreiða-afgreiðslna, að því er varðar bifreiðaafgreiðslu, rakarastofa, hárgreiðslustofa, ljósmyndastofa, viðgerðarverkstæða o. s. frv., að því er varðar þá starfsemi.

Um vinnutíma og önnur starfskjör afgreiðslufólks fer eftir kjarasamningum og venjum.

Ef ágreiningur rís um skilning á ákvæðum samþykktar þessarar, úrskurðar bæjarstjórn Akureyrar ágreiningsefnið að fengnum tillögum lögreglustjóra, en skjóta má þeim úrskurði til ráðherra, og er úrskurður hans endanlegur.

2. gr.

Daglegur afgreiðslutími smásöluverzlana og annarra sölustaða, er samþykkt þessi tekur til, er svo sem hér segir, nema öðruvísi sé sérstaklega ákveðið í samþykktinni:

Alla virka daga skal heimilt að opna sölustaði kl. 08.00.

Á mánudögum, þriðjudögum, miðvikudögum, fimmtudögum og föstudögum, skal sölustöðum lokað eigi síðar en kl. 18.00, enda beri þá daga ekki upp á helgi- og frídaga, sbr. 4. gr.

Á laugardögum skal heimilt að halda sölustöðum opnum til kl. 12.00 á hádegis.

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að hafa verzlanir opnar til kl. 24.00 og síðasta laugardag fyrir jól til kl. 22.00 (eða annan dag skömmu fyrir jól).

Enn fremur er heimilt að hafa sölubúðir opnar fyrsta laugardag í desember til kl. 16.00, og annan laugardag til kl. 18.00.

3. gr.

Mjólkur- og brauðbúðir mega vera opnar kl. 08.00 til 18.00 virka daga, nema laugardaga, en þá skal þeim lokað eigi síðar en kl. 12.00.

Á sunnudögum og eins öðrum dögum, sem taldir eru í 4. gr. b-lið, skal lokað eigi síðar en kl. 13.00.

Einnig er heimilt að hafa matvöruverzlanir, sem hafa allar algengar nauðsynjar á boðstólum, opnar kl. 10.00 til 12.00 á dögum, er greinir í 4. gr. b-lið.

4. gr.

Eftirfarandi reglur gilda um lokun sölustaða á helgidögum og hátíðisdögum:

- a. Jóladað, páskadað, hvítasunnudag og föstudaginn langa, 17. júní og nýársdag, skal öllum sölustöðum lokað allan daginn.
- b. Alla sunnudaga, skírdag, annan páskadað, sumardaginn fyrsta, annan hvítasunnudag, uppstigningardag, verzlunarmannafrídaginn og annan jóladað, skal sölustöðum lokað allan daginn, sbr. þó undantekningarákvæði 3. gr. og 5. gr. þessarar samþykktar.
- c. Aðfangadað jóla og gamlársdag skal öllum sölustöðum lokað eigi síðar en kl. 12.00.

5. gr.

Bæjarstjórn getur leyft, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar, að söluturnar og sambærilegir sölustaðir séu opnir alla daga frá kl. 08.00 til kl. 20.00 á tímabilinu 1. október til 30. apríl. — Á tímabilinu 1. maí til 30. september frá kl. 08.00 til kl. 23.30, sbr. þó a-lið 4. gr.

Sölustaðir þeir, er um getur í 1. mgr., skulu algerlega aðskildir frá verzlun, birgðageymslu verzlunar og hvers konar starfsemi annarri, s. s. benzín- og olíusölu, bifreiðaafgreiðslu o. þ. u. l. Utan hins almenna sölutíma má sala fyrrgreindra sölustaða einungis fara fram um söluop.

Þar skal heimilt að selja eftirgreindar vörur:

Kort, frimerki, dagblöð, tímarit, ritföng, rafmagnsöryggi, nýja ávexti, ís, sælgæti, tóbaksvörur, eldspýtur, öl, gosdrykki, heitar pylsur, rakblöð, raksápu, hand-sápu, tannkrem, rafhlöður, rafmagnsperur, spil, skyndiplástur, kaffi, te, kakó, kex (innpakkað), ávaxtasafa, niðursoðna ávexti, tannbursta, greiður, bómull, dömubindi, V.S.-pappír, kvensokka, vinnuvettlinga, filmur og sólgleraugu.

Heilbrigðisnefnd ákveður, hvað af ofangreindum vörum megi selja á hverjum stað og ákveður nánar, hvernig umbúnaði skuli hagað. Á hverjum sölustað skal fyrirkomið á stað, þar sem viðskiptamennirnir geta greinilega séð, skrá um, hvað selja megi á staðnum og skal sú skrá staðfest af trúnaðarmanni nefndarinnar.

Bæjarráð getur leyft, að á veitingastöðum (s. s. kaffi- og matstofum) séu seldar vörur, er getur um í síðustu mgr., að fengnu samþykki heilbrigðisnefndar, á sömu tímum og sala fer fram í söluturnum og ber að greiða gjald af þeirri sölu í bæjarsjóð samkvæmt 9. gr.

6. gr.

Í kvikmyndahúsum, leikhúsum, á íþróttavöllum, útiskemmistöðum og öðrum slíkum stöðum skal heimilt að fengnu samþykki heilbrigðisnefndar að selja samkomugestum sælgæti, tóbak, ís, gosdrykki og annað slíkt, sem æfla má, að neytt verði á staðnum. Einnig má þar selja sýningarshrár, minjagripi og annað slíkt, sem eðlilegt telst, að þar sé til sölu, utan þess tíma, er í 2. gr. er nefndur, þó aldrei eftir að sýningu lýkur eða skemmtistað er lokað.

Í kvikmyndahúsum og leikhúsum er slík sala einungis heimil í sýningarhléum og hálf tíma fyrir sýningu.

7. gr.

Eftir lokunartíma sölustaða er óheimilt að selja þann varning, sem verzlunarleifyi þarf til sölu á. Þó skal heimilt að afgreiða þá menn, sem komnir eru í verzlun

eða sölustað þegar lokað er. Enn fremur er heimilt að selja eftir reglulegan lokunartíma, kol, salt, olíu, veiðarfæri og vistir til skipa.

8. gr.

Lögreglustjóri getur í einstökum tilvikum heimilað rýmri sölutíma en segir í samþykkt þessari, þegar hann telur sérstakar ástæður til, m. a. þegar ákveðið er, að ágóði af sölu renni til almenningsheilla.

9. gr.

Bæjarstjórn getur ákveðið, að greitt verði sérstakt gjald fyrir leyfi samkvæmt 5. gr. — Ákveður bæjarstjórn þá gjald þetta til eins árs í senn.

Gjaldið skal greitt fyrirfram fyrir hvert almanaksár. Sé það ekki greitt á réttum gjalddaga, skal leyfið úr gildi.

10. gr.

Ef leyfishafi, sbr. 5. gr., brýtur samþykkt þessa eða skilyrði, sem bæjarráð, heilbrigðisnefnd eða lögreglustjóri kunna að setja fyrir leyfi eða ef rekstur sölustaða þykir ekki fara vel úr hendi, má bæjarráð svipta leyfishafa leyfinu, enda hafi leyfishafi ekki látið segjast við aðvörun. Jafnframt má ákveða, að leyfi verði ekki veitt til slíks rekstrar á viðkomandi stað tiltekinn tíma.

11. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að kr. 1500.00. Með mál út af brotum á samþykkt þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Ákvæði til bráðabirgða.

Frestur til að breyta sölustöðum samkvæmt 5. gr. samþykktar þessarar er einn mánuður frá gildistöku samþykktarinnar.

Við gildistöku samþykktar þessarar eru öll svokölluð „kvöldsöluleyfi“ samkvæmt áður gildandi reglum afturkölluð.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Akureyrar hefur samþykkt samkvæmt lögum nr. 17 frá 1. febrúar 1936, um samþykktir um lokunartíma sölubúða, öðlast þegar gildi með þeim takmörkunum þó, sem lög nr. 45 frá 15. júní 1926, um almannafríð á helgidögum þjóðkirkjunnar setja.

Jafnframt fellur úr gildi samþykkt nr. 50 frá 2. maí 1961, um afgreiðslutíma verzlana á Akureyri og samþykkt, er bæjarstjórn gerði um kvöldsölur 16. október 1962.

Félagsmálaráðuneytið, 6. janúar 1966.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

S A M Þ Y K K T

fyrir Veiðifélagið Lárvík.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélagið Lárvík.

Heimili þess og varnarþing er Eyrarsveit, Snæfellsnessýslu.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að vatnasvæði Lárvaðla í Eyrarsveit, Snæfellsnessýslu, en þær eru:

1. Mýrarhús,
2. Lág neðri,
3. Krókur,
4. Lágarkot með Lág efri,
5. Skerðingsstaðir,
6. Látravík innri,
7. Látravík, ytri.

3. gr.

Verkefni félagsins er að gera stíflugarð með flóðgátt í Lárósi og aðrar nauðsynlegar framkvæmdir vegna klaks og fiskeldis, og rækta laxfiska í vatni því, er myndast við stífluna, lofa þeim að ganga til sjávar og veiða þá með þeim hætti, sem samþykktur verður, þegar þeir koma til baka í vatnið. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrjú menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Gangu þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, en hinn eftir þrjú ár, og helzt svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda í maímánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikninga í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVII. kafla laga nr. 53/1957, um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 10. janúar 1966.

Ingólfur Jónsson.

Jón L. Arnalds.

REGLUGERÐ**um fasteignaskatt í Höfðahreppi, Húnavatnssýslu.**

Fasteignaskatt í Höfðahreppi, skal innheimta með 200% álagi eins og hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964, 5. gr. sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 14. janúar 1966.

Magnús Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

AUGLÝSING**um gjaldskrá fyrir sundstaðina í Reykjavík.****I. Einstakir aðgöngumiðar.**

Fullorðnir, klefar	kr.	14.00
— skápar	—	11.00
Börn	—	—	4.00

II. Afsláttarmiðar.

Fullorðnir, klefar, 10 miðar	kr.	90.00
— — 20 —	—	170.00
— skápar, 10 —	—	85.00
— — 20 —	—	150.00
Börn — 10 —	—	30.00
— — 20 —	—	50.00

III. Sundnámskeið.

Fullorðnir	kr. 250.00
Börn	— 150.00

IV. Leiga.

Sundskýla	kr. 9.00
Sundbolur	— 10.00
Handklæði	— 9.00
Geymsluhólf (þvottur á sundfötum og handklæðum)	— 90.00

V. Gufuböð.

Einstök skipti, 60 mín.	kr. 35.00
------------------------------	-----------

VI. Íþróttafélög.

Félagar, 16 ára og eldri	kr. 6.00	hvert skipti.
— yngri en 16 ára	— 2.50	— —

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 32 7. maí 1928, til þess að öðlast gildi þegar í stað. Með gjaldskrá þessari eru úr gildi felldar gjaldskrár nr. 231/1963, nr. 232/1963 og nr. 233/1963.

Félagsmálaráðuneytið, 14. janúar 1966.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Rafmagnsveitu Reykjavíkur, nr. 237 30. desember 1963, sbr. auglýsingu um sama efni nr. 271 20. desember 1964.

1. gr.

7. gr. gjaldskrárinnar breytist þannig:

1. tl. Í stað	kr. 4.51	komi	kr. 5.11
2. — - —	— 619.95	—	— 703.00
3. — - —	— 1.19	—	— 1.35
3. — - —	— 619.95	—	— 703.00
3. — - —	— 19.16	—	— 21.72
4. — - —	— 128.50	—	— 145.65
4. — - —	— 1.19	—	— 1.35
4. — - —	— 77.78	—	— 88.16

2. gr.

8. gr. breytist þannig:

1. tl. Í stað	kr. 1.13	komi	kr. 1.28
2. — - —	— 0.98	—	— 1.11
2. — - —	— 94.68	—	— 107.40
3. — - —	— 3 350.00	—	— 3 797.00
3. — - —	— 0.92	—	— 1.04
4. — - —	— 0.85	—	— 0.96

3. gr.

9. gr. breytist þannig:

1. tl. Í stað	kr.	2.25	komi	kr.	2.55
1. — - —	—	1 521.70	—	—	1 725.00
1. — - —	—	518.50	—	—	588.00
1. — - —	—	450.87	—	—	511.00
1. — - —	—	1.13	—	—	1.28
2. — - —	—	755.22	—	—	856.00
2. — - —	—	0.38	—	—	0.43
3. — - —	—	2 446.00	—	—	2 773.00
3. — - —	—	1.19	—	—	1.35
4. — - —	—	2.37	—	—	2.69

4. gr.

10. gr. breytist svo:

1. tl. Í stað	kr.	0.48	komi	kr.	0.54
2. — - —	—	0.42	—	—	0.47
2. — - —	—	432.84	—	—	490.00
2. — - —	—	2 671.43	—	—	3 028.00
2. — - —	—	940.08	—	—	1 066.00
3. — - —	—	0.30	—	—	0.34
4. — - —	—	0.19	—	—	0.22
5. — - —	—	0.26	—	—	0.29

5. gr.

Gjaldskrárbreyting þessi skal koma til framkvæmda þannig:

1. Á notkun skv. álestri mæla í janúar reiknast álag 4.5%.
2. Á notkun skv. álestri mæla í febrúar reiknast álag 9.0%.
3. Öll notkun skv. álestri í marz reiknast skv. framanskráðum breyttum eininga-verðum.
4. Þar sem álestur fer fram mánaðarlega, skal notkun skv. álestri í janúar reiknuð skv. framanskráðum breyttum einingaverðum.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 15. janúar 1966.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

um leiguíbúðir sveitarfélaga og Öryrkjabandalags Íslands.

1. gr.

Húsnæðismálastofnun ríkisins er heimilt að veita sveitarfélögum og Öryrkjabandalagi Íslands lán til bygginga leiguíbúða, ef fullnægt er ákvæðum þessarar reglugerðar.

2. gr.

Stærð leiguíbúðar skal vera því sem næst 50 m² að flatarmáli, miðað við innanmál útveggja, tvö til þrjú herbergi, eldhús og snyrtiherbergi. Íbúðirnar skulu vera í sambyggingu, að jafnaði eigi færri en fjórar í hverri byggingu, en mega vera svo margar, sem best þykir henta hverju sinni. Ætla skal rúm, t. d. í kjallara fyrir sameiginlegar þarfir íbúðanna, svo sem upphitun, þvottahús o. fl. og ætla skal þar hverri íbúð fyrir sig hæfilegt geymslurými. Byggingar þessar skulu gerðar úr traustu og varanlegu efni og íbúðirnar skulu vera vel hljóðeinangraðar. Innrétting skal vera eins í öllum íbúðunum og þær skulu í einu og öllu vera vandaðar, en án alls óhófs.

Nú telur lánbeiðandi nauðsyn á því að byggja minni eða stærri leiguíbúðir en ráð er fyrir gert í 1. mgr. og er þá heimilt að veita lán til slíkra íbúða, að fengnu samþykki ráðuneytisins.

3. gr.

Húsnæðismálastofnun ríkisins er heimilt að efna til samkeppni um æskilegustu tilhögun sambygginga og íbúða af ýmsum stærðum sambygginga eftir nánari ákvörðun stofnunarinnar.

Stofnuninni er og heimilt að leita tilboða um smíði glugga, hurða, eldhúsinnréttinga og annarra flytjanlegra húshluta, ef um er að ræða meiri háttar byggingarframkvæmdir.

Heimilt er að efna til samkeppni og leita tilboða meðal arkitekta og byggingariðnaðarmanna á Norðurlöndum.

Nú hefur farið fram samkeppni eða útboð samkvæmt ákvæðum þessarar greinar og hagkvæm úrlausn eða hagstæð verðtilboð fengizt að dómi Húsnæðismálastofnunar ríkisins, og getur þá stofnunin gert að skilyrði fyrir lánveitingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar þessarar, að slíkar úrlausnir og/eða tilboð séu hagnýtt af lánatakaanda við byggingu leiguíbúða sem lán er veitt til.

4. gr.

Nú ákveður Húsnæðismálastofnun ríkisins að veita lán til íbúðabygginga samkvæmt reglugerð þessari og skal þá lánsfjárhæðin nema allt að $\frac{3}{4}$ hlutum verðmætis íbúðar, samkvæmt mati trúnaðarmanna veðdeildar Landsbanka Íslands. Um hámarksupphæð lána, tryggingu fyrir láninu og önnur lánskjör fer samkvæmt almennum reglum stofnunarinnar.

5. gr.

Heimilt er leigusala að gefa út handhafaskuldabréf, tryggð með 2. veðrétti í leiguíbúðum fyrir allt að fjórðungi kostnaðarverðs þeirra. Bréf þessi skulu vera til 5 ára með venjulegum útlánsvöxtum. Sá, sem kaupir skuldabréf þessi, skal að jafnaði sitja fyrir öðrum um leigu á íbúð.

6. gr.

Leigutími hverrar íbúðar skal ekki vera lengri en 5 ár, nema um sé að ræða aldraða leigutaka eða aðrir leigutakar, sem húsnæðislausir eru, hafi ekki sótt um leiguíbúð hjá sveitarfélaginu. Heimilt er þó að framlengja leigutímann, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi og að fengnu samþykki Húsnæðismálastofnunar ríkisins.

7. gr.

Árleg leiga fyrir íbúðir þessar skal vera þessi:

- a. Venjulegir vextir af íbúðalánnum reiknaðir af kostnaðarverði íbúðarinnar.
- b. Hæfileg fyrning á íbúðinni.
- c. Kostnaður, sem skiptist jafnt á hverja íbúð vegna viðhalds á þeim hlutum byggingarinnar, sem sameiginlegt er fyrir allar íbúðirnar, svo sem viðhald utan húss, í stigahúsum, þvottahúsi með tilheyrandi o. fl. þ. h. Áætla má þenna kostnað.

Leita skal staðfestingar Húsnæðismálastofnunar ríkisins á húsaleigu samkvæmt grein þessari.

8. gr.

Við leigjendaskipti skal fara fram úttekt á íbúðinni og fráfarandi leigjanda gert að greiða álag, sem nægir til þess að lagfæra íbúðina, svo að hún verði í leigufæru standi. Leigusali lætur framkvæma úttekt þessa, en rétt er fráfarandi leigjanda, að krefjast þess, að úttekt verði framkvæmd af tveim dómkvöddum mönnum. Rétt er leigusala að krefjast þess, þegar leigusamningur er gerður, að leigutaki setji hæfilega tryggingu fyrir skilvísri greiðslu álags þegar hann skilar íbúð úr leigu.

9. gr.

Ung hjón og aldrað fólk skal að öðru jöfnu sitja fyrir um húsnæði í leiguíbúðum þessum, enda hafi hlutaðeigandi eigi átt fullnægjandi íbúð fyrir, samkvæmt reglum Húsnæðismálastofnunar ríkisins.

10. gr.

Nú vill eigandi leiguíbúða samkvæmt reglugerð þessari selja íbúð og skal þá söluverð eigi hærra vera en nemi kostnaðarverði að frádreginni hæfilegri fyrningu samkvæmt mati Húsnæðismálastofnunar ríkisins.

Við sölu skulu þeir kaupendur ganga fyrir öðrum, sem ættu rétt til lána úr byggingarsjóði verkamanna af efnahagsáslæðum. Leita skal samþykkis Húsnæðismálastofnunar ríkisins áður en sala á íbúð fer fram.

Ákvæði 1. mgr. gilda jafnframt um síðari sölur íbúðanna og á þá hlutaðeigandi sveitarstjórn forkaupsrétt.

11. gr.

Húsnæðismálastofnun ríkisins lætur gera form að leigusamningi íbúða samkvæmt reglugerð þessari, sem ráðuneytið samþykkir.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 7. gr. A, i. f. laga nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 20. janúar 1966.

Eggert G. Þorsteinsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 291 31. des. 1964, um breyting á reglugerð nr. 200 30. des. 1958, sbr. reglugerð um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Reykjavík, nr. 200 24. des. 1957.

1. gr.

Í stað „1.2%“ í 1. gr. komi: 1.5%.

2. gr.

Í stað „kr. 1.50“ í 2. gr. komi: kr. 2.00.

Reglugerð þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Reglugerð nr. 200/1958 með ofangreindum breytingum, skal felld inn í reglugerð nr. 200/1957, og gefin þannig út sem reglugerð um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Reykjavík.

Félagsmálaráðuneytið, 22. janúar 1966.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.
REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir landshöfnina í Keflavík og Njarðvíkum, nr. 25 14. febrúar 1963.

1. gr.

VII. kafli (30.—49. gr.) reglugerðarinnar orðist þannig:

VII. KAFLI**Um hafnargjöld í Keflavík—Njarðvík.**

30. gr.

Við útreikning hafnargjalda af skipum skal alltaf talið í heilum rúmlestum, en brotum sleppt.

1. Lestagjald.

31. gr.

Öll skip, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða lestagjald í hvert sinn, er þau koma til hafnarinnar, þó með þeim undantekningum, sem síðar getur.

32. gr.

a. Skip, sem eiga heima í Keflavík og Njarðvíkum og minni eru en 20 brúttórúmllestir, skulu greiða lestagjald tvisvar á ári, 2. janúar og 1. júlí kr. 5.00 fyrir hverja brúttórúmllest. Sama gjald greiða geymsluskip, þótt stærri séu en 20 brúttórúmllestir.

Undanþágu frá þessu getur hafnarstjóri veitt smábátum.

- b. Öll skip önnur, sem til hafnarinnar koma, nema herskip, varðskip, björgunar-skip, skip, sem hafa skirteini sem skemmtiferðaskip, skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, og skip þau, sem um getur í staflið c. þessarar greinar, skulu greiða 60 auru fyrir hverja brúttórúmllest. Innlend fiskiskip skulu þó eigi greiða lestagjald þetta oftár en einu sinni í mánuði, en innlend skip, sem eingöngu sigla með ströndum landsins, eigi oftár en tvisvar í mánuði, þótt þau komi oftár til hafnar.
- c. Skip, sem leita hafnar vegna illviðris, sjóskaða eða skemmda á skipi, greiða ekki lestagjald, nema þau jafnframt fermi eða affermi einhverjar vörur.
Sama gildir um skip, sem leita hafnarinnar til að setja á land sjúka menn eða látna.

2. Vitagjald.

33. gr.

Öll skip, sem greiða eiga lestagjald, skulu samtímis greiða vitagjald, 10 auru fyrir hverja brúttórúmllest, þó aldrei lægra en kr. 30.00.

3. Bryggjugjald.

34. gr.

Hvert skip, sem leggst við hafnarbakka eða bryggju, skal greiða bryggjugjald af brúttórúmllest skipsins.

Gjaldið skal greiða fyrir hvern sólarhring eða hluta af sólarhring, 30 auru af hverri rúmllest, þó aldrei minna en 30 krónur fyrir hvern sólarhring.

Skip minni en 30 brúttórúmllestir skulu greiða 15 krónur fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring.

Herskip og varðskip eru undanþegin bryggjugjaldi.

4. Fjörugjald.

35. gr.

Fyrir að leggja skipi í fjöru eða taka skip í slipp til hreinsunar eða aðgerðar, skal greiða kr 1.50 af hverri rúmllest af brúttóstærð skipsins, þó aldrei minna en kr. 100.00.

Dráttarbrautarfyrirtæki eru skyld að sjá um og bera ábyrgð á innheimtu gjalds þessa fyrir hafnarsjóð hjá þeim skipum, er tekin eru í slipp hjá þeim.

5. Vatnsgjald.

36. gr.

Fyrir vatn til skipa skal greiða gjald, sem hafnarstjórn ákveður.

6. Hafnsögugjöld.

37. gr.

Öll skip, sem stærri eru en 30 brúttórúmllestir, skulu, hvort sem þau nota hafnsögumann eða eigi, skyld að greiða hafnsögugjald, í fyrsta sinn á ári hverju, er þau koma frá útlöndum til hafnarinnar.

Herskip, varðskip, skemmtiferðaskip og þau fiskiskip, sem skrásett eru hér á landi, eru undanþegin hafnsögugjaldi, nema þau noti hafnsögumann.

38. gr.

Hvert skip, sem notar hafnsögumann til hafnarinnar, eða frá höfninni, skal greiða hafnsögugjald.

Auk þess skal greitt sérstakt gjald fyrir leiðsögu skipa um höfnina, þar á meðal inn í og út úr höfninni.

39. gr.

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

- a. Fyrir leiðsögu til hafnarinnar 400 krónur fyrir hvert skip, auk 100 aura fyrir hverja brúttórúmllest allt að 10 000 rúmllestum og 30 aura fyrir hverja brúttórúmllest fram yfir 10 000.
- b. Fyrir leiðsögu frá höfninni 300 krónur fyrir hvert skip, auk 60 aura fyrir hverja brúttórúmllest allt að 10 000 rúmllestum og 20 aura fyrir hverja brúttórúmllest fram yfir 10 000.
- c. Fyrir leiðsögu um höfnina, þar á meðal inn og út úr innri höfninni, greiðist 200 krónur, auk 30 aura fyrir hverja brúttórúmllest.
- d. Auk þess skal hvert skip, sem hafnsögumann notar til hafnarinnar, eða sem skylt er að greiða hafnsögugjald samkv. 38. gr., greiða 75 krónur í hafnsögusjóð.

7. Vörugjald.

40. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum, svo og skepnum, lifandi eða dauðum, sem skipað er upp eða út á höfninni, með þeim undantekningum, er síðar getur.

41. gr.

Ef vörur, sem samkv. farmskrá skips eiga að fara til annarra hafna eru látnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald, þegar vörurnar eru fluttar í land.

Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur, sem látnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

42. gr.

Af vörum, sem fluttar eru úr landi á skip og fara eiga til annarra hafna innanlands, greiðist hálfvörugjald.

43. gr.

Þessar vörur eru undanþegnar vörugjaldi:

Kol, olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til notkunar, sem fluttar eru úr landi, og enn fremur salt og ís, sem flutt er úr landi í íslensk fiskiskip til eigin afnota.

Bréfaþóstur og farangur ferðamanna.

44. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu, sem nemur helmingi eða meira, telst heil gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds, og er skipstjóri skyldur að láta hafnarstjóra í té eftirrit af farmskrá skips síns. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem skip hans hefur fermt eða affermt.

Þyki hafnarstjóra ástæða til, getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hann telur hentugastan. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn.

Ef ýmsar vörutegundir eru í sendingu, skal reikna vörugjald eftir þeirri tegund, sem hæst ber að greiða af.

45. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vörugjaldskrá tekur til, og greiða gjald eins og þar segir. Þó skal aldrei reikna vörugjald lægra en 5 krónur.

Ef vafi leikur á, í hvaða flokki skuli telja vörur, skal hafnarstjóri úrskurða, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarstjórnar.

46. gr.

Vörugjaldskrá.

1. flokkur. Gjald kr. 0.75 fyrir hver 100 kg:
Fiskur, afli skipa lagður á land.
2. flokkur. Gjald kr. 1.30 fyrir hver 100 kg:
Alls konar vörur úr ódýrum steintegundum, girðingarvir, is, leir, kalk, kol, koks, salt, sement, vikur.
3. flokkur. Gjald kr. 2.00 fyrir hver 100 kg:
Alls konar oliur til eldneysis og hreyfla, benzín.
4. flokkur. Gjald kr. 2.60 fyrir hver 100 kg:
Áburðaroliur, áburður, akkeri, asfalt, baðlyf, eldavélar, feiti, fiskur annar en niðursoðinn, fiskbein, fiskimjöl, fóðurvörur alls konar, garnir, gólf dúkur og gólfplötur aðrar en úr steini, gærur, hráefni til efna-gerðar, svo sem sýrur, oliur, essensar, brennisteinn, kalíum, karbít og plast, hrogn, jarðávextir, járn og stál til smíða, bygginga og skipa, kaðlar, keðjur, kitti, kjöt annað en niðursoðið, kornvörur, leður, loft- tegundir á stálflöskum, mör, málning, og efni til hennar, miðstöðvar- ofnar, nylongarn til veiðarfæra, pappír, pípur úr asbesti, alumíníum, kopar eða járn, pokar úr striga eða pappír, rúðugler, segldúkar, síld, síldarmjöl, síldarlýsi, smurningsoliur, strígi, tjara, tvistur, vir óeinangraður, úr stáli, kopar eða alumíníum, þakpappi og gólfpappi, þakplötur úr asbesti, alumíníum, kopar eða járn, þvottaefni.
5. flokkur. Gjald kr. 3.20 fyrir hver 100 kg:
Ávextir, bækur, blöð, brauðvörur, kaffi, kakó, leirvörur, lýsi, niður- suðuvörur, nýlenduvörur, smjör, smjörliki, smjörlikisoliur og sápu- gerðarvörur, sundmagi, sykur, te, ull.
6. flokkur. Gjald kr. 0.70 fyrir hver 10 kg.
Efni til rafmagnslagna, eldhúsáhöld, hjólbarðar, tengistykki til mið- stöðvarlagna, vatnslagna og rafmagnslagna, varastykki í bifreiðar, mótorar og þungavinnuvélar.
7. flokkur. Gjald kr. 1.20 fyrir hver 10 kg:
Dúnn, eldspýtur, fiður, glervörur, gúmmívörur, glysvarningur, klukkur, leðurvörur, leikföng, mælingatæki, þrjónavörur, sauma- og þrjóna- vélar, skófatnaður, súkkulaði, sælgætisvörur, vefnaðarvörur, skrifstofu- vélar.
8. flokkur. Gjald kr. 1.50 fyrir hver 10 kg:
Heimilisvélar, mótorar, landbúnaðarvélar, þungavinnuvélar.
9. flokkur. Gjald kr. 3.00 fyrir hver 10 kg:
Bifreiðar, hjólhestar, húsgögn, hljóðfæri, útvarpstæki.
10. flokkur. Gjald kr. 6.00 fyrir hver 10 kg:
Tóbak, tóbaksvörur, vín, vínandi.
11. flokkur. Gjald kr. 13.00 fyrir rúmmetra:
Timbur.
12. flokkur. a. Gjald kr. 20.00 fyrir hvern grip:
Hestar, nautgripir, svín.
b. Gjald kr. 5.00 fyrir hvern grip:
Sauðfé.
c. Gjald kr. 1.00 fyrir hvert stykki:
Tómar tunnur.
13. flokkur. Gjald kr. 7.00 fyrir hver 100 kg:
Allt annað.

8. Ýmis gjöld til hafnarinnar.

47. gr.

Fyrir geymslu á vörum í húsum og á lóðum hafnarinnar um stundarsakir, skal greiða gjald, sem hafnarstjóri ákveður.

48. gr.

Fyrir lóðir og land hafnarinnar, geymsluhús og verbúðir, sem leigt er einstök- um mönnum eða félögum um lengri tíma, skal greiða leigugjald, sem ákveðið verður með samningi.

49. gr.

Fyrir notkun á áhöldum og tækjum hafnarinnar skal greiða það gjald, sem hafnarstjóri ákveður í hvert skipti.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um hafnargerðir og lend- ingarbætur, nr. 29 23. apríl 1946 og lögum um landshöfn í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi, nr. 23 6. maí 1955, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftir- breytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 22. janúar 1966.

Eggert G. Þorsteinsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

S A M Þ Y K K T

fyrir Vatnsveitufélagið Lindartungu.

1. gr.

Félagið heitir Vatnsveita Lindartungu. Heimili þess og varnarþing er í Kolbeins- staðahreppi, Hnappadalssýslu.

2. gr.

Markmið félagsins er að sjá býlum, íbúðarhúsum og félagsheimili á félags- svæðinu fyrir vatni.

3. gr.

Stofnendur félagsins eru ábúendur jarðanna Traðar, Haukatungu I, Hauka- tungu II, Haukatungu III og félagheimilið Lindartunga. Hver stofnandi greiði kr. 20 000.00 sem stofngjald.

4. gr.

Ábúendur nýrra býla á félagssvæðinu má taka í félagið með samþykki lög- mæts aðalfundar. Nýr félagsmaður greiði kr. 20 000.00 í stofngjald, þó getur aðal- fundur ákveðið aðra upphæð, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Nýr félagsmaður verður að kosta allar framkvæmdir, sem gera verður sérstaklega, til að hann geti notað mannvirki félagsins, svo sem raunverulegan kostnað við aðalæð og greiningu.

5. gr.

Vatnsskatt skal innheimta árlega. Skal félagsstjórn ákveða upphæð hans, þannig fyrir hvert reikningsár, að nægi til greiðslu vaxta, afborgana og viðhalds.

Vatnsskattur greiðist í hlutfalli við stofngjald hvers aðila. Vatnsskatt má taka lögtaki, ef ekki er staðið í skilum. Eignir félagsins standa til fullnægingar skuldbindingum þess. Enginn félagsmaður ber ábyrgð á skuldbindingum félagsins umfram þau gjöld, sem honum er gert að greiða, samkvæmt ákvörðun þessarar samþykktar.

6. gr.

Félagsstjórn er skylt að boða til fundar, ef þrír félagsmenn eða tveir stjórnarmenn krefjast þess, enda greini þeir tilefni kröfunnar.

7. gr.

Félagsfundur er lögmætur, ef helmingur félagsmanna sækir hann, enda hafi verið löglega til hans boðað. Fundur er löglega boðaður, ef hverjum félagsmanni er tilkynnt fundarboðið bréfluga eða persónulega með fimm daga fyrirvara. Á félagsfundum hafa allir félagsmenn jafnan rétt og ræður afl atkvæða úrslitum.

8. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Til hans skal boða með viku fyrirvara, bréfluga eða persónulega. Aðalfundur er lögmætur ef $\frac{3}{4}$ félagsmanna sækja hann. Hafi þrisvar sinnum verið boðað til aðalfundar, vegna ónógrar fundarsóknar, telst þriðji fundurinn löglegur, hver sem fundarsókn er. Á aðalfundi skulu teknar ákvarðanir um starfsemi félagsins á árinu, lagðir fram endurskoðaðir reikningar þess og kosnir þrír menn í stjórn félagsins og tveir endurskoðendur til eins árs í senn. Liggi önnur mál fyrir aðalfundi en venjuleg aðalfundarstörf, skal þess getið í fundarboði.

9. gr.

Stjórn félagsins skiptir með sér verkum. Störf stjórnar og endurskoðenda skulu ólaunuð. Formaður kveður stjórnina saman til fundar og boðar félagsfundi og aðalfundi. Stjórnarfundir eru því aðeins lögmætir, að allir stjórnarmenn séu mættir. Færa skal gerðabók stjórnarfunda og skal ritari stjórnarinnar lesa fundargerð í lok hvers fundar og undirrita hana, ásamt formanni, þegar hún hefur verið samþykkt.

10. gr.

Stjórn félagsins hefur umsjón með vatnsveitunni, annast reikningshald hennar og innheimtu á gjöldum til félagsins. Hún sér um viðgerðir og viðhald á vatnsveitunni. Viðhald heimæða og umbúnað í húsum annast félagsmenn hver hjá sér.

11. gr.

Samþykkt þessari má ekki breyta, nema á aðalfundi, enda hafi breytinganna verið getið í fundarboði og séu að minnsta kosti $\frac{2}{3}$ félagsmanna samþykkir þeim.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af Vatnsveitufélaginu Lindartungu í Kolbeinsstaðahreppi, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 25. janúar 1966.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrimur Dalberg.

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu nr. 60 15. apríl 1964, um breytingu á reglugerð nr. 41 24. marz 1956, um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

1. gr.

Í stað „kr. 18 720 000.00“ í 2. gr. auglýsingarinnar komi: kr. 23 400 000.00.

2. gr.

Í stað „kr. 720.00“ í 3. gr. komi: kr. 900.00 og í stað „kr. 60.00“ í sömu grein komi: kr. 75.00.

3. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast gildi 1. apríl 1966.

Reglugerðarbreyting þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 71 24. apríl 1954, um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna, sbr. lög nr. 17 21. febrúar 1956 og lög nr. 52 20. apríl 1963, um breyting á þeim lögum, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 25. janúar 1966.

Eggert G. Þorsteinsson.

Jón L. Arnalds.

GJALDSKRA

Héraðsrafmagnsveitna ríkisins.

I. RAFORKA

Héraðsrafmagnsveitur ríkisins selja raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir, nema á veitusvæðum, sem sérstakar gjaldskrár eru settar fyrir:

A. Lýsing.

11. Um kWst mæli á 5.60 hverja kWst.
 12. Um kWst mæli á kr. 2.80 hverja kWst, auk fastagjalds af gólfleti í rúmi því, er lýsa skal.
- Fastagjald reiknast þannig:
 Fyrir búðir, vinnustofur og skrifstofur kr. 15 00 á m² á ári.
 Fyrir ganga, geymslur o. þ. h. — 7.00 á m² á ári.

B. Notkun til heimilisþarfa, búrekstrar o. fl.

21. Um kWst mæli þannig reiknað:
- a. Grunn gjald (mælisleiga o. fl.):
 af einfasa mælingu kr. 14.00 á mán.
 af þrífasa mælingu — 28.00 á mán.
- b. Orkugjald:
 af allri notkun — 1.40 á kWst.

c. Fastagjald:

af hverri heilli gjaldskráreiningu kr. 14.00 á mán.
af hálfri gjaldskráreiningu — 7.00 á mán.

Gjaldskráreiningar reiknast sem hér segir:

(1) Fyrir fjölskylduheimili

ein eining fyrir hvert íbúðarherbergi.

Til íbúðarherbergja teljast öll herbergi, sem ætluð eru sem íveruherbergi, og eldhús, en ekki gangar, baðherbergi eða geymslur. Herbergi, sem er minna en 5 m², telst sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er undir 10 m² má miða við samantlagt flatarmál þeirra þannig, að hverjir 10 m² jafngilda einu herbergi og hverjir 5 m² hálfu herbergi.

(2) Fyrir félagsheimili (skóla, sjúkrahús, gistihús o. þ. h.) ein eining fyrir hverja 20 m² gólfplatar.

Gólfplötur mælist milli útveggja, þó að frátöldum geymslum, sem sjaldan er farið um, og göngum þeim tilheyrandi. Rafmagnsnotkun í gripahúsum og öðrum húsum, sem notuð eru við búskap, er heimilt að selja eftir þessum gjaldskrárlíð. Rafmagnsveitustjóri setur reglur um útreikning gjaldskráreininga af slíkum húsum og tækjum í þeim.

22. Til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa, heimavistarskóla og annarra slíkra staða má selja raforku til suðu og hitunar um sérmæli á kr. 1.40 hverja kWst., enda séu suðu- og hitunartæki fasttengd og öll önnur notkun seld eftir liðum 11 eða 12. Heimilt er einnig að selja slíkum notendum eftir lið 32.

23. Um orkumæli (aflmarksmæli), sem stilltur er á tiltekið afl, og sýnir annars vegar heildarnotkun og hins vegar orkunotkun yfir aflstillingu.

Rafmagnsveitustjóri getur ákveðið aflstillingu þannig:

a. Lágmarksaflstilling 2500 W, hámark 10 000 W.

b. Lágmarksstilling 500 W að viðbættum 300 W fyrir hverja gjaldskráreiningu, sem ákveðst samkvæmt gjaldskrárlíð 21; hámark 10 000 W.

Notandi greiði sem hér segir fyrir aflstillingu og orkunotkun:

a. Aflgjald:

af lágmarksstillingu kr. 2200 á kW á ári.

af umframstillingu — 1500 á kW á ári.

b. Orkugjald:

af allri notkun — 0.22 á kWst.

af notkun yfir aflstillingu til viðb. — 3.00 á kWst.

Leiga á einum mæli er innifalin í aflgjaldinu.

24. Ef um er að ræða meira afl en 10 kW til búreksturs, má selja um afl- og orkumæla (mestaflsmæla) þannig reiknað:

a. Aflgjald:

af notuðu afli kr. 1700 á kW á ári.

b. Orkugjald:

af allri notkun — 0.22 á kWst.

Notað afl hvers árs telst vera meðaltal fjögurra álestra, sem fara með sem næst þriggja mánaða millibili. Aflnotkunin mælist sem meðalalag yfir stundarfjórðung. Minnsta aflgjald 17 000.00 kr./ári.

C. Vélanotkun.

31. Um kWst.mæli á kr. 2.80 hverja kWst. Lágmarksgjald skal vera kr. 1670 á ári og ekki lægra en sem svarar kr. 660 á ári fyrir hvert kW í málraun véla.

32. Um afl- og orkumæla (mestaafismæla) þannig reiknað:

a. Aflgjald:

af notuðu afli kr. 1560 á kW á ári.

b. Orkugjald:

af allri notkun — 0.42 á kWst.

Notað afl hvers almanaksárs telst vera meðaltal fjögurra álestra, en álestrar fari fram með sem jöfnustu millibili og eigi skemmra en eins mánaðar. Aflnotkunin mælist sem meðalálág yfir stundarfjórðung. Minnsta aflgjald skal vera kr. 3300 á ári. Eftir þessum gjaldskrárlíð má selja alla raforkunotkun atvinnufyrirtækja, sjúkrahúsa, heimavistarskóla og annarra slíkra staða, gegn greiðslu fastagjalds af ljósanotkun o. fl. samkvæmt reglum, sem rafmagnsveitustjóri setur.

33. Raforku til sildar- og fiskimjölsverksmiðja og hliðstæðra nota skal selja þannig:

1. Þegar raforkan er aðallega framleidd í vatnsaflsstöðvum skal selja þannig:

a. Aflgjald:

af notuðu afli kr. 1560 á kW á ári.

b. Orkugjald:

af allri notkun — 0.42 á kWst.

2. Þegar raforkan er aðallega framleidd í varmaafsstöðvum:

a. Aflgjald:

af notuðu afli kr. 1560 á kW á ári.

b. Orkugjald:

af allri notkun — 0.84 á kWst.

Notað afl hvers almanaksárs telst vera meðaltal tveggja hæstu álestra, en álestrar fari fram með sem jöfnustu millibili og eigi skemmra en eins mánaðar. Aflnotkunin mælist sem meðalálág yfir stundarfjórðung.

Telja skal sem heilt rekstrarár gagnvart ákvörðun um aflgjald, ef verksmiðja er tengd í 4 mánuði eða meira af almanaksárinu. Sama gildir um aukningu á vélaafli. Minnsta aflgjald á ári skal vera sem svarar hálfu aflgjaldi í fullu vinnsluári og það enda þótt verksmiðjan sé ekki starfrækt. Raforkunotkuninni er hægt að segja upp með minnst 6 mánaða fyrirvara og skal uppsögnin vera skrifleg.

Eftir þessum gjaldskrárlíð má selja raforkunotkun hjá framangreindum fyrirtækjum gegn greiðslu fastagjalds af ljósanotkun o. fl., samkvæmt reglum sem rafmagnsveitustjóri setur.

34. Raforka til súgþurrkunar og hliðstæðra nota á tímabilinu 1. júní til 1. nóv. má selja gegn fastagjaldi, óháðu notkunartíma, sem nemi kr. 520 á ári, fyrir hvert kW í málraun véla, og auk þess 42 aura á hverja kWst. Kaupandi skuldbindi sig þá til að nota ekki vélarnar utan tímabilsins 1. júní til 1. nóv., nema með leyfi rafmagnsveitustjóra og gegn greiðslu fulls fastagjalds, samkvæmt líð 35, kr. 1250 á hvert kW í málraun véla. Kaupandi skuldbindi sig enn fremur til að takmarka samtímisnotkun sína með tilliti til stærðar spennu og annarra aðstæðna, samkvæmt sérstökum fyrirmælum rafmagnsveitustjóra í hverju tilfelli.

35. Ef ekki eru tók á að mæla notað afl, má selja þannig:

Um kWst mæli á 42 aura hverja kWst, auk fastagjalds, er nemi kr. 1250 á ári fyrir hvert kW í málraun véla.

Minnsta aflgjald skal vera kr. 3300 á ári.

Framangreint raforkuverð fyrir vélanotkun miðast við, að fasviksstuðull álagsins hjá notanda sé eigi lægri en 0.8. Sé hann lægri, geta rafmagnsveiturnar krafizt þess,

að hann sé hækkaður upp í það gildi, en þar til það er gert, greiði kaupandi herra verð fyrir raforkuna og fari sú hækkun eftir sérstökum ákvæðum þar um.

Rafmagnsveitustjóri getur bannað uppsetningu rafsuðuspenna, nema skriflegt leyfi komi til. Hann getur takmarkað notkun rafsuðuspenna við tiltekna tíma sólarhrings. Þá getur hann krafizt þess, að fasviksstuðull rafsuðuspenna sé leiðréttur þannig, að hann verði ekki lægri en 0.8 og auk þess setur hann reglur um auka-fastagjöld af rafsuðuspennum.

D. Hitun.

41. Til húshitunar um kWst mæli á 72 aura hverja kWst, enda megi rjúfa strauminn í allt að 1 klst. á dag á tímum mesta álags rafmagnsveitnanna.
42. Til húshitunar um kWst mæli á 30 aura hverja kWst, enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafmagnsveitnanna um hádegi og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
43. Til húshitunar um kWst mæli á 22 aura hverja kWst í 9 klst. á tímanum frá 22 til kl. 9.
44. Til hitunar í vatnsgeymum og gufukötlum um kWst mæli á 72 aura hverja kWst, enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafmagnsveitnanna um hádegi og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn. Lágmarksgjald skal vera kr. 1275 á ári.
45. Til hitunar á vatnsgeymum og gufukötlum um kWst mæli á 30 aura hverja kWst í 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til kl. 9. Lágmarksgjald skal vera kr. 1275 á ári.
46. Til fasttengdra bókunarofna, vatns- og gufukatla í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, um tvígjaldsmæli á 30 aura hverja kWst í 10 klst. á sólarhring á tímanum frá kl. 22 til kl. 10 og 87 aura hverja kWst í 10 klst. á tímanum frá kl. 8 til kl. 24, enda sé straumurinn rofinn í 4 klst. á mestu álagstímum rafmagnsveitnanna, þó eigi lengur en 2 klst. í senn. Um framangreinda hitagjaldskrárlíði gilda eftirfarandi ákvæði:
 - a. Minnsta árgjald skal vera sem svarar 1600 klst. notkun á hvert kW uppsetts afls hitunartækja.
 - b. Verðið breytist með útsöluverði á dísilolíu í Reykjavík, þannig að gjaldskrárverðið teljist jafngilda 1860 króna verði á oliutonni, en hækki eða lækki um 2.4 aura hver kWst á liðunum 41.44 og síðari hluta 46 og 1 eyri hver kWst á liðunum 42, 45 og fyrri hluta 46 og 0.7 eyri hver kWst á lið 43, fyrir hverjar fullar 65 krónur, sem oliutonið hækkar eða lækkar.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

- a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafmagnsveitustjóra.
- b. Að notandi setji klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra. Þó getur rafmagnsveitustjóri ákveðið, að rafmagnsveiturnar leggi til rofa og annist viðhald þeirra og kostar þá notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim, samkvæmt reglum, sem gilda um leigu mælitækja.
- c. Að hitatæki, lagnir og búnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafmagnsveitnanna, ofnar og önnur hitatæki fasttengd með sérstökum rofum og hitastillar notaðir, þegar þess er krafizt.
- d. Að hús, sem fá leyfi fyrir rafmagnsupphitun, fullnægi lágmarkskröfum, sem rafmagnsveiturnar setja um einangrun.

E. Önnur raforkunotkun.

51. Til að nota um vinnulagnir við byggingu, meðan á byggingu stendur, um kWst mæli á kr. 2.80 hverja kWst.

52. Þar sem ástæður leyfa, að dómi rafmagnsveitustjóra, að komið verði upp útlýsingarkerfi, er heimilt að selja rafmagn til útlýsingar á kr. 1.90 hverja kWst, enda hafi uppsetning kerfisins verið kostuð af notanda.

Heimilt er að lækka orkugjaldið niður í 70 aura á kWst gegn greiðslu fastagjalds samkvæmt reglum, sem rafmagnsveitustjóri setur.

Alla raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið 11. Þegar sérstaklega stendur á, er rafmagnsveitustjóra þó heimilt að selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, en eigi lengur en til eins árs í senn.

II. MÆLALÆIGA

Rafmagnsveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er ákvörðun hans skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

- | | |
|---|-----------------|
| 1. Af einfasa kWst mælum 60 A og minni | kr. 7.00 á mán. |
| 2. Af þrífasa kWst mælum 50 A og minni | — 15.00 á mán. |
| 3. Af þrífasa kWst mælum yfir 50 A og til 100 A | — 21.00 á mán. |
| 4. Af þrífasa kWst mælum yfir 100 A (straumspennamælar) . | — 52.00 á mán. |
| 5. Af mestaafismælum 100 A og minni | — 45.00 á mán. |
| 6. Af mestaafismælum yfir 100 A (straumspennamælar) | — 85.00 á mán. |

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJALD

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt sérstökum reglugerðum og gjaldskráum um heimtaugargjöld til héraðsrafmagnsveitna ríkisins.

IV. OPNUNARGJALD

- Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greitt, þannig að beita þurfi reglugerðarákvæðum um lokun fyrir veitu, má taka gjöld fyrir lokunartilkynningu og enduropnun, allt að kr. 300 samtals.
- Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt umboðsmanni héraðsrafmagnsveitna ríkisins 200 kr. gjald. Gjaldið skal greitt á aðsetursstað umboðsmannsins.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946 til þess að öðlast gildi frá 1. janúar 1966 að telja, sbr. 7. gr. laga nr. 96 22. desember 1965, um ráðstafanir til að bæta fjárhag rafmagnsveitna ríkisins, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá héraðsrafmagnsveitna ríkisins nr. 16 31. janúar 1964.

Atvinnumálaráðuneytið, 26. janúar 1966.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

HEILBRIGÐISSAMÞYKKT

fyrir Seyðisfjarðarkaupstað.

I. KAFLI

A. Almenn ákvæði.

1. gr.

Samþykktin gildir fyrir lögsagnarumdæmi Seyðisfjarðarkaupstaðar. Þar sem talað er um kaupstaðarlóð í samþykkt þessari, er átt við svæði skipulagt til bygginga samkvæmt skipulagsupprætti.

2. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að veita undanþágu frá einstökum ákvæðum samþykktarinnar með leyfi heilbrigðisnefndar, ef óhjákvæmilegt þykir vegna aðstæðna eða staðháttanna.

3. gr.

Heilbrigðisnefnd skipa þrjú menn. Lögreglustjóri og héraðslæknir eru sjálfkjörnir í nefndina, og er lögreglustjóri formaður hennar. Þriðja nefndarmann kýs bæjarstjórn úr sínum hópi.

4. gr.

Formaður kveður heilbrigðisnefnd til funda, svo oft sem þurfa þykir. Honum er skylt að kveðja nefndina á fund, ef héraðslæknir eða heilbrigðisfulltrúi æskja þess.

5. gr.

Heilbrigðisnefnd heldur gerðabók, og skulu í hana skráðar fundargerðir, svo og munnlegar kærur, er nefndinni berast.

6. gr.

Formaður sér um, að fyrirmæli heilbrigðisnefndar séu framkvæmd. Þó getur hann neitað að sjá um framkvæmd þeirra, og skal málinu þá tafarlaust skotið til bæjarstjórnar. Ef hún samþykkir fyrirmælin, er formanni skylt að sjá um framkvæmd þeirra. Heimilt er honum þó að skjóta ályktun bæjarstjórnar um slík ágreiningsefni til heilbrigðismálaráðuneytisins.

7. gr.

Ef ágreiningur ris milli heilbrigðisnefndar og bæjarstjórnar um tilhögun eða framkvæmd heilbrigðisráðstöfunar, má leita úrskurðar heilbrigðisstjórnar. Þá getur héraðslæknir einnig skotið máli sínu til hennar, ef hann fær ekki framgengt þeim heilbrigðisráðstöfunum, er hann telur nauðsynlegar.

8. gr.

Bæjarstjórn ræður heilbrigðisfulltrúa einn eða fleiri eftir tillögum heilbrigðisnefndar. Heilbrigðisfulltrúar starfa samkvæmt erindisbréfi, er nefndin setur þeim, þeir skulu setja nefndarfundi.

9. gr.

Á fjárhagsáætlun bæjarins skal jafnan í samráði við heilbrigðisnefnd veitt nokkur fjárhæð, er nefndin getur ráðstafað til nauðsynlegra heilbrigðisframkvæmda. Að öðru leyti skal leita samþykkis bæjarstjórnar, áður en hafnar eru framkvæmdir, sem hafa útgjöld í för með sér.

B. Um hlutverk og valdsvið heilbrigðisnefndar.

10. gr.

Heilbrigðisnefnd sér um, að haldin séu ákvæði þessarar reglugerðar, svo og annarra laga og reglugerða, er að heilbrigðismálum lúta.

Nefndin hefur eftirlit með öllu því, er varðar þrifnað, heilbrigði og hollustuhætti á samþykktarsvæðinu og setur um það, í samræmi við lög og reglur, fyrir-mæli, sem öllum hlutaðeigendum er skylt að hlíta. Skal nefndinni heimilt að láta rannsaka allt það, er þessi samþykkt fjallar um, svo og annað, er að þrifnaði og hollustuháttum lýtur, utan húss og innan.

a) Nefndin hefur eftirlit með almennum þrifnaði og hreinlæti utan húss og lætur fara fram almenna hreinsun á lóðum og lendum á hverju vori og endranær eftir þörfum.

Nefndin getur krafizt lagfæringa og viðgerða á lóðum og portum, ef nauðsynlegt þykir til þrifnaðar.

b) Nefndin hefur eftirlit með vatnsveitu og vatnsbólum og sömuleiðis með vatni á sund- og baðstöðum og lætur taka af vatninu sýni til rannsóknar, þegar ástæða þykir til. Nefndin getur bannað notkun vatns úr vatnsveitu eða öðrum vatnsbólum og látið loka sund- og baðstöðum, ef hún telur þess þörf. Nefndin hefur eftirlit með allri fráræslu og getur bannað notkun á skólpræsum og vatns- og sorprenum, ef hún telur þess þörf.

c) Nefndin hefur eftirlit með almenningssalernum og meðferð á sorpi úr húsum.

d) Nefndin gerir ráðstafanir til upprættingar hvers konar meindýra úr húsum og hífylum og getur bannað afnot húsnæðis, unz dýrin hafa verið upprætt.

Nefndin getur krafizt þess, að hús séu gerð rottuheld.

e) Nefndin hefur eftirlit með leiguíbúðum, kjallaraíbúðum og öllum lélegum íbúðum og gengst árlega fyrir skoðun á þeim. Nefndin getur bannað afnot íbúða, ef hún telur þær hættulegar heilsu og lífi íbúa.

f) Nefndin hefur eftirlit með öllum stofnunum, fyrirtækjum og rekstri, sem um er fjallað í VII.—XXI. kafla þessarar samþykktar, og getur krafizt endurbóta og lagfæringa á húsnæði, tækjum, aðbúnaði og frágangi, svo og hreinsunar og hreingerningar, ef hún telur þess þörf.

Nefndin getur bannað afnot húsnæðis, sem um ræðir í þessari grein, ef hún telur það hættulegt heilsu og lífi þeirra, sem við eiga að búa.

g) Nefndin getur gert ráðstafanir til útrýmingar hvers konar óskiladýra.

h) Nefndin heldur skrá yfir allar þær stofnanir, fyrirtæki og rekstur, sem um er fjallað í samþykkt þessari.

i) Nefndin aðstoðar héraðslækni við sóttvarnir, eftir því sem hann telur þörf á. Ef nauðsyn ber til, er henni heimilt að ráða starfsfólk til bráðabirgða til sóttgæzlu, eftirlits eða hjúkrunar, en leita skal hún þá samþykkis bæjarstjórnar, svo fljótt sem auðið er.

j) Nefndin hefur heimild til að gera ríkari kröfur til tryggingar þrifnaði og hollustuháttum en beinlínis er fyrir mælt í samþykkt þessari, að því er varðar hvert einstakt atriði, en jafnan skulu þær kröfur vera í samræmi við ákvæði samþykktarinnar um hliðstæð atriði eða almennt viðurkenndar þrifnaðar- og heilbrigðisreglur.

k) Nefndin tilkynnir hlutaðeigendum þau ákvæði þessarar samþykktar, almennra laga og reglugerða, er að heilbrigðismálum lúta og þá varða. Sama máli gegnir um ákvæði, er hún setur samkvæmt heimild í j-lið þessarar greinar.

C. Ýmis ákvæði.

11. gr.

Ekki má setja á fót neina þá stofnun eða fyrirtæki né hefja neinn þann rekstur, sem um er fjallað í VII.—XIX. og XXI. kafla þessarar samþykktar, nema heilbrigðisnefnd hafi veitt leyfi til af sinni hálfu og farið sé að fyrirmælum um allt, er varðar hollustuhætti. Slíkt leyfi þarf einnig til fyrirhugaðra breytinga á húsakynnum eða rekstri svo og við eigendaskipti. Öllum hlutaðeigendum er skylt að veita nefndinni eða umboðsmönnum hennar nauðsynlegan aðgang til eftirlits að stofnun þeirra, fyrirtæki eða rekstri, er þeir stýra.

12. gr.

Starfsfólk þeirra stofnana og fyrirtækja, sem um er fjallað í VIII. og X.—XVII. kafla þessarar samþykktar, skal sanna árlega með læknisvottorði, og oftast ef þurfa þykir, að það sé ekki haldið neinum þeim sjúkdómi, kvilla eða óþrifum, sem öðrum getur stafað hætta af eða vakið getur ógeð þeirra, er við það eiga skipti. Það skal í starfi sínu gæta svo rækilegs hreinlætis sem auðið er, ganga þokkalega og hreinlega til fara, sápuþvo sér um hendur hverju sinni, eftir að það hefur gengið til salernis, og endranær eftir þörfum. Starfsfólk í neytluvörubúðum, rakara-, hárgreiðslu- og snyrtistofum, baðhúsum og sundlaugum skal klæðast sérstökum, hreinum hlífðarfötum við starf.

13. gr.

Húsakynni þeirra stofnana og fyrirtækja, sem um er fjallað í VIII. og X.—XVIII. kafla þessarar samþykktar, skulu fullnægja þessum almennu skilyrðum: vera rúm-góð, björt, hæfilega hituð og vel loftræst og að öllu leyti sæmilegur dvalarstaður mönnum. Í húsakynnum þeim, sem um er fjallað í VIII. og X.—XV. kafla þessarar samþykktar, skulu gólf lögð gólfdukk eða öðru jafngildi, loft máluð og veggir málaðir eða á annan hátt þannig frá þeim gengið, að auðvelt sé að halda þeim hreinum. Ákvæði þessarar málsgreinar taka einnig til húsakynna, sem um er fjallað í XVI. kafla 79.—83. og 89. gr.

14. gr.

Í stofnunum þeim og fyrirtækjum, sem um er fjallað í VIII. og X.—XVIII. kafla þessarar samþykktar, skal starfsfólk eiga greiðan aðgang að fatageymslu, rennandi vatni, hæfilega mörgum salernum svo og þvagstæðum, ef þurfa þykir, handlaugum, hreinum handklæðum eða pappirspurrkum og öðrum nauðsynlegum hreinlætisgögnum. Gestum skal séð fyrir sams konar þægindum á öllum stöðum, sem þeim eru ætlaðir til afnota, og skulu konur vera sér um salerni og karlar sér.

15. gr.

Húsakynnum þeirra stofnana og fyrirtækja, sem um er fjallað í VIII.—XVIII. kafla þessarar samþykktar, skal haldið svo hreinum og snyrtilegum sem auðið er. Þar sem einhvers konar starfsemi fer fram að staðaldri, skulu gólf þvegin daglega og oftast, ef þurfa þykir. Ekki má sópa gólf. Áhöld og innanstokksmuni lausa og fasta, skal þvo eða hreinsa á viðeigandi hátt eftir þörfum. Allsherjar hreingerning skal fara fram a. m. k. einu sinni á ári. Ekki má hleypa hundum, köttum eða öðrum húsdýrum inn í húsakynni þau, sem um ræðir í þessari grein.

II. KAFLI

Um hreinlæti og þrifnað utan húss.

16. gr.

Umfram það, sem fyrir er mælt í lögreglusamþykkt bæjarins, skal gætt ákvæða 10. gr. a. og 17.—22. gr., að því er varðar hreinlæti og þrifnað utan húss og eftirlit með því.

17. gr.

Gríðingar kringum hús og lóðir skulu vera þannig gerðar, að rottur og mýs geti ekki gert sér í þeim hreiður.

Eigendum er skylt að greiða kostnað af lagfæringum og viðgerðum á lóðum sínum og portum svo hreinsun á þeim.

18. gr.

Ekki má fleygja á almannafæri, í ár og læki, höfnina eða fjörur neins konar rusli eða úrgangi.

Ekki má heldur skilja eftir á almannafæri, grjót, mól, timbur eða annað byggingarefni né neins konar rusl eða úrgang.

19. gr.

Öll flutningatæki, sem fara um götur bæjarins, skulu þannig gerð að flutningurinn valdi ekki óþrifnaði. Ef eitthvað slæðist eða hrynur við flutning, skal þeim, er flytur, skylt að hreinsa það upp þegar í stað. Áburð og annað, sem óþef getur lagt af, má einungis flytja um bæinn á tilteknum tímum og eftir tilteknum götum samkvæmt nánari fyrirmælum.

20. gr.

Fatnað, ábreiður eða annað þess konar, má ekki dusta eða berja á svölum eða út um glugga, sem vita að götum eða torgum, ef húsin standa nær þeim en 8 metra.

21. gr.

Sorphaugar, opnar safngryfjur eða forir og annað þess konar, má ekki vera á kaupstaðarlóðinni. Bannað er að bera salernisáburð á garða.

22. gr.

Götur bæjarins, torg, hafnarbakka, fjörur, ræsi og annað þess konar, skal hreinsa á kostnað bæjarins, svo oft sem heilbrigðisnefnd þykir þurfa

III. KAFLI

Um vatnsveitu, vatnsból og frárennsli.

23. gr.

Umfram það, sem fyrir er mælt í lögreglusamþykkt bæjarins, skal gætt ákvæða 10. gr. b og 24.—29. gr., að því er varðar vatnsveitu, vatnsból og frárennsli og eftirlit með því.

24. gr.

Öll hús á samþykktarsvæðinu skulu taka neyzluvatn úr vatnsveitu bæjarins, að svo miklu leyti sem staðhættir leyfa. Einnig skulu skip taka vatn úr vatnsveitu til þvotta á fisklestum og þilfari, og er bannað að nota til þess sjó úr höfninni.

25. gr.

Kveðja skal heilbrigðisnefnd til ráða, ef vatnsveita er lögð eða vatnsveitu breytt. Sama máli gegnir ef leyfð er notkun annarra vatnsbóla.

26. gr.

Lagningu allra holræsa á samþykktarsvæðinu skal bera undir heilbrigðisnefnd.

27. gr.

Þar sem skolp verður ekki veitt í göturæsi, skal veita því eftir vatnsheldum holræsum gegnum rotþrær og leita um það fyrirmæla heilbrigðisnefndar hverju sinni.

28. gr.

Ef skolp er mengað daunillum efnum eða öðru, er þarfnast sérstakrar meðferðar, skal farið með það hverju sinni eftir fyrirmælum heilbrigðisnefndar.

29. gr.

Þar sem því verður komið við og ekki veldur óþrifnaði, skal leiða öll skolp-ræsi til sjávar, og skulu þau ná út fyrir stórstraumsfjöruborð.

IV. KAFLI

Um salerni og meðferð sorps.

30. gr.

Öll salerni á samþykktarsvæðinu skulu vera vatnssalerni. Þó getur heilbrigðisnefnd veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef það telst óhjákvæmilegt, en hlíta skal fyrirmælum hennar um frágang salerna af annarri gerð. Almenningsalerni skulu reist, þar sem þurfa þykir, og ber að hlíta fyrirmælum heilbrigðisnefndar um gerð þeirra og notkun.

31. gr.

Hverju íbúðarhúsi skulu fylgja nægilega mörg sorpilát úr málmi, að stærð og gerð eftir fyrirmynd, sem heilbrigðisnefnd lætur í té. Í þau skal láta allt sorp, ösku og rusl úr húsinu, og mega þau aldrei standa opin. Ílátin skulu jafnan tæmd, áður en þau fyllast, og sorpið flutt burt. Ekki má leggja skarnrennur í hús, nema heilbrigðisnefnd fallist á frágang.

32. gr.

Bæjarstjórn lætur annast brottflutning sorps og tiltekur, hvert það skuli flutt. Sorpstæði skal afgirt og þannig frá gengið, að fýla eða annar óþverri berist ekki til mannabyggða.

Um veggjalús, kakalaka, rottur og önnur meindýr.

33. gr.

Húsráðendum er skylt að tilkynna heilbrigðisnefnd, ef vart verður meindýra í húsum þeirra, hvort sem þau eru notuð til íbúðar, geymslu eða einhvers konar rekstrar.

Óheimilt er að leigja íbúðir, þar sem meindýra verður vart, fyrr en þau hafa verið upprætt. Enginn má flytja úr þess háttar íbúð í aðra, nema gerðar séu ráðstafanir, er heilbrigðisnefnd metur gildar, til þess að meindýr berist ekki með honum. Skylt er húsráðanda að uppræta meindýr úr húsum sínum og hlíta um það fyrirmælum heilbrigðisnefndar í hvivetna. Ef einhver vanrækir að gera slíkar ráðstafanir innan þess tíma, er nefndin hefur tiltekið, getur hún látið framkvæma þær á hans kostnað.

34. gr.

Að öðru leyti skal gætt ákvæða 10. gr. d.

VI. KAFLI

Um íbúðarhúsnæði.

35. gr.

Um íbúðir og íbúðarherbergi í kjöllurum fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. lög nr. 57 14. júní 1929, um íbúð í kjöllurum) svo og eftir byggingarsamþykkt bæjarins.

Umfram það, sem fyrir er mælt í almennum lögum og byggingarsamþykkt, skal gætt ákvæða 10. gr. e og 36.—38. gr.

36. gr.

Eigendum er skylt að halda leiguíbúðum vel við.

37. gr.

Ekki má nota kjallara til íbúðar, ef gólf íbúðarinnar er meira en 80 cm undir yfirborði jarðvegs við gluggahlið.

38. gr.

Húseigendum er skylt að halda húsum sínum hreinum utan sem innan.

VII. KAFLI

Um vinnustöðvar iðju- og iðnaðar- og verkafólks.

39. gr.

Um vinnustöðvar iðju- og iðnaðar- og verkafólks, þar með taldar verbúðir, verkamannaskýli og þess háttar, fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. lög nr. 23 1. febrúar 1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, og væntanlegar reglugerðir samkvæmt þeim, reglugerð nr. 10 16. febrúar 1929, um eftirlit með verksmiðjum og vélum með áorðnum breytingum samkvæmt reglugerð nr. 95 30. júní 1941).

Umfram það, sem fyrir er mælt í almennum lögum og reglugerðum, skal gætt ákvæða 10. gr. f, 11. og 40. gr.

40. gr.

Húsnæði, sem notað er í þessu skyni, má ekki vera lægra undir loft en 2.5 m og gólfhlötur aldrei minni en 3 m² á hvern verkamann. Þó skal loftrými aldrei minna en 10 m³ á mann. Loftræsting skal vera nægileg og vélknúin ef heilbrigðisnefnd þurfa þykir. Gólf skulu þannig gerð, að auðvelt sé að halda þeim hreinum.

Þeir, sem reka iðju eða iðnað eða aðra atvinnu á sérstökum vinnustöðum, þegar samþykkt þessi gengur í gildi, skulu þegar í stað tilkynna það heilbrigðisnefnd og láta fylgja tilkynningunni nákvæma lýsingu á vinnustöð sinni og allri tilhögun þar

VIII. KAFLI

Um skrifstofur, lesstofur, afgreiðslustofur og verzlunarbúðir, sem ekki lúta sérstökum fyrirmælum í samþykkt þessari.

41. gr.

Lofthæð í skrifstofum, lesstofum, afgreiðslustofum og verzlunarbúðum skal vera a. m. k. 2.5 m og loftrými á hvern starfsmann a. m. k. 10 m³. Vélknúin loftræstingartæki skulu sett þar, sem heilbrigðisnefnd telur slíks þörf.

42. gr.

Áklæði, vefnaðarvörustranga og annað af því tagi skal hreinsa öðru hverju með ryksugu.

43. gr.

Að öðru leyti skal gætt ákvæða 10. gr. f, og 11.—15. gr.

IX. KAFLI

Um vöruskemmur.

44. gr.

Vöruskemmur skulu vel loftræstar, rakalausar og rottuheldar.

45. gr.

Að öðru leyti skal gætt ákvæða 10. gr. f, 11. og 15. gr.

X. KAFLI

Um skóla og aðra kennslustaði.

46. gr.

Um skólahúsnaði og heilbrigðiseftirlit í skólum fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. lög nr. 61 8. júní 1957, um heilsuvernd í skólum og reglugerð nr. 214 22. janúar 1958, 9. gr. berklavarnarlaga, nr. 66 30. desember 1939 og 11. gr. farsóttalaga, nr. 10 19. marz 1958.)

Umfram það, sem fyrir er mælt í almennum lögum og reglugerðum, skal gætt ákvæða 10. gr. f, 11.—15. og 47.—55. gr.

47. gr.

Lofthæð í stofum, sem notaðar eru til kennslu, skal vera a. m. k. 3 m og gólf-flötur á hvern nemanda a. m. k. 1.4 m². Ljósflötur glugga skal vera a. m. k. ½ gólfplatar. Birta skal falla á vinstri hönd. Hiti í kennslustofum skal vera a. m. k. 18° C. Hitamælir skal vera í hverri stofu.

48. gr.

Kennsluborð og sæti skulu hæfa nemendum. Þau mega hvorki vera rifin né sprungin, og auðvelt skal vera að halda þeim hreinum.

49. gr.

Hver nemandi skal eiga aðgang að sérstökum fatasnaga og sérstöku hólfi til geymslu á hlífðar- og útifatnaði. Ekki má geyma fatnað í kennslustofum.

50. gr.

Ekki mega nemendur nota sameiginleg drykkjarker, og jafnan skal drykkjar-útbúnaður þannig, að ekki þurfi að snerta hann með vörum, þegar drukkið er.

51. gr.

Ætla skal hverjum 20 stúlkum eitt salerni og hverjum 35 piltum eitt. Auk þess skulu piltar hafa aðgang að þvagstæðum.

52. gr.

Hverjum skóla skal fylgja leikvöllur með nauðsynlegum tækjum til íþróttar- og leikiðkana.

53. gr.

Skólahúsnæði má ekki lána til annarra nota, nema með leyfi heilbrigðisnefndar.

54. gr.

Allir skólar skulu hafa skólalækni. Skólalæknir hefur eftirlit með heilsufari og þrifum nemenda og sér um, að fylgt sé fram í skólanum fyrir mælum heilbrigðisnefndar, þessarar samþykktar og almennra laga og reglugerða, er að heilbrigðismálum lúta. Skólalæknir lætur heilbrigðisnefnd í té skýrslu um þann þátt starfsins, er hana varðar.

55. gr.

Nemandi, sem haldinn er kláða eða öðrum óþrifum, má ekki sækja skóla. Sama máli gegnir um starfsmenn skólans.

XI. KAFLI

Um sjúkrahús, elliheimili, lækningastofur og aðrar heilbrigðisstofnanir.

56. gr.

Um heilbrigðisstofnanir og tilhögun þeirra fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. sjúkrahúsalög, nr. 54 10. júlí 1964, og væntanlegar reglugerðir samkvæmt þeim).

Umfram það, sem fyrir er mælt í almennum lögum og reglum, skal gætt ákvæða 10. gr. f, og 11.—15. gr.

XII. KAFLI

Um dagvistarheimili barna.

57. gr.

Húsakynni dagvistarheimilis barna skulu vera a. m. k. tvær rúmgóðar stofur, auk eldhúss, búrs, þvottaklefa með nægilega mörgum þvottaskálum, salerna og fatageymslu.

58. gr.

Hverju dagvistarheimili skal fylgja leikvöllur með nauðsynlegum leiktækjum.

59. gr.

Leita skal álits heilbrigðisnefndar, þegar ráðinn er forstöðumaður dagvistarheimilis. Læknir, sem til þess er ráðinn, skal hafa eftirlit með heilsufari, þrifum, meðferð og aðbúnaði barnanna, og skal hann láta heilbrigðisnefnd í té alla vitneskju, er hana varðar.

60. gr.

Ekki má taka á dagvistarheimili barn, sem haldið er næmum sjúkdómi eða óþrifakvilla, né heldur barn frá heimili, þar sem slíkir sjúkdómar eða kvillar eru. Ef upp kemur næmur sjúkdómur á dagvistarheimili eða grunur leikur á, að barn, sem sækir heimilið, sé haldið slíkum sjúkdómi, skal læknir heimilisins tilkynna héraðslækni þegar í stað.

61. gr.

Að öðru leyti skal gæta ákvæða 10. gr. f, og 11.—15. gr.

XIII. KAFLI

Um gistihús, matsölur og aðra veitingastaði.

62. gr.

Gistihús er hvert það hús eða húshluti, þar sem menn dveljast nætursakir fyrir borgun. Svefnherbergi í gistihúsum mega ekki vera minni en svo, að 8 m³ loft-rými komi á hvern gest.

Sængurfatnaður skal ætíð vera þokkalegur, heill, hreinn og laus við ólykt. Ávallt skal skipta á rúmfatnaði, áður en nýjum gesti er vísað til sængur. Gestir skulu hafa aðgang að baði.

63. gr.

Lofthæð veitingastofu skal vera a. m. k. 2.5 m og hverjum gesti skal ætlað a. m. k. 1.15 m² gólfflatar. Véknúin loftræstingartæki skulu sett þar sem heilbrigðisnefnd telur þörf á.

64. gr.

Á veitingahúsum, þar sem heitir réttir eða drykkir eru framreiddir, skal vera sérstakt eldhús með fullkomnum tækjum til matreiðslu, uppþvottar, sótthreinsunar og loftræstingar. Rétti, sem ekki er neytt innan 4 klst. frá tilbúningi, skal geyma í kælikáp, þar sem hiti er undir 5° C. Þetta gildir þó ekki um heita rétti, sem geyma á í minnst 60° C hita, unz þeirra er neytt.

65. gr.

Ekki má bera gestum skörðótt eða sprungin matar- og drykkjarilát, og matreiðslu- og uppþvottartæki skulu heil. Ílát og borðfæri skal þvo úr heitu sápuvatni og sjóða eða sótthreinsa í hæfilega virkum sótthreinsunarlegi hverju sinni eftir notkun, og þurrkur og þvottakústa skal sjóða iðulega. Borðdúkar skulu heilir og hreinir. Dúklaus borð skal þvo hverju sinni eftir notkun. Búr, hillur og þess konar, ber að þvo einu sinni í viku hið minnsta.

Í veitingastofum má ekkert geyma, sem ekki er ætlað til daglegra nota.

66. gr.

Herbergi, sem sjúkur maður hefur legið á, ber að sótthreinsa, áður en það er notað að nýju, nema héraðslæknir telji óþarft. Sama máli gegnir um rúmfatnað og aðra muni, sem hinn sjúki hefur notað.

67. gr.

Að öðru leyti skal gætt ákvæða 10. gr. f, og 11.—15. gr.

XIV. KAFLI

Um rakara-, hárgreiðslu- og snyrtistofur.

68. gr.

Öll áhöld, sem notuð eru við þjónustu á rakara-, hárgreiðslu og snyrtistofum, skulu vandlega hreinsuð og sótthreinsuð hverju sinni eftir notkun, og hverjum gesti skal ætla hrein handklæði og hreina dúka. Á höfuðbrík stóla skal jafnan vera hreinn pappír. Rafmagnstæki skulu viðurkennd af rafmagnseftirlitinu.

69. gr.

Ekki má veita þjónustu fólki, sem víst er um eða grunur leikur á, að haldið sé næmum sjúkdómum, og fólki með húðsjúkdóma í hársverði eða andliti má ekki veita

þjónustu, nema sannað sé með læknisvottorði, að öðrum stafi ekki hætta af. Ef uppvist verður eftir á, að gesti með slíkan sjúkdóm hefur verið veitt þjónusta, skal tafarlaust leita fyrimæla héraðslæknis um sóttþreinsun á tækjum þeim, er við hann voru notuð.

70. gr.

Nú telur gestur, að hann hafi orðið fyrir smitun eða fengið á sig óþrif á rakara-, hárgreiðslu- eða snyrtistofu, og ber honum þá tafarlaust að tilkynna það héraðslækni eða heilbrigðisnefnd.

71. gr.

Að öðru leyti skal gætt ákvæða 10. gr. f, og 11.—15. gr.

XV. KAFLI

Um kirkjur og önnur samkomuhús.

72. gr.

Veggir, gólf og loft í kirkjum og öðrum samkomuhúsum skal þannig gert, að auðvelt sé að halda því hreinu. Vélknúin loftræstingatæki skulu sett, þar sem heilbrigðisnefnd telur þörf.

73. gr.

Að öðru leyti skal gætt ákvæða 10. gr. f, og 11.—15. gr.

XVI. KAFLI

Um meðferð og sölu matvæla og annarra neyzluvara.

74. gr.

Um meðferð og sölu matvæla og annarra neyzluvara fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. lög nr. 24 1. febrúar 1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum, og reglugerðum, sem settar hafa verið samkvæmt þeim lögum, einkum reglugerð nr. 49 15. júlí 1936 og reglugerð nr. 17 22. febrúar 1939, reglugerð nr. 157 4. september 1953, um mjólk og mjólkurvörur, bráðabirgðareglur nr. 57 12. marz 1941, um framleiðslu og sölu á rjómaís með eða án bragðbætandi efna, lög nr. 5 22. febrúar 1949, um kjötmat o. fl., auglýsingu nr. 185 22. nóvember 1940, um nokkrar vörur úr kjöti, reglugerð nr. 155 8. september 1949, um kjötmat o. fl. og reglugerð nr. 43 30. apríl 1958, um útbúnað sláturhúsa og kjötfrystihúsa).

Umfram það, sem fyrir er mælt í almennum lögum og reglugerðum, skal gætt ákvæða 10. gr. f, 11.—15. gr. og 75.—84. gr.

A) Almenn ákvæði.

75. gr.

- a) Lofthæð húsakynna skal vera a. m. k. 2.5 m. Vélknúin loftræstingartæki skulu sett þar, sem heilbrigðisnefnd telur þörf á.
- b) Búðir og matvælagarðarhús skal verja fyrir rottum, músum, flugum og öðrum meindýrum.
- c) Aldrei má handfjatla óumbúna vöru, sem ætluð er til neyzlu, eins og hún kemur úr búð, en nota til afgreiðslu á henni spaða, skeiðar, gaffla eða tengur sem til slíks er gert.
- d) Til umbúða má einungis nota hreinan umbúðapappír eða annað jafngildi.

B) Um mjólk og mjólkurvörur.

76. gr.

Í mjólkurbúðum má einungis geyma og selja gerilsneydda mjólk.

77. gr.

Heilbrigðisnefnd getur leyft framleiðendum að selja neytendum ógerilsneydda mjólk milliliðalaust, ef fylgt er öllum ákvæðum þeirra laga og reglugerða, sem vísað er til í 74. gr. Aldrei má þó mjólk, sem seld er á þann hátt, vera sambland mjólkur frá tveimur eða fleiri framleiðendum. Heimilt er að selja gerilsneydda mjólk, svo og mjólkurvörur á matsölu- og veitingastöðum til neyzlu þar. Ekki má selja mjólk eða mjólkurvörur á götum úti, nema heilbrigðisnefnd veiti leyfi til.

C) Um rjómaís og mjólkurís.

78. gr.

Fitumagn rjómaíss, sem seldur er til neyzlu í bænum, má ekki vera minna en 15% og mjólkuríss ekki minna en 6%. Hvers konar blanda, sem notuð er í isfrouð, skal gerilsneydd.

D) Um brauðgerðarhús, brauðbúðir, heimabakstur o. fl.

79. gr.

Öll óumbúin brauðvara skal geymd í luktum skápum. Brauð, sem ekki verða afgreidd með sérstökum tækjum (sbr. 75. gr. c), skulu geymd og afhent í sérstökum umbúðum.

80. gr.

Vöru, sem seld er í brauðbúð, má ekki neyta þar inni, nema húsakynni og annar búnaður sé til þess gert og heilbrigðisnefnd hafi veitt leyfi til.

81. gr.

Heimabakaða brauðvöru má ekki selja, nema heilbrigðisnefnd hafi veitt leyfi til og farið sé að fyrirmælum hennar um allt, er máli skiptir.

82. gr.

Brauðvöru má ekki selja á götum eða torgum, nema heilbrigðisnefnd hafi veitt leyfi til, og ekki má ganga með hana milli húsa til framboðs.

83. gr.

Brauðvöru skal flytja milli brauðgerðarhúsa og búða í hreinum, lokuðum og rykheldum kössum.

E) Um meðferð og sölu á kjötvöru og fiski.

84. gr.

Búðir, sem selja kjöt og kjötvöru til daglegrar neyzlu og óunninn neyzlufisk, skulu fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

- a) Gólf búðar skal vera vatnshelt og lagt flisum eða öðru jafngildi, rás skal úr gólfi niður í skolpræsi, veggir skulu flísalagðir, glerjaðir eða húðaðir öðru jafngildi, en búðin að öðru leyti máluð.
- b) Botn búðarborða skal vera a. m. k. 15 cm frá gólfi. Borð skulu lögð gleri, marmara eða öðru jafngildi. Matvæli, sem standa á borðum, skulu varin gleri.

- c) Kjötkrókar og kjötstengur skulu vera gljáð, höggstokkar, ef notaðir eru, úr hörðum viði og eggjárn öll óryðguð.
- d) Vara, sem ætluð er til neyzlu, eins og hún kemur úr búð, skal geymd í luktum glerskápum.
- e) Geymsluklefi, kæliklefi og frystiklefi skulu vera í hverri slíkri búð.
- f) Sérstakur, upphitaður klefi skal ætlaður starfsfólki til fataskipta og dvalar.
- g) Í búð eða geymsluklefa skal vera þvottaker með rennandi vatni.
- h) Ekki má láta kjöt eða fisk liggja á gólfi í búð, geymslu, kæliklefa eða frystiklefa.

85. gr.

Heimilt er sjómönnum að selja eigin afla úr bát á lendingarstað eða á götu. Við götusölu skal nota hreinlega, málaða vagna, og segir heilbrigðisnefnd fyrir um gerð þeirra. Hverjum vagni skal fylgja lokað ílát undir úrgang.

86. gr.

Í búðum má ekki hafa á boðstólum óslægðan fisk, og aldrei má selja fisk, sem hefur ekki verið slægður, áður en sólarhringur er liðinn frá því hann var deyddur. Þó er heimilt að selja óslægðar þær fisktegundir, sem venju samkvæmt eru seldar þannig.

87. gr.

Allur neyzlufiskur skal vera hreinn, óskemmdur, ómarinn og að öllu leyti óaðfinnanlegur.

88. gr.

Við flutning á fiski skal ætíð gætt fyllsta hreinlætis. Aldrei má leggja óumbúinn fisk frá sér úti við, nema breitt sé undir hann.

Neyzlufiskur, sem fluttur er landveg til bæjarins, skal fluttur í lokuðum kössum, er taki mest 50 kg. Heilagfiski og skötu þarf þó ekki að flytja í kössum, en flytja skal fiskinn í heilu lagi og búa þannig um, að ryk komist ekki að.

F) Um meðferð og sölu annarrar neyzluvöru.

89. gr.

Kornvöru, kex, sykur og aðra neyzluvöru, sem ekki eru sérstök ákvæði um í samþykkt þessari og vegin er eða mæld jafnóðum og sala fer fram, skal geyma í vel luktum skúffum eða ílátum, er aldrei mega standa opin. Smjör, smjörlíki og ost skal geyma í luktum glerskáp eða kæliskáp eftir því sem við verður komið.

XVII. KAFLI

Um baðhús, sundlaugar (sundhallir), baðstaði (sundstaði), íþróttahús, íþróttavelli (íþróttasvæði) og útileikvelli barna.

A) Um baðhús.

90. gr.

Gólf baðherbergja skulu flísalögð og veggir flísalagðir, glerjaðir eða húðaðir öðru jafngildi í 1.80 m hæð.

B) Um sundlaugar.

91. gr.

Sundlaugar skulu vera úr steinsteypu og svo sléttar innan, að auðvelt sé að þvo gólf og vegg. Barnar skulu vera hærri en gólfið í kring. Meðfram innanverðum börmum, ofan vatnsborðs, skulu vera vatnsheldar rennur eða ílát, er sundgestir geta hrækt í.

92. gr.

Vatn, sem notað er í sundlaugar, skal vera hreint og gerlagróður þess ekki meiri en drykkjarvatns. Gerlafjöldi í sundlaugarvatni má ekki fara yfir 1000 í 1 cm³ og saurgerlar (*B.coli*) mega ekki finnast að staðaldri í 1 cm³. Taka skal sýni af vatni til rannsóknar eftir fyrirmælum héraðslæknis.

Sundlaugar skal tæma og hreinsa, svo oft sem þurfa þykir.

93. gr.

Hverri sundlaug skulu fylgja hæfilega margir búningsklefar, baðklefar með steypiböðum, salerni og þvagstæði. Húsakynnum skal haga þannig, að sundgestir komist ekki í sundlaugina nema úr baðklefa. Skytt er að hafa hjörgunartæki í sundlaug.

94. gr.

Sundgestum er skytt að sápuþvo sig vandlega, áður en þeir fara í sundlaug. Bannað er að hrækja eða snýta sér í sundlaug eða saurga hana á annan hátt, og er heimilt að vísa sundgestum burt, ef þeir verða uppvisir að slíku.

95. gr.

Ekki má hleypa fleirum í sundlaug í senn en svo að a. m. k. 3 m² af yfirborði vatnsins komi á hvern mann.

96. gr.

Ef uppvíst verður, að sundgestur hefur næman sjúkdóm eða óþrifakvilla, opin sár, rennsli úr augum, eyrum eða nefi, áberandi kvef, niðurgang eða aðra kvilla, sem borizt geta manna á milli, ber að synja honum aðgangs að sundlaug. Ef grunur leikur á, að sundgestur sé haldinn einhverjum slíkum kvilla, skal synja honum aðgangs, nema læknisvottorð komi til.

97. gr.

Ef grunur leikur á, að smitandi sjúkdóm, t. d. fótmyglu (*epidermophytosis interdigitalis plantarum*), megi rekja til smitunar í sundlaug, skal tafarlaust gera héraðslækni viðvart og hlíta fyrirmælum hans um varúðarráðstafanir.

98. gr.

Baðföt, handklæði, bursta og annað, sem lánað er sundgestum til afnota, skal sjóða eftir notkun hverju sinni eða leggja í sótthreinsunarlög eftir fyrirmælum héraðslæknis.

99. gr.

Starfsfólk sundlauga skal hafa sérstaka skó á fótum, er það notar einungis á því svæði, sem sundgestir ganga um, eftir að þeir hafa afklæðzt og þvegið sér, og engir aðrir mega ganga um það svæði nema á sérstökum skóm.

C) Um baðstaði.

100. gr.

Baðstaðir skulu valdir þannig, að ekki sé hætt á, að neins konar saurindi berist í sjóinn (vatnið). Nægilega mörg salerni skulu vera í grennd við slíka staði og þannig um frárennsli búið, að sjórinn saurgist ekki af því.

101. gr.

Ef baðstaðir eru fjölsóttir, skal rannsaka vatnið öðru hverju og leyfa því aðeins notkun þeirra, að gerlafjöldi sé ekki úr hófi.

102. gr.

Badgestum er skylt að ganga þriflega um badströnd, og ekki mega þeir saurga vatnið á neinn hátt. Um aðgangsleyfi að badströnd gilda ákvæði 96. gr.

103. gr.

Sérstakur gæzlumaður skal annast eftirlit á baðstað, og skylt er að hafa þar björgunartæki.

D) Um íþróttahús.

104. gr.

Gluggar skulu vera á gagnstæðum hliðum íþróttahúsa og ljósflötur þeirra helzt ekki minni en $\frac{1}{5}$ gólfplatar. Gólf skulu þannig gerð, að slysaætta verði sem minnst. Leitazt skal við að gera dýnur og önnur áhöld þannig úr garði, að þau safni ekki í sig ryki.

105. gr.

Auk æfingasalar (sala) skulu vera í hverju íþróttahúsi eitt eða fleiri búningsherbergi, baðherbergi með steypiböðum, salerni og áhaldaherbergi eða skápur fyrir ræstitæki. Haga skal húsakynnum þannig, að gengið sé í leikfimisal úr búningsklefa, og aldrei má fara þangað inn nema á sérstökum skóm.

106. gr.

Íþróttahús má ekki nota örara en svo, að nægur tími sé til nauðsynlegrar hrein-gerningar og loftræstingar. Um lán á íþróttahúsum gilda ákvæði 53. gr.

E) Um íþróttavelli.

107. gr.

Íþróttavellir skulu þannig úr garði gerðir, að sem minnst rykist upp af þeim. Þeir skulu hreinsaðir eftir þörfum, og aldrei má safnast þar fyrir rusl. Slíkum völlum skulu jafnan fylgja salerni, búningsklefar og böð.

F) Um íþróttaleikvelli barna.

108. gr.

Heilbrigðisnefnd getur sett sérstakar reglur um útileikvelli barna.

109. gr.

Að öðru leyti skal gætt ákvæða 10. gr. f og 11.—15. gr., eftir því sem við getur átt, að því er varðar starfsemi þá, er þessi kafli fjallar um.

XVIII. KAFLI

Um fangelsi og vistarverur handtekinna manna.

110. gr.

Um sængurfatnað í fangelsum og vistarverum handtekinna manna skal gætt ákvæða 62. gr.

111. gr.

Ef uppvíst verður eða grunur leikur á, að einhver vistmanna sé haldinn næm-um sjúkdómi eða óþrifakvilla, skal einangra hann, en leita síðan fyrir mæla hér-aðslæknis um meðferð hans og um hreinsun á herbergi og rúmfatnaði.

112. gr.

Að öðru leyti skal gætt ákvæða 10. gr. f, 11. og 13.—15. gr. eftir því, sem við getur átt.

XIX. KAFLI

Um kirkjugarða, líkhús og líkgeymslur.

113. gr.

Um kirkjugarða og meðferð líka fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. lög nr. 21 23. apríl 1963, reglugerð nr. 83 25. júlí 1934, hvort tveggja um kirkjugarða, lög nr. 42 10. nóv. 1913 og reglugerð nr. 24 1. apríl 1936, hvort tveggja um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum).

Um flutning líka milli sókna fer eftir ákvæðum farsóttalaga nr. 10 19. marz 1958, og ákvæðum reglugerðar nr. 159 27. sept. 1941, um flutning líka. Umfram það, sem fyrir er mælt í almennum lögum og reglugerðum, skal gætt ákvæða 10. gr. f, 11. og 114.—121. gr.

114. gr.

Lík má ekki geyma ókistulögð í heimahúsum lengur en þrjá sólarhringa og aldrei lengur en sjö sólarhringa, þó að kistulögð séu, nema sérstakt leyfi héraðslæknis komi til eða þau séu í loftheldri málmkistu.

Héraðslæknir getur fyrirskipað að lík fólks, sem dáið hefur úr næmum sjúkdómi, skuli þegar í stað kistulögð og flutt í líkhús.

115. gr.

Í kirkjugörðum eða við þá skal reisa verkamannaskýli handa þeim, er í görðunum vinna.

116. gr.

Vatnsból mega ekki vera nær kirkjugarði en 200 m og því aðeins svo nærri, að jarðvegi halli ekki að vatnsbóli.

117. gr.

Líkkistur má ekki grafa grynna en svo, að 1.25 m séu frá kistuloki að grafarbarmi.

Leyfa má, að grafir séu gerðar úr steinsteypu, en þó skulu þær vera neðanjarðar og a. m. k. 0.5 m þykkt jarðvegslag ofan á. Í botni slíkra grafa skal vera sandur eða mól eða þannig frá honum gengið á annan hátt, að gróf haldist þurr. Ekki má opna slíkar grafir, nema héraðslæknir veiti samþykki til og farið sé að fyrirmælum hans.

118. gr.

Líkhús skulu vera úr steinsteypu og þannig gerð, að auðvelt sé að halda þeim hreinum. Gluggar skulu vita í norður. Rás skal úr gólfi niður í holræsi. Í líkhúsum skal vera rennandi vatn og handlaugar.

119. gr.

Líkhús skulu þrífín svo oft sem þurfa þykir og ávallt þegar í stað, eftir að þar hafa verið geymd ókistulögð lík. Leita skal fyrirmæla héraðslæknis um sóttthreinsun, ef í líkhúsi hefur verið geymt lík manns, sem dáið hefur úr næmum sjúkdómi.

120. gr.

Fundin eða sjórekin lík skal ætíð flytja í líkhús þegar að lokinni lögskipaðri mannskaðarannsókn.

121. gr.

Ef sett verður á stofn bálstofa á samþykktarsvæðinu, setur heilbrigðisnefnd sérstakar reglur um hana.

XX. KAFLI

Um eftirlit með skipum, bátum og bifreiðum.

122. gr.

Um eftirlit með skipum og bátum fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. lög nr. 50 31. júlí 1959, um eftirlit með skipum, svo og reglur nr. 11 20. janúar 1953, um eftirlit með skipum og öryggi þeirra, sóttvarnarlög nr. 34 12. apríl 1954 og farsóttalög nr. 10 19. maí 1958).

Umfram það, sem fyrir er mælt í almennum lögum og reglugerðum, skal gætt ákvæða 10. gr. f og 123.—126. gr.

123. gr.

Vistarverum skipshafna og farþega, svo og bifreiðum, skal haldið eins hreinum og auðið er. Um meðferð matvæla í skipum og bátum gilda sömu reglur sem á veitingahúsum, eftir því sem við verður komið.

124. gr.

Ekki má flytja með skipum eða bátum sjúklinga með næma sjúkdóma nema með leyfi héraðslæknis, er hefur um það samráð við landlækni, þegar mikið er í húfi.

125. gr.

Ef vart verður meindýra í skipi eða bát, sömuleiðis lúsar, kláða eða annarra óþrifa á skipverjum, skal skipstjóri tilkynna það heilbrigðisnefnd þegar í stað, og ber að hlíta fyrirmælum hennar um upprætingu.

126. gr.

Skipstjórar og útgerðarmenn, bifreiðastjórar og eigendur bifreiða bera ábyrgð á, að farið sé að fyrirmælum héraðslæknis og heilbrigðisnefndar um allt, er lýtur að þrífnaði, sóttvörnum og heilsugæzlu í skipum, bátum og bifreiðum. Kyrrsetja má skip og taka bifreið úr umferð, ef brotið er í bág við fyrirmæli héraðslæknis eða heilbrigðisnefndar.

XXI. KAFLI

Um peningshús, búrekstur og skepnuhöld.

127. gr.

Umfram það, sem fyrir er mælt í lögreglusamþykkt bæjarins (sbr. III., IV. og IX. kafla) skal gætt ákvæða 10. gr. f og 11. gr. að því er varðar búrekstur, peningshús og skepnuhöld.

XXII. KAFLI

Lokaákvæði.

128. gr.

Bæjarstjórn skal ávallt leita umsagnar heilbrigðisnefndar um hvers konar ráðstafanir, er að heilbrigðismálum lúta.

129. gr.

Ef einhver vanrækir að vinna verk, sem heilbrigðisnefnd hefur mælt fyrir um samkvæmt samþykkt þessari, er nefndinni heimilt að láta vinna það á kostnað hans. Skal þá greiða kostnaðinn úr bæjarsjóði til bráðabirgða, en innheimta síðan hjá hlutaðeigandi með lögtaki, ef þörf gerist.

130. gr.

Ef einhver brýtur ákvæði samþykktar þessarar eða vanrækir að hlýðnast í tæka tíð fyrir mælum heilbrigðisnefndar samkvæmt samþykktinni, skal hann sæta sektum allt að 5000 krónum, nema þyngri refsing liggi við að lögum, og rennur sektarféð í bæjarsjóð.

131. gr.

Með mál, er rísa út af brotum á samþykkt þessari, skal farið að hætti opinberra mála.

132. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi þegar í stað.

Samkvæmt lögum nr. 35 12. febrúar 1940, um heilbrigðissamþykktir, er hér með eftir tillögum landlæknis staðfest framanrituð heilbrigðissamþykkt fyrir Seyðisfjarðarkaupstað, sem bæjarstjórn kaupstaðarins hefur samþykkt.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 31. janúar 1966.

Jóhann Hafstein.

Jón Thors.

AUGLÝSING

um bætur samkvæmt lögum nr. 29 7. apríl 1965, um atvinnuleysistryggingar.

Bætur samkvæmt lögnum skulu vera sem hér segir:

Lágmark bóta á dag:

Fyrir einhleypan mann kr. 42.30, fyrir kvæntan mann kr. 53.75 og fyrir hvert barn allt að þremur kr. 11.45.

Hámark bóta á dag:

Fyrir einhleypan mann kr. 93.75, fyrir kvæntan mann kr. 107.50 og fyrir hvert barn allt að þremur kr. 14.25.

Ákvæði þessi um bætur, eru sett samkvæmt lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar, sbr. lög nr. 4 20. janúar 1959, um breyting á framan greindum lögum og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing nr. 5 21. janúar 1965, um hækkun bóta samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar.

Félagsmálaráðuneytið, 31. janúar 1966.

Eggert G. Þorsteinsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

AUGLÝSING

um laun stundakennara.

1. gr.

Laun stundakennara miðast við þá launaflokka, sem kennararnir myndu taka laun samkvæmt, ef þeir væru fastir kennarar, og skulu vera fyrir hverja kennslustund sem hér segir:

I. Í barnaskólum:

Miðað við	13. launaflokk	(kennarar án kennararéttinda)	kr. 85.55
—	— 16. —	— 96.20
—	— 16. —	(söngkennarar, tónlistarkennarar og kennarar afbrigðilegra og vangefinna barna með $\frac{1}{2}$ kennsluskyldu)	— 120.25
—	— 17. —	(kennarar með a. m. k. árs framhaldsnámi við kennaraháskóla eða öðru sambærilegu framhaldsnámi, hvoru tveggja að mati menntamálaráðuneytisins, talkennarar og blindrakennarar)	— 100.05
—	— 17. —	(söngkennarar, tónlistarkennarar og kennarar afbrigðilegra og vangefinna barna með a. m. k. árs framhaldsnámi við kennaraháskóla eða öðru sambærilegu framhaldsnámi, hvoru tveggja að mati menntamálaráðuneytisins)	— 125.10
—	— 18. —	(vanvitaskólakennarar)	— 130.10

II. Í húsmæðraskólum:

Miðað við	14. launaflokk	(kennarar án kennararéttinda)	— 110.10
—	— 17. —	— 123.75
—	— 18. —	(kennarar með B.A.-prófi eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum, ásamt prófi í uppeldisfræðum)	— 128.75
—	— 19. —	(kennarar með cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í aðalkennslugreinum sínum) ..	— 140.15

III. Í gagnfræðastigsskólum (unglingaskólum, miðskólum og gagnfræðaskólum):

Miðað við	17. launaflokk	— 123.75
—	— 17. —	(söngkennarar og tónlistarkennarar með $\frac{1}{2}$ kennsluskyldu)	— 154.75
—	— 18. —	(kennarar með B.A.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum, ásamt prófi í uppeldisfræðum)	— 128.75
—	— 19. —	(kennarar með cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í aðalkennslugreinum sínum) ..	— 140.15

IV. Í iðnskólum:

Miðað við 17. launaflokk	kr. 123.75
— — 18. —	(kennarar með B.A.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum, ásamt prófi í uppeldisfræðum) ..	— 128.75
— — 19. —	(kennarar með cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í aðalkennslugreinum sínum) ..	— 140.15

V. Í Hjúkrunarskóla Íslands:

Miðað við 17. launaflokk	— 133.40
— — 18. —	(kennarar með B.A.-prófi í kennslugreinum sínum, ásamt prófi í uppeldisfræðum) ..	— 138.75
— — 19. —	(kennarar með cand. mag.-prófi eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum) ..	— 151.00

VI. Í Myndlista- og handiðaskóla Íslands:

Miðað við 18. launaflokk	— 138.75
--------------------------	-------	----------

VII. Í Heyrnleysingjaskólanum:

Miðað við 17. launaflokk	— 123.75
--------------------------	-------	----------

VIII. Í Tónlistarskólanum í Reykjavík (kennaradeild):

Miðað við 18. launaflokk	— 138.75
--------------------------	-------	----------

IX. Í Vélskólanum í Reykjavík:

Miðað við 17. launaflokk	— 133.40
— — 18. —	(kennarar í tæknigreinum og kennarar með B.A.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum, ásamt prófi í uppeldisfræðum) ..	— 138.75
— — 19. —	(kennarar með cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í aðalkennslugreinum sínum) ..	— 151.00

X. Í Íþróttakennaraskóla Íslands:

Miðað við 18. launaflokk	— 138.75
— — 19. —	(kennarar með cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í aðalkennslugreinum sínum) ..	— 151.00

XI. Í Húsmæðrakennaraskóla Íslands:

Miðað við 18. launaflokk	— 138.75
— — 19. —	(kennarar með cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í aðalkennslugreinum sínum) ..	— 151.00

XII. Í Kennaraskóla Íslands:**a) Íþróttakennarar:**

Miðað við 18. launaflokk	kr. 138.75
--------------------------	-------	------------

b) Kennarar við handavinnudeild:

Miðað við 18. launaflokk	— 138.75
--------------------------	-------	----------

— — 19. —	(kennarar með cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í aðalkennslugreinum sínum) ..	— 151.00
-----------	--	----------

c) Aðrir kennarar:

Miðað við 20. launaflokk	— 159.30
--------------------------	-------	----------

XIII. Í menntaskólum:**a) Íþróttakennarar:**

Miðað við 18. launaflokk	— 138.75
--------------------------	-------	----------

b) Aðrir kennarar:

Miðað við 20. launaflokk	— 159.30
--------------------------	-------	----------

XIV. Í Stýrimannaskólanum:

Miðað við 17. launaflokk	— 133.40
--------------------------	-------	----------

— — 18. —	(kennarar í tæknigreinum og kennarar með B.A.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í aðalkennslum sínum, ásamt prófi í uppeldisfræðum) ..	— 138.75
-----------	---	----------

— — 19. —	(kennarar með cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í aðalkennslugreinum sínum) ..	— 151.00
-----------	--	----------

XV. Í Matsveina- og veitingaþjónaskólanum:

Miðað við 17. launaflokk	— 133.40
--------------------------	-------	----------

— — 18. —	(kennarar með B.A.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum, ásamt prófi í uppeldisfræðum) ..	— 138.75
-----------	--	----------

— — 19. —	(kennarar með cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í aðalkennslugreinum sínum) ..	— 151.00
-----------	--	----------

XVI. Í búnaðarskólum:

Miðað við 17. launaflokk	— 133.40
--------------------------	-------	----------

— — 18. —	(kennarar með B.A.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum, ásamt prófi í uppeldisfræðum) ..	— 138.75
-----------	--	----------

— — 19. —	(kennarar með prófi frá búnaðarháskóla eða samsvarandi prófi í aðalkennslugreinum sínum) ..	— 151.00
-----------	---	----------

XVII. Í Garðyrkjuskóla ríkisins:

Miðað við 17. launaflokk	— 133.40
--------------------------	-------	----------

— — 18. —	(kennarar með B.A.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum, ásamt prófi í uppeldisfræðum) ..	— 138.75
-----------	--	----------

Miðað við 19. launaflokk (kennarar með prófi frá búnaðarháskóla eða samsvarandi prófi í aðalkennslugreinum sínum) kr. 151.00

XVIII. Í Tækniskóla Íslands:

Miðað við 20. launaflokk — 159.30

2. gr.

Í auglýsingu þessari eru framangreind laun stundakennara í barnaskólum miðuð við 40 mínútna kennslustund, en í öllum framhaldsskólum við 45 mínútna kennslustund. En sé hver kennslustund lengri eða skemmri, breytast launin í hlutfalli við það.

3. gr.

Orlofsfé er innifalið í launum þessum.

4. gr.

Stjórnskipaðir prófdómendur njóta sömu launa og stundakennarar skólanna, er þeir starfa við.

5. gr.

Stundakennsla greiðist af rekstrarfé skólanna hvers um sig.

6. gr.

Framangreint stundakennarakaup í auglýsingu þessari greiðist fyrir kennslu, sem fram fer á tímanum frá kl. 8 til kl. 17, þar með talinn matartími. Fyrir kennslu eftir kl. 17, svo og fyrir kennslu eftir kl. 13 á laugardögum, skal kaup stundakennara vera jafnhátt og eftirvinnukaup fastra kennara í viðkomandi launaflokkum, án tillits til lengdar kennslustundar, og vera sem hér segir:

Samkvæmt 13. launaflokki	kr. 112.64
— 14. —	— 117.05
— 16. —	— 126.62
— 17. —	— 131.68
— 18. —	— 136.98
— 19. —	— 150.98
— 20. —	— 159.26

7. gr.

Eigi skal greiða fyrir eyður, sem verða kunna í starfstíma stundakennara.

8. gr.

Auglýsing þessi er gefin út í samráði við önnur ráðuneyti, sem með skólamál fara, svo og fjármálaráðuneytið, og gilda ákvæði hennar frá 1. marz 1966 og þar til öðruvísi kann að verða ákveðið.

Í menntamálaráðuneytinu, 18. febrúar 1966.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Árni Gunnarsson.

AUGLÝSING

varðandi gin- og klaufaveiki.

Vegna þess að gin- og klaufaveikifaraldur geisar nú í nokkrum löndum á meginlandi Evrópu, vill landbúnaðarráðuneytið vekja athygli yfirvalda og almennings á því, að stranglega ber að fylgja reglum laga 11/1928 um varnir gegn gin- og klaufaveiki.

Tekið skal fram, að samkvæmt tédum lögum og auglýsingu þessari er bannaður með öllu innflutningur á heyi, hálm, alidýraáburði, sláturafurðum hvers konar, húðum, mjólk og mjólkurafurðum sem og eggjum.

Stórgripahúðir, sem nota þarf við togveiðar hér við land, má þó flytja inn, enda hafi þær sannanlega verið sóttþreisnaðar erlendis.

Brot á lögum nr. 11/1928 og auglýsingum, sem settar eru samkvæmt þeim, varða sektum.

Landbúnaðarráðuneytið, 10. janúar 1966.

Ingólfur Jónsson.

Gunnlaugur E. Briem.

21. janúar 1966.

Nr. 26.

AUGLÝSING

um innflutningskvóta.

Með skirskotun til 3. gr. reglugerðar nr. 79 27. maí 1960, um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála o. fl. hefur ríkisstjórnin í samráði við Seðlabankann ákveðið innflutningskvóta fyrir árið 1966 samkvæmt eftirfarandi lista:

Tollskrá Kafli Nr.	Vörutegund	Innflutnings- kvóti 1966
04.01.00—		
04.05.00	Mjólkurafurðir; fuglaegg	kr. 150 000
07.01.10	Kartöflur nýjar	— 3 000 000
09.01.12	Óbrennt kaffi	— 10 000 000
17.01.21—		
17.01.24	Molasykur, strásykur	— 15 000 000
17.04.00	Tyggigúmmi, húðað með sykri og óhúðað	— 2 000 000
20.04.00	Ávextir, ávaxtahýði og plöntuhlutar varið skemmdum með sykri	— 4 000 000
25.23.00	Portlandssement, alúminatsement, slaggssement og annað hydrolískt sement, einnig litað eða sem sementsgjall	— 10 000 000
27.01.10	Steinkol	— 700 000
27.04.00	Koks og hálfkoks úr steinkolum, brúnkolum eða mó ..	— 300 000

Tollskrá Kafli Nr.	Vörutegund	Innflutnings- kvóti 1966
44.15.00		
44.16.00		
44.18.00	Krossviður, spónlagður trjáviður og aðrar límdar plötur, einnig í sambandi við önnur efni, innlagður viður (með áteiknuðu eða máluðu mynstri); holplötur (lamelplötur), einnig lagðar ódýrum málmum; gervi-trjáviður úr spónum o. s. frv., þó ekki plasthúðaðar plötur	kr. 20 000 000
48.09.00	Byggingaplötur úr viðartrefjum eða öðrum jurtatrefjum, einnig límdar með náttúrlegum harpíx, gervi-harpíx eða öðrum þess háttar bindiefnum, þó ekki plasthúðaðar plötur	— 12 000.000
60.03.01	Heilsokkar kvenna úr silki eða gervipráðum	— 15 000 000
70.04.00		
70.05.00		
70.06.00	Óunnið, steipt eða valsað gler, teygt eða blásið	— 12 000 000
85.01.00	Rafhreyflar og spennar (transformatorar) þó ekki spennar (ballats) fyrir fluorescentljós	— 8 000 000
93.01.00—		
93.07.29	Vopn og skotfæri og hlutar til þeirra, þó ekki línubyssur, hvalveiðibyssur og skutlar og skot í hvalveiðibyssur og línubyssur	— 6 000 000
94.01.00		
94.03.00		
94.04.00	Húsgögn og hlutar til þeirra, rúmbotnar, dýnur, púðar og þess háttar stoppaður húsbúnaður, þó ekki eldhúsinnréttingar og skápar til múr- og naglfestingar, sæti í bifreiðar og aðrar vörur, sem eru á frilista	— 12 000 000
96.01.00		
96.02.01		
96.02.09		
96.04.00	Burstagerðarvörur, þó ekki burstar, sem eru hlutar af vélum, málningarrúllur, gúmmíþvögur á skafti, skaftþvögur, tannburstar og listmálunarpenslar	— 2 000 000
99.01.00—		
99.06.00	Listaverk, safnmunir, forngripir	— 500 000
	Vörur, sem falla undir önnur tollnúmer og ekki er frjáls innflutningur á	— 500 000
		<hr/> Kr. 133 150 000
59.04.01	Færi og línur til fiskveiða	300 tonn
59.04.02	Kaðlar, þó ekki grastóg og virmanila	600 —

Fyrri hluta ársins 1966 verður gerð úthlutun til innflutnings á rafgeymum og efni í þá (85.04.01; 85.04.09) fyrir allt að 1½ milljón króna en innflutningur á þeim vörum verður frjáls frá 1. júlí 1966.

Ofangreindir innflutningskvótar gilda um vörukaup frá öðrum löndum en

jafnkeypislöndum (Austur-Þýzkalandi, Brazíliu, Póllandi, Rúmeníu, Sovétríkjunum, Tékkóslóvakíu og Ungverjalandi).

Umsóknir um fyrstu úthlutun skulu hafa borizt Landsbanka Íslands eða Útvegsbanka Íslands fyrir 15. febrúar 1966.

Viðskiptamálaráðuneytið, 21. janúar 1966.

Gylfi Þ. Gíslason.

Þórhallur Ásgeirsson.

21. janúar 1966.

Nr. 27.

REGLUGERÐ

um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi.

1. gr.

Innflutningur annarra vara en hér eru taldar á eftir skal vera frjáls:

Tollskrá Kafli Nr.	Vörutegund
01.01.00—	
01.06.20	Lifandi dýr.
02.01.10—	
02.01.50	Kjöt og ætir hlutar af dýrum þeim, er teljast til nr. 01.01—01.04, nýtt, kælt eða fryst.
02.02.00	Kjöt og ætir hlutar (þó ekki lifur) af alifuglum (hænsnum, öndum, gæsnum, kalkúnum og perluhænum), nýtt kælt eða fryst.
02.03.00	Lifur úr alifuglum, ný kæld, fryst, söltuð eða í saltlegi.
02.04.01	
02.04.09	Annað kjöt og ætir hlutar af dýrum, nýtt, kælt eða fryst.
02.05.00	Svínafiti án kjöts og óbrædd og ópressuð alifuglafita, ný kæld, fryst, söltuð, í saltlegi, þurrkuð eða reykt.
02.06.10	
02.06.20	Kjöt og ætir hlutar af dýrum (þó ekki alifuglalifur), saltað, í saltlegi, þurrkað eða reykt.
04.01.00—	
04.05.00	Mjólkurafurðir, fuglaegg.
07.01.10	Kartöflur, nýjar.
07.01.20	Tómatar, nýir.
09.01.11—	
09.01.20	Kaffi, óbrennt eða brennt, einnig kaffeinsneytt, kaffiskurn og kaffihýði, kaffilíki, sem inniheldur kaffi.
11.01.25	
11.01.26	Rúgmjöl, þó ekki hálfsgítmjöl.
15.01.00	Feiti af svínunum og fuglum, brædd eða pressuð.
15.02.00	Feiti af nautgripum, sauðfé og geitfé, hrá eða brædd (þar með talin „premier jus“)
15.03.00	Svínafeitisterín (lardstearín), oleosterín (pressutólgi), svínafeitíolía, oleomargarín, tólgarolía, hvorki jafnblönduð, blönduð né unnin á annan hátt.
15.13.00	Smjörlíki, tilbúin svínafeiti (imitation lard) og önnur tilbúin matarfeiti.

Tollskrá
Kafli Nr.

Vörutegund

- 16.01.00 Pylsur og þess háttar vörur úr kjöti eða öðrum sláturafurðum og dýrablóði.
- 16.02.00 Aðrar vörur úr kjöti eða öðrum sláturafurðum, tilreiddar eða niðursoðnar.
- 17.01.21
- 17.01.22 Molasykur.
- 17.01.23
- 17.01.24 Strásykur.
- 17.04.01
- 17.04.03—
- 17.04.09 Sykurvörur, sem kakaó er ekki í, þó ekki möndlumassi í 10 kg blokkum og stærri.
- 18.06.09 Súkkulaði og aðrar neyzluvörur, sem í er kakaó, þó ekki möndlumassi í 10 kg blokkum og stærri.
- 20.04.00 Ávextir, ávaxtahýði og plöntuhlutar, varið skemmdum með sykri (húðað, gljásykrað eða sykrað á annan hátt), þó ekki súkkað.
- 21.01.00 Brenndar sikoríurætur og annað brennt kaffilíki, einnig ekstraktar, kjarnar (essensar) og seyði úr þessum vörum.
- 22.02.00 Límonaði, gosdrykkir, einnig með bragðefnum, og aðrar óáfengar drykkjarvörur.
- 22.03.00 Öl gert úr malti.
- 22.04.00 Drúfusafi í gerjun og drúfusafi, sem í er stöðvuð gerjun með öðru en etanóli.
- 23.02.00 Klíð og annað úrgangsefni, sem fellur til við mölun, sáldun eða aðra vinnslu korns eða belgávaxta.
- 25.23.00 Portlandssement, alúminatsement, slaggsement og annað hydrólískt sement, einnig litað eða sem sementsgjall.
- 27.01.10 Steinkol.
- 27.04.00 Koks og hálfkoks úr steinkolum, brúnkolum eða mó.
- 27.05.00 Gaskoks.
- 27.09.00 Jarðolía og skífuolía, óhreinsaðar.
- 27.10.10 Jarðolía hreinsuð að nokkru, þar með talin „topped crude“.
- 27.10.29 Annað benzín en flugvélabenzín.
- 27.10.40 Gasolía (distillate fuel).
- 27.10.50 Brennsluolía (residual fuel).
- 44.15.00 Krossviður, spónlagður trjáviður og aðrar límdar plötur, einnig í sambandi við önnur efni, innlagður viður (með áteiknuðu eða máluðu mynstri).
- 44.16.00 Holplötur (lamelplötur), einnig lagðar ódýrum málmum.
- 44.18.00 Gervitrjáviður úr spónum, sagi, viðarmjöli eða öðrum viðurkenndum úrgangi, haldið saman með náttúrlegum harpíx, gerviharpíx eða öðru lífrænu bindiefni, í plötum, bitum eða þess háttar, þó ekki plasthúðaðar plötur.
- 44.22.00 Ámur, tunnur, ker, balar, fötur og aðrar slíkar beykisvörur úr trjáviði, samsettar.
- 48.09.00 Byggingaplötur úr viðartrefjum eða öðrum jurtatrefjum, einnig límdar með náttúrlegum harpíx, gerviharpíx eða öðrum þess háttar bindiefnum, þó ekki plasthúðaðar plötur.
- 59.04.01 Færi og línur til fiskveiða.

Tollskrá
Kafli Nr.

Vörutegund

59.04.02	Kaðlar, þó ekki grastóg og vírmanila.
60.03.01	Heilsokkar kvenna úr silki eða gervipráðum.
70.04.00	Óunnið steypt eða valsað gler (þar með talið gler, sem við framleiðsluna hefur verið yfirlagt öðru gleri eða styrkt með málmþræði), með rétt-hyrningslögum, einnig mynstrað.
70.05.00	Óunnið teygt eða blásið gler (einnig þakið öðru gleri við framleiðsluna), með rétt-hyrningslögum.
70.06.00	Steypt, valsað, teygt eða blásið gler (einnig yfirlagt öðru gleri við framleiðslu eða styrkt með málmþræði) með rétt-hyrningslögum og slípað eða fágað á yfirborði, en ekki frekar unnið.
73.23.01	Tunnur úr járn- eða stálþynnnum eða plötum.
85.01.00	Rafhreyflar og spennar (transformatorar), þó ekki spennar (ballasts) fyrir fluoreerscent ljós.
87.02.12—	
87.02.32	
87.02.35—	
87.02.39	Notaðar bifreiðar, að burðarmagni minna en 3 tonn.
93.01.00—	
93.07.29	Vopn og skotfæri og hlutar til þeirra, þó ekki línubyssur, hvalveiði-byssur og skutlar og skot í hvalveiðibyssur og línubyssur.
94.01.00	Stólar og önnur sæti (þar með taldir svefnsófar o. þ. h.) og hlutar til þeirra, þó ekki sæti í bifreiðar.
94.03.00	Önnur húsgögn og hlutar til þeirra, þó ekki eldhúsinnréttingar og skápar til múr- og naglfestingar og skjalaskápar og skrifborð með skjalageymslum úr járn og stáli.
94.04.00	Rúmbotnar, dýnur, púðar og þess háttar stoppaður húsbúnaður.
96.01.00	Sópar og burstar úr hrísi og öðrum jurtaefnum, aðeins samanbundið, en ekki fest á haus, með eða án skafts.
96.02.01	
96.02.09	Aðrir sópar, penslar og burstar, þó ekki burstar, sem eru hlutar af vélum, málningarrúllur, gúmmiþvögur á skafti, skaftþvögur, tannburstar og listmálunarpenslar.
96.04.00	Fjaðrasópar.
99.01.00—	
99.06.00	Listaverk, safnmunir og forngrípir.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar gr. ber innflytjendum að gæta ákvæða laga og annarra reglugerða um bann við innflutningi eða varúðarráðstafanir í sambandi við hann, svo sem vegna smitunarhættu.

2. gr.

Gjaldeyrisleyfi þarf fyrir greiðslum til útlanda, öðrum en þeim, sem taldar eru hér á eftir:

1. Opinber ríkisútgjöld, svo sem vextir og afborganir lána, kostnaður við utanríkisþjónustu og greiðslur til alþjóðastofnana.
2. Greiðslur vegna þjónustu pósts og síma.
3. Erlendur kostnaður gjaldeyrisbankanna.

3. gr.

Umsóknir um gjaldeyris- og/eða innflutningsleyfi fyrir vörum og greiðslum, sem ekki eru frjálsar skv. 1. og 2. gr. hér að framan, skulu sendar viðskiptabönkum þeim, sem rétt hafa til að verzla með erlendan gjaldeyri.

Þegar um innflutning frilistavöru gegn gjaldfresti er að ræða, ber innflytjanda, áður en varan er send af stað frá útlöndum, að gera viðskiptabanka, sem rétt hefur til að verzla með erlendan gjaldeyri, grein fyrir væntanlegum innflutningi og semja um greiðslufyrirkomulag vörunnar.

4. gr.

Viðskiptabönkum er heimilt að binda kaup einstakra vörutegunda við opinber vörukaupalán, ef þær eru fánlegar samkvæmt slíkum lánnum. Á þetta einnig við um vörur, sem atlaðar eru til sams konar nota og vörur, sem kaupa má samkvæmt slíkum lánnum.

5. gr.

Aðrar vörur en þær, sem taldar eru í 1. gr. þessarar reglugerðar, skal tollafgreiða án innflutningsleyfis, en til tollafgreiðslu annarra vara þarf innflutningsleyfi.

6. gr.

Heimilt skal að flytja inn án innflutningsleyfis eftirtaldar vörur, enda þótt þær falli undir eitthvað tollskrárn., sem talið er í 1. gr.:

1. Fatnað og aðrar ferðamannanaudsýnjar, sem tilheyra farþegum, sem koma til landsins frá útlöndum, að svo miklu leyti, sem tollstarfsmenn telja farangur þennan til eigin afnota á ferðalaginu.
2. Vörur, sem sjómenn eða flugmenn flytja sjálfir með sér í fari sínu til persónulegra nota hlutaðeiganda eða skyldmenna hans og keyptar eru fyrir hinn svo nefnda áhafnagjaldeyri, þó ekki yfir 3000 kr. verðmæti í hverri ferð.
3. Vörur, sem endursendar eru hingað frá útlöndum, vegna þess að þær seldust ekki, eða eru endursendar hingað af öðrum orsökum, enda séu færðar þær sannanir eða líkur, sem tollyfirvöld tekur gildar, fyrir því, að um sé að ræða vörur útfluttar héðan.
4. Vörur, sem atlaðar eru til afnota fyrir sendiherra erlendra ríkja og aðra, sem samkvæmt lögum og venju njóta hér tollfrelsis, eftir nánari reglum, sem fjármálaráðherra setur.
5. Gjafir og aðrar sendingar, sem sönnur eru færðar á, að sendar séu hingað án þess að greiðsla komi fyrir.

7. gr.

Ákvæði til bráðabirgða: Innflutningur á rafgeymum og efni í þá (85.04.01; 85.04.09) skal háður gjaldeyris- og innflutningsleyfum til 1. júlí 1966.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 30 25. maí 1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyris mála, öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi numin reglugerð nr. 10 29. janúar 1965, um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi.

Viðskiptamálaráðuneytið, 21. janúar 1966.

Gylfi Þ. Gíslason.

Þórhallur Ásgeirsson.

AUGLÝSING

um stöðumæla í Reykjavík.

Samkvæmt ákvörðun borgarstjórnar hafa stöðumælar verið settir upp á eftir-
töldum stöðum í Reykjavík:

1. Austurstræti, Hafnarstræti, Bankastræti, Laugavegi frá Klapparstíg að Snorra-
braut, Hverfisgötu að Klapparstíg.

Stöðugjald á framangreindum götum er kr. 2.00 fyrir hverjar byrjaðar 15
mínútur.

2. Garðastræti frá Ránargötu að Vesturgötu, Tryggvagötu frá Pósthússtræti að
Kalkofnsvegi og frá Grófinni að Ægisgötu, Naustunum, Pósthússtræti frá Kirkjustræti
að Vallarstræti, Lækjargötu, Þingholtsstræti frá Bankastræti að Amtmannsstíg, Ingólfs-
stræti frá Bankastræti að Amtmannsstíg og frá Hverfisgötu að Sölvhólsgötu, Lindar-
götu frá Ingólfsstræti að Skuggasundi, Smiðjustíg frá Óðinsgötu að Týsgötu, Vatns-
stíg frá Hverfisgötu að Laugavegi, Vitastíg frá Hverfisgötu að Grettisgötu, Barónsstíg
frá Hverfisgötu að Grettisgötu, Hverfisgötu frá húsi nr. 70 að húsi nr. 92, Bergstaða-
stræti frá Laugavegi að Skólavörðustíg, Klapparstíg frá Hverfisgötu að Grettisgötu.

Stöðugjald á framangreindum götum er kr. 1.00 fyrir hverjar byrjaðar 15
mínútur.

3. Á Kirkjutorgi, á lóðinni á horni Tjarnargötu og Kirkjustrætis, á bifreiða-
stæðum austan Lækjargötu. Gjald á þessum stöðum er kr. 1.00 fyrir hverjar 30
mínútur.

Skýlt er að greiða fyrir afnot af stöðumælareit fyrir hvers konar vélknúin
ökutæki. Heimilt er þó án gjaldskyldu að ferma eða afferma ökutæki, taka farþega
og hleypa þeim út, enda sé það gert án tafar og því hraðað eftir föngum. Hámarks-
stöðutími á götum er 30 mínútur. Gjaldskylda er á sama tíma og verzlunum er al-
mennt leyft að hafa opið.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórnin í Reykjavík, 8. febrúar 1966.

Sigurjón Sigurðsson.

Nr. 29.

REIKNINGUR

Bjargráðasjóðs Íslands 1965.

Rekstrarreikningur.

Tekjur:

1. Bjargráðasjóðsgjöld ríkissjóðs og sveitarfélaga	kr. 1 901 150.00
2. Vaxtatekjur	— 1 478 627.73
3. Húsaleigutekjur	— 90 660.00
4. Lántöku- og stimpilgjöld	— 7 462.50
5. Tekjuhalli	— 1 585 857.05

Kr. 5 063 757.28

Gjöld:

1. Kostnaðarreikningur		kr. 606 015.06
2. Eftirgefin lán:		
a. 20% eftirgjafir óþl. 1955	kr. 26 060.00	
b. Eftirgefin A-lán	— 50 000.00	
c. Eftirg. óþl. 1955 skv. stjórnarsamþ.	— 8 000.00	
		— 84 060.00
3. Eftirg. vextir af óþl. 1955	kr. 26 360.00	
Eftirg. vextir ríkistr. skuldabréfa	— 26 041.57	
		— 52 401.57
4. Styrkir		— 4 275 000.00
5. Viðhald fasteignar		— 18 401.61
6. Afskriftarreikningur		— 27 879.04
		<u> </u>
		Kr. 5 063 757.28

Efnahagsreikningur 1965.

Eignir:

1. Séreignasjóður sveitarfélaga:			
a. Innstæða frá fyrra ári	kr. 8 336 970.70		
b. Viðbót á árinu	— 1 057 685.44		
			kr. 9 394 656.14
2. Sameignasjóður:			
a. Fasteignareikningur	kr. 210 371.80		
b. Innbú og lausafé	— 253 161.37		
c. Skuldabréfaeign	— 13 143.713.21		
d. Bankainnstæður	— 2 691 794.49		
e. Sjóðsreikningur	— 23 561.37		
f. Ógreiddir vextir í árslok	— 379 452.50		
g. Sjóðsmismunur frá 1961	— 3 046.00		
			— 16 705 100.74
			<u> </u>
			Kr. 26 099 756.88

Skuldir:

1. Hlaupareikningur		kr. 2 128 443.63
2. Geymslufjárreikningur		— 6 333.34
3. Lán vegna húseignarinnar Laugavegur 105 hf.		— 12 338.75
4. Höfuðstólsreikningur 1. jan. 1965	kr. 25 538 498.21	
5. Rekstrarhalli	— 1 585 857.05	
		— 23 952 641.16
		<u> </u>
		Kr. 26 099 756.88

Reykjavík, í janúar 1966.

Jónas Guðmundsson.

REGLUGERÐ um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja.

I. KAFLI

Almenn ákvæði um lyfjaávisanir.

1. gr.

Lyfseðill (recept) er lyfjaávisun gefin út af lækni, tannlækni (sbr. 13. gr.) eða dýralækni (sbr. 12. gr.), er lækningaleyfi hefur hér á landi, og undirrituð af honum með eigin hendi. Aðeins þeir aðilar, er lyfsöluleyfi hafa (lyfsalar, héraðslæknar, þar sem ekki er lyfjabúð, dýralæknar) mega láta lyf úti gegn lyfseðli. Lyfseðil skal stíla á nafn sjúklings eða eiganda dýrs og miða magn ávísads lyfs við þarfir sjúklings eða hins sjúka dýrs. Heimilt er þó að ávísu með lyfseðli nauðsynlegu magni tíðkanlegra heimilislyfja, án þess að um veikindi sé að ræða, og skal þá stíla lyfseðil á nafn húsbónda eða húsmóður. Læknar mega ávísu sjálfum sér nauðsynlegu magni lyfja til læknisstarfa sinna (sbr. þó 13. gr. að því er tannlækna varðar). Á sama hátt er læknum sjúkrahúsa, heilsuverndar- og lækningastöðva og annarra slíkra stofnana heimilt að ávísu stofnunum sínum nauðsynlegu magni lyfja til starfsemi þeirra.

2. gr.

Óheimilt er að ávísu með lyfseðli eða annarri læknisávisun efnum, sem ætluð eru til iðnaðar eða annarra verklegra nota, og fer um útlát eiturefna samkvæmt auglýsingu landlæknis til lyfsala og lækna 19. nóv. 1913 um sölu á eiturefnum til annarra afnota en lækninga.

Efni til iðnaðar eða annarra verklegra nota fást ekki gegn lyfseðli. Dýralæknum er því óheimilt að ávísu með lyfseðli efnum, sem ætluð eru til að eitra fyrir dýr eða til að aflífa dýr, öðrum en sjálfum sér. Slíkum ávisunum (þar með taldar símaávisanir), skal haldið eftir í lyfjabúð og þær geymdar á sama hátt og eiturbeiðnir.

3. gr.

Gerð lyfseðla.

- a. Lyfseðill skal jafnan ritaður á eyðublað, sem á er prentað (stimplað) nafn, staða, heimilisfang og símanúmer útgefanda. Ef þörf krefur er þó heimilt að rita upplýsingar þessar á lyfseðilinn. Aðeins má rita annars vegar á lyfseðils-eyðublað.

Það er ekki gert að ófrávikjanlegu skilyrði, að lyfseðill sé ritaður á ofangreind eyðublað, þar eð slík krafa gæti leitt til ófyrirsjáanlegra vandræða fyrir sjúkling. Ef fyrirmælum þessum er fylgt, er aukin trygging fyrir því, að réttur aðili hafi ritað lyfseðilinn og auðveldar lyfsala að ná til útgefanda, ef þörf krefur (sbr. 5. og 6. gr.). Ef sjúkrahúslæknir ritar lyfjaávisun á eyðublað stofnunar sinnar, er æskilegt að hann stimpli eða blokkskrifri nafn sitt á lyfseðilinn. Á þetta sérstaklega við, þegar lyfseðill hljóðar á nautnalyf.

- b. Heiti lyfs eða samsetningu skal jafnan rita á latínu, svo og fyrirmæli um það á hvern hátt lyfið óskast gert, ef getið er. Sérlyf skal rita með skrásettu heiti þess í sérlyfjaskrá¹). Þunga hvers lyfs skal tilgreina í grömmum, milligrömmum eða mikrógrömmum og rita þyngdareiningarheitin fullum stöfum eða með venju- legum skammstöfunum þeirra, g, mg og mikróg, en aldrei má nota mkg²). Ef þungi er tilgreindur með tugabroti, er óheimilt að rita núll næst á eftir kommu³). Þegar lyfseðill hljóðar á lyf, sem ber að eftirrita, sbr. 6. gr., skal rita magn þessara lyfja bæði með tölum og bókstöfum⁴). Óskist lyf gert eftir annarri for- skriftabók en gildandi lyfjaskrá (lyfseðlasöfnum), skal þess greinilega getið á lyfseðli. Sérlyfjum skal jafnan ávísa í því magni, sem þau eru seld í frá fram- leiðanda og leitast við að rjúfa ekki þakkingu. Heimilt er að nota sérlyf í lyfjablöndur, ef óskað er, nema bann sé lagt við annars staðar.

- 1) Óheimilt er að láta úti sérlyf, sem ekki eru í sérlyfjaskrá, nema með sérstöku leyfi heilbrigðisstjórnarinnar (sbr. 52. og 54. gr. lyfsölulaga).
- 2) Þyngdareininguna mikrógramm má aldrei skammstafa. Þá er nú lagt bann við notkun þyngdareiningarinnar sentígramm (sg, cg). Þyngdareingar þær, er nota skal, eru hinar sömu og NFN hefur samþykkt.
- 3) Tugabrot ber af öryggisástæðum að nota sem minnst. Ekki hefur þó að svo stöddu þótt ástæða til að banna algerlega notkun kommu, nema núll komi næst á eftir henni. Sú hætt er ávallt fyrir hendi, að illa rituð komma verði lesin sem tölustafurinn einn, þó tæplega, ef núll stendur næst fyrir framan hana. Í samræmi við þetta skal rita mg 10 en ekki g 0,01, mikrógrömm 50 en ekki mg 0,05, þ. e. a. s. að helzt skal nota heilar tölur, en verði þessu ekki við komið, má nota tugabrot, ásamt einum eða í hæsta lagi tveim aukastöfum, sem hvorugur má vera núll.
- 4) Fyrirmæli þetta er sett til tryggingar gegn því, að magni slíks lyfs verði breytt, án þess að eftir því verði tekið í lyfjabúð.

- c. Þess skal getið á sérstökum lyfseðli á íslenzku eða á máli viðtakanda, hvernig lyfið skuli nota, hve mikið skuli taka af því í einu og hve oft, enda sé ekki um lyf að ræða, sem selja má í lausasölu¹). Nú er um lyf að ræða, sem hefur til- greindan hámarksskammt í gildandi lyfjaskrá (lyfseðlasafni), en þeirra skammta er getið í viðauka 2 með reglugerð þessari, og má þá ekki láta lyfið úti, nema nákvæmlega sé getið hversu mikið skuli taka af lyfinu í einu²).

- 1) Notkunarfyrrisögn beri með sér um hvers konar lyf er að ræða, inntökulyf, stungulyf, innöndunarlyf, áburð o. s. frv.
- 2) Það er því ekki gert að skilyrði að dagskammts sé getið. Notkunarfyrrisögn á svefn- töflum, svo sem „1 tafla fyrir svefn“, verður að teljast fullnægjandi. Nánari fyrrisögn, svo sem „mest einu sinni á dag“, verður að telja óþarfa. Á sama hátt mundi nægja notkunarfyrrisögn svo sem „20 dropar eftir umtali“ eða „1 tafla eftir umtali“ o. s. frv.

- d. Tannlækni er óheimilt að skipa svo fyrir á lyfseðli, að gefinn sé stærri skammtur en hámarksskammtur (einstakur skammtur eða dagskammtur) af lyfjum þeim, er honum er heimilt að ávísa, sbr. 13. gr. Óski lækni eða dýralæknir að gefinn sé stærri skammtur af lyfi en nemur hámarksskammti (einstökum skammti eða dagskammti), má ekki láta lyfið af hendi, nema skammtur þessara efna sé á lyfseðlinum ritaður bæði með tölum og bókstöfum.

Ef óskað er eftir að gefa stærri skammt af lyfi en hámarksskammti nemur, skal það gefið til kynna á svo ótvíræðan hátt, að ekki sé ástæða til að ætla, að um misritun sé að ræða.

- e. Nú tiltekur læknir það á lyfseðli, hversu oft megi láta lyf af hendi, eða með hve löngu millibili, og skal þessa þá getið neðan við notkunarfyrrisögn þeirrar lyfja- ávísunar, er þetta á við um, ef lyfseðillinn hljóðar á fleiri lyf en þetta eina (sbr. j-lið 5. gr.).

Útgefandi getur gefið þessa ósk sína til kynna, t. d. með orðunum „reiteretur, reiteretur bis o. s. frv.“

f. Þess skal enn fremur getið á lyfseðli, hvaða manni eða dýri lyfið er ætlað. Jafnframt nafni sjúklings skal geta heimilisfangs hans eða heimilisfangs eiganda dýrs, ef um dýr er að ræða. Ef um barn er að ræða, skal þess getið á lyfseðli og tilgreina aldur. Hljóði lyfseðill á nautnalyf, sbr. 6. gr., skal hlutaðeigandi framvísa nafnskirteini við afhendingu lyfsins og nafnnúmerið ritað á lyfseðilinn. Sé viðtakandi annar en sá sem lyfseðillinn er stílaður á, skal einnig rita nafnnúmer og nafn hans á lyfseðilinn. Sama ákvæði gildir um eiganda dýrs, ef um dýr er að ræða¹⁾. Skorti á, að lyfseðill sé þannig úr garði gerður, skal afla greindra upplýsinga hjá útgefanda lyfseðilsins, sjúklingi eða eiganda dýrs²⁾. Nú hljóðar lyfseðill á lyf, sem ber að eftirrita, sbr. 6. gr., er þá óheimilt að láta lyf úti gegn honum, nema hann hafi verið borinn undir útgefanda og leiðréttur, sbr. og e-lið 6. gr.

1) Tryggasta sannkennsl á manni er nafnnúmer hans samkvæmt þjóðskrá, en allir einstaklingar, tólf ára eða eldri, hafa nú nafnnúmer hér á landi. Með lögum nr. 25 21. apríl 1965 var lögfest, að allir einstaklingar skuli fá nafnskirteini, þar sem getið er m. a. nafns, nafnnúmers og fæðingardags hlutaðeiganda.

2) Þessara upplýsinga má oft afla hjá viðskiptavini. Óheimilt er að láta úti fúkalyf handa dýrum, nema tegundar dýrs sé getið á lyfseðli.

g. Ef þörf er á að lyf eða sjúkraumbúðir sé afgreitt án tafar, skrifar útgefandinn orðið: Cito eða annað orð sömu merkingar á lyfseðilinn.

Hér eru niður felld fyrri fyrirmæli m. a. um að lækni skuli geta þess, hvern hann telji bera ábyrgð á greiðslu, ef „cito“ lyf er ekki greitt við móttöku, enda eru fyrirmæli um þetta atriði í lyfsölulögum, sbr. 27. gr.

h. Sérhver lyfseðill skal vera undirritaður af útgefanda með eigin hendi (sbr. 1. gr.), og þess getið, hvort hann er lækni, tannlækni eða dýralækni. Heimilisfang og símanúmer skal og rita á lyfseðilinn, ef upplýsingar þessar eru ekki prentaðar (stimplaðar) á hann. Ávallt skal dagsetja lyfseðil, og má ekki láta úti lyf eftir honum nema svo sé.

Með undirskrift sinni sannar lækni heimild á sér og það jafnt, þótt hún sé illa læsi-leg. Ef lækni notar lyfseðilseyðublað, sem nafn hans, staða, heimilisfang og símanúmer er ekki prentað á (stimplað), skulu upplýsingar þessar, og þá fyrst og fremst símanúmer, greinilega ritaðar á lyfseðilinn, t. d. með prentstöfum.

i. Ákvæði c⁻¹⁾, e⁻²⁾ og f⁻³⁾liða þessarar greinar taka ekki til lyfseðla, er hljóða á lyf ætluð sjúkrahúsum, heilsuverndar- og lækningastöðvum eða öðrum slíkum stofnunum eða læknum (sbr. 1. gr.) til notkunar við eigin störf. Ef lyfseðill hljóðar á lyf, sem útgefandi hyggst nota við störf sín, skal hann árita hann orðunum: Til notkunar við eigin störf. Ætli hann lyfið hins vegar sjálfum sér, skal hann árita lyfseðilinn með orðunum: Til eigin nota eða „mihi“.

1) Notkunarfyrirogn.

2) Hversu oft megi láta lyf úti gegn sama lyfseðli samkvæmt nánari áritun læknis.

3) Nafn sjúklings, heimilisfang o. s. frv.

j. Lyfseðill skal vera greinilega ritaður og engar þær skammstafanir viðhafðar, er valdið geta misskilningi. Útgefanda ber að svara til þeirra mistaka, er skortur á því að lyfseðill sé rétt úr garði gerður, kann að hafa í för með sér.

Skylt er þó að afla upplýsinga um vafaatriði á lyfseðli, ef einhver eru, sbr. b-lið 5. gr.

4. gr.

Símaávisun lyfja.

a. Vegna mistaka, er leitt geta af misheyrn eða misskilningi í síma, skal takmarka slíkar símaávisanir, svo sem frekast er unnt. Í bráðri nauðsyn eða vegna veru-

legrar fjarlægðar frá lyfjabúð er lyfjaávisun í síma þó heimil, en staðfesta skal hana með samhljóða lyfseðli, svo fljótt sem auðið er. Nægjanlegt telst það þó, ef útgefandi undirritar símaávisunina. Við ávisun lyfja í síma, skal auk fyrir-mæla 3. gr. um gerð lyfseðla geta ákvæða b- og c-liða þessarar greinar.

Símalyfseðill, er hljóðar á lyf, sem ekki má selja í lausasölu, er ógildur um leið og lyf hefur verið látið úti gegn honum, og skal þá jafnframt merkja hann fullnægjandi ógildingarstimpli, sbr. a- og c-liði 7. gr. Símalyfseðli, er hljóðar á nautnalyf, er haldið eftir í lyfjabúð, er lyf hefur verið látið úti gegn honum, en ekki afhentur sjúklingsi, sbr. d-lið 6. gr.

- b. Einungis lyfsala sjálfum eða lyfjafræðingi (aðstoðarlyfjafræðingi) er heimilt að rita lyfseðil eftir ávisun lesinni í síma, og á sama hátt er lækni einum heimilt að lesa fyrir lyfjaávisun í síma¹). Útgefandinn skal geta nafns síns, stöðu og heimilisfangs, svo og númers þess síma, er hann notar. Ef þess gerist þörf, skal viðtakanda heimilt að krefjast annarra þeirra upplýsinga, er nægja til að sannfæra hann um, að útgefandinn segi rétt til sín²). Ef símaávisun hljóðar á nautnalyf, sbr. 6. gr., eða svefnlyf (barbitúrsýrulyf), skal viðtakandi sannprófa með upphringingu, að útgefandi segi rétt til símanúmers, eða á annan hátt afla sér öruggrar vitneskju um, að útgefandi hafi sagt rétt til sín, m. a. með því að krefjast nafnnúmers, enda sé hann honum ekki svo kunnur, að þess gerist ekki þörf. Þegar nautnalyfi er ávísað í síma, skal útgefandi ávallt geta fæðingardags og fæðingarárs og ef unnt er nafnnúmers þess (samkv. þjóðskrá), er lyfið er ætlað, eða eiganda dýrs, ef um dýr er að ræða. Ef um barn er að ræða, 11 ára eða yngra, nægir þó að geta fæðingardags og fæðingarárs. Greindum lyfjum má aðeins ávísa sem töflum, skömmtum og þarfagangsstautum og ekki í meira magni en nemi fimm einungum³). Þó er heimilt að ávísa í síma hóstasaft, er inniheldur kódein, enda fari kódeinmagn ekki fram úr 250 mg.
- 1) Það er gert að skilyrði, að lyfjafræðingur annist ritun símalyfseðla. Eigi er lækni heimilt að láta aðstoðarfólk sitt lesa neinn hluta lyfseðils í síma, svo sem nafn, heimilisfang, nafnnúmer, aldur sjúklings eða upplýsingar, er lækni ber að gefa um sjálfan sig við útgáfu símalyfseðils.
 - 2) Á þetta einkum við um lækna, sem eru nýlega teknir til starfa eða aðkomulækna, sem lyfjafræðingur er ekki kunnur. Nokkrar upplýsingar um lækna er t. d. að finna í lækna skrá, er skrifstofa landlæknis gefur út í byrjun hvers árs.
 - 3) Fyrirmæli þetta er sett fyrst og fremst til tryggingar því, að ekki takist að ávísa nautnalyfjum á svíksamlegan hátt að nokkru ráði í síma. Eru sams konar fyrirmæli í gildi í Svíþjóð.
- c. Útgefandi skal hafa lyfjaávisunina yfir þannig, að viðtakanda gefist tími til að eftirrita hana þegar í stað á þar til gert símalyfseðilseyðublað. Að því loknu skal lesa lyfjaávisunina í símann fyrir útgefanda. Auk lyfjaforskriftarinnar skal viðtakandi rita á símalyfseðilseyðublaðið nafn útgefanda (læknis) og stöðu hans og heimilisfang, ef það er nauðsynlegt til auðkenningar, nafn (fangamark) sitt, dagsetningu, nafn sjúklings og heimilisfang og aldur, sé um barn að ræða, svo og þær upplýsingar, sem sérstaklega er krafizt þegar nautnalyfi er ávísað. Á símalyfseðilseyðublaðið skal prentað orðið SÍMALYFSEÐILL, nafn lyfjabúðarinnar og númer eyðublaðsins í töluröð og skal eyðublaðið vera í því formi, sem sýnt er í viðauka 3 með reglugerð þessari. Símalyfseðil skal rita í tvíriti og skal frumritið nota við afgreiðslu lyfsins, en eftirriti haldið eftir. Þó er heimilt að nota eldri eyðublöð meðan birgðir endast.
- d. Símalyfseðilseyðublað má einungis nota til að rita á lyfjaávisun, sem lesin hefur verið í síma, svo og til að skjalfesta hvers konar leiðréttingar, er gerðar hafa verið á lyfseðli í samráði við útgefanda (sbr. og c-lið 5. gr.).

II. KAFLI

Almenn ákvæði um afgreiðslu lyfja eftir lyfseðli.

5. gr.

- a. Lyfsali eða lyfjafræðingur (aðstoðarlyfjafræðingur) skal hafa vakandi auga á misritun og öðrum villum, er fyrir kunna að koma á lyfseðlum og að lyfseðillinn sé að öðru leyti ritaður í samræmi við gildandi fyrirmæli, sbr. b-lið hér á eftir. Þegar tilbúningi lyfs er lokið, skal lyfjafræðingur framkvæma sérstakt eftirlit með að rétt sé afgreitt, svo og að lyf sé rétt áritað, með því að bera áritun saman við lyfseðil. Á þetta við um hvers konar afgreiðslu eftir lyfseðli. Lyfjafræðingur sá, er eftirlitið framkvæmir, skal árita lyfseðilinn fangamarki sínu til staðfestingar.
- b. Ef ástæða er til að efast um, að lyfseðill sé þannig, sem honum hefur verið ætlað að vera, t. d. notkunarfyrirsögn ósennileg, ófullnægjandi eða villandi, eða á það skortir, að hann sé ritaður eða úr garði gerður samkvæmt fyrirmælum 3. gr., má ekki láta úti lyf gegn honum, fyrr en hann hefur verið borinn undir útgefanda og leiðréttur, ef þess gerist þörf.

Ef komið er í lyfjabúð með lyfseðil, sem gerðar hafa verið tortryggilegar breytingar á, er óheimilt að láta úti lyf gegn honum, fyrr en málið hefur verið kannað eða lyfseðillinn borinn undir útgefanda.

- c. Fyrirspurnir varðandi vafaatriði við afgreiðslu lyfja eftir lyfseðli skulu gerðar af lyfsala eða lyfjafræðingi (aðstoðarlyfjafræðingi). Árangur slíkra fyrirspurna skal rita í símalyfseðlabók (sbr. og d-lið 4. gr.). Breytingar á lyfseðli skulu greinilega á hann ritaðar og þess getið, að gert hafi verið í samráði við útgefanda. Enn fremur skal rita dagsetningu og fangamark þess, er breytinguna hefur framkvæmt.
- d. Ef lyf er tilgreint á lyfseðli með öðru nafni en því, sem greint er í gildandi lyfjaskrá (lyfseðlasafni), skal engu að síður afhenda lyfið, ef nafnið er skýrt og ótvírætt, hvað átt er við.
- e. Ef tilgreint er á lyfseðli lyf, sem í gildandi lyfjaskrá (lyfseðlasafni) er frábrugðið að samsetningu því, sem það var í eldri útgáfu, skal þó afhenda það eftir gildandi lyfjaskrá (lyfseðlasafni) og engu að síður, þó að það sé tilgreint með eldra nafni, nema þess sé beinlínis getið á lyfseðlinum, að lyfið óskist eftir annarri tilgreindri lyfjaskrá (lyfseðlasafni); þetta ákvæði á ekki við lyfseðla, sem ritaðir eru fyrir 1. apríl 1966.
- f. Ef lækni óskar eftir lyfi undir heitunum solutio, spiritus eða oleum, skal lyfið látið úti leyst í vatni, sterkum vínanda eða jarðhnetuolíu, nema annars sé beinlínis getið á lyfseðlinum.
- g. Ef lyf er tilgreint á lyfseðli með sama heiti og því, er það hefur í gildandi lyfjaskrá (lyfseðlasafni), en með öðrum styrkleika, skal það gert með sama hætti og hið skráða lyf og sama virkt efni (salt, efnasamband) notað, nema annars sé beinlínis getið á lyfseðlinum¹). Nú er lyf tilgreint á lyfseðli með öðru heiti en hinu skráða og með öðrum styrkleika og skal þá magn virks efnis lyfsins (salts, efnasambands) við hann miðaður. Þó skal styrkleiki virks efnis í lyfi ávallt tilgreindur með sama hætti og á við um hið skráða lyf og magn virks efnis við hann miðaður²).

1) Sem dæmi má nefna: Ef lyfseðill hljóðar á *Tablettae codeini* 10 mg, skal láta úti töflur, sem innihalda 10 mg af kódeínfosfati. Ef beðið er um *Rhinoguttae ephedrini* 0,5% skal láta úti 0,5% efedrínklóríðlausn, sem í hefur verið bætt 0,1% af metýlparaoxíbensóati og 0,74% af natriumklóríði. Sé hins vegar óskað eftir *Solutio ephedrini*

chlorídi 0,5%, skal láta úti 0,5% af efedrínklóríði leyst í vatni, sbr. f-lið hér að ofan, og það engu að síður þótt nota eigi sem nefdropa.

- 2) Sem dæmi má nefna: Ef lyfseðill hljóðar á Injectabile riboflavíni 2 mg/ml, skal magn það af natriumríboflavínfosfati, sem notað er, svara til þess að stungulyfið innihaldi 2 mg/ml af ríboflavíni. Ef óskað er eftir Injectabile theophyllamíni 10%, skal láta úti stungulyf sem inniheldur 10% af teófýllíni auk etýlendíamínhydrats, sjá og i-lið hér á eftir.
- h. Ef lyf er tilgreint á lyfseðli og styrkleika ekki getið, skal það látið úti eftir gildandi lyfjaskrá (lyfseðlasafni). Nú er lyfið tilgreint í gildandi lyfjaskrá með fleiri en einum styrkleika, og er þá óheimilt að láta lyfið úti gegn lyfseðlinum, fyrr en gengið hefur verið úr skugga um það hjá útgefanda, hvaða lyfs sé óskað.
- i. Magn aðrenalínbitartrats og noraðrenalínbitartrats í lausnum skal miða við hreint aðrenalín og hreint noraðrenalín. Hljóði lyfseðill t. d. á Solutio adrenalíní bitartratis 0,1%, skal láta úti lausn, er inniheldur 0,1% af aðrenalíni, þ. e. a. s. 0,182% af aðrenalínbitartrati. Lyfið skal áletra: Solutio adrenalíní 0,1%. Sama gildir um útlát noraðrenalínbitartratlausna.
- j. Lækni er heimilt að tiltaka það með áritun á lyfseðil, hve oft megi láta lyfið af hendi eða með hve löngu millibili, enda sé ekki um lyf að ræða, er selja má í lausasölu. Þegar lyf er látið úti gegn slíkum lyfseðli, skal á bakhlíð hans rita hverju sinni, hversu mikið hefur verið látið úti og hvenær (sbr. e-lið 3. gr.). Lyfseðillinn skal og auðkenndur stimpli lyfjabúðar hverju sinni.
- k. Þegar lyf er látið úti í fyrsta skipti eftir lyfseðli, skal auðkenna hann stimpli lyfjabúðar. Ef við gerð lyfja, sem framleidd eru samkvæmt sérstakri ósk læknis (ordinatio magistralis), eru notuð óvirk efni, þar með talin rotvarnarefni, sem ekki er getið í forskrift, skal rita á lyfseðilinn hvaða efni hafa verið notuð og geta magns. Þetta á þó ekki við um töflur. Þegar látnar eru úti töflur eða önnur lyf gerð með svipuðum hætti (medicamina comprimata), skal á lyfseðli geta þunga og þvermáls, svo framarlega sem þessa er ekki getið í forskrift. Verð lyfs skal ávallt rita á lyfseðil andspænis því sem ávísað er. Umbúðaverðs skal getið sérstaklega.

Fyrirmæli þessi eru sett til tryggingar því, að sjúklingur fái nákvæmlega eins útlitandi lyf gegn lyfseðlinum hverju sinni, enda þótt hann skipti við fleiri en eina lyfjabúð. Áritun lyfjabúðar á lyfseðil skal því vera nákvæm.

6. gr.

Nautnalyf.

- a. Lyfsalar eða þeir, sem lyf láta úti, skulu eftirrita alla lyfseðla, er hljóða á eða innihalda lyf þau, er nú verða talin, svo og sölt þeirra eða samsvarandi sérlyf. Á sama hátt skal eftirrita hvers konar útlát greindra lyfja handa læknum, tannlæknum og dýralæknum til notkunar við eigin störf, handa læknum og dýralæknum, sem hafa lyfsöluleyfi, handa sjúkrahúsum, heilsuverndar- og lækningastöðvum og öðrum slíkum stofnunum, í lyfjaskrín skipa eða annarra farartækja.
- Aethylmorphinum, ef úti er látið meira en 1 g. Þó skal ávallt eftirrita lyfseðla, ef etylmorphín er eitt virkra efna leyst í vatni, vínanda, sykursafa eða öðru þess háttar.
- Amfepramonum NFN.
- Amphetaminum.
- Chlorphenterminum NFN.
- Cocainum og kókablöð; lyf þó aðeins, ef þau innihalda meira en 0,1% af kókaíni.
- Codeinum, ef úti er látið meira en 1 g. Þó skal ávallt eftirrita lyfseðla, ef kódeín er eitt virkra efna leyst í vatni, vínanda, sykursafa eða öðru þess háttar.

Dexamphetaminum NFN.
 Dextromethorphanum NFN.
 Dextromoramidum NFN.
 Diacetylmorphinum NFN.
 Diphenoxylatum NFN.
 Hydroconum.
 Hydromorphonum.
 Isomethadonum NFN.
 Ketobemidonum NFN.
 Levorphanolum NFN.
 Methadonum.
 Methamphetaminum NFN.
 Methylphenidatum NFN.
 Metoponum NFN.
 Morphinum; lyf þó aðeins, ef þau innihalda meira en 0,2% af morfíni.
 Nicomorphinum NFN.
 Normethadonum NFN.
 Opium, ef úti er látið meira en 1 g. Óblandaða ópíumsdropa (Tinctura opii) skal þó ávallt eftirrita.
 Oxiconum.
 Pethidinum.
 Phenmetralinum NFN.
 Phentanylum.
 Tetraponum D 48, sbr. morfín.
 Thebaconum NFN.

Listi þessi yfir eftirritunarskyld nautnalyf er tæmandi. Breytingar, er kunna að verða gerðar á eftirritunarskyldu lyfseðla, verða auglýstar af ráðherra.

- b. Þau lyf, svo og sölt þeirra, er nú verða talin, má ekki ávísá einstaklingi í einu í meira magni en hér greinir:

Amphetaminum, Dexamphetaminum NFN, Methamphetaminum NFN og önnur skyld og álíka hættuleg efni: 150 mg.

Methylphenidatum NFN: 300 mg.

Phenmetralinum NFN: 750 mg.

Með reglugerð nr. 273 30. desember 1950, varðandi gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja, er tók gildi 1. janúar 1951, var fyrst tekið að takmarka útlát amfetamíns og skyldra efna við 150 mg í einu handa einstaklingi. Með reglugerð nr. 181 1. nóv. 1962 voru hliðstæðar takmarkanir einnig látnar ná til fenmetralíns og metýlfenídats. Er hér gert ráð fyrir, að fyrirmæli þessi verði óbreytt frá því sem verið hefur.

- c. Eftirrita skal ofangreind lyf á eyðublöð, er landlæknir lætur í té, en eftirrit skulu lyfsalar senda landlækni mánaðarlega fyrir tíunda dag hvers mánaðar, en héraðslæknar (læknar), er lyfsöluleyfi hafa, svo og dýralæknar, á þriggja mánaða fresti. Þá skulu dýralæknar senda yfirdýralækni samrit skýrslu sinnar.

Gert er ráð fyrir, að sú breyting verði gerð á eftirritun nautnalyfja, að eftirritin verði vélrituð, og þannig frá þeim gengið, að hægt sé að nota þau til úrvinnslu í skýrsluvélum ríkisins. Þegar um eftirritunarskylda lyfjasamsetningu er að ræða, er ekki nauðsynlegt að eftirrita alla samsetninguna. Nægir í slíku tilfalli að geta þess, að um lyfjasamsetningu sé að ræða (Mixture, Solutio, Pulvis o. s. frv.) og tilgreina tegund og magn nautnalyfs (fjöldi eininga, ef svo ber undir). Eftirritun skal skila á tilsettum tíma, og það engu síður, þó að blað sé ekki fullnotað. Á þetta jafnt við, þó að engin eftirritunarskyld lyf hafi verið látin úti á tímabilinu.

- d. Alla lyfseðla, þar með taldir simalyfseðlar, er hljóða á nautnalyf, sbr. a-lið hér að ofan, skal merkja fullnægjandi ógildingarmerki (sbr. c-lið 7. gr.). Lagt skal hald á slíka lyfseðla, og þeir sendir landlækni innan tveggja mánaða frá

því að afgreiðsla fór fram, enda sé ekki um lyfseðil að ræða, er senda þarf sjúkrasamlagi til innheimtu. Ekki skal nota sama lyfseðilseyðublað til ávísunar á nautnalyf og önnur lyf. Ef þetta er samt sem áður gert, skal merkja hverja einstaka lyfjaávisun um sig á slíkum lyfseðli fullnægjandi ógildingarmerki, og það engu að síður, þó að um sé að ræða lyf, er láta má úti aftur og aftur gegn sama lyfseðli.

- e. Nú hljóðar lyfseðill á nautnalyf, sbr. a-lið þessarar gr., og fullnægir ekki skilyrðum næstsiðustu málsgr. b-liðs 3. gr.¹⁾ og f-liðs 3. gr.²⁾, og er þá óheimilt að láta lyfið úti, fyrr en lyfseðillinn hefur verið borinn undir útgefanda, og í samráði við hann gerður úr garði, svo sem reglugerðarákvæði standa til.

1) Magns nautnalyfs skal getið bæði með tölum og bókstöfum.

2) Geta skal nafns og heimilisfangs, og aldurs, ef um barn er að ræða.

7. gr.

Ógilding lyfseðla.

- a. Hvers konar lyfseðlar eru ógildir ári eftir að þeir hafa verið út gefnir, enda sé ekki um lyf að ræða, er selja má í lausasölu, eða lyfseðla, sem þegar eru ógildir, sbr. 11. gr. Símalyfseðlar eru ógildir jafnskjótt og lyf samkvæmt þeim er tilbúið til afhendingar, enda sé ekki um lyf að ræða, er selja má í lausasölu.
- b. Ef lyfseðill hljóðar á lyf, sem láta má úti aftur og aftur samkvæmt sama lyfseðli, sbr. 10. gr., er lækni þó heimilt að tiltaka það með áritun á hann, hve oft megi láta lyfið af hendi eða með hve löngu millibili, og er lyfsala þá skylt að fara eftir því.
- c. Þegar ekki er heimilt að afgreiða oftár lyf eftir lyfseðli, skal merkja hann fullnægjandi ógildingarmerki, svo sem með því að letra þversum yfir sjálfa forskriftina með götunarstimpli eða á annan greinilegan hátt orðin: **Lyfseðillinn er ógildur**, og má eigi afgreiða framár lyf gegn þeim lyfseðli, enda þótt á hann sé ritað leyfi til þess. Alla símalyfseðla skal auðkenna fullnægjandi ógildingarmerki um leið og lyf er látið úti gegn þeim, enda sé ekki um lyf að ræða, er selja má í lausasölu.

Taka ógildingarákvæði þessi til:

- 1) lyfseðla, er hljóða á lyf, sbr. 11. gr., er skal ógilda jafnskjótt og lyf hefur verið látið úti gegn þeim;
- 2) lyfseðla, er hljóða á lyf, sbr. 10. gr., þegar ár er liðið frá útgáfu þeirra;
- 3) lyfseðla, er hljóða á lyf, sbr. 10. gr., og ógilda skal áður en ár er liðið frá útgáfu þeirra, ef lækni mælir svo fyrir (sbr. b-lið 7. gr.);
- 4) símalyfseðla, enda hljóði þeir ekki á lyf, er selja má í lausasölu (sbr. a-lið 7. gr.);
- 5) lyfseðla ritaða af tannlæknum, enda sé ekki um lyf að ræða, sem selja má í lausasölu (sbr. c-lið 13. gr.).

III. KAFLI

Áritun lyfja og umbúðir um lyf.

8. gr.

- a. Áritun á umbúðir lyfja, sem látin eru úti gegn lyfseðli, skal vera glögg og greinileg og eftirfarandi atriða jafnan getið í árituninni:
1. Nafns og magns lyfs eða samsetningar;
 2. nafns sjúklings eða hvaða dýri lyfið er ætlað, ef um dýr er að ræða, enda sé þess getið á lyfseðlinum (sbr. i-lið 3. gr.)¹⁾;
 3. fyrirsagnar um notkun lyfs, að svo miklu leyti sem hún er greind á lyfseðlinum (sbr. i-lið 3. gr., svo og n-lið 8. gr.)²⁾;

4. dagsetningar, er gefur til kynna hvenær lyfið er afgreitt;
5. nafns lyfjabúðar (héraðslæknis (læknis), er lyfsölualeyfi hefur, dýralæknis);
6. eiginhandararitunar (fangamarks) þess með bleki, er afgreiðir lyfið (sbr. og 5. tölulið m-liðs 8. gr.).

Nú er lyf látið úti í tveim eða fleiri pakkningum, og skal þá áletra eina pakkningu svo sem að ofan greinir, en hina (hinar) einungis samkv. 1., 2., 4., 5. og 6. lið að ofan. Þegar sérlyf eru látin úti handa sjúkrahúsum og öðrum þess háttar stofnunum í umbúðum, er hafa að geyma margar smærri pakkningar, nægir þó að árita yztu umbúðir lyfsins. Þegar lyf í afmældum skömmtum eru látin úti, þar sem búið er um hvern einstakan skammt sérstaklega, skal auðkenna hverja einingu lyfsins heiti þess³⁾. Undanþegin þessum ákvæðum eru legstautar, límbelgir, skammtar og þarfagangsstautar, svo og lyf, sem búið er um í stanniól-skæni eða öðru þess háttar.

1) Lyf ætluð sjúkrahúsum og læknum við eigin störf eru undanþegin þessu ákvæði.

2) Sérstök áletrun lyfja, sem ætluð eru sjúkrahúsum og læknum við eigin störf.

3) T. d. stungulyf í glerhylkjum.

- b. Ef um innvortis lyf er að ræða, skal áritun, sbr. 2.—6. tölulið a-liðs hér að ofan, vera á hvítum miða, en útvortis lyfja á rauðum. Áritunarmiða stungulyfja skal auk þess auðkenna sérstaklega með rauðri rák frá neðra vinstra horni til efra hægra horns. Áritunarmiði á augnskolvötn, augnsmyrslu, burðarvegslyf, nefsmyrslu og þarfagangssmyrslu skal vera hvítur að lit.

Þess er því ekki krafizt, að merkimiði, sem á er lettrað nafn lyfs eða samsetning eingöngu, hafi sérstaklega tilgreindan lit.

- c. Lyf gildandi lyfjaskrár (lyfseðlasafna) skal áletra hinu skráða latneska heiti. Þetta á þó ekki við um sérlyf (sbr. b-lið 3. gr.). Ef tilgreint er á lyfseðli lyf úr öðru forskriftasafni en gildandi lyfjaskrá (lyfseðlasafni), skal árita lyfið heiti forskriftasafnsins að viðbættu heiti þess, t. d. skammstöfun. Ef tilgreint er á lyfseðli lyf, sem ekki hefur verið birt í heimildarritum, skal árita samsetninguna (sbr. 3. tölulið m-liðs 8. gr.).
Lauftún	22	Stóra-Gröf	8
Langamýri	22	Ytri-Húsabakki	15
Grófargil	14	Syðri-Húsabakki	52
Brautarholt	6		

Alls 1000

Arðskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 9. febrúar 1966.

Ingólfur Jónsson.

Jón L. Arnalds.

11. febrúar 1966.

Nr. 39.

REGLUGERÐ

um takmörkun leigubifreiða á Ísafirði og um ráðstöfun atvinnuleyfa.

1. gr.

Tala allt að 8 farþega leigubifreiða til mannflutninga á Ísafirði skal á hverjum tíma miðuð við íbúatölu Ísafjarðar, þannig, að ein leigubifreið komi á hverju 200 íbúa, sem lögheimili eiga á Ísafirði samkvæmt nýjustu skýrslum Hagstofu Íslands.

Þegar rétt hlutföll eru fengin milli tölu leigubifreiða og íbúatölu, skal veita atvinnuleyfi í stað hvers leyfis, er losnar, svo og vegna fólksfjölgunar, eitt leyfi fyrir hverja 200 íbúa.

Atvinnuleyfi skulu að jafnaði veitt frá og með 1. júní ár hvert, ef veita skal þau samkvæmt framanskráðu.

2. gr.

Enginn bifreiðastjóri má hafa afgreiðslu hjá bifreiðastöð á Ísafirði, nema hann hafi öðlazi atvinnuleyfi sem leigubifreiðastjóri á Ísafirði. Leyfin skulu tölusett og bundin við nafn leyfishafa. Engum má úthluta nema einu atvinnuleyfi.

3. gr.

Leigubifreiðastjórar, sem ekki hafa afgreiðslu á bifreiðastöð á Ísafirði, hafa ekki atvinnuréttindi þar, nema eftir kvaðningu fyrir fram.

4. gr.

Bifreiðastjóri, sem óskar að fá atvinnuleyfi sem leigubifreiðastjóri, skal sækja um á þar til gerðu eyðublaði til Bifreiðastjórafélagsins Orku.

Umsókninni skal fylgja vottorð frá bifreiðastöð á Ísafirði um, að umsækjandi geti fengið þar afgreiðslu.

Atvinnuleyfin skulu gefin út af tveimur mönnum, sem hér eftir eru nefndir úthlutunarmenn í reglugerð þessari. Skal annar þeirra tilnefndur af stjórn Bifreiðastjórafélagsins Orku, en hinn af ráðherra. Tilnefningin er til þriggja ára í senn.

Úthlutunarmenn skulu líta eftir, að ákvæðum um leigubifreiðar í kaupstöðum og reglugerðar þessarar sé fylgt. Verði ágreiningur á milli úthlutunarmanna, sker samgöngumálaráðuneytið úr.

Stjórn Bifreiðastjórafélagsins Orku skal senda úthlutunarmönnum til afgreiðslu umsóknir um atvinnuleyfi og annað, sem fyrir þá ber að leggja, samkvæmt reglugerð þessari, ásamt rökstuddum tillögum. Við úthlutun atvinnuleyfa skal starfsaldur bifreiðastjóra við akstur leigubifreiða til mannflutninga lagður til grundvallar þannig, að sá, sem lengstan hefur starfsaldur sem bifreiðastjóri við mannflutninga, hvar sem er á landinu, gengur fyrir, nema sérstakar ástæður mæli gegn því.

Starfstími bifreiðastjóra við akstur sérleyfisbifreiða til mannflutninga telst við aldursflokkun jafngildur akstri smærri bifreiða.

5. gr.

Óheimilt er að veita bifreiðastjóra atvinnuleyfi, nema hann skuldbindi sig til að stunda akstur bifreiðar sinnar sem aðalatvinnu og sækji um upptöku í Bifreiðastjórafélagið Orku.

Þó skal úthlutunarmönnum heimilt að ákveða, að allt að því 50% atvinnuleyfa einstakra bifreiðastjóra skuli ekki bundin því skilyrði að leyfishafi hafi akstur bifreiða að aðalstarfi.

Þeir bifreiðastjórar, sem vinna störf þau, sem talin eru í b-lið 10. gr., halda óskertum rétti sínum, þótt þeir stundi ekki akstur bifreiðar sem aðalstarf.

6. gr.

Leyfishafa er heimilt að hafa bifreið sína í afgreiðslu hjá hverri þeirri bifreiðastöð á Ísafirði, er hann getur fengið afgreiðslu hjá, enda sé bifreiðastöðin viðurkennd af bæjarstjórn Ísafjarðar.

Óheimilt er bifreiðastöð að taka bifreið í afgreiðslu, fyrir en viðkomandi bifreiðastjóri hefur lagt fram atvinnuleyfi sitt. Leyfið skal vera í vörzlu stöðvarinnar, á meðan leyfishafi hefur þar afgreiðslu.

Nú vill leyfishafi flytja sig á aðra bifreiðastöð, skal þá afhenda þeirri bifreiðastöð, er hann ekur hjá, yfirlýsingu frá þeirri stöð, sem hann hyggst flytja á, um að hann geti fengið þar afgreiðslu. Síðan skal sú bifreiðastöð, sem leyfishafi flytur frá, tilkynna Bifreiðastjórafélaginu Orku flutninginn innan 4 daga.

Bifreiðastöð er óheimilt að halda atvinnuleyfi leyfishafa, ef hann flytur sig löglega til afgreiðslu á aðra bifreiðastöð.

7. gr.

Leyfishafa er óheimilt að láta atvinnuleyfi sitt af hendi á nokkurn hátt, nema til bifreiðastjórafélagsins Orku, sem tilkynnir það þegar úthlutunarmönnum.

Leyfishafa, sem af einhverjum ástæðum getur ekki rekið leigubifreið samkvæmt leyfi sínu, eða notað það á annan hátt löglega, svo og ef hann telur nauðsynlegt að fá að hverfa til annars tiltekins starfs um tíma, getur með samþykki úthlutunarmanna haldið leyfisréttindum sínum í allt að 6 mánuði. Ef sérstaklega stendur á, geta úthlutunarmenn framlengt þennan frest, enda óski leyfishafi þess.

Nú notar leyfishafi ekki atvinnuleyfi sitt lengri eða skemmri tíma, en heldur því þó, sbr. 2. mgr., og er bifreiðastöð óheimilt að taka annan í afgreiðslu í hans stað á meðan.

Leyfishafi getur misst atvinnuréttindi sín, ef hann er fjarverandi í tvo mánuði eða lengur, án þess að hafa tilkynnt viðkomandi bifreiðastöð fjarveru sína og orsakir hennar. Stöðvarstjóri skal tilkynna fjarveru til stjórnar Bifreiðastjórafélagsins Orku, en hún ber málið undir úthlutunarmenn, sem ákveða hvort svipta skuli leyfishafa atvinnuleyfi eða ekki.

8. gr.

Ef leyfishafa er sagt upp afgreiðslu af gildum ástæðum, skal viðkomandi bifreiðastöð afhenda atvinnuleyfi hans formanni Bifreiðastjórafélagsins Orku samdægurs, eða næsta virkan dag. Skal leyfið vera í vörzlu félagsins meðan leyfishafi er að útvega sér afgreiðslu á annarri bifreiðastöð.

Takist leyfishafa ekki að útvega sér afgreiðslu hjá annarri bifreiðastöð innan 30 daga, hefur hann fyrirgert rétti sínum til leyfisins og fellur það þá til úthlutunar að nýju, nema úthlutunarmenn ákveði annað.

9. gr.

Nú hættir leyfishafi að reka leigubifreið samkvæmt atvinnuleyfi sínu og segir atvinnuleyfinu upp fyrir fullt og allt. Skal hann þá skrá yfirlýsingu þar að lútandi

á atvinnuleyfi sitt og bifreiðastöð sú, sem hann hafði afgreiðslu hjá, síðan afhenda atvinnuleyfið formanni Bifreiðastjórafélagsins Orku samdægurs eða næsta virkan dag. Síðan ráðstafa úthlutunarmenn leyfinu samkvæmt reglugerð þessari.

Á sama hátt skal skila til Bifreiðastjórafélagsins Orku atvinnuleyfi, sem losnar af öðrum orsökum en um getur í 1. mgr., svo sem við andlát leyfishafa, eða ef hann fyrirgerir rétti sínum til leyfisins.

10. gr.

Leyfishafa er óheimilt að láta annan mann en þann, sem hefur atvinnuleyfi, aka fyrir sig nema í eftirtöldum tilfellum, að fenginni undanþágu samkvæmt 11. gr.:

- a. Ef leyfishafi er veikur.
- b. Ef leyfishafi er að vinna í þágu Bifreiðastjórafélagsins Orku, bifreiðastöðvar þeirrar, er reglugerð þessi nær til, eða þeirra stofnana verkalýðssamtakanna, sem Bifreiðastjórafélagið Orka á aðild að.
- c. Ef leyfishafi deyr, heldur ekkja hans atvinnuleyfinu, ef hún æskir þess.

11. gr.

Vilji leyfishafi öðlast undanþágu samkv. 10. gr., skal hann sækja um það skriflega til Bifreiðastjórafélagsins Orku. Umsókninni skal fylgja vottorð frá bifreiðastöð leyfishafa um, að hún samþykki þann ökumann, sem leyfishafi vill að aki bifreiðinni. Bifreiðastjórafélaginu Orku er þá heimilt að veita undanþágu, og skal hún vera skrifleg, tímabundin og tekið fram hvað í henni felst. Er viðkomandi bifreiðastjóra skylt að bera slíka undanþágu á sér, ef hann er við akstur, og sýna trúnaðarmönnum stéttarfélagsins, ef þeir æskja þess.

Bifreiðastjórafélagið Orka skal halda skrá yfir veittar undanþágur samkvæmt framansögðu.

12. gr.

Á hverri bifreiðastöð skal vera skrá yfir þær bifreiðar, sem þar hafa afgreiðslu. Skal skrá þessi fest upp, þar sem bifreiðastjórar eiga greiðan aðgang að og tilgreint í henni skrásetningarnúmer bifreiðar, nafn og heimilisfang bifreiðarstjóra og eiganda.

13. gr.

Úthlutunarmönnum er heimilt að afturkalla atvinnuleyfi um stundarsakir, ef leyfishafi brýtur ákvæði reglugerðar þessarar, eða fyrir fullt og allt, ef um alvarlega eða ítrekað brot er að ræða. Slíkum úrskurðum má áfrýja til samgöngumálaráðuneytisins.

14. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, frá 100—10000 kr., nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum ákvæðum, og skal farið með mál út af slíkum brotum að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum um leigubifreiðar nr. 1 31. janúar 1966, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 11. febrúar 1966.

Ingólfur Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Guðmundar frá Hólmi, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 3. febrúar 1966. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Guðmundar frá Hólmi.

1. Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Guðmundar frá Hólmi. Hann er stofnaður til minningar um Guðmund Jónsson bónda í Hólmi, Austur-Landeyjahreppi, sem var fæddur 26. febrúar 1916 og andaðist 19. júlí 1964, af Ungmennafélaginu Dagsbrún, Búnaðarfélagi Austur-Landeyjahrepps og Austur-Landeyjahreppi, á fimmtugasta afmælisdegi hans, hinn 26. febrúar 1966. Stofnfé sjóðsins er kr. 10 000.00 frá hverju stofnfélagi, eða samtals krónur þrjátíu þúsund 00/100.
2. Sjóðurinn tekur við gjöfum og áheitum, er leggjast skulu við höfuðstól hans.
3. Árlega má veita úr sjóðnum fjárhæð, er nemur hálfum ársvöxtum hans, en hálfir ársvextir skulu leggjast við höfuðstól. Er sjóðurinn nemur krónum 50 000.00, má veita úr honum allt að $\frac{3}{4}$ hlutum ársvaxta.
4. Fé sjóðsins skal ávaxtast í Útibúi Búnaðarbanka Íslands að Hellu.
5. Starfssvæði sjóðsins er Austur-Landeyjahreppur, miðað við þau hreppamörk, er gilda við staðfestingu hans.
6. Hlutverk sjóðsins er að styrkja með verðlaunaveitingum hverja þá starfsemi, er stuðlar að aukinni búaþvingu og andlegum og félagslegum þroska íbúa Austur-Landeyjasveitar.
7. Fjárveitingar úr sjóðnum skal annast þriggja manna nefnd, kosin af stofnfélögum til eins árs í senn. Ef eitthvað stofnfélag hættir starfi, kýs sveitarstjórn manni í þess stað. — Nefndin kýs sér formann. Nefndin skal jafnframt sjá um eflingu sjóðsins. Nefndin haldi gerðabók um störf sín. Í hana skal færa skipulagsskrá þessa.
8. Sjóðurinn skal vera undir yfirstjórn sveitarstjórnar Austur-Landeyjahrepps, er sér um ávöxtun hans og fjárreiður og birtir reikninga hans.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Lágafelli í Austur-Landeyjahreppi, 19. desember 1965.

F. h. stofnenda

Magnús Finnbogason.

Grétar Haraldsson.

Ragnar Böðvarsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Skólamerkissjóð Eiðaskóla, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 7. febrúar 1966.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Skólamerkissjóðs Eiðaskóla.

Skólamerkissjóður Eiðaskóla.

Til sjóðs þessa var fyrst stofnað með upptöku sérstaks merkis fyrir skólann á 75 ára afmæli hans 1958. Merkið teiknaði Þórarinn Þórarinsson, skólastjóri, og var það vígt og helgað á afmælishátíðinni af biskupi landsins, Ásmundi Guðmundssyni, dr. theol., fyrsta skólastjóra Alþýðuskólans á Eiðum.

Merkið er þrjú vængstiliseruð M, hvít á bláum grunni, og standa þau fyrir kjörorð skólans: manntak—mannvit—manngöfgi

Formlega var svo sjóðurinn stofnaður við skólasetningu þann 17. okt. 1965 með 10 000.00 króna framlagi fyrrverandi skólastjórahjóna, Sigrúnar Sigurþórsdóttur og Þórarins Þórarinssonar.

Skipulagsskrá sjóðs þessa skal vera sem hér segir:

1. gr.

Sjóðurinn heitir Skólamerkissjóður Eiðaskóla.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er:

- a) að efla vöxt og viðgang Eiðaskóla,
- b) að stuðla að alhliða þroska nemenda skólans og starfsmanna hans,
- c) og að glæða fegurðarskyn þeirra.

3. gr.

Sjóðurinn vill vinna að tilgangi sínum með því að:

- a) sýna þakklæti og veita viðurkenningu með skólamerkinu í silfri eða gulli, þeim nemendum og starfsmönnum skólans, eldri og yngri, sem í athöfn, starfi eða lífi sýna inntak kjörorða skólans, manntaks, mannvits og manngöfgi, eða hafa með langri og dyggri þjónustu stuðlað að velgengni hans, svo og öðrum, sem orðið hafa Eiðaskóla að góðu liði.
- b) að afla skólanum hvers konar listaverka, er honum mega verða til fegrunar og prýðis, og þeim, er þeirra njóta, til yndisauka og uppbyggingar.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Hagnaður af sölu skólamerkisins.
2. Vextir af stofnframlagi.
3. Gjafir og áheit.

5. gr.

Af öllum tekjum sjóðsins skal einn fjórði hluti leggjast við höfuðstól, sem eigi má skerða, þó má, ef sérstaklega stendur á að dómi sjóðsstjórnar, veita lán úr sjóðnum, enda verði því varið í anda 2. gr. skipulagsskrárinnar.

Lánin endurgreiðast svo fljótt, sem því verður við komið.

6. gr.

Stjórn þessa sjóðs og ákvarðanir um viðurkenningu og listaverkakaup, skal vera í höndum skólastjóra Alþýðuskólans á Eiðum og eins kennara, sem kosinn er í sjóðsstjórnina, ásamt varamanni, á kennarafundi.

Verði ágreiningur innan stjórnarinnar, sker kennarafundur úr.

7. gr.

Skólastjóri Eiðaskóla hefur á hendi reikningshald sjóðsins, sem geyma skal á öruggum stað, þar sem hann nýtur beztu vaxtakjara. Birta skal reikning sjóðsins í skólaskýrslu.

8. gr.

Sjóðsstjórnin skal halda gerðabók og skulu í hana innfærðar ákvarðanir hennar svo og greinargerð fyrir þeim.

9. gr.

Verði því við komið, skulu viðurkenningar úr sjóðnum afhentar við skólasetningu ár hvert.

10. gr.

Merkið, allt eða hluta þess, má ekki nota til skreytingar eða munsturgerðar, nema leyfi sjóðsstjórnar komi til.

11. gr.

Verði Eiðaskóli í núverandi formi lagður niður, skal sjóður þessi ganga til þeirrar stofnunar á Austurlandi, sem kæmi í hans stað.

12. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Í Reykjavík, 20. október 1965.

Staddur á Eiðum 17. okt. 1965.

Sigrún Sigurþórsdóttir.

Þórarinn Þórarinsson.

REGLUGERÐ

**um gjald af nýreistum húsum í kaupstöðum og kauptúnum
til greiðslu skipulagsgjalds.**

1. gr.

Af hverri nýbyggingu, sem reist er í kaupstöðum þeim og kauptúnum, sveitaþorpum eða orkuverum, þar sem skipulagsuppdráttur hefur verið staðfestur, eða þar sem byrjað er að vinna að skipulagsgerð, skal greiða 3% í eitt sinn af brunabótavirðing hverrar húseignar.

2. gr.

Nýbygging samkvæmt 1. gr. telst hvert nýreist hús, sem virt er til brunabóta, svo og viðbyggingar við eldri hús, ef virðingarverð hinnar nýju viðbyggingar nemur $\frac{1}{5}$ verðs eldra hússins.

3. gr.

Gjaldið skal greiða til lögreglustjóranna í því lögsagnarumdæmi, sem húsið er í, en í Reykjavík til tollstjóra. Það fellur í gjalddaga þegar brunabótavirðing fer fram og má taka það lögtaki.

Gera skal skil fyrir gjaldinu til ríkisféhirðis með skilagrein sem öðrum ríkis-sjóðstekjum.

4. gr.

Brunabótafélög og umboðsmenn þeirra skulu skriflega tilkynna innheimtu-manni fjárhæð brunabótavirðingar nýreists húss, þegar eftir að virðing hefur farið fram, og skulu þau veita honum greiðan aðgang að skjölum sínum og bókum um brunabótavirðingu nýreistra húsa.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 og kemur í stað reglugerðar nr. 209 21. okt. 1952, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 25. febrúar 1966.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Keflavíkur.

I. RAFORKA

Rafveita Keflavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 5.20 hver kwst.
2. Um kwst.mæli á kr. 1.90 hver kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 25.30 á ári af hverjum fermetra gólfplatar í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslu og ganga skal greiða kr. 7.80 af fermetra á ári.

B. Almenn heimilisnotkun.

Um kwst.mæli á 115 aura hver kwst. Auk þess skal greiða fastagjald, kr 9.20 á mánuði, af hverju herbergi íbúðar. Í útreikningi herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar og eldhús. Herbergi, sem er minni en 5 m², skal teljast sem hálf, en stærra en en 25 m², sem tvö. Leiga af einum mæli er innifalin í fasta-gjaldinu.

Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er undir 10 m², má miða við sameigin-legt flatarmál þeirra, þannig, að hverjir 10 m² jafngildi einu herbergi og 6 m² hálfu herbergi.

C. Vélanotkun.

1. Um kwst.mæli á kr. 2.82 hver kwst. Hafi vélnarar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds, kr. 575.00 á hvert uppsett kw. vélanna.
2. Til fiskiðnaðar, með fasttengdum vélum, kr. 1.15 hver kwst.
3. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla við fisk-, kjöt- eða mjólkuriðnað er yfir 20 kw.:
 - a. Um kwst.mæli á 84 aura hver kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn. Notandi kosti klukkurofa fyrir véla-lagnir eða tvígjaldsmæli, sem settur er til eftirlits með að rofið sé á tilskildum tímum.
 - b. Um tvígjaldsmæli á kr. 5.00 hverja kwst. í 1½ klst. tvisvar sinnum á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en á 84 aura hverja kwst. utan þeirra tíma.
 - c. Um tvígjaldsmæli á kr. 5.00 hverja kwst. í 1½ klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó eigi lengur en 1 klst. í senn, en á 90 aura hverja kwst. utan þessa tíma.
4. Um mæli á kr. 1020.00 fyrir hvert kw. mesta notaðs afls á árinu, mælt sem 15 mínútna meðalálag og auk þess 58 aura á notaða kwst.
5. Ef ekki eru tók á að mæla mesta notað afl, má selja þannig: Um mæli á kr. 665.25 fyrir hvert uppsett kw. vélanna og auk þess 58 aura notaða kwst.

D. Hitun.

1. Um kwst.mæli á 44 aura hver kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á daga á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
2. Um kwst.mæli á 18 aura hver kwst., í 9 klst. á tímum frá kl. 22 til 7.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

- a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- b. Að notandi setji klukkurofa fyrir hitalögnina, og kosti viðhald þeirra. Þó getur rafveitustjóri ákveðið, að rafveitan leggi til rofa og annist viðhald þeirra. Kostar þá notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim, samkvæmt reglum, sem gilda um leigu mæla.
- c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillir notaður.

E. Önnur raforkusala.

1. Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða, á 1.50 hverja kwst., enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutæki fasttengd.
2. Til nota um vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur um kwst.mæli á kr. 2.90 hverja kwst.
3. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kwst.mæli á 48 aura hverja kwst., ef straumur er rofinn frá kl. 8.30 til kl. 22, eða um tvígjaldsmæli á 48 aura hverja kwst. á tímanum frá kl. 22 til 8.30 og kr. 1.15 hverja kwst. frá kl. 8.30 til kl. 22.
4. Til gatnalýsingar á 115 aura hverja kwst.
Alla rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A. 1. Þegar sérstaklega stendur á, má raf-

veitustjóri þó, að tilskildu samþykki rafveitustjórnar, veita afslátt frá gjaldskrárlið C.—E. (báðir meðtaldir) á orku, sem notuð er á sumrin, sé um verulega aukningu frá vetnrarnotkun að ræða.

Enn fremur að selja orku eftir sérstökum samningi, sé það hagstætt vegna orkunýtingar rafveitunnar.

II. MÆLALÆIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

- | | |
|--|--------------------|
| 1. Af einfasa mælum upp að 30 amp. | kr. 7.50 á mánuði. |
| 2. Af þrífasa mælum upp að 50 amp. | — 9.50 — — |
| 3. Af þrífasa mælum 50 til 200 amp. | — 24.00 — — |
| 4. Af þrífasa mælum fyrir 200 amp. | — 34.50 — — |

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leigan er innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greitt, svo til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduroppnun kr. 200.00.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún eigi enduroppnuð fyrr en notandi hefur greitt kr. 200.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir hverja húsveitu. Umsækjandi heimtaugar skal gera grein fyrir væntanlegri notkun húsnæðis og helztu raforkunotkun.

Ein heimtaug er lögð að hverri eign (á sömu lóð) og skal greitt heimtaugargjald af hverri heimtaug (spennist.) fyrir allt að 15 m jarðstrengsheimtaug frá jarðstrengskerfi og allt að 30 m loftlínuheimtaug frá loftlínakerfi samkvæmt eftirfarandi töflu:

Gjaldskrárliður	Málstraumur stofnvara		Hámarksafl kva.	Heimtaugargjald.
	í 3 × 220 W Kerfi Amp.	í 3 × 380 W Kerfi Amp.		
1.	2 × 60	1 × 60	13	4 600.00
2.	3 × 60	2 × 60	22	6 095.00
3.	3 × 100	3 × 60	38	8 740.00
4.			50 sp.	10 350.00
5.		3 × 100	66	14 375.00
6.	3 × 200		75	17 480.00
7.			100 sp.	20 700.00
8.	3 × 350	3 × 300	132	28 692.50
9.			150 sp.	32 910.00
10.			200 sp.	41 400.00
11.		3 × 350	231	47 725.00
12.			300	65 840.00
13.			500	110 000.00

sp: spennir.

Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stytstu greiðfæra leið að varkassa á útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa kassa á innvegg, skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn verður dreginn í.

Sé jarðlínuheimtaug lögð frá loftlínu (samkv. ósk heimtaugarbeiðanda), skal lengd heimtaugar reiknuð frá loftlínustólpa að inntakskassa, en þveri heimtaugin akbraut, skal breidd akbrautar dregin frá.

Yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern metra, umfram fyrstu 15 m, þannig: $Y_j = (250 + 4 \times kWa)$ kr/m.

Yfirlengdargjald loftlínu reiknast á hvern metra, umfram fyrstu 30 m, þannig: $Y_1 = (50 + 3 \times kWa)$ kr/m að viðbættum 2500 kr. á hvern staur í umframlengd.

Sé lögð bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu, skal greitt fyrir hana, sem hér segir:

60 amp. einfasa kr. 1150.00

60 amp. þrifasa — 1380.00

Séu aðstæður þannig, að kostnaður við lagningu bráðabirgðarheimtaugar verði óeðlilega hár, má taka gjald fyrir hana samkvæmt kostnaði.

Telji rafveitustjóri að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða spennis, skal notandi greiða mismun, samkvæmt gjaldskrá. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar stöðvarinnar.

Þegar lóð er lögð til, er það gert rafveitunni að kostnaðarlausu og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja settum skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra. Eðlilegur kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni (í leiguformi t. d. fyrir lengri tíma) og kemur þannig til frádráttar heimtaugargjaldi.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt hverfi að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkvæmt kostnaðarreikningi. Helmingur heimtaugargjalds skal greiddur við umsókn, en síðari hlutinn áður en notkun hefst.

Gjaldskrá þessi, sem rafveitunefnd Keflavíkur hefur samið og bæjarstjórn samþykkt, staðfestist hér með samkv. vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi numin eldri gjaldskrá Rafveitu Keflavíkur, nr. 264 23. desember 1960, ásamt síðari breytingum.

Atvinnumálaráðuneytið, 18. febrúar 1966.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Akraness.

I. KAFLI RAFORKUSALA

Rafveita Akraness selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

I. Almenn notkun.

1. Um kwst.mæli á 100 aura hverja kwst., auk fastagjalds, er reiknast þannig:
 - A 1. **Til lýsingar:**
140 aura á mánuði af hverjum m² gólfflatar í rúmi því, er lýsa skal. Þó skal aðeins reikna helming gólfflatar til gjalda í geymslum og göngum og þess háttar.
 - B 1. **Til heimilisnotkunar:**
10 krónur á mánuði fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar, og eldhús. Herbergi, sem er minna en 5 m² skal reikna sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö.
 - C 1. **Til véla:**
24 krónur á mánuði fyrir hvert kw. í ástimpluðu rafafli fastra vinnuvéla.
2. Um kwst.mæli, án fastagjalds, þannig:
 - A 2. **Til lýsingar og ýmissa nota, sem ekki verða felld undir aðra liði gjaldskrárinnar:**
410 aurar fyrir hverja kwst.
 - B 2. **Til véla og til vinnulagna í byggingum í smíðum:**
230 aurar fyrir hverja kwst.
 - C 2. **Til véla í matvælaíðnaði:**
68 aurar fyrir hverja kwst., enda sé uppsett rafafli fastra véla yfir 40 kw. og árlegur nýtingartími vélanna eigi skemmri en 1200 kwst. á hvert uppsett kw. þeirra. — Rafveitan áskilur sér rétt til að rjúfa strauminn í allt að 1½ klst. um hádegið, á tíma mesta álags. — Eftir þessum gjaldskrárlið má einnig selja raforku til rafsuðu málma.
 - D 2. **Til götu- og hafnarlýsingar:**
Samkvæmt árlegri ákvörðun bæjarstjórnar Akraness, og kosti rafveitan rekstur og viðhald lýsingarkerfisins.
3. Um mesta álagsmæli:
 - A 3. **Til atvinnufyrirtækja með uppsettu rafvélaafli yfir 40 kw.:**
1455 krónur fyrir hvert kw. mesta álags á árinu og 18 aurar fyrir hverja kwst.

II. Hitanotkun:

Um kwst.mæli á:

- E 1.63 aura kwst. án rofs.
 E 2.34 aura kwst. með allt að 1½ klst.rofi á sólarhring.
 E 3.31,5 aura kwst. með allt að 2½ klst.rofi á sólarhring.
 E 4.25 aura kwst. með allt að 4½ klst.rofi á sólarhring.
 E 5.18 aura kwst. með allt að 14½ klst.rofi á sólarhring.

Gjaldið breytist með útsöluverði á disilólíu í Reykjavík á hverjum tíma, en miðast hér við grunnverðið 163 aura á oliulítra. Gjaldið standi jafnan á heilum eða hálfum eyri.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

- a. Að raforka sé aflögu vegna almennrar notkunar (forgangsnotkunar) að dómi rafveitustjóra.
- b. Að vélaafl, spennar og línur þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- c. Að straumur sé rofinn á tilskildum tíma með sjálfvirkum rofa, og kosti notandinn tengingu rofans og greiði leigu af honum skv. 2. kafla.
- d. Að tæki, lagnir og allur búnaður í sambandi við rafmagnshitunina sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og settum reglum, m. a. ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.
- e. Að notkun um mæli hitalagnarinnar sé eigi minni en 6000 kwst. á ári.

Þegar sérstaklega stendur á, er rafmagnsstjóra heimilt, að tilskildu samþykki rafveitunefndar, að selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti.

II. KAFLI

MÆLA- OG ROFALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum samkvæmt eftirfarandi:

- | | |
|--|--------------------|
| 1. Af einfasa kwst.mælum, allt að 30 amp. | kr. 5.00 á mánuði. |
| 2. Af þrífasa kwst.mælum, 50 amp. og minni | — 10.00 — — |
| 3. Af þrífasa kwst.mælum, yfir 50 amp. til 200 amp. | — 24.00 — — |
| 4. Af þrífasa kwst.mælum, yfir 200 amp. | — 36.00 — — |

Af klukkurofum skal notandinn greiða leigu sem hér segir:

- | | |
|--|---------------------|
| 1. Af ein- eða tvíþóla klukkurofa 40 amp. og minni | kr. 32.00 á mánuði. |
| 2. Af þríþóla klukkurofa 60 amp. og minni | — 40.00 — — |
| 3. Af þríþóla klukkurofa 60 amp. til 200 amp. | — 50.00 — — |
| 4. Af þríþóla klukkurofa yfir 200 amp. | — 64.00 — — |
| 5. Af fjarstýrandi klukkurofa | — 10.00 — — |

Af öðrum mælitækjum og rofum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði tækisins. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforkuna.

IV. KAFLI

OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun krónur 80.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð fyrr en notandinn hefur greitt 80 króna gjald til skrifstofu rafveitunnar.

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í 1. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20% án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda sé breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

Um heimtaugargjald fer samkvæmt auglýsingu nr. 26 12. febrúar 1965.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá fyrir Rafveitu Akraness nr. 119 15. júní 1960, en auglýsing nr. 26 12. febrúar 1965 heldur gildi.

Atvinnumálaráðuneytið, 19. febrúar 1966.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

23. febrúar 1966.

Nr. 45.

S A M Þ Y K K T

fyrir Vatnsveitufélag Hrafnkelsstaðahverfis.

1. gr.

Félagið heitir Vatnsveitufélagið Þorsti. Heimili þess og varnarþing er Hrafnkelsstöðum IV, Hrunamannahreppi.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að sjá býlum á félagssvæðinu fyrir vatni.

3. gr.

Stofnendur félagsins eru ábúendur býlanna: Hrafnkelsstaðir I, Hrafnkelsstaðir II, Hrafnkelsstaðir III og Hrafnkelsstaðir IV.

Hver stofnandi greiðir fimm þúsund krónur sem stofngjald og telst hann ekki fullgildur félagsmaður, fyrr en það stofngjald er greitt. Allt vatn í fjós, þvottahús og önnur þau hús, er heyra búrekstri jarðarinnar til, telst undir sama stofngjald og íbúðarhús.

Félagsskylda samkv. 1. mgr. þessarar greinar er því skilyrði háð. að ábúenda séu látin í té afnot af vatni því, sem félagið hefur til umráða.

4. gr.

Ábúendur væntanlegra nýrra býla á félagssvæðinu má taka í félagið með samþykki lögmæts aðalfundar.

Nýr félagsmaður greiðir sama stofngjald og eldri félagar og öll gjöld, sem á félaginu hvíla, til jafns við aðra félagsmenn frá því, er hann gekk í félagið. Sjálfur skal hann kosta allar framkvæmdir, sem gera verður sérstaklega hans vegna, til þess að hann geti notað mannvirki félagsins.

5. gr.

Stofnkostnaði að upphaflegri aðalleiðslu vatnsveitunnar greiðist í eftirtöldum hlutum fyrir býli á félagssvæðinu: Hvert býli skal greiða að jöfnu $\frac{1}{4}$ hluta. Skal hann greiddur af stofngjöldum félagsmanna, þar sem þau hrökkva til og styrk, sem veittur kynni að verða til vatnsveitunnar.

Vatnsskatt skal innheimta árlega af hverju býli á félagssvæðinu, sem vatns nýtur úr vatnsveitunni. Skal félagsstjórn tiltaka upphæð hans þannig fyrir hvert reikningsár, að nægi til greiðslu vaxta og afborgana stofnkostnaðar aðalleiðslu vatnsveitunnar og til viðhalds.

Gjöld skv. 2. mgr. þessarar greinar má taka lögtaki ásamt áföllum innheimtu-kostnaði, ef ekki er staðið í skilum um greiðslu gjalda til félagsins. Eignir félagsins standa til fullnægingar skuldbindingum þess. Enginn félagsmaður ber ábyrgð á skuldbindingum félagsins umfram gjöld þau, sem honum er gert að greiða til félagsins samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar.

6. gr.

Félagsstjórn er skylt að boða til félagsfundar, ef þrír félagar eða tveir stjórnar-meðlimir krefjast þess, enda greini þeir tilefni kröfunnar.

7. gr.

Félagsfundur er lögmætur, ef helmingur félagsmanna sækir hann, enda hafi löglega verið til hans boðað. Fundur er löglega boðaður, ef hverjum félagsmanni er tilkynnt fundarboðið bréflega eða persónulega með fimm daga fyrirvara.

Á félagsfundum hafa allir félagsmenn jafnan rétt og ræður afl atkvæða úrslitum.

8. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Til hans skal boða með viku fyrirvara, bréflega eða persónulega.

Aðalfundur er lögmætur, ef $\frac{3}{4}$ félagsmanna sækir hann. Hafi þrisvar sinnum verið boðað til aðalfundar vegna ónógrar fundarsóknar, telst þriðji fundurinn lögmætur, hver sem fundarsókn er.

Á aðalfundi skulu teknar ákvarðanir um starfsemi félagsins á árinu, lagðir fram endurskoðaðir reikningar þess og kosnir þrír menn í stjórn félagsins og tveir endurskoðendur til eins árs í senn. Liggi önnur mál fyrir aðalfundi en venjuleg aðalfundarstörf, skal þess getið í fundarboði.

9. gr.

Stjórn félagsins skiptir sjálf með sér verkum. Störf stjórnar og endurskoðenda skulu vera ólaunuð. Formaður kveður stjórnina saman til fundar og boðar félagsfundi og aðalfundi.

Stjórnarfundir eru því aðeins lögmætir, að allir stjórnarmenn séu mættir.

Færa skal gerðabók stjórnarfunda og skal ritari stjórnarinnar lesa fundargerð í lok hvers fundar og undirrita hana ásamt formanni, þegar hún hefur verið samþykkt.

10. gr.

Stjórn félagsins hefur umsjón með vatnsveitunni, annast reikningshald hennar og innheimtu á gjöldum til félagsins. Hún sér um viðhald og viðgerðir á vatnsbóli og aðalleiðslu.

Viðhald heimæða og umbúnað í húsum annast félagsmenn hver hjá sér.

11. gr.

Samþykkt þessari má ekki breyta, nema á aðalfundi, enda hafi breytinganna verið getið í fundarboði og séu að minnsta kosti $\frac{2}{3}$ félagsmanna samþykkir þeim.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af Vatnsveitufélaginu Þorsta í Hrunamannahreppi, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 23. febrúar 1966.

F. h. r.
Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Hússjóð Öryrkjabandalags Íslands, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 22. febrúar 1966. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Hússjóðs Öryrkjabandalagsins.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Hússjóður Öryrkjabandalagsins og er heimili hans og varnarþing í Reykjavík.

2. gr.

Sjóður þessi er stofnaður af Öryrkjabandalaginu, Blindravinafélagi Íslands, Geðverndarfélagi Íslands, Sambandi islenskra berkla sjúklinga, Sjálfsbjörg landsambandi fatlaðra, Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra, Styrktarfélagi vangefinna. Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun og bera eigendur hans enga ábyrgð á skuldbindingum hans. Önnur öryrkjafélög geta síðar gerzt aðilar að sjóði þessum.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 100 000.00, sem stofnendur hafa lagt fram þannig:

1. Öryrkjabandalagið	kr. 40 000.00
2. Blindravinafélag Íslands	— 10 000.00
3. Geðverndarfélag Íslands	— 10 000.00
4. Samband islenskra berkla sjúklinga	— 10 000.00
5. Sjálfsbjörg landsamband fatlaðra	— 10 000.00
6. Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra	— 10 000.00
7. Styrktarfélag vangefinna	— 10 000.00

Samtals kr. 100 000.00

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir af stofnfé, gjafir og áheit, svo og venjulegar tekjur af fasteignum.

5. gr.

Hlutverk sjóðsins er að eiga og reka íbúðarhús fyrir öryrkja. Tilgangi sínum hyggst sjóðurinn ná bæði með því að kaupa húsnæði í þessum tilgangi, svo og byggja hús. Íbúðarhúsnæði þetta mun sjóðurinn leigja öryrkjum fyrir hæfilegt verð. Aldrei má sjóðurinn leigja íbúðarhúsnæðið öðrum en öryrkjum og öryrkjastofnunum, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skulu skipa 5 menn. Skulu 4 kosnir af stjórn Öryrkjabandalagsins til þriggja ára í senn. Einn stjórnarmanna skal tilnefndur af félagsmálaráðherra. Stjórnin kys sér formann, ritara og gjaldkera. Heimilt er stjórninni að ráða framkvæmdastjóra, er veita má venjulegt prókúrumboð.

7. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda, sem áritar þá. Stjórnin skal senda reikningana með áritun endurskoðanda til allra aðildarfélaganna fyrir marzlok ár hvert.

8. gr.

Undirskrift formanns og tveggja meðstjórnenda bindur sjóðinn gagnvart þriðja manni.

9. gr.

Skipulagsskrá þessari verður ekki breytt, nema allir stjórnendur samþykki og samþykkt sé af stjórn Öryrkjabandalagsins.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 1. nóvember 1965.

Öryrkjabandalagið.

Svavar Pálsson. Helgi Tryggvason. Kristinn Björnsson.
Þórður Benediktsson. Sigursveinn D. Kristinsson. Oddur Ólafsson.

Blindravinafélag Íslands.

Helgi Tryggvason. Helgi Eliasson. Þorsteinn Bjarnason.

Geðverndarfélag Íslands.

Kristinn Björnsson. Áslaug Sívertsen. Tómas Helgason.

Samband íslenzkra berkla sjúklinga.

Þórður Benediktsson. Kjartan Guðnason. Oddur Ólafsson.
Júlíus Baldvinsson. Árni Einarsson.

Sjálfsbjörg landssamband fatlaðra.

Theodór A. Jónsson. Ólöf Ríkarðsdóttir. Eiríkur Einarsson.

Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra.

Svavar Pálsson. Eggert Brynjólfsson. A. G. Þormar.

Styrktarfélag vangefinna.

Hjálmar Vilhjálmsson. Guðm. St. Gíslason.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Sauðárkróks.

I. RAFORKA

Rafveita Sauðárkróks selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 5.00 hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á kr. 2.25 hverja kwst., auk fastagjalds af rúmi því, sem lýsa skal, er nemi kr. 19.00 á ári af hverjum ferm. gólfflatar í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 6.30 á ári af hverjum ferm. Einnig greiðist grunnjald, kr. 600.00 á ári.

B. Almenn heimilisnotkun.

Um kwst.mæli þannig reiknað:

- | | |
|--|---------------------|
| a. Grunnjald | kr. 10.00 á mánuði. |
| b. Orkugjald af allri notkun | — 1.10 kwst. |
| c. Fastagjald af hverju herbergi | — 10.00 á mánuði. |

Til herbergja í íbúð skal telja öll herbergi, sem ætluð eru sem íveruherbergi og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur. Herbergi, sem er minna en 5 ferm., skal telja sem hálf, en stærra en 25 ferm. sem tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 ferm. má miða við samanlagt flatarmál þeirra, þannig að hverjir 10 ferm. jafngildi einu herbergi og 5 ferm. hálfu herbergi.

C. Vélanotkun.

1. Um kwst.mæli á kr. 2.90 hverja kwst.
2. Til matvælaíðnaðar, ef uppsett vélaafli fastra véla er yfir 20 kw. og notandi skuldbindur sig til að greiða sem svarar minnst 1000 kwst. ársnotkun á hvert kw. vélanna um kwst.mæli:
 - a. Á 96 aura hverja kwst., enda megi rjúfa strauminn á allt að 2 klst. á tímum mesta álags rafveitunnar.
 - b. Á 140 aura hverja kwst. án skilyrða um lokun fyrir straum.
3. Um afl- og orkumæli þannig reiknað:
 - a. Aflgjald af notuðu afli
 - b. Orkugjald af allri notkun

Aflnotkunin mælist sem meðalálag yfir stundarfjórðung.

Minnsta aflgjald er kr. 14 000.00 á ári.

D. Hitun.

Um kwst.mæli á 40 aura hverja kwst., enda sé minnsta notkun 6000 kwst. á ári. Sala á raforku eftir þessum gjaldskrárlíð er háð því skilyrði, að straumurinn sé rofinn í allt að 3 klst. á dag á mesta álagstíma um hádegi og síðdegis, en ekki lengur en 1½ klst. í senn. Rafveitustjóri ákveður lokunartíma hjá hverjum notanda.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

- Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- Að klukkurofar séu fánlegir og notandi kosti tengingu þeirra og greiði leigu af þeim samkvæmt reglum, sem gilda um leigu mæla.
- Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofa og hitastillir notaður.

E. Önnur raforkunotkun.

- Raforku til suðu má selja til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 1.10 hverja kwst., enda notkunin mæld um sérmæli og suðutækin fasttengd.
- Til nota um vinnulagnir við byggingar meðan á byggingu stendur um kwst.-mæli á kr. 2.90 hverja kwst.
- Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kwst.mæli á 33 auru hverja kwst., enda sé straumurinn rofinn frá kl. 8.30 til kl. 22.
- Raforka til götu- og hafnarlýsingar á kr. 1.40 hverja kwst.
- Raforku til ljósa í beituskúrum má selja án mælis á kr. 3800.00 árskw., enda sé spennan þá 32 volt og skriflegir samningar gerðir við neytendur um notkunina. Innifalinn í verðinu er raforkuskattur.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu sem hér segir:

- Af einfasa mælum 30 amp. og minni kr. 8.00 á mánuði.
- Af þrífasa mælum 50 amp. og minni — 13.00 — —
- Af þrífasa mælum 50—100 amp. — 18.00 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu.

Fari lengd jarðstrengsheimtaugar fram úr 15 m, skal greitt yfirlengdargjald eins og taflan sýnir.

Málstraumur stofnvara	Jarðstrengur	
	Lágmark kr.	Yfirlengd kr./m.
60 A 1-fasa	3 800	308
100 A 1-fasa	5 830	330
60 A 3-fasa	6 050	330
100 A 3-fasa	9.240	385
125 A 3-fasa	11 440	440
200 A 3-fasa	18 150	556
350 A 3-fasa	31 790	770

Af loftlínuheimtaug reiknast gjald, sem er 20% lægra en að framan greinir fyrir heimtaug allt að 40 m. Það sem þar fer fram yfir, greiðist samkvæmt kostnaði.

Lengd jarðlínuheimtaugar 60—200 A reiknast frá varkassa stytzu greiðfæra leið að lóðarmörkum. Lengd stærri jarðlínuheimtaugar reiknast frá varkassa að

rofalínudreifistöð. Yfirlengd reiknast ekki af vegalengd, sem er umfram 100 m frá varkassa.

Óski húseigandi eftir að heimtaug verði breytt úr 1-fasa heimtaug, eða flutningsgeta jarðstrengsheimtaugar verði aukin, skal hann greiða fyrir breytinguna samkvæmt kostnaði, þó aldrei minna en mismun á heimtaugargjaldi skv. gjaldskrá.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Sauðárkróksbæjar. Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húseiganda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina skv. kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald skv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veituna, skal taka gjald fyrir enduroppnun 100 kr.
2. Ef fundin er við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt 200 króna gjald á skrifstofu rafveitunnar.

V. ÝMIS ÁKVÆÐI

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í I. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytis, enda sé breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Söluskattur samkvæmt lögum nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari viðaukum og breytingum, er talinn með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í gjaldskrá þessari.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir rafveituna, nr. 144 31. júlí 1963.

Atvinnumálaráðuneytið, 24. febrúar 1966.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt í Staðarsveit, Snæfellsnessýslu.

Fasteignaskatt í Staðarsveit skal innheimta með 100% álagi eins og hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1965.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964, 5. gr., sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 26. febrúar 1966.

Magnús Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Ástu Guðrúnar Pálsdóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 28. febrúar 1966.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Ástu Guðrúnar Pálsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Ástu Guðrúnar Pálsdóttur frá Haukatungu, f. 28. nóvember 1910, d. 3. september 1962.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af kvenfélaginu Björk í Kolbeinsstaðahreppi, til minningar um Ástu Guðrúnu Pálsdóttur, sem var ritari í stjórn félagsins frá árinu 1943 til dauðadags 1962.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 5000.00. Sjóðinn skal ávaxta í bankastofnun.

4. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja skrudgarð við félagsheimilið Lindartungu í Kolbeinsstaðahreppi ásamt líknarmálum.

5. gr.

Sjóðnum skal afla tekna með sölu á minningarspjöldum og sölu á jólakortum, sem einkum séu gerð með myndum úr Kolbeinsstaðahreppi. Enn fremur tekur sjóðurinn við gjöfum, svo sem minningargjöfum og áheitum. Leggjast slíkar gjafir við höfuðstól sjóðsins.

6. gr.

Ekki má veita fé úr sjóðnum fyrr en höfuðstóll hans nemur kr. 10 000.00. Þann höfuðstól má aldrei skerða, en vexti af höfuðstól og aðrar tekjur, sem sjóðnum kann að áskotnast, má nota jafnóðum.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 3 konum úr kvenfélaginu Björk í Kolbeinsstaðahreppi. Sé hún kosin til 3 ára í senn.

8. gr.

Stjórnin skal halda gerðabók fyrir sjóðinn, þar sem bókaðar séu allar ákvarðanir stjórnarinnar, um styrkveitingar og annað varðandi sjóðinn, meðal annars reikningar hans.

Fremst í gerðabókina skal færa skipulagsskrá þessa.

9. gr.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið og skulu endurskoðendur hans vera hinir sömu og kvenfélagsins Björk í Kolbeinsstaðahreppi á hverjum tíma.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

S A M Þ Y K K T

fyrir Vatnsveitufélag Teigsbæja og Smáratúns í Fljótshlíðarhreppi í Rangárvallasýslu.

1. gr.

Félagið heitir Vatnsveitufélag Teigsbæja og Smáratúns. Heimili þess og varnarping er í Fljótshlíðashreppi, Rangárvallasýslu.

2. gr.

Markmið félagsins er að sjá býlum á félagssvæðinu fyrir vatni.

3. gr.

Stofnendur félagsins eru ábúendur býlanna: Teigur I, Teigur II, Teigur III og Smáratúns. Hver stofnandi greiði kr. 2000.00 sem stofngjald.

4. gr.

Vatnsskatt skal innheimta árlega. Skal félagsstjórnin ákveða upphæð hans þannig fyrir hvert reikningsár, að nægi til greiðslu vaxta, afborgana og viðhalds. Vatnsskatt má taka með lögtaki ef ekki er staðið í skilum. Eignir félagsins standa til fullnægingar skuldbindingum þess. Enginn félagsmaður ber ábyrgð á skuldbindingum félagsins umfram þau gjöld, sem honum er gert að greiða samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar.

5. gr.

Félagsstjórn er skylt að boða til fundar, ef þrír félagar eða tveir stjórnarmenn krefjast þess, enda greini þeir tilefni kröfunnar.

6. gr.

Félagsfundur er lögmætur ef helmingur félagsmanna sækir hann, enda hafi verið löglega til hans boðað. Fundur er löglega boðaður, ef hverjum félagsmanni er tilkynnt fundarboðið bréfluga eða persónulega með fimm daga fyrirvara. Á félagsfundi hafa allir félagsmenn jafnan rétt og ræður afl atkvæða úrslitum.

7. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Til hans skal boða með viku fyrirvara, bréfluga eða persónulega. Aðalfundur er lögmætur ef $\frac{3}{4}$ félagsmanna sækja hann. Hafi þrisvar sinnum verið boðað til aðalfundar vegna ónógrar fundarsóknar, telst þriðji fundurinn lögmætur hver sem fundarsóknin er. Á aðalfundi skulu teknar ákvarðanir um starfsemi félagsins á árinu, lagðir fram endurskoðaðir reikningar þess og kosnir 3 menn í stjórn félagsins og 2 endurskoðendur til eins árs í senn. Liggi önnur mál fyrir aðalfundi en venjuleg aðalfundarstörf, skal þess getið í fundarboði.

8. gr.

Stjórn félagsins skiptir með sér verkum. Starf stjórnar og endurskoðenda skulu ólaunuð. Formaður kveður stjórnina saman til fundar og boðar félagsfundi og aðalfundi.

Stjórnarfundir eru því aðeins lögmætir, að allir stjórnarmenn séu mættir. Færa skal gerðabók stjórnarfunda og skal ritari stjórnarinnar lesa fundargerð í lok hvers fundar og undirrita hana, ásamt formanni þegar hún hefur verið samþykkt.

9. gr.

Stjórn félagsins hefur umsjón með vatnsveitunni, annast reikningshald hennar og innheimtu á gjöldum til félagsins. Hún sér um viðgerðir og viðhald á vatnsveitunni. Viðhald heimæða og umbúnaðar í húsum annast félagsmenn hver hjá sér.

10. gr.

Samþykkt þessari má ekki breyta nema á aðalfundi, enda hafi breytinganna verið getið í fundarboði og séu að minnsta kosti $\frac{2}{3}$ félagsmanna samþykkir þeim.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af Vatnsveitufélagi Teigsbæja og Smáratúns í Fljótshlíðarhreppi, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 1. marz 1966.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

S A M Þ Y K K T

fyrir Vatnsveitufélag Grjótár, Arngeirsstaða og Bollakots í Fljótshlíðarhreppi.

1. gr.

Félagið heitir Vatnsveitufélag Grjótár, Arngeirsstaða og Bollakots í Fljótshlíðarhreppi í Rangárvallasýslu.

2. gr.

Markmið félagsins er að sjá býlum á félagssvæðinu fyrir vatni.

3. gr.

Stofnendur félagsins eru ábúendur býlanna: Grjótár, Arngeirsstaða og Bollakots. Hver stofnandi greiði kr. 1000.00 sem stofngjald.

4. gr.

Ábúendur nýrra býla á félagssvæðinu má taka í félagið með samþykki lög-mæts aðalfundar. Nýr félagismaður greiði sem stofngjald kr. 1000.00. Þó getur fé-lagsfundur ákveðið aðra upphæð, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Nýr fé-lagsmaður verður að kosta allar framkvæmdir, sem gera verður sérstaklega, til þess að hann geti notað mannvirki félagsins.

5. gr.

Vatnsskatt skal innheimta árlega. Skal félagsstjórn ákveða upphæð hans þannig fyrir hvert reikningsár, til greiðslu vaxta, afborgana og viðhalds. Vatnsskattur greiðist í hlutfalli við stofngjald hvers aðila. Vatnsskatt má taka með lögtaki ef ekki er staðið í skilum. Eignir félagsins standa til fullnægingar skuldbindingum þess. Enginn félagismaður ber ábyrgð á skuldbindingum félagsins umfram þau gjöld, sem honum er gert að greiða samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar.

6. gr.

Félagsstjórn er skylt að boða til fundar ef þrír félagar eða 2 stjórnarmenn krefjast þess, enda greini þeir tilefni kröfunnar.

7. gr.

Félagsfundur er lögmætur, ef helmingur félagsmanna sækir hann, enda hafi verið löglega til hans boðað. Fundur er löglega boðaður, ef hverjum félagsmanni er tilkynnt fundarboðið bréflega eða persónulega með fimm daga fyrirvara. Á félagsfundi hafa allir félagsmenn jafnan rétt og ræður afl atkvæða úrslitum.

8. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Til hans skal boða með viku fyrirvara, bréflega eða persónulega. Aðalfundur er lögmætur ef $\frac{3}{4}$ félagsmanna sækja hann. Hafi þrisvar sinnum verið boðað til aðalfundar vegna ónógrar fundarsóknar, telst þriðji fundurinn lögmætur, hver sem fundarsókn er. Á aðalfundi skulu teknar ákvarðanir um starfsemi félagsins á árinu, lagðir fram endurskoðaðir reikningar þess og kosnir 3 menn í stjórn félagsins og tveir endurskoðendur til eins árs í senn. Liggi önnur mál fyrir aðalfundi, en venjuleg aðalfundarstörf, skal þess getið í fundarboði.

9. gr.

Stjórn félagsins skipar með sér verkum. Starf stjórnar og endurskoðenda skulu ólaunuð. Formaður kveður stjórnina saman til fundar og boðar félagsfundi og aðalfundi. Stjórnarfundir eru því aðeins lögmætir að allir stjórnarmenn séu mættir. Færa skal fundarbók gerðafunda og skal ritari stjórnar lesa fundargerð í lok hvers fundar og undirrita hana ásamt formanni þegar hún hefur verið samþykkt.

10. gr.

Stjórn félagsins hefur umsjón með vatnsveitunni, annast reikningshald hennar og innheimtu á gjöldum til félagsins. Hún sér um viðhald og viðgerð á vatnsveitunni. Viðhald heimæða og umbúnaðar í húsum annast hver hjá sér.

11. gr.

Samþykkt þessari má ekki breyta nema á aðalfundi, enda hafi breytinganna verið getið í fundarboði og séu að minnsta kosti $\frac{2}{3}$ félagsmanna samþykkir þeim.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af Vatnsveitufélagi Grjótár, Arngeirsstaða og Bollakots í Fljótshlíðarhreppi, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 1. marz 1966.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ**um fasteignaskatt í Siglufjarðarkaupstað.**

Fasteignaskatt í Siglufjarðarkaupstað skal innheimta með 200% álagi eins og hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964, 5. gr., sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 2. marz 1966.

Magnús Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

REGLUGERÐ**um breyting á reglugerð nr. 251 31. des. 1965, um breyting á reglugerð fyrir vatnsveitu Kópavogskaupstaðar nr. 183 12. des. 1958.**

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Fyrsta málsgr. 10. gr. reglugerðar nr. 183/1958 orðist svo:

Af hverju íbúðarhúsi, sem aðstöðu hefur til að nota vatnsveitu kaupstaðarins, skal greiða árlegan vatnsskatt til vatnsveitunnar 2% af fasteignamatsverði, en þó er lágmarksupphæð skattsins kr. 500.00 af hverri íbúð.

Greinin óbreytt að öðru leyti.

Reglugerðarbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 4. marz 1966.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

G J A L D S K R Á**Rafveitu Borgarness.****I. KAFLI****RAFORKUSALA**

Rafveita Borgarness selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

I. Almenn notkun.

1. Um kwst.mæli á 100 aura hverja kwst., auk fastagjalds, er reiknast þannig.
 - A 1. **Til lýsingar:**
140 aura á mánuði af hverjum m² gólfflatar í rúmi því, er lýsa skal. Þó skal aðeins reikna helming gólfflatar til gjalda í geymslum og göngum o. þ. h.
 - B 1. **Til heimilisnotkunar:**
10 krónur á mánuði fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar, og eldhús. Herbergi, sem er minna en 5 m², skal reikna sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö.
 - C 1. **Til véla:**
24 krónur á mánuði fyrir hvert kw. í ástimpluðu rafafli fastra vinnuvéla.
2. Um kwst.mæli, án fastagjalds, þannig:
 - A 2. **Til lýsingar og ýmissa nota, sem ekki verða felld undir aðra liði gjaldskrárinnar:**
410 aura fyrir hverja kwst.
 - B 2. **Til véla og til vinnulagna í byggingum í smíðum:**
230 aura fyrir hverja kwst. — Ársnotkun umfram 300 kwst. á hvert kw. í ástimpluðu rafafli vinnuvéla greiðist með 100 aurum hver kwst.
 - C 2. **Til véla í matvælaíðnaði:**
68 aura fyrir hverja kwst., enda sé uppsett rafafli fastra vinnuvéla yfir 40 kw, og árlegur nýtingartími vélanna eigi skemmri en 1200 kwst. á hvert uppsett kw. þeirra.
Rafveitan áskilur sér rétt til að rjúfa strauminn í allt að 1½ klst. um hádegis, á mesta álagstíma.
 - D 2. **Til götu- og hafnarlýsingar:**
130 aura fyrir hverja kwst.
3. Um mesta álagsmæli:
 - A 3. **Til atvinnufyrirtækja með uppsettu rafvélaafli yfir 40 kw.:**
1500 krónur fyrir hvert kw. mesta álags á árinu og 18 aura fyrir hverja kwst.

II. Hitanotkun.

Um kwst.mæli á:

- E 1. 55 aura kwst. án rofs.
- E 2. 32 aura kwst. með allt að 1½ klst. rofi á sólarhring.
- E 3. 30 aura kwst. með allt að 2½ klst. rofi á sólarhring.
- E 4. 24 aura kwst. með allt að 4½ klst. rofi á sólarhring.
- E 5. 17 aura kwst. með allt að 14½ klst. rofi á sólarhring.

Gjaldið breytist með útsöluverði á dísilolíu í Reykjavík á hverjum tíma, en miðast hér við grunnverðið 163 aura á olíulítra. Gjaldið standi jafnan á heilum eða hálfum eyri.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

- a. Að raforka sé aflögu vegna annarrar notkunar (forgangsnotkunar) að dómi rafveitustjóra.
- b. Að vélaafl, spennar og línur þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- c. Að straumur sé rofinn á tilskildum tíma með sjálfvirkum rofa, og kosti notandi tengingu rofans og greiði leigu af honum skv. 2. kafla.
- d. Að tæki, lagnir og allur búnaður í sambandi við rafmagnshitunina sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og settum reglum, m. a. ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.
- e. Að notkun um mæli hitalagnarinnar sé eigi minni en 6000 kwst. á ári.

Þegar sérstaklega stendur á er rafveitustjóra heimilt að tilskyldu samþykki rafveitunefndar, að selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti.

II. KAFLI**MÆLA- OG ROFALEIGA**

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notanda, sem skal greiða leigu af mælitækjum samkvæmt eftirfarandi:

- | | |
|--|--------------------|
| 1. Af einfasa kwst.mælum, allt að 30 amp. | kr. 5.00 á mánuði. |
| 2. Af þrífasa kwst.mælum, 50 amp. og minni | — 10.00 — — |
| 3. Af þrífasa kwst.mælum, yfir 50 amp. til 200 amp. | — 24.00 — — |
| 4. Af þrífasa kwst.mælum, 200 amp. | — 36.00 — — |

Af klukkurofum skal greiða leigu sem hér segir:

- | | |
|---|---------------------|
| 1. Af ein- eða tvíþóla kl.rofa 40 amp. og minni | kr. 32.00 á mánuði. |
| 2. Af þríþóla kl.rofa 60 amp. | — 40.00 — — |
| 3. Af þríþóla kl.rofa 60 amp. til 200 amp. | — 50.00 — — |
| 4. Af þríþóla kl.rofa yfir 200 amp. | — 64.00 — — |
| 5. Af þríþóla fjarstýrandi klokkurofa | — 10.00 — — |

Af öðrum mælitækjum og rofum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði tækisins. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. KAFLI**OPNUNARGJÖLD**

- 1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal gjald fyrir enduroppun kr. 100.00.
- 2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafar-

laust, og verður hún eigi opnuð fyrr en notandi hefur greitt kr. 100.00 gjald til skrifstofu rafveitunnar.

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í 1. kafla þessarar gjaldskrár um allt að 20% án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda sé breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

IV. KAFLI

TENGIGJÖLD (HEIMTAUGARGJÖLD)

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir húsveitu.

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða tengigjald sem hér segir:

1. Tengigjöld miðuð við flutningsgetu heimtauga.

Gjald- skrárliður nr.	Málstraumur stofnvara		Flutningsgeta miðuð við stærð stofnvara kVA	Tengigjald jarð- strengs allt að 15 m eða loftlínu allt að 30 m skv. jöfnu $1200 + 120 \times \text{kVA}$ kr.
	í 3×200 v kerfi amp.	í 3×380 v kerfi amp.		
1.1	2×60	1×60	13	2 760.00
1.2	3×60	2×60	22	3 840.00
1.3	3×100	3×60	38	5 760.00
1.4		3×100	66	9 120.00
1.5	3×200		76	10 320.00
1.6	3×350	3×200	132	17 040.00
1.7		3×350	231	28 920.00

Fyrir aðrar stærðir stofnvara en hér eru taldar, skal reikna tengigjald eftir sömu jöfnu og að ofan.

Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stytztu greiðfæra leið að varkassa.

Yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern metra umfram fyrstu 15 metrana, þannig $Y_j = (240 + 3 \times \text{kVA})$ kr/m.

Yfirlengdargjald loftlínu reiknast á hvern metra umfram fyrstu 30 metrana, þannig: $Y_1 = (40 + 2 \times \text{kVA})$ kr/m, að viðbættum 2000.00 á hvern stólpa í umframlínu.

2. Tengigjöld miðuð við stærðir spenna.

Gjald- skrárliður nr.	Stærð spennis kVA	Tengigjald skv. jöfnu $1200 + 120 \times \text{kVA}$ kr.	Gjald- skrárliður nr.	Stærð spennis kVA	Tengigjald skv. jöfnu $1200 + 120 \times \text{kVA}$ kr.
2.2	300	37 200.00	2.4	750	91 200.00

Fyrir aðrar stærðir spenna en hér eru taldir, skal reikna tengigjaldið á sama hátt.

Tengigjald skal reikna eftir þessum gjaldskrárlið, þegar spennistöð er byggð að mestu eða öllu leyti í þágu eins notanda. Skal notandi þá leggja til lóð eða húsnaði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra vegna staðsetningar stöðvarinnar. Húsnaðið skal fullnægja að öllu leyti settum skilyrðum um gerð spennistöðvarhúss. Kostnaður notandans við gerð húsnaðis

fyrir spennistöðina kemur til frádráttar tengigjaldi skv. þessari gjaldskrá, þó aldrei meiri frádráttur en tengigjaldinu nemur.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan Borgarneshrepps. Í óskipulögðum hverfum greiðist tengigjald eftir kostnaði, skv. reikningi rafveitunnar.

Tengigjald fellur í gjalddaga, þegar setningu heimtaugar eða byggingu spennistöðvar er lokið.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá fyrir Rafveitu Borgarness, nr. 56 12. apríl 1960.

Atvinnuáráðuneytið, 5. marz 1966.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

Nr. 55.

4. marz 1966.

S A M Þ Y K K T

fyrir Veiðifélag Breiðdæla.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Breiðdæla.
Heimili þess og varnarþing er Breiðdalsvík.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Breiðdalsá, Norðurdalsá, Tinnudalsá og Þverám og lækjum, sem í þær renna, en þær eru Ós, Lágafell, Eyjar, Skjöldólfsstaðir, Fagridalur, Brekkuborg, Randversstaðir, Skriða, Skriðustekkur, Flaga, Ánastaðir, Þorgrímsstaðir, Höskuldsstaðasel, Höskuldsstaðir, Jörvík, Ásunnarstaðir, Árgarður, Hóll, Innri-Kleif, Ytri-Kleif, Kleifarstekkur, Skarð, Tóarsel, Tungufell, Þorvaldsstaðir I og II, Hlíðarendi, Þrastahlíð, Gilsá, Gilsárstekkur, Eydalir, Fellsós, Fell, Ormstaðir og Þverhamar I til VIII, Holt og Breiðdalsvík.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu, og að leigja það til stangarveiði. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrjú menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helzt svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda í maímánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, gjaldskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVII. kafla laga nr. 53/1957, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 4. marz 1966.

Ingólfur Jónsson.

Jón L. Arnalds.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Rafveitu Akureyrar, nr. 47 18. marz 1964.

I. og II. kafli gjaldskrárinnar orðist svo:

I. RAFORKA

Rafveita Akureyrar selur raforku á þann hátt og á því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 5.00 hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á kr. 1.44 hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 720.00 á ári fyrir 25 m² gólflöt eða minna af gólffleti af rúmi því, er lýsa skal, og kr. 22.00 fyrir hvern ferm. umfram 25 m². Þennan gjaldskrárlið má nota í verzlunum fyrir kæliskápa og 1-fasa mótoru upp að 3 kw. og greiði notandi aukagjald fyrir hvert kw. sem svarar til gjalds fyrir 15 fermetra gólfflatar á ári.

B. Almenn heimilisnotkun.

1. Um tvo kwst.mæla, annan til ljósa, hinn til suðu og hitunar. Á ljósamælinn reiknast ljósagjald kr. 5.00 á kwst., en á hinn mælinn kr. 1.34 á kw.
2. Um einn kwst.mæli fyrir alla notkun á heimilinu á kr. 1.06 hverja kwst. Auk þess greiðist fastagjald kr. 1.06 á mánuði af hverjum fermetra gólfflatar íbúðarherbergja.

Við útreikning á gólfleti skal telja öll herbergi, sem eru ætluð til íbúðar, og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur. Tekið skal tillit til, ef um súðarherbergi eða þvílíkt er að ræða.

C. Vélanotkun.

1. Um kwst.mæli á kr. 2.49 fyrir hverja kwst. Þó skal minnsta árgjald vera kr. 420.00 á hvert kw. í málaun vélanna.
2. Um mesta straumsmæli, ef um meira en 5 kw er að ræða og notkunartími er meiri en 500 klst. á ári, þannig:

Kr. 776.00 fyrir fyrstu 50 kw.

Kr. 637.00 fyrir umfram 50 kw.

Auk þess skal greiða kr. 0.41 fyrir fyrstu 200 000 kwst. ársnotkun og kr. 0.33 fyrir umfram 200 000 kwst.

3. Ef um meira en 5 kw. er að ræða og ársnotkunin er meiri en 500 kwst. á ári, á kr. 1.45 hverja kwst.
4. Rafmagn til súgþurrkunar á kr. 0.39 fyrir hverja kwst.

D. Hitun.

1. Um kwst.mæli á kr. 0.40 hverju kwst., enda megi þá rjúfa strauminn með klukkurofa í þrjár klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó ekki lengur en $1\frac{1}{2}$ klst. í senn.
2. Um tvígjaldsmæli á kr. 0.29 hverja kwst. frá kl. 23 til kl. 8 og á kr. 0.55 hverja kwst. frá kl. 8 til kl. 23.
3. Um kwst.mæli á kr. 0.21 hverja kwst. ef straumurinn er rofinn frá kl. 8 til kl. 23.
4. Til hitunar í iðnaði:
 - a. Á kr. 0.58 hverja kwst., enda sé þá minnsta notkun 10 000 kwst. á ári.
 - b. Um tvígjaldsmæli á kr. 0.36 hverja kwst. frá kl. 23 til kl. 8 og á kr. 0.73 hverja kwst. frá kl. 8 til kl. 23.

Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

- a. Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- b. Að notandi kosti tengingu klukkurofa fyrir hitalögnina og greiði leigu fyrir hann samkvæmt reglum er gilda um leigu mæla.
- c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerðar samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir og hitastillar notaðir.

E. Önnur notkun.

1. Rafveitustjórn getur með sérstökum samningi selt raforku þeim notendum, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu, með því skilyrði, að stöðva megi raforkusölu til þeirra hvenær sem þarf, að dómi rafveitustjóra.
2. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri, í samráði við rafveitustjórn, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert sinn.
3. Gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu ákveður bæjarstjórn.

II. MÆLALÉIGUR

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir veitu hverri, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu af mælitækinu samkvæmt eftirfarandi skrá:

Tegund mælitækis:	Upp að 30 Amp. kr.	35—50 Amp. kr.	50—100 Amp. kr.	100—500 Amp. kr.	Yfir 500 Amp. kr.
1-fasa kwst.mælar	67.20	81.60	88.80		
3-fasa kwst.mælar	112.80	171.60	224.40	373.20	820.80
Tvígjalds- og mestastraumsmælar ..	164.40	224.40	373.20	600.00	1 200.00
Klukkurofar og skiptíkl.	285.60				

Af öðrum tækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal leigan vera sem næst 15% af mælitækisverðinu, og semur rafveitustjóri nánari skrá um leiguna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 8. marz 1966.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

G J A L D S K R Á

Rafveitu Vatnsleysustrandarhrepps, Gullbringusýslu.

I. RAFORKA

Rafveita Vatnsleysustrandarhrepps selur raforku á þann hátt og á því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 5.20 hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á kr. 1.90 hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 25.30 á ári af hverjum fermetra gólfplatá í rúmi því er lýsa skal. Fullt fermetratal skal greiða af góffleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 7.80 af fermetra á ári.

B. Almenn heimilisnotkun.

Um kwst.mæli á kr. 1.15 hverja kwst. Auk þess skal greiða fastagjald kr. 9.20 á mánuði af hverju herbergi íbúðar. Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar, og eldhús. Herbergi, sem er minna en 5 m², skal teljast sem hálf, en stærra en 25 ferm., sem tvö. Leiga af einum mæli er innifalið í fastagjaldinu.

Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er undir 10 ferm., má miða við sameiginlegt flatarmál þeirra, þannig, að hverjir 10 ferm. jafngildi einu herbergi, og 6 ferm. hálfu herbergi.

C. Vélnotkun.

1. Um kwst.mæli á kr. 2.82 hver kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds kr. 575.00 á hvert kw. vélanna.
2. Til fiskiðnaðar, með fasttengdum vélum kr. 1.15 hver kwst.
3. Ef uppsett rafvélaafl fastengdra véla við fisk-, kjöt- eða mjólkuriðnað er yfir 20 kw.
 - a. Um kwst.mæli á kr. 0.84 hver kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en $1\frac{1}{2}$ klst. í senn. Notandi kosti klukkurofa fyrir vélarnar eða tvígjaldsmæli, sem settur er til eftirlits með að rofið sé á tilskildum tíma.
 - b. Um tvígjaldsmæli á kr. 5.00 hver kwst. í $1\frac{1}{2}$ klst. tvisvar sinnum á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en kr. 0.84 hver kwst. utan þess tíma.
 - d. Um tvígjaldsmæli á kr. 5.00 hver kwst. í $1\frac{1}{2}$ klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó eigi lengur en 1 klst. í senn, en á kr. 0.90 hver kwst. utan þess tíma.
4. Um mæli á kr. 1020.00 fyrir hvert kw. mesta notaðs afls á árinu, mælt sem 15 mínútna meðalalag, og auk þess kr. 0.58 á notaða kwst.
5. Ef ekki eru tók á að mæla mesta notað afl, má selja þannig: Um kwst.mæli á kr. 665.25 fyrir hvert uppsett kw. vélanna, og auk þess kr. 0.58 á notaða kwst.

D. Hitun.

1. Um kwst.mæli á kr. 0.44 hverja kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en $1\frac{1}{2}$ klst. í senn.
2. Um kwst.mæli á kr. 0.18 hverja kwst., í 9 klst. á tímanum frá kl. 22.00 til 7.00.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

- a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- b. Að notandi setji klukkurofa fyrir hitalögnina, og kosti viðhald þeirra. Þó getur rafveitustjóri ákveðið að rafveitan leggi til rofa og annist viðhald þeirra. Kostar þá notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim, samkvæmt reglum, sem gilda um leigu mæla.
- c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum, og hitastillar notaðir.

D. Önnur raforkusala.

1. Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða, á kr. 1.50 hverja kwst., enda sé notkunin mæld með sérmæli og suðutæki fasttengd.
2. Til nota um vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kwst.mæli á kr. 2.90 hverja kwst.
3. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kwst.mæli á kr. 0.48 hverja kwst., ef straumur er rofinn frá kl. 8.30 til kl. 22.00 eða um tvígjaldsmæli á kr. 0.48 hverja kwst. á tímanum frá kl. 22.00 til kl. 8.30 og kr. 1.15 hverja kwst. frá kl. 8.30 til kl. 22.00.
4. Til gatnalýsingar á kr. 1.15 hverja kwst.

Alla rafmagnsnotkun, sem ótalin er, og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A—1. Þegar sérstaklega stendur á, má

rafveitustjóri þó, að tilskyldu samþykki rafveitustjórnar, veita afslátt frá gjaldskrárlið C—E (báðir meðtaldir) á orku, sem notuð er á sumrum, sé um verulega aukningu frá vetrarnotkun að ræða.

Enn fremur að selja orku eftir stérstökum samningi, sé það hagstætt vegna orkunýtingar rafveitunnar.

II. MÆLALEIGUR

Rafveitustjóra ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notendur, sem skulu greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa mælum upp að 30 amp. kr. 7.50 á mánuði.
2. Af þrífasa mælum upp að 50 amp. — 9.50 — —
3. Af þrífasa mælum 50 amp. til 200 amp. — 24.00 — —
4. Af þrífasa mælum yfir 200 amp. — 34.50 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir hverja húsveitu. Umsækjandi heimtaugar skal gera grein fyrir væntanlegri notkun húsnæðis og helztu raforkunotkun.

Ein heimtaug er lögð að hverri eign (á sömu lóð) og skal greitt heimtaugargjald af hverri heimtaug (spennistöð) fyrir allt að 15 m jarðstrengsheimtaug og allt að 30 m loftlínuheimtaug frá loftlínukerfi samkvæmt eftirfarandi töflu:

Gjaldskrárliður	Málstraumur stofnvara		Hámarksafl kva.	Heimtaugargjald.
	í 3 × 220 W. Kerfi. Amp.	í 3 × 380 W. Kerfi. Amp.		
1.	2 × 60	1 × 20	13	4 600.00
2.	3 × 60	2 × 60	22	6 095.00
3.	3 × 100	3 × 60	38	8 740.00
4.			50 sp.	10 350.00
5.		3 × 100	66	14 375.00
6.			75	17 480.00
7.			100 sp.	20 700.00
8.	3 × 350	3 × 300	132	28 692.50
9.			150 sp.	32 910.00
10.			200 sp.	41 400.00
11.		3 × 350	231	47 725.00
12.			300	65 840.00
13.			300	110 000.00

sp: Spennir.

Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stytzu greiðfæra leið að varkassa á útvegg, teljist hagkvæmara að hafa kassa á innvegg skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn verður dreginn í.

Sé jarðlínuheimtaug lögð frá loftlínu samkvæmt ósk heimtaugarbeiðanda, skal heimtaug reiknuð frá loftlínustólpa að inntakskassa, en þveri heimtaugin akbraut, skal breidd akbrautar dregin frá.

Yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern metra, umfram fyrstu 15 m þannig: $Y_j = (250 + 4 \times j)$ kr/m.

Yfirlengdargjald loftlínu reiknast á hvern metra umfram fyrstu 30 m þannig: $Y_1 = (50 + 3 \times j)$ kr/m að viðbættum kr. 2500.00 á hvern staur í umframlengd.

Sé lögð bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu, skal greitt fyrir hana sem hér segir:

60 amp. einfasa	kr. 1150.00
60 — þrífasa	— 1380.00

Séu aðstæður þannig, að kostnaður við lagningu bráðabirgðarheimtaugur verði óeðlilega hár, má taka gjald fyrir hana samkvæmt kostnaði.

Telji rafveitustjóri, að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða spennis, skal notandi greiða mismun, samkvæmt gjaldskrá. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti, vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því, sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningu stöðvarinnar.

Þegar lóð er lögð til, er það gert rafveitunni að kostnaðarlausu og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Þegar húsnæði er lagt til, skal það fullnægja settum skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra. Eðlilegur kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni (í leiguformi, t. d. fyrir lengri tíma), og kemur þannig til frádráttar heimtaugargjalds.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulögð hverfi að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkvæmt kostnaðarreikningi, þó aldrei lægra en varstærð segir til um. Helmingur heimtaugargjalds skal greiddur við umsókn, en síðari hlutinn áður en notkun hefst.

IV. OPNUNARGJÖLD

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greitt, svo til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal gjald fyrir endurofnun vera kr. 200.00.

Ef fundin eru óleyfileg vör eða of stór við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún eigi enduropnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt kr. 200.00 á skrifstofu rafveitunnar.

V. ÝMIS ÁKVÆÐI

Fyrir hver full 5%, sem kaupgjald hjá Rafveitu Vatnsleysustrandarhrepps hækkar eða lækkar eftir 1. janúar 1966, hvort heldur sökum breytinga á kaupgjaldsvisitölu eða grunnkaupi, er rafveitunni heimilt að hækka eða lækka raforkureikninginn um 4%

Söluskattur samkvæmt lögum nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari viðaukum og breytingum, er talinn með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í gjaldskrá þessari.

Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps hefur samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og raforkulögum nr. 12. 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá fyrir Rafveitu Vatnsleysustrandarhrepps, nr. 168 17. nóvember 1958.

Atvinnumálaráðuneytið, 9. marz 1966.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

S A M Þ Y K K T

um lokunartíma sölubúða og sölustaða í Ólafsvík.

1. gr.

Sölubúðum í Ólafsvík skal lokað eftir því, sem ákveðið er í 2., 3. og 4. gr. samþykktar þessarar. Sama gildir um sölustaði, þar sem innlendur varningur er hafður á boðstólum og hans ekki neytt á staðnum. Benzín- og olíustöðvar og lyfjabúðir eru undanþegnar ákvæðum samþykktar þessarar.

2. gr.

Alla virka daga ársins skal sölubúðum og sölustöðum lokað eigi síðar en klukkan 18.00 og þær eigi opnaðar aftur fyrr en klukkan 08.30 næsta virkan dag. Þó skulu vera þær undantekningar frá þessu er nú skal greina:

Aðfangadag jóla og gamlársdag skal sölubúðum og sölustöðum lokað eigi síðar en kl. 13.00 síðdegis, síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla er heimilt að halda sölubúðum og sölustöðum opnum til kl. 24.00, svo er og heimilt að hafa opið til kl. 22.00 einn virkan dag á undan þessum degi, skömmu fyrir jól.

Á tímabilinu frá 1. maí til 31. des. skal á laugardögum loka sölubúðum og sölustöðum eigi síðar en klukkan 12.00. Á tímabilinu 1. jan. til 30. apríl skal á laugardögum lokað eigi síðar en klukkan 13.00.

Á föstudögum mega sölubúðir vera opnar til kl. 19.00.

3. gr.

Á helgidögum Þjóðkirkjunnar, sumardaginn fyrsta, 17. júní, 1. maí og fyrsta mánudag í ágúst, skulu engar sölubúðir eða sölustaðir vera opnar.

4. gr.

Frá ákvæðum um lokunartíma sölubúða og sölustaða í samþykkt þessari, skal sú undanþága vera, að brauðsölubúðum og mjólkurbúðum má halda opnum eingöngu til sölu á brauði, kökum og mjólk, rjóma og skyri, sem hér segir:

Almenna helgidaga, sumardaginn fyrsta, 17. júní og fyrsta mánudag í ágúst frá klukkan 09.00 til klukkan 12.00, þó skal loka páskadag, jóladag og nýársdag svo sem öðrum búðum.

Aðfangadag jóla, gamlársdag og fyrsta sunnudag í sjö vikna föstu frá klukkan 09.00 til klukkan 16.00.

Alla laugardaga frá kl. 09.00 til kl. 16.00.

5. gr.

Hreppsnefnd getur leyft að vikið sé frá ákvæðum lokunartíma sölubúa þegar um er að ræða:

- a. Verzlanir eða söluturna, sem selja varning út um söluop gegn sérstöku leyfi hreppsnefndar.
- b. Veitingastaði er samkvæmt sérstöku leyfi hreppsnefndar selja vörur, sem ekki er ætlað að neyta á staðnum.

Eftir að hreppsnefnd hefur gefið út leyfi, sbr. a-lið, er slíkum leyfishafa heimilt að verzla með eftirtalda vöruflokka, enda sé umbúnaður vöru og fyrirkomulag allt háð samþykki lögreglustjóra og heilbrigðisnefndar:

Kort, frimerki, dagblöð, tímarit, ritföng, rafmagnsöryggi, nýja ávexti, ís, sælgæti, tóbaksvörur, eldspýtur, öl, gosdrykki, heitar pylsur, rakblöð, raksápu, hand-

sápu, tannkrem, tannbursta, rafhlöður, rafmagnsperur, spil, skyndiplástur, greiður, dömubindi, kvensokka, vinnuvettlinga, filmur og sóglæraugu.

Sala á þessum stöðum má fara fram frá klukkan 08.00 til klukkan 23.30 á virkum dögum og á helgidögum frá klukkan 14.00 til 23.30, þó skal lokað á föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnu, aðfangadag jóla og jóladag, sbr. 4. gr.

Hreppsnefnd getur sett nánari reglur um leyfi til verzlunarreksturs samkv. þessari grein, bundið það þeim skilyrðum, er hún telur nauðsynleg.

Fyrir slíkt leyfi skal greiða árlegt gjald til hreppssjóðs krónur 5000.00 á ári er greiðist fyrirfram fyrir hálf ári í senn. Ef leyfishafi er ekki jafnframt eigandi þess húsnæðis, sem sala fer fram í, getur hreppsnefndin sett það skilyrði fyrir veitingu leyfis, að eigandi ábyrgist greiðslu gjaldsins. Gjaldið má innheimta með lögtaki.

6. gr.

Eftir lokunartíma sölubúða og sölustaða er óheimilt að selja á strætum úti og torgum eða annars staðar utan sölustaða og sölubúða nokkurn þann varning, sem ekki má selja nema samkv. verzlunarleyfi. Farandsalar og vörumarkaðir, sem selja vilja vörur í Ólafsvík, verða að fá samþykki hreppsnefndar hverju sinni, enda hafi þeir opinber skilríki, er sanni, að þeir hafi verzlunarleyfi til slíkrar sölu, hvar sem er á landinu. Um þessa aðila gildir samþykkt þessi, ef sala er leyfð. Slík leyfi skulu háð því, að viðkomandi aðilar greiði aðstöðugjald samkv. lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

7. gr.

Menn, sem komnir eru inn í sölubúð eða sölustað fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

Heimilt er að selja bátum eða skipum eftir lokunartíma, veiðarfæri, olíu, vistir og aðrar nauðsynjar.

8. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að veita undanþágu frá samþykkt þessari fyrir einstaka daga og til þess að sala fari fram í góðgerðarskyni, eða til ágóða fyrir stofnanir eða fyrirtæki, sem að dómi lögreglustjóra horfa til almenningsheilla.

9. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum frá 200.00—1000.00 krónum og renna sektirnar í sveitarsjóð. Mál út af brotum gegn samþykkt þessari skal reka sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 17 1. febr. 1936, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, með þeim takmörkunum þó, sem lög nr. 45 15. júní 1928, um almannafríð á helgidögum þjóðkirkjunnar setja og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er felld úr gildi samþykkt um lokunartíma sölubúða og sölustaða og takmörkun á vinnutíma sendisveina í Ólafsvík nr. 60 frá 10. apríl 1957.

Félagsmálaráðuneytið, 9. marz 1966.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

REGLUGERÐ

um umsóknir og afgreiðslu einkaleyfa.

1. gr.

Hver sá, sem vill öðlast einkaleyfi á Íslandi fyrir uppgötvun, skal sækja skriflega um það til iðnaðarmálaráðuneytisins.

2. gr.

Umsókn um einkaleyfi skal vera tvírituð, dagsett og undirrituð af umsækjanda. Hún skal rituð á þar til gert eyðublað og innihalda það, sem hér segir:

1. Beiðni um, að einkaleyfi verði veitt fyrir ákveðinni uppgötvun, og skal aðalefni uppgötvunarinnar tilgreint stutt og skilmerkilega í nafni hennar, er í einkaleyfinu á að standa. Í beiðninni eða fylgiskjölum með henni má ekki viðhafa tilbúin nöfn á uppgötvuninni.

2. Fullt nafn umsækjanda, stöðu og glöggst heimilisfang, ásamt yfirlýsingu um, að hann sé hinn sami og fyrsti uppgötvari uppgötvunarinnar. Sé umsækjandi ekki sjálfur uppgötvarinn, ber honum að segja til, hver uppgötvari er, og leiða fullnægjandi rök að því, að hann sé löglega að rétti hennar kominn.

3. Fullt nafn og heimilisfang umboðsmanns, sé um hann að ræða.

4. Yfirlýsing um það, hvort umsækjandi óskar eftir sjálfstæðu einkaleyfi, einkaleyfi til innflutnings, einkaleyfi til endurbóta eða viðbótareinkaleyfi eða vottorði, eða hvort umsókn hans sé margþætt. Einnig skal tilgreina númer þess einkaleyfis eða þeirrar umsóknar um einkaleyfi, sem umsókn um einkaleyfi til endurbóta á við. Sama gildir um umsókn um viðbótareinkaleyfi eða viðbótavottorð eða margþætta umsókn.

5. Nafn þess, sem senda ber tilkynningar varðandi umsóknina, ef um er að ræða fleiri en einn umsækjanda og engan sameiginlegan umboðsmann.

6. Yfirlýsing um það, hvort beiðzt hafi verið einkaleyfis í öðru ríki, er veitir einkaleyfi að rannsókn framfarinni, og þá í hvaða ríki. Þegar slíks einkaleyfis hefur verið beiðzt, verður einkaleyfi á Íslandi ekki veitt fyrr en umsækjandi hefur gefið ráðuneytinu skýrslu um árangur af umsókn hans um einkaleyfi í hlutaðeigandi ríki. Hafi einkaleyfis eigi verið beiðzt í öðrum ríkjum, getur umsækjandi óskað þess, að ráðuneytið láti fara fram rannsókn á uppgötvuninni, og ber umsækjanda þá að leggja fram löggilta þýðingu á umsókninni og öllum fylgiskjölum á máli þeirrar erlendu rannsóknarstofnunar sem á hverjum tíma annast rannsóknir íslenzkra einkaleyfaumsókna fyrir ráðuneytið og senda greiðslu fyrir rannsóknarkostnaði með umsókninni, kr. 2300.00. Ráðherra getur þó veitt efnalitlum umsækjendum eftirgjöf á þessu gjaldi, og ber að senda umsókn um það með beiðninni til ráðuneytisins, ef umsækjandi vill fara fram á eftirgjöf.

7. Undirskrift umsækjanda eða umboðsmanna hans, hafi hinn siðarnefndi fengið umboð umsækjanda til undirskriftar, sem fullnægir skilyrðum laga. Sé umsóknar krafizt í tvíriti, er nægilegt að annað eintakið sé undirritað.

8. Skrá yfir fylgiskjöl með umsókninni.

Ef umsækjandi óskar kvittunar fyrir, að umsóknin sé komin í hendur ráðuneytinu, verður hann að senda eyðublað með henni í því skyni.

3. gr.

1. Ekki skal af formsástæðum neita að veita viðtöku umsókn til skrásetningar, þótt hún fullnægi ekki skilyrðum 2. gr., ef henni fylgja:

- a) Eitt eintak af lýsingu á uppgötvuninni á íslenzku, eða á tungumáli, sem viðurkennt er fyrir slíkar umsóknir, jafnvel þótt lýsingin uppfylli ekki skilyrði þau, sem sett eru í 5. gr.
- b) Eitt eintak af teikningum, sem nauðsynlegar kunna að vera til skilnings á lýsingunni, jafnvel þótt þær teikningar uppfylli ekki skilyrði 6. gr.
- c) Tilskilin gjöld eða sönnun þess, að þau hafi verið greidd.

2. Heimilt er að ákveða, að þau önnur skjöl, sem nefnd eru í 2. gr., skuli lögð fram innan ákveðins tíma. Einnig er heimilt að ákveða, að þau skjöl, sem lögð hafa verið fram til bráðabirgða, skuli fullnægja tilskildu formi innan ákveðins tíma.

4. gr.

Umsóknin skal teljast fullnægja formkröfum um stærð og pappírsgerð, sé hún rituð á sterkan hvítan pappír, 29 til 34 cm × 20 til 22 að stærð.

5. gr.

Hverri umsókn um einkaleyfi skal fylgja það, sem hér segir:

1. Lýsing á uppgötvun þeirri, sem sótt er um einkaleyfi fyrir, tvírituð.

Lýsingin verður að vera svo skýr og fullkomin, að þeir, sem þekkingu hafa á því atriði, sem uppgötvunin fjallar um, geti framleitt og notfært sér hana. Þó mega ekki vera í henni skýringar, er lýsi uppgötvuninni nánar en nauðsynlegt er til að skilja hana. Forðast skal að skrumfrægja uppgötvunina í lýsingunni.

Lýsingin skal að öðru leyti uppfylla þessi skilyrði:

- a) Lýsingin sé skráð á sterkan hvítan pappír, aðeins öðru megin á hverja örku, og sé örkin 29—34 cm á lengd og 20—22 cm á breidd. Arkirnar séu festar saman þannig, að hægt sé að skilja þær í sundur og festa þær saman á ný, án þess að það valdi lesandanum erfiðleikum. Arkirnar skulu vera tölusettar.
- b) Lýsingin sé handrituð, vélrituð, fjölrituð eða prentuð og vel læsileg. Blekið sé dökkt og óafmáanlegt.
- c) Vinstra megin á hverri örku sé 3—4 cm spássía og efst á fyrstu síðu og neðst á síðustu síðu sé 8 cm autt bil.
- d) Milli lína sé nægilegt bil til þess að skrá leiðréttingar.
- e) Í lýsingunni séu ekki aðrar teikningar en efnafræðilegar og stærðfræðilegar formúlur.
- f) Vog og mál sé tilgreint eftir metrakerfinu, hitastig á Celsius og þéttleiki skilgreindur með eðlisþunga. Að því er varðar rafmagnsfræðilegar einingar sé fylgt alþjóðavenju, og að því er varðar efnafræðilegar formúlur séu notuð þau tákni, atómpungi og mólekúlformúlur, sem almennt eru notaðar í landi því, þar sem sótt er um einkaleyfi.
- g) Í lýsingunni sé sem minnst skrifað ofan í, strokað út eða breytt, en ef um slíkt er að ræða í frumskjalinu, sé þess getið á spássíu eða upptalið í lok lýsingar og upphafsstafirnir settir við, og sé þetta gert á sama hátt á öllum eintökum umsóknarinnar.
- h) Í fyrirsögn skal tilgreina fullt nafn umsækjanda og heiti uppgötvunarinnar.
- i) Lýsingar skulu undirritaðar af umsækjanda eða umboðsmanni hans.
- j) Í lok lýsingarinnar skal standa ótvíræð yfirlýsing um það, hvað umsækjandi telur vera uppgötvunina og vill fá verndað með einkaleyfi (einkaleyfiskrafa).

2. Uppdráttur, ef hann þarf til þess að lýsing uppgötvunarinnar skiljist, í tveim eintökum.

Fyrirmyndir, sýnishorn o. þ. h. þarf ekki að senda fyrir en það hefur komið í ljós við meðferð umsóknarinnar, að það sé nauðsynlegt.

Uppdrættir skulu gerðir með þeim hætti, sem hér segir:

- a) Eitt eintak uppdráttanna sé á einni eða fleiri örkum af sterku, möttu, sveigjanlegu og gagnsæju efni (kalklérefiti). Tvö önnur eintök, nákvæmar eftirlíkingar af frumriti, skulu vera á sterkum, hvítum sléttum og gljáalausum pappír. Eintök þessi mega vera skýrar ljósprentanir. Ef það eintakið, sem gert er á sveigjanlegt, gagnsætt efni, er gert í prentvél, má prenta afritin með sama prentmóti. Heimilt er þó að áskilja, að á öðru afritinu séu engin tilvísunarmerki.
- b) Hver örk sé 29—34 cm á lengd og 21 cm á breidd, eða í — sérstökum tilfellum — 42 cm á breidd. Ef um er að ræða 21 cm breiðar arkir, skal flatarmál það, sem notað er, eigi vera meira en 25.7 cm × 17 cm.
- c) Allir hlutar uppdráttanna skulu gerðir með varanlegum, dökkum (helzt svörtum) merkjum án lita eða litunar, þannig að auðvelt sé að taka af þeim afrit með ljósmyndun eða ljósprentun.
- d) Þverskurðir skulu sýndir með skástrikum. Þau skulu þó ekki torvelda lestur á tilvísunarmerkjum eða höfuðdráttum.
- e) Stærðin á mælikvarða uppdráttanna skal fara eftir því, hve margbrotnar þær eru. Mælikvarðinn skal þó ætíð vera svo stór, að auðvelt sé að greina einstök atriði í ljósmynduðu afriti teikningarinnar, enda þótt það sé aðeins $\frac{2}{3}$ hlutar af upphaflegri stærð. Sé mælikvarðinn sýndur á uppdrættinum, skal teikna hann en ekki skrifa.
- f) Einstakar myndir skulu vera greinilega aðskildar og þeim komið fyrir á eins fáum örkum og hægt er. Myndirnar skulu tölusettar í samfelldri töluröð, án tillits til fjölda arkanna.
- g) Allar tölur, stafir og tilvísunarlínur, sem koma fyrir á uppdráttunum, skulu vera einfaldar og skýrar. Stafir og tölur skulu vera a. m. k. 0,32 cm á hæð Sérhvert atriði, sem sýnt er á myndunum, skal, að svo miklu leyti, sem þess gerist þörf til að skilja lýsinguna, hvarvetna merkt með sama tilvísunarbókstaf eða tölustaf og séu þeir hinir sömu og notaðir eru í lýsingunni.
- h) Á uppdrættina skal ekki skrá skýringartexta, að undanskildum einstökum skýringarorðum, svo sem „vatn“, „gufa“, „þverskurður á AB“, „opinn“, „lokaður“, og ef um er að ræða línurit yfir rafmagnskerfi eða straum nægilegum skýringartexta til þess að þau séu skiljanleg. Skýringarorð og skýringartextar skulu vera á máli þess lands þar sem sótt er um einkaleyfi, eða á máli, sem það viðurkennir í því skyni.
- i) Á spássíu hverrar arkar skal skrá nafn umsækjanda, heildartölu arkanna og númer sjálfrar arkarinnar, svo og undirskrift umsækjanda eða umboðsmanns hans.
- j) Uppdráttunum skal skilað þannig, að ekki séu á þeim hrukkur eða rifur, sem torvelda ljósmyndun þeirra.
- k) Nafn umsækjanda eða umboðsmanns hans skal setja á uppdráttinn neðst í hornið hægra megin.

3. Umboð, ef umsækjandi sjálfur hefur ekki undirskrifað umsóknarbréf það, sem um ræðir í 2. gr.

4. Yfirlýsing umsækjanda um það, að hann játist undir íslenzk lög í öllum málum, sem varða hið íslenska einkaleyfi og skuldbindi sig til að svara til sakar í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur í öllum slíkum málum. Sé umboð sent, er rétt að láta þessa yfirlýsingu koma fram í umboðinu, í stað þess að senda hana sérstaklega.

5. Gjald upp í auglýsingakostnað.

Sé umsókn um einkaleyfi ekki á íslenzku, ber umsækjanda enn fremur að senda ráðuneytinu gjald fyrir þýðingu af umsókninni, sem það þá lætur gera. Enn fremur

getur ráðuneytið, ef því þykir þess þörf, krafizt þess, að umsækjandi afhendi þýðingu á íslenzku af þeim fylgiskjölum, er umsókninni fylgja, og því eru send á erlendum tungumálum.

6. gr.

1. Nú óskar umsækjandi að færa sér í nyt forgangsrétt vegna fyrri umsóknar, samkvæmt Parísarsáttmálanum um verndun eignaréttinda á sviði iðnaðar, og skal honum þá veittur tveggja mánaða frestur til að gefa yfirlýsingu þess efnis, að telja frá þeim degi, er seinni umsókn er lögð fram. Áskilinn er þó réttur til að setja ákvæði um, að yfirlýsing þessi sé gefin innan þeirra tímatakmarkana, sem tiltekin eru í Parísarsáttmálanum.

2. Þegar gefin er yfirlýsing um forgangsrétt skv. ákvæðum 1. mgr. þessarar greinar, er heimilt að krefjast þess, að umsækjandi leggi fram staðfest eftirrit af lýsingu og teikningum hinnar upphaflegu umsóknar og þau önnur skjöl, sem krafizt er í lögum þess lands, þar sem seinni umsókn er lögð fram.

7. gr.

Ráðuneytið skal á hverja umsókn um einkaleyfi, sem því berst, rita hvaða dag og stund því barst umsóknin.

8. gr.

Lögskipað gjald fyrir einkaleyfi skal greiða, þegar einkaleyfið hefur verið veitt, fyrir fyrstu fimm ár leyfistímans. Gjald fyrir hin næstu fimm ár skal í síðasta lagi greitt þann dag, sem fimm ár eru liðin frá þeim degi, er einkaleyfi var veitt, en fyrir síðustu fimm ár einkaleyfistímans þá er tíu ár eru liðin frá veitingardegi einkaleyfisins. Ráðuneytið getur þó leyft að greiða þessi gjöld síðar, en þó skulu þau greidd áður en 6 mánuðir séu liðnir frá ofangreindum gjalddögum, og skal þá gjaldið hækkað um einn fimmta hluta. Sé gjaldið ekki greitt á fyrirnefndum gjalddögum, tilkynnir ráðuneytið einkaleyfishafa það í ábyrgðarbréfi, en sé það ekki greitt áður en síðastnefndur frestur er útrunninn, fellur einkaleyfið úr gildi.

9. gr.

Fyrir innritanir í einkaleyfaskrána eftir að einkaleyfi hefur verið innritað, svo sem breytingar, er snerta einkaleyfishafa sjálfan eða umboðsmann hans, greiðist tilskilið gjald.

10. gr.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 12. 20. júní 1923, um einkaleyfi, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 74 7. des. 1923, um umsóknir og afgreiðslu einkaleyfa, ásamt síðari breytingum.

Iðnaðarmálaráðuneytið, 3. febrúar 1966.

Jóhann Hafstein.

Brynjólfur Ingólfsson.

G J A L D S K R Á

Rafveitu Selfoss.

I. RAFORKA

Rafveita Selfoss selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 5.30 hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á kr. 1.60 hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 27 á ári af fermetra gólfflatar í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal reikna til gjalda aðeins þriðjung gólfflatar.

B. Almenn heimilisnotkun.

Um kwst.mæli á kr. 1.15 hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 20 á mánuði af einu herbergi hvernar íbúðar og kr. 10 á mánuði af hverju herbergi umfram eitt.

Mælisleiga er innifalin í fastagjaldinu.

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar, og eldhús. Herbergi minna en 5 m² skal telja sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö. Þar, sem meðalstærð herbergja í íbúð er minna en 10 m², má reikna með þeirri meðalstærð.

C. Vélanotkun.

1. Um kwst.mæli á kr. 2.65 hverja kwst. Hafi vélnar stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds, kr. 500 fyrir hvert kw. í málraun véla.

Eftir þessum gjaldskrárlíð má einnig selja raforku til lýsingar og greiðast þá, auk orkugjaldsins, fermetragjald er nemi kr. 18 á fermetra gólfflatar, skal það reiknað eftir sömu reglum sem gilda um líð A2.

2. Um afl- og orkumæla þannig reiknað:

- | | |
|---|---------------------|
| a. Grunnkjald (mælisleiga o. fl.) | kr. 1488 á ári. |
| b. Aflgjald af notuðu afli | — 1488 — kw. á ári. |
| c. Orkugjald | — 0.40 — kw. |

Notað afl hvers almanaksárs telst vera meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestrar fari fram mánaðarlega og sem næst mánaðamótum. Afnotkunin mælist sem meðalálág yfir stundarfjórðung.

3. Ef ekki eru tók á að mæla notað afl, má selja þannig:

- | | |
|--|-----------------|
| a. Grunnkjald (mælisleiga o. fl.) | kr. 1488 á ári. |
| b. Fastagjald á hvert kw. í málraun véla | — 1134 — |
| c. Orkugjald | — 0.40 — kwst. |

Framangreint raforkuverð fyrir vélanotkun miðast við, að fasviksstuðull tækja hjá notanda, t. d. rafsuðuspenna, sé eigi lægri en 0.8. Sé hann lægri, getur rafveitan krafizt þess, að hann sé hækkaður upp í það gildi.

Rafveitustjóri getur bannað notkun rafsuðuspenna eða takmarkað notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhrings.

D. Hitun.

1. Um kwst.mæli á 30 aura hverja kwst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
2. Um kwst.mæli á 18 aura hverja kwst., í 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til 9. Um framangreinda hitagjaldskrárliði gilda eftirfarandi ákvæði:
 - a. Minnsta árgjald skal vera sem svarar 1500 klst. notkun á hvert kw. uppsetts afls hitunartækja.
 - b. Verðið breytist með útsöluverði á dísilolíu á Selfossi, þannig að gjaldskrárverðið teljist jafngilda kr. 1890 verði á olíutonni, en hækka um einn eyri hver kwst. á lið D1 og 0.6 eyri hver kwst. á lið D2 fyrir hverjar fullar 63 kr., sem olíutonnið hækkar.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

- a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- b. Að notandi setji klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra. Þó getur rafveitustjóri ákveðið að rafveitan leggi til rofa og annist viðhald þeirra og kostar þá notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim samkvæmt reglum, er gilda um leigu mæla.
- c. Að hitatæki, lagdir og búnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd með sérstökum rofum og hitastillar notaðir, sé þess krafizt.

E. Önnur raforkunotkun.

1. Raforku til suðu má selja til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 1.15 hverja kwst., enda sé notkunin seld um sérmæli og suðutækin fasttengd.
2. Til nota um vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kwst.-mæli á kr. 2.65 hverja kwst.
3. Til fasttengdra bókunarofna, vatns- og gufukatla í brauðgerðarhúsum og annarra hliðstæðra nota, um kwst.mæli á 40 aura hverja kwst. í 10 klst. á sólarhring á tímanum frá kl. 22 til 9 eða um tvgjaldsmæli á 40 aura hverja kwst. í 10 klst. á sólarhring á tímanum frá kl. 22 til 9 og 80 aura hverja kwst. á tímanum frá kl. 9 til 22, enda megi rjúfa strauminn í allt að 4 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, þó eigi lengur en 2 klst. í senn.
4. Til súgurrkunar á heyi um kwst.mæli á kr. 1 hverja kwst.
5. Til götulýsingar um kwst.mæli á kr. 1.60 hverja kwst., og annast þá rafveitan rekstur og viðhald lýsingarkerfisins.

Alla raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó, að tilskildu samþykki rafveitustjórnar, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert sinn, en þó eigi lengur en til eins árs í senn.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er ákvörðun hans skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum, sem hér segir:

1. Af einfasa kwst.mælum 30 A og minni kr. 8 á mánuði.
2. Af þrífasa kwst.mælum 50 A og minni — 13 — —
3. Af þrífasa kwst.mælum yfir 50 A og til 100 A — 18 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru, skal ársleigan vera sem næst 15% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJALD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald sem hér segir:

Grunngjald af loftlínuheimtaug	kr. 1400
Grunngjald af jarðlínuheimtaug	— 2100

Auk grunngjaldsins greiðast kr. 4.60 af hverjum rúmmetra húsa, allt að 700 rúmmetrum, og kr. 2.30 af hverjum rúmmetra þar yfir.

Fari lengd jarðstrengsheimtaugar fram úr 20 metrum eða loftlínuheimtaugar fram úr 30 metrum, skal húseigandi greiða kostnað af því, sem fram yfir er.

Lengd loftlínuheimtaugar reiknast frá næsta stólpa í notendalínu við götu styztu greiðfæru leið að varkassa.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu styztu greiðfæru leið að varkassa.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga að heimtaugartengingu lokinni.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduopnun kr. 50.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduopnuð fyrr en notandinn hefur greitt 50 kr. gjald á skrifstofu rafveitunnar.

V. HEIMILD TIL HÆKKUNAR

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, um allt að 10%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins. Enda auglýsi hreppsnefnd breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Selfosshrepps hefur samið og samþykkt, og gerð er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá fyrir Rafveitu Selfoss, nr. 231 30. nóvember 1965.

Atvinnumálaráðuneytið, 12. marz 1966.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

G J A L D S K R Á

Rafveitu Hveragerðis.

I. RAFORKA

Rafveita Hveragerðis selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 5.50 hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á kr. 1.85 hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 27 á ári af fermetra gólfflatar í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal reikna til gjalda aðeins þriðjung gólfflatar.

B. Almenn heimilisnotkun.

Um kwst.mæli á kr. 1.25 hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 22 á mánuði af einu herbergi hverrar íbúðar og kr. 11 á mánuði af hverju herbergi umfram eitt. Mælisleiga er innifalin í fastagjaldinu.

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar, og eldhús. Herbergi minna en 5 m² skal telja sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö. Þar, sem meðalstærð herbergja í íbúð er minna en 10 m², má reikna með þeirri meðalstærð.

C. Vélanotkun.

1. Um kwst.mæli á kr. 2.75 hverja kwst. Hafi vélnar stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds, kr. 500 fyrir hvert kw. í málraun véla.
Eftir þessum gjaldskrárlíð má einnig selja raforku til lýsingar og greiðast þá, auk orkugjaldsins, fermetragjald er nemi kr. 18 á fermetra gólfflatar, skal það reiknað eftir sömu reglum sem gilda um líð A2.
2. Um afl- og orkumæla þannig reiknað:

a. Grunnjald (mælisleiga o. fl.)	kr. 1488 á ári.
b. Aflgjald af notuðu afli	— 1488 – kw. á ári.
c. Orkugjald	— 0.40 – kw.

Notað afl hvers almanaksárs telst vera meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestrar fari fram mánaðarlega og sem næst mánaðamótum. Aflnotkunin mælist sem meðalálág yfir stundarfjórðung.

3. Ef ekki eru tók á að mæla notað afl, má selja þannig:

a. Grunnjald (mælisleiga o. fl.)	kr. 1488 á ári.
b. Fastagjald á hvert kw. í málraun véla	— 1134 – —
c. Orkugjald	— 0.40 – kwst.

Framangreint raforkuverð fyrir vélanotkun miðast við, að fassviksstuðull tækja hjá notanda, t. d. rafsuðuspenna, sé eigi lægri en 0.8. Sé hann lægri, getur rafveitan krafizt þess, að hann sé hækkaður upp í það gildi.

Rafveitustjóri getur bannað notkun rafsuðuspenna eða takmarkað notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhrings.

D. Hitun.

1. Um kwst.mæli á 30 aura hverja kwst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
2. Um kwst.mæli á 18 aura hverja kwst., í 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til 9. Um framangreinda hitagjaldskrárliði gilda eftirfarandi ákvæði:
 - a. Minnsta árgjald skal vera sem svarar 1500 klst. notkun á hvert kw. uppsetts afls hitunartækja.
 - b. Verðið breytist með útsöluverði á dísilolíu í Hveragerði, þannig að gjaldskrárverðið teljist jafngilda kr. 1890 verði á olíutónni, en hækka um einn eyri hver kwst. á lið D1 og 0.6 eyri hver kwst. á lið D2 fyrir hverjar fullar 63 kr., sem olíutónnið hækkar.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

- a. Að vélaafl, linur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- b. Að notandi setji klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra. Þó getur rafveitustjóri ákveðið að rafveitan leggi til rofa og annist viðhald þeirra og kostar þá notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim samkvæmt reglum, er gilda um leigu mæla.
- c. Að hitatæki, lagnir og búnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd með sérstökum rofum og hitastillar notaðir, sé þess krafizt.

E. Önnur raforkunotkun.

1. Raforku til suðu má selja til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 1.25 hverja kwst., enda sé notkunin seld um sérmæli og suðutækin fasttengd.
2. Til nota um vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kwst.mæli á kr. 2.75 hverja kwst.
3. Til fasttengdra hökunarofna, vatns- og gufukatla í brauðgerðarhúsum og annarra hliðstæðra nota, um kwst.mæli á 40 aura hverja kwst. í 10 klst. á sólarhring á tímanum frá kl. 22 til 9 eða um tvígjaldsmæli á 40 aura hverja kwst. í 10 klst. á sólarhring á tímanum frá kl. 22 til 9 og 80 aura hverja kwst. á tímanum frá kl. 9 til 22, enda megi rjúfa strauminn í allt að 4 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, þó eigi lengur en 2 klst. í senn.
4. Til súgþurrkunar á heyi um kwst.mæli á kr. 1 hverja kwst.
5. Til götulýsingar um kwst.mæli á kr. 1.85 hverja kwst., og annast þá rafveitan rekstur og viðhald lýsingarkerfisins.

Alla raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó, að tilskildu samþykki rafveitustjórnar, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert sinn, en þó eigi lengur en til eins árs í senn.

II. MÆLALEIGA

Lægsta gjald fyrir raforkunotkun um heimtaug, skal vera kr. 1200 á ári. Skal mismunur á ársnotkun og lægsta gjaldi, ef einhver er, innheimtur í fyrsta ársfjórðungi næsta árs.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er ákvörðun hans skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum, sem hér segir:

1. Af einfasa kwst.mælum 30 A og minni kr. 8 á mánuði.
2. Af þrífasa kwst.mælum 50 A og minni — 13 — —
3. Af þrífasa kwst.mælum yfir 50 A og til 100 A — 18 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru, skal ársleigan vera sem næst 15% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJALD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald sem hér segir:

Grunngjald af loftlínuheimtaug	kr. 1400
Grunngjald af jarðlínuheimtaug	— 2100

Auk grunngjaldsins greiðast kr. 4.60 af hverjum rúmmetra húsa, allt að 700 rúmmetrum, og kr. 2.30 af hverjum rúmmetra þar yfir.

Fari lengd jarðstrengsheimtaugar fram úr 20 metrum eða loftlínuheimtaugar fram úr 30 metrum, skal húseigandi greiða kostnað af því, sem fram yfir er.

Lengd loftlínuheimtaugar reiknast frá næsta stólpa í notendalínu við götu styztu greiðfæru leið að varkassa.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu styztu greiðfæru leið að varkassa.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga að heimtaugartengingu lokinni.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir endurofnun kr. 50.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt 50 kr. gjald á skrifstofu rafveitunnar.

V. HEIMILD TIL HÆKKUNAR

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, um allt að 10%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins. Enda auglýsi hreppsnefnd breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Hveragerðishrepps hefur samið og samþykkt, og gerð er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin eldri gjaldskrá um sama efni, nr. 233, 4. desember 1965.

Atvinnumálaráðuneytið, 14. marz 1966.

Ingólfur Jónsson.

Dorv. K. Þorsteinsson.

G J A L D S K R Á

Rafveitu Eyrarbakka.

I. RAFORKA

Rafveita Eyrarbakka selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 5.50 hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á kr. 1.85 hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 27 á ári af fermetra gólfplatlar í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal reikna til gjalda aðeins þriðjung gólfplatlar.

B. Almenn heimilisnotkun.

Um kwst.mæli á kr. 1.25 hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 22 á mánuði af einu herbergi hveirrar íbúðar og kr. 11 á mánuði af hverju herbergi umfram eitt.

Mælisleiga er innifalin í fastagjaldinu.

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar, og eldhús. Herbergi minna en 5 m² skal telja sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö. Þar, sem meðalstærð herbergja í íbúð er minna en 10 m², má reikna með þeirri meðalstærð.

C. Vélnotkun.

1. Um kwst.mæli á kr. 2.75 hverja kwst. Hafi vélarnar stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds, kr. 500 fyrir hvert kw. í málaun véla.

Eftir þessum gjaldskrárlið má cinnig selja raforku til lýsingar og greiðast þá, auk orkugjaldsins, fermetragjald er nemi kr. 18 á fermetra gólfplatlar, skal það reiknað eftir sömu reglum sem gilda um lið A2.

2. Um afl- og orkumæla þannig reiknað:

- a. Grunnjald (mælisleiga o. fl.) kr. 1488 á ári.
- b. Aflgjald af notuðu afli — 1488 – kw. á ári.
- c. Orkugjald — 0.40 – kw.

Notað afl hvers almanaksárs telst vera meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestrar fari fram mánaðarlega og sem næst mánaðamótum. Aflnotkunin mælist sem meðalálág yfir stundarfjórðung.

3. Ef ekki eru tók á að mæla notað afl, má selja þannig:

- a. Grunnjald (mælisleiga o. fl.) kr. 1488 á ári.
- b. Fastagjald á hvert kw. í málaun véla — 1134 – —
- c. Orkugjald — 0.40 – kwst.

Framangreint raforkuverð fyrir vélnotkun miðast við, að fasviksstuðull tækja hjá notanda, t. d. rafsuðuspenna, sé eigi lægri en 0.8. Sé hann lægri, getur rafveitan krafizt þess, að hann sé hækkaður upp í það gildi.

Rafveitustjóri getur bannað notkun rafsuðuspenna eða takmarkað notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhrings.

D. Hitun.

1. Um kwst.mæli á 30 aura hverja kwst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
2. Um kwst.mæli á 18 aura hverja kwst., í 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til 9. Um framangreinda hitagjaldskrárliði gilda eftirfarandi ákvæði:
 - a. Minnsta árgjald skal vera sem svarar 1500 klst. notkun á hvert kw. uppsetts aflls hitunartækja.
 - b. Verðið breytist með útsöluverði á dísilolíu á Eyrarbakka, þannig að gjaldskrárverðið teljist jafngilda kr. 1890 verði á oliutonni, en hækka um einn eyri hver kwst. á lið D1 og 0.6 eyri hver kwst. á lið D2 fyrir hverjar fullar 63 kr., sem oliutonnið hækkar.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

- a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- b. Að notandi setji klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra. Þó getur rafveitustjóri ákveðið að rafveitan leggi til rofa og annist viðhald þeirra og kostar þá notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim samkvæmt reglum, er gilda um leigu mæla.
- c. Að hitatæki, lagnir og búnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd með sérstökum rofum og hitastillar notaðir, sé þess krafizt.

E. Önnur raforkunotkun.

1. Raforku til suðu má selja til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 1.25 hverja kwst., enda sé notkunin seld um sérmæli og suðutækin fasttengd.
2. Til nota um vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kwst.mæli á kr. 2.75 hverja kwst.
3. Til fasttengdra bökunarofna, vatns- og gufukatla í brauðgerðarhúsum og annarra hliðstæðra nota, um kwst.mæli á 40 aura hverja kwst. í 10 klst. á sólarhring á tímanum frá kl. 22 til 9 eða um tvígjaldsmæli á 40 aura hverja kwst. í 10 klst. á sólarhring á tímanum frá kl. 22 til 9 og 80 aura hverja kwst. á tímanum frá kl. 9 til 22, enda megi rjúfa strauminn í allt að 4 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, þó eigi lengur en 2 klst. í senn.
4. Til súgþurrkunar á heyi um kwst.mæli á kr. 1 hverja kwst.
5. Til götulýsingar um kwst.mæli á kr. 1.85 hverja kwst., og annast þá rafveitan rekstur og viðhald lýsingarkerfisins.

Alla raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó, að tilskildu samþykki rafveitustjórnar, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert sinn, en þó eigi lengur en til eins árs í senn.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er ákvörðun hans skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum, sem hér segir:

- | | |
|---|-----------------|
| 1. Af einfasa kwst.mælum 30 A og minni | kr. 8 á mánuði. |
| 2. Af þrífasa kwst.mælum 50 A og minni | — 13 — — |
| 3. Af þrífasa kwst.mælum yfir 50 A og til 100 A | — 18 — — |

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru, skal ársleigan vera sem næst 15% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJALD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald sem hér segir:

Grunngjald af loftlínuheimtaug	kr. 1400
Grunngjald af jarðlínuheimtaug	— 2100

Auk grunngjaldsins greiðast kr. 4.60 af hverjum rúmmetra húsa, allt að 700 rúmmetrum, og kr. 2.30 af hverjum rúmmetra þar yfir.

Fari lengd jarðstrengsheimtaugar fram úr 20 metrum eða loftlínuheimtaugar fram úr 30 metrum, skal húseigandi greiða kostnað af því, sem fram yfir er.

Lengd loftlínuheimtaugar reiknast frá næsta stólpa í notendalínu við götu styztu greiðfæru leið að varkassa.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu styztu greiðfæru leið að varkassa.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga að heimtaugartengingu lokinni.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 50.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt 50 kr. gjald á skrifstofu rafveitunnar.

V. HEIMILD TIL HÆKKUNAR

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, um allt að 10%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins. Enda auglýsi hreppsnefnd breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Eyrarbakkahepps hefur samið og samþykkt og gerð er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá fyrir rafveitu Eyrarbakka nr. 234 6. desember 1965.

Atvinnuálaráðuneytið, 15. marz 1966.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

G J A L D S K R Á

Rafveitu Stokkseyrar.

I. RAFORKA

Rafveita Stokkseyrar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 5.50 hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á kr. 1.85 hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 27 á ári af fermetra gólfflatar í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal reikna til gjalda aðeins þriðjung gólfflatar.

B. Almenn heimilisnotkun.

Um kwst.mæli á kr. 1.25 hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 22 á mánuði af einu herbergi hvorrar íbúðar og kr. 11 á mánuði af hverju herbergi umfram eitt. Mælisleiga er innifalin í fastagjaldinu.

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar, og eldhús. Herbergi minna en 5 m² skal telja sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö. Þar, sem meðalstærð herbergja í íbúð er minna en 10 m², má reikna með þeirri meðalstærð.

C. Vélanotkun.

1. Um kwst.mæli á kr. 2.75 hverja kwst. Hafi vélnarar stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds, kr. 500 fyrir hvert kw. í málaun véla.
Eftir þessum gjaldskrárlið má einnig selja raforku til lýsingar og greiðast þá, auk orkugjaldsins, fermetragjald er nemi kr. 18 á fermetra gólfflatar, skal það reiknað eftir sömu reglum sem gilda um lið A2.
2. Um afl- og orkumæla þannig reiknað:

a. Grunnjald (mælisleiga o. fl.)	kr. 1488 á ári.
b. Aflgjald af notuðu afli	— 1488 — kw. á ári.
c. Orkugjald	— 0.40 — kw.

Notað afl hvers almanaksárs telst vera meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestrar fari fram mánaðarlega og sem næst mánaðamótum. Aflnotkunin mælist sem meðalálag yfir stundarfjórðung.

3. Ef ekki eru tók á að mæla notað afl, má selja þannig:

a. Grunnjald (mælisleiga o. fl.)	kr. 1488 á ári.
b. Fastagjald á hvert kw. í málaun véla	— 1134 —
c. Orkugjald	— 0.40 — kwst.

Framangreint raforkuverð fyrir vélanotkun miðast við, að fasviksstuðull tækja hjá notanda, t. d. rafsuðuspenna, sé eigi lægri en 0.8. Sé hann lægri, getur rafveitan krafizt þess, að hann sé hækkaður upp í það gildi.

Rafveitustjóri getur bannað notkun rafsuðuspenna eða takmarkað notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhrings.

D. Hitun.

1. Um kwst.mæli á 30 aura hverja kwst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
2. Um kwst.mæli á 18 aura hverja kwst., í 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til 9. Um framangreinda hitagjaldskrárlíði gilda eftirfarandi ákvæði:
 - a. Minnsta árgjald skal vera sem svarar 1500 klst. notkun á hvert kw. uppsetts afls hitunartækja.
 - b. Verðið breytist með útsölverði á dísilolíu á Stokkseyri, þannig að gjaldskrárverðið teljist jafngilda kr. 1890 verði á olíutonni, en hækka um einn eyri hver kwst. á lið D1 og 0.6 eyri hver kwst. á lið D2 fyrir hverjar fullar 63 kr., sem olíutonnið hækkar.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

- a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- b. Að notandi setji klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra. Þó getur rafveitustjóri ákveðið að rafveitan leggi til rofa og annist viðhald þeirra og kostar þá notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim samkvæmt reglum, er gilda um leigu mæla.
- c. Að hitatæki, lagnir og búnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd með sérstökum rofum og hitastillar notaðir, sé þess krafizt.

E. Önnur raforkunotkun.

1. Raforku til suðu má selja til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 1.25 hverja kwst., enda sé notkunin seld um sérmæli og suðutækin fasttengd.
2. Til nota um vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kwst.mæli á kr. 2.75 hverja kwst.
3. Til fasttengdra bókunarofna og gufukatla í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, um kwst.mæli á 40 aura hverja kwst. í 10 klst. á sólarhring á tímanum frá kl. 22 til 9 eða um tvígjaldsmæli á 40 aura hverja kwst. í 10 klst. á sólarhring á tímanum frá kl. 22 til 9 og 80 aura hverja kwst. á tímanum frá kl. 9 til 22, enda megi rjúfa strauminn í allt að 4 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, þó eigi lengur en 2 klst. í senn.
4. Til súgþurrkunar á heyi um kwst.mæli á kr. 1 hverja kwst.
5. Til götulýsingar um kwst.mæli á kr. 1.85 hverja kwst., og annast þá rafveitan rekstur og viðhald lýsingarkerfisins.

Alla raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlíð A1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó, að tilskildu samþykki rafveitustjórnar, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert sinn, en þó eigi lengur en til eins árs í senn.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er ákvörðun hans skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum, sem hér segir:

1. Af einfasa kwst.mælum 30 A og minni kr. 8 á mánuði.
2. Af þrífasa kwst.mælum 50 A og minni — 13 — —
3. Af þrífasa kwst.mælum yfir 50 A og til 100 A — 18 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru, skal ársleigan vera sem næst 15% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJALD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald sem hér segir:

Grunngjald af loftlínuheimtaug	kr. 1400
Grunngjald af jarðlínuheimtaug	— 2100

Auk grunngjaldsins greiðast kr. 4.60 af hverjum rúmmetra húsa, allt að 700 rúmmetrum, og kr. 2.30 af hverjum rúmmetra þar yfir.

Fari lengd jarðstrengsheimtaugar fram úr 20 metrum eða loftlínuheimtaugar fram úr 30 metrum, skal húseigandi greiða kostnað af því, sem fram yfir er.

Lengd loftlínuheimtaugar reiknast frá næsta stólpa í notandalínu við götu styztu greiðfæru leið að varkassa.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu styztu greiðfæru leið að varkassa.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga að heimtaugartengingu lokinni.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 50.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt 50 kr. gjald á skrifstofu rafveitunnar.

V. HEIMILD TIL HÆKKUNAR

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, um allt að 10%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins. Enda auglýsi hreppsnefnd breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps hefur samið og samþykkt og gerð er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá fyrir Rafveitu Stokkseyrar nr. 232 1. desember 1965.

Atvinnumálaráðuneytið, 14. marz 1966.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Gerðahrepps.

I. RAFORKA

Rafveita Gerðahrepps selur raforku á þann hátt og því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 5.20 hver kwst.
2. Um kwst.mæli á kr. 1.90 hver kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 25.30 á ári af hverjum fermetra gólfflatar í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 7.80 af fermetra á ári.

B. Almenn heimilisnotkun.

Um kwst.mæli á 115 aura hver kwst. Auk þessa skal greiða fastagjald kr. 9.20 á mánuði af hverju herbergi íbúðar. Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar og eldhús. Herbergi, sem er minna en 5 m², skal teljast sem hálf en stærra en 25 m² sem tvö. Leiga af einum mæli er innifalin í fastagjaldinu.

Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er undir 10 m², má miða við sameiginlegt flatarmál þeirra, þannig að hverjir 10 m², jafngildi einu herbergi og 6 m², hálfu herbergi.

C. Vélantkun.

1. Um kwst.mæli á kr. 2.82 hver kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds, kr. 575.00 á hvert uppsett kw. vélanna.
2. Til fiskiðnaðar, með fasttengdum vélum kr. 1.15 hverja kwst.
3. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla við fisk-, kjöt- eða mjólkuriðnað er 20 kw.
 - a. Um kwst.mæli á 84 aura hverja kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn. Notandi kosti klukkurofa fyrir vélalagnir eða tvígjaldsmæli, sem settur er til eftirlits með að rofið sé á tilskildum tímum.
 - b. Um tvígjaldsmæli á kr. 5.00 hverja kwst. í 1½ klst. tvisvar sinnum á dag á tímum mesta álags rafveitunnar en á 84 aura hverja kwst. utan þeirra tíma.
 - c. Um tvígjaldsmæli á kr. 5.00 hverja kwst. í 1½ klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó eigi lengur en 1 klst. í senn, en á 90 aura hverja kwst. utan þess tíma.
4. Um mæli á kr. 1020.00 fyrir hvert kw. mesta notaðs afls á árinu, mælt sem 15 mínútna meðalálág og auk þess 58 aura á notaða kwst.
5. Ef ekki eru tók á að mæla mesta notað afl, má selja þannig: Um mæli á kr. 665.25 fyrir hvert uppsett kw. vélanna og auk þess 58 aura á notaða kwst.

D. Hitun.

1. Um kwst.mæli á 44 aura hverja kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á daga á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
2. Um kwst.mæli á 18 aura hverja kwst., í 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til 7.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

- Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- Að notandi setji klukkurofa fyrir hitalögnina, og kosti viðhald þeirra. Þó getur rafveitustjóri ákveðið, að rafveitan leggi til rofa og annist viðhald þeirra. Kostar þá notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim, samkvæmt reglum, sem gilda um leigu mæla.
- Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillir notaður.

E. Önnur raforkusala.

- Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða, á 1.50 hverja kwst., enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutæki fasttengd.
- Til nota um vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kwst.-mæli á kr. 2.90 hverja kwst.
- Til bökunarofna í braugerðarhúsum um kwst.mæli á 48 aura hverja kwst., ef straumur er rofinn frá kl. 8.30 til kl. 22, eða um tvígjaldsmæli á 48 aura hverja kwst., á tímanum frá kl. 22 til 8.30 og kr. 1.15 hverja kwst. frá kl. 8.30 til kl. 22.
- Til gatnalýsingar á 115 aura hverja kwst.

Alla rafmagnsnotkun, sem ótalin er, og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A—1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó, að tilskildu samþykki rafveitustjórnar, veita afslátt frá gjaldskrárlið C—E (háðir meðtaldir) á orku, sem notuð er á sumrin, sé um verulega aukningu frá vetrarnotkun að ræða.

Enn fremur að selja orku eftir sérstökum samningi, sé það hagstætt vegna orkunýtingar rafveitunnar.

II. MÆLALEIGUR

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

- | | |
|--|--------------------|
| 1. Af einfasa mælum upp að 50 amp. | kr. 7.50 á mánuði. |
| 2. Af þrífasa mælum upp að 50 amp. | — 9.50 — — |
| 3. Af þrífasa mælum 50 til 220 amp. | — 24.00 — — |
| 4. Af þrífasa mælum fyrir 200 amp. | — 34.50 — — |

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan er innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greitt, svo til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 200.00.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún eigi opnuð fyrr en notandi hefur greitt kr. 200.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir hverja húsveitu. Umsækjandi heimtaugar skal gera grein fyrir væntanlegri notkun húsnaðis og helztu raforkunotkun.

Ein heimtaug er lögð að hverri eign (á sömu lóð) og skal greitt heimtaugargjald af hverri heimtaug (spennist.) fyrir allt að 15 m jarðstrengsheimtaug frá jarð-

strengskerfi og allt að 30 m. loftlínuheimtaug frá loftlínukerfi samkvæmt eftirfarandi töflu:

Gjald- skrárlíður	Málstraumur stofnvara		Hámarksafll. kva.	Heimtaugargjald.
	í 3 × 220 W. Kerfi. Amp.	í 3 × 380 W. Kerfi. Amp.		
1.	2 × 60	1 × 60	13	4 600.00
2.	3 × 60	2 × 60	22	6 095.00
3.	3 × 100	3 × 60	38	8 740.00
4.			50 sp.	10 350.00
5.		3 × 100	66	14 375.00
6.	3 × 200		75	17 480.00
7.			100 sp.	20 700.00
8.	3 × 350	3 × 300	132	28 692.50
9.			150 sp.	32 910.00
10.			200 sp.	41 400.00
11.		3 × 350	231	47 725.00
12.			300	65 840.00
13.			500	110 000.00

sp.: spennir.

Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stytzu greiðfæra leið að varkassa á útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa kassa á innvegg, skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn verður dreginn í.

Sé jarðlínuheimtaug lögð frá loftlínu (samkv. ósk heimtaugarbeiðanda), skal lengd heimtauga reiknuð frá loftlínustólpa að inntakskassa, en þveri heimtaugin akbraut, skal breidd akbrauta dregin frá.

Yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern metra, umfram fyrstu 15 m, þannig:
 $Y_j = (250 + 4 \times \text{kVA}) \text{ kr/m.}$

Yfirlengdargjald loftlínu reiknast á hvern metra, umfram fyrstu 30 m, þannig:
 $Y_1 = (250 + 3 \times \text{kVA}) \text{ kr/m}$ að viðbættum 2500 kr. á hvern staur í umfram lengd.

Sé lögð bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu, skal greitt fyrir hana, sem hér segir:

60 amp. einfasa	kr. 1150.00
60 — þrífasa	— 1380.00

Sé aðstæður þannig, að kostnaður við lagningu bráðabirgðaheimtaugar verði óeðlilega hár, má taka gjald fyrir hana samkvæmt kostnaði.

Telji rafveitustjóri að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða spennis, skal notandi greiða mismun, samkvæmt gjaldskrá. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð, að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnaði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra vegna staðsetningar stöðvarinnar.

Þegar lóð er lögð til, er það gert rafveitunni að kostnaðarlausu og skal í öllu hlita skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Þegar húsnaði er lagt til, skal fullnægja settum skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa að dómi rafveitustjóra. Eðlilegur kostnaður notanda við gerð húsnaðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni (í leiguformi, t. d. fyrir lengri tíma) og kemur þannig til frádráttar heimtaugargjaldi.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt hverfi að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkvæmt kostnaðarreikningi. Helmingur heimtaugargjalds skal greiddur við umsókn, en síðari hlutinn áður en notkun hefst.

Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Gerðahrepps hefur samþykkt, staðfestist hér með samkv. vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12. 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi numin eldri gjaldskrá Rafveitu Gerðahrepps nr. 6. 5. janúar 1961.

Atvinnuáráðuneytið, 22. marz 1966.

Ingólfur Jónsson.

Dorv. K. Dorsteinsson.

REGLUGERÐ

um búfjárhald í Kópavogi.

1. gr.

Svína- og sauðfjárhald svo og alifuglarækt er óheimil í Kópavogi, nema með sérstöku leyfi bæjarráðs.

2. gr.

Sá, sem hyggst sækja um leyfi skv. 1. gr., skal senda umsókn um það til bæjarráðs. Í umsókn skal gera grein fyrir fjölda búfjárins, sem óskað er leyfi fyrir, hvernig geymslu þess skuli háttað og öðru, er máli kann að skipta.

3. gr.

Nú telur bæjarráð, að skilyrði til búfjárhalds séu fyrir hendi, og skal þá veita leyfið; má veita það annað hvort til ákveðins tíma eða ákveða tiltekinn frest til afturköllunar. Ef leyfishafi brýtur reglur um meðferð búfjár, t. d. gætir þess ekki á fullnægjandi hátt, má afturkalla leyfið fyrirvaralaust.

4. gr.

Ef maður heldur án heimildar búfé, sem samþykkt þessi tekur til, skal lög-reglustjóri hlutast til um, að það sé tekið úr vörzlu hans, og er heimilt að selja það á uppboði eða láta slátra því.

Sama gildir, ef leyfishafi gætir ekki settra reglna um meðferð búfjárins, þannig að það veldur tjóni eða óþrifnaði.

5. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum allt að kr. 5000.00. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Kópavogs, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 44 23. maí 1964, um búfjárhald í kaupstöðum og kaup-túnum til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 23. marz 1966.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

REGLUGERÐ

um fasteignamat í Helgafellssveit, Snæfellsnessýslu.

Fasteignaskatt í Helgafellssveit skal innheimta með 200% álagi eins og hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964, 5. gr., sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 24. marz 1966.

Magnús Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

24. marz 1966.

Nr. 67.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Ísafjarðar.

I. RAFORKA

1. Ljós.

- 1.1. Um KWst.mæli á 560 aurar/KWst.
- 1.2. Um KWst.mæli á 280 aurar KWst. auk fastagjalds er nemi 15 kr./m² á ári í rúmi því, er lýsa skal.
Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í verzlunum, vinnustofum og og skrifstofum, en fyrir ganga og geymslur 7 kr./m².

2. Almenn heimilisnotkun.

- 2.1. Um KWst.mæli 135 aurar KW/st. auk fastagjalds 12 kr./mán. af hverju íbúðarherbergi. Mælaleiga af einum mæli falli þá niður. Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll íbúðarherbergi og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi þvottahús og geymslur. Herbergi, sem er minna en 7 fermetrar, skal telja sem hálf, þó þannig, að eigi skal greiða fastagjald af herbergjum, sem eru minni en 5 fermetrar. Herbergi, sem eru stærri en 25 fermetrar, skal telja sem tvö.

3. Vélanotkun.

- 3.1. Um KWst.mæli á 280 aurar/KWst.
- 3.2. Um afl- og orkumæla þannig reiknað: aflgjald af notuðu afli kr. 1400 KW/ári orkugjald af allri notkun 40 aurar KW/st.
Notað afl hvers almanaksárs telst vera meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestrar fari fram með sem jöfnustu millibili, en þó eigi skemur en eins mánaðar. Aflnotkun mælist sem meðalág yfir stundafjórðung. Minnsta aflgjald skal vera kr. 7000 á ári. Eftir þessum gjaldskrárlíð má selja alla raforkunotkun atvinnufyrirtækja, sjúkrahúsa, heimavistarskóla og annarra slíkra staða gegn greiðslu fastagjalds af ljósanotkun.
- 3.3. Um KWst.mæli á 130 aurar/KWst., enda sé vélaafl meira en 16 KW.

4. Hitun.

- 4.1. Til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa, heimavistarskóla og annarra slíkra staða má selja raforku til suðu og hitunar um sérmæli á kr. 1.35 hverja KWst., enda séu suðu- og hitatæki fasttengd.
- 4.2. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum á 37 aurar/KWst. á tímanum frá kl. 22—10, og 140 aurar/KWst. á tímanum 10—22, enda sé straumurinn rofinn í 4 st. á mesta álagstíma rafveitunnar, þó eigi lengur en tvær stundir í senn og notendur kosti uppsetningu tvígjaldsmæla.
- 4.3. Hiti í kirkju um KWst.mæli á 87 aurar/KWst., enda sé straumur rofinn í 4 st. á mesta álagstíma rafveitunnar, þó eigi lengur en tvær stundir í senn.

5. Önnur notkun.

- 5.1. Til götu- og hafnaljósa um KWst.mæli á 120 aurar/KWst.
- 5.2. Til nota við vinnulagnir við byggingu meðan á byggingu stendur, þannig:
 - a) Um KWst.mæli 280 aurar/KWst.
 - b) Um mestastraumsrofa 35 kr. hvert amper á mánuði.
Rafveitustjóri ákveður hvort settur skuli upp kwst.mælir eða mestastraumsrofi.
- 5.3. Til súgþurrkunar um kwst.mæli á 80 aurar/kwst.
- 5.4. Alla raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið 1.1.
Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri selja raforku eftir sérstökum samningi, þó eigi lengur en til eins árs í senn, nema samþykki rafveitustjórnar komi til.
6. Ofangreint raforkuverð er miðað við að raunstuðullinn sé ekki lægri en 0.8. Verði raunstuðull lægri, er heimilt að miða raforkuverð við kVA. og kVAst. í stað kw. og kwst.
Lágmarksnotkun um hverja heimtaug skal vera kr. 750.00 á ári.

II. MÆLALÆIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og sú ákvörðun er skuldbindandi fyrir notanda, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa kwst.mælum	kr. 12.50 á mánuði.
2. Af þrífasa kwst.mælum 100 A. og minni	— 27.00 — —
3. Af mesta aflsmælum 100 A. og minni	— 72.00 — —
4. Af mesta aflsmælum 100 A. og stærri	— 85.00 — —
5. Af skiptiklukkum	— 12.00 — —
6. Af ljósnemirofum	— 50.00 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjöld fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu.

Fari lengd jarðstrengs heimtaugar fram úr 15 metrum eða loftlínuheimtaugar fram 40 úr metrum, skal greitt yfirlengdargjald eins og taflan sýnir.

Málstraumur stofnvara	Lágmark krónur	Yfirlengd kr./m
60 A. 1 fasa	5.500.00	370.00
60 A. 3 —	7.250.00	395.00
100 A. 3 —	11 100.00	460.00
125 A. 3 —	13 700.00	530.00
200 A. 3 —	21 800.00	660.00
350 A. 3 —	38 000.00	920.00

Fyrir heimtaug með flutningsgetu 150 kVA. (hér kann að þurfa spennistöð), skal greitt heimtaugargjald er nemi 220.00 á hvert kVA. Skal þá aflið miðað við varastærðirnar 350, 430, 500 og 600 A. Yfirlengdargjald 350 A. skv. töflu. Lengd jarðlínu heimtaugar 60—200 A. reiknast frá varkassa stytzu greiðfæra leið að lóðamörkum. Lengd stærri heimtauga reiknast frá varkassa að spennistöð. Yfirlengd reiknast ekki af vegalengd, sem er umfram 100 m frá varkassa. Þurfi að leggja jarðlínuheimtaug út frá loftlínu, skal lengd heimtaugar reiknuð jöfn lengd jarðstrengs frá varkassa að loftlínustólpa.

Þveri jarðlínuheimtaugin akbraut, skal breidd akbrautar ekki reiknuð með. Lengd loftlínuheimtaugar 60—100 A. reiknast frá næsta stólpa í notandalínu við götu stytzu greiðfæra leið að varkassa.

Þurfi að setja stólpa fyrir heimtaug nær húsi en 40 metra, svo hún nái löglegri hæð, skal greitt umframgjald 2500.00 kr. fyrir stólpann.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna ákveðins notanda, og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.

Sé lögð bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu, skal greitt fyrir hana sem hér segir:

60 amper 1 fasa	kr. 1500.00
60 amper 3 fasa	— 2000.00

Óski húseigandi eftir, að heimtaug verði breytt úr 1 fasa heimtaug eða flutningsgeta jarðstrengsheimtaugar verði aukin, skal hann greiða fyrir breytinguna samkv. kostnaði, þó aldrei minna en mismun á heimtaugargjaldi samkvæmt gjaldskrá.

Þurfi að breyta loftlínuheimtaug í jarðlínuheimtaug vegna breytinga á stofnlínu í götu, skal húseigandi greiða $\frac{1}{2}$ hluta heimtaugargjalds samkvæmt gjaldskrá.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Ísa-fjarðarkaupstaðar og Eyrarhrepps. Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húseiganda eða gera honum að greiða heimtaugina samkv. kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram.

IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi verið lokað fyrir veitu vegna vanskila á gjöldum til rafveitunnar, er óheimilt að opna aftur fyrr en notandi hefur greitt áfallin gjöld og kr. 200.00 í opnargjald á skrifstofu rafveitunnar.
2. Ef fundin eru óleyfileg vör við skoðun eða of stór, skal veitunni lokað tafarlaust. Er óheimilt að opna aftur fyrr en notandi hefur greitt kr. 100.00 á skrifstofu rafveitunnar.

V. ÝMIS ÁKVÆÐI

Hækki innkaupsverð á raforku, er rafveitustjórn heimilt að hækka raforku-reikningana um 30% af þeirri hækkun.

Fyrir hver full 5%, sem kaupgjald hjá Rafveitu Ísafjarðar hækkar eða lækkar, hvort heldur er sökum breytinga grunnkaups eða kaupgjaldsvisitölu frá og með 1. marz 1966 er rafveitustjórn heimilt að hækka eða lækka gjaldskrá um 4%.

Ef fyrirsjáanlegt er, að dómi rafveitustjóra, að örðugleikar verði á rekstri rafveitunnar sakir vatnsskorts, getur rafveitustjórn með samþykki ráðuneytis gert bráða-birgðaráðstafanir, er hún telur heppilegar til þess að draga úr orkunotkun á veitu-svæðinu meðan á vatnsskorti stendur.

Söluskattur 7.5% er innifalinn í þessari gjaldskrá.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að ganga í gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Ísafjarðar nr. 161 28. september 1962.

Atvinnumálaráðuneytið, 24. marz 1966.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 88 25. október 1929, um bifreiðatryggingar, sbr. reglugerð nr. 67 29. júní 1932.

1. gr.

6. mgr. 1. gr. orðist svo:

Nú nær váttryggingarskírteini til annarrar tryggingar en hinnar lögboðnu ábyrgðartryggingar, og skal þá skírteinið bera með sér svo greinilega, að ekki verði um villzt, skilmála og iðngjöld fyrir hverja trygginu. Í endurnýjunarkvittun skal og sundurliða iðgjöld á sama hátt.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í umferðarlögum, nr. 26 2. maí 1958, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 25. marz 1966.

Jóhann Hafstein.

Ólafur W. Stefánsson.

G J A L D S K R Á

Rafveitu Njarðvíkur.

Rafveita Njarðvíkur selur raforku á þann hátt, og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 5.20 hverja kwst.

B. Almenn heimilisnotkun.

Um kwst.mæli á 115 aura hverja kwst. Auk þess skal greiða fastagjald kr. 0.50 á mánuði af gólfplatfermetra íbúðar. Leiga af einum mæli er innifalin í fastagjaldinu.

C. Vélanotkun.

1. Um kwst.mæli á kr. 2.82 hverja kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds, krónur 575.00, á hvert uppsett kw. vélanna.
2. Til fiskiðnaðar, með fasttengdum vélum kr. 2.80 hverja kwst.
3. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla við fisk-, kjöt- eða mjólkuriðnað er yfir 20 kw.
 - a. Um kwst.mæli á 84 aura hverja kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tíma mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn. Notandi kostar klukkurofa fyrir vélagagnir eða tvígjaldsmæli, sem settur er til eftirlits með að rofið sé á tilskildum tímum.
 - b. Um tvígjaldsmæli á kr. 5.00 hverja kwst. í 1½ klst. tvisvar sinnum á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en á 84 aura hverja kwst. utan þeirra tíma.
 - c. Um tvígjaldsmæli á kr. 5.00 hverja kwst. í 1½ klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó eigi lengur en 1 klst. í senn, en á 90 aura hverja kwst. utan þess tíma.
4. Um mæli á kr. 1300.00 fyrir hvert kw. mesta notaðs afls á árinu, mælt sem 15 mínútna meðalág og auk þess 0.48 aurar á notaða kwst.

D. Stórnotkun.

Um mæla þannig reiknað, enda sé aflnotkun minnst 200 KW.:

Aflgjald 1600.00 kr. ársk.W.

Orkugjald 0.18 kr. hverja kWh.

Sala skv. þessum lið er háð ákvörðun rafveitunefndar.

E. Hitun.

1. Um kwst.mæli á 48 aura hverja kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
2. Um kwst.mæli á 22 aura hverja kwst., í 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til 7.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

- Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- Að notandi setji klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra. Þó getur rafveitustjóri ákveðið, að rafveitan leggi til rofa og annist viðhald þeirra. Kostar þá notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim, samkvæmt reglum, sem gilda um leigu mæla.
- Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

F. Önnur raforkusala.

- Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á 1.50 kr. hverja kwst., enda sé notkun mæld um sérmæli og suðutæki fasttengd.
- Til nota um vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kwst.-mæli á kr. 2.90 hverja kwst.
- Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kwst.-mæli á 48 aura hverja kwst. á tímanum frá kl. 22 til 8.30 og kr. 1.15 hverja kwst. frá kl. 8.30 til kl. 22.
- Til gatnalýsingar á 160 aura hverja kwst.

Alla rafmagnsnotkun, sem ótalin er, og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A—1.

G. Mælaleigur.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

- | | |
|--|--------------------|
| 1. Af einfasa mælum upp að 30 amp. | kr. 7.50 á mánuði. |
| 2. Af þrífasa mælum upp að 50 amp. | — 9.50 — — |
| 3. Af þrífasa mælum 50 til 220 amp. | — 24.00 — — |
| 4. Af þrífasa mælum yfir 200 amp. | — 34.50 — — |

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leigan er innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

H. Opnunargjöld.

- Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veituna, skal taka gjald fyrir enduroppnun 100 krónur.
- Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð aftur, fyrr en notandi hefur greitt 200 króna gjald á skrifstofu rafveitunnar.
- Verði raforkunotandi uppvís að notkun raforku án mælingar, skal hann sæta ábyrgðum skv. lið 2, nema þyngri refsing liggja við.

I. Heimtaugargjöld.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar og/eða spennistöðvar fyrir húsveitu. Umsækjandi heimtaugar skal gera grein fyrir væntanlegri notkun húsnaðis og helztu raforkunotkun, jafnframt leggja fram raflagnateikningar.

Ein heimtaug er lögð að hverri eign (á sömu lóð) og skal greitt heimtaugargjald af hverri heimtaug (spennist.) fyrir allt að 15 m jarðstrengsheimtaug frá jarðstrengskerfi og allt að 30 m loftlínuheimtaug frá loftlínukerfi samkvæmt eftirfarandi töflu:

Gjaldskrárlíður	Málstraumur stofnvara		Hámarksafli KVA.	Heimtaugargjald
	í 3 × 220 W Kerfi. AMP.	í 3 × 380 W Kerfi. AMP.		
1.	2 × 60	1 × 60	13	4 600.00
2.	3 × 60	2 × 60	22	6 095.00
3.	3 × 100	3 × 60	38	8 740.00
4.			50 sp.	10 350.00
5.		3 × 100	66	14 375.00
6.	3 × 200		75	17 480.00
7.			100 sp.	20 700.00
8.	3 × 350	3 × 300	132	28 692.50
9.			150 sp.	32 910.00
10.			200 sp.	41 400.00
11.		3 × 350	231	47 725.00
12.			300	65 840.00
13.			500	110 000.00

(sp. = spennir.)

Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stytzu greiðfæra leið að varkassa á útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa kassa á innvegg, skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn verður dreginn í.

Sé jarðlínuheimtaug lögð frá loftlínu (samkv. ósk heimtaugarbeiðanda), skal lengd heimtaugar reiknuð frá loftlínustólpa að inntakskassa, en þveri heimtaugin akbraut, skal breidd akbrautar dregin frá.

Yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern metra, umfram fyrstu 15 m, þannig: $Y_j = (250 + 4 \text{ KVA}) \text{ kr/m}$.

Yfirlengdargjald loftlínu reiknast á hvern metra, umfram fyrstu 30 m, þannig: $Y_1 = (50 + 3 \text{ KVA}) \text{ kr/m}$ að viðbættum kr. 2500.00 á hvern staur í umframlengd.

Sé lögð bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu, skal greitt fyrir hana, sem hér segir:

60 amp. einfasa	kr. 1150.00
60 — þrífasa	— 1380.00

Séu aðstæður þannig, að kostnaður við lagningu bráðabirgðarheimtaugar verði óeðlilega hár, má taka gjald fyrir hana samkvæmt kostnaði.

Telji rafveitustjóri að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða spennis, skal notandi greiða mismun, samkvæmt gjaldskrá. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnaði fyrir spennistöðina, eftir því, sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar stöðvarinnar.

Þegar lóð er lögð til, er það gert rafveitunni að kostnaðarlausu og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Þegar húsnaði er lagt til, skal það fullnægja settum skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra. Eðlilegur kostnaður notanda við gerð húsnaðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni (í leiguformi t. d. fyrir lengri tíma) og kemur þannig til frádráttar heimtaugargjaldi.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulegt hverfi að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkvæmt kostnaðarreikningi. Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

J. Ýmis ákvæði.

Söluskattur samkvæmt lögum nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari viðaukum og breytingum, er talinn með í upphæð gjaldanna, sem um ræðir í gjaldskrá þessari.

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í A- og B-lið gjaldskrár um allt að 20% án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda sé breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá fyrir Rafveitu Njarðvíkur, nr. 265 29. desember 1960.

Atvinnumálaráðuneytið, 30. marz 1966.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Grindavíkur.

I. RAFORKA

Rafveita Grindavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 4.80 hverja kwst. Við þessu verði skal selja hvers konar notkun raforku, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.
2. Um kwst.mæli á kr. 2.50 hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 14.00 á hvern fermetra gólfflatar í rúmi því er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 7.00 á ári af hverjum fermetra.

B. Raforka til almennrar heimilisnotkunar.

Um kwst.mæli á kr. 1.10 hverja kwst., auk fastagjalds, kr. 12.00 á mánuði, af hverju herbergi íbúðar. Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll íbúðarherbergi og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur. Herbergi, sem er minna en 5 ferm., skal telja sem hálf, en stærra en 25 ferm. sem tvö.

C. Vélanotkun og fleira.

1. Um kwst.mæli á kr. 2.50 hverja kwst. Hafi vélnarar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds kr. 1420.00 á hvert uppsett kw.
2. Vélanotkun til bráðabirgða um kwst.mæli kr. 2.50 hverja kwst.
3. Ef uppsett rafvélaafl fastengdra véla er yfir 20 kw.:
 - a. Um kwst.mæli á 40 aura hverja kwst., auk fastagjalds kr. 1420.00 á kw. Notað afl telst vera mesta meðalálág á árinu mælt yfir stundarfjórðung.

- b. Ef ekki eru tók á að mæla notað afl, má selja þannig: Um kwst.mæli á 40 aura hverja kwst., auk fastagjalds kr. 1345 á hvert kw. í málaun uppsettra véla á árinu.

Heimilt er að rjúfa strauminn í allt að þrem stundum á dag samkvæmt þessum gjaldskrárlið (C.3). Klukkan 11.30—12.00 og 17.30—19.00.

4. Um afl- og orkumæli:

- a. Af notuðu afli mælt í stundarfjórðung kr. 1420.00 á kw. á ári.
 b. Af allri notkun 45 aura á kwst.
 c. Samkvæmt þessum gjaldskrárlið heimilast að selja raforku til vélareksturs, hitunar og ljósa, en reikna skal gólfplatargjald vegna ljósanotkunar kr. 14.00 á hvern fermeter í vinnusölum, kaffistofum, skrifstofum og öðrum slíkum stöðum, en kr. 6.00 á hvern fermeter í vörugeymslum, efnisgeymslum, frystiklefum og þess háttar. Þar sem erfitt er að greina milli hverjum þessara flokka gólfplatargjald skal reikna eftir, skal greiða kr. 11.00 á hvern ferm.

D. Hitun.

1. Um kwst.mæli án rofs kr. 1.20 hverja kwst.
 2. Um kwst.mæli með rofi í eina til þrjár klst. á dag kr. 0.32 hverja kwst.
 3. Um afl- og orkumæli:
 a. Á kr. 0.32 hverja kwst. auk fastagjalds af mestu aflnotkun á árinu kr. 1326.00 hvert kw.
 b. Ef ekki eru tók á að mæla aflnotkun, skal greiða samkvæmt ástimplun hitatækja við fullt álag.
 4. Um kwst.mæli á 22 aura hverja kwst með rofi frá kl. 8 til 23.

E. Gatna- og hafnarlýsing.

Um kwst.mæli á kr. 2.25 hverja kwst. til gatna- og hafnarlýsingar, svo og til vinnulýsingar við nýbyggingar og aðra mannvirkjagerð.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

- | | |
|---|--------------------|
| 1. Af einfasa mælum 60 Amp. og minni | kr. 5.00 á mánuði. |
| 2. Af þrífasa mælum 50 Amp. og minni | — 11.00 — — |
| 3. Af þrífasa mælum 50—100 Amp. | — 15.00 — — |
| 4. Af þrífasa mælum yfir 100 Amp. | — 37.00 — — |
| 5. Af mesta aflsmælum 100 Amp. og minni | — 32.00 — — |
| 6. Af mesta aflsmælum yfir 100 Amp. | — 60.00 — — |

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækja.

III. HEIMTAUGARGJALD

Grunngjald heimtaugar fyrir hverja húsveitu skal vera kr. 1500.00 fyrir jarðlínu, kr. 1000.00 fyrir loftlínu. Auk þess skal greiða 10% (tíu af þúsundi) af brunabótamati hússins upp að kr. 500 000.00, en 5% af þeim hluta brunabótamatsins, sem er yfir kr. 500 000.00.

Ef brunabótamat á húsi er gamalt, getur rafveitustjóri samræmt það nýju mati, og miðað heimtaugargjaldið við það. Láti húseigandi meta húsið á ný, skal þó heim-

taugargjaldið miðast við það mat. Greiði húseigandi áætlaðan helming heimtaugargjalds um leið og uppsetningu er lokið, er heimilt að veita honum gjaldfrest á eftirstöðvunum allt að 12 mánuðum.

Heimtaugargjaldið fellur í gjalddaga þegar heimtaugaruppsetningu er lokið eða þegar brunabótamat hefur verið framkvæmt.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 25 metrar, og loftlínuheimtaugar meiri en 60 metrar, og/eða gildleiki víra meiri en 3×70 mm², skal húseigandi greiða að fullu kostnað af því, sem fram yfir er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið, skal greiða gjald fyrir enduropnun kr. 100.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg vör eða of stór vör við skoðun, skal veitunni tafarlaust lokað, og ekki opnuð aftur fyrr en notandinn hefur bætt úr því, og greitt kr. 75.00 til enduropnunar til innheimtu rafveitunnar.

V. HEIMILD TIL GJALDSKRÁRBREYTINGA

Hreppsnefnd Grindavíkur er heimilt að hækka eða lækka gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, um allt að 20% án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda verði breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur. Hækki innkaupsverð á raforku, kaupgjald eða verðlag, er hreppsnefnd heimilt að fengnum tillögum rafveitunefndar, að hækka rafmagnsreikninga um allt að 40% af hækkuninni.

Söluskattur er innifalinn í gjaldskránni.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að ganga í gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Grindavíkur nr. 142 15. október 1958.

Atvinnumálaráðuneytið, 31. marz 1966.

Ingólfur Jónsson.

Dorv. K. Þorsteinsson.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Miðneshrepps.

I. RAFORKA

Rafveita Miðneshrepps selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 4.80 hverja kwst. Við þessu verði skal selja hvers konar notkun raforku, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.

2. Um kwst.mæli á kr. 2.50 hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 14.00 á hvern fermeter gólfplatnar í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólf-fleti í húðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 7.00 á ári af hverjum fermeter.

B. Raforka til almennrar heimilisnotkunar.

Um kwst.mæli á kr. 1.10 hverja kwst., auk fsatagjalds kr. 12.00 á mánuði af hverju herbergi íbúðar. Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll íbúðarherbergi og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur. Herbergi sem er minna en 5 ferm., skal telja sem hálf, en stærra en 25 ferm. sem tvö.

C. Vélanotkun og fleira.

1. Um kwst.mæli á kr. 2.50 hverja kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds kr. 1420.00 á hvert uppsett kw.
2. Vélanotkun til bráðabirgða um kwst.mæli kr. 2.50 hverja kwst.
3. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla er yfir 20 kw.:
 - a. Um kwst.mæli á 40 aura hverja kwst., auk fastagjalds kr. 1420.00 á kw. Notað afl telst vera mesta meðalálág á árinu mælt yfir stundarfjórðung
 - b. Ef ekki eru tók á að mæla notað afl, má selja þannig:
Um kwst.mæli á 40 aura hverja kwst., auk fastagjalds kr. 1345.00 á hvert kw. í málraun uppsettra véla á árinu.
Heimilt er að rjúfa straum í allt að þrem stundum á dag samkvæmt þessum gjaldskrárlíð (C.3) klukkan 11.30—12.00 og 17.30—19.00.
4. Um afl- og orkumæli:
 - a. Af notuðu afli mælt í stundarfjórðung kr. 1420.00 á kw. á ári.
 - b. Af allri notkun 45 aura á kwst.
 - c. Samkvæmt þessum gjaldskrárlíð heimilast að selja raforku til vélareksturs, hitunar og ljósa, en reikna skal gólfplatargjald vegna ljósanotkunar kr. 14.00 á hvern fermeter í vinnusölum, kaffistofum, skrifstofum og öðrum slíkum stöðum, en kr. 6.00 á hvern fermeter í vörugeymslum, efnisgeymslum, frystiklefum og þess háttar. Þar sem erfitt er að greina milli hverjum þessara flokka gólfplatargjald skal reikna eftir, skal greiða kr. 11.00 á hvern ferm.

D. Hitun.

1. Um kwst.mæli án rofs kr. 1.20 hverja kwst.
2. Um kwst.mæli með rofi í eina til þrjár klst. á dag kr. 0.40 hverja kwst.
3. Um afl- og orkumæli:
 - a. Á kr. 0.40 hverja kwst. auk fastagjalds af mestu aflnotkun á árinu kr. 326.00 hvert kw.
 - b. Ef ekki eru tók á að mæla aflnotkun, skal greiða samkvæmt ástimplun hitatækja við fullt álag.
4. Um kwst.mæli á 22 aura hverja kwst. með rofi frá kl. 8 til 23.

E. Gatna- og hafnarlýsing.

Um kwst.mæli á kr. 2.25 hverja kwst. til gatna- og hafnarlýsingar, svo og til vinnulýsingar við nýbyggingar og aðra mannvirkjagerð.

II. MÆLALÆIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa mælum 60 Amp. og minni	kr. 5.00 á mánuði.
2. Af þrífasa mælum 50 Amp. og minni	— 11.00 — —
3. Af þrífasa mælum 50—100 Amp.	— 15.00 — —
4. Af þrífasa mælum yfir 100 Amp.	— 37.00 — —
5. Af mesta aflsmælum 100 Amp. og minni	— 32.00 — —
6. Af mesta aflsmælum yfir 100 Amp.	— 60.00 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleigan sem næst 20% af verði mælitækis.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Heimtaugargjöld miðast við aflþörf notanda, gerir notandi grein fyrir væntanlegri notkun sinni í umsókn um heimtaug og ákveður rafveitustjóri stærð og gerð heimtaugar í samræmi við það.

Heimtaugargjald ákveðst þannig:

	Málstraumur stofnvara Amp.	Hámarksafl Kva.	Heimtaugargjald kr.
1.	3 × 60	22	6 400.00
2.	3 × 100	38	9 600.00
3.	3 × 200	75 (Spennist.)	17 000.00
4.	3 × 350	132 —	28 400.00

Ofangreint gjald miðast við 15 metra langan jarðstreng eða 30 metra loftlínuheimtaug. Þar sem heimtaug þarf að vera lengri en að framan greinir, skal það sem fram yfir er greiddast samkvæmt kostnaðarreikningi. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stytzu greiðfæra leið að varkassa á útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa varkassa á innvegg, skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn er dreginn í, svo og staðsetningu varkassa svo aðgengilegt sé að komast að honum.

Sé lögð bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu, skal greiða fyrir hana sem hér segir:

Fyrir 60 Amp. einfasa	kr. 1150.00
Fyrir 60 — þrífasa	— 1380.00

Verði þörf á að skipta um heimtaug vegna aukinnar raforkuþarfar, skal notandinn greiða mismun samkvæmt gjaldskrá.

Heimtaug verður ekki lögð meðan frost er í jörð, eða óveður há útvinnu. Sé um óskipulögð svæði að ræða, eða óeðlilegar eða erfiðar aðstæður, skal greiða heimtaugargjald samkvæmt kostnaðarreikningi.

Ef fleiri en ein heimtaug er lögð að húsi, skal húseigandi greiða allan kostnað við síðari heimtaugar eftir kostnaðarreikningi.

IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið, skal greiða gjald fyrir enduropnun kr. 100.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg vör eða of stór vör við skoðun, skal veitunni tafarlaust lokað, og ekki opnuð aftur fyrr en notandinn hefur bætt úr því, og greitt kr. 75.00 til enduropnunar til innheimtu rafveitunnar.

V. HEIMILD TIL GJALDSKRÁRBREYTINGA

Hreppsnefnd Miðneshrepps er heimilt að hækka eða lækka gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari um allt að 20% án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda verði breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur. Hækki innkaupsverð á raforku, kaupgjald eða verðlag er hreppsnefnd heimilt að fengnum tillögum rafveitunnar, að hækka rafmagnsreikninga um allt að 40% af hækkuninni.

Söluskattur er innifalinn í gjaldskránni.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946 til þess að ganga í gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Miðneshrepps nr. 120 4 september 1958.

Atvinnumálaráðuneytið, 31. marz 1966.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

31. marz 1966.

Nr. 72.

REGLUGERÐ

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Bolungarvík, nr. 119 10. september 1959.

1. gr.

17. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Hvert fljótandi far, sem leggst við festar innan takmarkalínu Bolungarvíkurhafnar, skal greiða gjöld samkvæmt ákvæðum þessa kafla. Undanþegin gjöldum eru þó varðskip, vitaskip, björgunarskip, rannsóknarskip og skip, sem eingöngu leita hafnar vegna sjóskemmda eða til að leita læknishjálpar.

Alls staðar, þar sem miðað er við lestartölu skipa, er átt við brúttórúmllestir.

2. gr.

18. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Lestagjald.

Lestagjald skal greiða samkvæmt neðanskráðri gjaldskrá:

1. Skip skrásett eða heimilisföst í Bolungarvík:
 - a. Vélbátar undir 5 rúml. kr. 100.00 á ári.
 - b. Vélbátar 5—30 rúml. kr. 200.00 á ári.
 - c. Vélbátar og skip 30 rúmllestir og yfir kr. 200.00 af 30 rúml. og kr. 5.00 af hverri rúmllest þar yfir.
2. Önnur skip greiði 1.50 kr. af rúmllest í hvert skipti.

3. gr.

19. gr. orðist þannig:

Ljósagjald.

Öll skip, sem greiða lestagjald, greiði samtímis ljósagjald eftir neðanskráðri gjaldskrá:

1. Skip skrásett eða heimilisföst í Bolungarvík yfir 12 rúmlestar greiði kr. 1.00 á rúmlest á ári, þó ekki undir kr. 100.00.
2. Önnur skip greiði kr. 0.20 fyrir hverja lest hverju sinni, þó aldrei minna en kr. 20.00 og aldrei meira en kr. 200.00 hverju sinni.

4. gr.

20. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Bryggjugjald.

Bryggjugjald skulu öll skip, sem leggjast að hafnargörðum eða hafnarbryggjum í Bolungarvíkurhöfn, greiða eftir neðanskráðri gjaldskrá:

1. Skip skrásett eða heimilisföst í Bolungarvík, greiði kr. 10.00 á rúmlest á ári, þó ekki minna en kr. 100.00.
2. Önnur skip greiði kr. 0.50 á hverja rúmlest í hvert skipti.

Fyrir sérstaka notkun á öldubrjótnum og á landi hafnarinnar, svo sem til síldar-söltunar, vörugeymslu o. fl., skal hafnarnefnd ákveða sérstakt gjald eða semja við viðkomandi aðila. Óheimil eru slík afnot nema leyfi hafnarstjóra komi til.

Fyrir uppsátur skipa og báta í brimbrjótsvör greiðist árgjald kr. 400.00 á bát, en kr. 100.00 á bát annars staðar á landi hafnarinnar.

5. gr.

24. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Vörugjald.

Af öllum vörum og skepnum, sem fluttar eru úr skipi eða í innan hafnarinnar, svo og af afla þeirra báta eða skipa, sem gerðir eru út frá Bolungarvík, og/eða leggja afla sinn þar á land, skal greiða vörugjald til hafnarsjóðs samkvæmt gjaldskrá þeirri, sem hér fer á eftir:

1. flokkur. Aflagjald, kr. 1.00 pr. 100 kg:
Allur fiskur til verkunar, veginn upp úr sjó, slægður eða óslægður, þar með talið rækjur, skelfiskur og síld.
2. flokkur. Kr. 2.00 pr. 100 kg:
Fiskur ísvarinn, saltfiskur, hraðfrystur fiskur, sement, salt, kol og koks.
3. flokkur. Kr. 3.00 pr. 100 kg:
Beita alls konar, fiskimjöl, síldarmjöl, harðfiskur, sjávarafurðir ótaldar annars staðar, garðávextir, fóðurmjöl, kornvara, mjölvara, tilbúinn áburður.
4. flokkur. Kr. 5.00 pr. 100 kg:
Sykur, smjör, smjörlíki, tólg, jurtafeiti, járn alls konar, járnþrá, ull, ullarballar, bækur, útgerðarvörur ótaldar annars staðar, lýsi, byggingarvörur, ótaldar annars staðar, kjöt og aðrar landbúnaðarvörur, pappi, pappír, strigapokar, stálvír og stálvörur. Allar vörur ótaldar annars staðar reiknaðar eftir þyngd.
5. flokkur. Kr. 10.00 pr. 100 kg:
Fiskumbúðir, málning, menja og lakk, kex, miðstöðvarkatlar og ofnar, landbúnaðarverkfæri, timbur eftir þyngd, girðingarefni, vélar alls konar, vélavarahlutir, leðurvörur, öl og gosdrykkir.
6. flokkur. Kr. 20.00 pr. 100 kg:
Ávextir þurrkaðir og nýir, blikkvörur, glervörur, iðnaðarvörur, krydd, leirvörur, litarvörur, lyfjavörur, hreinlætisvörur, verkfæri, tómatar, sælgæti, húsgögn, jólatré, eldhúsáhöld, bökunarvörur, niðursuðuvörur, nýlenduvörur, þrjónavörur.

7. flokkur. Kr. 50.00 pr. 100 kg:
Tóbaksvörur, ilmvötn, snyrtivörur, skartgripir, rafmagnsvörur, fatnaður alls konar, hljóðfæri, upptökutæki, viðtæki, hljómplötur, ljósmynda-
vörur, rafmagnsáhöld, skófatnaður, símaáhöld, skrifstofuáhöld, sport-
vörur, skotfæri, vefnaðarvörur, úr og klukkur, dúnn og fiður.
8. flokkur. Benzín og oliur:
a. olía (fuel) kr. 12.00 pr. 100 kg.
b. hráolía, steinolía, kr. 40.00 pr. 1000 kg.
c. benzín kr. 60.00 pr. 1000 kg.
9. flokkur. Kr. 3.00 pr. stk.:
Sauðfé, endursendar umbúðir, tóm föt og tunnur.
10. flokkur. Kr. 10.00 pr. stk:
Stórgripir, loðdýr.
11. flokkur. Kr. 1.00 pr. rúmfet:
Timbur og aðrar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.

Vöru skal flokka til gjaldskrár eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur, og greiðist gjaldið eins og þar segir, þó skal aldrei reikna vörugjald lægra en kr. 5.00 og brot úr gjaldeiningu reiknast sem heil.

Ef vafi leikur á því í hvaða flokki skuli telja einhverja vöru, úrskurðar hafnarstjóri, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarnefndar.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og landingarbætur, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 31. marz 1966.

Eggert G. Þorsteinsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð nr. 104 27. október 1931, um jarðeignamál
í Seyðisfjarðarkaupstað.

1. gr.

Í stað orðanna „áður en þrjú ár eru liðin“ í c-lið 5. gr. reglugerðarinnar, komi: áður en eitt ár er liðið.

Ofangreind reglugerðarbreyting, sem gerð er af bæjarstjórn Seyðisfjarðar, staðfestist hér með samkvæmt sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. marz 1961, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 31. marz 1966.

Eggert G. Þorsteinsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

REGLUGERÐ

um námslán til læknanema gegn skuldbindingu um lækniþjónustu í héraði.

1. gr.

Heimilt er að veita allt að 12 stúdentum í lækni­fræði námslán árlega gegn skuldbindingu um lækniþjónustu í héraði, þó ekki fleiri en 4 í fyrsta sinn árlega.

2. gr.

Veita má sama stúdent lán í allt að 3 ár og í fyrsta sinn eftir að hann hefur staðizt fyrsta hluta embættisprófs.

3. gr.

Umsóknir um slík námslán skal rita á sérstök eyðublöð, sem ráðuneytið lætur gera, og skal þar gerð grein fyrir efnahag umsækjanda, námsferli og öðru því, sem ráðuneytið telur skipta máli.

Umsóknir skal senda landlækni fyrir 1. janúar ár hvert. Leitar hann umsagnar læknadeildar háskólans um umsækjendur.

Að fenginni umsögn læknadeildar gerir landlæknir tillögur til ráðherra þess, er fer með heilbrigðismál, um það hverjir skuli hljóta lán.

4. gr.

Stúdent, sem hlotið hefur lán í fyrsta sinn, á rétt á láni næstu tvö ár, hafi hann fengið meðmæli landlæknis, að fenginni umsögn læknadeildar.

5. gr.

Lánþegi skal skuldbinda sig til að gegna lækniþjónustu í héraði jafnlangan tíma og hann fær námslán, þannig að eitt námsár jafngildir einu almanaksári í lækni­héraði.

6. gr.

Lánsfjárhæð má vera allt að kr. 75 þúsund á ári til hvers lánþega.

Lánið veitist einu sinni á ári, og skal miðað við, að lánveiting fari fram í upphafi seinna kennslumisseris.

7. gr.

Lánið er vaxtalaust þar til 1½ ári eftir að lánþegi lýkur prófi. Þó skal ekki greiða vexti af láninu, meðan lánþegi gegnir lækniþjónustu í héraði. Vextir skulu vera 7% af lánsupphæðinni.

Fyrsta afborgun af láninu greiðist 2 árum eftir að lánþegi lýkur prófi og greiðist síðan árlega ½ árs­lánsfjárhæð, unz lánið er að fullu greitt.

Heimilt er lánþega þó að hefja greiðslu afborgana fyrr og að greiða lánið upp, þegar hann óskar.

8. gr.

Lánþegi skal vera reiðubúinn til að gegna lækniþjónustu í héraði 1½ ári eftir lokapróf og í því héraði, sem landlæknir ákveður.

Hafi þjónustu lánþega eigi verið óskað 2½ ári eftir lokapróf, fellur niður skylda hans til þjónustu í héraði, enda semjst eigi öðru vísi milli landlæknis og lánþega.

Sé lánþegi eigi reiðubúinn til að gegna þjónustu í héraði á tíma þeim, sem greindur er í fyrri málsgreinum þessarar greinar, enda sé ekki um sérstakar persónulegar ástæður að ræða, svo sem veikindi, sem landlæknir metur gildar, eða lán-

Þegi lýsir yfir því, að hann óski eftir að vera leystur frá þjónustuskyldu, eða ef hann hverfur frá námi, fellur lánið allt í gjalddaga, og skulu þá greiðast af því almennir víxilvextir frá lántökudegi.

9. gr.

Ráðuneytið lætur gera skuldabréf, og skulu á það prentaðir skilmálar þeir, sem lánþegi gengst undir. Lánþegar skulu setja tryggingu fyrir lánunum, sem ráðuneytið metur gilda.

10. gr.

Heimilt er að fela bankastofnun útborgun lána, bókhald, innheimtu og eftirlit með greiðslum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Tímamörk þau um umsóknarfrest og lánsúthlutun, sem sett eru í reglugerð þessari, má færa til, þegar veitt eru lán úr sjóðnum árið 1966.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 13. gr. læknaSKIPUNARLAGA nr. 43/1965, öðlast þegar gildi.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 1. marz 1966.

Jóhann Hafstein.

Jón Thors.

4. marz 1966.

Nr. 75.

AUGLÝSING**varðandi gin- og klaufaveiki.**

Vegna þess að gin- og klaufaveikifaraldur geisar nú í ýmsum löndum á meginlandi Evrópu, vill landbúnaðarráðuneytið enn á ný vekja athygli yfirvalda og almennings á því, að stranglega ber að fylgja reglum laga nr. 11 1928, um varnir gegn gin- og klaufaveiki.

Tekið skal fram, að samkvæmt téðum lögum og auglýsingu þessari er bannaður með öllu innflutningur á hevi, hálm, alidýraáburði, sláturafurðum hvers konar, húðum, mjólk og mjólkurafurðum sem og eggjum.

Stórgripahúðir, sem nota þarf við togveiðar hér við land, má þó flytja inn, enda hafi þær sannanlega verið sótthreinsaðar erlendis.

Enn fremur er bannaður innflutningur á lifandi jurtum, trjám, trjágreinum og könglum, grænmeti og hvers konar garðávöxtum.

Farþegar og áhafnir faratækja skulu að viðlögðum drengskap gefa yfirlýsingu um dvöl sína erlendis, strax og þau koma til Íslands.

Brot á lögum nr. 11 1928 og auglýsingum, sem settar eru samkvæmt þeim, varða sektum.

Landbúnaðarráðuneytið, 4. marz 1966.

Ingólfur Jónsson.

Gunnlaugur E. Briem.

AUGLÝSING

varðandi gin- og klaufaveiki.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 11/1928, um varnir gegn gin- og klaufaveiki, sbr. lög nr. 124/1947, er fyrst um sinn lagt bann við því að nota aðfengnar matarleifar og sláturafurðir hvers konar til gripafóðurs.

Brot gegn banni þessu varða sektum.

Landbúnaðarráðuneytið, 10. marz 1966.

Ingólfur Jónsson.

Gunnlaugur E. Briem.

Nr. 77.

8. marz 1966.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Að fengnum tillögum borgarstjórnar Reykjavíkur hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð, samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 26 frá 2. maí 1958.

- I. Bifreiðastöður hafa verið bannaðar á Hallarmúla, austanmegin götunnar og á Freyjugötu að norðaustanverðu frá barnaleikvellingnum að Njarðargötu.
- II. Hægri beygja hefur verið bönnuð úr Laugarnesvegi til vesturs í Laugaveg.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 8. marz 1966.

Sigurjón Sigurðsson.

Nr. 78.

8. marz 1966.

AUGLÝSING

um umferðartakmarkanir í Ísafjarðarkaupstað.

Samkvæmt gerðri samþykkt bæjarstjórnar Ísafjarðarkaupstaðar og ákvörðun bæjarfógeta eftir heimild í 65. grein umferðarlaga er ákveðið:

Einstefnuakstur:

Eyrargata frá Túngötu að akbraut til Fjórðungssjúkrahúss.

Biðskylda:

Á gatnamótum Eyrargötu/Túngötu frá Hlíðarvegi skal vera biðskylda. Umferðarmerkjum verður komið upp í samræmi við þessa auglýsingu.

Bæjarfógetinn á Ísafirði, 8. marz 1966.

Jóh. Gunnar Ólafsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 245 31. desember 1963, um tekjuskatt og eignarskatt.

1. gr.

5. mgr. A-liðar 28. gr. orðist svo:

Hámarksfyrning, miðuð við áætlaðan lágmarksendingartíma eftirtalinna eigna, skal vera sem hér segir:

1. Bifreiðir:	
Leigubifreiðir	20%
Læknabifreiðir	15%
Strætisvagnar og áætlunarbifreiðir til langferða	25%
Vörubifreiðir	20%
2. Byggingar og önnur mannvirki:	
Benzíngeymar og dælur til benzínsölu	10%
Bryggjur úr timbri	10%
Dráttarbrautir	18%
Gistihús, meðan á starfstíma stendur	4%
Gróðurhús	10%
Loðdýrabú og tilheyrandi girðingar	15%
Rafstöðvar (dísil- og gufuknúnar)	8%
Rafstöðvar (vatnsorkuknúnar)	4%
Síldarsóltunarbryggjur (plön)	10%
Stálgeymar (tankar)	4%
Steinsteyptir geymar (tankar)	3%
Steinhús (af fasteignamati)	4%
Timburhús (af fasteignamati)	6%
Torfhús (af fasteignamati)	8%
Útihús á bújörðum	4%
Verksmiðju-, verkstæðis- og vörugeymsluhús	4%
Verksmiðjuhús, sem notuð eru til vinnslu landbúnaðar- og sjávarafurða	10%
3. Flugvélar og flugtæki:	
Flugvélar	20%
Hreyflar	20%
Siglingatæki	20%
Önnur tæki	20%
4. Iðnaðarvélar og tæki (verkfæri):	
Fiskiðnaðarvélar og tæki	20%
Frystivélar og tæki	20%
Prentletur	20%
Allar aðrar iðnaðarvélar og tæki	18%
5. Jarðvinnslu- og landbúnaðarvélar og tæki:	
Dráttarvélar (á hjólum)	20%
Skurðgröfur	20%
Aðrar jarðvinnslu- og landbúnaðarvélar og tæki	18%
6. Mannvirkjagerðar- og vöruflutningatæki:	
Beltadráttarvélar (jarðýtur)	25%
Farandloftþjöpapur	20%
Lofthjöpapur	15%
Uppskipunar- og byggingakranar	15%

Vélskóflur	20%
Vörulyftur	8%
Önnur mannvirkjagerðar- og vöruflutningatæki	15%
7. Skip og skipsbúnaður:	
Farþegaskip úr stáli með vél	8%
Fiskiskip úr stáli með vél	12%
Mótorvélar í fiskiskip	20%
Opnir bátar	15%
Skip úr eik án vélar	12%
Skip úr furu án vélar	15%
Tankskip með vél	10%
Vöruflutningaskip úr stáli með vél	8%
Önnur skip úr stáli með vél	12%
Kraftblokkir	20%
Siglinga- og fiskileitartæki	20%
8. Ýmsar vélar og tæki:	
Fjölrítarar og áhöld til fjölrítunar	12%
Fólkslyftur	6%
Hárgreiðslu- og rakarastofutæki	15%
Hótel-innbú (annað en borðbúnaður)	10%
Kvikmyndasýningarvélar	10%
Ljósmyndataeki	15%
Lækningatæki og rannsóknartæki lækna	10%
Rannsóknartæki og vélar	18%
Skrifstofuvélar og áhöld	12%
Skýrslugerðarvélar	15%
Þvottahúsa- og efnalaugavélar	12%

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í lögum nr. 90 7. október 1965, öðlast gildi þegar í stað og skal koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignar-skatts fyrir skattárið 1965.

Fjármálaráðuneytið, 10. marz 1966.

Magnús Jónsson.

Björn Hermannsson.

REGLUGERÐ

um innheimtu umferðargjalds af bifreiðum og öðrum ökutækjum,
sem aka um Reykjanesbraut.

1. gr.

Af hverju ökutæki, sem ekur um Reykjanesbraut, fram hjá gjaldstöð nálægt bænum Straumi sunnan við Hafnarfjörð, skal greiða umferðargjald, miðað við báðar leiðir, sem hér segir:

I. flokkur:

Fólksbifreiðar að og með 1100 kg eigin þunga og sendiferðabifreiðar, að og með 450 kg að burðarmagni kr. 40.00

- II. flokkur:
Fólksbifreiðar yfir 1100 kg eigin þunga, sendiferðabifreiðar yfir 450 kg að burðarmagni og vörubifreiðar að og með 1500 kg að burðarmagni kr. 50.00
- III. flokkur:
Vörubifreiðar með burðarmagni yfir 1.5 tonn að og með 5 tonn, fólksbifreiðar yfir 8—20 farþega — 100.00
- IV. flokkur:
Vörubifreiðar með yfir 5 tonna burðarmagn, kranabifreiðar og fólksbifreiðar fyrir fleiri en 20 farþega — 135.00
- V. Vörubifreiðar með yfir 5 tonna burðarmagn og tengivagni og dráttar-bifreiðar með festivagn — 200.00
- Önnur ökutæki en bifreiðar greiði:
Eigin þungi 1—3 tonn, samkvæmt II. fl.
Eigin þungi 3—6 tonn, samkvæmt III. flokki.
Eigin þungi yfir 6 tonn, samkvæmt IV. fl.

2. gr.

Umferðargjald samkv. 1. gr. skal innheimt af Vegagerð ríkisins í gjaldstöð ná- lægt bænum Straumi, sunnan við Hafnarfjörð, af öllum ökutækjum á suðurleið.

3. gr.

Undanþegnar greiðslu umferðargjalds eru eftirlitsbifreiðar lögreglunnar, sjúkra- bifreiðar og slökkvibifreiðar.

Heimilt er að veita afslátt á umferðargjaldi, samkvæmt nánari ákvörðun ráð- herra, ef keyptir eru 25 gjaldseðlar eða fleiri í einu.

4. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 100 þús. kr., nema þyngri hegning liggja við að lögum.

5. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. apríl 1966.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 202, 18. október 1965, um innheimtu umferðargjalds af bifreiðum og öðrum ökutækjum, sem aka um Reykjanesbraut.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 95. gr. vegalaga nr. 11 30. desember 1963, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 23. marz 1966.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir flugvöllinn í Reykjavík og flughöfnina í Skerjafirði, nr. 114 3. nóv. 1961.

1. gr.

Öll gjöld samkvæmt 1. lið A, 2., 3., 4., 5., 6. og 7. lið A gjaldskrárinnar hækki um 200%.

2. gr.

Gjaldskrárbreyting þessi öðlast gildi nú þegar.

Gjaldskrárbreyting þessi er sett samkv. heimild í lögum nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 12. marz 1966.

Ingólfur Jónsson.

Gunnar Vagnsson.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 180 31. október 1962,
um Verðlagsráð sjávarútvegsins.**

1. gr.

Við 2. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Skal formaður og varaformaður vera annað árið valinn úr hópi fisksöluaðila en hitt árið úr hópi fiskkaupenda, og þá ritari og vararitari úr hópi hinna aðilanna Fulltrúar Landssambands íslenzkra útvegsmanna og fulltrúar samtaka sjómanna skulu skiptast á um að hafa formann og varaformann og ritara og vararitara.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 97 18. desember 1961, um Verðlagsráð sjávarútvegsins og birtist öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 31. marz 1966.

Eggert G. Þorsteinsson.

Gunnlaugur E. Briem.

AUGLÝSING

um umferð í Vogakauptúni í Vatnsleysustrandarhreppi.

Eftir tillögum hreppsnefndar Vatnsleysustrandarhrepps í Gullbringusýslu hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 26/1958:

1. Hafnargata hafi forgangsrétt um alla umferð aðliggjandi gatna (þar með talinn gamli þjóðvegurinn).
2. Gamli þjóðvegurinn hafi forgangsrétt fyrir allri umferð frá Tjarnargötu, Ægisgötu og Suðurgötu.
3. Vogagerði hafi forgangsrétt fyrir umferð frá Tjarnargötu og Ægisgötu.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu, 23. marz 1966.

Einar Ingimundarson.

31. marz 1966.

Nr. 84.

GJALDSKRÁ

um greiðslur fyrir aukaverk presta.

1. gr.

Aukaverk sóknarpresta eru hin sömu, er tíðkamt hafa samkvæmt fyrirmælum laga og venjum þjóðkirkjunnar.

2. gr.

Fyrir aukaverk ber prestum greiðsla eins og hér segir:

1. Fyrir skráningu á nafni barns í ministerialbók ..	kr. 90.00
2. Fyrir fermingu ásamt undirbúningi	— 330.00
3. Fyrir hjónavígslu	— 240.00
4. Fyrir greftrun	— 150.00
5. Fyrir endurskoðun kirkjureiknings	— 35.00
6. Fyrir vottorð, er prestur gefur út í embættisnafni	— 20.00

Við ofanskráð gjöld bætist vísitöluuppbót, hin sama og greidd er á laun starfsmanna ríkisins á hverjum tíma.

Prestur lætur ókeypis í té vottorð vegna meðlagsgreiðslu barna, vottorð um fjárhag fátækra manna og vottorð gefin samkvæmt beiðni sveitarstjórna, opinberra stofnana og annarra stjórnvalda. Enn fremur er presti skylt að gefa ókeypis vottorð hlutaðeigendum um skírnir og hjónavígslur, er hann framkvæmir, enda sé þeirra vitjað til hans eigi síðar en viku eftir að athöfnin fór fram.

3. gr.

Nú flytur prestur, samkvæmt beiðni, ræðu við hjónavígslu eða útför, og ber honum þá sérstök greiðsla fyrir það eftir ástæðum hlutaðeiganda, eins og tíðkamt hefur.

4. gr.

Sá skal greiða, er verk er unnið fyrir. Sveitarstjórn greiðir fyrir styrkþega.

5. gr.

Skylt er að veita presti fylgd honum að kostnaðarlausu, þegar hans er vitjað til aukaverka, svo og að greiða fararkostnað hans, ef nota þarf bát eða bifreið.

6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 36 1931, og gildir frá 31. marz 1966 til 31. marz 1976, birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Með gjaldskrá þessari er úr gildi fallin gjaldskrá nr. 202 24. marz 1964, um greiðslur fyrir aukaverk presta.

Verði breyting gerð á þessu tímabili á launum presta, skal gjaldskráin endurskoðuð.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 31. marz 1966.

Jóhann Hafstein.

Baldur Möller.

R E G L U G E R ð

um byggingasjóð rannsóknastarfseminnar.

1. gr.

Sjóðurinn nefnist byggingasjóður rannsóknastarfseminnar.

2. gr.

Byggingasjóður rannsóknastarfseminnar er í vörzlu Rannsóknaráðs ríkisins, og skal ársreikningur sjóðsins fylgja ársreikningi Rannsóknaráðs og endurskoðast á sama hátt.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru fé það, sem Háskóla Íslands ber að greiða til ríkissjóðs sem einkaleyfisgjald fyrir happdrætti Háskóla Íslands, svo og önnur framlög, sem sjóðnum kunna að berast.

4. gr.

Tekjum sjóðsins skal varið til þess að standa straum af stofnkostnaði við rannsóknastarfsemina í landinu, einkum til byggingaframkvæmda og meiri háttar tækja-kaupa.

5. gr.

Framkvæmdanefnd Rannsóknaráðs ríkisins gerir tillögur til menntamálaráðuneytisins um ráðstöfun á tekjum sjóðsins, og er úthlutun úr sjóðnum háð samþykki þess.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett með hliðsjón af 60. gr. laga nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 29. marz 1966.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

AUGLÝSING

um viðauka og breytingar nr. 6 á Lyfjaverðskrá I frá 1. marz 1963.

Frá og með 6. apríl 1966 ganga í gildi viðaukar og breytingar nr. 6, útgefnar í dag, á Lyfjaverðskrá I frá 1. marz 1963.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 4. apríl 1966.

Jóhann Hafstein.

Jón Thors.

4. apríl 1966.

Nr. 87.

AUGLÝSING

um viðauka og breytingar nr. 6 á Lyfjaverðskrá II frá 15. febrúar 1963.

Frá og með 6. apríl 1966 ganga í gildi viðaukar og breytingar nr. 6, útgefnar í dag, á Lyfjaverðskrá II frá 15. febrúar 1963.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 4. apríl 1966.

Jóhann Hafstein.

Jón Thors.

4. apríl 1966.

Nr. 88.

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á samþykktum byggingarsamvinnufélaga.

Samkvæmt lögum nr. 36/1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúða í kaupstöðum og kaптúnunum, hefur ráðuneytið staðfest þessar samþykktir fyrir byggingarsamvinnufélög:

70. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag verkamanna og sjómanna, Reykjavík. Staðfest 9. apríl 1965.
71. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag vélstjóra, Reykjavík. Staðfest 9. apríl 1965.

Félagsmálaráðuneytið, 4. apríl 1966.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 157/1959, um vísindasjóð.

1. gr.

5. gr. orðist þannig:

Menntamálaráðherra skipar deildarstjórnir til fögurra ára samkvæmt því, sem hér segir:

1. Stjórn raunvísindadeildar er skipuð fimm mönnum. Skal einn tilnefndur af Rannsóknaráði ríkisins, einn af læknadeild Háskóla Íslands, einn af verkfræðideild Háskóla Íslands og einn af fundi fulltrúa frá vísindastofnunum, sem fást við rannsóknir á sviði raunvísinda. Menntamálaráðherra boðar til fundarins, og skal kveðja á fundinn fulltrúa frá þessum aðilum: Náttúrufræðistofnun Íslands, Raunvísindastofnun Háskólans, rannsóknastofu Háskólans í meina- og sýklafræðum, tilraunastöð Háskólans í meinafræði á Keldum, Hafrannsóknastofnuninni, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Rannsóknastofnun iðnaðarins, Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins, Veðurstofu Íslands og jarðhitadeild raforkumálastjórnarinnar. Menntamálaráðherra skipar formann deildarstjórnar án tilnefningar, og skal sá maður vera viðurkenndur vísindamaður í einhverri grein raunvísinda.

2. Stjórn hugvísindadeildar er skipuð fimm mönnum. Er einn tilnefndur af heimspekideild Háskóla Íslands, einn af laga- og viðskiptadeildum Háskóla Íslands í sameiningu, einn af Félagi íslenzkra fræða, enda sé hann kosinn á almennum félagsfundi, og einn af fundi fulltrúa frá vísindastofnunum og félögum, sem fást við rannsóknir á sviði hugvísinda. Menntamálaráðherra boðar til fundarins, og skal kveðja á fundinn fulltrúa frá þessum aðilum: guðfræðideild Háskóla Íslands, Vísindafélagi Íslendinga, enda fáist sá maður við rannsóknir í hugvísindum, Hinu íslenska bókmenntafélagi, Sögufélaginu, Hinu íslenska fornritafélagi, Fornleifafélaginu, Lögmannafélagi Íslands, Hagfræðafélagi Íslands, Félagi íslenzkra sálfræðinga, Handritastofnun Íslands, orðabókarnefnd Háskólans, Þjóðminjasafni, Landsbókasafni og Þjóðskjalasafni. Menntamálaráðherra skipar formann deildarstjórnar án tilnefningar, og skal hann vera viðurkenndur fræðimaður í einhverri grein hugvísinda.

3. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn.

4. Formaður stjórnar vísindasjóðs stýrir fyrrgreindum fundum, þar sem tilnefndir skulu fulltrúar í deildarstjórnir. Fundir þessir eru lögmætir, ef $\frac{2}{3}$ boðaðra fundarmanna sækja þá. Afl atkvæða ræður kjöri, en hlutkesti, ef jöfn atkvæði verða. Deildarstjórnir eru ólaunaðar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 51 5. júní 1957, um vísindasjóð, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 20. apríl 1966.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

R E G L U G E R Ð

um iðnaðargjald.

1. gr.

Greiða skal sérstakt gjald — iðnaðargjald — til Rannsóknastofnunar iðnaðararins samkvæmt reglugerð þessari.

Gjald þetta skal nema 2% — tveimur af þúsundi — af útborguðu kaupi til verkafólks og fagmanna hjá þeim aðilum, sem um ræðir í 2. gr.

2. gr.

Gjaldskyldir eru allir, sem reka iðn- eða iðjufyrirtæki, verksmiðjur og verkstæði, hvort sem um er að ræða einstaklinga og félög ellegar stofnanir, þar með taldar stofnanir ríkisins og sveitarfélaga, nema að því leyti sem starfsemi þeirra er undanþegin samkvæmt 3. gr.

3. gr.

Laun við neðangreindan iðnrekstur og starfsemi eru undanþegin iðnaðargjaldi:

1. Hraðfrystihús, síldar- og fiskimjölsverksmiðjur, hvalstöðvar og annar iðnaður úr sjófangi.

Með orðunum „annar iðnaður“ er átt við frumvinnslustig sjófangs, sem skilar því sem hráefni, hæfu til framleiðslu matvæla eða iðnvarnings.

2. Sláturhús, kjötiðnaður, mjólkurbú og annar slíkur iðnaður, sem vinnur úr landbúnaðarafurðum.

Með orðunum „annar slíkur iðnaður“, er átt við frumvinnslustig landbúnaðarafurða, sem skilar þeim sem hráefni, hæfu til framleiðslu matvæla eða iðnvarnings.

3. Áburðar- og sementsframleiðsla.

4. Húsbyggingar og önnur mannvirkjagerð svo og endurbætur og viðhald slíkra mannvirkja. Á þetta við um hvers konar mannvirki, og skiptir ekki máli hver lætur vinnuna í té. Undanþágan á þó ekki við um vinnu við framleiðslu eða aðvinnslu byggingarvara, sem fram fer í verksmiðju, verkstæði eða starfsstöð, heldur tekur hún einungis til þeirrar vinnu, sem unnin er á byggingarstað.

Nú fer aðvinnsla á efni eða vöru að einhverju leyti fram á verkstæði eða í verksmiðju og að öðru leyti á byggingarstað, og er þá sú vinna, sem fram fer á byggingarstað, gjaldfrjáls, samanber þó næstu málsgrein.

Þegar settar eru upp vélar á eða í byggingarstað til aðvinnslu á vörum eða efni til mannvirkis, sem að jafnaði er unnið á verkstæði eða í verksmiðju, skal sú vinna eða aðvinnsla teljast gjaldskyld.

Uppsetning véla eða tækja í verksmiðju eða verkstæði skal teljast gjaldskyld, þótt vinnan fari fram á byggingarstað.

5. Almenn skrifstofustörf.

4. gr.

Gjaldskyld eru vinnulaun við framleiðslu eða þjónustu til eigin nota fyrir-tækis, þar með talin þjónusta viðgerðarverkstæða vegna eigin rekstrar.

Nú hefur einhver þeirra aðila, er reka starfsemi þá, sem undanþegin er í 3. gr., einnig með höndum starfrækslu, sem til iðnrekstrar getur talizt, sbr. 2. gr., og ekki er beinn þáttur í hinni undanþegnu starfsemi, svo sem ef síldarverksmiðja rekur einnig viðgerðarstöð, þá eru laun við þá starfsemi gjaldskyld.

5. gr.

Nú hefur aðili fleirþættan atvinnurekstur eða starfsemi, þannig að sumir þættir eru gjaldfrjálsir, en aðrir gjaldskyldir, og skal hann þá senda fullnægjandi greinargerð á iðnaðargjaldsskýrslu sinni, sbr. 6. gr., um, hvað af laununum tilheyri gjaldskyldri starfsemi og hvað sé vegna gjaldfrjálsrar starfsemi.

Ef slík greinargerð berst ekki eða hún er í verulegum atriðum röng eða ófullnægjandi, skal skattstjóri áætla skiptinguna eða eftir atvikum telja öll launin gjaldskyld, ef ætla má, að hin gjaldfrjálsa starfsemi sé lítill hluti heildarstarfseminnar.

6. gr.

Gjaldskyldir aðilar skulu senda iðnaðargjaldsskýrslu til skattstjóra þess umdæmis, þar sem þeir eru heimilisfastir, fyrir 20. janúar ár hvert, þar sem gerð er grein fyrir launagreiðslum fyrirtækisins.

Ríkisskattstjóri lætur gera eyðublöð fyrir skýrslur þessarar.

Hann ákveður form þeirra og texta og sendir þau til skattstjóranna, en þeir útbýta þeim til launagreiðenda.

Á skýrslur þessar skulu gjaldskyldir aðilar færa launagreiðslur næst liðins árs og aðrar upplýsingar og sundurliðanir, sem hægt er að veita og skattýfirvaldi þykir við þurfa til ákvörðunar iðnaðargjalds.

7. gr.

Þegar framtalsfrestur er liðinn, ákveður skattstjóri í umboði Rannsóknastofnunar iðnaðarins iðnaðargjald gjaldanda skv. iðnaðargjaldsskýrslu hans.

Sé skýrslan ófullnægjandi í heild eða einstökum atriðum tortryggileg eða sýnilega gerð til málamynda, ellegar ekki er talið fram innan tilskilins frests, skal beita ákvæðum VI. og VII. kafla laga um tekjuskatt og eignarskatt, eftir því sem við á.

8. gr.

Iðnaðargjald, sem ekki nær kr. 100, skal falla niður við álagningu.

9. gr.

Að lokinni ákvörðun iðnaðargjalds skulu skattstjórar semja skrá um alla þá, sem greiða eiga iðnaðargjald í hans umdæmi. Á skrána skal færa nöfn og heimili gjaldanda og fjárhæð þá, sem hverjum gjaldanda ber að greiða. Skrár þessar skulu lagðar fram samhliða skráum um tekjuskatt og eignarskatt. Ef henta þykir, má iðnaðargjaldskrá vera hluti af tekju- og eignarskattskrá.

Skattstjóri sendir viðkomandi innheimtumanni iðnaðargjaldskrá til innheimtu, sbr. 13. gr.

10. gr.

Ákvæði laga um tekjuskatt og eignarskatt skulu gilda, eftir því sem við á, um álagningu, rannsóknir, framlagningu skráa, kærur út af ákvörðun iðnaðargjalds, kærufresti, úrskurðaraðila, úrskurði, áfrýjun úrskurða skattstjóra til Ríkisskattafundar og annað þar að lútandi. Sömu reglur skulu og gilda, eftir því sem við á um það, ef gjaldanda, sem lagt skyldi á, hefur verið sleppt af skrá eða honum ekki gert að greiða iðnaðargjald af öllum gjaldstofninum.

11. gr.

Auk kærueimildar í 10. gr. getur gjaldandi einnig skotið ágreiningi um gjaldskyldu til iðnaðarmálaráðherra, enda sé það gert innan 6 mánaða frá því að skattýfirvald lagði úrskurð á málið. Úrskurður ráðherra er fullnaðarúrskurður. Heimilt er og að bera málið undir dómstóla.

Kæra eða áfrýjun frestar ekki innheimtu iðnaðargjalds eða viðurlögum við vangreiðslu þess, en ef það er lækkað skv. úrskurði eða dómi, skal endurgreiða það sem ofgreitt hefur verið.

12. gr.

Rannsóknastofnun iðnaðarins, svo og skattyfirvöld, geta leitað úrskurðar iðnaðarmálaráðherra um gjaldskyldu án tillits til frests þess, sem um ræðir í 11. gr.

13. gr.

Innheimtu iðnaðargjalds samkvæmt iðnaðargjaldsskrá annast þær stofnanir og embættismenn, sem innheimta tekju- og eignarskatt, og gilda allar sömu reglur um þá innheimtu og gilda um innheimtu tekju- og eignarskatts, eftir því sem við á. Sama gildir um skil innheimtuaðila á iðnaðargjaldi til ríkisféhirðis.

Ríkisféhirðir gerir skil til Rannsóknastofnunar iðnaðarins á því iðnaðargjaldi, sem hann hefur mótttekið frá innheimtumönnum ríkisins.

14. gr.

Rannsóknastofnun iðnaðarins greiðir ríkissjóði vegna kostnaðar af framkvæmd reglugerðar þessarar upphæð, sem skal nema 2% af innheimtu iðnaðargjaldi.

15. gr.

Iðnaðargjald er frádráttarbært sem rekstrarútgjöld við ákvörðun tekjuskatts og tekjuútsvars.

16. gr.

Við álagningu iðnaðargjalds árið 1966 af vinnulaunum 1965 skal reikna gjaldið af launum fyrir störf, sem unnin voru eftir 30. júní 1965.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 64 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarmálaráðuneytið, 29. apríl 1966.

Jóhann Hafstein.

Brynjólfur Ingólfsson.

AUGLÝSING

um umferð í Vestmannaeyjakaupstað.

Í samræmi við ákvörðun bæjarstjórnar Vestmannaeyjakaupstaðar og samkvæmt heimild í 65. grein umferðarlaga nr. 26, 1958 hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð hér í kaupstaðnum.

1. Einstefnuakstur hefur verið ákveðinn á Bárugötu til suðurs frá Miðstræti að Vestmannabraut, og á Vestmannabraut til austurs frá Bárugötu að Kirkjuvegi.
2. Vinstri beygja er bönnuð af Vestmannabraut og Vesturvegi á Bárugötu.
3. Bannaður er akstur vestur af Kirkjuvegi á Vestmannabraut.
4. Biðskyldu skulu þessar götur hafa: Bárugata gagnvart Miðstræti og Strandvegi; Vesturvegur gagnvart Bárugötu og Heiðarvegi; Herjólfsgata gagnvart Vesturvegi;

Kirkjuvegur gagnvart Vestmannabraut og ónefnd gata í framhaldi af Urðavegi gagnvart Kirkjuvegi.

5. Vestmannabraut hefur stöðvunarskyldu gagnvart Bárugötu.
6. Bannað er að leggja ökutækjum á Bárugötu frá Strandvegi að Miðstræti, á Kirkjuvegi að vestan frá Vestmannabraut að Miðstræti, og á Vestmannabraut frá Skólavegi að Bárugötu.
7. Tímabundið stöðuleyfi, 30 mínútur frá kl. 09.00 til kl. 19.00, verður veitt á Bárugötu sunnan Miðstrætis og á Vestmannabraut frá Bárugötu að Kirkjuvegi.
8. Hilmsgata verður lokuð við Kirkjuveg.
9. Á götum, þar sem einstefnuakstur er, skal leggja ökutækjum hægra megin götunnar, miðað við akstursstefnu, skv. 3. mgr. 51. gr. umferðarlaga.
10. Framúrakstur er bannaður á Bárugötu og Vestmannabraut.

Framangreindar reglur gilda frá og með 1. júní 1966 og verða sett upp umferðarmerki í samræmi við þær.

Þetta tilkynnist hér með til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Bæjarfógetinn í Vestmannaeyjum, 7. maí 1966.

Jón Óskarsson, ftr.

AUGLÝSING

um umferð í Borgarneskaupúni.

Samkvæmt heimild í umferðarlögum nr. 26 1958, hefur hreppsnefnd Borgarnes-hrepps samþykkt eftirfarandi reglur um umferð í kaupúninu:

- I. Aðalbrautir:
Borgarbraut og Brákarbraut.
Á eftirgreindum gatnamótum njóta aðalbrautarréttar:
 1. Egilsgata gagnvart Bröttugötu.
 2. Skúlagata gagnvart Gunnlaugsgötu og Egilsgötu.
- II. Bifreiðastöður bannaðar:
Við Egilsgötu alla, sunnanmegin.
Við Borgarbraut frá Skallagrímögötu að Egilsgötu beggja megin.
Við Brákarbraut frá Egilsgötu að húsinu nr. 5 beggja megin.
Við götuna milli Þorsteinsgötu og Kjartansgötu beggja megin.
- III. Framúrakstur bannaður:
Á Borgarbraut milli Skallagrímögötu og Þórólfsögötu.
- IV. Umferðarmerki hafa verið og verða sett upp á viðkomandi stöðum í samræmi við reglugerð nr. 61 frá 24. marz 1959.

Þetta tilkynnist hér með öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Skrifstofu Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, 3. maí 1966.

Ásgeir Pétursson.

REGLUGERÐ

um rekstrarstyrk ríkissjóðs til sjúkrahúsa sveitarfélaga vegna ársins 1965.

1. gr.

Ríkissjóður greiðir sérstakan styrk vegna rekstrarhalla sjúkrahúsa sveitarfélaga samkvæmt ákvæðum fjárlaga 1966, er miðast við legudagafjölda 1965.

2. gr.

Sjúkrahúsin falla eftir þjónustu í þrjá aðalflokka til að hljóta rekstrarstyrk. Í I. flokki eru deildaskipt sjúkrahús, þ. e. sjúkrahús með minnst þremur deildum, lyflæknisdeild, handlæknisdeild og röntgendeild.

Í II. flokki eru sjúkrahús, sem hafa sérstakan sjúkrahúslækni eða yfirlækni, auk annarrar læknisþjónustu, en falla ekki undir I. flokk. Í III. flokki eru sjúkrahús eða sjúkraskýli, sem héraðslæknar veita forstöðu.

Hver hinna þriggja flokka skiptist í tvo undirflokka, A og B. Á þessu ári skal þó ekkert sjúkrahús falla í I. flokk A.

3. gr.

Í I. flokki B eru:

Borgarspítalinn í Reykjavík,
Sjúkrahús Akureyrar.

Í II. flokki A eru:

Hvítabandið,
Sjúkrahús Akraness,
Sjúkrahús Ísafjarðar,
Sjúkrahús Neskaupstaðar,
Sjúkrahús Keflavíkur.

Í II. flokki B eru:

Sjúkrahús Sauðárkróks,
Sjúkrahús Siglufjarðar,
Sjúkrahús Vestmannaeyja,
Sjúkrahús Árnesinga.

Í III. flokki A eru:

Farsóttahúsið í Reykjavík,
Sjúkrahús Patreksfjarðar,
Sjúkrahús Hvammstanga,
Sjúkrahús Blönduóss,
Sjúkrahús Húsavíkur,
Sjúkrahús Seyðisfjarðar,
Sólvangur í Hafnarfirði.

Í III. flokki B eru:

Sjúkrahús Þingeyrar,
Sjúkrahús Flateyrar,
Sjúkrahús Bolungarvíkur,
Sjúkrahús Hólmavíkur,
Sjúkrahús Vopnafjarðar,
Sjúkrahús Egilsstaða,
Sjúkrahús Þórshafnar.

4. gr.

Hlutfallstala styrkhæðar á legudag í hverjum flokki skal vera:

Í I. flokki A	100%
Í I. flokki B	90%
Í II. flokki A	70%
Í II. flokki B	60%
Í III. flokki A	50%
Í III. flokki B	40%

5. gr.

Samkv. ákvæðum fjárlaga 1966, sbr. 12. gr. VI, er styrkupp hæðin kr. 9 600 000.00, og skiptist hún í krónutölu á legudag milli flokka þannig:

5. gr.

I. flokkur B	kr. 47.00
II. flokkur A	— 37.00
II. flokkur B	— 31.00
III. flokkur A	— 26.00
III. flokkur B	— 21.00

6. gr.

Fjöldi legudaga í hverju sjúkrahúsi árið 1965 reiknast samkvæmt skýrslu sjúkrahússins.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt sjúkrahúsalögum nr. 50 10. júlí 1964, öðlast þegar gildi.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 17. maí 1966.

Jóhann Hafstein.

Jón Thors.

AUGLÝSING

um breytingu á reglugerð nr. 105 12. október 1936, um innflutning, sölu og meðferð á skotvopnum, skotfærum, alls konar sprengjum og hlutum og efni í þau.

1. grein.

Við reglugerðina bætist ný grein, er verði 6. grein, svo hljóðandi:

„Ákvæði reglugerðar þessarar ná einnig til skotvopna útbúinna fyrir þjappað loft eða gashylki (loftbyssur)“

Greinatala í reglugerðinni breytist samkvæmt þessu, þannig að 6., 7., 8. og 9. grein verði 7., 8., 9. og 10. grein.

2. grein.

Auglýsing þessi öðlast gildi þegar í stað.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 6. maí 1966.

Jóhann Hafstein.

Baldur Möller.

VÍSINDASJÓÐUR

Rekstrarreikningur frá 1. janúar til 31. desember 1964.

Gjöld:

Greitt Raunvísindadeild	kr. 2 660 000.00	
— Hugvísindadeild	— 1 140 000.00	
		kr. 3 800 000.00
Kaup ritara Raunvísindaeildar	kr. 30 000.00	
— — Hugvísindaeildar	— 20 000.00	
		— 50 000.00
Ýmislegur kostnaður		— 1 582.00
		Kr. 3 851 582.00

Tekjur:

Framlag úr Menningarsjóði	kr. 800 000.00	
— — ríkissjóði	— 250 000.00	
— — Arðsjóði Seðlabanka Íslands	— 2 764 517.00	
		Kr. 3 814 517.00
÷ Framlag til stofndeildar Vísindasjóðs	— 190 726.00	
		kr. 3 623 791.00
Vextir		— 76 510.00
Úthlutað fram yfir tekjur		— 151 281.00
		Kr. 3 851 582.00

Efnahagsreikningur 31. desember 1964.

Eignir:

Innstæða á hlr. nr. 40 v/ Seðlabanka Íslands	kr. 97 599.54	
Menningarsjóður, ógreitt framlag 1964	kr. 100 000.00	
÷ Hluti stofnsjóðs	— 5 000.00	
		— 95 000.00
		Kr. 192 599.54

Skuldir:

Höfuðstóll 1. jan. 1964	kr. 343 880.54	
÷ Úthlutað fram yfir tekjur	— 151 281.00	
		kr. 192 599.54
		Kr. 192 599.54

Reykjavík, 9. janúar 1965.

Snorri Hallgrímsson,
formaður.

Þorbjörn Sigurgeirsson,
gjaldkeri.

Endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins hefur endurskoðað ofanskráðan reikning og ekki gert við hann neina athugasemd. Sbr. bréf dags. 15. jan. 1965.

Reykjavík, 3. maí 1965.

Snorri Hallgrímsson.

Rekstrarreikningur Stofnlánadeildar Vísindasjóðs 31. desember 1964.**Gjöld:**

Hreinar tekjur	kr. 247 692.50
	<hr/>
	Kr. 247 692.50

Tekjur:

Framlag úr Vísindasjóði	Kr. 190 726.00
Vextir	— 56 966.50
	<hr/>
	Kr. 247 692.50

Efnahagsreikningur Stofnlánadeildar Vísindasjóðs 31. desember 1964.**Eignir:**

Innstæða á hlr. nr. 3103 v/ Seðlabanka Íslands	kr. 882 176.82
Meningarsjóður, ógreitt framlag	— 5 000.00
	<hr/>
	Kr. 887 176.82

Skuldir:

Þegar Raunvísindastofnun Háskólans tekur til starfa, leggst Eðlisfræðistofnun Háskólans (rannsóknarstofa til mælingar á geislavirkum efnum) sem slík niður, sbr. 85. gr. 2. málsg. reglugerðar um Háskóla Íslands nr. 76 17. júní 1958. Frá sama tíma falla eigur Eðlisfræðistofnunar Háskólans til Raunvísindastofnunarinnar. Skuldbindingar Eðlisfræðistofnunar gagnvart starfsliði hennar og öðrum aðilum hvíla eftir greindan tíma á Raunvísindastofnun Háskólans.

Núverandi starfsmenn Eðlisfræðistofnunar Háskólans skulu fá ráðningarsamninga samkv. 7. gr. en þó skal eigi setja ákvæði um kennslu við Háskólann í ráðningarsamninga þeirra.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkv. 42. gr. laga nr. 60 7. júní 1957 um Háskóla Íslands, sbr. háskólareglugerð nr. 76 17. júní 1958, 87. gr.

Reglugerð þessi tekur gildi þegar í stað, og kveður menntamálaráðherra á um það, frá hvaða tíma Raunvísindastofnun Háskólans teljist taka til starfa.

Í menntamálaráðuneytinu, 4. júní 1966.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius

10. júní 1966.

Nr. 105.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt tillögu borgarráðs Reykjavíkur hefur verið ákveðið, að umferð um **Álfheima** hafi stöðvunarskyldu gagnvart Suðurlandsbraut.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 10. júní 1966.

Sigurjón Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 28 18. apríl 1958, um útvarpsrekstur ríkisins.

1. gr.

27. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Hverjum útvarpsnotanda ber að innleysa póströfu sína, eða greiða afnotagjald sitt í Innheimtudeild Ríkisútvarpsins, sem sjálf annast innheimtu fyrir Reykjavík og nágrenni, innan mánaðar frá gjalddaga hennar. Að þeim tíma liðnum bætist við gjaldið 10% innheimtukostnaður.

Ógreiddar kröfur skulu endursendar innheimtuskrifstofu Ríkisútvarpsins, sem síðan sendir þær til lögtaksinnheimtu á kostnað gjaldenda.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 6. júní 1966.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

Nr. 107.

12. júlí 1966.

AUGLÝSING

varðandi gin- og klaufaveiki.

Bann við innflutningi á lifandi jurtum, trjám, trjágreinum og könglum svo og hvers konar grænmeti og jarðávöxtum, sem ákveðið var með auglýsingu Landbúnaðarráðuneytisins, dags. 4. marz 1966 og birt í 15. tölublaði Lögbirtingablaðsins 1966, er úr gildi fellt. Að öðru leyti heldur auglýsingin gildi sínu.

Enn fremur er úr gildi felld auglýsing, dags. 10. marz 1966, birt í 15. tölublaði Lögbirtingablaðsins 1966, um bann við notkun aðfenginna matarleifa og sláturafurða til gripafóðurs.

Landbúnaðarráðuneytið, 12. júlí 1966.

Ingólfur Jónsson.

Gunnlaugur E. Briem.

Nr. 108.

16. júní 1966.

AUGLÝSING

um hámarkshraða á Reykjanesbraut.

Á tímabilinu 1. maí til 30. september gilda eftirfarandi reglur um hámarkshraða ökutækja á Reykjanesbraut frá vegamótum við Krisuvíkurveg að vegamótum við Hafnaveg (flugvallarveg).

Hámarkshraði ökutækja, annarra en bifreiða, sem draga tengi- eða festivagna, skal vera 80 km á klst.

Hámarkshraði bifreiða, sem draga tengi- eða festivagna, skal vera 60 km á klst.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 50. gr. umferðarlaga nr. 26 2. maí 1958, sbr. 7. gr. laga nr. 62 13. maí 1966, öðlast gildi 26. júní 1966.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 16. júní 1966.

Jóhann Hafstein.

Ólafur W. Stefánsson.

AUGLÝSING

um hámarkshraða á þjóðvegum um Selfoss.

Hámarkshraði á Suðurlandsvegi frá ristarhliði vestan við Selfoss að vegamótum við Gaulverjabæjarveg (sbr. lið II. B. í auglýsingu nr. 124/1960) skal vera 45 km. á klst.

Hámarkshraði á Eyrarbakkaavegi frá vegamótum við Suðurlandsveg að vegamótum við ræktunarveg sunnan við Selfoss (sbr. lið III. B. í auglýsingu nr. 124/1960) skal vera 45 km á klst.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt 50. gr. umferðarlaga nr. 26 2. maí 1958, sbr. 7. gr. laga nr. 62 13. maí 1966, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 16. júní 1966.

Jóhann Hafstein.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

um barnavernd í Hafnarkauptúni í Hornafirði.

1. gr.

Í Hafnarkauptúni í Hornafirði er börnum og unglingum innan 15 ára aldurs bannað að vera úti á almannafæri eftir kl. 21.00 að kvöldi á tímabilinu frá 1. október til 1. maí, nema í fylgd með foreldrum eða öðrum forráðamönnum. Þó er þeim heimilt að sækja skemmtanir skóla og æskulýðsfélaga undir umsjón foreldra eða fulltrúa þeirra.

Óheimilt er þeim og á sama tímabili aðgangur að kvöldsýningum kvikmyndahúsa og öðrum skemmtunum, nema í fylgd foreldra eða forráðamanna.

Foreldrum og forráðamönnum barna og unglunga ber að sjá um, að ákvæði þessu sé hlýtt.

2. gr.

Unglingum innan 15 ára aldurs er óheimill aðgangur að almennum veitingastofum, ís-, sælgætis- og tóbaksbúðum eftir kl. 21.00 að kvöldi á tímabilinu frá 1.

október til 1. maí, nema í fylgd foreldra eða forráðamanna, en annan tíma ársins sé miðað við fermingaraldur.

Eigendum og umsjónarmönnum slíkra staða ber að sjá um, að unglingar fái ekki óheimilan aðgang.

3. gr.

Unglingum innan 15 ára aldurs er bannaður aðgangur að opinberum dansleikjum á tímabilinu frá 1. október til 1. maí, öðrum en innanfélagsdansleikjum æskulýðsfélaga, sem unglिंगarnir eru meðlimir í, svo og dansleikjum skólafélaga. En annan tíma ársins sé miðað við fermingaraldur.



4. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna.

5. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 16. júní 1966.

Gylfi Þ. Gíslason.

Knútur Hallsson.

REGLUGERÐ

um barnavernd á Flateyri.

1. gr.

Í umdæmi barnaverndarnefndar á Flateyri er börnum yngri en 12 ára bannað að vera á almannafæri eftir kl. 20.00 að kvöldi á tímabilinu frá 1. október til 1. apríl og eftir kl. 22.00 frá 1. apríl til 1. október, nema í fylgd forráðamanna eða fullorðinna, er falin hefur verið umsjón þeirra. Börnum á aldrinum 12 til 14 ára er óheimilt að vera á almannafæri eftir kl. 22.00 að kvöldi á tímabilinu frá 1. október, til 1. maí og eftir kl. 23.00 á tímabilinu 1. maí til 1. október, nema í fylgd forráðamanna sinna eða foreldra. Foreldrum eða forráðamönnum barnanna ber að viðlagðri ábyrgð að sjá um, að ákvæðum þessum sé framfylgt.

2. gr.

Börnum og unglिंगum innan 16 ára aldurs eru bannaðar ferðir út í skip, sem liggja við bryggju eða á höfninni, nema í fylgd foreldra eða forráðamanna.

3. gr.

Börnum innan 16 ára aldurs er bannaður aðgangur að öldrykkju og knattborðsstöðum. Þeim er einnig bannaður aðgangur að almennum dansstöðum, kaffistöðum og kvöldsölum eftir kl. 21.00, nema í fylgd foreldra eða forráðamanna.

4. gr.

Ekki má leyfa unglिंगum innan 14 ára aldurs aðgang að kvikmyndasýningum öðrum en barnasýningum, nema leyfi barnaverndarnefndar komi til, eða í fylgd með foreldrum eða forráðamönnum.

5. gr.

Bannað er að gefa unglíngum innan 16 ára tóbak eða stuðla að því, að þeir neyti þess eða hafi það með höndum. Sama gildir um aðrar munaðarvörur, sem að dómi lækna geta talizt hættulegar börnum.

6. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum skv. lögum nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt almennum hegningarlögum.

7. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 16. júní 1966.

Gylfi Þ. Gíslason.

Knútur Hallsson.

G J A L D S K R Á

fyrir dýralækna.

I. KAFLI

Viðtöl, almennar rannsóknir og aðgerðir.

- A. 1. Hlýtt á eða athuguð sjúkdómslýsing. Ekkert gjald.
2. Viðtal og ráðleggingar í síma. Ekkert gjald.
- B. Skrifaður lyfseðill. Gjald kr. 25.00.
- C. Smærri aðgerðir. Gjald kr. 25.00.
1. Venjuleg skoðun á grip og ráðlegging.
 2. Lyfjum dælt í hold eða júgur.
 3. Einföld skoðun á holti.
 4. Einföld ástunga á útvortis ígerð.
 5. Skoðun á júgri.
 6. Aldursákvörðun á hesti.
 7. Annað tilsvarendi.
- D. Minni háttar aðgerðir. Gjald kr. 45.00.
1. Gert að smásári án sauma.
 2. Lyfjum dælt í æð eða kviðarhol.
 3. Skoluð skeið, þarmagangur eða magi.
 4. Tekin flís úr holdi eða aðskotahlutir úr opum líkamans.
 5. Skafin sár og fistlar.
 6. Búið um beinbrot, minni húsdýr.
 7. Sorfnar tennur.
 8. Notkun magaslöngu.
 9. Stungið á kýli.
 10. Einfaldur uppskurður á spena.

11. Stífla losuð úr vélinda.
12. Kýr loftdæld við doða.
13. Lagað skeiðarsig.
14. Tálguð naglstunga eða stig.
15. Brennsla með lyfjum vegna helti o. þ. h.
16. Annað tilsvareandi.

E. Meiri háttar aðgerðir. Gjald kr. 85.00.

1. Gripur lagður með felliböndum og hann svæfður eða deyfður.
2. Spengdur klaufarhófur.
3. Fjarlægð stór útvortis æxli.
4. Skorið til steins eða aðskotahluta í þvagrás eða vélinda.
5. Búið um meiri háttar sár með saumi.
6. Annað tilsvareandi.

F. Miklar aðgerðir. Gjald eftir samkomulagi hverju sinni.

1. Holskurðir.
2. Opnun á kinnarholum og ennisholum stórgripa.
3. Aflimanir.
4. Skorin hurt strengur úr hesti.
5. Tannúrdráttur (stórgripir) (trepanationir).
6. Miklir uppskurðir á hóf og klaufum stórgripa.
7. Bruni með glóandi járnri vegna heltis o. þ. h.
8. Annað tilsvareandi.

II. KAFLI

Sérstakar aðgerðir.

A. Geldingar.

1. Geltur hestur 3ja vetra eða yngri. Gjald kr. 125.00.
2. Geltur 4ra vetra eða eldri. Gjald kr. 180.00.
3. Geltur hrútur, naut eða göltur. Gjald kr. 50.00.
4. Geltur hundur. Gjald kr. 90.00.
5. Geltur smágrís. Gjald kr. 25.00.
6. Geltur köttur eða pokagrís. Gjald kr. 45.00.
7. Geltur laungraður hestur. Gjald eftir samkomulagi hverju sinni.

B. Burðarhjálp.

1. Stórgripir, létt. Gjald kr. 85.00.
2. Stórgripir, erfið. Gjald kr. 150.00.
3. Stórgripir, fóstur limað, létt. Gjald kr. 180.00.
4. Stórgripir, fóstur limað, erfið. Gjald kr. 250.00.
5. Keisaraskurður. Gjald samkvæmt samkomulagi hverju sinni.
6. Leg sett inn: Kýr, gylta. Gjald kr. 180.00.
7. Leg sett inn: Kind. Gjald kr. 90.00.
8. Legsnurða, létt. Gjald kr. 120.00.
9. Legsnurða, erfið. Gjald kr. 180.00.
10. Legsnurða, ær. Gjald kr. 60.00.
11. Fæðingarhjálp, ær. Gjald kr. 50.00.
12. Fæðingarhjálp, gylta. Gjald kr. 80.00.
13. Fæðingarhjálp, smærri dýr. Gjald kr. 85.00.
14. Teknar hildir. Gjald kr. 110.00.

C. Aðgerðir gegn ófrjósemi.

1. Aðgerðir framkvæmdar gegnum endabarm. Gjald kr. 40.00.
2. Aðgerðir framkvæmdar gegnum fæðingarveg. Gjald kr. 70.00.
3. Sæðing stórgripa. Gjald kr. 60.00.

Rannsókn á helti með deyfingum og öðrum nauðsynlegum prófum. Gjald kr. 130.

III. KAFLI**Vottorð, sérstök próf, rannsóknir og taka sýnishorna.**

2. Almenn skoðun og heilbrigðisvottorð um grip eða hjörð. Gjald kr. 85.00.
 3. Skriflegt vottorð um slys, áverka eða sjúkdóm að undangenginni skoðun og rannsókn, vegna váttryggingar eða réttarhalda. Gjald kr. 300.00.
- B. 1. Berklapróf (tuberculin).** Fyrir fyrstu þrjá gripina kr. 30.00 fyrir hvern grip, en hálf gjald fyrir hvern grip, sem fram yfir er.
- 2. Taka blóðsýnishorna, vegna rannsókna:**
- a. Stórgripir: Fyrir fyrstu þrjá gripina kr. 20.00 fyrir hvern grip, en hálf gjald fyrir hvern grip, sem fram yfir er.
 - b. Sauðfé: Fyrir fyrstu þrjár kindurnar kr. 15.00 fyrir hvern grip, en hálf gjald fyrir hvern grip, sem fram yfir er.
 - c. Aglutinationspróf á alifuglum kr. 3.00 fyrir hvern fugl.
- 3 Fangrannsóknir:** Fyrir fyrstu tvo gripina kr. 40.00 fyrir hvorn grip, en hálf gjald fyrir hvern grip, sem fram yfir er.
4. Rannsókn á mjólk, blóði, mænuvökva, greftri, þvagi eða saur (litun, smá-sjárskoðun o. s. frv.). Gjald kr. 75.00.
 5. a. Krufning stórgripa. Gjald kr. 150.00.
b. Krufning smærri húsdýra. Gjald kr. 60.00.
 6. Skoðun á hrossum á útskipunarhöfn vegna sölu til útlanda eða fyrir skoðun hrossa á mörkuðum kr. 20.00 fyrir hvert hross, enda sé heilbrigðis- og aldursvottorð látið af hendi sé þess óskað. Nú eru hross skoðuð á útflutningshöfn, sem áður hafa verið skoðuð af dýralækni á markaðsstað, og skal þá eigi greitt nema hálf gjald fyrir skoðunina, enda fylgi hrossunum skoðunarvottorð dýralæknis þess, er áður hefur skoðað hrossin.

IV. KAFLI

1. Nú hefur rannsókn eða aðgerð verulegan aukakostnað í för með sér, t. d. fyrir sérstaklega keypt efni, önnur en venjuleg efni til rannsókna, og sótt-hreinsunarlyf og ber þá dýralækni aukagjald fyrir það, þó aldrei meira en lyfjabúðarverð fyrir lyfjavörur, en raunverulegt kostnaðarverð fyrir önnur efni.
2. Nú er einhver aðgerð eða rannsókn eigi á færi héraðsdýralæknis, eða hann getur eigi framkvæmt hana einsamall, og fær því annan dýralækni eða rannsóknarstofnun til að leysa hana af hendi eða veita nauðsynlega aðstoð, og ber þá að greiða héraðsdýralækni kostnað þann, er hann hefur af útvegum aðstoðarinnar.
3. Fyrir endurteknar aðgerðir eða rannsóknir á sama sjúklingi komi hálf gjald.
4. Nú eru tvær eða fleiri skýrt aðgreindar aðgerðir gerðar á sama grip og kemur þá fullt gjald fyrir eina aðgerðina (þá, sem hæst er metin), en hálf gjald fyrir hinar.

5. Nú þykir héraðsdýralækni eða heilbrigðisstjórn vegna smithættu ástæða til þess að rannsaka fleiri gripi á sama heimili eða í nágrenni þess og gera varúðarráðstafanir til að hindra útbreiðslu næmra sjúkdóma. Í slíkum tilvikum skal héraðsdýralæknir taka greiðslu fyrir störf sín af opinberu fé, samkvæmt VI. kafla þessarar gjaldskrár.
6. Þegar héraðsdýralæknir skoðar kýr og fjós fyrir mjólkurbú eða mjólkursamsölu, skal hann sjálfur sjá sér fyrir farkosti og gistingu. Honum ber að gefa viðkomandi mjólkurbúi skýrslu um fjós, þrifnað, fóðrun, hirðingu, júgur, salerni, kæliútbúnað, hirðingu mjólkuriláta o. s. frv., samkvæmt fyrir sögn yfirdýralæknis. Fyrir eftirlit þetta og skýrslugerð ber viðkomandi mjólkurbúi að greiða honum kr. 20.00 fyrir hverja kú, sem hann skoðar.

V. KAFLI

Heilbrigðisskoðun á kjöti og slátri.

1. a. Sauðfé og geitur: Gjald kr. 1.15 fyrir hvern skrokk.
b. Nautgripir, hross og svín: Gjald kr. 18.00 fyrir hvern skrokk.
c. Kálfar: Gjald kr. 9.00 fyrir hvern skrokk.
2. Ef dýralæknir þarf að annast heilbrigðisskoðun á kjöti fjarri heimili sínu, ber sláturhúsi því, er hann annast kjötskoðun fyrir, að sjá honum fyrir fæði og greiðum farkosti eða greiða dýralækninum fyrir farkost, ef hann leggur hann til sjálfur, enn fremur skal sláturhús sjá fyrir hæfilegri aðstoð við merkingu kjötsins, ef þess er óskað.

VI. KAFLI

1. Ef dýralæknir er kvaddur út af heimili sínu, eða af því heimili, sem hann er staddur á, ber honum til viðbótar tilskyldu ráðleggingar- eða aðgerðargjaldi kr. 25.00. Ef um tækifærisvitjun er að ræða, samkvæmt eldri beiðni, skal gjald þetta þó vera kr. 40.00.
2. Fyrir ferð dýralæknis út úr kaupstöðum eða þorpum, sem hann situr í, eða tilsvarendi leið frá heimili hans, ef hann situr í sveit, ber honum tímakaup fyrir þann tíma, sem ferðin og viðvölin í þágu viðkomanda tekur, enda hamli veður eða ófærð eigi, að ferðinni sé haldið áfram.
Gjald fyrir hverja klukkustund:
a. Fyrir fyrstu 6 klukkustundirnar kr. 45.00.
b. Úr því kr. 30.00.
3. Dýralækni ber ókeypis flutningur á ferðum hans, svo greiðum og svo beina leið frá heimili hans, sem unnt er. Ef dýralæknir leggur sér til farkost sjálfur, ber þeim aðila eða aðilum, er hann ferðast fyrir, að endurgreiða honum þann kostnað, er hann hefur af farartækinu.
Á ferðum ber dýralækni að fá ókeypis fæði og gistingu eða greiðslu fyrir það svo og annan útlagðan kostnað, t. d. símakostnað.
4. Þegar dýralæknir ferðast í þágu hins opinbera, ber honum að fá greiddan fæðis- og ferðakostnað, samkvæmt reikningi, sem landbúnaðarráðuneytið samþykkir.

VII. KAFLI

Allar greiðslur samkvæmt framangreindri gjaldskrá greiðast með kaupgjalds-
vísitölu, eins og hún er ákveðin á hverjum tíma.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 124 22. desember 1947, um dýralækna, og öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi eldri gjaldskrá fyrir dýralækna nr. 114 20. september 1948, ásamt auglýsingu um breytingu á þeirri gjaldskrá frá 4. ágúst 1965.

Landbúnaðarráðuneytið, 12. júlí 1966.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Að fengnum tillögum borgarstjórnar Reykjavíkur hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 26 frá 2. maí 1958:

- I. Biðskylda hefur verið ákveðin á ónefndum vegi, sem liggur framhjá umferðarmiðstöðinni, gagnvart Njarðargötu annars vegar og Flugvallarvegi hins vegar.
- II. Bifreiðastöður hafa verið bannaðar á Lindargötu að norðanverðu á milli Frakkastígs og Vitastígs. Jafnframt hefur verið ákveðið að fella niður áðurgildandi stöðubann að sunnanverðu á Lindargötu frá Frakkastíg að Vitatorgi.
- III. Bifreiðastöðubann á Tjarnargötu að vestanverðu á milli gömlu slökkvistöðvarinnar og Vonarstrætis hefur verið afnumið, þó ekki á um 30 m kafla næst Vonarstræti.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 14. júlí 1966.

Sigurjón Sigurðsson.

AUGLÝSING

varðandi hreindýraveiðar.

Ráðuneytið hefur ákveðið, að hreindýraveiðar skuli eigi fara fram árið 1966 og er því frestað um sinn framkvæmd reglna nr. 263/1960, um hreindýraveiðar í Múla-sýslum. Þó getur ráðuneytið heimilað veiðar nokkurra dýra til áframhaldandi vísindalegra rannsókna á heilbrigði hreindýrastofnsins.

Menntamálaráðuneytið, 18. júlí 1966.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ

fyrir Landsvirkjun.

I. KAFLI

1. gr.

Eigendur.

Landsvirkjun er virkjanafyrirtæki, sem ríkisstjórn Íslands og borgarstjórn Reykjavíkur hafa sett á stofn og reka samkvæmt ákvæðum laga um Landsvirkjun nr. 59 20. maí 1965. Á grundvelli þeirra laga hefur verið gerður sameignarsamningur milli ríkisstjórnar Íslands og borgarstjórnar Reykjavíkur, dags. 1. júlí 1965. Landsvirkjun er sameignarfyrirtæki þessara tveggja aðila, og á hvor aðili um sig helming fyrirtækisins.

Hvor eignaraðili Landsvirkjunar um sig er í einfaldri ábyrgð fyrir öllum skuldbindingum fyrirtækisins, en um innbyrðis ábyrgð þeirra fer eftir eignarhlutföllum. Hvorugum aðila er heimilt að ganga úr fyrirtækinu án samþykkis hins.

Landsvirkjun er sjálfstæður réttaraðili, er hefur sjálfstæðan fjárhag og reikningshald. Heimili hennar og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Eignayfirtaka.

Landsvirkjun tekur við öllum eignum Sogsvirkjunar og eimhverfilstöð Reykjavíkurborgar við Elliðaár ásamt áhvilandi skuldum svo og rekstri þessara mannvirkja með öllum réttindum og skyldum, sem honum fylgja. Jafnframt tekur Landsvirkjun við öllum vatnsréttindum og réttindum ríkisins og Reykjavíkurborgar til virkjana í Sogi og í Þjórsá við Búrfell, svo og öllum áætlunum og undirbúningsframkvæmdum ríkisins vegna virkjunar við Búrfell.

3. gr.

Verkefni.

Verkefni Landsvirkjunar eru:

1. Að reisa og reka mannvirki til vinnslu og flutnings á rafmagni til almenningsnota og iðnaðar.
2. Að selja rafmagn í heildsölu til rafmagnsveitna sveitarfélaga, rafmagnsveitna ríkisins og iðjufyrirtækja að svo miklu leyti, sem héraðsrafmagnsveitur eða rafmagnsveitur ríkisins hafa ekki milligöngu um rafmagnssölu til slíkra iðjufyrirtækja. Einnig að selja varmaorku frá eimhverfilstöð sinni við Elliðaár.
3. Að annast í samvinnu við raforkumálastjóra áætlunargerð um nýjar aflstöðvar og aðalorkuveitur á orkuveitusvæði Landsvirkjunar. Sú samvinna skal vera þannig í aðalatriðum, að raforkumálastjóri annast grundvallarathuganir og almennar rannsóknir til undirbúnings ákvarðana um virkjunarstaði, en Landsvirkjun ákveður hvar virkja skuli og hvenær og annast frekari rannsóknir á virkjunarstað, áætlunargerð og framkvæmdir.
4. Að stuðla að aukinni og bættri notkun rafmagns til almenningsþarfa og iðnaðar og að stuðla að aukinni þekkingu og tækni við byggingar og rekstur rafmagnsmannvirkja.
5. Að gera allar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar geta talizt, til þess að Landsvirkjun geti annað þeim verkefnum, sem henni eru falin.

4. gr.**Orkuveitusvæði.**

Orkuveitusvæði Landsvirkjunar nær í upphafi yfir þau svæði, sem nú eru tengd Sogsvirkjuninni, þ. e. Vestmannaeyjakaupstaður, Víkurkaupþún í Mýrdal, og Vestur-Skaftafellssýsla vestan Víkur, Rangárvallasýsla, Árnessýsla, Gullbringu- og Kjósarsýsla, Keflavíkurkaupstaður, Hafnarfjarðarkaupstaður, Kópavogskaupstaður, Reykjavíkurborg, Akraneskaupstaður, Borgarfjarðarsýsla og Mýrasýsla. Landsvirkjun annast alla rafmagnsvinnslu fyrir þetta orkuveitusvæði að undanskilinni þeirri rafmagnsvinnslu, sem öðrum aðilum er heimilað, og þeir annast, lögum samkvæmt.

Sýni áætlanir, að hagkvæmt sé að leggja orkuveitur frá aflstöðvum Landsvirkjunar til annarra orkuveitusvæða, er heimilt að tengja þau aflstöðvum fyrirtækisins, en leita skal samþykkis beggja eignaraðila fyrir því. Áður en til framkvæmda kemur, skal hafa náðst samkomulag milli hlutaðeigandi aðila um rafmagnsverð, og rafmagnssamningar gerðir.

5. gr.**Leyfi ráðherra til framkvæmda.**

Til byggingar nýrra aflstöðva og aðalorkuveitna þarf Landsvirkjun leyfi ráðherra þess, sem fer með raforkumál. Áður en byrjað er á nýjum mannvirkjum, hvort heldur er aflstöðvar eða aðalorkuveitur, skal Landsvirkjun senda ráðherra þeim, sem fer með raforkumál, uppdrætti af hinum fyrirhuguðu mannvirkjum ásamt lýsingu á þeim. Getur ráðherra krafizt þeirra breytinga á fyrirhugaðri tilhögun mannvirkjanna, sem nauðsynlegar kunna að þykja vegna almenningshagsmuna.

II. KAFLI**6. gr.****Stjórn.**

Stjórn Landsvirkjunar er skipuð 7 mönnum. Sameinað Alþingi kýs þrjá stjórnarmenn hlutfallskosningu, borgarstjórn Reykjavíkur kýs þrjá. Ríkisstjórnin og borgarstjórn Reykjavíkur skipa sameiginlega sjöunda manninn og skal hann vera formaður. Nái eignaraðilar ekki samkomulagi um skipun oddamannsins, skal hann skipaður af Hæstarétti. Varamenn skulu vera jafnmargir og kosnir og skipaðir á sama hátt. Taka þeir sæti aðalmanna í forföllum þeirra.

Kjörtími stjórnarinnar skal vera sex ár í senn, en heimilt er að endurskipa stjórnarmenn. Stjórnarmenn Landsvirkjunar hafa réttindi og skyldur opinberra sýslunarmanna.

Stjórnin ákveður sjálf starfshætti sína og fundarhöld. Hún skal þó ekki hafa fundi sjaldnar en einu sinni í mánuði að jafnaði. Skyld er að halda fundi, þegar tveir stjórnarmenn eða annarhvor eignaraðila óskar þess. Stjórnarfundur er lögmætur, ef formaður sækir hann og þrír aðrir stjórnarmenn, enda séu þeir eigi allir frá sama eignaraðila. Nú verður fundur ólögmætur vegna þess að enginn fulltrúi frá öðrum eignaraðila kemur og má þá boða fund á ný innan 14 daga og geta þess í fundarboði, að hann verði haldinn í stað þess fundar, er áður var boðað til og eigi varð lögmætur. Er hinn síðari fundur þá lögmætur og ályktunarfær um þau mál, er ræða átti á fyrri fundinum, enda þótt einungis fulltrúar annars eignaraðilans sæki fundinn. Meiri hluti atkvæða ræður úrslitum máls, en séu atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns. Framkvæmdastjóri skal sitja stjórnarfundi og hafa þar málfrelsi og tilögurétt.

Halda skal sérstaka gerðarbók um fundi stjórnar Landsvirkjunar og er heimilt að ráða sérstakan mann utan stjórnar til að færa gerðarbókina. Í gerðarbók skal getið, hvar og hvenær fundur sé haldinn svo og hverjir sitji fundinn. Þar skal og greint í stuttu máli frá þeim málum, sem tekin eru fyrir á fundi og hverja afgreiðslu þau fá. Hver stjórnarmaður svo og framkvæmdastjóri á rétt á því, að sérstaklega séu bókaðar eftir honum stuttar athugasemdir. Fundargerðir skulu bornar upp til samþykktar og undirritaðar af þeim stjórnarmönnum, sem fund sitja. Starfskjör stjórnarmanna ákveðast sameiginlega af ráðherra og borgarstjóra Reykjavíkur að fengnum tillögum stjórnarinnar.

7. gr.

Verksvið stjórnar.

Stjórn Landsvirkjunar hefur á hendi yfirstjórn á allri starfsemi Landsvirkjunar. Í því felst meðal annars:

1. Að gæta hagsmuna fyrirtækisins í hvívetna og marka heildarstefnu þess á hverjum tíma.
2. Að ákveða heildarskipulag Landsvirkjunar og ráða framkvæmdastjóra hennar og aðra aðalfyrirsvarsmenn fyrirtækisins, sbr. 8. gr. þessarar reglugerðar.
3. Að taka ákvarðanir um byggingu nýrra aflstöðva og aðalorkuveitna og um aðrar framkvæmdir og starfsemi Landsvirkjunar. Enn fremur að taka lán og gefa út skuldabréf í innlendri og erlendri mynt og aðrar ábyrgðaryfirlýsingar í þágu fyrirtækisins, og veðsetja eignir þess í sama skyni svo sem lög heimila hverju sinni.
4. Að ákveða fjármálastefnu Landsvirkjunar og heildsöluverð hennar á rafmagni, sbr. 10. gr. þessarar reglugerðar. Enn fremur að setja gjaldskrá og almenna rafmagnssamningsskilmála fyrir Landsvirkjun og gera rafmagnssamninga við viðskiptavinum hennar, sbr. 12. gr. þessarar reglugerðar.

Til sölu á fasteignum Landsvirkjunar þarf leyfi eignaraðila.

Til að skuldbinda fyrirtækið þarf undirskrift stjórnarformanns og þriggja stjórnarmanna. Þó getur stjórnin veitt færri stjórnarmönnum svo og mönnum utan stjórnar umboð til að skuldbinda fyrirtækið, þegar sérstaklega stendur á.

Stjórn Landsvirkjunar veitir prókúruumboð fyrir Landsvirkjun. Framkvæmdastjóri skal hafa slíkt umboð en heimilt er einnig að veita öðrum starfsmönnum fyrirtækisins prókúruumboð ef þörf krefur að dómi stjórnarinnar. Prókúruumboð þessi skulu skráð.

8. gr.

Fastráðnir starfsmenn.

Stjórn Landsvirkjunar ræður framkvæmdastjóra, er veitir fyrirtækinu forstöðu, og setur honum erindisbréf. Hún ræður einnig skrifstofustjóra, yfirverkfræðing og rekstrarstjóra fyrirtækisins og aðra hliðstæða starfsmenn þess og segir þeim upp að fengnum tillögum framkvæmdastjóra. Stjórnin tilnefnir einn þeirra sem staðgengil framkvæmdastjóra í forföllum hans. Framkvæmdastjóri ræður aðra fasta starfsmenn Landsvirkjunar og segir þeim upp, að fengnu samþykki stjórnar Landsvirkjunar. Stjórnin setur starfsreglur fyrir fasta starfsmenn að fengnum tillögum framkvæmdastjóra og semur um starfskjör þeirra.

Fastráðnir starfsmenn Landsvirkjunar hafa réttindi og skyldur opinberra sýslunarmanna.

Fastráðnir starfsmenn Landsvirkjunar geta valið um, hvort þeir gerast meðlimir í Lífeyrissjóði starfsmanna Reykjavíkurborgar eða Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Eignaraðilar gera ráðstafanir til, að starfsmenn fyrirtækisins fái upptöku í hvorn lífeyrissjóðinn sem er, með venjulegum kjörum, enda greiði Landsvirkjun tilskilið iðgjald á móti iðgjaldi starfsmanna sinna.

9. gr.

Verksvið framkvæmdastjóra.

Framkvæmdastjóri hefur á hendi framkvæmd stefnu stjórnar Landsvirkjunar. Hann annast allan daglegan rekstur fyrirtækisins, allar framkvæmdir þess og undirbúning þeirra, sjóðvörzlu og reikningshald. Framkvæmdastjórinn skal helga Landsvirkjun starfskrafta sína og ekki taka að sér störf í þágu annarra en hennar, nema með leyfi stjórnarinnar eða formanns hennar. Hann getur falið öðrum aðilum framkvæmd tiltekinna verkefna í umboði sínu og í samræmi við þær reglur, sem stjórnin kann að setja um slíkt. Framkvæmdastjórinn skal eiga sæti á stjórnarfundum og hafa þar málfrelsi og tillögurétt, nema tekin séu fyrir mál, sem varða hann persónulega. Framkvæmdastjóri ræður fasta starfsmenn Landsvirkjunar og segir þeim upp, sbr. 8. gr. þessarar reglugerðar. Einnig ræður framkvæmdastjóri lausráðið starfsfólk fyrirtækisins og segir því upp.

III. KAFLI

10. gr.

Fjármálaákvæði.

Stjórn Landsvirkjunar ákveður, að fengnum tillögum Efnahagsstofnunarinnar, heildsöluverð Landsvirkjunar á rafmagni. Skal rafmagnsverðið við það miðað, að eðlilegur afrakstur fáiast af því fjármagni, sem á hverjum tíma er bundið í rekstri fyrirtækisins. Einnig skal að því stefnt, að fyrirtækið skili nægilegum greiðsluafgangi til þess að það geti jafnan með eigin fjármagni og hæfilegum lántökum tryggt notendum sínum nægt rafmagn.

Stjórn Landsvirkjunar tekur ákvörðun um ráðstöfun tekna samkvæmt rekstrarreikningi. Arður til eignaraðila af höfuðstólsframlögum þeirra samkvæmt 5. gr. laga um Landsvirkjun, má þó ekki vera hærri en 6% á ári, nema samþykki þeirra beggja komi til, og greiðist hann frá sjöunda rekstrarári Búrfellsvirkjunar að telja.

Stjórn Landsvirkjunar er heimilt að ákveða afskriftir með hliðsjón af endurnýjunarverði og taka tillit til afborgana lána við ákvörðun heildsöluverðs á rafmagni frá Landvirkjun, ef afborganir eru hærri en afskriftir. Jafnframt er stjórninni heimilt við ákvörðun heildsöluverðs á rafmagni að reikna vexti af eigin fé.

Framkvæmdastjóri semur fyrir hvert reikningsár fjárhagsáætlun fyrir Landsvirkjun og leggur hana fyrir stjórnina til samþykktar eigi síðar en 1. nóvember árið áður, en stjórnin sendir samþykkt áætlun til eigenda Landsvirkjunar eigi síðar en 1. desember.

11. gr.

Reikningshald og endurskoðun.

Reikningsár Landsvirkjunar skal vera almanaksárið. Reikningar hvers árs skulu gerðir upp og rekstrar- og efnahagsreikningar lagðir fyrir stjórn Landsvirkjunar eigi síðar en 15. marz árið eftir, ásamt umsögn endurskoðenda.

Stjórn Landsvirkjunar ræður löggiltan endurskoðanda til að endurskoða og gefa umsögn um reikninga fyrirtækisins, en einnig er hvorum eignaraðila heimilt að láta endurskoðanda, sem hann tilnefnir endurskoða reikninga. Endurskoðaðir ársreikningar Landsvirkjunar skulu, auk umsagnar endurskoðenda, lagðir fyrir eignaraðila til staðfestingar innan þriggja mánaða frá lokum hvers reikningsárs, ásamt árskýrslu fyrirtækisins.

IV. KAFLI**12. gr.****Gjaldskrá, rafmagnssamningar og almennir skilmálar þeirra.**

Stjórn Landsvirkjunar setur gjaldskrá og almenna rafmagnssamningsskilmála fyrir fyrirtækið og gerir í samræmi við þá, gjaldskrána og reglugerð þessa rafmagnssamninga við viðskiptavinum sína. Í rafmagnssamningsskilmála skal setja ákvæði um heimild Landsvirkjunar til almennra takmarkana á afhendingu rafmagns, um rekstrartruflanir og rekstrarstöðvanir og um skaðabótaskyldu og takmarkanir hennar.

Til rafmagnssamninga til langs tíma við iðjufyrirtæki, sem notar meira en 100 millj. kWst. á ári, þarf Landsvirkjun leyfi ráðherra þess, sem fer með raforkumál.

13. gr.**Opinber gjöld.**

Landsvirkjun er undanþegin tekjuskatti, stimpilgjöldum, útsvari, aðstöðugjaldi og öðrum gjöldum til ríkis, sýslusjóða og sveitarfélaga. Þó skal Landsvirkjun greiða sýslusjóðum og sveitarsjóðum þau opinber gjöld, sem þeim er gert að greiða vegna húseigna Landsvirkjunar samkvæmt öðrum lagafyrirmælum.

14. gr.**Eignarnám.**

Að fengnu leyfi ráðherra getur Landsvirkjun tekið eignarnámi vatnsréttindi, lönd, mannvirki og önnur réttindi, sem nauðsynleg eru til framkvæmda á vegum Landsvirkjunar. Um framkvæmd eignarnáms skal fara eftir lögum nr. 61/1917, um framkvæmd eignarnáms.

15. gr.**Fjölgun eignaraðila.**

Verði eignaraðilar fleiri en nú er, skal reglugerð þessi endurskoðuð.

16. gr.**Gildistaka.**

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um Landsvirkjun nr. 59 20. maí 1965, staðfestist hér með og öðlast þegar gildi.

Atvinnuáráðuneytið, 14. júní 1966.

Ingólfur Jónsson.

Gunnlaugur E. Briem.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Elínar Rannveigar Briem Jónsson, skólaforstöðukonu, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 20. apríl 1966.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Elínar Rannveigar Briem Jónsson, skólaforstöðukonu.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Elínar Rannveigar Briem Jónsson, skólaforstöðukonu, og er stofnaður á 90. fæðingardegi frú Elínar, 19. október 1946, af nánustu ættingjum hennar, venzlafólki og vinum.

2. gr.

Sjóðurinn nemur nú kr. 6000.00 — sex þúsund krónum — og er eign Handavinnudeildar kvenna við Kennaraskóla Íslands. Sjóðurinn og framlög, sem honum kunna að berast, skal ávaxtaður í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands. Helming ársvaxta skal jafnan leggja við höfuðstólinn, en hinn helmingurinn falli til útborgunar til stjórnar sjóðsins. Í eigu sjóðsins eru enn fremur 21 verðlaunapeningur.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa skólastjóri Kennaraskóla Íslands og tveir aðalkennarar handavinnudeildar kvenna. Stjórn sjóðsins ráðstafar þeim hluta vaxta hans, sem árlega er greiddur.

4. gr.

Verðlaun skal veita duglegasta nemanda skólans, sem fullnaðarprófi lýkur. Skulu verðlaunin vera peningur úr bronzi með upphleyptri mynd af frú Elínu, gerðri af henni sjötugri af Ríkarði Jónssyni, með áletruninni „Aldrei var þarfara stórvirki gert en að geta sitt mannfélag mannað“ úr kvæði Matthíasar Jochumssonar til Blönduósskólans. Á hinni hlið peningsins standi: „Verðlaun Elínar Briem“, einnig nafn þeirrar stúlku, er hann hlýtur ásamt ártali.

5. gr.

Þegar sjóðurinn hefur vaxið svo, að fé það sem til útborgunar fellur, er að dómi sjóðsstjórnar, ríflegur námsstyrkur, skal veita það fé sem styrk til framhaldsnáms handavinnukennara frá Handavinnudeild Kennaraskóla Íslands, sem að áliti sjóðsstjórnar verðskuldar það.

6. gr.

Reikninga sjóðsins annast skólastjóri, og skulu þeir birtir í skólaskýrslu ásamt vottorði endurskoðenda.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 19. október 1956.

F. h. stofnenda sjóðsins.

Ingibjörg E. Eyfells.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Ara Jósefssonar skálds, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 25. apríl 1966. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Ara Jósefssonar skálds.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Ara Jósefssonar skálds. Ari var fæddur á Blönduósi 28. ágúst 1939. Hann druknaði 18. júní 1964.

2. gr.

Stofnendur eru ýmsir vinar Ara. Stofnfé er kr. 100 000.00. Sjóðinn má auka með gjöfum eða öðrum hætti. Sjóðinn skal ávaxta í opinberri lánastofnun eða verðbréfum tryggðum með 1. veðrétti í fasteignum eða með ríkisábyrgð, þar sem stjórn hans telur best henta.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita verðlaun ungum skáldum eða öðrum listamönnum. Skulu verðlaunahafar vera innan 30 ára aldurs.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 5 menn. Einn tilnefndur af ættingjum og venzlamönnum Ara, annar af Rithöfundafélagi Íslands, þriðji af ritstjórum og blaðamönnum dagblaðsins „Þjóðviljinn“, fjórði af Samtökum hernámsandstæðinga og fimmti af Mími, félags stúdenta í íslenskum fræðum við Háskóla Íslands. Hætti eitthvert ofangreindra félaga starfsemi sinni, er stjórn sjóðsins heimilt að leita til annarra aðila um tilnefningu.

5. gr.

Höfuðstól má ekki skerða, en heimilt er, en þó ekki skylt, að verja allt að öllum vöxtum sjóðsins til úthlutunar. Stjórn sjóðsins skal úthluta úr honum annað hvert ár á afmælisdegi Ara, 28. ágúst.

6. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðast af löggiltum endurskoðanda.

7. gr.

Skipulagsskrá þessari verður ekki breytt nema með einróma samþykkt sjóðsstjórnar.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari, og skal hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

REIKNINGUR

sjóðsins Gerðuminning.

Tekjur:

1. Eign sjóðsins 1. janúar 1965		kr. 87 106.31
2. Minningargjafir afhentar árið 1965		— 345.00
3. a) Áheit í sjóðinn frá Ólöfu Sigurjónsdóttur	kr. 100.00	
b) Þórunn Hafstein gaf sjóðnum	— 100.00	
c) Guðrún Markúsdóttir gaf sjóðnum	— 100.00	
d) Gjöf frá vini	— 1 000.00	
		— 1 300.00
4. Vextir í Landsbankanum, viðskiptabók	kr. 6 789.26	
Vextir í Landsbankanum, sparisjóðsbók	— 5.04	
Vextir í Útvegsbankanum, bankabók	— 4.00	
		— 6 798.30
		Kr. 95 549.61

Gjöld:

1. Styrkveiting til námsmeyjar í Húsmæðrakennaraskóla Íslands ..		kr. 3 500.00
2. Eign sjóðsins 1. janúar 1966:		
a) Í Landsbankanum, viðskiptab. nr. 5470	kr. 91 890.50	
b) Í Landsbankanum, sparisjóðsbók nr. 59026	— 89.34	
c) Í Útvegsbankanum, bankabók nr. 10084	— 69.77	
		— 92 049.61
		Kr. 95 549.61

Reykjavík, 22. febrúar 1966.

Ragnheiður Jónsdóttir.

Við undirritaðar höfum í dag farið yfir reikning sjóðsins ásamt tilheyrandi fylgiskjölum og höfum ekkert fundið athugasemdir.

Reykjavík, 30. marz 1966.

Anna Gísladóttir.

Guðrún Markúsdóttir.

REIKNINGUR**Fiskveiðasjóðs Íslands.****Efnahagsreikningur 31. desember 1965.****Eignir:**

1. Útlán gegn veði í skipum	kr.	982 540 355.00
2. Fasteignalán (ríkistr. kr. 12 641 724.00)	—	32 605 794.00
3. Lán vegna skipa í smiðum	—	50 600 000.00
4. Fasteignalán PL 480	—	26 565 000.00
5. Bankainnstæða PL 480	—	2 435 000.00
6. Innstæðureikn. óafgr. lán	—	20 000.000.00
7. Verðbréf	—	2 699 556.00
8. Ýmsir skuldunautar	—	3 634 564.22
9. Bankainnstæða	—	60 620 130.76

Kr. 1 181 700 399.98**Skuldir:**

1. Skuldir í erlendri mynt	kr.	121 961 220.51
2. Seðlabanki Íslands	—	48 000 000.00
3. Framkvæmdabanki PL 480	—	29 000.000.00
4. Innstæður lántakenda	—	385 073.504.62
5. Viðskiptamenn	—	1 089 944.96
6. Stofnsjóður	—	575 000 000.00
7. Afskriftareikningur	—	20 000 000.00
8. Yfirfært til næsta árs	—	1 575 729.89

Kr. 1 181 700 399.98

Reykjavík, 2. janúar 1966.

FISKVEIÐASJÓÐUR ÍSLANDS**Jóhannes Eliasson.****F. R. Valdemarsson.****Jónas G. Rafnar.***Elias Halldórsson.*

Reikning þennan höfum við athugað og borið saman við bækur og skjöl sjóðsins og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík, 13. maí 1966.

*Einar Bjarnason.**Sverrir Júlíusson.*

14. apríl 1966.

273

Nr. 120.

SAMÞYKKT

um stjórn bæjarmála Vestmannaeyjabæjar.

I. KAFLI

Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Bæjarstjórn Vestmannaeyja skal skipuð 9 (níu) bæjarfulltrúum, kjörnum skv. lögum nr. 5/1962.

2. gr.

Bæjarstjórn er almennt í fyrirsvari fyrir Vestmannaeyjabæ, og skal engu máli, er varðar sérstaklega hagsmuni bæjarins, til lykta ráðið án umsagnar bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn ber að gæta hugsmuna bæjarins í hvívetna og annast þau viðfangsefni, sem henni eru fengin í lögum og reglugerðum, svo og málefni, sem henni eru fengin í samþykktum, er hún hefur sett eða á henni kunna að hvíla að öðru leyti.

Meginverkefni hennar eru þessi:

A. Bæjarstjórn fer með yfirstjórn á fjárreiðum bæjarins.

1) Hún skal fyrir lok desembermánaðar ár hvert gera áætlun um tekjur og gjöld bæjarins fyrir næsta reikningsár (almanaksár). Í fjárhagsáætlun skal í meginatriðum greina, hvernig fjárveiting til einstakra stofnana og framkvæmda skuli hagað, sbr. B. lið, og enn fremur hvernig áætlaðar tekjur skiptast.

2) Hún skal hafa yfirumsjón með fjárstjórn bæjarins, með því að tekjur skuli innheimtar og greiðslur inntar af hendi í samræmi við það, sem ákveðið er í fjárhagsáætlun, og enn fremur að eignir bæjarins séu tryggilega varðveittar.

3) Hún skal leggja fullnaðarúrskurð á ársreikninga bæjarins eigi síðar en 30. júní ár hvert.

B. Bæjarstjórn hefur yfirstjórn verklegra framkvæmda bæjarins. Í fjárhagsáætlun kveður hún á um, hvernig verklegum framkvæmdum skuli hagað í meginatriðum á fjárhagsárinu.

C. Bæjarstjórn kýs bæjarstjóra, bæjarráð og aðrar nefndir eftir því sem segir í reglugerð þessari eða öðrum samþykktum, svo og endurskoðendur reikninga bæjarins. Enn fremur skipar hún fasta starfsmenn skv. þeim reglum er um getur í 37. gr.

D. Bæjarstjórn setur reglur um stjórn bæjarmálefna og reglur um meðferð tiltekinna málefna bæjarins, ákveður lóðaleigur, gjaldskrá bæjarfyrirtækja, eftir því sem þörf krefur o. s. frv.

II. KAFLI

Fundarsköp bæjarstjórnar.

3. gr.

Á fyrsta fundi bæjarstjórnar í júnímánuði ár hvert kýs bæjarstjórn sér forseta, svo og 1. og 2. varaforseta, úr hópi bæjarfulltrúa til 1 árs í senn. Sá er réttkjörinn forseti, sem fengið hefur atkvæði meira en helmingis bæjarfulltrúa. Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð, skal kjósa að nýju, og skal þá kjósa um þá tvo, sem flest atkvæði fengu.

Ef þrír eða fleiri, sem um skyldi kjósa, hafa fengið jafnmörg atkvæði, skal varpa hlutkesti um, hverja tvo skyldi kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn, sem fleiri atkvæði fær, þó að hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn, ræður hlutkesti.

Aldursforseti gegnir forsetastörfum, unz kosinn hefur verið forseti. Ef enginn forseti er viðstaddur á fundi bæjarstjórnar, gegnir aldursforseti forsetastörfum, nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra í það skipti.

Ef forseti dýr eða varaforseti, eða forfallast frá störfum bæjarstjórnar, áður en kjörtími þeirra er á enda, skal kjósa forseta í hans stað, fyrir þann tíma, sem eftir er kjörtímabils hans.

4. gr.

Forseti bæjarstjórnar stjórnar umræðum á fundum hennar. Hann sér um, að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók og allar tillögur og ályktanir séu rétt og nákvæmlega bókaðar, svo og hverja afgreiðslu þær hljóta.

Forseti sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum bæjarstjórnar. Hann úrskurðar um skilning á fundarsköpum, skv. samþykkt þessari, en skjóta má úrskurði hans til bæjarstjórnar.

5. gr.

Bæjarstjórn kýs tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarfulltrúa til 1 árs í senn á sama fundi og forsetakosningar fara fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu.

Skrifarar skulu telja saman atkvæði, þá er fram fara atkvæðagreiðslur í bæjarstjórn.

6. gr.

Bæjarstjórn ræður sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar, sem sér um færslu gerðabókar og hafa skrifarar í samráði við forseta, eftirlit með því að rétt sé fært til bókar.

Í gerðabók skal skráð, hvar og hvenær fundur sé haldinn, hverjir sitja fundinn, töluröð bæjarstjórnarfunda, svo og hver sé fundarritari, og einnig það, sem forseti vill láta til bókar færa, þótt ekki sé til getið í dagskrá fundarins.

Í fundarlok skal lesa upp gerðabók, og skulu allir viðstaddir bæjarfulltrúar undirrita hana. Hver fulltrúi, sem eigi er sammála hinum, á rétt á því að ágreiningsálit hans verði ritað með fáum orðum í gerðabókina.

7. gr.

Bæjarstjórn heldur reglulega fundi, einn fund í hverjum mánuði, og getur bæjarstjórn, ef hún telur ástæðu til, ákveðið fasta fundardaga. Þó er bæjarstjórn heimilt að fella niður fundi í júlí og ágúst.

Bæjarstjóri boðar fundi bæjarstjórnar.

Aukafundi skal halda skv. ákvörðun bæjarstjóra, forseta bæjarstjórnar, eða ef 3 bæjarfulltrúar, hið fæsta, æskja þess.

8. gr.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar.

Á dagskrá skal taka:

1. Fundargerðir bæjarráðs og annarra lögmætra nefnda, sem þurfa kunna staðfestingar bæjarstjórnar á ályktunum sínum.

2. Hvert það mál, sem fellur undir verksvið bæjarstjórnar skv. 2. gr. sbr. og 10. gr. laga nr. 58/1961, enda sé þess óskað af bæjarstjóra, bæjarráði, lögmætri nefnd, eða bæjarfulltrúa, að málið sé á dagskrá tekið.

3. Lögmæltar kosningar nefnda og starfsmanna, svo og hvert það málefni annað, sem bæjarstjórn á um að fjalla að lögum.

Sá, sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnar, skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega með tillögu, fyrirspurn eða stuttri greinargerð, eigi síðar en 48 klst. fyrir boðaðan bæjarstjórnarfund.

Bæjarstjóri skal í síðasta lagi 24 klst. fyrir boðaðan bæjarstjórnarfund, hafa sent öllum bæjarfulltrúum og jafnmörgum varabæjarfulltrúum dagskrá næsta bæjarstjórnarfundar.

Í dagskrá skal tilgreina fundarstað og tíma, þær fundargerðir, sem fyrir fundi liggja, sem fram hafa komið og gera í stuttu máli grein fyrir þeim málum öðrum, sem um skal fjallað. Fylgja skulu eftirrit fundargerða, tillagna, afrit af skýrslum og athugasemdir endurskoðenda svo og annarra gagna, sem geta til upplýsinga orðið um málefni á dagskrá.

Ef ákveðinn verður aukafundur, skv. 3. mgr. 7. gr., skal að jafnaði til hans boðað með dagskrá, er send verði bæjarfulltrúum með 24 klst. fyrirvara.

Heimilt er þó að boða aukafund með styttri fyrirvara, ef aðkallandi mál bíður afgreiðslu, enda sé þess getið með fundarboðun, hvaða mál sé á dagskrá.

Mál skulu afgreidd í þeirri röð, sem dagskrá segir, nema að bæjarstjórn ákveði að önnur röð skuli höfð.

Heimilt er að taka mál á dagskrá, þótt ekki sé þess getið í fundarboði, enda samþykki viðstaddir bæjarfulltrúar þau afbrigði með meirihluta greiddum atkvæðum þar um.

9. gr.

Á reglulegum fundarstað bæjarstjórnar skal auglýsa fundi bæjarstjórnar með a. m. k. 24 klst. fyrirvara og greina þar dagskrá.

10. gr.

Bæjarstjórnarfundur skal halda í heyranda hljóði. Bæjarstjórn getur þó ákveðið að ræða einstök mál fyrir luktum dyrum, t. d. einkamál manna eða mál, sem æskilegt er vegna hagsmuna bæjarins, að rædd séu fyrir luktum dyrum.

Ef tillaga kemur fram um það, að mál skuli rætt fyrir luktum dyrum, skal úr því skorið með atkvæðagreiðslu án umræðna.

Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður fyrir luktum dyrum.

Ef áheyrandi á bæjarstjórnarfundum raskar fundarfriði, getur forseti látið vísa honum út.

11. gr.

Bæjarstjórn getur enga bindandi ályktun gert, nema meira en helmingur bæjarfulltrúa sé viðstaddur á fundi. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála, nema annað sé sérstaklega áskilið í samþykkt þessari.

Bæjarstjóri og hver bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frestunartillögu eða frávísunartillögu við hvert það mál, sem til umræðu er, og bæjarstjórn á úrskurðarvald um. Skulu slíkar tillögur vera skriflegar.

Ef jafnmörg atkvæði eru með máli og á móti, fellur það, nema við kosningar, þá ræður hlutkesti.

Mál má afgreiða með því að samþykkja það eða fella, vísa því frá með einfaldri eða rökstuddri dagskrá, vísa því til afgreiðslu bæjarstjóra, nefnda, eða með því að fresta því.

Forseti sker úr því hvernig atkvæðagreiðslu um tillögur skuli hagað.

12. gr.

Bæjarstjórn afgreiðir mál við eina umræðu, nema hina árlegu fjárhagsáætlun, ársreikninga og reglugerðir, sem hljóta skulu staðfestingar ráðherra.

Um þessi mál skulu fara fram tvær umræður og liða ein vika hið skemmsta á milli umræðna.

13. gr.

Atkvæðagreiðsla fer þannig fram, að bæjarfulltrúi réttir upp hönd.

Nafnakall skal viðhafa, ef forseti ákveður, bæjarstjóri óskar, eða tveir bæjarfulltrúar hið fæsta. Við nafnakall greiða bæjarfulltrúar atkvæði eftir skrá um bæjarfulltrúa í stafrófsröð. Nöfn varabæjarfulltrúa skal færa á skrá í rétttri röð í stað nafna þeirra, sem fjarstaddir eru. Hlutkesti ræður á hverjum byrja skal.

Við nafnakall er bæjarfulltrúum skylt að greiða atkvæði, nema hann færi rök fyrir undanfærslu sinni, er forseti metur gilda.

Ef bæjarfulltrúi vill ekki una úrskurði forseta, má hann skjóta úrskurðinum til bæjarstjórnar, sem sker úr án umræðna.

14. gr.

Hver bæjarfulltrúi, sem vill taka til máls á bæjarstjórnarfundum, skal óska heimildar forseta.

Að jafnaði skulu bæjarfulltrúar taka til máls í þeirri röð, sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Heimilt er að vika frá þessu, ef um er að ræða bæjarstjóra eða framsögumenn svo og bæjarfulltrúa, sem gera vill stutta athugasemd eða leiðrétta ummæli um sjálfan hann.

Ef tveir eða fleiri kveðja sér hljóðs samtímis, ákveður forseti í hvaða röð þeir tala. Bæjarfulltrúi skal standa við sæti sitt, þá hann talar, nema ef forseti ákveði, að hann skuli flytja ræðu sína úr ræðustóli.

Bæjarstjórn getur heimilað, ef $\frac{2}{3}$ bæjarfulltrúa samþykkja, að maður utan bæjarstjórnar megi tala á bæjarstjórnarfundum, en skylt skal honum þá að gæta í hvívetna fundarskapa.

15. gr.

Framsögumaður má tala þrisvar við hverja umræðu máls, en aðrir bæjarfulltrúar tvisvar. Bæjarfulltrúa er þó heimilt að taka oftari til máls til að bera af sér ámæli eða gera stutta athugasemd við fundarskóp.

Bæjarstjóri, sem ekki er jafnframt bæjarfulltrúi, skal hafa málfrelsi á bæjarstjórnarfundum til jafns við bæjarfulltrúa.

16. gr.

Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta.

Ef bæjarfulltrúi tekur til máls við afgreiðslu á fundargerð nefndar, skal hann í upphafi taka fram, hvaða lið eða liði fundargerð hann óski að ræða, og má ekki ræða nema eitt mál í einu.

Ekki má lesa upp prentað mál á bæjarstjórnarfundum, nema forseti leyfi.

17. gr.

Ef forseti telur umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt til, að umræðutími hvers bæjarfulltrúa megi ekki fara fram úr ákveðinni tímalengd eða umræðum hætt.

Þá getur forseti hvenær sem er, lagt til að umræðu skuli lokið á ákveðnum tíma. Ekki má þó takmarka umræðu svo, að hún standi skemur en tvo tíma, meðan nokkur bæjarfulltrúi kveður sér hljóðs.

Bæjarstjórn afgreiðir tillögur forseta, sbr. 1. og 2. mgr., umræðulaust.

Hver bæjarfulltrúi getur borið fram slíka tillögu og skal hún einnig afgreidd umræðulaust.

Ákvæði um takmörkun á ræðutíma eiga ekki við þegar fjallað er um frumvarp að fjárhagsáætlun.

18. gr.

Skylt er bæjarfulltrúa að lúta valdi forseta í hvívetna, er að því lýtur, að gætt sé góðrar reglu.

Ef bæjarfulltrúi ber aðra menn brigzlum eða vikur verulega frá umræðuefninu, skal forseti víta hann. Ef bæjarfulltrúi er víttur tvisvar á sama fundi, getur forseti lagt til við bæjarstjórn, að hann verði sviptur málfrelsi, það sem eftir er fundar. Skal sú tillaga afgreidd umræðulaust.

Ef bæjarfulltrúi hlýðnast ekki úrskurði bæjarstjórnar eða almenn óregla kemur upp á fundi, skal forseti gera hlé um stundarsakir, eða ef nauðsyn krefur, fresta eða slíta fundi.

19. gr.

Bæjarstjórn getur ákveðið, að allar umræður í bæjarstjórn skuli skrásettar. Má þá ekkert niður fella, sem fram hefur komið á fundi bæjarstjórnar og handrit af umræðum bera með sér. Engar breytingar má gera, nema leiðréttta þurfi auðsæjar og sannanlegar villur.

Bæjarstjórn getur einnig ákveðið, að umræðurnar skuli gefnar út á prenti, ásamt því sem fest hefur verið í gerðabækur, svo og önnur skjöl, eftir því sem nauðsynlegt kann að þykja.

Ef bæjarstjórn ákveður slíka útgáfu, skal hún jafnframt kjósa nefnd bæjarfulltrúa til að hafa umsjón með útgáfunni.

Þá getur bæjarstjórn ákveðið, að bæjarstjórnarfundir skuli teknir á segulband, til geymslu einhvern ákveðinn tíma.

Eftir hvern bæjarstjórnarfund skal öllum bæjarfulltrúum sent eftirrit af fundargerð ásamt fylgiskjölum hennar.

III. KAFLI

Réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

20. gr.

Hverjum bæjarfulltrúa er skylt að sækja fundi bæjarstjórnar nema lögleg föll hamli.

Honum er skylt að taka að sér störf, sem bæjarstjórn felur honum, t. d. forsetastörf, setu í bæjarráði eða öðrum nefndum o. s. frv.

Sá, sem hefur verið forseti bæjarstjórnar, setið í bæjarráði eða öðrum nefndum, getur þó skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

Bæjarfulltrúum er skylt að koma þrúðmannlega fram á bæjarstjórnarfundum og utan funda. Gæta þagnarskyldu um einkamál og hagi einstaklinga og félaga, sem þeir kynnu að fá vitneskju um, sem bæjarfulltrúar.

Þá er þeim og skylt að gæta hagsmuna og velferðar bæjarins út á við sem inn á við, eftir sinni beztu getu, vinna og stuðla að friðsamlegri lausn deilumála, sem upp kunna að koma milli bæjarstjórnarfulltrúa og hafa í huga, að heill bæjarfélagsins er ofar þrasi og togstreitu stjórnmalanna.

21. gr.

Bæjarfulltrúum er heimilt að kynna sér bækur, skjöl og bréf bæjarins og stofnana hans.

22. gr.

Hver bæjarstjórnarfulltrúi á rétt á tiltekinni þóknun fyrir störf sín í bæjarstjórn, skv. ákvörðun hennar.

23. gr.

Ef bæjarfulltrúi, kosinn í nefnd eða til annarra starfa, forfallast um stundarsakir vegna veikinda eða af öðrum ástæðum, á hann rétt á að tilnefna mann af sama lista og hann var kjörinn, til að taka sæti hans á meðan, enda hafi varaulltrúi ekki verið kosinn.

Hafi hann engan tilnefnt, fer um varamenn, skv. 2. og 3. mgr. 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

24. gr.

Bæjarstjórn getur veitt bæjarfulltrúa, sem þess óskar, lausn frá bæjarfulltrúastarfi.

IV. KAFLI

Bæjarráð.

25. gr.

Á fundi bæjarstjórnar í júní ár hvert, skal kjósa þrjá menn í bæjarráð og þrjá menn til vara, hlutfallskosningu. Kosning bæjarráðs gildir unz nýtt bæjarráð hefur verið kjörið.

Bæjarráð kys formann og má kjósa bæjarstjóra, þótt ekki sé hann kjörinn í ráðið.

Bæjarráð skal halda fund í viku hverri og ákveður bæjarráð vikudag. Heimilt er að fækka fundum bæjarráðs í júlí og ágúst. Aukafundi skal halda, ef bæjarstjóri ákveður það eða ef tveir bæjarráðsmenn óska þess skriflega.

Bæjarstjóri undirbýr dagskrá bæjarráðs og sér um, að hún verði send bæjarráðsmönnum eigi síðar en um hádegi þann dag, sem fundur er haldinn. Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði, þótt ekki sé tilgreint í dagskrá, en skylt er þá að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar, ef þess verður óskað.

Formaður sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum og úrskurðar ágreiningsmál, sem rísa kunna út af fundasköpum. Þeim úrskurði má skjóta til úrlausnar bæjarráðs.

Bæjarráð getur ráðið fundarritara utan bæjarráðs. Í gerðabók skal greina frá því hvar fundur er haldinn og hvenær, tölu fundar, hverjir sitja fundinn og hver sé fundarritari. Þá skal greint frá framlögðum skjölum og efni þeirra í stuttu máli, svo og hverja afgreiðslu þau fá.

Um fundarsköp bæjarráðs fer eftir sömu reglum og gilda um bæjarstjórn eftir því, sem þau geta átt við.

26. gr.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn Vestmannaeyjabæjar að því leyti, sem hún er ekki öðrum fengin, skv. lögum, reglugerðum eða sérstökum samþykktum bæjarstjórnar.

Bæjarráð tekur skv. heimild 36. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 58/1961, fullnaðar-ákvörðun um þau mál, sem til þess koma, nema um verulegt fjárhagsatriði sé að ræða eða málefni, þar sem ákvörðun bæjarstjórnar er sérstaklega áskilin að lög-um. Ekki getur bæjarráð þó tekið fullnaðarákvörðun um mál, ef bæjarráðsmaður eða bæjarstjóri óskar, að bæjarstjórn taki fullnaðarákvörðun um það, nema um sé að ræða mál, sem bæjarstjórn hefur vísað til fullnaðarafgreiðslu hjá bæjar-ráði.

27. gr.

Bæjarráð hefur eftirlit með fjárstjórn bæjarins. Það undirbýr árlega fjárhags-áætlun bæjarins og sér um, að ársreikningar hans séu samdir og tilbúnir til endan-legrar afgreiðslu bæjarstjórnar.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn hvernig varið skuli fé því til verklegra framkvæmda, að því leyti, sem slíkt er ekki fram tekið í fjárhagsáætlun.

28. gr.

Skylt er starfsmönnum bæjarins að sitja bæjarráðs, ef það eða bæjar-stjóri óskar þess, þegar til umræðu eru þau málefni, sem störf þeirra snerta.

V. KAFLI

Um bæjarstjóra.

29. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Ráðningartími hans skal að jafnaði vera hinn sami og kjörtímabil bæjarstjórnar. Heimilt er þó að ráða bæjarstjóra til lengri tíma, en þá er ráðningarsamningur uppsegjanlegur af beggja hálfu með sex mán-aða fyrirvara, hvenær sem er eftir að kjörtímabilinu er lokið.

Nú næst ekki meirihluti í bæjarstjórn fyrir ráðningu bæjarstjóra, svo að bæjar-stjóri er í andstöðu við meirihluta bæjarstjórnar, og getur þá ráðherra ákveðið, að bæjarstjórnarkosningar skuli fara fram á ný.

30. gr.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem bæjarstjórn gerir, og framkvæmd á málefnum bæjarins yfirleitt að því leyti, sem bæjarstjórn hefur ekki ákveðið annað um tiltekin mál.

31. gr.

Bæjarstjóri á sæti á fundum bæjarstjórnar og bæjarráðs og hefur þar sömu réttindi og skyldur sem bæjarfulltrúar, nema annað sé sérstaklega fram tekið í þessari samþykkt. Hann á einnig sæti í fastanefndum.

Ekki hefur hann atkvæðisrétt í bæjarstjórn né í bæjarráði, nema hann sé til þess kjörinn.

Hann hefur óbundið málfrelsi og tillögurétt á fundum bæjarstjórnar, bæjarráðs og í nefndum.

32. gr.

Nú samþykkir bæjarstjórn ályktun, sem hefur verulegan kostnað í för með sér, sem ekki hefur verið gert ráð fyrir á gildandi fjárhagsáætlun, og getur bæjar-stjóri þá fellt slíka ályktun úr gildi um sinn, og skal þessi ákvörðun færð í gerða-bókina.

Um þetta skal hann svo fljótt sem verða má senda ráðuneytinu skýrslu, og leggur það úrskurð á málið. Bæjarstjóri skal senda bæjarstjórninni afrit af skýrsl-uni, svo að hún geti gert athugasemdir við hana, áður en hún fer til ráðuneytisins.

33. gr.

Útgjöld, sem ekki eru lögbundin, sammingsbundin eða leiðir af fyrri samþykkt bæjarstjórnar, má ekki greiða, nema til komi samþykkt bæjarstjórnar.

Ekkert gjald má greiða úr bæjarsjóði, nema bæjarstjóri ávísi því til greiðslu eða einhver sá, sem fengið hefur umboð bæjarráðs til slíks.

34. gr.

Bæjarstjóra er heimilt að fela öðrum að gegna störfum sínum í forföllum. Stendur sú ákvörðun óhöggud, nema bæjarráð ákveði aðra tilhögun.

VI. KAFLI**Endurskoðendur.****35. gr.**

Bæjarstjórn kýs endurskoðendur til eins árs í senn til að endurskoða reikninga bæjarins og fyrirtækja hans.

Bæjarfulltrúar eru ekki kjörgengir til endurskoðunarstarfa.

Um framkvæmd endurskoðunar fer eftir ákvæðum d. liðs III. kafla laga nr. 58/1961.

Lokið skal endurskoðun eigi síðar en 30. júní ár hvert.

Kjörnir endurskoðendur eiga rétt á þóknun fyrir starf sitt eftir ákvörðun bæjarstjórnar.

36. gr.

Bæjarráði er heimilt að fela lögg. endurskoðanda að semja reikninga kaupstaðarins og fyrirtækja hans sbr. 27. gr. Jafnframt getur það falið honum að hafa eftirlit með endurskoðun ársreikninga og gæta þess, að kröfum í lögum og reglum um bókhald og endurskoðun sveitarfélaga sé fullnægt. Senda skal hann bæjarráði skýrslu um niðurstöður sínar áður en bæjarráð gerir tillögu um afgreiðslu ársreikninga til bæjarstjórnar.

VII. KAFLI**Nefndir.****37. gr.**

Bæjarstjórn kýs hlutfallskosningu eftirtaldar nefndir og starfsmenn til að fara með tiltekin mál eftir því, sem lög mæla fyrir og samkvæmt sérstakri samþykkt bæjarstjórnar í júní ár hvert:

A. Til eins árs:

1. Fjórir menn í bygginganefnd og fjórir til vara.
2. Fimm menn í framfærslunefnd og fimm til vara.
3. Fimm menn í hafnarstjórn og fimm til vara.
4. Einn bæjarfulltrúa og einn til vara í heilbrigðisnefnd.
5. Fimm menn í framtalsnefnd og fimm menn til vara.
6. Tvo menn í stjórn Sparisjóðs og tvo til vara.
7. Þrjú menn í stjórn Ekknasjóðs og þrjú til vara.
8. Fimm menn í fegrunarnefnd og fimm til vara.
9. Þrjú menn í íþróttavallaráð og þrjú til vara.
10. Tvo menn í vinnumiðlunarnefnd og tvo til vara.
11. Fimm menn í stjórn Elliheimilis og fimm til vara.
12. Tvo fóðurgæzlumenn og tvo til vara.
13. Þrjú menn í rafmagnsnefnd og þrjú til vara.

14. Fimm menn í sundlaugarnefnd og fimm til vara.
15. Einn bæjarfulltrúa og einn til vara í stjórn Lífeyrissjóð starfsmanna Vestmannaeyjakaupstaðar.
16. Tvo menn í náttúruverndarnefnd og tvo til vara.
17. Þrjú menn í fjallskilanefnd og þrjú til vara.
18. Einn mann í fasteignamatsnefnd og einn til vara.
19. Einn mann í verðlagsskrárnefnd og einn til vara.

Til fjögurra ára:

20. Fjórir menn í brunamálanefnd og fjórir til vara.
21. Fimm menn í barnaverndarnefnd og fimm til vara.
22. Fjórir menn í fræðsluráð og fjórir til vara.
23. Sex menn í áfengisvarnarnefnd og sex til vara.
24. Fjóra menn í stjórn Sjúkrasamlags og fjóra til vara.
25. Þrjú menn á þing Sambands íslenskra sveitarfélaga og þrjú til vara.
26. Einn mann í trúnaðarráð Brunabótafélags Íslands og einn til vara.
27. Kjörstjórnir lögum samkvæmt.
28. Átta menn í sjó- og verzlunardóm og átta til vara.
29. Róðrarsamþykktareftirlitsmenn, skv. róðrarsamþykkt.
30. Aðrar nefndir skal bæjarstjórn kjósa eftir þörfum.

Nefndir, sem starfa á vegum bæjarstjórnar, skulu kjósa sér formann. Formenn skulu boða nefndir saman til funda.

Ef tveir nefndarmenn hið fæsta, óska eftir að fundur sé haldinn í nefnd þeirri, sem þeir eiga setu í, geta þeir farið fram á það við nefndarformann, og skal hann þá boða nefndina saman til fundar svo fljótt sem auðið er.

Einuig getur bæjarstjóri boðað, að fundir skulu haldnir í nefndum, ef honum þykir ástæða til, til að ræða ýmis bæjarmál.

B. Endurskoðendur til eins árs, sbr. lög nr. 58./1961:

1. Tvo endurskoðendur reikninga bæjarsjóðs og tvo til vara.
2. Tvo endurskoðendur reikninga hafnarsjóðs og tvo til vara.
3. Tvo endurskoðendur reikninga Skipaafgreiðslu hafnarsjóðs og tvo til vara.
4. Tvo endurskoðendur reikninga Rafveitu og tvo til vara.
5. Tvo endurskoðendur reikninga Sparisjóðs Ve. og tvo til vara.
6. Tvo endurskoðendur reikninga Ekknasjóðs og tvo til vara.
7. Tvo endurskoðendur reikninga Lífeyrissjóðs starfsmanna Vestmannaeyjakaupstaðar og tvo til vara.

38. gr.

Um skipan nefnda, valdsvið þeirra og verksvið, eftir því sem ákveðið er í lögum eða samþykktum bæjarstjórnar. Þar sem ekki er um slíkar reglur að ræða, getur bæjarstjórn sett þær.

Ekki má framselja slíkri nefnd vald, sem bæjarstjórn er fengið að lögum.

Þegar kjörtími nefnda er ákveðinn, skal litið svo á, að umboð nefndarmanna falli niður þegar kjörtími bæjarstjórnar er á enda, nema um sé að ræða nefnd, sem fengið hefur til úrlausnar ákveðið og afmarkað verkefni. Þá skal litið svo á, að starfi hennar ljúki fyrst, er verkefnið er til lykta leitt.

39. gr.

Allar fastanefndir bæjarstjórnar skulu færa gerðabækur um störf sín og skulu gerðir fastanefnda, svo og nefnda, sem bæjarstjórn setur í einstök mál, lagðar fyrir bæjarstjórn til meðferðar og endanlegrar samþykktar eða synjunar.

VIII. KAFLI

Um starfsmenn bæjarins.

40. gr.

Bæjarstjórn skipar fasta starfsmenn bæjarins, og veitir þeim lausn eftir því, sem nánar segir í samþykkt þessari, nema vald til slíks sé að lögum fengið öðrum aðilum eða á annan veg mælt fyrir í reglugerðum um sérmál tiltekinna stofnana.

Bæjarstjórn getur falið bæjarráði að skipa í ákveðnar stöður.

Fastar stöður skulu að jafnaði auglýstar til umsóknar, en heimilt er þó bæjarstjórn (bæjarráði) að skipa í stöðu án slíkrar auglýsingar. Bæjarstjórn (eða bæjarráð) getur ákveðið hver almenn skilyrði skuli gilda um skipan í stöður hjá bændum, svo og sérskilyrði, er gilda skuli um ákveðnar stöður.

Um réttindi og skyldur starfsmanna bæjarstjórnar gilda ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins eftir því sem við getur átt, nema annað sé sérstaklega ákveðið í samþykktum bæjarstjórnar.

Bæjarstjóri f. h. bæjarstjórnar getur sett starfsmönnum erindisbréf og ákveðið þar starfssvið þeirra.

Skylt er starfsmönnum að hlýða breytingum á starfssviði sínu, enda missi þeir einskis af launum við þá breytingu.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. marz 1961, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin samþykkt um stjórn bæjarmálefna í Vestmannaeyjakaupstað nr. 28 11. maí 1954.

Félagsmálaráðuneytið, 14. apríl 1966.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 118 9. september 1954, um sölu og veitingar áfengis.

1. gr.

1. mgr. 3. gr. orðist svo:

Allt það áfengi, sem áfengisverzlunin lætur af hendi, skal merkt innsigli hennar. Á hverri flösku skal tilgreint útsöluverð. Þó er ráðuneytinu heimilt að veita undanþágu frá verðmerkinu, ef ástæða þykir til. Áfengi, sem selt er veitingahúsum, skal enn fremur sérstaklega auðkennt með merki á hverri flösku.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt áfengislögum nr. 58 24. apríl 1954, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 12. apríl 1966.

Jóhann Hafstein.

Ólafur. W. Stefánsson.

G J A L D S K R Á

fyrir Vatnsveitu Akureyrar.

Vatnsskattur.

1. gr.

Fyrir vatnsnotkun skal greiða árlega vatnsskatt af öllum húsum í lögsagnarumdæmi Akureyrar, sem fá vatn úr vatnsveitu bæjarins.

2. gr.

Vatnsskattur samkv. 1. gr. skal vera 3% af fasteignamati húss.

3. gr.

Hafi hús ekki verið virt fasteignamatsvirðingu, ákveður vatnsveitan skattinn.

Aukavatnsskattur.

4. gr.

Auk vatnsskatts samkv. 1. gr. skal greiða aukavatnsskatt fyrir verksmiðjur, iðnfyrirtæki (vinnslustöðvar), útgerðarstöðvar, sláturhús, frystihús, efnalaugar, þvottahús, bifreiðaþvottastöðvar og önnur slík fyrirtæki, svo og fyrir hreyfivélar og gosbrunna.

5. gr.

Aukavatnsskatt skal innheimta samkvæmt mæli með kr. 2.00 fyrir hvern teningsmetra vatns.

6. gr.

Vatnsveitan lætur notendum í té löggilta vatnsmæla og er ársleiga fyrir hvern mæli kr. 200.00.

Skipavatnsskattur.

7. gr.

Greiðsla fyrir vatn, sem selt er til skipa og báta í Akureyrarhöfn, skal vera kr. 15.00 fyrir hvern teningsmetra, þó aldrei minna en kr. 100.00.

8. gr.

Fyrir önnur vatnsnot en þau, sem að framan eru talin, skal hverju sinni greiddur aukavatnsskattur eftir ákvörðun vatnsveitunnar.

Heimæða- og tengigjald.

9. gr.

Gjald vegna lagna heimæða frá götuæð vatnsveitunnar í stofnkрана húss, sbr. 5. gr. reglugerðar vatnsveitunnar nr. 55 frá 30. apríl 1959, skal vera kr. 10.00 fyrir hvern teningsmetra húss.

Vatnsveitunni er ekki skylt að leggja heimæð eða tengja hana, fyrr en hús-eigandi hefur greitt heimæða- og tengigjald.

Um gjalddaga, ábyrgð á greiðslu o. fl.**10. gr.**

Gjalddagi vatnsskatts af húsum er 1. febrúar ár hvert og greiðist skatturinn í einu lagi fyrir liðandi ár.

Aukavatnsskatt er heimilt að innheimta eftir á með 4 gjalddögum í lok hvers ársfjórðungs.

Vatn til skipa skal greiða við afhendingu.

Vatnsskattur greiðist í skrifstofu bæjargjaldkera.

11. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts vegna húss síns.

Eigandi fyrirtækis ber ábyrgð á greiðslu aukavatnsskatts vegna atvinnurekstrar. Útgerðarmaður skips eða skipstjóri ber ábyrgð á greiðslu vatns til skips.

Greiðsla vatnsskatts er tryggð með lögveði í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsveði fyrir hvers konar sammings- og aðfararveðum.

Vatnsskatt og önnur gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki.

Heimilt er að loka fyrir vatn frá veitukerfinu til þeirra, sem ekki greiða vatnsskatt á réttum gjalddögum.

Ýmis ákvæði.**12. gr.**

Ef vatn er notað án mælis, þar sem svo hagar til, sem í 4. gr. segir, getur vatnsveitan ákveðið aukavatnsskattinn eftir ætlaðri notkun.

Vilji vatnsnotandi ekki sætta sig við ákvörðun vatnsveitunnar um aukavatnsskatt, getur hann krafist þess, að vatnsnotkun hans verði mæld tiltekið tímabil, og verður aukavatnsskattur þess árs reiknaður í hlutfalli við þá mælingu.

13. gr.

Hrökkvi tekjur vatnsveitunnar ekki fyrir rekstrarútgjöldum, getur bæjarráð ákveðið fyrir eitt ár í senn, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytisins, að hækka vatnsskattinn um allt að 50%.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Akureyrar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá Vatnsveitu Akureyrar nr. 68 8. apríl 1965.

Félagsmálaráðuneytið, 14. apríl 1966.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ**fyrir Bifreiðalánasjóð héraðslækna.****1. gr.**

Sjóðurinn heitir Bifreiðalánasjóður héraðslækna.

Hlutverk hans er að lána héraðslæknum, sem eru að hefja héraðslæknisstörf, fé til bifreiðakaupa.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 1 000 000.00 — ein milljón krónur — er rikissjóður leggur fram samkvæmt 14. gr. læknaSKIPUNARLAGA nr. 43/1965.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skal vera í höndum þriggja manna, sem heilbrigðismálaráðherra skipar. Skal einn þeirra vera tilnefndur af stjórn Læknafélags Íslands, en tveir skulu skipaðir án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður stjórnarinnar.

4. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður lánsupphæð, lánstíma og lánskjör. Stjórn sjóðsins skal leita umsagnar landlæknis um lánsúmsóknir.

5. gr.

Héraðslæknir, sem fær lán úr sjóðnum skal skuldbinda sig til að gegna héraði samfellt í 1 ár að minnsta kosti.

6. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður hvaða tryggingu hún metur gilda, en sé tekið veð í bifreið læknisins, skal hún vera húftryggð og veðið ná til tryggingarandvirðisins. Lántaki greiðir kostnað af lántökunni, svo sem þinglýsingar- og stimpilgjald.

7. gr.

Heimilt er sjóðsstjórninni að fela bankastofnun útborgun lána, bókhald, innheimtu og eftirlit með greiðslum.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 14. gr. læknaSKIPUNARLAGA nr. 43/1965, öðlast þegar gildi.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 19. apríl 1966.

Jóhann Hafstein.

Jón Thors.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Mjóafjarðarhöfn.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Mjóafjarðarhöfn tekur yfir Mjóafjörð vestan línu, sem hugsast dregin úr Merki-gili norðan fjarðarins í Gilsártanga sunnan fjarðarins.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Gjöld þau, sem ákveðin eru í reglugerð þessari, skulu renna í hafnarsjóð Mjóafjarðar, og skal honum varið til þess að gera umbætur á höfninni, til byggingar mannvirkja, er höfninni tilheyrja, og til leiðarmerkja við höfnina og innsiglingu. Hafnarnefnd Mjóafjarðar skipa þrír menn. Kís hún sér formann og hefur hann á hendi innheimtu hafnargjaldanna og reikningsskil fyrir hafnarsjóð. Hreppsnefnd kís hafnarnefnd til fjögurra ára í senn og skal einn þeirra ávallt vera í hreppsnefndinni. Kosning í hafnarnefnd skal jafnan fylgja hreppsnefndarkosningum.

Hafnarnefnd skal sjá um að reglugerð þessari sé hlýtt og stjórn hafnarsjóðnum með eftirliti hreppsnefndar.

Hreppsnefnd veitir fé úr sjóðnum til umræddra framkvæmda eftir tillögum hafnarnefndar, og ber ábyrgð á sjóðnum, sem öðrum eignum hreppsins.

Reikningur hafnarsjóðs skal fylgja sveitarsjóðsreikningum og endurskoðast og úrskurðast ásamt þeim. Handbært fé sjóðsins skal ávallt ávaxta í Landsbanka Íslands eða annarri jafn tryggri lánsstofnun.

3. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má innheimta með lögtaki.

III. KAFLI

Um almenna reglu.

4. gr.

Hafnarnefnd sér um, að gætt sé almennrar reglu á höfninni og við hana.

Er öllum skylt að hlýða boði og banni tafarlaust og enn fremur þeirra starfsmanna, sem hún setur til þess að gæta reglu.

5. gr.

Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má ekki kveikja eld eða ljós, nema í eldavél skipsins og á ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar á því svæði, sem unnið er að fermingu þeirra eða affermingu.

6. gr.

Seglfestu eða öðru, sem valdið getur skemmdum, má hvergi kasta úti á höfninni, og seglfestu má hvergi taka innan takmarka hafnarinnar, nema með leyfi hafnarnefndar.

Við höfnina má ekki gera nein hafnarmannvirki, né breyta eða auka við þau, sem nú eru, og ekki heldur fylla upp né dýpka út frá landi, nema leyfi hafnarnefndar komi til, og gildir leyfið aðeins til eins árs, sé það látið ónotað.

IV. KAFLI

Um legu skipa og umferð þeirra í höfninni.

7. gr.

Fiskiskip, og önnur skip, sem ferma ekki né afferma, mega aldrei leggjast svo á höfninni, að tálmi fermingu eða affermingu annarra skipa og skulu þau í hvert skipti skyld að hlýða boði hafnarnefndar eða umboðsmanns hennar um það, hvar þau skuli leggjast. Aldrei mega slík skip liggja svo nærri bryggjum, að ekki sé nægilegt rými fyrir önnur skip að komast að og frá.

Skipum eða bátum má ekki leggja svo, að það hindri eða tefji umferð um höfnina.

Skip eða bátar mega aldrei leggja svo frá sér strengi eða aðrar festar, að það tálmi umferð. Festar skipa má aldrei leggja yfir alfaraleið.

V. KAFLI

Um hafnargjöld.

8. gr.

- a. Skip, sem eru eign búsettra manna við hafnarsvæðið eða skrásett þar og ekki eru í millilandasiglingum, svo og skip, sem leggja upp afla til vinnslu á Mjóafirði, skulu greiða hafnargjöld einu sinni á ári, sem hér segir:

Vélbátar yfir 5 rúmlestir brúttó, greiði kr. 20.00 af hverri brúttórúmllest, þó ekki yfir kr. 1000.00 árlega.

Vélbátar undir 5 rúmlestum brúttó greiði árlegt gjald kr. 100.00.

- b. Fiskiskip greiði kr. 1.00 af hverri nettórúmllest, þó ekki oftari en 5 sinnum á ári.
- c. Innlend strandferðaskip greiði kr. 0.70 af hverri nettórúmllest í hvert sinn, er þau koma á Mjóafjarðarhöfn.
- d. Öll önnur skip, sem til hafnarinnar koma og hafa samband við land, greiði kr. 1.20 af hverri nettórúmllest, í hvert skipti, er þau koma á Mjóafjarðarhöfn.

9. gr.

Skip, sem lagt er við föst legutæki á höfninni, greiði árlega fyrir það sem hér segir:

- a. Ef þau eru skrásett í Mjóafjarðarhreppi og að öllu leyti eign manna, sem búsettir eru við hafnarsvæðið, greiði opnir bátar yfir 3 rúmlestir brúttó kr. 100.00, vélbátar með þilfari kr. 300.00 en stærri skip kr. 500.00. Gjald þetta er árlegt gjald og er gjalddagi þess hinn 1. október ár hvert.
- b. Um aðra báta eða skip fer eftir samkomulagi við hafnarnefnd.

VI. KAFLI

Um bryggjugjöld.

10. gr.

Hvert skip, sem leggst við bryggju eða að skipi, sem við hana liggur, skal greiða bryggjugjald af nettóstærð skipsins, talið í heilum rúmlestum, en brotum skal sleppt. Varðskip eru þó undanþegin bryggjugjaldi. Gjöldin greiðast sem hér segir:

- a. Af öllum aðkomuskipum, öðrum en varðskipum, greiðist kr. 0.70 af nettórúmlest fyrir fyrsta sólarhring og kr. 0.50 fyrir hvern sólarhring eða brot úr sólarhring, sem fram yfir er.
- b. Bátar og skip, heimilisföst í Mjóafjarðarhreppi, svo og skip, sem leggja þar upp afla til vinnslu, skulu greiða kr. 8.00 af hverri brúttórúmlest, einu sinni á ári.

VII. KAFLI

Um vörugjald.

11. gr.

Vörugjald skal greiða til hafnarsjóðs af öllum vörum, svo og af skepnum, lifandi og dauðum, sem fermdar eru eða affermdar á höfninni, með þeim undan-tekningum, sem um getur í næstu grein.

12. gr.

Fyrir vörur, sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til umhleðslu og eiga því ekki að leggjast í land, nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálf gjald.

Af vörum, sem settar eru á land og eiga að fara aftur með sama skipi, enda sé það ákveðið samkvæmt farmskránni, greiðist ekkert gjald.

13. gr.

Þessar vörur eru algerlega undanþegnar vörugjaldi:

- a. Umbúðir, sem endursendar eru, enda sé þess getið á farmskránni.
- b. Vistir og aðrar nauðsynjar til skipa og báta til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.
- c. Innlend mjólk og rjómi, sem flutt er til hafnarinnar.
- d. Póstur og venjulegur farþegaflutningur.
- e. Vörur og tæki til hafnarinnar.
- f. Síld og annar sjávarafli, sem lagður er í land til verkunar, ef samið er sérstaklega um slík not af mannvirkjum hafnarinnar.

14. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd, með umbúðum, og af hverri sendingu sérstaklega. Brot úr gjaldeiningu telst sem heil gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalda. Skipstjóra eða afgreiðslumanni skips er skylt að láta gjaldkera hafnarinnar í té eftirrit af farmskrá. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem fleyta hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarstjóra ástæða til, getur hann, hvenær sem er, látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn.

Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af.

15. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vörugjaldskrá tiltekur, og gjaldið greiðist eins og þar segir.

VIII. KAFLI
Vörugjaldskrá.

16. gr.

Vörugjald skal greiða sem hér segir:

1. Kol, salt, sement, pr. 100 kg	kr. 2.50
2. Saltfiskur, verkaður og óverkaður, pr. 100 kg	— 2.50
3. Freðfiskur, pr. 100 kg	— 2.50
4. Síldarlýsi og annað lýsi, pr. 100 kg	— 2.50
5. Freðsild, pr. 100 kg	— 2.50
6. Fiski-, síldar- og fódurmjöl, pr. 100 kg	— 2.50
7. Korn, mjölvörur, sykur, pr. 100 kg	— 2.50
8. Tilbúinn áburður, pr. 100 kg	— 2.50
9. Fuelólía, pr. 100 kg	— 3.00
10. Hráólía, steinólía, benzín, pr. 100 kg	— 3.50
11. Kjöt, pr. 100 kg	— 3.50
12. Fiskumbúðir, pr. 100 kg	— 3.50
13. Skreið, pr. 100 kg	— 3.50
14. Línur, önglar, net, nætur, pr. 100 kg	— 4.00
15. Smurningsoliur, pr. 100 kg	— 4.00
16. Málning, pr. 100 kg	— 6.00
17. Hreinlætisvörur, pr. 100 kg	— 8.00
18. Kaffi, pr. 100 kg	— 12.00
19. Ávextir, pr. 100 kg	— 8.00
20. Rúðugler, pr. 100 kg	— 12.00
21. Vefnaðarvörur, pr. 100 kg	— 20.00
22. Tóbak, pr. 100 kg	— 40.00
23. Timbur, pr. teningsfet	— 0.60
24. Tómar tunnur, pr. stk.	— 1.20
25. Saltsild, pr. tunnu	— 2.50
26. Aflagjald af síld og öðrum fiski, pr. 100 kg	— 0.80
27. Aðrar vörur, sem reiknast eftir þyngd, pr. 100 kg	— 4.00

Minnsta gjald í hverjum flokki er kr. 2.50.

17. gr.

Viðtakandi greiðir vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, en sendandi af vörum, sem fluttar eru úr höfninni. Vörugjöld falla í gjalddaga áður en viðkomandi skip fer úr höfninni, nema um annað hafi verið samið við hafnarstjórn. Gjalddaga fyrir árgjöld ákveður hafnarstjóri.

Hafnargjöld eru tryggð með lögveði í skipunum og gengur það veð fyrir samningsveðskuldum í tvö ár.

18. gr.

Gjald fyrir vörur þær, sem um getur í 16. gr., greiðir eigandi eða umboðsmaður hans á Mjóafirði, og hefur hafnarsjóður haldsrétt á vörunum þar til gjaldið er greitt.

Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður standa skil á greiðslunni. Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri eða afgreiðslumaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Öll gjöld samkvæmt þessari reglugerð renna í hafnarsjóð Mjóafjarðar.

IX. KAFLI
Ýmis ákvæði.

19. gr.

Um skaðabótaskyldur fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum reglum. Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur, skulu þær ákveðnar af 3 dómkvöddum, óvilhöllum mönnum. Hvorum aðila um sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því, að matsgerð fer fram.

Yfirmat skal framkvæmt af 5 dómkvöddum, óvilhöllum mönnum. Kostnað við yfirmat greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæð verður eigi breytt meira en sem nemur 10% af hinnu ákveðnu endurgjaldsupphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

20. gr.

Enginn, sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni, meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, er hafnarstjóri tekur gilda.

21. gr.

Enginn skipstjóri getur vænt að fá afgreiðslu hjá lögreglustjóra eða umboðsmanni hans, nema hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra, að hann hafi greitt gjöld þau, er innheimtumaður hafnarinnar á að innheimta, svo og sektir og skaðabætur, ef um slíkt er að ræða, er hann á að greiða.

22. gr.

Hverja þá skipun, er samkvæmt reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki á skipi og ekki heldur umboðsmaður hans. Ef stýrimaður eða stýrimenn eru einnig fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt og skipstjóri hefði fengið hana sjálfur.

23. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt að kr. 10 000.00, nema þyngri refsing liggí fyrir samkvæmt lögum.

Sektirnar renna í Hafnarsjóð Mjóafjarðar.

24. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi staðfestist hér með, samkvæmt lögum um hafnargerðir og lendingarbætur, nr. 29 23. apríl 1946, sbr. lög nr. 41 5. apríl 1948, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur niður gjaldskrá fyrir Mjóafjarðarhrepp, nr. 134 30. júní 1950.

Samgöngumálaráðuneytið, 19. apríl 1966.

Eggert G. Þorsteinsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

REGLUGERÐ

um skrifstofu rannsóknastofnana atvinnuveganna.

1. gr.

Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna er sérstök ríkisstofnun, sem heyrir undir atvinnumálaráðuneytið. Verkefni skrifstofunnar er að annast bók-hald og fjárvörzlu fyrir eftirtaldar stofnanir:

Hafrannsóknastofnun,
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins,
Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins,
Rannsóknastofnun iðnaðarins,
Rannsóknastofnun landbúnaðarins og
Rannsóknaráð ríkisins.

Skrifstofunni ber einnig að annast skýrslugerðir og veita aðstoð við undir-búning fjárlagaáætlana eftir því, sem forstjórar framangreindra stofnana óska.

Öðrum verkefnum sinnir skrifstofan eftir ákvörðun atvinnumálaráðuneytisins.

2. gr.

Ráðherra skipar skrifstofustjóra fyrir Skrifstofu rannsóknastofnana atvinnu-veganna að fengnum tillögum forstjóra stofnana þeirra, sem getur í 1. gr. Annað starfsfólk skipar ráðherra að fengnum tillögum skrifstofustjóra.

3. gr.

Skrifstofan hefur sjálfstæðan fjárhag og hefur sem starfsfé það, sem Alþingi ætlar henni hverju sinni í fjárlögum.

4. gr.

Fé því, sem rannsóknastofnunum atvinnuveganna og Rannsóknaráði ríkisins er veitt í fjárlögum skal ávísað um hendur skrifstofunnar. Hún annast innheimtu á þeim kröfum, sem skapast vegna starfsemi hinna einstöku stofnana, allt í samráði við hlutaðeigandi forstjóra.

5. gr.

Skrifstofan heldur spjaldskrá yfir allt starfsfólk hinna ýmsu stofnana og ber að tilkynna henni um leið og ráðning starfsmanns hefur verið ákveðin, hvort heldur er fastráðið eða lausráðið starfsfólk.

6. gr.

Forstjóri stofnunar eða Innkaupastofnunar ríkisins í hans umboði annast á sína ábyrgð innkaup stofnunarinnar. Forstjóri getur veitt skrifstofu rannsóknastofn-anna umboð til að annast slík kaup, ef hentara þykir. Annist skrifstofan ekki slík kaup, ber að gera henni aðvart, þegar stofnað er til skuldbindingar af þessu tagi.

7. gr.

Forstjóri stofnunar ber alla ábyrgð á fjárreiðum stofnunarinnar öðrum en sjóð-vörzlu, og ber skrifstofunni því aðeins að greiða reikninga, að þeir séu áritaðir af forstjóra stofnunarinnar eða öðrum þeim, sem hann hefur gefið til þess umboð.

8. gr.

Skrifstofan skal halda sérstakan sjóðreikning fyrir hverja rannsóknastofnun og einn að auki fyrir sinn eigin rekstur. Verði skrifstofunni falin önnur verkefni, skal halda sérstakan sjóðreikning fyrir þau.

Forstjórar stofnanna skulu fá mánaðarlega reikningsyfirlit, hver yfir stöðu sinnar stofnunar, í því formi, sem þeir ákveða sameiginlega. Upplýsingar um stöðu á sjóðsyfirliti eða aðrar upplýsingar úr bókhaldinu skulu þeir fá eftir því, sem þeir óska hverju sinni.

9. gr.

Starfsfólki Skrifstofu rannsóknastofnana atvinnuveganna er skylt að gæta þagmælsku um atriði, er það fær vitneskju um í starfi sínu, og ber í því tilliti að skoða hverja stofnun sem sjálfstæðan aðila. Upplýsingar úr bókhaldinu skulu einungis gefnar samkvæmt heimild hlutaðeigandi forstjóra.

10. gr.

Skrifstofunni er heimilt að taka að sér þjónustu við rannsóknastofnanir, þótt hún ekki verið talin sameiginleg þeim öllum, enda séu allir forstjórar stofnananna, sem í hlut eiga, því samþykkir og hæfileg greiðsla fyrir þá þjónustu komi til af fjárveitingu hlutaðeigandi stofnunar.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 63. gr., sbr. 59. gr. laga nr. 64 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 22. apríl 1966.

Gylfi Þ. Gíslason.

Gunnlaugur E. Briem.

REGLUGERÐ**um fasteignaskatt í Stykkishólmi.**

Fasteignaskatt í Stykkishólmi skal innheimta með 100% álagi eins og hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964, 5. gr. sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 22. apríl 1966.

Magnús Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

REGLUGERÐ

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Akureyrarkaupstað, nr. 42 11. marz 1964.

1. gr.

23. grein reglugerðarinnar orðist þannig:

- a. Af skipum, sem eru stærri en 10 brúttórúmllestir og eru eign Akureyringa og skrásett þar, skal greiða lestagjald einu sinni á ári kr. 15.00 fyrir hverja rúmllest. Gjaldalagi er 2. janúar.
- b. Innlend fiskiskip skulu greiða lestagjald kr. 1.50 fyrir hverja rúmllest í hvert skipti, er þau koma til hafnarinnar.
Strandferðaskip, sem eru einungis í innanlandssiglingum, skulu greiða kr. 0.50 fyrir hverja rúmllest, þó ekki meira en kr. 10.00 á ári fyrir hverja rúmllest.
- c. Öll önnur skip, sem til hafnar koma, skulu greiða kr. 1.50 fyrir hverja rúmllest í lestagjald. Undanþegin lestagjaldi eru þó herskip, varðskip og björgunarskip, skemmtiferðaskip, rannsóknarskip og skip, sem leita hafnar vegna sjóskemda.

2. gr.

25. grein reglugerðarinnar orðist þannig:

Bryggjugjöld.

- a. Gjald af bryggjum hafnarsjóðs: Hvert skip, stærra en 10 brúttórúmllestir, sem leggst við bryggju eða hafnarbakka eða við skip, sem liggur við bryggju eða hafnarbakka, skal greiða bryggjugjald að brúttórúmllestatölu skipsins, talið í heilum rúmllestum, en brotum skal sleppa. Bryggjugjaldið er kr. 0.60 af brúttórúmllest fyrir hvern sólarhring eða hluta sólarhrings, þó aldrei minna en kr. 75.00 í hvert sinn.
Undanþegin bryggjugjaldi eru björgunar- og varðskip, og herskip.
- b. Gjald af bryggjum einstakra manna: Bryggjueigendur greiða ekkert gjald af sínum eigin fiskiskipum eða öðrum fiskiskipum, meðan þau reka fiskveiðar frá Akureyri og leggja upp á þeirra eigin bryggjur. Flutningaskip og önnur gjaldskyld skip, greiði samkvæmt gjaldskrá hafnarsjóðs $\frac{1}{2}$ bryggjugjald.
Hafnarnefnd er heimilt að lækka gjald, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

3. gr.

26. grein reglugerðarinnar orðist þannig:

Bátar minni en 10 brúttórúmllestir eru undanþegnir lesta- og bryggjugjaldi, en greiða skulu þeir, einu sinni á ári, kr. 450.00 í skipakviargjald. Gjaldalagi þess er 2. janúar ár hvert.

4. gr.

32. grein reglugerðarinnar orðist þannig:

Vörugjaldskrá.

1. flokkur. Gjald kr. 2.10 pr. 100 kg:

Kol, koks, salt, sement, leir, kalk, vörur úr ódýrum steinefnum s. s. legsteinar, hleðslusteinar, gólf- og veggflisar úr steinefnum, vikur.

2. flokkur. Gjald kr. 3.50 pr. 100 kg:
Kornvörur, mjölvörur, garðávextir, fóðurbætir, tilbúinn áburður, sjávarafurðir til útflutnings, landbúnaðarafurðir til útflutnings og iðnaðarvörur til útflutnings.
3. flokkur. Gjald kr. 4.20 pr. 100 kg:
Benzín og oliur, sykur, ull, kjöt, kaffi, kaffibætir og hráefni til þess, feiti og oliur til smjörlikis-, sápu- og málningarframleiðslu, vatnsleiðslu- og miðstöðvarvörur, hreinlætisvörur, gler, óunnið járn, bárujárn og saumur.
4. flokkur. Gjald kr. 14.00 pr. 100 kg:
Hráefni til iðnaðar ótalið annars staðar, útgerðarvörur, vélar og mótorar ót. a., þungavinnuvélar, landbúnaðarvélar og tæki, bifreiðar, bifhjól og hjólhestar og varahlutir til þeirra, tjara, bik, asphalt, byggingarefni ótalið annars staðar, þ. á m. gólfdukar úr línoleum, pappa, plasti og asbesti.
5. flokkur. Gjald kr. 28.00 pr. 100 kg:
Pappírsvörur, nýlendu- og hreinlætisvörur, leirvörur, glervörur og búsáhöld, ávextir, leðurvörur, brauðvörur, gúmmívörur, kálmeti og plöntur, jarðstrengir og vír alls konar og allar aðrar vörur, sem ekki eru annars staðar taldar og gjald er reiknað eftir þyngd.
6. flokkur. Gjald kr. 42.00 pr. 100 kg:
Lyfjavörur, vefnaðarvörur, snyrtivörur, rafmagnsvörur, niðursuðuvörur ótalið annars staðar, kryddvörur, sportvörur, s. s. ljósmyndavörur, áttavítar, klukkur, mælitæki, símatæki, útvarpstæki og upp-tökutæki, leikföng, skot og skotfæri, húsgögn.
7. flokkur. Gjald kr. 56.00 pr. 100 kg:
Tóbaksvörur, tóbak, vín og spiritus, eldspýtur.
8. flokkur. Gjald kr. 28.00 fyrir hvern grip:
 - a. Hestar, nautgripir, svín.
 - b. Sauðfé. Gjald kr. 7.00 fyrir grip.
 - c. Tómar tunnur. Gjald kr. 1.40 fyrir stykki.
 - d. Síld og lýsi í tunnum. Gjald kr. 4.20 fyrir stykki.
 - e. Síld til bræðslu. Gjald kr. 1.00 fyrir mál.
9. flokkur. Gjald kr. 0.75 fyrir teningsfet:
Trjáviður.
10. flokkur. Gjald kr. 1.40 fyrir teningsfet:
Allar aðrar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um hafnargerðir og lend-ingarbætur nr. 29 23. apríl 1946, sbr. lög nr. 41 5. apríl 1948, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 25. apríl 1966.

Eggert G. Þorsteinsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

REGLUGERÐ**um breytingu á hafnarreglugerð nr. 72 31. maí 1961 fyrir Vestmannaeyjahöfn.****1. gr.**

b.-liður 49. greinar reglugerðarinnar fellur niður og breytist stafrófsröð eftirfarandi liða í samræmi við það.

2. gr.

Á eftir 10. flokki í 51. grein reglugerðarinnar kemur nýr flokkur, sem verður 11. flokkur og orðast þannig:
11. flokkur. Gjald kr. 10 fyrir hvert tonn af lönduðum fiski til vinnslu.

Reglugerð þessi staðfestist hér með, samkvæmt lögum um hafnargerðir og lendingarbætur, nr. 29 23. apríl 1946, sbr. lög nr. 41 5. apríl 1948, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 25. apríl 1966.

Eggert G. Þorsteinsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

REGLUGERÐ**um breyting á hafnarreglugerð fyrir Breiðdalsvíkurhöfn, nr. 4 3. janúar 1945, sbr. reglugerð nr. 119 30. júlí 1957.****1. gr.**

8. grein reglugerðarinnar orðist þannig:

Skipa- og bátagjöld skal greiða sem hér segir:

Hvert aðkomuskip, sem hafnar sig og fermir eða affermir, greiðir í hvert skipti af hverri brúttórúmllest kr. 0.60, þó skulu innlend strandferðaskip, sem sigla eftir föstum áætlunum, einungis greiða gjald þetta í fyrsta skipti er þau koma á höfnina á hverju ári.

Heimilisfastir bátar á Breiðdalsvík greiði einu sinni á ári kr. 15.00 af hverri brúttórúmllest.

2. gr.

9. grein reglugerðarinnar orðist þannig:

Vörugjaldskrá.

1. flokkur. Gjald 80 aurar fyrir hver 100 kg:

Kol, salt, sement, stál, stálvörur, nýr fiskur, slægður og óslægður, saltaður fiskur lagður á landi úr fiskiskipum, síld lögð á land til bræðslu, söltunar eða frystingar.

2. flokkur. Gjald 250 aurar fyrir hver 100 kg:

Garðávextir, freðfiskur, verkaður saltfiskur, lýsi, steinsteyptar vörur, freðsíld, alls konar óunnið járn, saumur, eldfastur leir, gólf- og vegg-

flisar, eldfastir steinar, fiskimjöl, sildarmjöl, fóðurmjöl, korn- og mjöl-vörur alls konar, sykur, tilbúinn áburður, múrhúðunarefni, vikursteinn, vikurplötur, þákhellur, eldavélar og tilheyrandi, timbur, ef reiknað er eftir þyngd, kaðlar, asbest, kalk, mör, tólg, fuelolía.

3. flokkur. Gjald 325 aurar fyrir hver 100 kg:
Bárujárnr, kjöt, hreyflar, varahlutir til véla, tjara, bik, arfalt, hvers konar landbúnaðarvélar, fræ, bifreiðar og varahlutir til þeirra, alls konar fiskumbúðir tvistur, skreið, brennsluoliur (aðrar en fuelolía), benzín, vatnsleiðslu- og miðstöðvarrör, hrogn, striga- og kjötumbúðapokar.
4. flokkur. Gjöld 360 aurar fyrir hver 100 kg:
Útgerðarvörur, svo sem línur og línuefni, önglar, net, nætur, kitti, gætur, garnir, gashylki, jurtafeiti, smurningsoliur, ull, ullarballar, akkeri, blý, krossviður, alls konar þilplötur, smjör, smjörlíki, skyr, ostur, mjólk, rjómi, vír, vírnet, þvottapottar með eldstó.
5. flokkur. Gjald 500 aurar fyrir hver 100 kg:
Málning og efni til málningar, lakk, lím, gips, korkvörur, brauðvörur, kex, línoleum, pappír og pappírsvörur, bækur, olíufatnaður, svo og allar vörur ótaldar annars staðar.
6. flokkur. Gjald 75 aurar fyrir hver 10 kg:
Veggfóður, hráefni til iðnaðar, gúmmí og gúmmivörur, siglingatæki og fiskileitartæki, niðursuðuvörur, málmar, aðrir en járn, verkfæri og áhöld, svo sem smíðatól og jarðyrkjuverkfæri o. þ. h., emaleraðar vörur, leirvörur, smávélar, smáiðnaðarvélar, hreinlætisvörur alls konar, glervörur, eldhúsáhöld, unnar kjötvörur, járnkeðjur.
7. flokkur. Gjald 110 aurar fyrir hver 10 kg:
Baðlyf, blikkvörur, bökunarvörur, vörur úr eir, messing og bronse, öl og ölgerðarvörur, gosdrykkir, burstavörur, smá járnvörur, svo sem skrár, lamir, barnavagnar, leður og leðurvörur, lyfjavörur, ávextir þurrkaðir og nýir.
8. flokkur. Gjald 125 aurar hver 10 kg:
Rafmagnsvörur, kryddvörur, ljósmyndavörur, viðtæki, hátalarar, viðtækjaefni, eldspýtur, te, kaffi, kaffibætir, húsgögn, peningaskápar, jólatré, kerrur, hjólbörur, hverfisteinar, rúðugler, segldúkur, prentsverta, kvikmyndafilmur.
9. flokkur. Gjald 200 aurar fyrir hver 10 kg:
Smáhljóðfæri, tónvélar, skrifstofuáhöld, vefnaðarvörur, fatnaður, klukkur, mælar, símaþvörur, sælgætisvörur, kakaóduft, leikföng, sýnishorn, o. þ. h., brýni, rafgeymar, skófatnaður, nema gúmmískófatnaður.
10. flokkur. Gjald 400 aurar fyrir hver 10 kg:
Tóbaksvörur, vín, spíritus, bólstrunarvörur, hárvötn, snyrtivörur, skartgripir, ilmvötn, dúnn, fiður.
11. flokkur. Gjald 50 aurar fyrir hvert tenginsfet:
Timbur og aðrar vörur sem reiknaðar eru eftir rúmmáli.
12. flokkur. Gjald 100 aurar fyrir hvert stykki:
Tómar tunnur.
13. flokkur. Gjald 150 aurar fyrir hvert stykki:
Endursendir öl- og gosdrykkjakassar og aðrar tómar umbúðir.
14. flokkur. Gjald 250 aurar fyrir hverja tunnu:
Saltsild, saltað kjöt.

3. gr.

14. grein reglugerðarinnar orðist þannig:

Hvert skip, sem leggst við bryggju eða að skipi, sem liggur við bryggju lend-ingarsjóðs, skal greiða fyrir það gjald sem hér segir:

- a. Öll aðkomuskip, 15 rúmlestir eða stærri, greiði kr. 0.60 af nettórúmlest.
- b. Aðkomubátar undir 15 rúmlestum greiði kr. 10.00.
- c. Bátar heimilfastir á Breiðdalsvík greiði kr. 5.00 af brúttósmálest á ári, þó aldrei undir kr. 100.00. Bryggjugjald reiknast fyrir hverjar 24 klst. eða brot úr þeim.

4. gr.

18. grein reglugerðarinnar orðist þannig:

Þegar lokið er affermingu eða fermingu, skal farmeigandi eða skipseigandi láta ræsta bryggju eða hafnarbakka sem notuð hafa verið. Farist það fyrir skal hafnarstjóri eða eftirlitsmaður sjá um að það sé gert, en farmeigandi eða skipseigandi greiða allan kostnað, sem af því leiðir.

Þeir sem skemma bryggjur, hafnarmannvirki eða önnur áhöld, eru skyldir til að greiða að fullu kostnað við að lagfæra það.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um hafnargerðir og lend-ingarbætur nr. 29 23. apríl 1946, sbr. lög nr. 41 5. apríl 1948, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 26. apríl 1966.

Eggert G. Þorsteinsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

REGLUGERÐ

fyrir vatnsveitu Patrekshrepps.

1. gr.

Hreppsnefnd Patrekshrepps hefur einkarétt til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á því svæði, er hún nær yfir, og getur fullnægt, svo og á Patrekshöfn.

2. gr.

Hreppsnefnd fer með yfirstjórn vatnsveitunnar. Hreppsnefnd og sveitarstjóri annast öll framkvæmdastörf, er vatnsveituna varðar, svo og viðhald vatnsveitunnar og umsjá alla. Hreppsnefnd skal heimilt að ráða sérstakan umsjónarmann vatnsveitunnar, er hafi eftirlit með vatnsveitukerfinu og annist öll þau störf í þágu vatnsveitunnar, er henta þykir. Hreppsnefnd getur löggilt sérstaka vatnsvirkja til að annast viðhald og viðauka við vatnsveituna í samráði við hreppsnefnd, og er þeim skylt að fara í öllu eftir þeim reglum, er hreppsnefnd setur þar um.

3. gr.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið, og annast sveitarstjóri reikningshaldið, innheimtu og greiðslur. Reikningar vatnsveitunnar skulu endurskoðaðir af endurskoðendum hreppsreikninga og fylgja hreppsreikningum ár hvert.

4. gr.

Hreppsnefnd lætur leggja vatnsæðar svo víða um kauptúnið, sem fært þykir og þörf krefur, svo að húseigendur eigi greiðan aðgang að þeim við veg, götu eða annað almenningssvæði, er lóðir þeirra liggja að eða eru í námunda við.

Vatnsveitan skal sjá um viðhald og endurbætur á stofnæðum hinna eldri vatnsveitna, sem tengdar hafa verið við vatnsæðar vatnsveitu hreppsins.

5. gr.

Hver sá, sem komast vill í samband við vatnsveitu Patrekshrepps, skal senda hreppsnefnd umsókn þar um. Umsóknin skal vera skrifleg og henni skulu fylgja upplýsingar um áætlaða vatnsnotkun og til hvers vatn skuli notað.

6. gr.

Enginn má leggja vatnsæðar frá vatnsæðum vatnsveitunnar, nema að fengnu leyfi hreppsnefndar og eftir fyrirmælum hennar, bæði um efni og tilhögun verksins. Hverjum húseiganda ber að greiða allan kostnað við lagningu vatnsæða frá aðalæð í hús sín og annast viðhald þeirra.

7. gr.

Skylt er hverjum húseiganda, er vatnsæð hefur, að halda vatnsæðum sínum vel við og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim. Hann skal sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í æðunum.

Enginn má eyða vatni að óþörfu.

8. gr.

Hreppsnefnd, umsjónarmanni og löggiltum vatnsvirkjum er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og tæki þau, er sett eru í samband við þær. Ef þeim þykir útbúnaði í einhverju ábótavant, skal tafarlaust bætt úr því á kostnað eiganda.

9. gr.

Heimilt er hreppsnefnd að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að láta gera við bilanir á pípum eða tækjum, eyða vatni að óþörfu eða greiða ekki vatnsskatt á réttum gjalddaga. Fullan vatnsskatt ber einnig að greiða fyrir þann tíma, sem vatnsæðar eru lokaðar af þessum sökum. Hreppsnefnd getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun, sé skortur á vatni. Þá getur hún og lokað fyrir vatnið, þegar þörf krefur, vegna hreinsunar eða annarra framkvæmda við vatnsveituna, enda skal það tilkynnt áður, sé þess nokkur kostur.

10. gr.

Skylt er hverjum manni að láta af hendi land og landafnot í þarfir vatnsveitunnar, svo og mannvirki, ef rök mæla með því, og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmarkanir á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, sé ekki önnur úrlausn fyrir hendi, enda komi fullar bætur fyrir samkvæmt mati, ef ekki næst samkomulag.

11. gr.

Af öllum húsum á vatnsveitusvæðinu, sem metin eru til fasteignamats, og tengd eru vatnsveitu hreppsins, skal greiða vatnsskatt, er nemi $1\frac{1}{2}\%$ af fasteignamatsverði árlega, þó þannig, að lægsta gjald af íbúð skal vera kr. 300.00 — þrjú hundruð krónur. Af gripahúsum, beitingaskúrum og slíkum húsum skal lægsta gjald vera kr. 100.00 — eitt hundruð krónur.

12. gr.

Af húsum þeim, sem nota mikið vatn til annarra þarfa en heimilisnotkunar, svo sem hraðfrystihús, fiskverkunarstöðvar, verksmiðjur, þvottahús, iðnaðarfyrirtæki, gistihús o. s. frv. skal greiða 3% af fasteignamatsverði húsanna, ef vatn er ekki selt eftir mæli skv. 13. gr.

13. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að setja upp vatnsmæla hjá þeim fyrirtækjum eða einstaklingum, sem nota mikið vatn, og skal þá greiða kr. 1.00 fyrir hverja smálest upp að 1000 smálestum, en kr. 0.50 fyrir hverja smálest, sem umfram er.

14. gr.

Sé vatn ekki selt eftir mæli samkvæmt 13. gr., er heimilt að innheimta auka-vatnsskatt svo sem hér segir: Af hverri tunnu uppsaltaðrar sildar kr. 0.75, af hverju máli (sild), sem lagt er upp til bræðslu, kr. 0.30, af hverri smálest af frystum landbúnaðar- og sjávarafurðum, kr. 10.00, af hverri smálest af saltfiski og skreið, kr. 10.00, af hverri kind, sem slátrað er, kr. 0.30, af hverjum stórgrip, sem slátrað er, kr. 0.50.

15. gr.

Ef vatn er selt til skipa, skal söluverð vera kr. 15.00 — fimmtán krónur — fyrir hverja smálest, en minnsta gjald skal þó vera kr. 50.00 — fimmtíu krónur — fyrir fiskiskip, en kr. 100.00 — eitt hundrað krónur — fyrir önnur skip. Þá er hreppsnefnd heimilt að ákveða, að hafnarsjóður Patrekshrepps greiði vatnsveitunni eftir mæli eða ákveðna upphæð á ári í vatnsskatt eftir nánari ákvörðun hreppsnefndar, enda hafi höfnin allar tekjur af vatnssölu þeirri, er fram fer við höfnina, að undanskyldum framleiðslugjöldum sjávarafurða.

16. gr.

Skip, sem vatnsveitan hefur afhent vatn, má ekki, að viðlögðum sektum, fara af höfninni fyrr en vatnið er greitt, nema gjaldfrestur hafi verið veittur.

17. gr.

Af öllum bifreiðum í hreppnum skal greiða vatnsskatt, er nemi kr. 150.00 — eitt hundrað og fimmtíu krónum — af vörubifreiðum, en kr. 100.00 — eitt hundrað krónum — af fólksbifreiðum og smærri bifreiðum.

18. gr.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari getur hreppsnefnd hækkað eða lækkað um allt að 50% — fimmtíu af hundraði —, bæði einstaka liði og í heild, án staðfestingar ráðuneytisins.

19. gr.

Gjaldár vatnsveitunnar er almanaksárið. Gjald dags vatnsskatts er 1. júlí ár hvert og greiðist vatnsskatturinn í einu lagi fyrir liðið ár. Vatnsskattur samkvæmt 14. gr. fellur í gjalddaga um leið og varan er framleidd eða flutt á skipsfjöl til útflutnings.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts, sem má taka lögtaki, og einnig er hann tryggður með lögveði í húseigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsveði fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði, án tillits til eigendaskipta.

20. gr.

Bannað er að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar eða setja hreyfivélar í samband við hana, nema með leyfi hreppsnefndar eða þess aðila, sem hreppsnefnd hefur falið slökkvistarf í kaupþíninu.

21. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að 2000 krónum, nema þyngri refsing liggi við að lögum. Sektarfé rennur í sveitarsjóð. Valdi nokkur skemmdum á vatnsveitukerfinu, skal hann bæta það eftir mati tveggja óvilhallra manna.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Patrekshrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð fyrir vatnsveitu Patrekshrepps, nr. 153 26. ágúst 1953 og breyting á þeirri reglugerð nr. 135/1958.

Félagsmálaráðuneytið, 26. apríl 1966.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

S A M Þ Y K K T

fyrir Veiðifélag Fljótsdalshéraðs.

1. Félagið heitir veiðifélag Fljótsdalshéraðs.

Heimili þess og varnarþing er sama og formanns þess á hverjum tíma.

2. Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Lagarfljóti og Jökulsá og þverám þeirra, en þær eru:

Hjaltastaðahreppur:

Tjarnarland, Stóra Steinsvað, Ekra, Dratthalastaðir, Hóll, Hólshjáleiga, Víðastaðir, Sandur.

Eiðahreppur:

Uppsali, Finnstaðir I, Finnstaðir II, Fossgerði, Mýnes, Breiðavað, Fljótsbakki, Snjóholt, Eiðar, Gröf, Eiðahreppur.

Tunguhreppur:

Blöndugerði, Stóri Bakki, Árbakki, Litli Bakki, Hallfreðarstaðir, Hallfreðarstaðahjáleiga, Hrærekslækur, Galtarstaðir ytri, Galtarstaðir fremri, Húsey, Geirastaðir, Nefbjarnarstaðir, Gunnhildargerði, Kirkjubær, Kleppjárnsstaðir, Brekka, Lindarhóll, Litla Steinsvað, Straumur, Heykollsstaðir, Vífilsstaðir, Vífilsnes, Dagverðargerði, Rangá I, Rangá II, Bót, Flúðir, Skóghlíð, Heiðarsel, Brekkusel, Fremrasel.

Hlíðarhreppur:

Eyjasel, Hólmatunga, Torfastaðir, Árteigur, Hnithbjörg, Fagrahlíð, Hlíðarhús, Sleðbrjótssel, Grófarsel, Másel, Sleðbrjót, Breiðamörk, Surtssstaðir, Hallgeirsstaðir, Hrafnabjörg, Fossvellir.

Fellahreppur:

Egilssel, Staffell, Hafrafell Urriðavatn, Skógargerði, Ekkjufellssel, Ekkjufell, Helgafell, Skipalækur, Hlaðir, Kross, Setberg, Meðalnes, Hreiðarstaðir, Refsmýri, Ormarsstaðir, Miðhúsasel, Ás, Hof, Skeggjastaðir I, Skeggjastaðir II, Skeggjastaðir III, Skeggjastaðir IV, Teigaból, Hrafnsgærði.

Fljótsdalur:

Vallholt, Hrafnkelsstaðir I, Hrafnkelsstaðir II, Viðivellir ytri, Viðivellir fremri, Klúka, Víðivallagerði, Sturluflöt, Þorgerðarstaðir, Arnaldsstaðir, Langhús, Glúmsstaðir I, Glúmsstaðir II, Glúmsstaðasel, Kleif, Egilsstaðir, Hóll, Þuríðarstaðir, Valþjófsstaður I, Valþjófsstaður II, Skriðuklaustur, Hamborg, Bessa-
staðir, Bessastaðagerði, Eyrarland, Litla-Grund, Melar, Brekka, Hjarðarból, Brekkugerði, Brekkugerðishús, Geitagerði, Arnheiðarstaðir, Droplaugarstaðir.

Vallahreppur:

Höfði, Útnyrðingsstaðir, Keldhólar, Ketilsstaðir, Beinárgerði, Eyjólfstaðir, Úlfsstaðir, Gíslastaðagerði, Gíslastaðir, Arnkelsgerði, Grófargerði, Ásgarður, Tunghagi, Sauðhagi I, Sauðhagi II, Hvammur, Víkingsstaðir, Vallanes, Jaðar, Vallaneshjáleiga, Strönd, Gunnlaugsstaðir, Mjóanes, Freyshólar, Hafursá, Hallormsstaður, Buðlungavellir, Vallahreppur, Unalækur, Lundur, Langahlíð, Fletir.

Skriðdalshreppur:

Stóra Sandfell I, Stóra Sandfell II, Litla Sandfell, Eyrarteigur, Hryggstekkur, Arnhólsstaðir, Hallbjarnarstaðir, Víðilækur, Haugar, Vatnsskógar, Borg, Múla-
stekkur, Þingmúli, Hátún, Geitdalur, Þorvaldsstaðir, Flaga, Mýrar, Geirólfsstaðir, Vað, Reynhagi, Hjarðarhlíð, Birkihlíð, Lynghóll.

Egilsstaðahreppur:

Egilsstaðir I, Egilsstaðir II, Kollsstaðir, Kollsstaðagerði, Dalhús, Þuríðar-
staðir, Miðhús, Steinholt, Eyvindará.

Jökuldalshreppur:

Aðalból, Vaðbrekka I, Vaðbrekka II, Klaustursel, Merki, Gaukstaðir, Mæli-
vellir, Skuggahlíð, Hnefilsdalur, Smáragrund, Skeggjastaðir, Refshöfði, Teigasel, Gil, Hauksstaðir, Hvanná, Hofteigur, Hjarðargrund, Hjarðahagi, Skjöldólfs-
staðir I, Skjöldólfsstaðir II, Gílsá, Arnórsstaðir, Hákonarstaðir, Breiðilækur, Grund, Eiríksstaðir I, Eiríksstaðir II, Brú.

3. Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu, og leigja það til stangarveiði. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.
4. Stjórn félagsins skipa þrjú menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helzt svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félags-
maður getur skorazt undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoð-
endur til tveggja ára í senn þannig, að annar varamaðurinn og annar endur-
skoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.
5. Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt. Ákvæði þessarar málsgreinar tekur ekki gildi fyrr en kemur til leigu á vatnasvæðinu.

6. Aðalfund skal halda í marz—apríl mánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.
7. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikninga í gerðabók, sem henni er skylt að halda svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.
8. Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.
9. Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVII. kafla laga nr. 53/1957, um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 28. apríl 1966.

Ingólfur Jónsson.

Jón L. Arnalds.

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Grundarfjörð, nr. 106 27. júlí 1962.

1. gr.

VII. kafli orðist þannig:

Hafnargjöld.

30. gr.

Öll skip, sem koma til Grundarfjarðar og hafa samband við land, skulu greiða hafnargjald sem hér segir:

- a. Skip og bátar, sem eru eign manna, búsettra í Grundarfirði eða eru gerðir út þaðan, að minnsta kosti um tveggja mánaða tíma, skulu greiða hafnargjald einu sinni á ári kr. 20.00 af hverri brúttórúmllest.
- b. Fiskiskip og strandferðaskip, sem eru í innanlandssiglingu, greiði kr. 2.00 af hverri brúttórúmllest, en þó ekki meira en kr. 10.00 á ári af hverri brúttórúmllest skipsins.
- c. Öll önnur skip, sem til hafnarinnar koma, nema þau sem undanþágu njóta skv. 33. grein, skulu greiða kr. 1.50 af hverri brúttórúmllest.

31. gr.

Undanþegin hafnargjaldi eru herskip, varðskip, björgunarskip, skemmtiskip og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna. Einnig skip, sem leita hafnar vegna óveðurs, sjóskaða eða skemmda á einhvern hátt, nema þau fermi eða af-

fermi einhverjar vörur. Sama gildir og um skip, sem leita hafnarinnar til að setja á land sjúka eða látna menn.

Röð eftirfarandi greina reglugerðarinnar breytist í samræmi við framangreinda breytingu reglugerðarinnar.

2. gr.

37. gr. reglugerðarinnar, sem verður 35. gr., orðist þannig:

35. gr.

Vörugjaldskrá.

1. flokkur. Gjald kr. 2.50 fyrir hver 100 kg:
Fiskur upp úr sjó, kol, salt, sement, áburður, fóðurvörur.
2. flokkur. Gjald kr. 4.00 fyrir hver 100 kg:
Frystur fiskur, saltfiskur, fiskimjöl, lýsi.
3. flokkur. Gjald kr. 4.50 fyrir hver 100 kg:
Oliur, benzín, veiðarfæri, fiskumbúðir, skreið og aðrar sjávarafurðir, sem ekki eru taldar annars staðar, landbúnaðarvörur.
4. flokkur. Gjald kr. 5.00 fyrir hver 100 kg:
Kornvara, garðávextir og önnur sekkjavara, sem ekki er talin annars staðar, byggingarvörur, vélar og vélahlutir.
5. flokkur. Gjald kr. 10.00 fyrir hver 100 kg:
Kaffi, smjörlíki, brauðvörur, ávextir og aðrar matvörur, sem ekki eru taldar annars staðar, búsaðhold og pappírsvörur, vefnaðarvara, skófatnaður, öl, tóbak, sælgæti, svo og aðrar vörur, sem ekki teljast til annarra flokka gjaldskrárinnar.
6. flokkur. Gjald kr. 4.50 fyrir hverja tunnu af saltsíld, gotu og öðrum sjávarafurðum.
7. flokkur. Gjald kr. 1.50 fyrir hverja tóma tunnu.
8. flokkur. Gjald kr. 1.20 fyrir hvert teningsfet af trjáviði og alls konar timburvörum, svo og öllum öðrum vörum, sem reiknuð er eftir rúmmáli í flutningi.

3. gr.

38. gr. reglugerðarinnar, sem verður 36 gr., orðist þannig:

36. gr.

Verbúðir.

Leiga fyrir verbúðir hafnarinnar í Grafarnesi, Grundarfirði, skal vera sem hér segir:

- a. Fyrir leigu á beitingarúmi og bjóðageymslu kr. 1200.00 á mánuði og leiga fyrir veiðarfærageymslu í risi kr. 1000.00 á mánuði, hvort tveggja miðað við ársleigu, en sé leigt til styttri tíma, má leigja allt að 50% hærra.
- b. Leiga á íbúðarherbergi skal vera kr. 600.00 á mánuði, og leiga á borðstofu, eldhúsi og þvottahúsi skal vera kr. 1500.00 á mánuði.
- c. Leigutaki greiði sjálfur rafmagn og upphitun á leiguhúsnaði sínu.
- d. Húsaleigu skal greiða fyrirfram mánaðarlega og skal fyrsti gjalddagi vera 2. janúar ár hvert.
- e. Réttur til innheimtu á húsaleigu á verðbúðum er sami og á öðrum hafnar-gjöldum, og hefur höfnin rétt til þess að kyrrsetja báta og afla þeirra til greiðslu á húsaleigu, upphitun og rafmagni og einnig viðgerðarkostnaði, sem leigjandi telst eiga að greiða.

- f. Öllum skemmdum, sem kunna að verða á verbúðunum, eða íbúðum, ber leigutaki fulla ábyrgð á og skal hann bæta þær að fullu. Fulltrúi frá hreppsnefnd og hafnarnefnd skal fylgjast með ástandi hússins og ganga eftir að gert sé við skemmdir eða láta gera við skemmdir á kostnað leigutaka.
- g. Leigusamningi skal segja upp með þriggja mánaða fyrirvara sé um ársleigu að ræða. Leigutaki fyrirgerir rétti sínum í til leigu á verbúðunum, ef hann sýnir hirðuleysi og vanrækslu í sambandi við umgengni verbúðanna svo og fyrir ítrekaða vangreiðslu á leigu- og rekstrarkostnaði.
- h. Hafnarnefnd og hreppsnefnd skulu auglýsa verbúðirnar til leigu. Leigusamningar taka gildi, þegar hreppsnefnd hefur samþykkt þá. Leigutaka er óheimilt að framleigja verbúðirnar, nema með samþykki hreppsnefndar.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um hafnargerðir og lendingarbætur, nr. 29 23. apríl 1946, sbr. lög nr. 41 5. apríl 1948, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 25. apríl 1966.

Eggert G. Þorsteinsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

S A M Þ Y K K T

um breytingu á samþykkt um sýsluvegasjóð Árnassýslu, nr. 236 6. október 1964.

1. gr.

Í skrá yfir sýsluvegi í 2. grein komi til viðbótar:

Stökkseyrarhreppur:

Tóttavegur af Holtsvegi að Tóttum.

Sandvíkurhreppur:

Bjarkarvegur af Eyrarbakkavegi að Björk.

Gnúpverjahreppur:

Stóru-Mástunguvegur af Mástunguvegi hjá Stóru-Mástungu I á Mástunguveg hjá Stóru-Mástungu II.

Biskupstungnahreppur:

Bergsstaðavegur af Bræðratunguvegi að Bergsstöðum.
Götur í Laugarási.

Ölfushreppur:

Barmahlíðarvegur frá Hótel Hveragerði að Reykjakoti með álmu að Gufudal. Sýsluvegir í Selfosshreppi, Eyrarbakkahreppi og Hveragerðishreppi falla niður.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Árnassýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt 19. gr. vegalaga nr. 71 30. desember 1963, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 4. maí 1966.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

4. maí 1966.

Nr. 134.

S A M Þ Y K K T

**um breytingu á samþykkt fyrir sýsluvegasjóð Austur-Skaftafellssýslu,
nr. 240 28. október 1964.**

1. gr.

2. grein samþykktarinnar orðist þannig:
Sýsluvegir eru:

Bæjarhreppur:

1. Þórisdalsvegur:
Af Austurlandsvegi að Þórisdal.
2. Efrifjarðarvegur:
Af Austurlandsvegi að Efra-Firði.
3. Syðrifjarðarvegur:
Af Austurlandsvegi að Syðra-Firði.

Nesjahreppur:

1. Þinganesvegur:
Af Austurlandsvegi að Þinganesi.
2. Sauðanesvegur:
Af Þinganesvegi að Sauðanesi.
3. Dilksnesvegur:
Af Hafnarvegi að Dilksnesi.
4. Meðalfellsvegur:
Af Austurlandsvegi að Meðalfelli.
5. Réttarvegur:
Af Meðalfellsvegi að Skilarétt.
6. Fornustekkevur:
Af Austurlandsvegi að Fornustekkum.
7. Austurhólsvegur:
Af Austurlandsvegi að Austurhól.
8. Stapavegur:
Af Austurlandsvegi að Stapa.
9. Lindarbakkavegur:
Af Austurlandsvegi að Lindarbakka.
10. Setbergsvetur:
Af Austurlandsvegi að Setbergi.
11. Miðfellsvegur:
Af Hoffellsvegi að Miðfelli.
12. Svínafellsvegur:
Af Austurlandsvegi að Svínafelli.

Mýrahreppur:

1. Holtaselsvegur:
Af Rauðabergsvegi að Holtaseli.
2. Stórabólsvegur:
Af Austurlandsvegi að Stórabóli.
3. Digurholtsvegur:
Af Austurlandsvegi að Digurholti.
4. Einhóltsvegur:
Af Austurlandsvegi að Einholti.
5. Hólmsvegur:
Af Austurlandsvegi að Hólmi.
6. Borgarvegur:
Af Austurlandsvegi að Nýpugörðum.

Borgarhafnarhreppur:

1. Smyrlabjargavegur:
Af Austurlandsvegi að Smyrlabjörgum.
2. Borgarhafnarvegur:
Af Austurlandsvegi að Borgarhöfn.
3. Brunnavegur:
Af Austurlandsvegi að Brunnum.
4. Leitisvegur:
Af Austurlandsvegi að Leiti.
5. Kálfafellsvegur:
Af Austurlandsvegi að Kálfafelli.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Austur-Skaftafellssýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt 19. gr. vegalaga nr. 71 30. desember 1963, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 4. maí 1966.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

Nr. 135.

4. maí 1966.

S A M Þ Y K K T

um breytingu á samþykkt fyrir sýsluvegasjóð Vestur-Skaftafellssýlu,
nr. 241 26. október 1964.

1. gr.

Í skrá yfir sýsluvegi í 2. grein komi til viðbótar:

Hvammshreppur:

1. Víkurkirkjuvegur:
Af Norður-Víkurvegi að Víkurkirkju.
2. Hvammsárvegur:
Af Þórisholtsvegi að Hvamsá.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt 19. gr. vegalaga nr. 71 30. desember 1963, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 4. maí 1966.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

S A M Þ Y K K T

**um breytingu á samþykkt um sýsluvegasjóð í Rangárvallasýslu,
nr. 239 26. október 1964.**

1. gr.

Í skrá yfir sýsluvegi í 2. gr. komi til viðbótar:

Í Austur-Landeyjahreppi:

Strandavegur:

Af Landeyjavegi syðri um Strönd að Strandarhjáleigu.

Í Vestur-Eyjafjallahreppi:

Miðdalsvegur:

Af Þjóðvegi að Stóra-Dal að Miðdal.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Rangárvallasýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt 19. gr. vegalaga nr. 71 30. desember 1963, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 4. maí 1966.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

S T A R F S R E G L U R

fyrir endurkröfunefnd samkvæmt 76. gr. umferðarlaga nr. 26 2. maí 1958.

1. gr.

Samkvæmt 76. gr. umferðarlaga nr. 26 2. maí 1958 skal starfa nefnd til að kveða á um, hvort endurkröfurettindi skuli beitt gegn þeim, sem talinn er eiga sök á tjóni, sem váttryggingafélög hafa bætt vegna lögboðinna ábyrgðartrygginga ökutækja.

2. gr.

Dómsmálaráðherra skipar einn mann í nefndina, og er hann formaður hennar. Vátryggingarfélag þau, sem fengið hafa viðurkenningu samkvæmt 7. gr. umferðarlaganna, skulu hvert nefna einn mann í nefndina.

Félag íslenzkra bifreiðaeigenda (F.Í.B.) skal og tilnefna einn mann í nefndina. Ef sá, er krafa beinist gegn, er félagsmaður í öðru félagi bifreiðaeigenda en F.Í.B., tilnefnir það félag fulltrúa í nefndina, er tekur þátt í meðferð þess máls. Nú tilnefnir það félag ekki mann eða viðkomandi er ekki í neinu félagi bifreiðaeigenda og tekur fulltrúi F.Í.B. þá þátt í meðferð málsins.

3. gr.

Í meðferð hvers máls taka þátt formaður nefndarinnar, fulltrúi bifreiðaeigenda í nefndinni, sbr. 2. gr., og fulltrúi frá því vátryggingarfélagi, sem hlut á að því máli, sem til meðferðar er.

4. gr.

Nefndin skal fá aðgang að öllum þeim gögnum, sem vátryggingafélag hafa reist á bótagreiðslur sínar samkvæmt umferðarlögunum.

Nefndin skal taka til meðferðar sérhvert það mál, þar sem fyrir liggur skýrsla lögreglu eða dómara um atburð, sem varð tilefni tjóns. Þegar grundvöllur bótagreiðslu er eingöngu skýrsla tjónvalds sjálfs, skal nefndin taka það mál til meðferðar, ef viðkomandi vátryggingafélag óskar eftir, svo og ef nefndinni þykir sérstök ástæða til. Nefndin skal þó öðru hvoru framkvæma athuganir á tjónagreiðslum vátryggingafélaga, sem grundvallast á skýrslum tjónvalda.

5. gr.

Nú hefur slys eða tjón orðið af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi, og á þá vátryggingafélag endurkröfurétt á hendur þeim, sem því hefur valdið.

Nefndin skal kveða á um, hvort endurkröfurétti skuli beitt. Nefndin getur takmarkað endurkröfu við hluta tjóns, og skal við slíkt mat hafa hliðsjón af sök tjónvalds, efnahag hans, fjárhæð tjóns og öðrum atvikum.

6. gr.

Þegar nefndin hefur ákveðið, að endurkröfurétti skuli beitt, skal hún hafa eftirlit með því, að þeim fyrirmælum sé fylgt, enda verði mál látið ganga til dómstóla, ef sá, sem endurkrafa beinist gegn, neitar að greiða endurkröfu.

7. gr.

Nefndin skal halda sérstaka gerðabók, þar sem skráð skal stutt skýrsla um fundi nefndarinnar. Þar skal þess getið, hvar og hvenær fundir séu haldnir, hverjir séu viðstaddir, svo og hver sé niðurstaða nefndarinnar í hverju máli, sem hún tekur til meðferðar.

Nefndinni er heimilt að ráða sér aðstoðarlið, er undirbúi mál fyrir fundi nefndarinnar og annist önnur störf fyrir nefndina á hennar ábyrgð.

8. gr.

Allan kostnað af störfum nefndarinnar greiða vátryggingafélögin. Þóknun til formanns og fulltrúa bifreiðaeigenda greiðist eftir ákvörðun dómsmálaráðuneytisins. Kostnaður þessi skal skiptast á milli vátryggingarfélaganna í hlutfalli við tekjur þeirra að iðgjaldagreiðslum vegna lögboðinna ábyrgðartrygginga ökutækja. Vátryggingafélögin greiða hvert um sig kostnað vegna þátttöku síns fulltrúa í nefndinni.

Ákvæði til bráðabirgða.

Tjón, sem orðið hafa fyrir 1. janúar 1966, tekur nefndin því aðeins til meðferðar, að fram komi óskir frá váttryggingafélögum um einstök tjón, eða ef sérstök ástæða þykir að öðru leyti til.

Starfsreglur þessar, sem settar eru samkvæmt 76. gr. umferðarlaga nr. 26 2. maí 1958, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 17. maí 1966.

Jóhann Hafstein.

Ólafur W. Stefánsson.

17. maí 1966.

Nr. 138.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 112 12. ágúst 1949, um breyting á reglugerð nr. 72 24. júní 1937, um gerð og notkun bifreiða.

1. gr.

Við 1. tölulið 1. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. skal heimilt að nota hvítt endurskinsefni á stafi og rönd skráningamerkja á bifreiðum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í umferðarlögum nr. 26 2. maí 1958, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 17. maí 1966.

Jóhann Hafstein.

Ólafur W. Stefánsson.

17. maí 1966.

Nr. 139.

SAMÞYKKT

um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Suður-Múlasýslu, nr. 162 30. september 1941, sbr. breytingu nr. 37 18. febrúar 1963.

1. gr.

Aftan við 50. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Hreppsnefndum er þó heimilt að leyfa yngri unglíngum aðgang að einstökum tilteknum samkomum, sem haldnar eru innan hreppsins, enda mæli barnaverndarnefnd með því hverju sinni. Undanþága þessi nær aðeins til unglínginga innan viðkomandi hrepps.

2. gr.

Á eftir 4. málsg. 81. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Hreppsnefndum er þó heimilt að leyfa yngri unglíngum aðgang að einstökum tilteknum samkomum, sem haldnar eru innan hreppsins, enda mæli barnaverndarnefnd

nefnd með því hverju sinni. Undanþága þessi nær aðeins til unglunga innan viðkomandi hrepps.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Suður-Múlasýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 107 8. maí 1935, um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 17. maí 1966.

Jóhann Hafstein.

Ólafur. W. Stefánsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Stefáns skólameistara Stefánssonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 27. maí 1966.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Minningarsjóðs Stefáns Stefánssonar skólameistara,

er fæddist 1. ágúst 1863 og andaðist 20. janúar 1921 og var skólameistari Gagnfræðaskólans á Akureyri árin 1908—1921.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minningarsjóður Stefáns skólameistara Stefánssonar.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 29. maí 1965 með gjafabréfi gagnfræðinga frá Akureyrar-skóla, er útskrifuðust þaðan þennan dag árið 1915. Var gjafabréfið afhent Menntaskólanum á Akureyri við skólaslit 17. júní 1965, ásamt framlagi frá dóttur Stefáns, frú Huldu skólastýru á Blönduósi, sonardætrum Stefáns, þeim Helgu og Huldu Valtýsdætrum í Reykjavík og loforði um framlag úr Menningarsjóði K.E.A. á Akureyri, — alls samtals eitt hundrað þúsund krónur.

3. gr.

Hlutverk sjóðsins er að efla áhuga nemenda Menntaskólans á Akureyri á náttúrufræðum með því að styrkja þá til framhaldsnáms og rannsókna í þeim vísindum, svo og með því að veita nemendum í efstu bekkjum skólans styrk til náttúru-rannsókna í sumarleyfi.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir eða annar arður af höfuðstól hans. Skal auk þess kappkosta, með ýmsum fjáröflunarleiðum, að auka tekjur sjóðsins og stækka höfuðstól hans, svo fastar árstekjur verði sem mestar.

Gjafir til sjóðsins má ekki nota sem árlegan eyðslueyri, nema gefandi taki það sérstaklega fram, — heldur skulu þær, hverju sinni, lagðar óskertar við höfuðstól sjóðsins.

Fé sjóðsins skal ávaxta í banka með ríkisábyrgð, eða í fulltryggðum verðbréfum og öðrum eignum, er sjóðsstjórnin metur jafn öruggar.

5. gr.

Eigi má byrja að veita styrk úr sjóðnum fyrr en höfuðstóll hans er orðinn þrjú hundruð þúsund krónur. Má ekki veita úr sjóðnum meira fé árlega, en sem nemur $\frac{1}{4}$ árlegra tekna hans, samkvæmt 4. grein.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum: skólameistara Menntaskólans á Akureyri, er jafnframt sé formaður sjóðsstjórnar, aðal-náttúrufræðikennara skólans og manni, er afkomendur Stefáns skólameistara tilnefna til þriggja ára. Dragist, af einhverjum ástæðum, að tilnefna nýjan stjórnarmann í stað þess er úr stjórn á að ganga, skal hann gegna stjórnarstörfum áfram, þar til afkomendur Stefáns skólameistara hafa, með bréfi til formanns sjóðsstjórnar, tilnefnt nýjan mann í hans stað.

Stjórnin vinnur starf sitt kauplaust.

7. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af sömu mönnum og aðrir sjóðs-reikningar Menntaskólans á Akureyri og birtir í hinni árlegu skólaskýrslu.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Fyrir hönd stofnendanna,

Freymóður Jóhannsson. Ingólfur Þorvaldsson. Guðm. Jóhannesson.

S A M Þ Y K K T

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Vestmannaeyjar, nr. 41 31. marz 1928.

1. gr.

Í stað „18 kílómetrar“ í 49. gr. komi: 35 kílómetrar.

Aftan við 49. gr. komi nýtt ákvæði, svo hljóðandi: Stöðva má ökutæki allt að 5 metra frá götuhorni innanbæjar, miðað við húslínu.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890 sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919, um lög-reglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 17. maí 1966.

Jóhann Hafstein.

Ólafur W. Stefánsson.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir Rafveitu Siglufjarðar, nr. 165 9. ágúst 1965.

Töluliðir 1, 2, 3 og upphaf 5. liðar í I. kafla gjaldskrárinnar orðist svo:

1. Lýsing.

- 1.1 Um kwst.mæli á 580 aura hverja kwst.
- 1.2 Um kwst.mæli á 290 aura hverja kwst., auk fastagjalds af gólfleti í rúmi því, er lýsa skal, og reiknast fastagjald þannig:
 - a) fyrir verzlaniir, vinnustofur, skrifstofur 170 aura á m² á mánuði,
 - b) fyrir geymslur, ganga, verbúðir 85 aura á m² á mánuði.

2. Almenn heimilisnotkun.

- 2.1 Um kwst.mæli á 130 aura hverja kwst., auk fastagjalds af gólfleti, er nemi 85 aurum af m² af gólfleti íbúðarinnar. Við ákvörðun á gólfleti íbúðar reiknast öll íveruherbergi, eldhús, gangar og baðherbergi, en ekki geymslur og þvottahús. Íveruherbergi, sem um stundarsakir standa auð, eða eru notuð sem geymslur, skal reikna sem íbúðarherbergi. Tekið skal tillit til, ef um súðarherbergi eða þ. u. l. er að ræða.
- 2.2 Til heimila, sjúkrahúsa, skóla, gisti- og veitingahúsa má selja raforku til suðu á 150 aura hverja kwst., enda séu suðutæki fasttengd og öll önnur notkun seld eftir liðum 11 eða 12.

3. Vélanotkun.

- 3.1 Um kwst.mæli á 2.90 aura hverja kwst.
- 3.2 Um afl- og orkumæla (mesta aflsmæla) þannig reiknað:
 - 3.21 Aflgjald: Kr. 1360.00 á kw. á ári.
 - 3.22 Orkugjald: 45 aurar á kwst. af allri notkun.
- 3.3 Ef um mikla orkunotkun er að ræða, svo sem til frystihúsa, og kaupandinn skuldbindur sig að kaupa 20 000 kwst. á ári hið minnsta, má selja orkuna um kwst.mæli þannig:
 - Fyrir fyrstu 20 000 kwst. ársnotkun 150 aura á kwst.
 - Fyrir næstu 30 000 kwst. ársnotkun 120 aura á kwst.
 - Fyrir næstu 50 000 kwst. ársnotkun 100 aura á kwst.
 - Fyrir umfram 100 000 kwst. ársnotkun 90 aura á kwst.

5. Önnur raforkunotkun.

- 5.1 Til nota um vinnulagnir við byggingar meðan á byggingu stendur um kwst.mæli á 290 aura hverja kwst.
- 5.2 Til götu- og hafnarlýsingar um kwst.mæli á 210 aura hverja kwst.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júlí 1923 og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 31. maí 1966.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

1. gr.

Póst- og símamálastjórn hefur með höndum yfirumsjón og eftirlit með fólksflutningum með bifreiðum, er sérleyfi, undanþágu eða réttindi til hópferðaaksturs þarf fyrir, í umboði samgöngumálaráðuneytisins, og annast útgáfu réttindaskirteina fyrir greindum akstri.

Skirteinin skulu undirrituð af samgöngumálaráðherra og meðundirrituð af póst- og símamálastjóra, eða í umboði þessara aðila.

2. gr.

Peir aðilar, sem öðlast réttindi til hópferðaaksturs, skulu greiða sérstakt hópferðaréttindagjald.

Upphæð gjaldsins skal vera krónur 500.00 — fimm hundruð krónur — á ári fyrir hvert sæti þeirra bifreiða, er hópferðaréttindin eru veitt fyrir, í bifreiðum frá 9—19 farþega. Krónur 10 000.00 — tíu þúsund kónur — á ári eða hluta úr ári fyrir hverja bifreið frá 20—30 farþega. Krónur 11 000.00 — ellefu þúsund krónur — á ári eða hluta úr ári fyrir hverja bifreið 31—40 farþega og krónur 12 000.00 — tólf þúsund krónur — á ári eða hluta úr ári fyrir hverja bifreið frá 41 til 60 farþega.

Hópferðaréttindagjaldið greiðist fyrirfram við móttöku hópferðaréttindaskirteinis.

3. gr.

Óheimilt er að aka hópferðir, ferðir á héraðsmót, fjölsóttar skemmtanir o. þ. l. með stærri bifreiðum en svo, að þær rúmi 8 farþega, nema hafa til þess sérstakt hópferðaleyfi fyrir hverri einstakri ferð.

Undanþegnar hópferðaleyfis skyldu eru hópferðir, ferðir á héraðsmót eða almennar skemmtanir innan hvers lögsagnarumdæmis. Bæjarfélög skulu í þessu sambandi teljast til þess lögsagnarumdæmis, sem næst þeim er.

Hópferðaleyfi má veita öllum sérleyfishöfum, svo og þeim öðrum, er hlotið hafa réttindi til hópferðaaksturs. Póst- og símamálastjórn annast útgáfu hópferðaleyfa í umboði samgöngumálaráðherra, og ákveður gjaldskrá fyrir hópferðaakstur, að fengnum tillögum skipulagsnefndar fólksflutninga.

Hópferðaleyfi skal miðað við ákveðna ferð á ákveðinni leið.

Binda má leyfið við notkun ákveðinnar bifreiðar á ákveðinni leið.

Óheimilt er að auglýsa hópferðir eða sætaferðir nema að hafa til þess sérstakt leyfi frá póst- og símamálastjórn.

Í auglýstum hópferðum, þegar seld eru einstök sæti, er heimilt að nota farseðla, sem póst- og símamálastjórnin gefur út til notkunar í slíkum ferðum, og gilda farseðlarnir þá jafnframt sem hópferðaleyfi.

4. gr.

Í hópferðaakstri er skylt að hafa jafnan hópferðaleyfi með í bifreiðinni eða farseðla frá póst- og símamálastjórninni, sem jafnframt gilda sem hópferðaleyfi, sbr. 3. gr. Er skylt að sýna þau eftirlitsmönnum, ef þeir óska þess.

5. gr.

Sérleyfi til fólksflutninga skal miðast við ákveðnar leiðir. Í hverju sérleyfi skulu vera ákvæði um ferðatilhögun og fargjöld á sérleyfisleiðinni, svo og um póst-

flutninga. Sömuleiðis ákvæði er skylda sérleyfishafa til að halda uppi flutningum á leiðinni, svo lengi sem póst- og símamálastjórnin telur nauðsynlegt, og tíð leyfir og vegir teljast færir að álitu vegamálastjóra.

Nú er nokkur hluti sérleyfisleiðar ófær bifreiðum og er þá sérleyfishafi skyldur til að leita álitu póst- og símamálastjórnar, hvort halda skulu uppi flutningum á þeim hlutum leiðar, sem er fær bifreiðum. Sérleyfishafa er óheimilt að leggja niður eða fækka ferðum á sérleyfisleið án þess að hafa fengið til þess samþykki póst- og símamálastjórnar.

Sérleyfi skal óframseljanlegt.

6. gr.

Póst- og símamálastjórn annast innheimtu sérleyfisgjalds af sérleyfisundanþágu og hópferðum eða leyfðum sætaferðum.

Sérleyfisgjaldið greiðist fyrirfram við móttöku farseðla eða hópferðaleyfa eða við kassauppgjör úr farseðlavélum, sem samþykktar eru af póst- og símamálastjórn.

7. gr.

Nú er veitt sérleyfi fyrir ákveðna leið, og má þá enginn annar en sá, er síkt sérleyfi hefur fengið, halda uppi fólksflutningum á leiðinni eða kafla úr henni eftir föstum áætlunum, nema hafa til þess undanþágu frá ráðherra samkvæmt 1. gr. þessarar reglugerðar.

Áður en veitt er sérleyfi eða undanþága skal leita umsagnar skipulagsnefndar fólksflutninga um málið.

8. gr.

Póst- og símamálastjórnin setur, að fengnum tillögum skipulagsnefndar fólksflutninga og sérleyfishafa, ferðaáætlun og gjaldskrá á sérleyfisleiðum.

Við ákvörðun ferðaáætlana og gjaldskrár skal hafa hliðsjón af rökstuddum upplýsingum og tillögum frá sérleyfishöfum. Sérleyfishafi er skyldur til að fylgja áætlun um burtfarar- og komutíma, svo og gjaldskrá, er póst- og símamálastjórnin setur. Óski sérleyfishafi eftir breytingu á ferðaáætlun eða gjaldskrá, skal hann senda póst- og símamálastjórninni skriflega beiðni um það, og ákveður hún, hvort gera skuli slíka breytingu. Póst- og símamálastjórnin getur hvenær sem er, ef sérstök ástæða er til, breytt ferðaáætlun og gjaldskrá, en leita skal þó áður álitu viðkomandi sérleyfishafa. Ef flutningum seinkar eða ferðir falla niður af óviðráðanlegum ástæðum, skal sérleyfishafi þegar í stað tilkynna það póst- og símamálastjórninni og tilgreina ástæður.

Nú vill sérleyfishafi ekki hlíta ákvörðun póst- og símamálastjórnar um ferðaáætlun eða gjaldskrá, og sker þá ráðherra úr, en leita skal þó áður álitu skipulagsnefndar fólksflutninga. Skyldur er sérleyfishafi til að hlíta ákvörðun póst- og símamálastjórnar, þar til ráðherra hefur skorið úr.

9. gr.

Sérleyfishafi er skyldur til að fullnægja flutningsþörfinni á þeirri leið, sem hann hefur sérleyfi á, eftir því sem tekið er fram í sérleyfi hans. Þar sem fleirum en einum er veitt sérleyfi til fólksflutninga á einhverri leið, má ákveða, að einn þeirra eða fleiri séu aðalsérleyfishafi, og ber hann eða þeir ábyrgð á, að flutningsþörfinni sé fullnægt, en hinir hafa aðeins þann takmarkaða rétt til ferða, sem ákveðinn er í sérleyfinu.

Farþegar skulu skyldir til að panta farseðla með minnst eins klukkutíma fyrirvara áður en áætlunarferð sérleyfisbifreiðar hefst, þegar um 40—100 km ferð er að ræða. En með þriggja klst. fyrirvara sé um lengri ferðir en 100 km að ræða. Hefjist

slíkar ferðir fyrir kl. 11 árdegis, skal farþegum skylt að panta farseðla ekki seinna en kl. 7 kvöldið áður.

Hverjum farþega er heimilt að hafa í fari sínu, án sérstakrar greiðslu, farangur er nemi allt að 20 kg að þyngd.

Sérleyfishafi er ekki skyldur að leggja til aukabifreið fyrir færri en 5 farþega á lengri leiðum en 100 km vegalengd.

10. gr.

Sérleyfishafi skal á aðalviðkomu- og endastöðum, svo og í sérleyfisbifreiðunum, birta ferðaáætlun og gjaldskrá með auglýsingum á hentugum stöðum.

11. gr.

Skylt skal sérleyfishöfum og þeim, er fá undanþágu ráðherra til fólksflutninga-aksturs, að afhenda öllum farþegum tölusetta farseðla, er gerðir séu eftir fyrirsögn og undir eftirliti póst- og símamálastjórnarinnar. Farseðlar séu afhentir eigi síðar en um leið og farþegar stíga í bifreiðina. Skylt er farþegum að geyma farseðlana meðan á ferð stendur og sýna þá eftirlitsmönnum, sé þess krafizt. Sérleyfishafi er skyldur til að láta póst- og símamálastjórninni í té allar upplýsingar um tölu farþega, fjölda ferða, rekstrarreikninga og annað, er máli skiptir varðandi sérleyfisaksturinn, eftir fyrirmælum póst- og símamálastjórnarinnar á hverjum tíma.

12. gr.

Sérleyfishafa er skylt að flytja póst samkv. reglum og gjaldskrá, er ráðherra setur, að fengnum tillögum póst- og símamálastjórnarinnar og skipulagsnefndar fólksflutninga. Er reglur eru settar og gjaldskrá samin, skal að svo miklu leyti sem við verður komið, hafa hliðsjón af rökstuddum upplýsingum frá sérleyfishöfum.

13. gr.

Skylt er sérleyfishafa, ef bifreið hans bilar eða verður ónothæf, að útvega aðra í hennar stað, sem póst- og símamálastjórnin tekur gilda.

14. gr.

Skylt er sérleyfishafa og hópferðaréttindahafa að kaupa og halda við tryggingum fyrir bifreiðar sínar samkv. ákvæðum laga. Nær tryggingarskyldan einnig til bifreiða, sem skrásettar eru til vöruflutninga, en notaðar eru endrum og sinnum til fólksflutninga.

Sérleyfishafi og hópferðaréttindahafi, bifreiðastjórar þeirra og afgreiðslumenn skulu jafnan gæta þess að sýna farþegum lipurð og kurteisi í afgreiðslu og allri umgengni.

Kærur út af sérleyfisakstri skulu sendar póst- og símamálastjórninni skriflega.

Halda skal bifreiðum þrífalegum að utan og innan, eftir því sem við verður komið. Skal gæta þess, að áletrun á skrásetningarkerki sé jafnan vel læsileg. Sérleyfishafi er skyldur til að sjá um, að framan á bifreiðum hans í föstum áætlunarferðum sé merkt greinilega nafn leiðar, sem bifreiðin ekur.

15. gr.

Gæta skal þess að aka þannig, að vegunum sé hlíft við skemmdum eftir því, sem við verður komið. Þyki vegamálastjóra vegakafli liggja undir skemmdum af akstri þungra bifreiða, getur póst- og símamálastjórnin í samráði við hann ákveðið, að áætlunarferðir skuli falla niður á meðan svo stendur á.

16. gr.

Leita skal álits skipulagsnefndar fólksflutninga um veitingu sérleyfa-hópferðaréttinda og undanþága, sem veittar eru til lengri tíma en eins mánaðar. Einnig um tilhögun ferða á sérleyfisleiðum og annað það, er máli skiptir í skipulagningu fólksflutninga.

17. gr.

Falli sérleyfi af einhverri ástæðu niður, tekur ráðherra, að fengnum tillögum póst- og símamálastjórnarinnar og skipulagsnefndar fólksflutninga, ákvörðun um, hvort veita skal aftur sérleyfi á sömu leið. Verði svo ákveðið, skal auglýsa sérleyfið til umsóknar, og skal í auglýsingunni tekið fram vegalengd, fjöldi ferða og fargjöld á leiðinni.

Umsækjandi skal í umsókn sinni skýra frá bifreiðakosti sínum og hvers konar bifreið hann hyggst nota til flutninganna.

18. gr.

Sérleyfishafa er skylt, á sérleyfistímabilinu, að fylgja ákvæðum laga um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum og reglugerða og skilmála, sem settir eru samkvæmt þeim, svo og að hlíta breytingum, er gerðar kunna að verða, og þá einnig þeim breytingum, er póst- og símamálastjórnin kann að gera á fjölda ferða almennt eða hjá einstökum sérleyfishöfum, svo og aðra tilhögun ferða á sérleyfistímabilinu.

Nú treystir sérleyfishafi sér ekki til að fullnægja skilmálum þeim, sem settir eru eða settir verða samkvæmt gildandi lögum eða reglugerðum, og skal hann þá tilkynna það póst- og símamálastjórninni skriflega.

19. gr.

Heimilt er póst- og símamálastjórninni að krefjast þess að fá aðgang að öllum reikningum og bókum sérleyfishafa, er við kemur sérleyfisflutningum.

Póst- og símamálastjórnin getur látið stöðva bifreiðar fyrirvaralaust, sé um eftirlit að ræða eða meint brot á sérleyfislögum.

Nú telur sérleyfishafi sig órétti beittan af öðrum, sem flutninga stunda, eða af þeim, sem flutninga nota, og skal hann þá senda skriflega umkvörtun til póst- og símamálastjórnarinnar. Sé um brot að ræða á sérleyfislögum eða öðrum lögum eða reglugerðum, sendir póst- og símamálastjórnin málið til hlutaðeigandi lögum samkvæmt.

20. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum, frá 1000 til 10 000 kr., nema þyngri refsing liggir við samkvæmt lögum. Skal farið með slík mál að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 42 4. apríl 1956, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum og lögum nr. 73/1966 um breytingu á lögum nr. 42 4. apríl 1956, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 82/1956, um skipulagningu á fólksflutningum með bifreiðum.

Samgöngumálaráðuneytið, 1. júní 1966.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

S A M Þ Y K K T

um sveitarstjóra í Höfðahreppi, Austur-Húnavatnssýslu.

1. gr.

Hreppsnefnd kýs sveitarstjóra eftir hverjar almennar hreppsnefndarkosningar, og er kjörtímabil hans hið sama og kjörtímabil hreppsnefndar.

2. gr.

Sveitarstjóri á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur óbundið málfrelsi og tilögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins, að hann sé hreppsnefndarmaður.

3. gr.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem hreppsnefnd gerir og hreppsmála yfirleitt. Hann sér um að öll störf, sem nefndin á að annast séu framkvæmd. Hann annast innheimtu á öllum tekjum hreppssjóðs og fyrirtækja hans án sérstakrar þóknunar, annarrar en áhættuþóknunar, sem honum verði greidd eftir sömu reglum og innheimtumönnum ríkisins. Hann er féhirðir hreppsnefndar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga, annast alla bókun og bréfaviðskipti. Hann geymir bækur nefndarinnar, innistæðubréf hreppsins, verðbréf og öll önnur skjöl og hvað annað, sem hreppnum tilheyrir og hreppsnefndin á að bera ábyrgð á.

Í forföllum sveitarstjóra skal oddviti annast störf hans.

4. gr.

Launakjör sveitarstjóra skulu ákveðin í ráðningarsamningi þeim, sem um getur í 5. gr. og greiðast þau úr sveitarsjóði.

5. gr.

Oddviti skal fyrir hönd hreppsnefndar gera ráðningarsamning við sveitarstjóra, eftir að ráðning hans hefur verið samþykkt af hreppsnefnd og skal þar nánar kveðið á um kjör hans, orlof, skrifstofutíma, lifeyri og annað það, sem nauðsynlegt er hverju sinni, og skal ráðningarsamningurinn samþykktur af hreppsnefnd.

Uppsagnarfrestur af hendi hvors aðila er 6 mánuðir.

6. gr.

Nú gerist sveitarstjóri sekur um stórfellda og ítrekaða vanrækslu og hirðuleysi í starfi og skeytir ekki áminningum hreppsnefndar, getur hún þá með fundarsamþykkt vikið honum frá störfum, en tilkynna skal hún félagsmálaráðuneytinu þessa frávikningu, svo fljótt sem við verður komið. Hreppsnefnd ákveður, hvort oddviti eða annar hreppsnefndarmaður taki við starfi sveitarstjóra og gegni því, unz sveitarstjóri hefur verið ráðinn að nýju.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Höfðahrepps í Austur-Húnavatnssýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. marz 1961, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 20. júní 1966.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð breiðfirzkra mæðra, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 20. júní 1966.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð breiðfirzkra mæðra.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður breiðfirzkra mæðra.

2. gr.

Hann er stofnaður árið 1958 með kr. 1644.00 gjöf Sigurðar Hólmsteins Jónssonar og systkina hans, til minningar um móður þeirra Júlíönu Hansdóttur.

3. gr.

Sjóðurinn skal vera bundinn Reykhólakirkju og tilgangur hans vera að kosta skreytingu og innra búnað kirkjunnar. Skal fé úr honum varið til þess, eftir því sem stjórn hans ákveður hverju sinni. Þó má aldrei skerða höfuðstólinn, kr. 1644.00.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: Sóknarpresturinn í Reykhólaprestakalli og er hann formaður, sóknarnefndarformaður Reykhólasóknar og safnaðarfulltrúi.

5. gr.

Tekjur sjóðsins skulu vera minningargjafir um breiðfirzkar mæður og aðra, svo og hvers konar gjafir aðrar, áheit og fé, sem sjóðnum áskotnast.

6. gr.

Sjóðnum fylgir bók, er í skal skrautrita nöfn allra þeirra, sem gefið er í minningu um ásamt helztu æviatriðum, svo og nöfn gefanda, en aldrei skal skráð þar upphæð gjafar eða tegund.

7. gr.

Endurskoðendur skulu tilnefndir af hreppsnefnd Reykhólahrepps.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Þórarinn Þór.

Sveinn Guðmundsson,
safnaðarfulltrúi.

Ingi Guðm. Sigurðsson,
sóknarnefndarformaður.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Hljómlistarsjóð Steinars Guðmundssonar frá Hamrendum, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 28. júní 1966.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Hljómlistarsjóð Steinars Guðmundssonar frá Hamrendum.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Hljómlistarsjóður Steinars Guðmundssonar frá Hamrendum. Hann er stofnaður til minningar um Steinar Guðmundsson frá Hamrendum í Miðdalahreppi, Dalasýslu, sem fæddur var 29. júní 1938 og lézt af slysförum í Reykjavík 15. desember 1965.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins eru frjáls framlög stofnenda, svo og gjafir og áheit, sem honum kunna að berast fyrir 29. júní 1966.

3. gr.

Hlutverk sjóðsins er að kaupa hljómlistartæki til afnota fyrir félagsheimili suðurhreppa Dalasýslu, svo og að styrkja tónlistarlíf innan sýslunnar eftir því sem geta sjóðsins leyfir.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir og arður af eignum hans, svo og gjafir, áheit og aðrar tekjur, sem honum berast.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa fjórir menn. Skulu tveir þeirra tilnefndir af ættingjum Steinars heitins Guðmundssonar, en tvo tilnefnir sýslumaður Dalasýslu.

Sóknarprestur Suður-Dalapinga skal vera endurskoðandi reikninga sjóðsins, en geti hann eigi sinnt starfinu, hreppstjóri Miðdalahrepps.

6. gr.

Sjóðurinn skal varðveittur í tryggri lánastofnun. Einnig má ávaxta fé sjóðsins í tryggum verðbréfum, ef stjórn sjóðsins sýnist svo. Þó má aldrei festa í slíkum bréfum meira fé en svo, að nægilegt fé sé handbært til þarfa sjóðsins.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og skal hún síðan birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Jólaglaðnings- og hjálparsjóð Gunnlaugs Bjarna, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 25. apríl 1966.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Jólaglaðnings- og hjálparsjóð Gunnlaugs Bjarna.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Jólaglaðnings- og hjálparsjóður Gunnlaugs Bjarna.

2. gr.

Stofnendur sjóðsins eru Herdís Ásgeirsdóttir, Guðrún Hvannberg, Sigbrúður Guðjónsdóttir og Soffía Haraldsdóttir. Voru konur þessar, ásamt móður Gunnlaugs Bjarna, í fjáröflunarnefnd til Barnaspítala Hringingsins, en hann er reistur að hálfu fyrir frjáls framlög almennings. Gunnlaugur Bjarni dó af slysförum 12. ágúst 1954, tólf ára gamall. Hann var sonur Gunnlaugar Briem og Bjarna Guðmundssonar.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að gleðja og aðstoða sjúk börn, og er starfsemi hans ekki eingöngu bundin við börn, sem liggja á Barnaspítala Hringingsins, heldur nær hún einnig til annarra barna, eftir því sem sjóðurinn eflist.

4. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands. Höfuðstól hans má aldrei skerða og skal að minnsta kosti helmingur ársvaxtanna lagður við hann, en hinum hluta þeirra skal úthluta.

5. gr.

Kvenfélagið Hringurinn í Reykjavík annast stjórn og úthlutun úr sjóðnum, og veitir gjöfum móttöku. Hætti Kvenfélagið Hringurinn störfum, skal afhenda Barnaspítala Hringingsins sjóð þennan.

6. gr.

Reikningar sjóðsins skulu birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 19. febrúar 1959.

F. h. stofnenda

Herdís Ásgeirsdóttir.

ATVINNUBÓTASJÓÐUR

Tekju- og gjaldareikningur frá 1. júlí til 31. des. 1962.

Tekjur:

Framlag ríkissjóðs skv. lögum nr. 40/1962	kr.	10 000 000.00
Vextir	—	35 826.60
		Kr. 10 035 826.60

Gjöld:

Styrkir	kr.	905 000.00
Stjórnarkostnaður	—	60 000.00
Tekjur umfram gjöld	—	9 070 826.60
		Kr. 10 035 826.60

Efnahagsreikningur hinn 31. des. 1962.

Eignir:

Skuldabréf	kr.	94 323 551.52
Víxlar	—	400 000.00
Biðreikningur	—	100 000.00
Framkvæmdabanki Íslands	—	968 826.60
		Kr. 95 792 378.12

Skuldir:

Höfuðstóll:		
Móttekin skuldabréf	kr.	86 721 551.52
Tekjur 1962	—	9 070 826.60
		kr. 95 792 378.12
		Kr. 95 792 378.12

ATVINNUBÓTASJÓÐUR

Reykjavík, 2. marz 1966.

Magnús Jónsson,
formaður.

Framanskráður tekju- og gjaldareikningur og efnahagsreikningur hinn 31. des. 1962, er saminn eftir bókum Atvinnubótasjóðs, sem ég hef endurskoðað.
Áfallnir vextir af skuldabréfum eru ekki reiknaðir.

Reykjavík, 22. maí 1963.

Bárður Sigurðsson,
löggiltur endurskoðandi.

Tekju- og gjaldareikningur frá 1. jan. til 31. des. 1963.**Tekjur:**

Framlag ríkissjóðs skv. lögum nr. 40/1962	kr. 10 000 000.00
Aukaframlag ríkissjóðs	— 2 500 000.00
Vextir	— 195 771.50

 Kr. 12 695 771.50
Gjöld:

Styrkir	kr. 1 045 000.00
Stjórnarkostnaður	— 63 270.00
Tekjur umfram gjöld	— 11 587 501.50

 Kr. 12 695 771.50
Efnahagsreikningur hinn 31. des. 1963.**Eignir:**

Skuldabréf	kr. 105 416 983.35
Reiknaðir vextir	— 77 527.50
Biðreikningur	— 300 000.00
Framkvæmdabanki Íslands	— 1 304 570.60

 Kr. 107 099 081.45
Skuldir:

Ríkissjóður	kr. 63 270.00
Höfuðstóll:	
31. des. 1962	kr. 95 792 378.12
Móttekin skuldabréf	— 650 000.00
Tekjur 1963	— 11 587 501.50

 Kr. 108 029 879.62

Tapað og eftirgefið	— 994 068.17
---------------------------	--------------

 Kr. 107 099 081.45
ATVINNUBÓTASJÓÐUR

Reykjavík, 2. marz 1966.

Magnús Jónsson,
formaður.

Framanskráður tekju- og gjaldareikningur og efnahagsreikningur hinn 31. des. 1963, er saminn eftir bókum Atvinnubótasjóðs, sem ég hef endurskoðað.

Afallnir vextir af skuldabréfum eru ekki reiknaðir.

Reykjavík, 29. febrúar 1964.

Bárður Sigurðsson,
löggiltur endurskoðandi.

Tekju- og gjaldareikningur frá 1. jan. til 31. des. 1964.**Tekjur:**

Framlag ríkissjóðs skv. lögum nr. 40/1962	kr. 10 000 000.00
Aukaframlag ríkissjóðs	— 3 000 000.00
Vextir	— 1 869 600.15

 Kr. 14 869.600.15
Gjöld:

Styrkir	kr. 3 280 000.00
Stjórnarkostnaður	— 62 357.85
Tekjur umfram gjöld	— 11 527 242.30

 Kr. 14 869.600.15
Efnahagsreikningur hinn 31. des. 1964.**Eignir:**

Skuldabréf	kr. 112 422 950.02
Víxill	— 500 000.00
Biðreikningur	— 500 000.00
Framkvæmdabanki Íslands	— 1 805 108.10

 Kr. 115 228 058.12
Skuldir:

Höfuðstóll:	
31. des. 1963	kr. 107 035 811.45
Tekjur 1964	— 11 527 242.30

 Kr. 118 563 053.75

Tapað og eftirgefið	— 3 334 995.63
---------------------------	----------------

 kr. 115 228 058.12

 Kr. 115 228 058.12
ATVINNUBÓTASJÓÐUR

Reykjavík, 2. marz 1966.

Magnús Jónsson,
formaður.

Framanskráður tekju- og gjaldareikningur og efnahagsreikningur hinn 31. des. 1964, er saminn eftir bókum Atvinnubótasjóðs, sem ég hef endurskoðað.

Áfallnir vextir af skuldabréfum eru ekki reiknaðir.

Reykjavík, 27. febrúar 1965.

Bárður Sigurðsson,
löggiltur endurskoðandi.

Tekju- og gjaldareikningur frá 1. jan. til 31. des. 1965.**Tekjur:**

Framlag ríkissjóðs skv. lögum nr. 40/1962	kr. 10 000 000.00
Aukaframlag ríkissjóðs	— 5 000 000.00
Vextir	— 1 713 540.25
	<hr/>
	Kr. 16 713 540.25

Gjöld:

Styrkir	kr. 3 275 000.00
Stjórnarkostnaður	— 62 900.00
Tekjur umfram gjöld	— 13 375 640.25
	<hr/>
	Kr. 16 713 540.25

Efnahagsreikningur hinn 31. des. 1965.**Eignir:**

Skuldabréf	kr. 114 995 868.51
Vixlar	— 1 000 000.00
Framkvæmdabanki Íslands	— 9 402 248.35
	<hr/>
	Kr. 125 398 116.86

Skuldir:

Höfuðstóll:	
31. des. 1964	kr. 115 228 058.12
Móttækin skuldabréf á árinu	— 200 000.00
Tekjur 1965	— 13 375 640.25
	<hr/>
	Kr. 128 803 698.37
Tapað og eftirgefið	— 3 405 581.51
	<hr/>
	kr. 125 398 116.86
	<hr/>
	Kr. 125 398 116.86

ATVINNUBÓTASJÓÐUR

Reykjavík, 2. marz 1966.

Magnús Jónsson,
formaður.

Framanskráður tekju- og gjaldareikningur og efnahagsreikningur hinn 31. des. 1965, er saminn eftir bókum Atvinnubótasjóðs, sem ég hef endurskoðað.

Áfallnir vextir af skuldabréfum eru ekki reiknaðir.

Reykjavík, 17. febrúar 1966.

Bárður Sigurðsson,
löggtur endurskoðandi.

ÁBURÐARVERKSMIÐJAN Hf.

Ársreikningur 1965.

Rekstrareikningur frá 1. janúar til 31. desember 1965.

Gjöld:

Rekstrarkostnaður	kr.	73 224 452.97
Vextir	—	6 057 067.33
Vátryggingar	—	1 742 114.96
Fyrningaafskriftir	—	17 941 326.61
Hreinar tekjur	—	4 285 991.48

Kr. 103 250 953.35

Tekjur:

Seldur áburður	kr.	69 943 674.00
Verðjöfnun frá Áburðarsölu ríkisins	—	2 766 134.00
Áburðarbirgðir 31. des. 1965	—	55 428 744.00

Kr. 128 138 552.00

Áburðarbirgðir 31. des. 1964	—	35 712 804.00
------------------------------------	---	---------------

Aðrar tekjur	kr.	92 425 748.00
--------------------	-----	---------------

kr. 10 825 205.35

Kr. 103 250 953.35

Efnahagsreikningur hinn 31. desember 1965.

Eignir:

Verksmiðjubýggingar, vélar, önnur mannvirki og tæki	kr.	217 431 735.90
Varahluta- og rekstursvörubirgðir	—	10 388 670.05
Áburðarbirgðir: Kjarni	kr.	55 428 744.00
Erlendur áburður	—	1 790 085.00

Útistandandi skuldir	—	57 218 829.00
----------------------------	---	---------------

Bankainnstæður	—	13 491 318.56
----------------------	---	---------------

Peningar í sjóði	—	575 843.55
------------------------	---	------------

Verðbréf	—	131 735.95
----------------	---	------------

Kr. 675 444.00

Kr. 299 913 577.01

Skuldir:

Hlutfé	kr.	10 000.000.00
--------------	-----	---------------

Varasjóður pr. 31. des. 1964	kr.	11 334 000.00
------------------------------------	-----	---------------

Varasjóðstillag 1963 eftirstöðvar	—	750 000.00
---	---	------------

Varasjóðstillag 1965	—	2 969 000.00
----------------------------	---	--------------

Fyrningasjóður	—	15 053 000.00
----------------------	---	---------------

Skuldabréfalán	—	157 421 134.64
----------------------	---	----------------

Landsbanki Íslands, hlr. 12	—	83 967 894.63
-----------------------------------	---	---------------

Samþykktir vixlar	—	8 109 718.63
-------------------------	---	--------------

.....	—	22 411 484.15
-------	---	---------------

Ýmsar skuldir	kr.	1 728 940.44
Áfallnir vextir	—	508 967.00
Höfuðstóll 31. des. 1964	kr.	745 446.04
÷ Greiddur arður	—	600 000.00
		<hr/>
Hreinar tekjur 1965	Kr.	145 446.04
	—	4 285 991.48
		<hr/>
Fært til varasjóðs	Kr.	4 431 437.52
	—	3 719 000.00
		<hr/>
	—	712 437.52
		<hr/>
	Kr.	299 913 577.01

Gufunesi, 17. marz 1966,
pr. pr. Áburðarverksmiðjan hf.
Hjálmar Finnsson,
framkvæmdastjóri.

Gufunesi, 14. apríl 1966.
Stjórn Áburðarverksmiðjunnar hf.
Pétur Gunnarsson,
formaður.

Tómas Vigfússon. Halldór H. Jónsson. Steingrímur Hermannsson. Hj. Hjartar.

Við undirritaðir endurskoðendur Áburðarverksmiðjunnar hf. höfum yfirfarið reikninga félagsins, sem samdir eru af löggiltum endurskoðanda samkvæmt bókum og fylgiskjölum fyrirtækisins pr. 31. des. 1965 og erum þeim samþykkir.

Gufunesi, 17. marz 1966.
Vilhjálmur Hjálmarsson. Halldór Kjartansson.

SAMVINNUBANKI ÍSLANDS HF.

Rekstrarreikningur árið 1965.

Gjöld:	
Rekstrarkostnaður	kr. 12 336 127.01
Vextir af innstæðufé	— 18 033 756.29
Fyrningar	— 579 210.91
Lagt í varasjóð	— 493 852.12
	<hr/>
	Kr. 31 442 946.33
Tekjur:	
Vextir	kr. 27 319 882.85
Aðrar tekjur	— 4 123 063.48
	<hr/>
	Kr. 31 442 946.33

Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1965.

Eignir:

Skuldabréf fyrir lánum	kr. 44 706 180.12
Verðbréf	— 19 115 813.10
Víxlar	— 128 531 892.69
Lán í hlaupareikningi	— 123 271 397.61
Innstæða í Seðlabanka	— 70 618 385.66
- Umbúðir, sem endursendar eru, enda sé þess getið á farmskránni.
- Vistir og aðrar nauðsynjar til skipa og báta til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.
- Innlend mjólk og rjómi, sem flutt er til hafnarinnar.
- Póstur og venjulegur farþegaflutningur.
- Vörur og tæki til hafnarinnar.

14. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd, með umbúðum, og af hverri sendingu sérstaklega. Brot úr gjaldeiningu telst sem heil gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalda. Skipstjóra eða afgreiðslumanni skips er skylt að láta gjaldkera hafnarinnar í té eftirrit af farmskrá. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem fleyta hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarstjóra ástæða til, getur hann, hvenær sem er, látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn.

Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af.

15. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vörugjaldskrá tiltekur, og gjaldið greiðast eins og þar segir.

VIII. KAFLI

Vörugjaldskrá.

16. gr.

1. flokkur. Gjald kr. 1.50 fyrir hver 100 kg:

Fiskur, saltaður, óverkaður, fiskbein blaut, kjöt, gærur, húðir, og aðrar kjötvörur, mjólk og mjólkurvörur, garðávextir, fóðurvörur, áburður, salt, kol, koks, sement, lýsi, síldarmjöl, fiskimjöl.

2. flokkur. Gjald kr. 2.25 fyrir hver 100 kg:
Kex, brauð, brauðvörur, blý, eldavélar, eldfastur steinn, akkeri, bárujárn, gólflísar, veggflísar, girðingarefni, vír og vírnet hvers konar, hey, járn, járnþípur, kornvörur, kálmeti, kaðall, kalk, lýsi, landbúnaðarvélar, jarðstrengir, sykur, þakpappi, þvottavélar, kaffi og kaffibætir, smjörlíki.
3. flokkur. Gjald kr. 3.00 fyrir hver 100 kg:
Benzín, bifreiðar, bátar, oliur, feiti, harðfiskur, skreið, tól, veiðarfæri, sem ekki eru talin annars staðar.
4. flokkur. Gjald kr. 0.75 fyrir hver 100 kg:
Bækur, blek, garn, gúmmívörur, hessian, kitti, korn og kornvörur, einangrunarefni, línoleum, lín, litur, lakk, menja, málning, oliúfatnaður, pappír, pappakassar, pappírsvörur, stál, stálbik, snurpunætur og snurpunótaefni, tjara, krit, gips, strigapokar, tvistur.
5. flokkur. Gjald kr. 1.50 fyrir hver 10 kg:
Ávextir, ávaxtdrykkir, barnavagnar, blikkvörur, burstar, bökunarvörur, borðbúnaður, búsaðhöld, blóm og plöntur, eldspýtur, eldhúsaðhöld, gerefni, gerviefni, gler, glervörur, gólfáburður, gosdrykkir, hreinlætisvörur, hjól-hestar, húsgagnaáburður, ferðatöskur, krydd, leður og leðurvörur, lyf, lykklar, lamir, laukur, niðursuðuvörur, pakkavörur, þrjónavörur, saumavélar, skilvindur, iðnaðarvörur, skrár, sápur, sóði, skóáburður, saft, syk-urvatn, sýrur, smá járnvörur, leirvörur, kerti, te, tin, öl, ölgerðarefni, vefnaðarvörur, plastvörur, verkfæri, þvottaefni.
6. flokkur. Gjald kr. 3.00 fyrir hver 10 kg:
Húsgögn og hljóðfæri, sem ekki eru reiknuð eftir rúmmáli, fatnaður, jólatré, leikföng, ljósmyndavélar, klukkur, mælar, peningaskápar, peningakassar, rafmagnsvörur og raflagnarefni, rammar og rammalistar, listmunir, skrifstofuáhöld, skófatnaður, skot, skotfæri, sprengiefni, vopn, tóvara, símar, súkkulaði, sælgæti, sportvörur, sýnishorn, sýningarfilmur, viðtæki.
7. flokkur. Gjald kr. 4.50 fyrir hver 10 kg:
Ilmvörur, snyrtivörur, spritt, spiritus og áfengir drykkir, tóbak og tóbaksvörur.
8. flokkur. Gjald 0.45 fyrir hvert stykki eða búnt:
Tómar tunnur og fót, uppsett í stöfum, búntað í hverja tunnu.
9. flokkur. Gjald kr. 0.55 fyrir hvert rúmfet:
Timbur og aðrar vörur taldar í rúmmáli.
10. flokkur. Gjald kr. 2.25 fyrir hverja tunnu:
Fiskur, hrogn, garnir, kjöt, síld hvers konar, verkuð í tunnum og til-svarandi fyrir minni ílát.
11. flokkur. Gjald kr. 2.25 fyrir hver 100 kg:
Freðsíld og freðfiskur, hvers konar.
12. flokkur. Gjald kr. 1.00 fyrir hver 100 kg:
Brennsluolía (fuelolía), benzín, svartolía, (flutt í tankskipum).
13. flokkur. Gjald kr. 9.00 fyrir hvern grip:
Geitur, hestar, loðdýr, nautgripir og sauðkindur.
14. flokkur. Gjald kr. 1.00 fyrir hvert mál:
Öll síld og annar fiskur í bræðslu, sem flutt er á land, innan hafnar-svæðis eða í skip á höfninni.
15. flokkur. Gjald kr. 0.75 fyrir hver 100 kg eða mælda tunnu:
Síld, mæld eða vegin til frýstingar eða söltunar.

16. flokkur. Gjald kr. 1.00 fyrir hverja uppsaltaða tunnu:
Sild og annar fiskur, þannig mældur.
17. flokkur. Gjald kr. 2.00 fyrir hver 100 kg:
Fiskur, nýr, slægður eða óslægður og ísvarinn.
18. flokkur. Gjald kr. 1.50 fyrir hver 100 kg:
Allar aðrar vörur, sem ekki eru áður taldar.

17. gr.

Viðtakandi greiðir vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, en sendandi af vörum, sem fluttar eru úr höfninni. Þau veiðiskip, er landa eigin afla, eða umlesta í flutningaskip innan takmarka hafnarinnar, greiða sjálf vörugjöld af þeim afla skv. 14. til 17. flokki vörugjaldskrárinnar, en kaupandi aflans ber þó ábyrgð á skilvísri greiðslu vörugjaldanna. Vörugjöld falla í gjalddaga, áður en viðkomandi skip fer úr höfninni, nema um annað hafi verið samið við hafnarstjórn. Gjalddaga fyrir ársgjöld ákveður hafnarstjóri.

Hafnargjöld eru tryggð með lögveði í skipum og gengur það veð fyrir sammingsveðskuldum í tvö ár.

18. gr.

Gjald fyrir aðrar vörur, sem um getur í 16. gr., greiðir eigandi eða umboðsmaður hans á Stöðvarfirði, og hefur hafnarsjóður haldsrétt á vörunum þar til gjaldið er greitt.

Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður standa skil á greiðslunni. Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri eða afgreiðslumaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Öll gjöld samkvæmt þessari reglugerð renna í hafnarsjóð Stöðvarfjarðar.

IX. KAFLI

Ýmis ákvæði.

19. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum reglum. Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur, skulu þær ákveðnar af 3 dómkvöddum, óvilhöllum mönnum. Hvorum aðila um sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því, að matsgerð fór fram

Yfirmat skal framkvæmt af 5 dómkvöddum, óvilhöllum mönnum. Kostnað við yfirmat greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæð verður eigi breytt meira en sem nemur 10% af hinnu ákveðnu endurgjaldsupphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

20. gr.

Enginn, sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni, meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, er hafnarstjóri tekur gilda.

21. gr.

Enginn skipstjóri getur vænt að fá afgreiðslu hjá lögreglustjóra eða umboðsmanni hans, nema hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra, að hann hafi greitt gjöld þau, er innheimtumaður hafnarinnar á að innheimta, svo og sektir og skaðabætur, ef um slíkt er að ræða, er hann á að greiða.

22. gr.

Hverja þá skipun, er samkvæmt reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki á skipi og ekki heldur umboðsmaður hans. Ef stýrimaður eða stýrimenn eru einnig fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt og skipstjóri hefði fengið hana sjálfur.

23. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt að kr. 10 000.00, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum.

Sektirnar renna í hafnarsjóð Stöðvarfjarðar.

24. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um hafnargerðir og lendningarbætur, nr. 29 23. apríl, 1946, sbr. lög nr. 41 5. apríl 1948, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur niður reglugerð fyrir lendingarsjóð Stöðvarhrepps, nr. 9 frá 17. janúar 1945.

Samgöngumálaráðuneytið, 16. ágúst 1966.

Eggert G. Þorsteinsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gerð og búnað ökutækja o. fl., nr. 51 15. maí 1964.

1. gr.

2. mgr. 5. gr. orðist svo:

Hemlabúnaður skal vera tvenns konar: Aksturshemill og stöðuhemill. Aksturs- og stöðuhemlar skulu verka óháðir hvor öðrum. Vökva- eða lofthúnaður til þess að halda stöðuhemli í hemlunarstöðu er óheimill.

2. gr.

a-liður B-liðs 1. töluliðs 6. gr. orðist svo:

Samhverf (symmetrisk) lágljós, sem er þannig komið fyrir, að aðal ljósmagninu er beint niður á við, enda nái það ekki hærra upp en 10 cm fyrir neðan ljóskeiðin í 10 m fjarlægð á sléttum, láréttum vegi.

3. gr.

Á eftir 3. tölulið 7. gr. komi nýr töluliður, svo hljóðandi:

Aðvörunarljós. Heimilt er að nota stefnuljós samkvæmt a- og b-lið 6. töluliðs 6. gr. sem aðvörunarljós. Þegar ljós þessi eru notuð til aðvörunar, skulu þau lýsa samtímis, eða fremri ljósin og aftari á víxl. Ljósin skulu þannig tengd rafkerfi bifreiðar, að eigi sé unnt að kveikja á þeim, ef hreyfill er í gangi.

Aðvörunarljós má einungis nota, ef ökutæki stendur óökufært á vegi eftir árekstur, skemmd eða bilun, þannig að annarri umferð stafi hætta af. Notkun aðvörunar-

ljósa leysir ökumann ekki frá þeirri skyldu að gera aðrar, viðeigandi ráðstafanir til þess að draga úr slysaþættu, þar á meðal að flytja ökutækið á brott svo fljótt sem unnt er.

4. gr.

3. mgr. 14. gr. orðist svo:

Á útblástursþípu hreyfils skal vera tæki, er dragi úr hávaða. Skal enda pípunnar þannig komið fyrir, að ekki valdi farþegum eða öðrum vegfarendum hættu eða óþægindum.

5. gr.

2. mgr. 16. gr. orðist svo:

Hurðarhandföng, lamir, felgulok og annar búnaður á bifreið skal þannig gerður, að vegfarendum stafi ekki hætta af.

6. gr.

IX. kafli orðist svo:

Létt bifhjól.

45. gr.

Grind léttis bifhjóls skal vera úr traustu efni og vönduð að gerð. Breidd stýris má ekki vera meiri en 70 cm.

Bifhjólið skal búið tvenns konar hemlum, er verki sjálfstætt, hvor um sig, og hvorugur eingöngu á hjólbarða. Ef afturhjólshemill verkar með því að spyrna fótstigi aftur á bak, skal hemillinn þannig gerður, að hann verki til fulls, ef fótstigið fer niður fyrir lárétta stöðu.

Á léttu bifhjóli skal vera eitt framljósker með innbyggðum búnaði fyrir háljós og lágljós. Ljósker skal tengt við rafal, en ljósaskipti komið fyrir á stýrisstöng. Stilling ljósa skal vera í samræmi við ákvæði 6. gr. Á hjólinu skal enn fremur vera ljósker fyrir rautt afturljós og rautt glitauga, sem má vera sambyggt afturljóskeri.

Á léttu bifhjóli skal vera hjalla eða eintóna horn, svo og læsingarbúnaður, er sé fastur á hjólinu.

Ákvæði 14. gr. gilda um létt bifhjól eftir því sem við á.

Óheimilt er að hafa á léttu bifhjóli búnað til farþegaflutnings.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í umferðarlögum, nr. 26 2 maí 1958, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 24. ágúst 1966.

Jóhann Hafstein.

Ólafur W. Stefánsson.

S A M Þ Y K K T

um breytingu á samþykkt um sýsluvegasjóð í Dalasýslu, nr. 125 9. júní 1965.

1. gr.

Á eftir síðasta tölulið í upptalningu sýsluvega í Miðdalahreppi í 2. gr. samþykktarinnar komi nýr töluliður, svo hljóðandi:

11. Hundadalsvegur:

Af Hálsbæjarvegi að Neðri-Hundadal.

Röð eftirfarandi töluliða reglugerðarinnar breytist í samræmi við þetta.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Dalasýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt 19. gr. vegalaga, nr. 71 30. desember 1963, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 18. ágúst 1966.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um sýsluvegasjóð í Norður-Múlasýslu,
nr. 234 6. október 1964.

1. gr.

Á eftir síðasta tölulið í upptalningu sýsluvega í Hlíðarhreppi í 2. gr. samþykktarinnar komi 2 töluliðir, svo hljóðandi:

12. Bakkavegur:

Um 200 metra af Hafnarvegi að Bakka í Skeggjastaðahreppi.

13. Grófarselsvegur:

Um 700 metra af Grófarselsvegi að nýbýli í landi Grófarsels í Hlíðarhreppi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Norður-Múlasýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt 19. gr. vegalaga, nr. 71 30. desember 1963, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að mál.

Samgöngumálaráðuneytið, 18. ágúst 1966.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

SAMÞYKKT

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Rangárvallasýslu,
nr. 154 12. september 1941.

1. gr.

44. gr. orðist svo:

Foreldrum og öðrum hlutaðeigandi er skylt að annast um, að tilhlýðilegt eftirlit sé haft með óstálpuðum börnum, sem eru á þeirra vegum, þegar þau eru á almanna-færi.

Unglingum innan 16 ára er óheimill aðgangur að almennum dansstöðum. Þeim er óheimill aðgangur að almennum veitingastofum, ís-, sælgætis- og tóbaksbúðum eftir klukkan 20 nema í fylgd með fullorðnum, sem ber ábyrgð á þeim.

Eigendum og umsjónarmönnum þessara stofnana ber að sjá um, að unglingar fái ekki aðgang né hafist þar við fram yfir það, sem leyfilegt er.

Börn yngri en 12 ára mega ekki vera á almannafæri seinna en klukkan 20 frá 1. október til 1. maí og ekki seinna en klukkan 22 frá 1. maí til 1. október, nema í fylgd með fullorðnum.

Lögreglan getur bannað börnum og unglingum umferð og veru á tilteknum svæðum, þegar hún telur ástæðu, til öryggis.

Foreldrar eða forráðamenn barna bera ábyrgð á því, að fyrirmælum þessarar greinar sé framfylgt og hlýtt, að viðlögðum sektum.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Rangárvallasýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 107 8. maí 1935, um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 19. ágúst 1966.

Jóhann Hafstein.

Ólafur W. Stefánsson.

S A M Þ Y K K T

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík, nr. 2 7. janúar 1930.

1. gr.

Á eftir 2. málsg. 79. gr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:

Heimilt er borgarráði, að fenginni tillögu lögreglustjóra, að leyfa annan afgreiðslutíma, en um ræðir í 1. málsgrein, á greiðasölustað, sem aðallega er ætlaður fyrir ferðamenn á flugvelli eða umferðarmiðstöð.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 19. ágúst 1966.

Jóhann Hafstein.

Ólafur W. Stefánsson.

HEILBRIGÐISSAMÞYKKT

fyrir Njarðvíkurhrepp, Gullbringusýslu.

I. KAFLI

A. Almenn ákvæði.

1. gr.

Samþykktin gildir fyrir lögsagnarumdæmi Njarðvíkurhrepps.

2. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að veita undanþágu frá einstökum ákvæðum samþykktarinnar með leyfi heilbrigðisnefndar, ef óhjákvæmilegt þykir vegna aðstæðna eða staðháttá.

3. gr.

Heilbrigðisnefnd er skipuð 3 mönnum. Hreppstjóri er sjálfkjörinn í nefndina og er hann jafnframt formaður hennar, þá á héraðslæknir sæti í nefndinni, en einn er kjörinn af hreppsnefnd.

4. gr.

Formaður kveður heilbrigðisnefnd til funda svo oft sem þurfa þykir. Hann er skyldur að kveðja nefndina á fund, þegar einn nefndarmanna óskar þess.

5. gr.

Heilbrigðisnefnd heldur gerðabók, og skulu í hana skráðar fundargerðir, svo og kærur, sem nefndinni berast. Senda skal hreppsnefnd samþykktir eða álitsgerðir fundarins eða afrit af fundargerð.

6. gr.

Formaður sér um, að fyrirmæli heilbrigðisnefndar séu framkvæmd. Þó getur hann neitað að sjá um framkvæmd þeirra, og skal málinu þá skotið til hreppsnefndar. Ef hún samþykkir fyrirmælin, er formanni skylt að sjá um framkvæmd hennar.

7. gr.

Ef ágreiningur rís milli heilbrigðisnefndar og hreppsnefndar um tilhögun eða framkvæmd heilbrigðisráðstöfunar, skal leitað úrskurðar heilbrigðisstjórnar. Þá getur einnig héraðslæknir skotið máli sínu til hennar, ef hann fær ekki framgengt þeim heilbrigðisráðstöfunum, er hann telur nauðsynlegar.

8. gr.

Hreppsnefnd er heimilt, ef heilbrigðisnefnd telur það æskilegt, að ráða sérstakan heilbrigðisfulltrúa. Skal hann þá starfa samkvæmt erindisbréfi, er hreppsnefnd setur honum í samráði við heilbrigðisnefnd. Heilbrigðisfulltrúi situr fundi heilbrigðisnefndar.

9. gr.

Á fjárhagsáætlun hreppsins skal jafnan veitt nokkur fjárhæð, er heilbrigðisnefnd getur ráðstafað til nauðsynlegra heilbrigðisframkvæmda, svo og til greiðslu

kostnaðar vegna bréfaskrifta og bókhalds. Skal heilbrigðisnefnd gera tillögu um upphæðina til hreppsnefndar áður en fjárhagsáætlun er samin ár hvert.

B. Um hlutverk og valdsvið heilbrigðisnefndar.

10. gr.

Heilbrigðisnefnd skal sjá um, að haldin séu ákvæði samþykktar þessarar, svo og laga og reglugerða, er að heilbrigðismálum lúta. Hún skal yfirleitt vera á verði um allt það, er varðar hollustu og heilbrigði á samþykktarsvæðinu, og í samræmi við lög og reglur setur hún um það fyrirmæli, sem öllum hlutaðeigandi er skylt að hlíta. Skal nefndinni heimilt að láta rannsaka allt það, er þessi samþykkt fjallar um, svo og annað er að hollustuháttum lýtur, utanhús og innan.

- a. Nefndin hefur eftirlit með almennum þrifnaði og hreinlæti utan húss og lætur fara fram almenna hreinsun á lóðum og lendum á hverju vori og endranær eftir þörfum. Nefndin getur krafizt lagfæringar og viðgerða á lóðum og portum, ef nauðsynlegt þykir til þrifnaðar.
- b. Nefndin hefur eftirlit með vatnsveitu og vatnsbólum og lætur taka af vatninu sýnishorn til rannsóknar, þegar ástæða þykir til. Nefndin getur bannað notkun vatns úr vatnsveitu eða öðrum vatnsbólum, ef hún telur þess þörf. Nefndin hefur eftirlit með allri fráræslu og getur bannað notkun á skolpræsum, vatns- og sorprenum, enn fremur sundstöðum, ef hún telur þess þörf.
- c. Nefndin lítur eftir meðferð á sorpi úr húsum.
- d. Nefndin gerir ráðstafanir til upprætingar meindýra úr húsum og hibýlum og getur bannað afnot húsnæðis, unz dýrin hafa verið upprætt. Nefndin getur krafizt þess, að hús séu gerð rottuheld.
- e. Nefndin hefur eftirlit með leiguibúðum, kjallaraibúðum og öllum lélegum íbúðum og gengst árlega fyrir skoðun á þeim. Nefndin getur bannað afnot íbúða, ef hún telur þær hættulegar lífi og heilsu íbúa.
- f. Nefndin hefur eftirlit með öllum stofnunum, fyrirtækjum og rekstri, sem er um fjallað í VII.—XX. kafla þessarar samþykktar, og getur krafizt endurbóta og lagfæringar á húsnæði, tækjum, aðbúnaði og frágangi, svo og hreinsunar og og hreingerningar, ef hún telur þess þörf. Nefndin getur bannað afnot húsnæðis, sem um ræðir í þessari grein, ef hún telur það hættulegt lífi og heilsu þeirra, sem við eiga að búa.
- g. Nefndin getur gert ráðstafanir til útrýmingar hvers konar óskiladýra.
- h. Nefndin heldur skrá yfir allar þær stofnanir, fyrirtæki og rekstur, sem fjallað er um í samþykkt þessari.
- i. Nefndin aðstoðar héraðslækni við hvers konar sóttvarnir eftir því, sem hann telur þörf á. Ef nauðsyn ber til, er henni heimilt að ráða starfsfólk til bráðabirgða til sóttgæzlu, eftirlits eða hjúkrunar, en leita skal hún þó samþykkis hreppsnefndar, svo fljótt sem auðið er.
- j. Nefndin hefur heimild til að gera rikari kröfur til tryggingar þrifnaði og hollustuháttum en beinlínis er mælt fyrir í samþykkt þessari, að því er varðar hvert einstakt atriði, en jafnan skulu þær kröfur vera í samræmi við ákvæði samþykktarinnar um hliðstæð atriði, eða almennt viðurkenndar þrifnaðar- og heilbrigðisreglur.
- k. Nefndin tilkynnir hlutaðeigendum þau ákvæði þessarar samþykktar, almennra laga og annarra reglugerða, er að heilbrigðismálum lúta og þá varða. Sama máli gegnir um ákvæði, sem hún setur samkvæmt heimild í j-lið þessarar greinar.

C. Ýmis ákvæði.

11. gr.

Ekki má setja á fót neina þá stofnun eða fyrirtæki, né hefja neinn þann rekstur, sem um er fjallað í VII.—XVII. og XIX. kafla þessarar samþykktar, nema heilbrigðisnefnd hafi veitt leyfi til af sinni hálfu og farið sé að fyrirmælum hennar um allt, er varðar hollustuhætti. Slíkt leyfi þarf einnig til fyrirhugaðrar breytingar á húsa- kynnum og rekstri.

Öllum er skylt að veita nefndinni eða umboðsmönnum hennar nauðsynlegan aðgang til eftirlits með stofnun þeirri, fyrirtæki eða rekstri, er þeir stýra.

12. gr.

Starfsfólk þeirra stofnana, sem um er fjallað í VII. og X.—XVII. kafla þessarar samþykktar, skal sanna árlega og oftar, ef þurfa þykir, að það sé ekki haldið neinum þeim sjúkdómi, kvillum eða óþrifum, sem öðrum getur stafað hætta af eða vakið getur ógeð þeirra, er við það eiga skipti. Það skal í starfi sinu gæta svo rækilega hreinlætis sem auðið er, ganga þokkalega og hreinlega til fara, sápuþvo sér um hendur hverju sinni, er það hefur gengið til salernis, og endranær eftir þörfum. Starfsfólk í neyzlu- búðum skal klæðast sérstökum, hreinum hlífðarfötum við starf og stúlkur hafa hreina kappá höfði.

13. gr.

Húsakynni þeirra stofnana, sem um er fjallað í VII. og X.—XVII. kafla þessarar samþykktar, skulu fullnægja þessum almennu skilyrðum: Vera rúmgóð, björt, hæfilega hituð og vel loftræst og að öllu leyti sæmilegur dvalarstaður mönnum.

Í húsakynnum þeim, sem um er fjallað í VIII. og X.—XV. kafla þessarar samþykktar, skulu gólf lögð gólfdukk eða öðru jafngildu, loft máluð, veggir málaðir eða að öðru leyti þannig frá þeim gengið, að auðvelt sé að halda þeim hreinum. Ákvæði þessarar málsgreinar taka einnig til húsakynna, sem um er fjallað í XVI. kafla, 77.—81. gr. og 87. gr.

14. gr.

Í stofnunum þeim og fyrirtækjum, sem um er fjallað í VII. og X.—XV. kafla þessarar samþykktar, skal starfsfólk eiga greiðan aðgang að fatageymslum, reinnandi vatni, hæfilega mörgum salernum, svo og þvagstæðum, ef þurfa þykir, handlaugum, hreinum handklæðum eða pappírþurrkum og öðrum nauðsynlegum hreinlætisgögnum. Gestum skal séð fyrir sams konar þægindum á öllum stöðum, sem þeim eru ætlaðir til afnota, og skulu konur vera sér um salerni og karlar sér.

15. gr.

Húsakynnum þeirra stofnana og fyrirtækja, sem um er fjallað í VII.—XVII. kafla þessarar samþykktar, skal haldið svo hreinum og snyrtilegum sem auðið er. Þar sem einhvers konar starfsemi fer fram að staðaldri, skulu gólf þvegin daglega og oftar, ef þurfa þykir. Ekki má sópa gólf. Áhöld og innanstokksmuni lausa og fasta, skal þvo eða hreinsa á viðeigandi hátt eftir þörfum. Allsherjar hreingerning skal fara fram a. m. k. einu sinni á ári.

Ekki má hleyypa hundum, köttum eða öðrum húsdýrum inn í húsakynni þau, sem um ræðir í þessari grein.

II. KAFLI

Um hreinlæti og þrifnað utan húss.

16. gr.

Gæta skal ákvæða 10. gr. a. og 17.—20. gr. að því er varðar hreinlæti og þrifnað utan húss og eftirlit með því.

17. gr.

Girðingar kringum hús og lóðir skulu þannig gerðar, að rottur og mýs geti ekki gert sér hreiður í þeim.

Eigendum er skylt að greiða kostnað af lagfæringum og viðgerðum á lóðum sínum og portum, svo og af hreinsun á þeim, sem heilbrigðisnefnd getur fyrirskipað í þrifnaðarskýni, ef þurfa þykir.

18. gr.

Ekki má fleygja á almannafæri, í fjöru eða höfnina neins konar rusli eða úrgangi. Ekki má heldur skilja eftir á almannafæri grjót, mól, timbur eða annars konar byggingarefni, né neins konar rusl eða úrgang.

Götur kaupsins, fjörur, hafnarbakka, ræsi og annað þess háttar skal hreinsa á kostnað hreppsins, svo oft sem heilbrigðisnefnd telur nauðsynlegt.

19. gr.

Öll flutningatæki, sem fara um götur kaupsins, skulu þannig gerð, að flutningurinn valdi ekki óþrifnaði. Ef eitthvað slæðist niður eða hrynur við flutninginn, skal þeim, er flytur, skylt að hreinsa það upp þegar í stað.

20. gr.

Bannað er með öllu að bera salernisáburð í garða, hvort heldur er um að ræða matjurta- eða skrúðgarða. Sorphaugar, opnar sandgryfjur eða forir mega ekki vera á þéttbyggðum svæðum í hreppnum.

Ekki má hengja upp eða leggja við almannafæri fiskiföng eða annað það, sem óþrifnaði eða óþef getur valdið.

III. KAFLI

Um vatnsveitu, vatnsból og frárennsli.

21. gr.

Gæta skal ákvæða 10. gr. b. að því er varðar vatnsból, vatnsveitu og frárennsli og eftirlit með því.

22. gr.

Allar byggingar innan vébanda Njarðvíkurhrepps skulu taka neyzluvatn úr hinni sameiginlegu vatnsveitu hreppsins.

Skip skulu einnig taka vatn úr vatnsveitu til þvotta á fiskilestum og þilfari.

23. gr.

Leita skal samþykkis og umsagnar heilbrigðisnefndar, sé ný vatnsleiðsla lögð eða eldri breytt. Sama máli gegnir, ef leyfa skal önnur vatnsból.

24. gr.

Lagningu allra holræsa á samþykktarsvæðinu skal bera undir heilbrigðisnefnd.

25. gr.

Öllum húseigendum í Njarðvíkurhreppi skal skylt að leggja nægilega við og hallandi holræsi frá húsi sínu og út í göturæsi, þar sem til þess næst. Skulu ræsi þessi eigi verr gerð en aðalræsin. Eftir þeim skal leiða allt skolp frá húsinu, enn fremur rigningarvatn eftir því sem við verður komið. Húseigandi skal á sinn kostnað sjá um hreinsun á ræsum þeim, er frá húsinu ganga og gæta þess, að frárennsli stíflist ekki.

26. gr.

Þar sem skolpi verður ekki veitt í götuholræsi, skal veita því eftir vatnsheldum holræsum gegnum rotþrær og leita um það fyrirmæla heilbrigðisnefndar hverju sinni.

27. gr.

Ef skolp er mengað daunillum efnum eða öðru, er þarfnast sérstakrar meðferðar, skal farið með það hverju sinni eftir fyrirmælum heilbrigðisnefndar.

28. gr.

Þar sem því verður við komið og ekki veldur óþrifnaði, skal leggja öll skolp-ræsi til sjávar, og skulu þau ná út fyrir smástraumsfjöruborð, að svo miklu leyti sem framkvæmanlegt er.

IV. KAFLI

Um salerni og meðferð sorps.

29. gr.

Öll salerni á samþykktarsvæðinu skulu vera vatnssalerni. Heilbrigðisnefnd getur þó veitt undanþágur, ef sérstaklega stendur á, t. d. bráðabirgðasalerni verkamanna á vinnustað, en jafnan skal leita fyrirmæla heilbrigðisnefndar um salerni þessi, svo og um uppsetningu salerna af annarri gerð en vatnssalerni.

30. gr.

Hverju íbúðarhúsi skulu fylgja nægilega mörg sorpilát úr málm, að stærð og gerð eftir fyrirmynd, sem heilbrigðisnefnd lætur í té. Í þau skal láta allt sorp, ösku og rusl úr húsinu, og mega þau aldrei standa opin. Ílátin skulu jafnan tæmd, áður en þau fyllast, og sorpið flutt í burt. Öllum matarleifum og öðrum lífrænum úrgangi skal komið fyrir í lokuðum plastpokum áður en því er fleygt í sorpið.

Ekki má leggja skarnrennur í hús, nema heilbrigðisnefnd fallist á frágang þeirra.

31. gr.

Hreppsnefnd lætur annast brottflutning sorps, og ákveður í samráði við heilbrigðisnefnd, hvert það skuli flutt og hvernig skuli eytt eða fyrir komið. Þá skal þess vandlega gætt, að enginn óþefur eða óþrifnaður annar berist frá sorphaugnum til mannabyggða eða á almannafæri.

V. KAFLI

Um veggjalús, kakalaka og önnur meindýr.

32. gr.

Húseigendum er skylt að tilkynna heilbrigðisnefnd, ef vart verður meindýra í húsum þeirra, hvort sem þau eru notuð til íbúðar, geymslu eða einhvers konar rekstrar.

Óheimilt er að leigja íbúðir, þar sem meindýra verður vart, fyrr en þau hafa verið upprætt. Enginn má flytja úr þess háttar íbúð í aðra, nema gerðar séu ráðstaf-

anir, er heilbrigðisnefnd metur gildar, til þess að meindýr berist ekki með honum. Skylt er húsráðanda að uppræta meindýr úr húsum sínum og hlíta um það fyrir-mælum heilbrigðisnefndar í hvívetna. Ef einhver vanrækir að gera slíkar ráðstafanir innan þess tíma, er nefndin hefur til tekið, getur hún látið framkvæma þær á hans kostnað.

33. gr.

Að öðru leyti skal gæta ákvæða 10. gr. d.

VI. KAFLI

Um íbúðarhúsnæði.

34. gr.

Um íbúðir og íbúðarherbergi í kjöllum fer eftir almennum lögum og reglum, er á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. lög nr. 57 14. júní 1929, um íbúð í kjöllurum), svo og eftir byggingarsamþykkt hreppsins.

Umfram það, sem fyrir er mælt í almennum lögum og byggingarsamþykkt, skal gætt ákvæða 10. gr. e. og 35.—40. gr. þessarar samþykktar.

35. gr.

1. Íbúðarherbergi er hvert það herbergi í húsi, sem ætlað er til dagvistar eða næturvistar fyrir fólk, eða hvort tveggja. Það er talin sérstök íbúð, ef eldhús fylgir, hvort sem herbergin eru eitt eða fleiri.
2. Lofthæð íbúðarherbergja má ekki vera minni en 2.50 metrar. Sé herbergi undir súð, verður að minnsta kosti helmingur af gólfleti þess, og aldrei minna en 6 fermetrar, að hafa lofthæð 2.5 m. Í gömlum húsum og þakherbergjum má leyfa minni hæð. Þó má hæðin aldrei vera minni en 2.15 m, enda sé veggur enginn lægri en 85 cm.
3. Gólfplötur íbúðarherbergis má ekki vera minni en 6 m², nema það sé eingöngu ætlað til næturvistar. Má leyfa eitt slíkt herbergi í hverri íbúð, enda sér það ekki minna en 4 m² að gólfleti.
4. Á hverju íbúðarherbergi skal vera gluggi, sem má opna og má glerflötur í gluggum íbúðarherbergis ekki vera minni en ½ af gólfleti þess.

36. gr.

Kjallara má því aðeins nota til íbúðar, að fullnægt sé eftirfarandi skilyrðum: Kjallari sé ekki grafinn dýpra í jörð en 1 m á þeim hluta, sem íbúðarherbergin eru í, og gluggar ekki neðar en 25 cm frá jörðu. Lofthæð herbergja í nýbyggðum húsum sé eigi minni en 2.30 m. Glerflötur glugga eigi minni en ½ af gólfleti herbergis. Gólf skal gert úr vatnsheldu efni. Íbúðin sé rakalaus og með nægri hitun.

37. gr.

Hverri íbúð skal fylgja forstofa, og hverju íbúðarherbergi skal séð fyrir nægilegum hita.

Í hverri íbúð mega ekki búa fleiri en svo, að 10 teningsmetrar af loftrúmi komi á hvern íbúa, enda séu aðeins talin sjálf íbúðarherbergin.

38. gr.

Hver íbúð skal hafa aðgang að vatnssalerni. Salernisklefi skal vera minnst 0.85 m² að gólfleti og hafa næga loftræstingu. Í honum eða í sambandi við hann skal vera handlaug. Gólf og veggir salernis skulu flísalagðir minnst 1.5 metra hæð frá gólfi. Nota má þó annað efni, er heilbrigðisnefndin telur jafngilda til hreinlætis.

Hver íbúð skal hafa aðgang að þvottahúsi, enda hafi þau vatnsþétt gólf með afrennsli og svo gengið frá lofti og veggjum, að þoli raka og gufu. Ef ekki er gluggi á hjörum í þvottahúsi eða eldhúsi, skal loftræsa það út fyrir vegg eða upp fyrir þak, en ekki inn í reykháf.

39. gr.

Héraðslæknir og heilbrigðisnefnd skulu hafa eftirlit með þeim íbúðum, sem ástæða er til að ætla, að ekki fullnægi nauðsynlegum heilbrigðiskröfum. Nú er þannig ástatt um íbúð eða einstök herbergi, að telja verður þau heilsuspillandi eða óþrifaleg, einkum vegna raka, kulda, þrengsla eða slæms viðhalds, og skal þá heilbrigðisnefnd gera húseigenda skriflega aðvart og veita honum hæfilegan frest til úrbóta. Verði ekki úr bætt á tilsettum tíma, er nefndinni heimilt að banna hana til íbúðar og láta rýma hana. Skaðabóta fyrir slíkt bann verður ekki krafizt.

40. gr.

Nú býr húseigandi ekki í hreppnum og skal hann þá hafa þar umboðsmann, sem heilbrigðisnefndin getur snúið sér til.

VII. KAFLI

Um vinnustöðvar iðju-, iðnaðar-, verka-, skrifstofu- og afgreiðslufólks.

41. gr.

Um vinnustöðvar iðju-, iðnaðar-, verka-, skrifstofu- og afgreiðslufólks, þar með taldar verbúðir, verkamannaskýli og þess háttar, fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. lög nr. 23 1. febr. 1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðvum, reglugerð nr. 10 16. febr. 1929, um eftirlit með verksmiðjum og vélum, með breytingum skv. reglugerð nr. 95 30. júní 1941).

Umfram það, sem mælt er fyrir í almennum lögum og reglugerðum, skal gætt ákvæða 10. gr. f., 11. og 42.—48. gr.

42. gr.

Slíkar stöðvar skulu þannig úr garði gerðar, að lífi, heilsu, og limum verkamanna við vinnu og dvöl á vinnustaðnum sé tryggt nægilegt öryggi.

Vinnustofur mega ekki vera lægri undir loft en 2.5 m, og gólfflötur aldrei minni en 3 m² fyrir hvern verkamann. Þó skal loftrúm aldrei minna en 8 m³ á mann, en 12 m³, þar sem óvenjuleg hættu er á, að loft spillist við vinnuna. Gólf skulu þannig gerð, að auðvelt sé að halda þeim hreinum, og aldrei mega vera á þeim neins konar ábreiður.

Séð skal fyrir hentugri og nægilegri birtu handa hverjum einstökum starfsmanni og fyrir nægilegum hita eftir því sem við á um tegund vinnunnar.

43. gr.

Loftræsting skal vera nægileg. Í vinnustöðvum, þar sem rekin er atvinna, sem mikið ryk fylgir, skal vera sérstakur útbúnaður til að soga burt rykið. Auk þess getur heilbrigðisnefnd krafizt þess, að starfsfólkinu sé séð fyrir sérstökum rykverjum, einkum ef rykið er óvenjulega mikið eða skaðvænlegt. Sama gildir og þegar um skaðvænar lofttegundir er að ræða.

44. gr.

Starfsfólk skal hafa sérstaka fatageymslu, utan vinnustofunnar eða í lokuðum skápum, og herbergi til þess að matast í. Starfsfólk skal hafa greiðan aðgang að salernum og handlaugum. Þar sem 5 konur hið fæsta eru á vinnustað, skulu þær eiga

rétt á sérstökum salernum. Ekki má ætla eitt salerni fyrir meira en 20 karlmenn eða 15 konur.

Hrákailát skulu vera svo mörg, sem heilbrigðisnefnd þykir þurfa, og af þeirri gerð, er henni þykir hlýða.

45. gr.

Ræsting á vinnustöðvum innan húss skal fara fram daglega utan vinnutíma og skulu gólf þá jafnan þvegin en ekki sópuð.

46. gr.

Heilbrigðisnefnd skal einnig hafa eftirlit með vinnustöðvum utan húss eða í hálfopnum húsum, svo sem fiskverkunarstöðvum, sildarverksmiðjum o. þ. h. og gilda þá um slíkar stöðvar ákvæði 44. gr., eftir því sem við á.

47. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa eftirlit með hollustuháttum í skrifstofum, sem opnar eru fyrir almenning, svo og hvers konar afgreiðslustofum og verzlunarbúðum.

48. gr.

Ekkert húsnæði má taka til afnota fyrir starfsrekstur þann, sem um getur í næstu grein á undan, nema hæð þess undir loft sé að minnsta kosti 2.5 m, enda skal engum starfsmanni ætlað minna en 10 m³ loftrúm.

Þar sem gert er ráð fyrir mikilli aðsókn aðkomufólks, getur heilbrigðisnefnd krafizt meira loftrýmis.

Loftræsting skal vera í góðu lagi og vélknúin, ef heilbrigðisnefndin telur þess þörf, og þá einkum í verzlunarbúðum, sem verzla með ryksælar vörur, svo sem vefnaðarvörur o. þ. h.

Séð skal fyrir nægilegum hita og birtu. Skal ljósflötur glugga ekki vera minni en 1/8 gólfplatar.

Gólf skulu lögð gólfduk eða öðru því efni, sem telja má jafngilda til hreinlætis. Gólf skulu þvegin daglega utan vinnutíma og búðin hreinsuð af ryki.

49. gr.

Starfsfólk skal eiga greiðan aðgang að salernum og handlaugum, svo að nægilegt sé, sbr. 14. og 44. gr.

VIII. KAFLI

Um skrifstofur, bókasöfn, afgreiðslur og verzlunarbúðir, sem ekki lúta sérstökum fyrirætlum í samþykkt þessari.

50. gr.

Gætt skal ákvæða 10. gr. f. og 11.—15. gr. samþykktar þessarar.

IX. KAFLI

Um vöruskemmur og aðrar vörugemslur.

51. gr.

Heilbrigðisnefnd skal láta sig skipta gemslu á öllum neyzluvörum og húsnæði, sem notað er til þeirra hluta. Skulu allar slíkar vörugemslur vera vel loftræstar og rakalausar og þrifalega um þær gengið. Heilbrigðisnefnd getur krafizt endurbóta og hreinsunar á þeim, eftir því sem henni þykir þurfa.

Nú verður í slíkum geymslum vart meindýra, og skal það tilkynnt heilbrigðisnefnd. Hún segir fyrir um, hvernig með skuli fara og eru hlutaðeigendur skyldir að hlýta fyrirmælum hennar.

52. gr.

Að öðru leyti skal gætt ákvæða 10. gr. f. og 11. og 15. gr.

X. KAFLI

Um skóla og aðra kennslustaði.

53. gr.

Um skólahúsnæði og heilbrigðiseftirlit í skólum fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. lög nr. 61 8. júní 1957, um heilsuvernd í skólum og reglugerð nr. 214 22. janúar 1958, um heilsuvernd í skólum, 9. gr. berklavarnarlaga nr. 66 30. des. 1939 og 11. gr. farsóttarlaga nr. 10 19. marz 1958).

Umfram það, sem fyrir er mælt í almennum lögum og reglugerðum, skal gætt ákvæða 10. gr. f., 11.—15. gr. og 54.—60. gr.

54. gr.

Lofthæð í stofum, sem notaðar eru til kennslu, skal vera a. m. k. 3 m og gólf-flötur á hvern nemanda a. m. k. 1.4 m². Ljósflötur glugga skal vera a. m. k. ¼ gólf-flatar, og gluggar mega ekki vita móti norðri.

Birta skal falla á vinstri hönd nemanda. Hiti í kennslustofu skal vera minnst 18—19 stig C, og fylgi hitamælir hverri kennslustofu.

55. gr.

Kennsluborð og tæki skulu hæfa nemendum. Þau mega hvorki vera rifin né sprungin, og auðvelt skal að halda þeim hreinum.

56. gr.

Hver nemandi skal hafa aðgang að sérstökum fatasnaga og sérstöku hólfi til geymslu á hlífðar- og útiskófatnaði. Ekki má geyma fatnað í kennslustofum, og ekki ganga þangað inn á útiskóm.

57. gr.

Ekki mega nemendur nota sameiginleg drykkjarker, og jafnan skal drykkjarbúnaður þannig, að ekki þurfi að snerta hann með vörum þegar drukkið er.

58. gr.

Nemendur skulu hafa greiðan aðgang að vatnssalernum og handlaugum. Skulu þau ekki færri en svo, að eitt salerni komi á hverja 30 pilta og eitt á hverjar 20 stúlkur. Auk þess hafi piltar aðgang að þvagstæðum.

59. gr.

Skólalæknir hefur eftirlit með heilsufari og þrifum nemenda og sér um, að fram sé fylgt í skólum fyrirmælum heilbrigðisnefndar og ávæðum þessarar samþykktar og almennra laga og reglugerða, er að heilbrigðismálum lúta. Hann lætur heilbrigðisnefnd í té skýrslur um þann þátt starfs síns, er hana varðar.

60. gr.

Nemandi, sem haldinn er kláða eða öðrum óþrifum, má ekki sækja skóla. Sama máli gegnir um starfsmenn skólans.

XI. KAFLI

Um sjúkraskýli, lækningastofur og aðrar heilbrigðisstofnanir.

61. gr.

Um heilbrigðisstofnanir og tilhögun þeirra fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. sjúkrahúsalög nr. 54 10. júlí 1964 og væntanlegar reglugerðir eftir þeim).

Umfram það, sem fyrir er mælt í almennum lögum og reglum, skal gætt ákvæða 10. gr. f. og 11.—15. gr.

XII. KAFLI

Um dagvistarheimili barna.

62. gr.

Heilbrigðisnefnd getur í samráði við hreppsnefnd sett sérstök ákvæði um dagvistarheimili barna.

XIII. KAFLI

Um gistihús, matsölur og aðra veitingastaði.

63. gr.

Hver sá, sem rekur eða hyggst reka gistihús á samþykktarsvæðinu, matsölu eða veitingahús hvers konar, skal gæta fyrirmæla laga nr. 53 20. apríl 1963 um veitingasölu, gististaðahald o. fl. Einnig skal gæta ákvæða í lögreglusamþykkt Gullbringusýslu.

64. gr.

Gistihús er hvert það hús eða húshluti, þar sem menn dveljast næturlangt fyrir borgun.

Svefnherbergi í gistihúsum mega ekki vera minni en svo að 8 m³ loftrými komi á hvern gest.

Sængurfatnaður skal ætíð vera þokkalegur, heill og laus við ólykt. Ávallt skal skipta á rúmfatnaði, áður en nýjum gesti er vísað til sængur og minnst vikulega.

Gestir skulu hafa greiðan aðgang að baði.

65. gr.

Lofthæð veitingastofu skal vera a. m. k. 2.5 m, og hverjum gesti skal ætlað a. m. k. 2.15 m² gólfplötur. Ekki má vera innangengt milli veitingastofu og herbergja, sem eru rekstrinum óviðkomandi.

66. gr.

Á veitingastofum, þar sem heitir réttir eða drykkir eru framreiddir, skal vera sérstakt eldhús með fullkomnum tækjum til matreiðslu, uppþvotta og sóttþreinsunar. Í eldhúsum skulu vera vélknúin loftræstingartæki, ef þurfa þykir.

Réttir, sem ekki er neytt 4 klst. frá tilbúningi, skulu geymdir í kælikápum, þar sem hiti er undir 5 stigum C. Þetta gildir þó ekki um heita rétti, sem geyma á í minnst 60 stiga hita C, unz þeirra er neytt.

67. gr.

Ekki skal bera gestum skörðótt eða sprungin matar- eða drykkjarilát og matreiðslu- og uppþvottatæki skulu heil. Ílát og borðbúnað skal þvo úr heitu sápu-

vatni og sjóða eða sóthreinsa í hæfilega virkum sóttthreinsunarlegi hverju sinni eftir notkun. Búr, hillur og þess konar ber að þvo einu sinni í viku hið minnsta. Í veitingastofu má ekkert geyma, sem ekki er ætlað til daglegra nota.

68. gr.

Herbergi, sem sjúkur maður hefur legið í, ber að sóttthreinsa áður en að það er notað að nýju, nema héraðslæknir telji það óþarft. Sama máli gegnir um rúmfatnað og aðra muni, sem hinn sjúki maður hefur notað.

69. gr.

Að öðru leyti skal gæta ákvæði 10. gr. f. og 11.—15. gr.

XIV. KAFLI

Um rakara-, hárgreiðslu- og snyrtistofur.

70. gr.

Heilbrigðisnefnd getur ásamt hreppsnefnd sett sérstök fyrirmæli varðandi þessi fyrirtæki, ef rekstur þeirra yrði upp tekinn á samþykktarsvæðinu.

XV. KAFLI

Um kirkjur og önnur samkomuhús.

71. gr.

Veggir, loft og gólf í kirkjum og öðrum samkomuhúsum skal þannig gert, að auðvelt sé að halda því hreinu. Vélknúin loftræstingartæki skulu sett þar, sem slíks er talin þörf.

72. gr.

Að öðru leyti skal gæta ákvæða 10. gr. f. og 11.—15. gr.

XVI. KAFLI

Um meðferð og sölu matvæla og annarrar neytluvöru.

73. gr.

Um meðferð og sölu matvæla og annarrar neytluvöru fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma eru í gildi um það efni (sbr. lög nr. 24 1. febr. 1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neytlu- og nauðsynjavörum, og reglugerðir, sem settar hafa verið samkvæmt þeim lögum, einkum reglugerð nr. 49 15. júlí 1936 og reglugerð nr. 17 22. febr. 1939, reglugerð nr. 147 4. sept. 1953 um mjólkurvörur, bráðabirgðareglur nr. 57 12. marz 1941, um framleiðslu og sölu á rjómaís með eða án bragðbætandi efna, lög nr. 5 22. febr. 1949, um kjötmat o. fl. auglýsingu nr. 185 22. nóv. 1940, um nokkrar vörur úr kjöti, og reglugerð nr. 155 8. sept. 1949, um kjötmat o. fl.).

Umfram það, sem fyrir er mælt í almennum lögum og reglugerðum skal gætt ákvæða 10. gr. f., 11.—15. gr. og 74.—87. gr.

A. Almenn ákvæði.

74. gr.

- a. Ekki má vera innangengt milli neytluvörubúða eða neytluvörugeymslna og íbúðarherbergja eða annarra herbergja, sem rekstrinum eru óviðkomandi.

- b. Lofthæð húsakynna skal vera a. m. k. 2.5 m. Vélknúin loftræstingartæki skulu sett þar, sem heilbrigðisnefnd telur þörf.
- c. Búðir og matvælagarðarhús skal verja fyrir rottum, músum, flugum og öðrum meindýrum.
- d. Aldrei má handfjatla óumbúna vöru, sem ætluð er til neyzlu, eins og hún kemur úr búð, en nota til afgreiðslu á henni þar til gerð áhöld.
- e. Til umbúða má einungis nota hreinan umbúðapappír eða annað jafngildi.
- f. Vöru, sem seld er í neyzluvörubúðum, má aldrei neyta þar inni, nema húsakynni og annar búnaður sé til þess gerður og leyfi heilbrigðisnefndar sé til þess fengið.
- g. Í búðum og matvælasölustöðum skulu vera lokuð ílát undir úrgang, og skulu þau tæmd daglega.

B. Um mjólk og mjólkurvörur.

75. gr.

Mjólk og mjólkurvörur má aðeins selja úr sérstökum búðum, sem fengið hafa til þess leyfi frá heilbrigðisnefnd. Þó er heimil mjólkursala á matsölu- eða veitinga- húsnum til neyzlu þar. Öll mjólk, sem seld er, skal vera gerilsneydd.

76. gr.

Um sölu á rjómais gilda almennar reglur um sölu matvæla, svo og aðrar þær reglur, sem í gildi eru á hverjum tíma.

C. Um brauðgerðarhús, brauðbakstur og heimabakstur o. fl.

77. gr.

Verði brauðgerðarhús starfrækt á samþykktarsvæðinu, getur heilbrigðisnefnd sett um það nánari fyrirmæli í samráði við hreppsnefnd.

78. gr.

Öll óumbúin vara skal geymd í luktum skápum. Brauð, sem ekki verða afgreidd með sérstökum tækjum (sbr. 74. gr. d.), skulu geymd og afhent í sérstökum um- búðum.

79. gr.

Brauðvörur má aldrei hafa á boðstólum á götum úti eða á torgum né ganga með þær húsa á milli í framboðsskyni.

Brauðvörur skal flytja milli brauðgerðarhúsa og búða í hreinum, lokuðum og rykheldum kössum.

80. gr.

Heimabakaða brauðvöru má ekki selja, nema heilbrigðisnefnd hafi í samráði við hreppsnefnd veitt leyfi til þess og farið sé að fyrirmælum heilbrigðisnefndar um allt, sem máli skiptir. Þó eru undanskildar brauðvörur seldar sem þáttur almennra veitinga á vegum félaga og einstaklinga, enda fari sá rekstur eftir almenn- um reglum um hreinlæti.

D. Um meðferð og sölu kjötvöru.

81. gr.

Kjöt og kjötvörur til daglegrar neyzlu má einungis selja í sérstökum kjötbúðum eða deildum. Þó getur heilbrigðisnefnd veitt undanþágu frá þessu ákvæði um stundar- sakir, ef nauðsyn ber til.

Í kjötbúðum má einnig selja harðan og frystan fisk í umbúðum, nýjan og reyktan lax og silung, síld, fiskfars, niðursuðuvörur, feitmeti, áskurð, osta, egg, kartöflur rófur, grænmeti, svo og aðra vöru, er heilbrigðisnefnd leyfir þar sölu á.

Um kjötbúðir gilda sérstaklega þessi fyrirmæli:

- a. Gólf kjötbúðar (eða deildar) skal vera vatnshelt og lagt flisum og/eða öðru jafngildu, rás skal úr gólfi niður í skolpræsi, veggir skulu flisalagðir, glerjaðir eða húðaðir öðru jafngildi, en búðin að öðru leyti máluð.
- b. Botn búðarborða skal vera a. m. k. 15 cm frá gólfi. Borð skulu lögð gleri, marmara eða öðru jafngildu. Matvæli, sem standa á borðum, skulu varin gleri.
- c. Kjötkrókar og kjöbstengur skal vera gljád, höggstokkar, ef notaðir eru, úr hörðum viði, og eggjárn öll óryðguð.
- d. Vara, sem ætluð er til neyzlu, eins og hún kemur úr búð, skal geymd í luktum glerskápum.
- e. Kæliklefi eða kælikápur skal vera í hverri kjötbúð (eða deild).

E. Um meðferð og sölu á neyzlufiski.

82. gr.

Í fiskverkunarhúsum skulu vera steinsteypt gólf með niðurfallsopum, einu eða fleiri, og hallist gólfið að þeim. Veggir skulu kalkaðir, nema heilbrigðisnefnd leyfi aðra tilhögun. Vatnsleiðsla skal vera um allt húsið.

Staðsetning fiskhjalla til þurrkunar á skreið skal vera háð samþykki heilbrigðisnefndar.

83. gr.

Með þeim undantekningum, sem um getur í 81. og 85. grein skal selja óunninn neyzlufisk í sérstökum fiskbúðum. Í fiskbúðum má einnig selja niðursuðuvöru, sjófugl, hval, sel, hákarl, harðfisk í umbúðum og aðra þá vöru, sem heilbrigðisnefnd leyfir sölu á.

84. gr.

Um fiskbúðir gilda sérstaklega þessi fyrirmæli:

- a. Gólf skal vera úr terrazzo eða öðru jafngildu, með niðurfalli og hæfilegum halla á því.
- b. Gengið skal þannig frá veggjum, að auðvelt sé að hreinsa þá.
- c. Búðarborð skulu vera skúffulaus og klædd ryðfríum stálplötum eða öðru jafngildu. Skal þannig frá þeim gengið, að auðvelt sé að hreinsa undan þeim.
- d. Geymsluklefi skal fylgja hverri búð.
- e. Sérstakur upphitaður klefi skal ætlaður starfsfólki til fataskipta og dvalar, en fiskbúðin sjálf sé ekki upphituð.
- f. Í búð eða geymsluklefa skal vera þvottaker með rennandi vatni til fiskþvottar, þar skal enn fremur vera lokað ílát undir fiskúrgang og ber að hreinsa það daglega.
- g. Í búðinni skulu vera trog eða bakkar undir fisk. Ef trog eru notuð, skulu þau grænmáluð utan, en ljósmáluð innan og göt á botni.
- h. Kassar, sem notaðir eru til flutnings á fiski úr fiskbúð til neytenda, skulu vera með loki, grænmálaðir að utan en ljósmálaðir að innan, og á þá málað nafn eða merki eigandans.
- i. Ekki má láta fisk liggja á gólfi í búð eða í geymslu.

85. gr.

Heilbrigðisnefnd getur í samráði við hreppsnefnd leyft til bráðabirgða sölu á neyzlufiski annars staðar en í sérstökum fiskbúðum. Slík starfsemi skal að sjálfsögðu háð eftirliti heilbrigðisnefndar, sem og annað það, er að meðferð og sölu neyzluvarnings lýtur, og skal hún háð ákvæðum 11.—15. gr. svo og 84. gr. eftir því, sem við verður komið.

86. gr.

Frá 1. maí til septemberloka má ekki selja óslægðan fisk, og aldrei má selja fisk, sem ekki hefur verið slægður, áður en sólarhringur er liðinn frá því að hann var veiddur.

Allur neyzlufiskur skal vera hreinn, óskemmdur, ómarinn og að öllu leyti óaðfinnanlegur.

Við flutning á fiski, skal ætíð gætt fyllsta hreinlætis.

F. Um meðferð og sölu annarrar neyzluvöru.

87. gr.

Kornvöru, sykur og aðra neyzluvöru, sem ekki eru sérstök ákvæði um í samþykkt þessari og vegin er eða mæld jafnóðum og sala fer fram, skal geyma í vel luktum skúffum eða ílátum, sem aldrei mega standa opin.

Smjör, smjörliki og ost skal geyma í vel luktum glerskápum.

XVII. KAFLI

Um baðstaði, sundlaugar og aðrar íþróttastöðvar.

A. Um sundlaugar og baðstaði.

88. gr.

Gólf baðherbergja skv. þessum kafla skulu vera flísalögð og veggir flísalagðir, glerjaðir eða húðaðir öðru jafngildu í 1.80 m hæð.

89. gr.

Sundlaugar skulu vera úr steinsteypu og svo sléttar innan, að auðvelt sé að þvo gólf og vegg. Barmarnir skulu vera hærri en gólfið í kring. Meðfram innanverðum börnum ofan vatnsborðs skulu vera vantsheldar rennur eða ílát, er sundgestir geti hrækt í.

90. gr.

Vatn eða sjór, sem notað er í sundlaug, skal vera hreint og gerlagróður þess ekki meiri en 1000 í hverjum cm^3 og saurgerlar í sundlaugarvatni (*B. coli*) mega ekki finnast að staðaldri í 1 cm^3 . Taka skal sýnishorn af vatni til rannsóknar svo oft, sem heilbrigðisnefnd telur ástæðu til.

Sundlaugar skal hreinsa svo oft, sem þurfa þykir.

91. gr.

Sundlaug skulu fylgja hæfilega margir búningsklefar, blaðklefar með steypiböðum, salerni og þvagstæði. Húsakynnum skal hagað þannig, að sundgestir komist ekki í laugina nema úr baðklefa. Skylt er að hafa björgunartæki við sundlaug.

92. gr.

Sundgestum er skylt að sápuþvo sig vandlega, áður en þeir fara í sundlaug. Bannað er að hrækja eða snýta sér í laugina eða saurga hana á annan hátt, og er heimilt að vísa sundgestum hurt, ef þeir verða uppvísir að slíku.

93. gr.

EKKI MÁ HLEYPA fleiri gestum í sundlaug í senn, en svo, að a. m. k. 3 m^2 af yfirborði vatnsins komi á hvern gest.

94. gr.

Ef uppvíst verður, að sundgestur hefur næman sjúkdóm eða óþrifakvilla, opin sár, rennsli úr augum, eyrum eða nefi, áberandi kvef, niðurgang eða aðra kvilla, sem borizt geta manna á milli, ber að synja honum um aðgang að sundlaug. Ef grunur leikur á, að sundgestur sé haldinn einhverjum slíkum kvilla, skal synja honum um aðgang, nema læknisvottorð komi til.

95. gr.

Ef grunur leikur á, að smitandi sjúkdóm, t. d. fótamyglu (epidermophytosis interdigitalis plantarum), megi rekja til smitunar í sundlaug, skal tafarlaust gera héraðslækni viðvart og hlíta fyrir mælum hans um varúðarráðstafanir.

96. gr.

Baðföt, handklæði, bursta og annað, sem lánað er sundlaugargestum til afnota, skal sjóða eftir notkun hverju sinni eða leggja í sóttþreinsunarlög eftir nánari fyrir- mælum héraðslæknis.

97. gr.

Útisundlaug má ekki vera nær peningshúsum, safngryfjum, sorphaugum eða öðru slíku en 200 metra.

Skal búið svo um, að vatn úr umhverfi sundlaugar geti ekki runnið í hana eða safnast umhverfis hana.

98. gr.

Sérstakur umsjónarmaður skal hafa umsjón með lauginni og sjá um, að reglum hennar sé hlýtt. Enginn má fá aðgang að lauginni, nema með hans leyfi.

99. gr.

Enn fremur skal fara eftir fyrir mælum íþróttalaga og reglugerða þeirra, sem í gildi eru. Gæta skal einnig fyrir mæla lögreglusamþykktar fyrir Gullbringusýslu.

100. gr.

Heilbrigðisnefnd getur í samráði við hreppsnefnd veitt til bráðabirgða undan- þágu frá þeim fyrir mælum, sem ósamrýmanleg eru aðstæðum, þar til skilyrði til sundiðkana hafa verið bætt frá því sem nú er.

B. Um íþróttahús.

101. gr.

Gluggar skulu vera á gagnstæðum hliðum íþróttasalar og glerflötur þeirra helzt ekki minni en $\frac{1}{2}$ hluti gólfflatar. Gólf skulu þannig gerð, að slysaætta verði sem minnst. Leitast skal við að gera áhöld og dýnur þannig úr garði, að þau safni ekki í sig ryki.

102. gr.

Auk æfingasalar skulu vera í íþróttahúsi eða í þeirri byggingu, sem notuð er til íþróttaiðkana, eitt eða fleiri búningsherbergi, baðherbergi með steypiböðum, salerni og áhaldaherbergi eða skápur fyrir ræstítæki.

Haga skal húsakynnum þannig, að gengt sé í leikfimisal úr búningsklefa, og ætíð gengið á hreinum skóm.

103. gr.

Íþróttahús má ekki nota örara en svo, að nægur tími sé til nauðsynlegrar hrein- gerningar og loftræstingar.

C. Um íþróttavelli og útiskemmtistaði.

104. gr.

Íþróttavöllur skal þannig úr garði gerður, að sem minnst rykist upp af honum. Hann skal hreinsaður eftir þörfum, og aldrei má safnast þar fyrir rusl. Heilbrigðisnefnd getur sett nánari reglur, ef þurfa þykir.

105. gr.

Heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með útiskemmtistöðum. Þeim, sem útiskemmtun heldur, skal skylt að hafa samráð við heilbrigðisnefnd um, að gætt sé hreinlætis og góðrar umgengni á samkomusvæðinu.

D. Um útileikvelli barna.

106. gr.

Heilbrigðisnefnd getur í samráði við hreppsnefnd sett sérstakar reglur um útileikvelli barna.

XVIII. KAFLI**Um eftirlit með skipum, bátum og bifreiðum.**

107. gr.

Um eftirlit með skipum og bátum fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. lög nr. 50 31. júlí 1959, um eftirlit með skipum, svo og reglur nr. 11 20. jan. 1953, um eftirlit með skipum og öryggi þeirra, sóttvarnarlög nr. 34 12. apríl 1954 og farsóttalög nr. 10 19. marz 1958).

Umfram það sem fyrir er mælt í almennum lögum og reglugerðum, skal gætt ákvæða nr. 10. gr. f. og 108.—112. gr.

108. gr.

Vistarverum skipshafna og farþega skal haldið eins hreinum og auðið er, svo og bifreiðum. Um meðferð matvæla í skipum og bátum gilda sömu reglur sem á veitingahúsum, eftir því sem við verður komið.

109. gr.

Ekki má flytja með skipum, bátum né bifreiðum sjúklinga með næma sjúkdóma nema með leyfi héraðslæknis, sem hefur um það samráð við landlækni, þegar mikið er í húfi.

110. gr.

Ef vart verður meindýra í skipi eða bát, sömuleiðis lúsa, kláða eða annarra óþrifa á skipverjum, skal skipstjóri tilkynna það heilbrigðisnefnd þegar í stað, og ber að hlíta fyrirmælum hennar um uppræingu.

111. gr.

Skipstjórar, útgerðarmenn, bifreiðastjórar og eigendur bifreiða bera ábyrgð á, að farið sé að fyrirmælum héraðslæknis og heilbrigðisnefndar um allt, er lýtur að þrífnaði, sóttvörnum og heilsugæzlu í skipum, bátum og bifreiðum.

Kyrrsetja má skip og taka bifreið úr umferð, ef brotið er í bága við fyrirmæli héraðslæknis eða heilbrigðisnefndar.

112. gr.

Heilbrigðisnefnd getur krafizt þess, ef þurfa þykir, að skipverji leggi fram, áður en hann er skráður í skiprúm, eigi eldra læknisvottorð en tveggja mánaða, um að hann sé ekki haldinn neinum næmum sjúkdómi eða óþrífakvilla.

XIX. KAFLI

Um peningshús, búrekstur og skepnuhöld.

113. gr.

Auk þess sem fyrir er mælt í lögreglusamþykkt Gullbringusýslu, skal gætt ákvæða 10. gr. f. og 11. gr. þessarar samþykktar og 114.—118. gr. um peningshús og búrekstur og skepnuhöld.

114. gr.

Ekki má reisa peningshús, haughús, áburðarhús eða safngryfjur nema í samræmi við ákvæði heilbrigðissamþykktarinnar, enda skulu slíkar framkvæmdir tilkynntar heilbrigðisnefnd.

115. gr.

Peningshús má ekki standa nær íbúðarhúsi né alfaravegi en 10 metra, og ekki má það standa nær vatnsbóli en 15 metra, og því aðeins svo nærri, að jarðvegi halli frá vatnsbóli.

116. gr.

Peningshús skulu vera björt og loftgóð, gólf og flórar úr efni, sem auðvelt er að þrifa og húsinn að öðru leyti þannig gerð að auðvelt sé að hreinsa þau. Skulu þau kólkuð eða þrifu viðlíka vel a. m. k. einu sinni á ári.

Gengið skal þannig frá haug- og áburðarhúsum og safngryfjum, að ekki berist frá þeim til mannabyggða ódaunn eða óþverri og mönnum og skepnum stafi ekki hætta af, þótt yfir þau sé gengið.

117. gr.

Hundahald er bannað á samþykktarsvæðinu. Þó getur hreppstjóri leyft mönnum, er stunda búrekstur, að hafa smalahunda, ef heilbrigðisnefnd veitir samþykki til.

118. gr.

Búpeningur má ekki ganga laus innan takmarka Njarðvíkurhrepps.

XX. KAFLI

Um kirkjugarða, geymslu og meðferð líka.

119. gr.

Um kirkjugarða og meðferð líka fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. lög nr. 21 23. apríl 1963, reglugerð nr. 83 25. júlí 1934, hvort tveggja um kirkjugarða, lög nr. 42 10. nóv. 1913 og reglugerð nr. 24 1. apríl 1936, hvort tveggja um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum).

Um flutning líka á milli sókna fer eftir ákvæðum farsóttarlaga nr. 10 19. marz 1958 og ákvæðum reglugerðar nr. 159 27. sept. 1941, um flutning líka.

Umfram það sem fyrir er mælt í almennum lögum og reglugerðum, skal gætt ákvæða 10. gr. f., 11. gr. og 120.—127. gr. samþykktar þessarar.

120. gr.

Þá er gera skal nýjan kirkjugarð eða stækka gamlan, skal sóknarnefnd leita álits héraðslæknis og heilbrigðisnefndar um garðstæðið.

121. gr.

Jarðvegsvatn má ekki standa ofar í kirkjugarði en sem svarar $\frac{1}{2}$ m neðan grafarbotns, og skulu grafir vera minnst 2 m djúpar.

Fjarlægð frá kistuloki að grafarbarmi sé minnst 1.25 m og a. m. k. 30 cm þykkt moldarlag sé á milli grafa.

122. gr.

Vatnsból mega ekki vera nær kirkjugarði á jafnsléttu eða undan brekku en 200 m.

Matjurtagarðar mega aldrei vera nær kirkjugarði en 50 m og ekki nær en 200 m, halli frá kirkjugarði að þeim.

123. gr.

Leyfa má, að grafir séu gerðar úr steinsteypu, en þó skulu þær vera neðanjarðar, og a. m. k. 0.5 m þykkt jarðvegslag ofan á. Í botni slíkra grafa skal vera sandur eða mól eða þannig frá honum gengið á annan hátt, að gröfin haldist þurr.

Ekki má opna slíkar grafir, nema héraðslæknir veiti samþykki til og farið sé að fyrirmælum hans í hvívetna.

124. gr.

Lík má ekki geyma ókistulögð í heimahúsum lengur en 2 sólarhringa og aldrei lengur en 7 sólarhringa, þótt kistulögð séu, nema sérstakt leyfi héraðslæknis komi til eða þau séu í loftþéttri málmkistu.

Héraðslæknir getur fyrirskipað, að lík fólks, sem dáið hefur úr næmum sjúkdómi, séu kistulögð þegar í stað.

125. gr.

Fundin og sjórekin lík skal kistuleggja þegar í stað að lokinni lögskipaðri mannskaðarannsókn.

126. gr.

Verði komið upp sérstakri líkgeymslu eða líkhúsi á samþykktarsvæðinu getur heilbrigðisnefnd sett um það nánari fyrirmæli.

127. gr.

Samþykki heilbrigðisnefndar þarf til að taka niðurlagðan kirkjugarð til annarra nota.

XXI. KAFLI

Lokaákvæði.

128. gr.

Ef einhver vanrækir að vinna verk, sem heilbrigðisnefndin hefur mælt fyrir um samkvæmt samþykkt þessari, er nefndinni heimilt að láta vinna það á kostnað hans. Skal þá greiða kostnaðinn úr sveitarsjóði til bráðabirgða, en innheimta síðan hjá hlut- aðeiganda, með lög taki, ef þörf gerist.

129. gr.

Ef einhver brýtur ákvæði samþykktar þessarar eða vanrækir að hlýðnast í tæka tíð fyrirmælum heilbrigðisnefndar samkvæmt samþykktinni, skal hann sæta sektum allt að 5000.00 kr., nema þyngri refsing liggi við að lögum og rennur sektarféð allt í sveitarsjóð.

130. gr.

Ef ágreiningur ris milli heilbrigðisnefndar annars vegar og einstaklinga eða stofnana, sem um er getið í reglugerð þessari, hins vegar, sker hreppsnefnd úr, nema annað sé fyrir mælt í reglugerðinni.

131. gr.

Með mál er rísa af brotum á samþykkt þessari, skal farið að hætti opinberra mála. Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samkvæmt lögum nr. 35 12. febrúar 1940, um heilbrigðisnefndir og heilbrigðis-samþykktir, er hér með eftir tillögu landlæknis, staðfest framanrituð heilbrigðis-samþykkt fyrir Njarðvíkurhrepp í Gullbringusýslu, er hreppsnefnd Njarðvíkurhrepps hefur samþykkt.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 29. ágúst 1966.

F. h. r.

Baldur Möller.

Jón Thors.

AUGLÝSING

um hámarkshraða ökutækja á Tálknafjarðarvegi í Barðastrandarsýslu.

Hámarkshraði ökutækja á Tálknafjarðarvegi um þorpið í Tálknafirði skal vera 35 km á klst.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt 50. gr. umferðarlaga nr. 26 2. maí 1958, sbr. 7. gr. laga nr. 62 13. maí 1966, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 24. ágúst 1966.

Jóhann Hafstein.

Ólafur W. Stefánsson.

AUGLÝSING

um hámarkshraða ökutækja í Vogakauptúni í Gullbringusýslu.

Hámarkshraði ökutækja í Vogakauptúni skal vera 35 km á klst.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt 50. gr. umferðarlaga nr. 26 2. maí 1958, sbr. 7. gr. laga nr. 62 13. maí 1966, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 24. ágúst 1966.

Jóhann Hafstein.

Ólafur W. Stefánsson.

AUGLÝSING

um laun stundakennara.

1. gr.

Laun stundakennara miðast við þá launaflokka, sem kennararnir myndu taka laun samkvæmt, ef þeir væru fastir kennarar, og skulu vera fyrir hverja kennslustund sem hér segir:

I. Í barnaskólum:

Miðað við 13. launaflokk	(kennarar án kennararéttinda)	kr. 90.35
— — 16. —	— 101.55
— — 16. —	(söngkennarar, tónlistarkennarar og kennarar afbrigðilegra og vangefinna barna með $\frac{4}{5}$ kennsluskyldu)	— 126.95
— — 17. —	(kennarar með a. m. k. árs framhaldsnámi við kennaraháskóla eða öðru sambærilegu framhaldsnámi, hvoru tveggja að mati menntamálaráðuneytisins, talkennarar og blindrakennarar)	— 105.65
— — 17. —	(söngkennarar, tónlistarkennarar og kennarar afbrigðilegra og vangefinna barna með a. m. k. árs framhaldsnámi við kennaraháskóla eða öðru sambærilegu framhaldsnámi, hvoru tveggja að mati menntamálaráðuneytisins)	— 132.10
— — 18. —	(vanvitaskólakennarar)	— 137.40

II. Í húsmæðraskólum:

Miðað við 14. launaflokk	(kennarar án kennararéttinda)	— 116.25
— — 17. —	— 130.65
— — 18. —	(kennarar með B.A.-prófi eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum, ásamt prófi í uppeldisfræðum)	— 135.95
— — 19. —	(kennarar með cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í aðalkennslugreinum sínum) ..	— 148.00

III. Í gagnfræðastigsskólum (unglingaskólum, miðskólum og gagnfræðaskólum):

Miðað við 17. launaflokk	— 130.65
— — 17. —	(söngkennarar og tónlistarkennarar með $\frac{4}{5}$ kennsluskyldu)	— 163.40
— — 18. —	(kennarar með B.A.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum, ásamt prófi í uppeldisfræðum)	— 135.95
— — 19. —	(kennarar með cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í aðalkennslugreinum sínum) ..	— 148.00

IV. Í iðnskólum:

Miðað við 17. launaflokk	kr. 130.65
— — 18. —	(kennarar með B.A.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum, ásamt prófi í uppeldisfræðum)	— 135.95
— — 19. —	(kennarar með cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í aðalkennslugreinum sínum) ..	— 148.00

V. Í Hjúkrunarskóla Íslands:

Miðað við 17. launaflokk	— 140.85
— — 18. —	(kennarar með B.A.-prófi í kennslugreinum sínum, ásamt prófi í uppeldisfræðum)	— 146.55
— — 19. —	(kennarar með cand. mag.-prófi eða öðru sambærilegu prófi í aðalkennslugreinum sínum)	— 159.45

VI. Í Myndlista- og handíðaskóla Íslands:

Miðað við 18. launaflokk	— 146.55
--------------------------	-------	----------

VII. Í Heyrnleysingjaskólanum:

Miðað við 17. launaflokk	— 130.65
--------------------------	-------	----------

VIII. Í Tónlistarskólanum í Reykjavík (kennaradeild):

Miðað við 18. launaflokk	— 146.55
--------------------------	-------	----------

IX. Í Vélskólanum í Reykjavík:

Miðað við 17. launaflokk	— 140.85
— — 18. —	(kennarar í tæknigreinum og kennarar með B.A.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum, ásamt prófi í uppeldisfræðum)	— 146.55
— — 19. —	(kennarar með cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í aðalkennslugreinum sínum) ..	— 159.45

X. Í Íþróttakennaraskóla Íslands:

Miðað við 18. launaflokk	— 146.55
— — 19. —	(kennarar með cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í aðalkennslugreinum sínum) ..	— 159.45

XI. Í Húsmæðrakennaraskóla Íslands:

Miðað við 18. launaflokk	— 146.55
— — 19. —	(kennarar með cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í aðalkennslugreinum sínum) ..	— 159.45

XII. Í Kennaraskóla Íslands:**a) Íþróttakennarar:**

Miðað við 18. launaflokk kr. 146.55

b) Kennarar við handavinnudeild:

Miðað við 18. launaflokk — 146.55

— — 19. — (kennarar með cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í aðalkennslugreinum sínum) .. — 159.45

c) Aðrir kennarar:

Miðað við 20. launaflokk — 168.20

XIII. Í menntaskólum:**a) Íþróttakennarar:**

Miðað við 18. launaflokk — 146.55

b) Aðrir kennarar:

Miðað við 20. launaflokk — 168.20

XIV. Í Stýrimannaskólanum:

Miðað við 17. launaflokk — 140.85

— — 18. — (kennarar í tæknigreinum og kennarar með B.A.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum, ásamt prófi í uppeldisfræðum) — 146.55

— — 19. — (kennarar með cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í aðalkennslugreinum sínum) .. — 159.45

XV. Í Matsveina- og veitingaþjónaskólanum:

Miðað við 17. launaflokk — 140.85

— — 18. — (kennarar með B.A.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum, ásamt prófi í uppeldisfræðum) — 146.55

— — 19. — (kennarar með cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í aðalkennslugreinum sínum) .. — 159.45

XVI. Í búnaðarskólum:

Miðað við 17. launaflokk — 140.85

— — 18. — (kennarar með B.A.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum, ásamt prófi í uppeldisfræðum) — 146.55

— — 19. — (kennarar með prófi frá búnaðarháskóla eða samsvarandi prófi í aðalkennslugreinum sínum) — 159.45

XVII. Í Garðyrkjuskóla ríkisins:

Miðað við 17. launaflokk	kr. 140.85
— — 18. —	(kennarar með B.A.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum, ásamt prófi í uppeldisfræðum) — 146.55
— — 19. —	(kennarar með prófi frá búnaðarháskóla eða samsvarandi prófi í aðalkennslugreinum sínum) — 159.45

XVIII. Í Tækniskóla Íslands:

Miðað við 20. launaflokk	— 168.20
--------------------------	----------

2. gr.

Í auglýsingu þessari eru framangreind laun stundakennara í barnaskólum miðuð við 40 mínútna kennslustund, en í öllum framhaldsskólum við 45 mínútna kennslustund. En sé hver kennslustund lengri eða skemmri, breytast launin í hlutfalli við það.

3. gr.

Orlofsfé er innifalið í launum þessum.

4. gr.

Stjórnskipaðir prófdómendur njóta sömu launa og stundakennarar skólanna, er þeir starfa við.

5. gr.

Stundakennsla greiðist af rekstrarfé skólanna hvers um sig.

6. gr.

Framangreint stundakennarakaup í auglýsingu þessari greiðist fyrir kennslu, sem fram fer á tímanum frá kl. 8 til kl. 17, þar með talinn matartími. Fyrir kennslu eftir kl. 17, svo og fyrir kennslu eftir kl. 13 á laugardögum, skal kaup stundakennara vera jafnhátt og eftirvinnukaup fastra kennara í viðkomandi launaflokkum, án tillits til lengdar kennslustundar, og vera sem hér segir:

Samkvæmt 13. launaflokki	kr. 118.94
— 14. —	— 123.59
— 16. —	— 133.70
— 17. —	— 139.04
— 18. —	— 144.64
— 19. —	— 159.41
— 20. —	— 168.16

7. gr.

Eigi skal greiða fyrir eyður, sem verða kunna í starfstíma stundakennara.

8. gr.

Auglýsing þessi er gefin út í samráði við önnur ráðuneyti, sem með skólamál fara, svo og fjármálaráðuneytið, og gilda ákvæði hennar frá 1. september 1966 og þar til öðruvísi kann að verða ákveðið.

Í menntamálaráðuneytinu, 12. september 1966.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Arní Gunnarsson.

G J A L D S K R Á

Héraðsrafmagnsveitna ríkisins.

I. RAFORKA

Héraðsrafmagnsveitur ríkisins selja raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir, nema á veitusvæðum, sem sérstakar gjaldskrár eru settar fyrir:

A. Lýsing.

11. Um kwst.mæli á kr. 6.40 hverja kwst.
 12. Um kwst.mæli á kr. 3.20 hverja kwst., auk fastagjalds af gólfleti í rúmi því, er lýsa skal.
 Fastagjald reiknast þannig:
 Fyrir búðir, vinnustofur og skrifstofur kr. 17.00 á m² á ári.
 Fyrir ganga, geymslur o. þ. h. — 8.00 á m² á ári.

B. Notkun til heimilisþarfa, búrekstrar o. fl.

21. Um kwst.mæli þannig reiknað:
- a. Grunnjald (mælisleiga o. fl.):
 af einfasa mælingu kr. 17.00 á mán.
 af þrífasa mælingu — 34.00 á mán.
- b. Orkugjald
 af allri notkun — 1.60 á kwst.
- c. Fastagjald
 af hverri heilli gjaldskráreiningu — 17.00 á mán.
 af hálfri gjaldskráreiningu — 8.50 á mán.
 Gjaldskráreiningar reiknast sem hér segir:
- (1) Fyrir fjölskylduheimili
 ein eining fyrir hvert íbúðarherbergi.
 Til íbúðarherbergja teljast öll herbergi, sem ætluð eru sem íveruherbergi, og eldhús, en ekki gangar, baðherbergi eða geymslur. Herbergi, sem er minna en 5 m², telst sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er undir 10 m² má miða við samantlagt flatarmál þeirra þannig, að hverjir 10 m² jafngildi einu herbergi og hverjir 5 m² hálfu herbergi.
- (2) Fyrir félagsheimili, (skóla, sjúkrahús, gistihús o. þ. h.) ein eining fyrir hverja 20 m² gólfplatar.
 Gólfplötur mælist milli útveggja, þó að frátöldum geymslum, sem sjaldan er farið um, og göngum þeim tilheyrandi. Rafmagnsnotkun í gripahúsum og öðrum húsum, sem notuð eru við búskap, er heimilt að selja eftir þessum gjaldskrárlíð. Rafmagnsveitustjóri setur reglur um útreikninga gjaldskráreininga af slíkum húsum og tækjum í þeim.
22. Til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa, heimavistarskóla og annarra slíkra staða má selja raforku til suðu og hitunar um sérmæli á kr. 1.60 hverja kwst., enda séu suðu- og hitunartæki fasttengd og öll önnur notkun seld eftir líðum 11 eða 12.
 Heimilt er einnig að selja slíkum notendum eftir líð 32.
23. Um orkumæli (aflmarksmæli), sem stilltur er á tiltekið afl, og sýnir annars vegar heildarorkunotkun og hins vegar orkunotkun yfir aflstillingu.

Rafmagnsveitustjóri getur ákveðið aflstillingu þannig:

- a. Lágmarksaflstilling 2500 W, hámark 10000 W.
- b. Lágmarksstilling 500 W að viðbættum 300 W fyrir hverja gjaldskráreiningu, sem ákveðst samkvæmt gjaldskrárlið 21, hámark 10000 W.

Notandi greiði sem hér segir fyrir aflstillingu og orkunotkun:

- a. Aflgjald:

af lágmarksstillingu	kr. 2500 á kw á ári.
af umframstillingu	— 1700 á kw á ári.
- b. Orkugjald:

af allri notkun	— 0.25 á kwst.
af notkun yfir aflstillingu til viðbótar	— 3.50 á kwst.

Leiga á einum mæli er innifalin í aflgjaldir.

24. Ef um er að ræða meira afl en 10 kw til búreksturs, má selja um afl- og orkumæla (mestaafismæla) þannig reiknað:

- a. Aflgjald:

af notuðu afli	kr. 2000 á kw á ári.
----------------------	----------------------
- b. Orkugjald:

af allri notkun	— 0.25 á kwst.
-----------------------	----------------

Notað afl hvers árs telst vera meðaltal fjögurra álestra, sem fara fram með með sem næst þriggja mánaða millibili. Aflnotkunin mælist sem meðalálág yfir stundarfjórðung. Minnsta aflgjald kr. 20 000 á ári.

C. Vélanotkun.

31. Um kwst.mæli á kr. 3.20 hverja kwst. Lágmarksgjald skal vera kr. 1920 á ári og ekki lægra en sem svarar kr. 760 á ári fyrir hvert kw í málraun véla.
32. Um afl- og orkumæla (mestaafismæla) þannig reiknað:

- a. Aflgjald:

af notuðu afli	kr. 1800 á kw á ári.
----------------------	----------------------
- b. Orkugjald:

af allri notkun	— 0.48 á kwst.
-----------------------	----------------

Notað afl hvers almanaksárs telst vera meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestrar fari fram með sem jöfnustu millibili og eigi skemmra en eins mánaðar. Aflnotkun mælist sem meðalálág yfir stundarfjórðung. Minnsta aflgjald skal vera kr. 3800 á ári. Eftir þessum gjaldskrárlið má selja alla raforkunotkun til atvinnufyrirtækja, sjúkrahúsa, heimavistarskóla og annarra slíkra staða, gegn greiðslu fastagjalda af ljósanotkun o. fl. samkvæmt reglum, sem rafmagnsveitustjóri setur.

33. Raforku til sildar- og fiskimjölsverksmiðja og hliðstæðra nota skal selja þannig:

1. Þegar raforkan er aðallega framleidd í vatnsaflsstöðvum:

- a. Aflgjald:

af notuðu afli	kr. 1800 á kw á ári.
----------------------	----------------------
- b. Orkugjald:

af allri notkun	— 0.48 á kwst.
-----------------------	----------------

2. Þegar raforkan er aðallega framleidd í varmaafsstöðvum:

- a. Aflgjald:

af notuðu afli	kr. 1800 á kw á ári.
----------------------	----------------------
- b. Orkugjald:

af allri notkun	— 0.96 á kwst.
-----------------------	----------------

Notað afl hvers almanaksárs telst vera meðaltal tveggja hæstu álestra, en álestrar fari fram með sem jöfnustu millibili og eigi skemmra en eins mánaðar. Aflnotkunin mælist sem meðalálág yfir stundarfjórðung.

Telja skal sem heilt rekstrarár gagnvart ákvörðun um aflgjald, ef verksmiðja er tengd í 4 mánuði eða meira af almanaksárinu. Sama gildir um aukningu á vélaafli. Minnsta aflgjald á ári skal vera sem svarar hálfu aflgjaldi í fullu vinnsluári og það enda þótt verksmiðjan sé ekki starfrækt. Raforkunotkuninni er hægt að segja upp með minnst 6 mánaða fyrirvara og skal uppsögnin vera skrifleg.

Eftir þessum gjaldskrárlið má selja alla raforkunotkun hjá framangreindum fyrirtækjum gegn greiðslu fastagjalda af ljósanotkun o. fl., samkvæmt reglum, sem rafmagnsveitustjóri setur.

34. Raforku til súgburrkunar og hliðstæðra nota á tímabilinu 1. júní til 1. nóv. má selja gegn fastagjaldi, óháðu notkunartíma, sem nemi kr. 650 á ári, fyrir hvert kw í málraun véla, og auk þess 25 aura á hverja kwst. Kaupandi skuldbindi sig þá til að nota ekki vélarnar utan tímabilsins 1. júní til 1. nóv., nema með leyfi rafmagnsveitustjóra og gegn greiðslu fulls fastagjalds, samkvæmt lið 35, kr. 1440 á hvert kw í málraun véla. Kaupandi skuldbindi sig enn fremur til að takmarka samtímisnotkun sína með tilliti til stærðar spennu og annarra aðstæðna, samkvæmt sérstökum fyrirmælum rafmagnsveitustjóra í hverju tilfalli.
35. Ef ekki eru tók á að mæla notað afl, má selja þannig:

Um kwst.mæli á 48 aura hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 1440 á ári fyrir hvert kw í málraun véla.

Minnsta aflgjald skal vera kr. 3800 á ári.

Framangreint raforkuverð fyrir vélanotkun miðast við að fasviksstuðull álagsins hjá notanda sé eigi lægri en 0.8. Sé hann lægri, geta rafmagnsveiturnar krafizt þess, að hann sé hækkaður upp í það gildi, en þar til það er gert, greiði kaupandi herra verð fyrir raforkuna og fari sú hækking eftir sérstökum ákvæðum þar um.

Rafmagnsveitustjóri getur bannað uppsetningu rafsuðuspenna nema skriflegt leyfi komi til. Hann getur takmarkað notkun rafsuðuspenna við tiltekna tíma sólarhrings. Þá getur hann krafizt þess, að fasviksstuðull rafsuðuspenna sé leiðréttur þannig, að hann verði ekki lægri en 0.8 og auk þess setur hann reglur um aukafastagjöld af rafsuðuspennum.

D. Hitun.

41. Til húshitunar um kwst.mæli á 70 aura hverja kwst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 1 klst. á dag á tímum mesta álags rafmagnsveitnanna.
42. Til húshitunar um kwst.mæli á 29 aura hverja kwst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafmagnsveitnanna um hádegi og síðdegis, en þó eigi lengur en $1\frac{1}{2}$ klst. í senn.
43. Til húshitunar um kwst.mæli á 21 eyri hverja kwst. í 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til kl. 9.
44. Til hitunar í vatnsgeymum og gufuköttlum um kwst.mæli á 70 aura hverja kwst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafmagnsveitnanna um hádegi og síðdegis, en þó eigi lengur en $1\frac{1}{2}$ klst. í senn. Lágmarksgjald skal vera kr. 1275 á ári.
45. Til hitunar á vatnsgeymum og gufuköttlum um kwst.mæli á 29 aura hverja kwst. í 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til kl. 9. Lágmarksgjald skal vera kr. 1275 á ári.
46. Til fastengdra hökunarofna, vatns- og gufukatla í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, um tvígjaldsmæli á 29 aura hverja kwst. í 10 klst. á sólarhring á tímanum frá kl. 22 til kl. 10 og 85 aura hverja kwst. í 10 klst. á tímanum frá kl. 8 til kl. 24, enda sé straumurinn rofinn í 4 klst. á mestu álagstímum rafmagnsveitnanna, þó eigi lengur en 2 klst. í senn.

Um framangreinda hitagjaldskrárliði gilda eftirfarandi ákvæði:

- a. Minnsta árgjald skal vera sem svarar 1600 klst. notkun á hvert kw uppsetts afls hitunartækja.
- b. Verðið breytist með útsöluverði á dísilolíu í Reykjavík, þannig að gjaldskrárverðið teljist jafngilda 1860 króna verði á olíutonni, en hækki eða lækki um 2.4 auro hver kwst. á liðunum 41, 44 og síðari hluta 46 og 1 eyri hver kwst. á liðunum 42, 45 og fyrri hluta 46 og 0.7 eyri hvera kwst. á lið 43, fyrir hverjar fullar 65 krónur, sem olíutonnið hækkar eða lækkar.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

- a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafmagnsveitustjóra.
- b. Að notandi setji klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra. Þó getur rafmagnsveitustjóri ákveðið, að rafmagnsveiturnar leggi til rofa og annist viðhald þeirra og kostar þá notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim, samkvæmt reglum, sem gilda um leigu mælitækja.
- c. Að hitatæki, lagnir og búnaður sé samkvæmt fyrir mælum rafmagnsveitnanna, ofnar og önnur hitatæki fasttengd með sérstökum rofum og hitastillar notaðir, þegar þess er krafizt.
- d. Að hús, sem fá leyfi fyrir rafmagnsupphitun, fullnægi lágmarkskröfum, sem rafmagnsveiturnar setja um einangrun.

E. Önnur raforkunotkun.

51. Til að nota um vinnulagnir við byggingu, meðan á byggingu stendur, um kwst.mæli á kr. 3.20 hverja kwst.
52. Þar sem ástæður leyfa, að dómi rafmagnsveitustjóra, að komið verði upp útlýsingarkerfi, er heimilt að selja rafmagn til útlýsingar á kr. 2.20 hverja kwst., enda hafi uppsetning kerfisins verið kostuð af notanda.

Heimilt er að lækka orkugjaldið niður í 80 auro á kwst. gegn greiðslu fastagjalds samkvæmt reglum, sem rafmagnsveitustjóri setur.

Alla raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárliði II. Þegar sérstaklega stendur á, er rafmagnsveitustjóra þó heimilt að selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, en eigi lengur en til eins árs í senn.

II. MÆLALEIGA

Rafmagnsveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er ákvörðun hans skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

- | | |
|--|-----------------|
| 1. Af einfasa kwst.mælum 60 A og minni | kr. 7.00 á mán. |
| 2. Af þrífasa kwst.mælum 50 A og minni | — 15.00 á mán. |
| 3. Af þrífasa kwst.mælum yfir 50 A og til 100 A | — 21.00 á mán. |
| 4. Af þrífasa kwst.mælum yfir 100 A (straumspennamælar) .. | — 52.00 á mán. |
| 5. Af mestaafismælum 100 A og minni | — 45.00 á mán. |
| 6. Af mestaafismælum yfir 100 A (straumspennamælar) | — 85.00 á mán. |

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJALD

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt sérstökum reglugerðum og gjaldskráum um heimtaugargjöld til héraðsrafmagnsveitna ríkisins.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greitt, þannig að beita þurfi reglugerðarákvæðum um lokun fyrir veitu, má taka gjöld fyrir lokunartilkynningu og enduroppnun, allt að kr. 300 samtals.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduroppnuð fyrir en notandinn hefur greitt umboðsmanni héraðsrafmagnsveitna ríkisins 200 kr. gjald. Gjaldið skal greitt á aðsetursstað umboðsmannsins.

Gjaldskrá þessi er staðfest af atvinnumálaráðuneytinu 1. ágúst 1966 með gildistöku 1. ágúst 1966.

Atvinnumálaráðuneytið, 1. ágúst 1966.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

15. ágúst 1966.

Nr. 182.

AUGLÝSING

um umferð í Garðahreppi í Gullbringusýslu.

Eftir tillögum hreppsnefndar Garðahrepps í Gullbringusýslu og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 hefur verið ákveðið að Vífilsstaðavegur frá heilsuhælinu á Vífilsstöðum að Hafnarfjarðarvegi, skuli vera aðalbraut og hafi umferð um veginn forgangsrétt um alla umferð aðliggjandi gatna.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu, 15. ágúst 1966.

Einar Ingimundarson.

24. ágúst 1966.

Nr. 183.

AUGLÝSING

um umferð í Seltjarnarneshreppi.

Að fengnum tillögum hreppsnefndar Seltjarnarneshrepps í Kjósarsýslu, hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð samkv. heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

- I. Tvístefnuakstur hefur verið ákveðinn **Skerjabraut**.
- II. Umferð úr Skerjabraut á **Lambastaðaveg**, hefur verið bönnuð.
- III. Umferð um Skerjabraut hefur forgangsrétt fyrir umferð af **Lambastaðavegi**.
- IV. Bifreiðastöður eru bannaðar á **Skólabraut**, sunnan og vestan megin götunnar, og énnig er algerlega bannað að leggja bifreiðum vestan megin á **Melabraut** á þeim hluta götunnar, sem einstefnuakstur er um.

Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu, 24. ágúst 1966.

Einar Ingimundarson.

REGLUR

um varnir gegn óhreinkun sjávar af völdum olíu.

1. gr.

Ákvæði alþjóðasamþykktar frá 12. maí 1954, ásamt breytingum frá 13. apríl 1962, um varnir gegn óhreinkun sjávar af völdum olíu, er birt var sem fylgiskjal með lögum nr. 77 10. maí 1966, skulu ná til allra íslenzkra skipa, að því er varðar losun á olíu og olíumenguðum sjó innan þeirra bannsvæða, sem samþykktin ákveður.

2. gr.

Oliustöðvar í landi, smurstöðvar og verksmiðjur skulu sjá svo um, að frá þeim komist engin olía eða olíumengaður vökvi til sjávar, hvorki beint né óbeint, gegnum holræsi eða á annan slíkan hátt og skulu ákvæði alþjóðasamþykktar þeirrar, sem um getur í 1. gr., gilda um oliustöðvar í landi, smurstöðvar, verksmiðjur og aðra slíka starfsemi, eftir því sem við á. Sama gildir um verksmiðjur og aðra starfsemi, sem valdið getur olíuóhreinkun stöðuvatna, sem hafa afrennsli til sjávar, lækja eða annarra straumvatna.

3. gr.

Skipaskoðunarstjóri hefur eftirlit með framkvæmd reglna þessara og skal hann hafa samráð við oliufélög, skipafélög, samtök iðnrekenda, hafnaryfirvöld, Dýra- verndunarsamband Íslands og Náttúruverndarráð um ráðstafanir til að fyrirbyggja óhreinkun sjávar af völdum olíu og framkvæmd reglna um slík efni, eftir því sem ástæða þykir til.

4. gr.

Brot gegn þessum reglum varða sektum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum ákvæðum.

5. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Reglur þessar eru settar samkvæmt 3. gr. laga nr. 77 10. maí 1966, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamþykkt um að fyrirbyggja óhreinkun sjávar af völdum olíu og setja reglur um frekari varnir gegn slíkri óhreinkun sjávarins, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt falla úr gildi reglur um varnir gegn óhreinkun sjávar af völdum olíu, nr. 250 30. október 1964.

Samgöngumálaráðuneytið, 16. ágúst 1966.

Eggert G. Þorsteinsson.

Brynjólfr Ingólfsson.

REGLUR

um stöðumæla í Reykjavík.

Borgarstjórn Reykjavíkur hefur samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 26 1958, sett eftirfarandi reglur um stöðumæla í Reykjavík:

I. KAFLI

1. gr.

Borgarráð ákveður, að fengnum tillögum umferðarnefndar, hvar á götum og torgum skuli setja upp stöðumæla.

Stöðumælum er ætlað að gera umferðina öruggari og greiðari og jafnframt að miðla stöðureitum milli þeirra, sem þurfa á þeim að halda.

2. gr.

Umferðarnefnd ákveður, hvaða tegund stöðumæla skuli setja upp, svo og gerð þeirra í einstökum atriðum.

Gatnamálastjóri annast uppsetningu mælanna og viðhald þeirra.

II. KAFLI

3. gr.

Stöðumælar, sbr. 1. grein, skulu vera eign Stöðumælasjóðs Reykjavíkur.

4. gr.

Tekjur stöðumælasjóðs eru peningar þeir, sem látnir eru í stöðumæla sem greiðsla fyrir afnot stöðumælaareits í ákveðinn tíma, og aukaleigugjöld fyrir stöðubrot við stöðumæla.

5. gr.

Borgarráð ákveður, að fengnum tillögum umferðarnefndar, hve hátt gjald skuli vera fyrir stöðu á stöðumælaareit og hve langan tíma ökutæki megi standa samfellt á stöðumælaareit.

6. gr.

Nú hefur ökutæki staðið lengur við stöðumæli en heimilt er, og má þá veita ökumanni kost á að greiða 50 króna aukaleigugjald til stöðumælasjóðs í skrifstofu lögreglustjóra innan viku, og verður þá ekki frekar aðhafzt í máli ökumanns, enda fallist hann á þessi málalok. Ef um ítrekað brot er að ræða, getur lögreglustjóri neitað að ljúka máli á þennan veg og beitt heimild 2. mgr. 112. gr. laga um meðferð opinberra mála eða sent kæru til dómara með venjulegum hætti.

7. gr.

Tekjum stöðumælasjóðs má ekki verja í almennar þarfir borgarfélagsins. Þeim má eingöngu verja til þess að greiða fyrir rekstur mælanna, viðhald þeirra, til þess að fjölga mælum í borginni og til þess að stuðla að aukningu bifreiðastæða, þar á meðal með lóðakaupum, byggingu geymsluhúsa eða byrgja eða á annan hátt.

Umferðarnefnd gerir tillögur um ráðstöfun á eignum sjóðsins.

III. KAFLI

8. gr.

Skýlt er að greiða fyrir afnot stöðumælaareits. Gjaldskylda skal vera á sama tíma og verzlununum er almennt leyft að hafa opið.

Lögreglustjóri getur veitt undanþágu frá ákvæðum þessum, þegar sérstaklega stendur á.

9. gr.

Hver, sem leggur ökutæki á stöðumælareit á gjaldskyldutímabili, verður að setja í viðkomandi stöðumæli þá mynt, sem áletrun á stöðumælinum segir til um. Sé mælirinn þannig búinn, að snúa þurfi handfangi til þess að setja mælinn af stað, skal gera það strax eftir að peningurinn hefur verið látinn í mælinn, þannig að mælirinn fari í gang.

10. gr.

Hver, sem leggur ökutæki þannig, að eigi sé unnt að nota stöðumælareit fyrir annað ökutæki, skal greiða í stöðumælinn, eins og ökutækið stæði á stöðumælareitnum sjálfum.

11. gr.

Skylt er að greiða fyrir afnot af stöðumælareit fyrir hvers konar vélknúin ökutæki. Heimilt er þó án gjaldskyldu að ferma eða afferma ökutæki, taka farþega og hleypa þeim út, enda sé það gert án tafar og því hraðað eftir föngum.

12. gr.

Á stöðumæli skal vera letrað greinilega, hve hátt stöðugjaldið sé, til hve langs tíma staða sé keypt, á hvaða tímum sé skylt að greiða í mælinn og hvernig mælirinn sé settur í gang.

13. gr.

Ekkert ökutæki má standa á stöðumælareit lengur en þann hámarkstíma, sem letraður er á viðkomandi stöðumæli. Það er misnotkun á stöðumæli að greiða fyrir stöðu í lengri tíma og varðar sömu meðferð og refsingu og önnur brot gegn reglugerð þessari.

14. gr.

Þegar eftirlitsmaður verður þess var, að bifreið stendur á stöðumælareit í andstöðu við reglur þessar, skal hann afhenda ökumanni hennar eða festa við hana tilkynningu um brotið. Kostnaður við eyðublöð fyrir slíkar tilkynningar greiðist úr stöðumælasjóði. Á tilkynningunni skal tekið fram um tíma og stað umferðarbrotsins og greint frá því, að ökumanni sé boðið að ljúka máli með greiðslu 50 króna auka-leigugjalds í stöðumælasjóð innan viku í skrifstofu lögreglustjóra, en heimilt sé að hafa aðra málsmeðferð, ef um ítrekað brot er að ræða.

15. gr.

Bannað er að setja nokkurn annan hlut í stöðumæli en þá mynt, sem mælirinn er gerður fyrir. Bannað er að aka á stöðumæli eða skemma hann á nokkurn hátt. Sá, sem óviljandi hefur valdið skemmdum á stöðumæli, skal tilkynna það tafarlaust til lögreglunnar og bjóða fram fullar bætur.

16. gr.

Borgargjaldkeri annast tæmingu stöðumæla, talningu og reikningshald sjóðsins. Skal hann gefa umferðarnefnd skýrslu um tekjur sjóðsins og eignir, þegar nefndin óskar þess. Mælarnir skulu tæmdir vikulega og oftár, ef þörf krefur.

17. gr.

Reglur þessar öðlast gildi þegar í stað.

Þetta tilkynnist öllum, er hlut eiga að máli.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 29. ágúst 1966.

Sigurjón Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 57 12. apríl 1960,
um ökukennslu, próf ökumanna o. fl.

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Með umsókn skal senda:

1. Tvær skýrar andlitsmyndir af umsækjanda, berhöfðuðum. Stærð myndar skal vera 35x45 mm. Hún skal vera á endingargóðum ljósmyndapappír, merkja- og stimplalaus og eigi eldri en tveggja ára.
 2. Sakavottorð.
 3. Vottorð læknis um, að umsækjandi hafi sjón og heyrn, eins og krafizt er í 4. gr. og sé svo andlega og líkamlega haustur sem þar greinir.
 4. Vottorð löggilts ökukennara, sbr. 10. gr., um að nemandi sé hæfur, að hans dómi, til að taka próf,
 5. Samþykki lögreglustjóra í heimasveit umsækjanda, ef umsókn er send öðrum lögreglustjóra.
- Gögn þau, sem talin eru í 2.—5. tölulið, mega ekki vera eldri en eins mánaðar.

Umsókn til prófs samkvæmt 38. og 39. gr. þurfa þó eigi að fylgja gögn þau, sem talin eru í 1. og 4. tölulið.

Lögreglustjóri kannar, hvort upplýsingar umsækjanda séu réttar.

2. gr.

2. mgr. 5. gr. orðist svo: Nú telur lögreglustjóri áreiðanleik, samvirkusemi eða reglusemi umsækjanda vafasama samkvæmt framlögðum gögnum eða öðrum upplýsingum, og skal hann þá því aðeins veita heimild til próftöku, að umferðaröryggi verði ekki talin sérstök hættu búin, þótt umsækjandi fái ökuskirteini. Eigi skal að jafnaði leyfa manni próftöku, ef hann á síðastliðnum 12 mánuðum hefur hlotið refsingu fyrir ölvun, nema um sé að ræða einstakt tilvik hjá manni, sem að öðru leyti má telja áreiðanlegan og samvirkusaman.

3. gr.

Í stað „5. tölulið 2. gr.“ í 7. mgr. 7. gr. komi: 4. tölulið 2. gr.

4. gr.

12. gr. orðist svo:

Umsóknir um þáttöku í námskeiði skal senda bifreiðaeftirliti ríkisins, sem annast afgreiðslu þeirra til forstöðumanns.

Þáttökuskilyrði eru þessi:

- a. 19 ára aldur.
- b. Almenn réttindi til bifreiðaaksturs.
- c. Að umsækjandi hafi ekið bifreið að staðaldri ekki skemur en 6 mánuði og þar af ekki skemur en 3 mánuði á undanförunum 12 mánuðum.
- d. Að umsækjandi hafi ekki á undanförunum 12 mánuðum verið án ökuskirteinis vegna ökuleyfissviptingar, gerzt brotlegur við ákvæði um neyzlu eða meðferð áfengra drykkja, eða verið refsað fyrir vítaverða aksturshætti.

- e. Að umsækjandi hafi óflekkað mannorð, ef um er að ræða réttindi til farþegaflutninga í atvinnuskyni.
- f. Að umsækjandi hafi staðizt ökupróf skv. e-lið 33. gr.

Umsókn skal fylgja vottorð tveggja valinkunnra manna um skilyrði e-liðar, læknisvottorð samkvæmt 3. tölulið 2. gr. og sakavottorð. Umsækjandi skal sanna, að hann fullnægi skilyrðum b-liðar með því að framvísa gildu ökuskrirteini.

Forstöðumaður skal leita álits viðkomandi lögreglustjóra, sbr. 1. gr., hvort umsækjandi fullnægi skilyrðum til þátttöku í námskeiði.

5. gr.

Fyrirsögn E-liðar II. kafla orðist svo: Æfingaakstur á léttum bifhjólum.

6. gr.

- a) Í stað „reiðhjóls með hjálparvél“ í 1. mgr. 16. gr. komi: léttis bifhjóls.
- b) 3. mgr. 16. gr. orðist svo: Áður en lögreglustjóri gefur út heimild til æfingaaksturs, skal umsækjandi sanna, að hann hafi næga þekkingu á umferðarreglum. Lögreglustjóra er heimilt að krefjast þess, að umsækjandi taki þátt í stuttu námskeiði í umferðarreglum, akstri og meðferð léttra bifhjóla.

7. gr.

Í stað „reiðhjóla með hjálparvél“ í 1. mgr. 20. gr. komi: léttra bifhjóla.

8. gr.

3. mgr. 33. gr. orðist svo: Við prófið skal gefa einkunnir 0—10. Lægsta meðaleinkunn, sem þarf til að standast prófið, er 6, og má einkunn í þeim greinum, sem um ræðir í staflidum c og d, hvorum fyrir sig, ekki vera lægri.

9. gr.

3. mgr. 34. gr. orðist svo: Próftaki, sem staðizt hefur próf, fær prófskrirteini. Þó skal eigi afhenda próftaka skirteini fyrr en hann hefur náð 20 ára aldri. Nú á ákvæði e-liðar 12. gr. við um próftaka, og skal þá skrá athugasemd um það í prófskrirteini.

10. gr.

Fyrirsögn E-liðar IV. kafla orðist svo: Próf í akstri léttra bifhjóla.

11. gr.

Í stað „reiðhjóli með hjálparvél“ í 38. gr. komi: léttu bifhjóli.

12. gr.

Á eftir 40. gr. komi ný grein, og breytist greinatalan samkvæmt því. (41. gr.) Ökuskrirteini eru tvenns konar: Bráðabirgðaskirteini og fullnaðarskirteini.

Bráðabirgðaskirteini er gefið út til byrjanda og gildir í eitt ár frá útgáfudegi.

Fullnaðarskirteini gildir í 10 ár frá útgáfudegi. Fullnaðarskirteini þeirra, sem náð hafa 60 ára aldri, og ökuskrirteini samkvæmt 3. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 26 1958 skulu þó gilda í 5 ár.

Ökuskrirteini fyrir mann, sem er orðinn 70 ára, má þó gefa út til skemmri tíma. Sama gildir, þegar vafi er um reglusemi umsækjanda eða vænta má, að andlegt eða líkamlegt atgerfi hans breytist að mun á næstu 5 árum. Leita skal

umsagnar héraðslæknis, áður en ákvörðun er tekin samkvæmt síðastgreindu ákvæði.

Áður en fullnaðarskírteini er gefið út, skal lögreglustjóri kanna sérstaklega öikumannsferil hlutaðeiganda. Ef hlutaðeigandi hefur lent í umferðarslysum eða umferðaróhöppum og kenna má vankunnáttu, vanhæfni, vítaverðum akstursháttum eða öðrum brotum gegn ákvæðum umferðarlaga, má eigi gefa út fullnaðarskírteini, nema hann hafi staðizt próf að nýju í umferðarreglum og akstri bifreiða. Skal þá liggja fyrir vottorð trúnaðarsérfræðings um líkamlega og andlega heilbrigði og andlegan þroska hlutaðeigandi, sbr. 4. gr.

13. gr.

a) Á eftir 1. tölulið 41. (verður 42.) gr. komi nýr töluliður, svo hljóðandi: 2. Nafnnúmer skírteinishafa samkvæmt þjóðskrá.

b) 2. (verður 3.) töluliður orðist svo: Nafn, fæðingardag, fæðingarár og heimili skírteinishafa.

14. gr.

42. (verður 43.) gr., sbr. reglugerð nr. 163 1965, orðist svo:

Heimild til aksturs dráttarvéla eða léttra bifhjóra skal rituð á bakhlíð nafnskírteinis, svo hljóðandi: Skírteinishafi hefur heimild til að stýra dráttarvél, eða: Skírteinishafi hefur heimild til að stýra léttu bifhjóli, eða: Skírteinishafi hefur heimild til að stýra dráttarvél og léttu bifhjóli. Á nafnskírteini, sem ber áritun þessa, skal vera mynd skírteinishafa. Áritunin skal vera dagsett og undirrituð af lögreglustjóra.

15. gr.

43. (verður 44.) gr. orðist svo:

Heimild til aksturs leigubifreiða, stórra vörubifreiða og fólksbifreiða, sem flytja mega fleiri en 16 farþega, samkvæmt 3. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 26 1958, skal skrá í ökuskírteini að afloknu prófi, enda framvisi umsækjandi prófskírteini. Nú eru liðnir meira en 6 mánuðir frá prófi, og skal lögreglustjóri þá kanna að nýju, hvort umsækjandi fullnægir skilyrðum d og e liða 12. gr.

16. gr.

Í stað „1.—4. tölulið 2. gr.“ í 2. mgr. 44. (verður 45.) gr. komi: 1.—3. tölulið 2. gr.

17. gr.

Fyrirsögn E-liðar V. kafla orðist svo: Endurnýjun ökuskírteinis.

18. gr.

46. gr. (verður 47.) gr. orðist svo:

Sá, sem óskar endurnýjunar fullnaðarskírteinis, skal senda lögreglustjóra, sbr. 1. gr., umsókn um endurnýjun ásamt 2 myndum, læknisvottorði og saka-vottorði, sbr. 2. mgr. 2. gr. Umsókn um endurnýjun skal rituð á eyðublað, sem lögreglustjóri lætur í té. Með umsókn skal afhenda ökuskírteini það, sem óskast endurnýjað. Skal hið endurnýjaða ökuskírteini bera hið upphaflega númer.

Áður en ökuskírteini er endurnýjað, skal umsækjandi standast skriflegt próf í umferðarlöggjöf. Skal prófi hagað þannig, að próftaki merki við rétt svör á prófverkefnablöðum, er dómsmálaráðuneytið leggur til.

Lögreglustjóri getur krafizt þess, að umsækjandi gangi undir bifreiðastjóra-próf að nýju og skal það að jafnaði gert, ef meira en eitt ár er liðið frá því, að ökuréttindi umsækjanda féllu niður. Sama gildir, ef umsækjandi hefur eigi

stjórnað bifreið síðasta árið áður en endurnýjunar er óskað. Eigi er skylt að nota löggilta kennslubifreið við próf samkvæmt þessari málsgrein.

Hið nýja ökuskirteini gildir frá útgáfudegi þess.

19. gr.

Á eftir 46. (verður 47.) gr. komi nýr liður: F. Afturköllun ökuskirteinis og svipting.

20. gr.

Á eftir 47. (verður 48.) gr. komi tvær nýjar greinar, og breytist greinatalan samkvæmt því.

a) (49. gr.) Nú er maður sviptur ökuleyfi samkvæmt 81. gr. umferðarlaga nr. 26 1958 eða hann hefur misst það samkvæmt 7. mgr. 27. gr. sömu laga, og skal hann þá afhenda lögreglunni ökuskirteini sitt.

Nú hefur ökuskirteini ekki verið gefið út við það embætti, þar sem ákvörðun um sviptingu eða afturköllun var gerð, og skal þá þegar senda skirteinið til þess lögreglustjóra, sem gaf það út. Nú er ökuskirteini glatað eða það verður ekki afhent af öðrum ástæðum, og skal það þá þegar tilkynnt viðkomandi lögreglustjóra.

b) (50. gr.) Lögreglustjóri getur krafizt þess, að sá, sem fær ökuskirteini sitt afhent að nýju að loknum sviptingartíma, skuli ganga undir bifreiðarstjóra-próf að nýju. Skal það að jafnaði gert, ef svipting hefur staðið lengur en eitt ár. Eigi er skylt að nota löggilta kennslubifreið við próf þetta.

21. gr.

a) Á eftir 1. tölulið 48. (verður 51.) gr. komi nýr töluliður, svo hljóðandi: 2. Nafnnúmer skirteinishafa samkvæmt þjóðskrá.

b) 2. (verður 3.) töluliður 48. (verður 51.) gr. orðist svo: Nafn, fæðingardag og fæðingarár skirteinishafa.

c) 6. (verður 7.) töluliður 48. (verður 51.) gr. orðist svo: Útgáfa samrita, sbr. 46. gr., endurnýjanir og dagsetningar þeirra.

22. gr.

Í stað „reiðhjól með hjálparvél“ í 51. (verður 54.) gr. komi: léttu bihjól.

23. gr.

a) Í stað „reiðhjól með hjálparvél“ í 3. tölulið í A lið 52. (verður 55.) gr., sbr. reglugerð nr. 229 1965 komi: létt bihjól.

b) Í stað „reiðhjól með hjálparvél“ í 4. tölulið í B lið 52. (verður 55.) gr., sbr. reglugerð nr. 229 1965 komi: léttu bihjól.

24. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í umferðarlögum nr. 26 2. maí 1958, öðlast gildi 1. október 1966.

Ákvæði 2. efnismálsgr. 16. gr. taka þó eigi gildi fyrr en 1. janúar 1967.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 24. ágúst 1966.

Jóhann Hafstein.

Ólafur W. Stefánsson.

AUGLÝSING

um útgáfu nýs 10 króna bankaseðils samkvæmt lögum um Seðlabanka Íslands.

Seðlabanki Íslands hefur samkvæmt lögum nr. 10 frá 29. marz 1961 gefið út nýjan 10 króna seðil með svofelldri gerð:

Seðillinn er að öllu leyti eins og áður útgefinn 10 króna seðill, sem auglýstur var í Lögbirtingablaðinu 7. maí 1960, að undanskildum eftirtöldum breytingum:

Á framhlið.

Efst á framhlið fyrir miðju kemur Seðlabanki Íslands í stað Landsbanki Íslands, Seðlabankinn.

Seðillinn er gefinn út samkvæmt lögum nr. 10 29. marz 1961.

Eiginhandarundirskriftir tveggja bankastjóra Seðlabankans, Jóhannesar Nordal og Jóns G. Mariassonar, eru prentaðar á seðlana.

Fyrir framan bæði númer hvers seðils eru stafirnir BA með upphafsstöfum.

Á bakhlið.

Merki Seðlabanka Íslands kemur í vinstra horn neðan til í stað merkis Landsbanka Íslands, Seðlabankans.

Litur.

Seðillinn er prentaður í sama lit, og eldri 10 króna seðill.

Hinn eldri 10 króna seðill frá 1960 verður áfram í umferð og heldur fullu gildi.

Þetta er almenningi gert kunnugt hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 31. ágúst 1966.

Gylfi Þ. Gíslason.

Þórhallur Ásgeirsson.

1. september 1966.

Nr. 188.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Að fengnum tillögum borgarstjórnar Reykjavíkur hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 26 frá 2. maí 1958:

1. Hjarðarhagi verði aðalbraut, þó þannig, að umferð um hann viki fyrir umferð um Nesveg og Suðurgötu.
2. Nesvegur verði aðalbraut, þó þannig, að umferð um hann viki fyrir umferð um Hagatorg og Hofsvallagötu.
3. Laugarnesvegur verði aðalbraut, þó þannig, að umferð um hann viki fyrir umferð um Kleppsveg, Sundlaugaveg og Laugaveg. Jafnframt verði bifreiðastöður bannaðar á Laugarnesvegi að vestanverðu milli Kleppsvegjar og Sundlaugavegar. Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 1. september 1966.

Sigurjón Sigurðsson.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Friðriks konungs Áttunda, árið 1965.

Tekjur :

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1965 B., bls. 398):			
a. Söfnunarsjóðsinnstæða	kr.	29 299.57	
b. Bankainnstæða	—	28 054.06	
			kr. 57 353.63
2. Vextir:			
a. Af Söfnunarsjóðsinnstæðu	kr.	2 490.46	
b. — bankainnstæðu	—	1.624.29	
			— 4 114.75
			Kr. 61 468.38

Gjöld :

1. Sjóður til næsta árs:			
a. Innstæða í Söfnunarsjóði	kr.	29 549.03	
b. Innstæða í Búnaðarbankanum	—	31.919.35	
			kr. 61 468.38
			Kr. 61 468.38

*Í atvinnudlaráðuneytinu, 27. júní 1966.***Gunnlaugur E. Briem.**

Reikning þennan höfum við undirritaðir endurskoðað og ekkert fundið við hann athugavert.

Reykjavík, 30. júní 1966.

*Sigtr. Klemenzson. Björn Hermannsson.***REIKNINGUR**

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Kristjáns konungs Níunda, árið 1965.

Tekjur :

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1965, B., bls. 399).			
a. Innritunarskírteini	kr.	8 600.00	
b. Innstæða í Söfnunarsjóði	—	14 330.40	
c. Bankainnstæða	—	40 777.23	
			kr. 63 707.63
2. Vextir:			
a. Af innritunarskírteini	kr.	1 875.53	
b. Söfnunarsjóðsinnstæða	—	1 228.80	
c. Bankainnstæða	—	2 376.01	
			— 5 480.34
			Kr. 69 187.97

G j ö l d :

1. Sjóður til næsta árs:		
a. Innritunarskirteini	kr. 8 600.00	
b. Innstæða í Söfnunarsjóði	— 14 760.20	
c. Bankainnstæða	— 45 827.77	
		<hr/>
		kr. 69 187.97
		<hr/>
		Kr. 69 187.97

Í atvinnumálaráðuneytinu, 27. júní 1966.

Gunnlaugur E. Briem.

Reikning þennan höfum við undirritaðir endurskoðað og ekkert fundið við hann athugavert.

Reykjavík, 30. júní 1966.

Sigr. Klemenzson. *Björn Hermannsson.*

Nr. 191.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Gjafasjóðs C. Liebes árið 1965.

T e k j u r :

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1965, B., bls. 399).	
Söfnunarsjóðsinnstæða	kr. 16 058.13
2. Vextir af Söfnunarsjóðsinnstæðu	— 1 364.94
	<hr/>
	Kr. 17 423.07

G j ö l d :

1. Greitt Búnaðarfélagi Íslands	kr. 1 228.00
	<hr/>
2. Sjóður í árslok:	
Söfnunarsjóðsinnstæða	— 16 195.07
	<hr/>
	Kr. 17 423.07

Í atvinnumálaráðuneytinu, 27. júní 1966.

Gunnlaugur E. Briem.

Reikning þennan höfum við undirritaðir endurskoðað og ekkert fundið við hann athugavert.

Reykjavík, 30. júní 1966.

Sigr. Klemenzson. *Björn Hermannsson.*

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Framfarasjóðs Jóns prófasts Melsteds
og frú Steinunnar Bjarnadóttur Melsteds, árið 1965.

T e k j u r :

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1965, B., bls. 400)	kr. 14 494.28
2. Óafhentir trjáræktarsjóðir	— 1 475.97
3. Vextir árið 1965 af aðalsjóðnum	— 1 232.01
4. Vextir árið 1965 af sparissjóðsinnstæðu trjáræktarsjóða	— 88.50
	<hr/>
	Kr. 17 290.76

G j ö l d :

Í sjóði til næsta árs:	
1. Í Söfnunarsjóði	kr. 15 726.29
2. Í Landsbankanum:	
a. Trjáræktarsjóður Úlfhljótsvatnskirkjugarðs	— 411.36
b. — Þingvallakirkjugarðs	— 404.24
c. — Hlíðar í Grafningi	— 382.76
d. — Keldnakots í Stokkseyrarhreppi	— 366.11
	<hr/>
	Kr. 17 290.76

Í atvinnumálaráðuneytinu, 27. júní 1966.

Gunnlaugur E. Briem.

Reikning þennan höfum við undirritaðir endurskoðað og ekkert fundið við hann athugavert.

Reykjavík, 30. júní 1966.

Sigtr. Klemenzson. Björn Hermannsson.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðs V. Giga's árið 1965.

T e k j u r :

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1965, B., bls. 400):	
Innstæða í Söfnunarsjóði	kr. 47 321.32
2. Vextir af Söfnunarsjóðsinnstæðu	— 4 022.31
	<hr/>
	Kr. 51 343.63

G j ö l d :

Sjóður til næsta árs:
 Innstæða í Söfnunarsjóði kr. 51 343.63

Í atvinnumálaráðuneytinu, 27. júní 1966.

Gunnlaugur E. Briem.

Reikning þennan höfum við undirritaðir endurskoðað og ekkert fundið við hann athugavert.

Reykjavík, 30. júní 1966.

Sigtr. Klemenzson. Björn Hermannsson.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðsins Þorvaldarminning árið 1965.

T e k j u r :

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1965, B., bls. 401).			
a. Í Söfnunarsjóði	kr. 24 506.00		
b. Í Landsbankanum	— 9 393.05		
			kr. 33 899.05
2. Vextir:			
a. Af Söfnunarsjóðsinnstæðu	kr. 2 083.01		
b. — bankainnstæðu	— 527.75		
			— 2 610.76
			Kr. 36 509.81

G j ö l d :

Sjóður til næsta árs:			
a. Í Söfnunarsjóði	kr. 25 200.41		
b. Í Landsbankanum	— 11 309.40		
			kr. 36 509.81
			Kr. 36 509.81

Í atvinnumálaráðuneytinu, 27. júní 1966.

Gunnlaugur E. Briem.

Reikning þennan höfum við undirritaðir endurskoðað og ekkert fundið við hann athugavert.

Reykjavík, 30. júní 1966.

Sigtr. Klemenzson. Björn Hermannsson.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs verðugra og þurfandi þjóðjarðalandseta í hinu fyrrverandi Suðuramti, árið 1965.

T e k j u r :

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1965, B., bls. 401). Söfnunarsjóðsinnstæða	kr. 58 546.67
2. Vextir af Söfnunarsjóðsinnstæðu	— 4 976.47
	<hr/>
	Kr. 63 523.14

G j ö l d :

Sjóður til næsta árs: Innstæða í Söfnunarsjóði	kr. 63 523.14
---	---------------

Í atvinnumálaráðuneytinu, 27. júní 1966.

Gunnlaugur E. Briem.

Reikning þennan höfum við undirritaðir endurskoðað og ekkert fundið við hann athugavert.

Reykjavík, 30. júní 1966.

Sigtr. Klemenzson. *Björn Hermannsson.*

Nr. 196.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðs þeirra, sem bíða tjón af jarðeldum, árið 1965.

T e k j u r :

Sjóður í ársbyrjun:	
a. Búnaðarbankainnstæða nr. 121	kr. 129 149.13
b. Veðdeildarbréf	— 1 000.00
c. Ríkistryggt skuldabréf	— 5 000.00
	<hr/>
	kr. 135 149.13

Vextir af:

a. Búnaðarbankainnstæðu nr. 121	kr. 7 770.73
b. Veðdeildarbréfi	— 50.00
c. Ríkistryggðu skuldabréfi	— 275.00
	<hr/>
	— 8 095.73

Kr. 143 244.86

Gjöld:

Styrkir:			
Búnaðarsamband Austurlands	kr.	1 200.00	
Húsmæðraskólinn á Hallormsstað	—	1 000.00	
			kr. 2 200.00
Sjóður til næsta árs:			
Búnaðarbankainnstæða nr. 121			— 141 044.86
			<u>Kr. 143 244.86</u>

Félagsmálaráðuneytið, 21. júlí 1966.

Gunnlaugur Þórðarson.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs W. Fischers, árið 1965.

Tekjur:

Sjóður í ársbyrjun:			
a. Innritunarskírteini	kr.	20 000.00	
b. Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 712	—	37 381.44	
c. Búnaðarbankainnstæða nr. 123	—	39 301.84	
			kr. 96 683.28
Vextir:			
a. Innritunarskírteini	kr.	4 372.20	
b. Söfnunarsjóðsinnstæða	—	3 340.66	
c. Búnaðarbankainnstæða	—	2 223.09	
			— 9 935.95
			<u>Kr. 106 619.23</u>

Gjöld:

1. Styrkir:			
a. Árlegt framlag til sjómannsekkna	kr.	7 300.00	
b. Kostnaður	—	317.00	
			kr. 7 617.00
2. Sjóður til næsta árs:			
a. Innritunarskírteini	kr.	20 000.00	
b. Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 712	—	39 636.50	
c. Búnaðarbankainnstæða nr. 123	—	39 365.73	
			— 99 002.23
			<u>Kr. 106 619.23</u>

Félagsmálaráðuneytið, 21. júlí 1966.

Gunnlaugur Þórðarson.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Þórarins Tulinius, árið 1965.

Tekjur :

Sjóður í ársbyrjun:

a. Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 709	kr. 20 757.09	
b. Búnaðarbankainnstæða nr. 129	— 24 296.67	
		kr. 45 053.76

Vextir af:

a. Söfnunarsjóðsinnstæðu nr. 709	kr. 1 764.35	
b. Búnaðarbankainnstæðu nr. 129	— 1 435.19	
		— 3 199.54
		kr. 48 253.30

Gjöld :

Sjóður til næsta árs:

a. Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 709	kr. 20 934.44	
b. Búnaðarbankainnstæða nr. 129	— 27 318.86	
		kr. 48 253.30
		kr. 48 253.30

*Félagsmálaráðuneytið, 21. júlí 1966.***Gunnlaugur Þórðarson.**

Nr. 199.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Grímseyjarsjóðs W. Fiske's, árið 1965.

Tekjur :

1. Sjóður í ársbyrjun:		
a. Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 711	kr. 52 989.43	
b. Búnaðarbankainnstæða nr. 131	— 9 890.58	
		kr. 62 880.01
2. Vextir:		
Af söfnunarsjóðsinnstæðu	kr. 4 504.10	
Af Búnaðarbankainnstæðu	— 619.27	
		— 5 123.37
		kr. 68 003.38

Gjöld :

1. Styrkur til Grímseyinga	kr. 4 260.75	
	<hr/>	kr. 4 260.75
2. Sjóður til næsta árs:		
a. Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 711	kr. 53 215.53	
b. Búnaðarbankainnstæða nr. 131	— 10 527.10	
	<hr/>	— 63 742.63
		<hr/>
		Kr. 68 003.38

Félagsmálaráðuneytið, 21. júlí 1966.

Gunnlaugur Þórðarson.

Nr. 200.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs sjómanna, árið 1965.

Tekjur :

Sjóður í ársbyrjun:		
Landsbankainnstæða nr. 15383	kr. 90.43	
Vextir af Landsbankainnstæðu nr. 15383	— 5.40	
	<hr/>	Kr. 95.83

Gjöld :

Sjóður til næsta árs:		
Landsbankainnstæða nr. 15383	kr. 95.83	
	<hr/>	Kr. 95.83

Félagsmálaráðuneytið, 21. júlí 1966.

Gunnlaugur Þórðarson.

Nr. 201.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Vestur-Ísafjarðarsýslu.

Tekjur :

Sjóður í ársbyrjun:		
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 551	kr. 5 421.33	
Vextir af söfnunarsjóðsinnstæðu nr. 551	— 460.81	
	<hr/>	Kr. 5 882.14

Gjöld :

Sjóður til næsta árs:		
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 551	kr. 5 882.14	
	<hr/>	Kr. 5 882.14

Félagsmálaráðuneytið, 21. júlí 1966.

Gunnlaugur Þórðarson.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Christians konungs X.
og Alexandrínu drottningar til styrktar fátækum
sjómannsekkjum í Reykjavík, árið 1965.

Tekjur :

Sjóður í ársbyrjun:	
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 706	kr. 56 888.87
Vextir af söfnunarsjóðsinnstæðu nr. 706	— 4 835.55
	<hr/>
	Kr. 61 724.42

Gjöld :

Sjóður til næsta árs:	
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 706	kr. 61 724.42
	<hr/>
	Kr. 61 724.42

Félagsmálaráðuneytið, 21. júlí 1966.

Gunnlaugur Þórðarson.

Nr. 203.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld sjóðsins Stígs, árið 1965.

Tekjur :

Sjóður í ársbyrjun:	
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 395	kr. 11 670.72
Vextir af söfnunarsjóðsinnstæðu nr. 395	— 1 024.19
	<hr/>
	Kr. 12 694.91

Gjöld :

Sjóður til næsta árs:	
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 395	kr. 12 694.91
	<hr/>
	Kr. 12 694.91

Félagsmálaráðuneytið, 21. júlí 1966.

Gunnlaugur Þórðarson.

Útkomið í A-deild Stjórnartíðinda 1966.

Lög um leigubifreiðar, undirskrifuð af forsetanum 31. janúar 1966, nr. 1.

Auglýsing um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, undirskrifuð af menntamálaráðherra 19. janúar 1966, nr. 2.

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfundar, undirskrifuð af forsetanum 22. janúar 1966, nr. 3.

Lög um útflutningsgjald af sjávarafurðum, undirskrifuð af forsetanum 28. febrúar 1966, nr. 4.

Lög um breyting á lögum nr. 5 7. marz 1962, um sveitarstjórnarkosningar, undirskrifuð af handhöfum valds forseta Íslands 6. apríl 1966, nr. 5.

Lög um breyting á lögum nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis, undirskrifuð af handhöfum valds forseta Íslands 6. apríl 1966, nr. 6.

Auglýsing um staðfesting handhafa valds forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 76/1958 fyrir Háskóla Íslands, undirskrifuð af menntamálaráðherra 22. marz 1966, nr. 7.

Lög um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi, undirskrifuð af forsetanum 19. febrúar 1966, nr. 8.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Reyðarfjarðarhreppi jörðina Kollaleiru, undirskrifuð af handhöfum valds forseta Íslands 6. apríl 1966, nr. 9.

Lög um breyting á lögum nr. 8 14. febr. 1961, um Bjargráðasjóð Íslands, undirskrifuð af handhöfum valds forseta Íslands 18. marz 1966, nr. 10.

Lög um breyting á lögum nr. 19 frá 1887, um aðför, undirskrifuð af handhöfum valds forseta Íslands 6. apríl 1966, nr. 11.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Litla-Gerði í Grýtu-bakkahreppi, undirskrifuð af handhöfum valds forseta Íslands 6. apríl 1966, nr. 12.

Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands, undirskrifuð af forsætisráðherra 14. marz 1966, nr. 13.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Hálsþús í Reykjarfjarðarhreppi, undirskrifuð af handhöfum valds forseta Íslands 15. marz 1966, nr. 14.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Efri-Völl í Gaulverjabæjarhreppi, undirskrifuð af handhöfum valds forseta Íslands 6. apríl 1966, nr. 15.

Lög um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins, undirskrifuð af handhöfum valds forseta Íslands 16. apríl 1966, nr. 16.

Lög um breyting á lögum nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl., undirskrifuð af forsetanum 4. maí 1966, nr. 17.

Lög um ríkisborgararétt, undirskrifuð af forsetanum 7. maí 1966, nr. 18.

Lög um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, undirskrifuð af handhöfum valds forseta Íslands 6. apríl 1966, nr. 19.

Lög um viðauka við lög nr. 57 25. maí 1949, um nauðungaruppboð, undirskrifuð af handhöfum valds forseta Íslands 16. apríl 1966, nr. 20.

Lög um skrásetningu réttinda í loftförum, undirskrifuð af handhöfum valds forseta Íslands 16. apríl 1966, nr. 21.

Lög um viðauka við lög nr. 3/1955, um skógrækt, undirskrifuð af handhöfum valds forseta Íslands 16. apríl 1966, nr. 22.

Lög um heimild handa ríkisstjórninni til að selja Hveragerðishreppi hluta úr landi ríkisjarðarinnar Vorsabæjar og um eignarnámsheimild á lóðum og erfðafesturéttindum, undirskrifuð af handhöfum valds forseta Íslands 16. apríl 1966, nr. 23.

Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum, undirskrifuð af forsætisráðherra 18. apríl 1966, nr. 24.

Lög um breyting á lögum nr. 45 3. apríl 1963, um Iðnlánasjóð, undirskrifuð af forsetanum 22. apríl 1966, nr. 25.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna vega- og flugvallargerða, undirskrifuð af forsetanum 6. maí 1966, nr. 26.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1966, undirskrifuð af forsetanum 6. maí 1966, nr. 27.

Lög um breyting á lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysisstryggingar, undirskrifuð af forsetanum 25. apríl 1966, nr. 28.

Lög um breyting á lögum nr. 82 21. ágúst 1961, um meðferð opinberra mála, undirskrifuð af forsetanum 28. apríl 1966, nr. 29.

Lög um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, undirskrifuð af forsetanum 28. apríl 1966, nr. 30.

Lög um breyting á lögum nr. 50 29. marz 1961, um bryta og matreiðslumenn á farskipum og fiskiskipum, undirskrifuð af forsetanum 28. apríl 1966, nr. 31.

Lög um breyting á lögum um Stýrimannaskólann í Reykjavík, nr. 5 14. marz 1955, undirskrifuð af forsetanum 28. apríl 1966, nr. 32.

Lög um fuglaveiðar og fuglafriðun, undirskrifuð af forsetanum 28. apríl 1966, nr. 33.

Lög um breyting á lögum nr. 68/1934, um útvarpsrekstur ríkisins, undirskrifuð af forsetanum 29. apríl 1966, nr. 34.

Lög um Lánasjóð sveitarfélaga, undirskrifuð af forsetanum 29. apríl 1966, nr. 35.

Lög um breyting á lögum um ferðamál, nr. 29 30. apríl 1964, undirskrifuð af forsetanum 29. apríl 1966, nr. 36.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 67 21. maí 1965, um breyting á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga, undirskrifuð af forsetanum 13. maí 1966, nr. 37.

Forsetabréf um þinglausnir, undirskrifað af forsetanum 5. maí 1966, nr. 38.

Lög um almennan frídag 1. maí, undirskrifuð af forsetanum 4. maí 1966, nr. 39.

Lög um smíði sildarleitarskips og um sildargjald, undirskrifuð af forsetanum 7. maí 1966, nr. 40.

Lög um breyting á lögum nr. 60 7. júní 1957, um Háskóla Íslands, undirskrifuð af forsetanum 13. maí 1966, nr. 41.

Lög um breyting á lögum nr. 35 frá 1960, um lögheimili, undirskrifuð af forsetanum 6. maí 1966, nr. 42.

Lög um breyting á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga, undirskrifuð af forsetanum 6. maí 1966, nr. 43.

Lög um eignarnám lands í Flatey á Breiðafirði, undirskrifuð af forsetanum 7. maí 1966, nr. 44.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Örlygsstaði í Helgafellssveit, undirskrifuð af forsetanum 11. maí 1966, nr. 45.

Fjáráukalög fyrir árið 1964, undirskrifuð af forsetanum 9. maí 1966, nr. 46.

Lög um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1964, undirskrifuð af forsetanum 9. maí 1966, nr. 47.

Lög um stofnlánadeild verzlunarfyrtækja (verzlunarlánasjóð), undirskrifuð af forsetanum 10. maí 1966, nr. 48.

Lög um breyting á hreppamörkum milli Hafnarhrepps og Nesjahrepps, undirskrifuð af forsetanum 6. maí 1966, nr. 49.

Lög um breyting á lögum nr. 43 29. maí 1958, um aðstoð við vangefið fólk, undirskrifuð af forsetanum 9. maí 1966, nr. 50.

Lög um stækkun lögsagnarumdæmis Keflavíkurkaupstaðar, undirskrifuð af forsetanum 13. maí 1966, nr. 51.

Lög um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, undirskrifuð af forsetanum 13. maí 1966, nr. 52.

Lög um vernd barna og ungmenna, undirskrifuð af forsetanum 13. maí 1966, nr. 53.

Lög um breyting á lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 10 29. marz 1961, undirskrifuð af forsetanum 13. maí 1966, nr. 54.

Lög um breyting á lögum nr. 59 19. júlí 1960, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., undirskrifuð af forsetanum 13. maí 1966, nr. 55.

Lög um verðlagningu landbúnaðarvara á verðlagsárinu 1965—1966, undirskrifuð af forsetanum 13. maí 1966, nr. 56.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Ólafi Baldvínssyni land býlísins Gílsbakka í Arnarneshreppi, undirskrifuð af forsetanum 13. maí 1966, nr. 57.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Gufuskálar í Gerðahreppi, Gullbringusýslu, undirskrifuð af forsetanum 13. maí 1966, nr. 58.

Lög um breyting á lögum nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs, undirskrifuð af forsetanum 13. maí 1966, nr. 59.

Lög um breyting á lögum um kisilgúrverksmiðju við Mývatn, nr. 22 21. maí 1964, undirskrifuð af forsetanum 13. maí 1966, nr. 60.

Lög um Landshöfn í Þorlákshöfn, undirskrifuð af forsetanum 13. maí 1966, nr. 61.

Lög um breyting á umferðarlögum nr. 26 2. maí 1958, og lögum nr. 40 12. maí 1965, um breyting á þeim lögum, undirskrifuð af forsetanum 13. maí 1966, nr. 62.

Lög um breyting á lögum nr. 33/1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi, undirskrifuð af forsetanum 13. maí 1966, nr. 63.

Lög um breyting á lögum nr. 24 29. apríl 1958, um viðauka við lög nr. 23 27. júní 1921, um váttryggingarfélag fyrir fiskiskip, undirskrifuð af forsetanum 13. maí 1966, nr. 64.

Lög um hægri handar umferð, undirskrifuð af forsetanum 13. maí 1966, nr. 65.

Lög um Framkvæmdasjóð Íslands, Efnahagsstofnun og Hagráð, undirskrifuð af forsetanum 13. maí 1966, nr. 66.

Lög um vélstjórnarnám, undirskrifuð af forsetanum 10. maí 1966, nr. 67.

Lög um iðnfræðslu, undirskrifuð af forsetanum 11. maí 1966, nr. 68.

Lög um Atvinnujöfnunarsjóð, undirskrifuð af forsetanum 12. maí 1966, nr. 69.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina að ábyrgjast lán fyrir Flugfélag Íslands h.f. til kaupa á millilandaflygvél, undirskrifuð af forsetanum 13. maí 1966, nr. 70.

Lög um verðtryggingu fjárskuldbindinga, undirskrifuð af forsetanum 6. maí 1966 nr. 71.

Lög um atvinnuréttindi vélstjóra á islenzkum skipum, undirskrifuð af forsetanum 13. maí 1966, nr. 72.

Lög um breyting á lögum nr. 42 4. apríl 1956, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum, undirskrifuð af forsetanum 13. maí 1966, nr. 73.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að gerast aðili að alþjóðasamningi um lausn fjárfestingardeilna milli ríkja og þegna annarra ríkja, undirskrifuð af forsetanum 13. maí 1966, nr. 74.

Lög um fiskveiðasjóð Íslands, undirskrifuð af forsetanum 13. maí 1966, nr. 75.

Lög um lagagildi samnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd., um álbræðslu við Straumsvík, undirskrifuð af forsetanum 13. maí 1966, nr. 76.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar frá 1962 á alþjóðasamþykkt frá 12. maí 1954, um varnir gegn óhreinkun sjávar af völdum olíu, og setja reglur um frekari varnir gegn slíkri óhreinkun sjávarins, undirskrifuð af forsetanum 10. maí 1966, nr. 77.

Lög um aðstoð við vangefið fólk og samtök hjarta- og æðaverndarféлага, undirskrifuð af forsetanum 1. júlí 1966, nr. 78.

Bráðabirgðalög um lausn deilu framreiðslumanna og veitingamanna, undirskrifuð af forsetanum 15. júlí 1966, nr. 79.

Lög um ksilgúrverksmiðju við Mývatn, undirskrifuð af forsetanum 15. ágúst 1966, nr. 80.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 53 1966, um vernd barna og ungmenna, undirskrifuð af forsetanum 4. ágúst 1966, nr. 81.

Auðlýsing um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 76/1958 fyrir Háskóla Íslands með áorðinni breytingu samkv. reglugerð nr. 81/1965, undirskrifuð af menntamálaráðherra 7. júní 1966, nr. 82.

Lög um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum, undirskrifuð af forsetanum 15. ágúst 1966, nr. 83.

Lög um stýrimannaskólann í Reykjavík, undirskrifuð af forsetanum 15. ágúst 1966, nr. 84.

Bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til kaupa á sildarflutningaskipi o. fl., undirskrifuð af forsetanum 14. maí 1966, nr. 85.

Nr. 204.

8. nóvember 1966.

AUGLÝSING

um tilkynningar og skrásetningu trúfélags.

1. gr.

Þjóðskráin skráir trúfélag hvers einstaklings, sem er á íbúaskrá hér á landi, ef hann er í þjóðkirkjusöfnuði eða telst til utanþjóðkirkjusafnaðar, er hefur lögðiltan prest eða forstöðumann. Um aðra einstaklinga skráir þjóðskráin, hvort þeir eru í öðru trúfélagi en hinum nefndu, eða utan trúfélaga.

2. gr.

Gjöld á lögð samkvæmt lögum nr. 36/1948, um sóknargjöld, með síðari breytingum, fylgja lögheimili og trúfélagsaðild samkvæmt íbúaskrá næstliðins 1. desember, sbr. 17. gr. laga nr. 54/1962, um þjóðskrá og almannaskráningu.

3. gr.

Hver sá, sem vill láta breyta trúfélagskráningu sinni á íbúaskrá, lætur í té tilkynningu um þá ákvörðun á þar til gerðu eyðublaði, út gefnu af Þjóðskránni. Tilkynning þessi skal vera í tvíriti og hún afhendist lögreglustjóra þess umdæmis þar sem hlutaðeigandi er heimilisfastur — í Reykjavík skal hún þó afhent Manntals-skrifstofunni. — Hver einstaklingur, sem náð hefur 16 ára aldri, undirritar sjálfur tilkynningu þessa, en forráðamaður barns innan 16 ára aldurs undirritar hana fyrir það. Hvort hjóna sem er má undirrita tilkynningu fyrir maka og börn yngri en 16 ára, enda er þá hlutaðeigandi ábyrgur fyrir því, að hún sé rétt að því er varðar trúfélag maka og barna.

Tilkynning um breytingu trúfélagsaðildar kemur til framkvæmda við álagningu sóknargjalds árið eftir að hún er látin í té, en þó því aðeins, að hún sé afhent réttum aðila (sbr. fyrri málsgr. þessarar gr.) fyrir 1. desember á því ári, sem hún er látin í té.

4. gr.

Utanþjóðkirkjusöfnuðir, er hafa löggiltan prest eða forstöðumann, eru nú þessir:

- a. Fríkirkjusöfnuðurinn í Reykjavík. Starfssvæði hans er Reykjavík, Kópavogur og Seltjarnarneshreppur.
- b. Óháði frikirkjusöfnuðurinn. Starfssvæði hans er Reykjavík, Kópavogur og Seltjarnarneshreppur.
- c. Fríkirkjusöfnuðurinn í Hafnarfirði. Starfssvæði hans er Hafnarfjörður, Garðahreppur og Bessastaðahreppur.
- d. Rómversk-kaþólskir.
- e. Sjöunda dags aðventistar.
- f. Sjónarhæðarsöfnuður.
- g. Hvítasunnumenn.
- h. Baháitrúarbrögðin.

Enginn getur í Þjóðskrá talizt til safnaða, er um ræðir í staflidum a—c, nema lögheimili hans samkvæmt Þjóðskrá sé í sveitarfélagi á starfssvæði viðkomandi safnaðar.

5. gr.

Nú flytur einstaklingur, sem samkvæmt Þjóðskrá er í evangelísk-lútherskum utanþjóðkirkjusöfnuði (sbr. staflíði a—c í 4. gr.), lögheimili sitt í sveitarfélag utan starfssvæðis hans, og breytir Þjóðskráin þá trúfélagskráningu hlutaðeiganda þannig, að hann á næstu íbúaskrá sé talinn vera í Þjóðkirkjusöfnuði.

Breyting sú á trúfélagskráningu, er um ræðir í fyrri málsgr. þessarar gr., kemur ekki til framkvæmda, ef hlutaðeigandi tilkynnir aðra trúfélagsaðild, í samræmi við ákvæði 3. og 4. gr.

6. gr.

Nú flytur einstaklingur með breytta trúfélagskráningu samkvæmt fyrri málsgr. 5. gr. lögheimili sitt aftur til sveitarfélaga á starfssvæði þess trúfélags, sem hann var í áður en hann flutti þaðan, og verður trúfélagskráningu hans þá ekki breytt til fyrra horfs, nema hann með tilkynningu óski breytingar í samræmi við ákvæði 3. gr.

7. gr.

Hver sá, sem kemur erlendis frá og tilkynningarskyldur er hér á landi samkvæmt 1. málsgr. 5. gr. laga nr. 73/1952, um tilkynningar aðsetursskipta, ritar á aðseturstilkynningu sína, í hvaða trúfélagi hann sé, eða ef svo ber undir, að hann sé utan trúfélaga, og skráir Þjóðskráin trúfélagsaðild hans samkvæmt því.

8. gr.

Trúfélagsskráning nýfædds barns fylgir trúfélagsaðild móður samkvæmt þjóðskrá, nema annað sé tilkynnt í samræmi við ákvæði 3. gr. Auk foreldra getur sóknarprestur, eða löggildur prestur eða forstöðumaður utanþjóðkirkjusafnaðar, látið slíka tilkynningu í té, samkvæmt skriflegu eða munnlegu umboði foreldra.

Trúfélagsskráning barns, yngra en 16 ára, sem flytzt hingað til lands frá út- löndum, fylgir trúfélagsaðild móður, ef annað er ekki upplýst.

9. gr.

Auglýsing þessi er gefin út í samráði við kirkjumálaráðuneytið.

Fjármálaráðherrann, 8. nóvember 1966.

Magnús Jónsson.

Klemens Tryggvason.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 44 8. marz 1965, um þjóðvegi í kaupstöðum og kaupúnum.

1. gr.

Í upptalningu þjóðvega í 1. gr. reglugerðarinnar skulu þjóðvegir í Kópavogi og Suðureyri teljast:

Kópvogur:

Hafnarfjarðarvegur frá Fossvogslæk að Hlíðarvegi.

Suðureyri:

Súgandafjarðarvegur frá Höfða innan við syðsta hús um Aðalgötu út á móts við læk, sem rennur utan til við yzta hús kaupsinsins á svokölluðu Stekkjarnesi.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt vegalögum, nr. 71 30. desember 1963, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 16. september 1966.

Ingólfur Jónsson.

Gunnar Vagnsson.

SAMÞYKKT

um afgreiðslutíma verzlana á Akranesi.

1. gr.

Samþykktin nær til hvers konar smásöluverzlana á Akranesi, þ. á m. söluturna, svo og einnig til brauð- og mjólkurbúða

Undanþegnar ákvæðum samþykktarinnar eru þó lyfjabúðir, bifreiðastöðvar og benzínafgreiðslur.

Ef ágreiningur ris um skilning á ákvæðum samþykktar þessarar, úrskurðar bæjarstjórn það, en skjóta má þeim til ráðherra, og er úrskurður hans endanlegur.

2. gr.

Daglegur afgreiðslutími smásöluverzlana og annarra sölustaða, er samþykkt þessi tekur til, skal vera sem hér segir, nema öðruvísi sé sérstaklega ákveðið í samþykkt-inni.

Virka daga skal heimilt að opna sölustaði kl. 8.00 og loka skal þeim eigi síðar en kl. 18.00.

Á föstudögum skal heimilt að halda sölustöðum opnum til kl. 19.00. Á laugardögum skal heimilt að halda sölustöðum opnum til kl. 13.00 á tímabilinu 1. október til 30. apríl, en til kl. 12.00 frá 1. maí til 30. sept.

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að hafa verzlanir opnar til kl. 24.00.

Mjólkur- og brauðbúðir mega vera opnar kl. 8.00 til kl. 16.00 á laugardögum og sunnudögum.

3. gr.

Söluturnar mega vera opnar kl. 08.00 til kl. 23.30. Sölustaðir þeir, sem um getur í 1. mgr., skulu algerlega aðgreindir frá verzlunum eða birgðageymslu verzlunar, og má sala þar einungis fara fram um söluop.

Þar skal heimilt að selja kort, frimerki, dagblöð, tímarit, ritföng, rafmagnsör-yggi, nýja ávexti, ís, sælgæti, tóbaksvörur, eldspýtur, öl, gosdrykki, heitar pylsur, rakblöð, raksápu, tannkrem, rafhlöðu, rafmagnsperur, spil og skyndiplástur, niður-soðna ávexti, kaffi, filmur, nylonsokka, innpakkað kex, sólgleraugu, hárgreiður, hárlakk og harðfisk.

4. gr.

Um lokun sölustaða á einstökum helgidögum og hátíðisdögum gildir eftirfar-andi reglur:

- A. Föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag og jóladag skal öllum sölustöðum lokað allan daginn.
- B. Alla sunnudaga, nýársdag, skírdag, annan páskadag, sumardaginn fyrsta, annan hvítasunnudag, uppstigningardag, 17. júní, fyrsta mánudag í ágúst og annan jóladag, skal sölustöðum lokað allan daginn, sbr. þó undantekningarákvæði í 2.—3. gr.
- C. Aðfangadag jóla og gamlársdag skal öllum sölustöðum lokað eigi síðar en kl. 12.00.

5. gr.

Lögreglustjóri getur heimilað í einstökum tilfellum rýmri sölutíma en segir í samþykkt þessari, þegar hann telur sérstaka ástæðu til, meðal annars þegar ákveðið er, að ágóði af sölu renni til almenningsheilla.

6. gr.

Bæjarstjórn skal taka fyrir leyfi til að reka söluturna og leyfi skv. 5. gr. til-tekið gjald í bæjarsjóð. Upphæð gjaldsins ákveður viðkomandi ráðuneyti, sam-kvæmt tillögu bæjarstjórnar, fyrir eitt ár í senn.

Ef leyfishafi brýtur samþykkt þessa eða skilyrði, sem bæjarráð, heilbrigðis-nefnd eða lögreglustjóri setur fyrir leyfi, eða rekstur sölustaða þykir ekki fara vel úr hendi, má bæjarráð svipta leyfishafa leyfinu, enda hafi leyfishafi ekki látið segjast við aðvörun.

7. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum.

Með mál út af brotum á samþykktinni skal farið að hætti opinberra mála.

8. gr.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Akraness hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 17. 1. febrúar 1936, um lokunartíma sölubúða, öðlast gildi 1. jan. 1967, með þeim takmörkunum þó, sem lög nr. 45 15. júní 1926, um almannafríð á helgidögum Þjóðkirkjunnar setja.

Jafnframt er úr gildi felld samþykkt um lokun sölubúða á Akranesi nr. 54 11. marz 1954 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Ákvæði til bráðabirgða.

Leyfi til kvöldsölu, sem nú eru í gildi, skulu halda gildi sínu til og með 31. des. 1966.

Félagsmálaráðuneytið, 28. september 1966.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

REGLUGERÐ**um bólusetningu sauðfjár til varnar garnaveiki.**

1. gr.

Bólusetning til varnar garnaveiki skal framkvæmd á öllum ásetningslömbum, ár hvert í eftirtöldum sýslum og bæjarfélögum: Rangárvallasýslu, Árnessýslu, Gullbringu- og Kjósarsýslu, Reykjavík, Hafnarfirði, Kópavogi, Keflavík, Borgarfjarðarsýslu ofan Skorradalsgirðingar, Mýrasýslu austan Langár, Húnavatnssýslu austan Blöndu, Skagafjarðarsýslu, Sauðárkróki, Eyjafjarðarsýslu, Akureyri, Siglufirði, Ólafsfirði, Suður-Þingeyjarsýslu vestan Skjálfandafljóts, Norður-Þingeyjarsýslu austan Jökulsár á Fjöllum, Norður-Múlasýslu, Seyðisfirði, Suður-Múlasýslu, Neskaupstað og Austur-Skaftafellssýslu austan Hornafjarðarfljóts.

Ef ástæða þykir til, getur landbúnaðarráðherra að fengnum tillögum sauðfjarsjúkdómanefndar og yfirdýralæknis, fyrirskipað bólusetningu í sama skyni í öðrum héruðum en að ofan getur.

2. gr.

Bólusetning skal fara fram á tímabilinu 15. september til 31. desember ár hvert.

3. gr.

Sýslumenn eða lögreglustjórar skulu í samráði við sauðfjarsjúkdómanefnd skipa einn eftirlitsmann í hverri sýslu eða bæjarfélagi, til 5 ára í senn. Eftirlitsmenn skulu í samráði við hreppsnefndir (bæjarstjórnir) útnefna bólusetningarmenn, einn til tvo í hverjum hreppi eða bæjarfélagi.

4. gr.

Eftirlitsmenn skulu annast um, að nægilegt bóluefni sé ætíð fyrir hendi þegar bólusetning skal fara fram.

5. gr.

Eftirlitsmenn skulu safna skýrslum frá bólusetningarmönnum um framkvæmd verksins og senda þær sauðfjársjúkdómanefnd að lokinni bólusetningu.

6. gr.

Nú hefur fjáreigandi af einhverjum ástæðum ekki látið bólusetja ásetningslömb sín innan tilskilins tíma og skal þá oddviti (bæjarstjóri) gera eftirlitsmanni aðvart. Skal þá eftirlitsmaður í samráði við lögreglustjóra gera ráðstafanir til þess að lömbin verði bóluset á kostnað eigenda eða umráðamanna, eins fljótt og við verður komið.

7. gr.

Þóknun fyrir starf eftirlitsmanns skal greiða að hálfu úr sýslusjóði (bæjar-sjóði) og að hálfu úr rikissjóði (Sauðfjársjúkdómanefnd).

Sauðfjársjúkdómanefnd ákveður þóknun til eftirlitsmanna og úrskurðar ferða-kostnaðarreikninga þeirra.

Bóluefni og kaup bólusetningarmanna skal greiða úr viðkomandi sveitarsjóði (bæjarsjóði), en þeim kostnaði má síðan deila niður á fjáreigendur í hlutfalli við bólusettt fé hverju sinni.

8. gr.

Tilraunastöðin á Keldum skal veita nauðsynlegar upplýsingar um framkvæmd bólusetningarinnar og meðferð fjárins að henni lokinni.

9. gr.

Brot gegn ákvæðum þessarar reglugerðar varða refsingu samkvæmt lögum nr. 23 10. marz 1956.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt 44. gr. laga nr. 23 frá 10. marz 1956, öðlast þegar gildi og jafnframt eru úr gildi fallnar áður útgefnar auglýsingar og tilkynningar um bólusetningu sauðfjár vegna garnaveiki.

Landbúnaðarráðuneytið, 30. september 1966.

Ingólfur Jónsson.

Gunnlaugur E. Briem.

S A M Þ Y K K T

um breytingu á samþykkt um sýsluvegi í Suður-Múlasýslu,
nr. 235 6. október 1964.

1. gr.

3. málsgrein 2. greinar samþykktarinnar orðist þannig:

Sýsluvegir eru:

Geithellahreppur:

1. Þvottárvegur:
Af Austurlandsvegi að Þvottá.
2. Stórhólsvegur:
Af Austurlandsvegi að Stórhóli.
3. Rannveigarstaðavegur:
Af Austurlandsvegi að Rannveigarstöðum.
4. Hærukollsnesvegur:
Af Austurlandsvegi að Hærukollsnesi.
5. Múlavegur:
Af Austurlandsvegi að Múla.
6. Kambsselsvegur:
Af Austurlandsvegi að Kambsseli.
7. Hamarsselsvegur:
Af Austurlandsvegi að Hamarsseli.

Beruneshreppur:

1. Urðarteigsvegur:
Af Austurlandsvegi að Urðarteigi.
2. Fossárdalsvegur:
Af Austurlandsvegi að Eyjólfsstöðum.

Breiðdalshreppur:

1. Skjöldólfsstaðavegur:
Af Breiðdalsvegi syðri að Skjöldólfsstöðum.
2. Fagradalsvegur:
Af Breiðdalsvegi syðri að Fagradal.
3. Brekkuborgarvegur:
Af Breiðdalsvegi syðri að Brekkuborg.
4. Skriðustekksvegur:
Af Breiðdalsvegi syðri að Skriðustekk.
5. Tóarselsvegur:
Af Norðurdalsvegi að Skarði og Tóarseli.
6. Gilsárvegur:
Af Norðurdalsvegi að Gilsá.
7. Gilsárstekksvegur:
Af Norðurdalsvegi að Gilsárstekk.
Götur á Breiðdalsvík.

Stöðvarhreppur:

1. Stöðvarvegur:
Af Suðurfjarðarvegi að Stöð.
Götur í Kirkjubólsporpi.

Fáskrúðsfjarðarhreppur:

1. Hafnarnesvegur:
Af Suðurfjarðavegi að bryggju á Hafnarnesi.
2. Tunguvegur:
Af Suðurfjarðavegi að Tungu.
3. Hólagerðisvegur:
Af Dalavegi að Hólagerði.
4. Gestsstaðavegur:
Af Dalavegi að Geststöðum.
5. Vattarnesvegur:
Af Vattarnesvegi (þjóðv.) að Vattarnesi.

Reyðarfjarðarhreppur:

1. Áreyjavegur:
Af Suðurfjarðavegi hjá Sléttu að Áreyjum.
2. Seljateigshjáleiguvegur:
Af Norðfjarðarvegi að Seljateigshjáleigu.
3. Sómastaðagerðisvegur:
Af Norðfjarðarvegi að Sómastaðagerði.
4. Hraunsvegur:
Af Norðfjarðarvegi að Hrauni.
5. Selsvegur:
Af Norðfjarðarvegi að Eskifjarðarseli.
6. Eskifjarðarvegur:
Af Norðfjarðarvegi að Eskifirði.

Helgustaðahreppur:

1. Högnastaðavegur:
Af Viðfjarðarvegi að Högnastöðum.
2. Bjargsvegur:
Af Viðfjarðarvegi að Bjargi.
3. Kirkjubólsvegur:
Af Vaðlavíkurvegi að Kirkjubóli.

Norðfjarðarhreppur:

1. Seldalsvegur:
Af Norðfjarðarvegi að Seldal.
2. Fannárdalsvegur:
Af Hólavegi að Fannárdal.
3. Grænanesvegur:
Af Norðfjarðarvegi að Grænanesi.
4. Þrastarlundsvegur:
Af Norðfjarðarvegi að Þrastarlundi.

Mjóafjarðarheppur:

1. Suðurbyggðarvegur:
Af Mjóafjarðarvegi hjá Firði að Reykjum.
2. Brekkuvegur:
Af Mjóafjarðarvegi að Brekku.

Eiðahreppur:

1. Uppsálavegur:
Af Úthéraðsvegi að Uppsölum.
2. Finnsstaðavegur:
Af Úthéraðsvegi að Finnsstöðum.
3. Fossgærðisvegur:
Af Úthéraðsvegi að Fossgærði.
4. Þrándarstaðavegur:
Af Úthéraðsvegi að Þrándarstöðum.
5. Breiðavaðsvegur:
Af Úthéraðsvegi að Breiðavaði.
6. Snjóholtsvegur:
Af Úthéraðsvegi að Snjóholti.
7. Fljótsbakkavegur:
Af Úthéraðsvegi að Fljótsbakka.
8. Hjartarstaðavegur:
Af Úthéraðsvegi um Hjartarstaði að Brennistöðum.
9. Grafarvegur:
Af Úthéraðsvegi að Gröf.

Egilsstaðahreppur:

1. Eyvindarárvegur:
Af Úthéraðsvegi að Eyvindará.
2. Miðhúsavegur:
Af Fjarðarheiðarvegi að Miðhúsum.
3. Egilsstaðavegur:
Af Austurlandsvegi að Egilsstöðum.
4. Kolsstaðagerðisvegur:
Af Austurlandsvegi að Kolsstaðagerði.

Vallahreppur:

1. Höfðavegur:
Af Austurlandsvegi að Höfða.
2. Útnyrðingsstaðavegur:
Af Austurlandsvegi að Útnyrðingsstöðum.
3. Beinárgerðisvegur:
Af Austurlandsvegi að Beinárgerði.
4. Gíslastaðagerðisvegur:
Af Austurlandsvegi að Gíslastaðagerði.
5. Ásgarðsvegur:
Af Austurlandsvegi að Ásgarði.
6. Arnkelsgerðisvegur:
Af Austurlandsvegi að Arnkelsgerði.
7. Tunghagavegur:
Af Úpphéraðsvegi að Tunghaga.

8. Jaðarsvegur:
Af Vallanesvegi að Jaðri.
9. Víkingsstaðavegur:
Af Upphéraðsvegi að Víkingsstöðum.
10. Gunnlaugsstaðavegur:
Af Upphéraðsvegi að Gunnlaugsstöðum.
11. Freyshólavegur:
Af Upphéraðsvegi að Freyshólum.
12. Hafursárvegur:
Af Upphéraðsvegi að Harfursá.
13. Buðlungsvallavegur:
Af Upphéraðsvegi að Buðlungsvöllum.

Skriðdalshreppur:

1. Litla-Sandfellsvegur:
Af Austurlandsvegi að Litla-Sandfelli.
2. Hallbjarnarstaðavegur:
Af Austurlandsvegi að Hallbjarnarstöðum.
3. Vatnsskógarvegur:
Af Austurlandsvegi að Vatnsskógum.
4. Suðurdalsvegur:
Af Skriðdalsvegi hjá Birkihlíð að Hjarðarhlíð.
5. Hátúnavegur:
Af Skriðdalsvegi að Hátúnum.
6. Geirólfsstaðavegur:
Af Skriðdalsvegi að Geirólfsstöðum.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Suður-Múlasýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt 19. grein vegalaga nr. 71 31. desember 1963, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 1. október 1966.

Ingólfur Jónsson.

Jóhann Guðfínnsson.

REGLUGERÐ

um varnir gegn útbreiðslu hundapestar.

1. gr.

Ef hundapestar (canin distemper) verður vart eða grunur leikur á að þessi veiki sé komin upp, skal eigandi eða umráðamaður hundsins tafarlaust tilkynna það viðkomandi hreppstjóra. Skal hreppstjóri án tafar kveða til dýralækni til að ganga úr skugga um, hvort um hundapest er að ræða eða ekki.

2. gr.

Hreppstjórar skulu í samráði við dýralækni sjá um, að öllum hundum, sem sýkjast af hundapest, verði lógað án tafar og hræin grafin. Sama máli gegnir um

hunda, sem vitað er að haft hafa náin samgang við hunda veika af hundapest, svo ástæða er til að ætla að þeir hafi smitast.

3. gr.

Öllum flækingshundum skal eytt eins fljótt og við verður komið.

4. gr.

Bæli sjúkra hunda skulu eydd með eldi og staðurinn sóttþreinsaður samkvæmt fyrirögn dýralæknis.

Á þeim bæjum, þar sem hundar hafa drepizt eða verið drepnir vegna hundapestar, er óheimilt að hafa hunda næstu þrjá mánuði á eftir.

5. gr.

Hundaeigendur skulu fylgjast vel með heilbrigði hunda sinna, og tilkynna hreppstjóra tafarlaust, ef þeir veikjast með þeim hætti, að um hundapest geti verið að ræða.

Hreppstjórar skulu fylgjast með því eins vel og kostur er, hvort hundapest komi upp í umdæmi þeirra.

Komi fram grunur um hundapest, skulu þeir tilkynna það án tafar viðkomandi dýralækni og sýslumanni.

6. gr.

Þegar hundapestar verður vart, er heimilt að fyrirskipa bann á samgöngum hunda um tiltekinn tíma. Skulu hundaeigendur á þeim svæðum, er bannið nær til, gæta þess, að halda hundum sínum heima, forðast að þeir hafi samgang við aðra hunda, og hafa þá aldrei með sér utan heimilis. Ef út af ber, eru hundar þeirra rétt-dræpir.

7. gr.

Ónæmisaðgerðir gegn hundapest má eingöngu framkvæma samkvæmt fyrirmælum um yfirdýralæknis.

8. gr.

Brot gegn ákvæðum þessarar reglugerðar varða sektum. Sektir renna í rikissjóð.

9. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum um dýralækna nr. 124 22. desember 1947, og lögum nr. 11 23. apríl 1928, sbr. lög nr. 16 31. janúar 1952, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hluta eiga að máli.

Jafnframt fellur út gildi reglugerð nr. 177 frá 24. október 1941.

Landbúnaðarráðuneytið, 7. október 1966.

F. h. r.

Gunnlaugur E. Briem.

Þorv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ**um búfjánhald í Patrekshreppi.****1. gr.**

Búfjánhald (nautgripa-, hrossa-, svína-, og sauðfjánhald, svo og alifuglarækt) er óheimilt í Patrekshreppi, nema með sérstöku leyfi hreppsnefndar.

2. gr.

Sá, sem hyggst sækja um leyfi skv. 1. gr., skal senda umsókn um það til hreppsnefndar. Í umsókn skal gera grein fyrir fjölda búfjánhalds, sem óskað er leyfis fyrir, hvernig geymslu þess skuli háttáð og öðru, er máli kann að skipta.

3. gr.

Nú telur hreppsnefnd, að skilyrði til búfjánhalds séu fyrir hendi, og skal þá veita leyfið; má veita það annað hvort til ákveðins tíma eða ákveða tiltekinn frest til afturköllunar. Ef leyfishafi brýtur reglur um meðferð búfjánhalds, t. d. gætir þess ekki á fullnægjandi hátt, má afturkalla leyfið fyrirvaralaust.

4. gr.

Ef maður heldur án heimildar búfé, sem samþykkt þessi tekur til, skal lögreglustjóri hlutast til um, að það sé tekið úr vörzlu hans, og er heimilt að selja það á uppboði eða láta slátra því.

Sama gildir, ef leyfishafi gætir ekki settra reglna um meðferð búfjánhalds, þannig að það veldur tjóni eða óþrifnaði.

5. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 5000.00. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samín er og samþykkt af hreppsnefnd Patrekshrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 44 23. maí 1964, um búfjánhald í kaupstöðum og kauptúnum til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 14. október 1966.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

AUGLÝSING

um umferð í Siglufirði.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga, nr. 26 1958, og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Siglufjarðar, er hér með bönnuð öll stöðvun og staða ökutækja á Suðurgötu, austan megin götunnar, frá Aðalgötu að Gránugötu.

Þetta tilkynnist hér með öllum, sem hlut eiga að máli.

Bæjarfógetinn á Siglufirði, 15. október 1966.

Eliás I. Eliásson.

REGLUR

fyrir bókasafn nemenda Menntaskólans á Akureyri.

1. gr.

Safnið heitir Bókasafn nemenda Menntaskólans á Akureyri. Það er eign skólans og stendur eins og aðrar eignir hans undir yfirumsjón skólameistara.

2. gr.

Tekjur safnsins eru tillag ríkissjóðs, eins og það er ákveðið í fjárlögum hverju sinni, og/eða önnur framlög frá ríkinu. Enn fremur árgjöld nemenda, sem aðalfundur skólafélagsins (Hugins) ákveður árlega.

3. gr.

Safninu stjórnar bóka-vörður, sem skólameistari ræður. Hann fer með yfirstjórn safnsins og ræður fjármálum þess og bóka-kaupum. Honum til aðstoðar er 5 manna nefnd nemenda, sem kosin er á aðalfundi Hugins árlega. Nefndin aðstoðar bóka-vörð við bóka-vörzlu og skrásetningu. Hún gerir tillögur um bóka-kaup og er honum til hjálpar eftir því sem þörf safnsins krefur. Bóka-vörður og bóka-safnsnefnd geta, að fengnu samþykki skólameistara, kvatt nemendur til vinnu við safnið, ef nauðsyn krefur.

4. gr.

Bóka-safnið er opið til útlána og lestrarsalur þess opinn til afnota fyrir nemendur skólans eftir því sem bóka-vörður og bóka-safnsnefnd ákveða í samráði við skólameistara.

Bóka-vörður og bóka-safnsnefnd hafa eftirlit með lestrarstofu, en geta skipað verði eftir þörfum. Bóka-vörður og skólameistari setja reglur um almenna umgengi í salarkynnum safnsins.

Menntamálaráðuneytið, 21. október 1966.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

AUGLÝSING

um varnir vegna hundapestar á Suðurlandi og í nágrenni Reykjavíkur.

Þar sem hundapestar hefur orðið vart á Suðurlandi og í nágrenni Reykjavíkur, skulu allir hundaeigendur á svæðinu frá Botnsá í Hvalfirði og austur að Mýrdals-sandi gæta þess að halda hundum sínum heima, forðast að þeir hafi samgang við aðra hunda og hafa þá ekki með sér utan heimilis.

Úr þessum landshluta má ekki flytja hunda til annarra staða á landinu, og þangað má ekki flytja hunda nema með leyfi sýslumanns eða bæjarfógeta.

Hreppstjórar og bæjarfógetar skulu sjá um, að öllum hundum, sem sýkt hafa eða sýkjast af hundapest, verði lógað án tafar og hraein grafin. Sama máli gegnir um alla flækingshunda.

Að öðru leyti skal fylgja ákvæðum reglugerðar frá 7. október 1966, um varnir gegn útbreiðslu hundapestar.

Auglýsing þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 16, 31. janúar 1952 um breyting á lögum nr. 11 23. apríl 1928, um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins, og varða brot sektum samkvæmt þeim lögum.

Landbúnaðarráðuneytið, 21. október 1966.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

um möskvastærðir botnvörpunetja og lágmarksstærðir fisktegunda.

1. gr.

Á hafsvæðinu norðan línu, sem hugsast dregin frá strönd Noregs eftir 66° n.br., að 10° v.lgd., þaðan suður að 62° n.br., þaðan vestur að 28° v.lgd., þaðan suður að 59° n.br. og þaðan vestur að 42° v.lgd., skal lágmarksstærð möskva vera sem hér segir:

- a. Í botnvörpunetjum, sem búin eru til úr bómull, mjúktrefjahampi eða gervi-efnum (polyamide, polyester), skal lágmarksstærð möskva vera slík, að þegar möskvi er teygður horna á milli eftir lengd netsins, komist flöt mælistika, 120 mm breið og 2 mm þykk, auðveldlega í gegn, þegar netið er vott.
- b. Í botnvörpunetjum, sem búin eru til úr öðrum efnum, skal lágmarksstærð möskva vera slík, að þegar möskvi er teygður horna á milli eftir lengd netsins, komist flöt mælistika, 130 mm breið og 2 mm þykk, auðveldlega í gegn, þegar netið er vott.

2. gr.

Á öðrum hafsvæðum en um getur í 1. gr. og alþjóðasamningurinn frá 5. apríl, 1946 um möskvastærð fiskinetja, tekur til, skal lágmarksstærð möskva vera sem hér segir:

- a. Í botnvörpunetjum, sem búin eru til úr tvöföldu garni og innihalda hvorki manila né sisal, skal lágmarksstærð möskva vera slík, að þegar möskvi er teygður horna á milli eftir lengd netsins, komist flöt mælistika, 75 mm breið og 2 mm þykk, auðveldlega í gegn, þegar netið er vott.
- b. Í botnvörpunetjum, sem búin eru til úr manila eða sisal, skal lágmarksstærð möskva vera slík, að þegar möskvi er teygður horna á milli eftir lengd netsins, komist flöt mælistika, 80 mm breið og 2 mm þykk, auðveldlega í gegn þegar netið er vott.

3. gr.

1. Ekkert skip má við veiðar nota nokkurn þann útbúnað, sem þrengir eða heftir á nokkurn hátt möskva þá, sem lýst er í 1. gr. og 2. gr. reglugerðar þessarar.
2. Þó skal eigi teljast ólöglegt:
 - a. Að festa segldúk, net eða annað efni undir poka botnvörpunets í því skyni að forða eða draga úr sliti.
 - b. Til 31. desember 1968 að festa ferhyrndan netbút á efri hluta botnvörpupoka í því skyni að draga úr eða hindra skemmdir, að því tilskildu, að netbúturinn hafi ekki minni möskva en áskilið er um botnvörpuna sjálfa og að netbúturinn sé festur þannig, að hann nái ekki lengra fram en fjóra möskva fram fyrir pokagjörðina og ekki lengra aftur en fjórum möskvum fyrir framan endamöskvann og sé festur aðeins að framan nema fyrir framan pokagjörð, þar sem festa má hann einnig á hliðum.
 - c. Tala möskva í breidd netbútsins skal vera a. m. k. einum og hálfum sinnum tala möskva í þeim hluta pokans, sem þakinn er, og skal breiddin talin þvert á langlínu pokans.

4. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. gr. mega þó skip, er veiða makríl, sild og skyldar tegundir, gullax, ál, fjörsung (*Trachinus draco*) rækju, leturhumar eða lindýr hafa innanborðs og nota net með smærri möskvum, en þar greinir, með þeim skilyrðum, a) að slík veiðarfæri noti skipin ekki til þess að veiða aðrar tegundir fisks en hér greinir og b) að öllum fiski, sem með þeim kann að veiðast og eigi nær lágmarksstærð þeirri, er lýst er í 5. gr. reglugerðar þessarar, verði þegar eftir veiðina fleygt útbyrðis.

5. gr.

Bannað er að hirða nokkurn fisk, sem er smærri en greint er hér á eftir. Lágmarksstærðin er mæld frá trjónuoddi að sporðsenda:

Þorskur (<i>Gadus callarias</i>)	34 cm
Ýsa (<i>Gadus aeglefinus</i>)	31 —
Ufsi (<i>Gadus virens</i>)	35 —
Lýsingur (<i>Merluccius merluccius</i>)	30 —
Skarkoli (<i>Pleuronectes platessa</i>)	32 —
Langlúra (<i>Glyptocephalus cynoglossus</i>)	28 —
Þykkvalúra (<i>Microstomus kitt</i>)	25 —
Tunga (<i>Solea solea</i>)	24 —
Sandhverfa (<i>Scophthalmus maximus</i>)	30 —
Slétthverfa (<i>Scophthalmus rhombus</i>)	30 —
Stórkjafra (<i>Lepidorhombus whiff</i>)	25 —
Lýsa (<i>Gadus merlangus</i>)	23 —
Sandkoli (<i>Pleuronectes limanda</i>)	20 —

Einnig er bannað að kaupa eða selja fisk, sem telst til þessara tegunda, ef hann er smærri en segir í þessari grein,

6. gr.

Eigi ná ákvæði reglugerðar þessarar til fiskveiða í þágu vísindalegra rannsókna né til fisks, sem í slíkum veiðiferðum er veiddur.

7. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum frá kr. 1 000.00 til kr. 100 000.00.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnnsins, og lögum nr. 14 30. marz 1960, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæði alþjóðasamnings, er gerður var 24. janúar 1959, um fiskveiðar í norðausturhluta Atlantshafs, ásamt viðbæti, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað. Ákvæði 1. gr. reglugerðarinnar taka þó ekki gildi fyrr en 1. júní 1967. Gilda þangað til ákvæði 1. gr. reglugerðar nr. 74 30. maí 1965, um möskvastærðir botnvörpunetja og lágmarksstærðir fisktegunda, en jafnframt eru önnur ákvæði þeirrar reglugerðar úr gildi felld.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 25. október 1966.

Eggert G. Þorsteinsson.

Gunnlaugur E. Briem.

REGLUGERÐ**um eftirlit með ferskum humar og ferskri rækju.****1. gr.**

Ferskfiskeftirlitið annast eftirlit með ferskum humar og rækju.

2. gr.

Um þrif á skipum, sem veiða humar eða rækja og um búnað þeirra, svo og um búnað og þrif á móttökuhúsum fyrir humar og rækju gilda, eftir því sem við á, ákvæði reglugerðar nr. 1 13. janúar 1961, um ferskfiskeftirlit.

3. gr.

Allan humar og rækju um borð í fiskiskipi skal láta í ílát strax eftir þvott. Öll ílát, sem notuð eru til geymslu humars eða rækju, skulu vera úr efni, sem ferskfiskeftirlitið telur fullnægjandi, og þannig að lögun og stærð, að humarinn eða rækjan merjist ekki eða skemmist á annan hátt. Tréílát eru óheimil. Ílátin skulu þvegin vandlega, er þau hafa verið tæmd, og skulu þau vera hrein og þurr, þegar farið er í veiðiför. Einnig skal hreinsa þau með viðurkenndu gerileyðandi efni.

4. gr.

Rækju má ekki veiða í sjó, sem svo er mengaður afrennsli frá skolpræsum eða sorphaugum, að hann fullnægi ekki þeim hreinlætiskröfum, sem almennt eru gerðar til neyzluvatns. Ef ekki er talið öruggt, að sjórinn sé hreinn, ber eftirlitsmanni Ferskfiskeftirlitsins á staðnum að láta rannsaka hann.

5. gr.

Humar og rækju skal þvo vandlega strax um borð í fiskiskipi og kæla á þann hátt, sem Ferskfiskeftirlitið telur fullnægjandi. Kælingin skal vera það mikil að hitastigið í fiskinum verði sem næst 0° C, og fari aldrei yfir 4° C.

Undanþágu frá ofangreindu ákvæði um kælingu má veita rækjubátum, sem eru skemur en 12 klst. í veiðiför.

6. gr.

Í landi skal kælingu á humar og rækju viðhaldið þangað til vinnsla fer fram, þannig að hitastigið í fiskinum verði sem næst 0° C, og fari aldrei yfir 4° C.

Rækju, sem ekki hefur verið kæld um borð, skal ísa vandlega strax eftir löndun.

7. gr.

Vatn og sjór, sem notaður er til þvotta á humar eða rækju, skal fullnægja þeim hreinlætiskröfum, sem gerðar eru til neyzluvatns.

Blanda skal klóri (Cl₂) í vatn og sjó, sem notaður er til þvotta á móttökuhúsum og búnaði þeirra, þannig að klórmagnið verði ekki minna en 25 p.p.m.

8. gr.

Ferskfiskeftirlitið getur, ef verðlagsáskvarðanir eða aðrar ástæður gefa tilefni til, metið humar og rækju í flokka eftir gæðum og stærð. Fiskmatsráð gefur eftirlitsmönnum Ferskfiskeftirlitsins fyrirmæli um gæða- og stærðarflokkun.

9. gr.

Telji eftirlitsmaður að meðferð humars eða rækju um borð í fiskiskipum eða í móttökuhúsi sé ábótavant og ekki í samræmi við framangreindar reglur, er honum heimilt að stöðva vinnslu aflans.

10. gr.

Starfsmönnum Ferskfiskeftirlitsins er heimilt að fara um borð í öll fiskiskip og á hvern þann stað, þar sem humar og rækja er unnin. Einnig er þeim heimilt að taka sýnishorn af afla og athuga þau, og ber fiskkaupanda að veita aðstoð við þá athugun, ef þess er óskað.

11. gr.

Skjóta má ágreiningi, sem kann að rísa vegna starfa eftirlitsmanna, til yfir-
eftirlitsmanns og framkvæmdastjóra fiskmatsráðs.

12. gr.

Vinnslustöðvum er óheimilt að taka humar eða rækju, sem ætluð er til manne-
ldis til vinnslu úr fiskiskipum, sem ekki hafa gildandi hæfnisvottorð Ferskfisk-
eftirlitsins.

13. gr.

Framleiðsla humars- og rækjuafurða til manne-ldis er bönnuð í vinnslustöðvum, sem eigi hafa gildandi hæfnisvottorð.

14. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot sektum.

15. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 5. gr. laga nr. 42 9. júní 1960, um ferskfisk-
eftirlit, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 25. október 1966.

Eggert G. Þorsteinsson.

Gunnlaugur E. Briem.

AUGLÝSING**um útgáfu myntar.**

Hinn 21. okt. 1966 var gerður samningur milli fjármálaráðuneytisins og Seðlabanka Íslands um að Seðlabanki Íslands taki við sláttu og útgáfu myntar úr hendi ríkissjóðs frá og með 1. apríl 1967. Samningur þessi er birtur í heild í 60. tbl. Lög-
birtingablaðsins.

Fjármálaráðuneytið, 21. október 1966.

F. h. r.

Guðlaugur Þorvaldsson.

Björn Hermannsson.

25. október 1966.

Nr. 217.

REGLUGERÐ**um gerð skipulagsáætlana.****I. KAFLI****Inngangur.****1. gr.**

Skipulagsáætlun, skv. skipulagslögum og reglugerð þessari, er uppdráttur (uppdrættir) að skipulagi tiltekins svæðis ásamt nauðsynlegum skýringartexta.

2. gr.

Skipulagsáætlanir eru tvenns konar, annars vegar áætlun um aðalskipulag, sem tekur yfir skipulagsskyldan stað í heild, nema öðru vísi sé sérstaklega ákveðið, en hins vegar áætlun um deiliskipulag, sem tekur að jafnaði yfir hluta skipulags-
skylds staðar.

Í áætlun um aðalskipulag skal kveðið á um meginatriði varðandi þróun byggðar á hlutaðeigandi stað.

Í áætlun um deiliskipulag skal í einstökum atriðum kveðið á um notkun og uppbyggingu hlutaðeigandi svæðis innan marka aðalskipulagsins.

3. gr.

Aðalskipulag skal gert um alla skipulagsskylda staði, skv. 1. mgr. 4. gr. skipulagsslaga, svo og þá, sem úrskurðaðir eru skipulagsskyldir, skv. 2. mgr. 4. gr. Enn fremur skal aðalskipulag gert um það svæði, þar sem ákveðin er svæðisskipulagning, skv. 1. mgr. 3. gr.

4. gr.

Deiliskipulag skal gert um þau svæði innan aðalskipulags, þar sem slíks er þörf, t. d. þar sem íbúafjöldun er mikil, lóðaskipting eða landamerki óhagkvæm, meiri háttar byggingarstarfsemi hafin eða fyrirhuguð eða aðrar slíkar aðstæður fyrir hendi.

5. gr.

Skipulagsstjórn getur sett reglur um það, hvernig auðkenna skuli á aðalskipulagi og deiliskipulagi mismunandi notkun lands eftir tegund notkunar, svo og hvernig auðkenna skuli byggingar eftir hæð, notkun o. s. frv. Hún getur og sett reglur um, hvaða mælikvarði skuli hafður á skipulagsuppráttum.

II. KAFLI

Um gerð aðalskipulags.

6. gr.

Aðalskipulag skal miðað við ákveðið tímabil, þannig að því er ætlað að fullnægja áætluðum þörfum eigi skemur en til loka skipulagstímabilsins. Tímabil aðalskipulags skal að jafnaði vera 20 ár.

Eigi sjaldnar en á fimm ára fresti frá gildistöku aðalskipulags á að taka það til endurskoðunar. Þá á að áætla þarfir að nýju, miðað við næstu tuttugu ár frá þeim tíma, og einnig að meta, hvort aðrar forsendur aðalskipulagsins hafi breytt. Ef tilefni er þá til að dómi skipulagsstjórnar eða sveitarstjórnar, skal gera nýja áætlun um aðalskipulag.

7. gr.

Í aðalskipulagi á að sýna eftirfarandi atriði: Skiptingu byggðar í íbúðarhverfi, iðnaðarhverfi, athafnasvæði til fiskverkunar og önnur athafnahverfi eftir tegund starfsemi, flugvelli og hafnarsvæði, svo og staðsetningu opinberra bygginga og annarra mannvirkja til almannaþarfa.

Þá skal við skipulagningu sérstaklega kannað að hve miklu leyti skuli gert ráð fyrir eftirtöldum stofnunum til almannaþarfa: Kirkju, ráðhúsi (skrifstofu sveitarfélags), skólum, leikvöllum, barnaheimilum ýmiss konar, sundlaug og öðrum íþróttamannvirkjum, heilsuverndarstöð, sjúkrahúsi, fæðingarheimili, elliheimili, slökkvistöð, lögreglustöð, póst- og símahús, lögmæltum embættisbústöðum, t. d. prests, héraðsdómara, læknis, skólustjóra o. s. frv., bókasafni, félagsheimili, leikhúsi, kvikmyndahúsi, gisti- og veitingahúsi, umferðarmiðstöð, bifreiðastöð, banka (sparisjóði), spennistöðvum, almenningsnáðhúsum, garðyrkjustöðvum, kirkjugarði o. s. frv.

Sýnt skal eftir því sem þörf krefur, hvar gert er ráð fyrir útivistarsvæðum og sumarhústaðahverfum svo og hvaða svæði eru ákveðin til landbúnaðar.

Þá skal sýna jarðhitasvæði, svæði þar sem eru náttúrufyrirbrigði og sögulegar minjar, er sérstök ástæða þykir til að varðveita; svo og sérstaklega svæði, sem þegar eru friðuð, t. d. kirkjugarða, eða háð sérstöku eftirliti, t. d. vatnsból og aðrennslisvæði þeirra.

Á uppdrætti skulu aðalumferðarbrautir auðkenndar eftir mikilvægi þeirra og gerð; þá skulu og auðkenndar aðallagnir vatnsveitu, rafmagnsveitu, hitaveitu, holræsa o. s. frv. eftir því sem ástæða þykir til.

Sérstaklega skal auðkenna svæði þau, þar sem ákveðið er að fresta skipulagningu, sbr. 2. mgr. 10. gr. skipulagslaga.

8. gr.

Uppdrætti að aðalskipulagi skal fylgja greinargerð um aðstæður á hlutaðeigandi stað, þegar aðalskipulagið er gert, t. d. um íbúafjölda, atvinnumál, samgöngumál og byggingarmál. Þá skal og gerð grein fyrir sennilegri þróun mála á hlutaðeigandi stað.

Þá á að fylgja lýsing þeirra tillagna, sem uppdrættir sýna, svo og rökstuðningur þeirra tillagna.

Enn fremur skal gerð grein fyrir því, hvernig framkvæmd aðalskipulagsins er fyrirhuguð.

Í lýsingu skal m. a. gerð grein fyrir nýtingarhlutfalli, sem heimila skal í tilteknum hverfum, að því leyti sem slíkt er ekki beinlínis fram tekið á uppdráttum.

Skipulagsstjórn getur heimilað, að vikið sé frá ákvæðum um greinargerð (lýsingu), þar sem ekki þykir ástæða til ýtarlegrar greinargerðar, t. d. á hinum minni skipulagsskyldu stöðum, þar sem ekki er að vænta mikilla breytinga eða aðstæður að öðru leyti geri slíkt nauðsynlegt.

Við gerð aðalskipulags skal höfð hliðsjón af hinum almennu ákvæðum, sem tilgreind eru í IV. kafla eftir því sem við á.

III. KAFLI

Um gerð deiliskipulags.

9. gr.

Deiliskipulag skal gert innan þeirra marka, sem aðalskipulag setur, sbr. 4. gr. Auðkenna skal greinilega mörk þess svæðis, sem deiliskipulagið tekur til.

Í deiliskipulagi skal, eins og í aðalskipulagi, sbr. 8. gr., gerð grein fyrir aðstæðum, þegar skipulagið er gert, og sennilegri þróun mála. Skipulagsstjórn getur leyft, að frá þessu sé vikið, þannig, að í stað greinargerðar komi aðeins stutt lýsing uppdráttu.

10. gr.

Í áætlun um deiliskipulag skal gerð nánari grein fyrir meginatriðum aðalskipulagsins, t. d. um byggingarsvæði, óbyggð svæði og umferðarkerfi. Þar á að sýna legu og breidd bæði núverandi gatna og fyrirhugaðra gatna, gangstíga fyrir almenning og torg, húsalínur, bifreiðastæði og svæði til almannaþarfa, svo og lóðamörk, bæði núverandi og fyrirhuguð, eftir því sem ástæða þykir til.

Í áætlun og greinargerð skal kveða á um hámarksnýtingarhlutfall, hæð og notkun húsa, fjarlægð milli húsa og frá lóðamörkum; enn fremur má kveða á um staðsetningu fyrirhugaðra húsa, hámarksdýpt þeirra, þakgerð og annað, er máli getur skipt um gerð þeirra, t. d. hvort um er að ræða timburhús eða steinhús.

11. gr.

Í áætlun um deiliskipulag skal við það miðað, að fylgt sé reglum, sem um getur í IV. kafla. Skipulagsstjórn getur leyft, að vikið sé frá slíku, þegar sýnt þykir eða sennilegt, að ókleift sé að fara eftir þeim vegna byggðar, sem þegar er risin. Því aðeins getur skipulagsstjórn veitt slíkt leyfi, að fyrir liggja tillaga að deiliskipulagi ásamt fullnægjandi rökstuðningi fyrir umræddu fráviki.

Ef vikið er frá aðalskipulagi, skv. 1. mgr., skal sérstaklega gerð grein fyrir nauðsyn á slíku fráviki.

Á þeim stöðum, t. d. við aðalgötur og torg, þar sem sérstök ástæða þykir til að vanda útlit húsa, getur skipulagsstjórn ákveðið, að ekki megi veita byggingarleyfi, nema sérstakt samþykki hennar komi til.

IV. KAFLI

Almenn skipulagsákvæði.

A. Götur.

12. gr.

Nýjar götur skulu a. m. k. vera 12 m á breidd, nema sýnt sé á skipulagi, að komast megi af með mjórri götu.

Skipulagsstjórn getur ákveðið, að gerð skuli í deiliskipulagi sérstök grein fyrir tengingu gatna innbyrðis, hæðarlegu o. s. frv.

B. Nýtingarhlutfall.

13. gr.

Þegar rætt er um nýtingarhlutfall er átt við hlutfallið milli samanlagðs gólf-
flatar húss annars vegar og hins vegar lóðarstærðar, sbr. 4. ml. 2. mgr. 13. gr.
skipulagslaga. Ef sýnt er fram á, að fyrirhuguð hagnýting kjallara sé þess eðlis,
að ekki dragi að sér umferð að dómi byggingarnefndar, getur hún heimilað, að ekki
skuli tekið tillit til kjallararýmis að því leyti.

Nýtingarhlutfall má ekki vera meira en 0,3, nema annað sé sérstaklega ákveðið
í aðalskipulagi eða deiliskipulagi.

C. Bifreiðastæði.

14. gr.

Hverju húsi skulu fylgja bifreiðastæði eftir því sem segir í þessari grein.

Ef ekki er sérstaklega ákveðið á annan veg í aðalskipulagi eða deiliskipulagi
skal miðað við eftirfarandi:

- a. að á lóð íbúðarhúss komi eitt stæði (bifreiðaskýli eða opið stæði, a. m. k. 25
ferm.) á hverja 75 gólfflatarmetra.
- b. að á lóð húss, sem ætlað er til atvinnurekstrar komi eitt stæði, sbr. a-lið, á
hverja 25 gólfflatarmetra í húsinu.

Við útreikning gólfflatarmetra í kjallara má fara eftir reglum í 2. ml. 1. mgr.
13. gr.

15. gr.

Ef sveitarstjórn telur, að ekki verði komið fyrir á lóð nýbyggingar nægilegum
bifreiðastæðum, getur hún heimilað, að fyrir slíku verði séð annars staðar, skv.
reglum þeim, sem um ræðir í 14. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að leysa lóðarhafa undan þessari kvöð, ef hann
greiðir andvirði þess lóðarhluta, sem á vantar, og skal þá andvirðið miðað við
verðmæti þeirrar lóðar, sem byggt er á. Ef ágreiningur rís um andvirði milli
sveitarstjórnar og lóðarhafa, skal úr honum skorið með mati dómkvaddra manna.

Óheimilt er að veita byggingarleyfi, fyrr en endanlega hefur verið samið um
eða skorið úr, hver verði framlög skv. þessari grein.

Greiðslur skv. grein þessari skulu lagðar í sérstakan sjóð, og er óheimilt að
ráðstafa þeim, nema skv. sérstakri heimild skipulagsstjórnar.

Úr sjóðnum skal varið fé til að afla bifreiðastæða, þannig að gagni megi koma
fyrir þá lóð, sem um er að ræða.

Ef lóðarhafi telur, að óhæfilegur dráttur sé á því, að framlag hans verði nýtt
til útvegunar bifreiðastæða, getur hann óskað úrskurðar ráðherra um, hvort fram-
lag skuli endurgreitt og þá ásamt hæfilegum vöxtum. Lóðarhafi á rétt á endur-
greiðslu, ef 3 ár eru liðin frá greiðslu, nema sveitarstjórn færi fram gildar ástæður
fyrir drættinum, t. d. að raunverulegt lóðarverð hafi reynzt hærra en áætlað var,
þegar framlag var ákveðið, og skal miðað við verðlag þá, eða óviðráðanleg atvik
hafi valdið, t. d. að ekki hafi fengizt heimild til eignarnáms.

Ef ágreiningur er um, hvort bifreiðastæði komi aðila að gagni, sker ráðherra
úr að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins.

D. Íbúðarsvæði.

16. gr.

Í íbúðarhverfi má ekki gera ráð fyrir öðru en íbúðum og starfsemi, sem eðlilegt
telst, að þar sé til þjónustu fyrir íbúðarhverfi, t. d. verzlunum, minni háttar benzín-
stöðvum, handiðnaðarfyrirtækjum og öðru slíku, sem ekki verður ætlað að valdi

ópægingdum vegna ólyktar, hávaða, óprifnaðar eða dragi að sér óeðlilega mikla umferð.

Óheimilt er að gera íbúð í kjallara, en það telst kjallari, ef gólf er undir yfirborði aðliggjandi jarðvegs, og er þá miðað við endanlegan frágang lóðar.

Á jarðhæð má gera íbúð, ef a. m. k. ein gluggahlíð hvers íbúðarherbergis og eldhúss fullnægir ákvæðum 2. mgr.

17. gr.

Íbúðarhús skulu þannig staðsett, að tryggt verði, að íbúar þess eigi greiðan aðgang að lóð hússins eða lóð, sem sameiginleg er öðru íbúðarhúsi eða húsum.

Hverri íbúð skal fylgja aðgangur að leiksvæði barna, og skal lágmarksstærð þess vera sem hér segir:

$$\frac{N(32 - N)}{2} \text{ m}^2$$

N merkir fjölda íbúða í hlutaðeigandi húsi, og gildir reglan, þegar N er minna eða jafnt og 16, en úr því bætist 1 ferm. á hverja íbúð.

18. gr.

Fjarlægð íbúðarhúsa frá lóðarmörkum eða aðliggjandi götu á að vera a. m. k. sem svarar hæð hússins, þó aldrei minni en ákveðin er í lögum nr. 37/1948. Nú eru tvö hús byggð á sömu lóð, og má þá fjarlægðin vera a. m. k. samanlögð hæð húsa. Leyfa má þó á lóðarmörkum útbyggingar, bílskúra og slíkt, enda sé hæð á mörkum eigi yfir þrjú metrar.

Skipulagsstjórn getur leyft að vikið sé frá ákvæðum 1. mgr., t. d. þegar um er að ræða sambyggingar húsa í götulinu.

19. gr.

Lóð íbúðarhúss má eigi vera minni en 300 ferm., og er því aðeins heimilt að reisa hús á lóð af þeirri stærð, að um sé að ræða samfellda byggð lágúsa, t. d. raðhúsa, keðjuhúsa eða atriúmúsa. Þegar um er að ræða parhús, skal lágmarksstærð vera 500 ferm., en þegar um er að ræða sérstæð einbýlishús, þá skal lágmarksstærð vera 700 ferm.

Í deiliskipulagi má kveða á um, hvernig girðingu lóða, skv. 1. mgr., skuli hagað.

E. Athafnahverfi.

20. gr.

Á uppdrætti að deiliskipulagi skal sýna í meginatriðum staðsetningu hafnar-mannvirkja svo sem hafnargarða, bryggja, uppfyllinga, dráttarbrauta og annarra slíkra varanlegra mannvirkja. Skal staðsetning og gerð þeirra samræmd sem bezt annarri byggð á hlutaðeigandi stað.

Skipulagsstjórn getur heimilað, að vikið sé frá ákvæðum 1. ml. 1. mgr., ef veruleg óvissa ríkir um atriði þau, sem þar greinir, en geta skal þá í greinargerð, hvaða verkefni gert er ráð fyrir, að höfnin þurfi að leysa á skipulagstímabilinu.

Á þeim stöðum, þar sem gera þarf ráð fyrir athafnasvæðum til fiskverkunar og annarrar vinnslu sjávarafurða, skal að því stefnt, að slíkt starfsemi verði staðsett í góðum tengslum við hafnarvæðið, þó þannig að ekki valdi óeðlilegum óþægindum í íbúðarhverfum.

21. gr.

Á þeim skipulagsskyldu stöðum, þar sem íbúar eru 300 hið fæsta, eða aðrar sérstakar ástæður fyrir hendi, skal gert ráð fyrir sérstökum miðbæjarhverfum, þar

sem fyrst og fremst séu verzlunar- og skrifstofuhús, ásamt byggingum til almannaþarfa og ýmiss konar þjónustumiðstöðvar fyrir almenning.

22. gr.

Iðnrekstur hvers konar skal þannig staðsettur, að sem minnstum óþægindum valdi í íbúðarhverfum, t. d. vegna umferðar, hávaða, ólyktar, hristings og slíks. Að því skal stefnt, að iðnrekstur og verkstæði séu sem mest í sérstökum hverfum, sem séu í góðum samgöngutengslum við íbúðarhverfin.

Lóðir til iðnrekstrar mega að jafnaði ekki vera minni en 2500 ferm., en lóðir undir verkstæði og handiðnað að jafnaði ekki minni en 1000 ferm.

23. gr.

Í athafnahverfum, er um ræðir í þessum kafla reglugerðarinnar, má auk þeirra húsa, sem ætluð eru til atvinnurekstrar, gera ráð fyrir sérstökum íbúðum fyrir verkstjóra, eftirlitsmenn, húsverði o. s. frv., en þó því aðeins að skipulagsstjórn samþykki slíkt sérstaklega hverju sinni.

F. Svæði til ýmiss konar atvinnurekstrar.

24. gr.

Á aðalskipulagi og deiliskipulagi má gera ráð fyrir svæðum, þar sem ýmiss konar starfsemi geti farið samhliða, t. d. þar séu skrifstofur, vörugeymslur og verkstæði. Við deiliskipulagningu skal stuðlað að því, að ekki komi til þess, að aðilar valdi hver öðrum óþægindum með starfrækslu sinni.

G. Sumarbústaðahverfi.

25. gr.

Á skipulagsskyldum stöðum má gera ráð fyrir sérstökum sumarbústaðahverfum. Í áætlun um aðalskipulag skal gerð grein fyrir mörkum slíkra hverfa, hvernig hagað skuli aðkomu að hverju sumarbústaðahverfi og hvernig háttað skuli vatnsöflun og frárennsli.

Á deiliskipulagi skal sýna staðsetningu og mörk sumarbústaðalanda og staðsetningu sumarbústaða, svo og stærð og gerð, ef ástæða þykir til, og sé við það miðað, að ekki verði um ársíbúðir að ræða.

Sumarbústaðalönd skulu að jafnaði eigi minni en 2500 ferm.

H. Svæði til landbúnaðar.

26. gr.

Á þeim svæðum, sem á aðalskipulagi eða deiliskipulagi eru ákveðin til landbúnaðar, má aðeins reisa byggingar, sem beinlínis eru bundnar við búskap á hverjum stað. Skipulagsstjórn getur þó leyft, að á slíkum svæðum sé gert ráð fyrir óhjákvæmilegum þjónustufyrirtækjum vegna byggðarlagsins sjálfs og ferðamanna, t. d. verzlunum, veitingastöðum, benzinstöðvum, viðgerðarverkstæðum o. s. frv.

I. Útivistarsvæði.

27. gr.

Í skipulagsáætlun, bæði um aðalskipulag og deiliskipulag, skal gert ráð fyrir opnum svæðum fyrir almenning til útivistar, almenningsgörrðum og slíku. Þá skal gert ráð fyrir meiri háttar útivistarsvæðum, þar sem almenningur geti dvalizt a. m. k. daglangt; enn fremur skal gert ráð fyrir almennum tjaldbúðasvæðum.

Skipulagsstjórn getur leyft, að vikið sé frá ákvæðum 1. mgr., þar sem skilyrði frá náttúrunnar hendi eru slík, að þessa verði ekki talin þörf.

V. KAFLI

Um staðfesting skipulags og gildi þess.

28. gr.

Staðfesting deiliskipulags er við það miðuð, að fyrir hendi sé aðalskipulag. Skipulagsstjórn getur þó lagt til við ráðherra, að deiliskipulag verði staðfest, þótt aðalskipulag sé ekki fyrir hendi, ef hún telur sýnt, að slíkt muni ekki koma í hága við væntanlegt aðalskipulag eða aðstæður svo óbrotnar, að slíks verði ekki talin þörf.

29. gr.

Heimilt er, ef skipulagsstjórn samþykkir, að staðfesta skipulag í áföngum, þannig að staðfesting taki hverju sinni aðeins til ákveðinna þátta skipulags (aðalskipulags eða deiliskipulags), en stefnt skal þó að því, að skipulagningu í heild verið lokið svo fljótt sem unnt er, skv. ákvæðum reglugerðar þessarar.

Nú óskar sveitarstjórn, að notuð verði heimild 1. mgr., og skal þá greinilega tekið fram í umsókn, uppdráttum og skýringum, til hvaða þátta skipulags ætlazt er til, að staðfesting nái.

30. gr.

Ef skipulagsstjórn eða sveitarstjórn óskar breytinga á staðfestu skipulagi, skal málsmeðferð hagað eftir 15.—18. gr. skipulagslaga, nema við eigi heimild 3. mgr. 19. gr.

31. gr.

Heimilt skal ráðherra, ef brýna nauðsyn krefur og að fengnum tillögum skipulagsstjórnar, að veita undanþágu frá reglugerð þessari.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964, til þess að öðlast gildi 1. janúar 1967, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 25. október 1966.

Eggert G. Þorsteinsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 56 26. marz 1953, um mat á frystum fiski til útflutnings.

1. gr.

Aftan við síðustu málsgr. 22. gr. reglugerðarinnar komi ný málsgrein svo hljóðandi:

Óheimilt er að flytja skelflettan humar eða skelfletta rækju svo og fiskflök milli vinnuslustöðva áður en frysting fer fram.

Ráðuneytið veitir þó undanþágur frá ákvæði þessu til 1. október 1967, þar sem sérstaklega stendur á.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 46 5. apríl 1948, um fiskmat og meðferð, verkun og útflutning á fiski til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 25. október 1966.

Eggert G. Þorsteinsson.

Gunnlaugur E. Briem.

AUGLÝSING

um umferð í Garðahreppi í Gullbringusýslu.

Eftir tillögum hreppsnefndar Garðahrepps í Gullbringusýslu og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 hefur verið ákveðið, að framúrakstur ökutækja skuli vera bannaður á Hafnarfjarðarvegi á svæðinu milli Silfurtúns og Hraunsholtshæðar.

Verður vegurinn á þessu svæði merktur í samræmi við ákvæði þessarar auglýsingar.

Þetta tilkynnist öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu, 26. október 1966.

Einar Ingimundarson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð fyrir vatnsveitu Stökkseyrar nr. 253 31. desember 1965.

1. gr.

5. gr. orðist svo:

Hreppsnefnd annast lagningu heimæða frá aðalveitunni að vatnsinntökum íbúðarhúsa, greiðir allan kostnað við þær og annast viðhald þeirra.

Hverjum húseiganda ber að greiða kostnað við tengingu heimæðar við vatnslögn sína, og einnig fyrir vatnslagnir að útihúsum. Enginn má án leyfis leggja vatnsæðar frá aðalveitu eða heimæðum vatnsveitunnar.

Skylt er hverjum húseiganda að láta tafarlaust gera við vatnsæðar sínar, ef leki kemur að þeim eða útbúnaði er ábótavant.

Enginn má eyða vatni að óþörfu, né setja aflvélar í samband við vatnsveitukerfið án leyfis. Óheimilt er að taka vatn úr brunahönum veitunnar.

2. gr.

12. gr. orðist svo:

Heimilt er að krefja hvern þann aðila sem fær heimæð lagða frá aðalveitu um allt að 2500.00 í stofngjald.

Fyrir heimæðar sem eru lengri en 25 metrar er heimilt að hækka stofngjaldið um allt að kr. 50.00 fyrir hvern lengdarmetra heimæðar, sem umfram er.

Stofngjald skal þó ekki vera herra en 5000.00.

Við ákvörðun stofngjalds telst lengd heimtaugar vera stytta leið frá vatnsinntaki að aðalveitu.

Eindagi stofngjalds er sá dagur, þegar tenging er framkvæmd.

3. gr.

Töluröð eftirfarandi greina breytist þannig, að 12. gr. verður 13. gr., 13. gr. verður 14. gr. o. s. frv.

Reglugerðarbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Stokks-eyrarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 7. nóvember 1966.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

10. október 1966.

Nr. 221.

AUGLÝSING

um umferð í Akraneskaupstað (Akranesi).

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð í kaupstaðnum, samkv. heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 26 frá 2. maí 1958:

1. Bifreiðastöður eru bannaðar á Akurgerði að norðanverðu milli Heiðarbrautar og Suðurgötu.
2. Stöðvunarskylda skal vera á Akurgerði, við Suðurgötu.
3. Bifreiðastöður eru bannaðar á Háholti að sunnanverðu frá Kirkjubraut að Stíllholti.
4. Bifreiðastöður eru bannaðar á Kirkjubraut að vestanverðu frá Merkigerði að húsinu nr. 31 við Kirkjubraut.
5. Bifreiðastöður eru bannaðar á Skagabraut að sunnanverðu frá Kirkjubraut að Þjóðbraut. Enn fremur eru bifreiðastöður bannaðar á Skagabraut að norðanverðu, frá húsinu nr. 17 að húsinu nr. 25.
6. Bifreiðastöður eru bannaðar á Suðurgötu að vestanverðu frá Hafnarbraut að Skagabraut og á Suðurgötu að austanverðu frá Háteig og uppfyrir húsið nr. 20 við Suðurgötu og frá Akursbraut að Mánabraut. Undanskilin þessu banni eru bifreiðastæðin, sem merkt eru á Suðurgötu að vestanverðu, bæði við Akraftorg og neðan hússins nr. 83 við Suðurgötu.
7. Bifreiðastöður eru bannaðar á Vesturgötu að vestanverðu frá Bakkatúni að Deildartúni.

Lögreglustjórnin í Akraneskaupstað, 10. október 1966.

Þórhallur Sæmundsson.

LEIÐBEININGAR

um meðferð íslenzka fánans.

1. Hlutföll fána og stangar.

Þegar fánastöng er fest í jörðu á lengd hennar að vera fimin sinnum breidd fánans, en $2\frac{1}{2}$ sinnum, standi stöngin skáhalt út frá húsi.

2. Flagg tími.

Á tímabilinu frá 1. marz til 31. október má ekki draga fána að hún fyrr en kl. 8 árd. og frá 1. nóv. til febrúarloka ekki fyrr en kl. 9 árd. Fáninn má ekki vera uppi lengur en til sólarlags og aldrei lengur en til kl. 8 síðd., nema flaggað sé á stað við útisamkomur, þá má láta fánann vera uppi meðan samkoman varir og hjart er, þó ekki lengur en til miðnættis.

3. Fáni í hálfu stöng.

Ef draga á fána í hálfu stöng, er hann fyrst dreginn að hún, en síðan felldur svo, að $\frac{1}{3}$ stangarinnar sé fyrir ofan efri jaðar fánans. Við jarðarfarir á að draga fánann að hún, þegar greftrun er lokið og skal hann blakta þar til kvölds, til virðingar við hinn látna.

4. Lögskipaðir fánadagar.

1. Fæðingardagur forseta Íslands.
2. Nýársdagur.
3. Föstudagurinn langi.
4. Páskadagur.
5. Sumardagurinn fyrsti.
6. 1. maí.
7. Hvítasunnudagur.
8. 17. júní.
9. 1. desember.
10. Jólادagur.

Alla ofangreinda daga skal draga fána að hún, nema föstudaginn langa, þá í hálfu stöng. Mælt er til þess, að almenningur dragi fána á stöng ofangreinda daga.

5. Meðferð fánans.

- a) Gæta skal þess jafnan, þegar fáni er dreginn að hún, eða felldur, að hann snerti ekki jörð. Einnig skal flagglína vera vel strekkt, svo að fánajaðar liggja ávallt við stöng.
- b) Aldrei má draga tvo fána á sömu stöng.
- c) Sé íslenzki fáninn á stöng meðal annarra fána, skal hann ætíð vera í miðju, eða lengst til hægri.
- d) Ef fáni er hengdur á vegg, skal hann liggja þar sléttur og minni reitirnir vera ofantil, eða lengst til vinstri, þegar horft er á hann.
- e) Sé fána stillt upp við ræðustól eða borð, á hann alltaf að vera hægra megin við ræðumann í stóli. Séu fánarnir tveir, þá sinn til hvorrar handar.
- f) Ef ræðustóll er sveipaður íslenzka fánanum, skal hann ávallt vera lóðréttur, þannig að minni reitir fánans séu að ofan, og gæta skal þess, að krossmark sé fyrir miðjum ræðustól.

- g) Þegar líkkista er sveipuð íslenzka fánanum, á krossmarkið alltaf að vera við höfðalagið.
- h) Þegar fáni er brotinn saman, skal hann brotinn í þrennt eftir endilöngu og síðan annað hvort brotinn í þríhyrning eða vafinn upp þannig, að eingöngu blái liturinn snúi út, og skal hann jafnan geymdur á vísun og öruggum stað.
6. Óheimilt er að draga fána á stöng, sem er upplitaður, óhreinn, trosnaður eða skemmdur að öðru leyti, og ber jafnan að lagfæra hann strax, að öðrum kosti skal hann ónýttur, með því að brenna hann. Lögreglan skal hafa eftirlit með því að ofangreindu sé framfylgt, og má gera slíka fána upptæka, séu þeir á almannaferi, utan eða innan húss.

Leiðbeiningar þessar eru settar samkvæmt lögum um þjóðfána Íslendinga, nr. 34 17. júní 1944.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 1. desember 1965.

Jóhann Hafstein.

Baldur Möller.

29. október 1966.

Nr. 223.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Vatnsleysustrandarhrepps.

I. RAFORKA

Rafveita Vatnsleysustrandarhrepps selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 5.90 hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á kr. 2.15 hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 28.60 á ári af hverjum fermetra gólfflatar í rúmi því er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 8.80 af fermetra á ári.

B. Almenn heimilisnotkun.

1. Um kwst.mæli á 130 aura hverja kwst. Auk þess skal greiða fastagjald kr. 10.40 á mánuði af hverju herbergi íbúðar. Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar, og eldhús. Herbergi, sem er minna en 5 m², skal teljast sem hálf, en stærra en 25 m², sem tvö. Leiga af af einum mæli er innifalin í fastagjaldinu.

Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er undir 10 m², má miða við sameiginlegt flatarmál þeirra, þannig að hverjir 10 m² jafngildi einu herbergi og 6 m² hálfu herbergi.

C. Vélanotkun.

1. Um kwst.mæli á kr. 3.20 hverja kwst., hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds, kr. 650.00 á hvert uppsett kw. vélanna.
2. Til fiskiðnaðar, með fasttengdum vélum, kr. 1.30 hverja kwst.
3. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla við fisk-, kjöt eða mjólkuriðnað er yfir 20 kw.:
 - a. Um kwst.mæli á 95 aura hverja kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn. Notandi kosti klukkurofa fyrir véla-lagnir eða tvígjaldsmæli, sem settur er til eftirlits með að rofið sé á tilskildum tíma.
 - b. Um tvígjaldsmæli á kr. 5.65 hverja kwst. í 1½ klst. tvisvar sinnum á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en á 95 aura hverja kwst. utan þeirra tíma.
 - c. Um tvígjaldsmæli á kr. 5.65 hverja kwst. í 1½ klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó eigi lengur en 1 klst. í senn, en á 102 aura hverja kwst. utan þess tíma.
4. Um mæli á kr. 1152.60 fyrir hvert kw. mesta notaðs afls á árinu, mælt sem 15 mínútna meðalálag og auk þess 66 aura á notaða kwst.
5. Ef ekki eru tók á að mæla mesta notað afl, má selja þannig: Um mæli á kr. 752.75 fyrir hvert uppsett kw. vélanna og auk þess 66 aura á notaða kwst.

D. Hitun.

1. Um kwst.mæli á 50 aura hverja kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
2. Um kwst.mæli á 20 aura hverja kwst., í 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til kl. 7.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

- a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- b. Að notandi setji klukkurofa fyrir hitalögnina, og kosti viðhald þeirra. Þó getur rafveitustjóri ákveðið að rafveitan leggi til rofa og annist viðhald þeirra. Kostar þá notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim, samkvæmt reglum, sem gilda um leigu mæla.
- c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillir notaður.

E. Önnur raforkusala.

1. Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða, á 1.70 hverja kwst., enda sé notkunin mæld um sérsmæli og suðutæki fasttengd.
2. Til nota um vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kwst.mæli á kr. 3.30 hverja kwst.
3. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kwst.mæli á 54 aura hverja kwst., ef straumur er rofinn frá kl. 8.30 til kl. 22, eða um tvígjaldsmæli á 54 aura hverja kwst. á tímanum frá kl. 22 til 8.30 og 1.30 hverja kwst. frá kl. 8.30 til kl. 22.
4. Til gatnalýsingar á 130 aura hverja kwst.

Alla rafmagnsnotkun, sem ótalin er, og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A—1. Þegar sérstaklega stendur á, má raf-

veitustjóri þó, að tilskyldu samþykki rafveitustjórnar, veita afslátt frá gjaldskrárlið C—E (báðir meðtaldir) á orku, sem notuð er á sumrin, sé um verulega aukningu frá vetrarnotkun að ræða.

Enn fremur að selja orku eftir sérstökum samningi, sé það hagstætt vegna orkunýtingar rafveitunnar.

II. MÆLALEIGUR

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa mælum upp að 30 amp.	kr. 8.50 á mán.
2. Af þrífasa mælum upp að 50 amp.	— 10.75 — —
3. Af þrífasa mælum 50 til 200 amp.	— 27.10 — —
4. Af þrífasa mælum yfir 200 amp.	— 39.00 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í gjaldskránni skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leigan er innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greitt, svo til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir endurofnun kr. 200.00.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún eigi endurofnuð fyrr en notandi hefur greitt kr. 200.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir hverja húsveitu. Umsækjandi heimtaugar skal gera grein fyrir væntanlegri notkun húsnæðis og helztu raforkunotkun.

Ein heimtaug er lögð að hverri eign (á sömu lóð) og skal greitt heimtaugargjald af hverri heimtaug (spennist.) fyrir allt að 15 m jarðstrengsheimtaug frá jarðstrengskerfi og allt að 30 m loftlínuheimtaug frá loftlínukerfi samkvæmt eftirfarandi töflu:

Gjald- skrárliður	Málstraumur stofnvara		Hámarksafli kva.	Heimtaugargjald
	í 3×220 V kerfi Amp.	í 3×380 V kerfi Amp.		
1.	2× 60	1× 60	13	5 200.00
2.	3× 60	2× 60	22	6 890.00
3.	3×100	3× 60	38	9 875.00
4.			50 sp.	11 700.00
5.		3×100	66	16 250.00
6.	3×200		75	19 750.00
7.			100 sp.	23 400.00
8.	3×350	3×300	132	32 420.00
9.			150 sp.	37 190.00
10.			200 sp.	46 780.00
11.		3×350	231	53 930.00
12.			300 sp.	74 400.00
13.			500 sp.	124 300.00

Sp. = Spennir.

Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu stytztu greiðfæru leið að varkassa á útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa kassa á innvegg, skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn verður dreginn í.

Sé jarðlínuheimtaug lögð frá loftlínu (samkv. ósk heimtaugarbeiðanda), skal lengd heimtaugar reiknuð frá loftlínustólpa að inntakskassa, en þveri heimtaugin akbraut, skal breidd akbrautar dregin frá.

Yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern metra, umfram fyrstu 15 m þannig:
 $Y_j = (250 + 4 \times kVA)$ kr/m.

Yfirlengdargjald loftlínu reiknast á hvern metra umfram fyrstu 30 m þannig:
 $Y_l = (50 + 3 \times kVA)$ kr/m að viðbættum 2500 kr. á hvern staur í umframlengd.

Sé lögð bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu, skal greitt fyrir hana, sem hér segir:

60 amp. einfasa	kr. 1300.00
60 amp. þrífasa	— 1560.00

Séu aðstæður þannig, að kostnaður við lagningu bráðabirgðaheimtaugar verði óeðlilega hár, má taka gjald fyrir hana samkvæmt kostnaði.

Telji rafveitustjóri að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða spennis, skal notandi greiða mismun, samkvæmt gjaldskrá. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti, vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar stöðvarinnar.

Þegar lóð er lögð til, er það rafveitunni gert að kostnaðarlausu og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Þegar húsnæði er lagt til, skal það fullnægja settum skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra. Eðlilegur kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina, greiðist af rafveitunni (í leiguformi, t. d. fyrir lengri tíma) og kemur þannig til frádráttar heimtaugargjaldi.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt hverfi að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkvæmt kostnaðarreikningi. Helmingur heimtaugargjalds skal greiddur við umsókn, en síðari hlutinn áður en notkun hefst.

Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps hefur samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá fyrir Rafveitu Vatnsleysustrandarhrepps, nr. 57 9. marz 1966.

Atvinnumálaráðuneytið, 29. október 1966.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Keflavíkur.

I. RAFORKA

Rafveita Keflavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 5.90 hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á kr. 2.15 hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 28.60 á ári af hverjum fermetra gólfflatar í rúmi því er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 8.80 af fermetra á ári.

B. Almenn heimilisnotkun.

1. Um kwst.mæli á 130 aura hverja kwst. Auk þess skal greiða fastagjald kr. 10.40 á mánuði af hverju herbergi íbúðar. Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar, og eldhús. Herbergi, sem er minna en 5 m², skal teljast sem hálf, en stærra en 25 m², sem tvö. Leiga af af einum mæli er innifalin í fastagjaldinu.

Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er undir 10 m², má miða við sameiginlegt flatarmál þeirra, þannig að hverjir 10 m² jafngildi einu herbergi og 6 m² hálfu herbergi.

C. Vélanotkun.

1. Um kwst.mæli á kr. 3.20 hverja kwst., hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds, kr. 650.00 á hvert uppsett kw. vélanna.
2. Til fiskiðnaðar, með fasttengdum vélum, kr. 1.30 hverja kwst.
3. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla við fisk-, kjöt eða mjólkuriðnað er yfir 20 kw.:
 - a. Um kwst.mæli á 95 aura hverja kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síçdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn. Notandi kosti klukkurofa fyrir véla-lagnir eða tvígjaldsmæli, sem settur er til eftirlits með að rofið sé á tilskildum tíma.
 - b. Um tvígjaldsmæli á kr. 5.65 hverja kwst. í 1½ klst. tvisvar sinnum á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en á 95 aura hverja kwst. utan þeirra tíma.
 - c. Um tvígjaldsmæli á kr. 5.65 hverja kwst. í 1½ klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó eigi lengur en 1 klst. í senn, en á 102 aura hverja kwst. utan þess tíma.
4. Um mæli á kr. 1152.60 fyrir hvert kw. mesta notaðs afls á árinu, mælt sem 15 mínútna meðalálag og auk þess 66 aura á notaða kwst.
5. Ef ekki eru tök á að mæla mesta notað afl, má selja þannig: Um mæli á kr. 752.75 fyrir hvert uppsett kw. vélanna og auk þess 66 aura á notaða kwst.

D. Hitun.

1. Um kwst.mæli á 50 aura hverja kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegisð og síðdegis, en þó eigi lengur en $1\frac{1}{2}$ klst. í senn.
2. Um kwst.mæli á 20 aura hverja kwst., í 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til kl. 7.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

- a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- b. Að notandi setji klukkurofa fyrir hitalögnina, og kosti viðhald þeirra. Þó getur rafveitustjóri ákveðið að rafveitan leggi til rofa og annist viðhald þeirra. Kostar þá notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim, samkvæmt reglum, sem gilda um leigu mæla.
- c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrimælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillir notaður.

E. Önnur raforkusala.

1. Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða, á 1.70 hverja kwst., enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutæki fasttengd.
2. Til nota um vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kwst.mæli á kr. 3.30 hverja kwst.
3. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kwst.mæli á 54 aura hverja kwst., ef straumur er rofinn frá kl. 8.30 til kl. 22, eða um tvisgjaldsmæli á 54 aura hverja kwst. á tímanum frá kl. 22 til 8.30 og 1.30 hverja kwst. frá kl. 8.30 til kl. 22.
4. Til gatnalýsingar á 130 aura hverja kwst.

Alla rafmagnsnotkun, sem ótalin er, og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A--1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó, að tilskyldu samþykki rafveitustjórnar, veita afslátt frá gjaldskrárlið C—E (báðir meðtaldir) á orku, sem notuð er á sumrin, sé um verulega aukningu frá vetrarnotkun að ræða.

Enn fremur að selja orku eftir sérstökum samningi, sé það hagstætt vegna orkunýtingar rafveitunnar.

II. MÆLALÆIGUR

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

- | | |
|--|-----------------|
| 1. Af einfasa mælum upp að 30 amp. | kr. 8.50 á mán. |
| 2. Af þrífasa mælum upp að 50 amp. | — 10.75 — — |
| 3. Af þrífasa mælum 50 til 200 amp. | — 27.10 — — |
| 4. Af þrífasa mælum yfir 200 amp. | — 39.00 — — |

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í gjaldskránni skal ársléigan vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leigan er innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greitt, svo til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduroppun kr. 200.00.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún eigi enduropnuð fyrr en notandi hefur greitt kr. 200.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir hverja húsveitu. Umsækjandi heimtaugar skal gera grein fyrir væntanlegri notkun húsnæðis og helztu raforkunotkun.

Ein heimtaug er lögð að hverri eign (á sömu lóð) og skal greitt heimtaugargjald af hverri heimtaug (spennist.) fyrir allt að 15 m jarðstrengsheimtaug frá jarðstrengskerfi og allt að 30 m loftlínuheimtaug frá loftlínukerfi samkvæmt eftirfarandi töflu:

Gjald- skrárlíður	Málstraumur stofnvara		Hámarksafll kva.	Heimtaugargjald
	í 3×220 V kerfi Amp.	í 3×380 V kerfi Amp.		
1.	2× 60	1× 60	13	5 200.00
2.	3× 60	2× 60	22	6 890.00
3.	3×100	3× 60	38	9 875.00
4.			50 sp.	11 700.00
5.		3×100	66	16 250.00
6.	3×200		75	19 750.00
7.			100 sp.	23 400.00
8.	3×350	3×300	132	32 420.00
9.			150 sp.	37 190.00
10.			200 sp.	46 780.00
11.		3×350	231	53 930.00
12.			300 sp.	74 400.00
13.			500 sp.	124 300.00

Sp. = Spennir.

Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu stytztu greiðfæru leið að varkassa á útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa kassa á innvegg, skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn verður dreginn í.

Sé jarðlínuheimtaug lögð frá loftlínu (samkv. ósk heimtaugarbeiðanda), skal lengd heimtaugar reiknuð frá loftlínustólpa að inntakskassa, en þveri heimtaugin akbraut, skal breidd akbrautar dregin frá.

Yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern metra, umfram fyrstu 15 m þannig: $Y_j = (250 + 4 \times kVA)$ kr/m.

Yfirlengdargjald loftlínu reiknast á hvern metra umfram fyrstu 30 m þannig: $Y_l = (50 + 3 \times kVA)$ kr/m að viðbættum 2500 kr. á hvern staur í umframlengd.

Sé lögð bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu, skal greitt fyrir hana, sem hér segir:

60 amp. einfasa	kr. 1300.00
60 amp. þrífasa	— 1560.00

Séu aðstæður þannig, að kostnaður við lagningu bráðabirgðaheimtaugar verði óeðlilega hár, má taka gjald fyrir hana samkvæmt kostnaði.

Telji rafveitustjóri að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða spennis, skal notandi greiða mismun, samkvæmt gjaldskrá. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti, vegna eins notanda, skal hann leggja

til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar stöðvarinnar.

Þegar lóð er lögð til, er það rafveitunni gert að kostnaðarlausu og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Þegar húsnæði er lagt til, skal það fullnægja settum skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra. Eðlilegur kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina, greiðist af rafveitunni (í leiguformi, t. d. fyrir lengri tíma) og kemur þannig til frádráttar heimtaugargjaldi.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt hverfi að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkvæmt kostnaðarreikningi. Helmingur heimtaugargjalds skal greiddur við umsókn, en síðari hlutinn áður en notkun hefst.

Gjaldskrá þessi, sem rafveitunefnd Keflavíkur hefur samið og bæjarstjórn samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi numin eldri gjaldskrá Rafveitu Keflavíkur, nr. 43 18. febrúar 1966.

Atvinnumálaráðuneytið, 31. október 1966.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Gerðahrepps.

I. RAFORKA

Rafveita Gerðahrepps selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 5.90 hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á kr. 2.15 hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 28.60 á ári af hverjum fermetra gólfflatar í rúmi því er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 8.80 af fermetra á ári.

B. Almenn heimilisnotkun.

1. Um kwst.mæli á 130 aura hverja kwst. Auk þess skal greiða fastagjald kr. 10.40 á mánuði af hverju herbergi íbúðar. Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar, og eldhús. Herbergi, sem er minna en 5 m², skal teljast sem hálf, en stærra en 25 m², sem tvö. Leiga af af einum mæli er innifalin í fastagjaldinu.

Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er undir 10 m², má miða við sameiginlegt flatarmál þeirra, þannig að hverjir 10 m² jafngildi einu herbergi og 6 m² hálfu herbergi.

C. Vélanotkun.

1. Um kwst.mæli á kr. 3.20 hverja kwst., hafi vélnarar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds, kr. 650.00 á hvert uppsett kw. vélanna.
2. Til fiskiðnaðar, með fasttengdum vélum, kr. 1.30 hverja kwst.
3. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla við fisk-, kjöt eða mjólkuriðnað er yfir 20 kw.:
 - a. Um kwst.mæli á 95 aura hverja kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn. Notandi kosti klukkurofa fyrir véla-lagnir eða tvígjaldsmæli, sem settur er til eftirlits með að rofið sé á tilskildum tíma.
 - b. Um tvígjaldsmæli á kr. 5.65 hverja kwst. í 1½ klst. tvisvar sinnum á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en á 95 aura hverja kwst. utan þeirra tíma.
 - c. Um tvígjaldsmæli á kr. 5.65 hverja kwst. í 1½ klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó eigi lengur en 1 klst. í senn, en á 102 aura hverja kwst. utan þess tíma.
4. Um mæli á kr. 1152.60 fyrir hvert kw. mesta notaðs afls á árinu, mælt sem 15 mínútna meðalalag og auk þess 66 aura á notaða kwst.
5. Ef ekki eru tók á að mæla mesta notað afl, má selja þannig: Um mæli á kr. 752.75 fyrir hvert uppsett kw. vélanna og auk þess 66 aura á notaða kwst.

D. Hitun.

1. Um kwst.mæli á 50 aura hverja kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
2. Um kwst.mæli á 20 aura hverja kwst., í 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til kl. 7.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

- a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- b. Að notandi setji klukkurofa fyrir hitalögnina, og kosti viðhald þeirra. Þó getur rafveitustjóri ákveðið að rafveitan leggi til rofa og annist viðhald þeirra. Kostar þá notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim, samkvæmt reglum, sem gilda um leigu mæla.
- c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillir notaður.

E. Önnur raforkusala.

1. Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða, á 1.70 hverja kwst., enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutæki fasttengd.
2. Til nota um vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kwst.-mæli á kr. 3.30 hverja kwst.
3. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kwst.mæli á 54 aura hverja kwst., ef straumur er rofinn frá kl. 8.30 til kl. 22, eða um tvígjaldsmæli á 54 aura hverja kwst. á tímanum frá kl. 22 til 8.30 og 1.30 hverja kwst. frá kl. 8.30 til kl. 22.
4. Til gatnalýsingar á 130 aura hverja kwst.
Alla rafmagnsnotkun, sem ótalin er, og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A—1. Þegar sérstaklega stendur á, má raf-

veitustjóri þó, að tilskyldu samþykki rafveitustjórnar, veita afslátt frá gjaldskrárlið C—E (báðir meðtaldir) á orku, sem notuð er á sumrin, sé um verulega aukningu frá vetrarnotkun að ræða.

Enn fremur að selja orku eftir sérstökum samningi, sé það hagstætt vegna orkunýtingar rafveitunnar.

II. MÆLALEIGUR

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa mælum upp að 30 amp. kr. 8.50 á mán.
2. Af þrífasa mælum upp að 50 amp. — 10.75 — —
3. Af þrífasa mælum 50 til 200 amp. — 27.10 — —
4. Af þrífasa mælum yfir 200 amp. — 39.00 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í gjaldskránni skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leigan er innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greitt, svo til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduroppnun kr. 200.00.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún eigi enduroppnuð fyrr en notandi hefur greitt kr. 200.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir hverja húsveitu. Unsækjandi heimtaugar skal gera grein fyrir væntanlegri notkun húsnæðis og helztu raforkunotkun.

Ein heimtaug er lögð að hverri eign (á sömu lóð) og skal greitt heimtaugargjald af hverri heimtaug (spennist.) fyrir allt að 15 m jarðstrengsheimtaug frá jarðstrengskerfi og allt að 30 m loftlínuheimtaug frá loftlínukerfi samkvæmt eftirfarandi töflu:

Gjald- skrárliður	Málstraumur stofnvara		Hámarksafll kva.	Heimtaugargjald
	í 3×220 V kerfi Amp.	í 3×380 V kerfi Amp.		
1.	2× 60	1× 60	13	5 200.00
2.	3× 60	2× 60	22	6 890.00
3.	3×100	3× 60	38	9 875.00
4.			50 sp.	11 700.00
5.		3×100	66	16 250.00
6.	3×200		75	19 750.00
7.			100 sp.	23 400.00
8.	3×350	3×300	132	32 420.00
9.			150 sp.	37 190.00
10.			200 sp.	46 780.00
11.		3×350	231	53 930.00
12.			300 sp.	74 400.00
13.			500 sp.	124 300.00

Sp. = Spennir.

Lengd heimitaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu stytztu greiðfæru leið að varkassa á útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa kassa á innvegg, skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn verður dreginn í.

Sé jarðlínuheimitaug lögð frá loftlínu (samkv. ósk heimitaugarbeiðanda), skal lengd heimitaugar reiknuð frá loftlínustólpa að inntakskassa, en þveri heimitaugin akbraut, skal breidd akbrautar dregin frá.

Yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern metra, umfram fyrstu 15 m þannig:
 $Y_j = (250 + 4 \times kVA)$ kr/m.

Yfirlengdargjald loftlínu reiknast á hvern metra umfram fyrstu 30 m þannig:
 $Y_l = (50 + 3 \times kVA)$ kr/m að viðbættum 2500 kr. á hvern staur í umframlengd.

Sé lögð bráðabirgðaheimitaug í vinnuskúr eða hús í byggingu, skal greitt fyrir hana, sem hér segir:

60 amp. einfasa	kr. 1300.00
60 amp. þrífasa	— 1560.00

Séu aðstæður þannig, að kostnaður við lagningu bráðabirgðaheimitaugar verði óeðlilega hár, má taka gjald fyrir hana samkvæmt kostnaði.

Telji rafveitustjóri að auka þurfi flutningsgetu heimitaugar eða spennis, skal notandi greiða mismun, samkvæmt gjaldskrá. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti, vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar stöðvarinnar.

Þegar lóð er lögð til, er það rafveitunni gert að kostnaðarlausu og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Þegar húsnæði er lagt til, skal það fullnægja settum skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra. Eðlilegur kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina, greiðist af rafveitunni (í leiguformi, t. d. fyrir lengri tíma) og kemur þannig til frádráttar heimitaugargjaldi.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt hverfi að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimitaugargjald samkvæmt kostnaðarreikningi. Helmingur heimitaugargjalds skal greiddur við umsókn, en síðari hlutinn áður en notkun hefst.

Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Gerðahrepps hefur samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi numin eldri gjaldskrá Rafveitu Gerðahrepps, nr. 64 23. marz 1966.

Atvinnumálaráðuneytið, 31. október 1966.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

REIKNINGUR**Hins almenna kirkjusjóðs árið 1965.****A. Rekstrarreikningur.****Tekjur :**

1. Vextir af lánum kirkna	kr.	375465.38
2. — — skuldabréfum	—	29841.60
3. — — innstæðu í Landsbanka Íslands	—	72790.63

 Kr. 478097.61
Gjöld :

1. Rekstrarkostnaður	kr.	25794.00
2. Tekjuafgangur	—	452303.61

 Kr. 478097.61
B. Efnahagsreikningur.**Eignir :**

1. Í lánum kirkna	kr.	7117335.10
2. Skuldabréf	—	935533.36
3. Innstæða í Landsbanka Íslands	—	1513650.67
4. Peningar í sjóði	—	125322.13

 Kr. 9691841.26
Skuldir :

1. Eignir kirkna 1. janúar 1965	kr.	8597568.18
Innlög á árinu	kr.	1132219.03
Vextir	—	454159.19

 Kr. 1586378.22

÷ Úttekið innstæðufé	—	505169.40
----------------------------	---	-----------

 — 1081208.82

Eignir kirkna 31. des. 1965	Kr.	9678777.00
2. Tekjuafgangur frá fyrra ári	kr.	14919.84
÷ Ráðstafað sem vaxtagreiðslu til kirkna	—	1855.58

 — 13064.26

 Kr. 9691841.26

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík 31. janúar 1966.

Sigurbjörn Einarsson.

SKÝRSLA

um eignir kirkna í Hinum almenna kirkjusjóði árið 1965.

Kirkjur	Eign í árslok 1964 kr.	Tekið út kr.	Lagt inn kr.	Vextir kr.	Eign í árslok 1965 kr.
N.-Múlaprófastsdæmi:					
Skeggjastaðakirkja	4593.68	4500.00	—	174.32	268.00
Hofskirkja í Vopnafirði ..	6167.09	—	93925.00	3581.91	103674.00
Vopnafjarðarkirkja	310.67	—	—	17.33	328.00
Hofteigskirkja	7690.55	—	—	422.45	8113.00
Eiríksstaðakirkja	500.65	—	—	27.35	528.00
Sleðbrjótiskirkja	3030.37	—	—	166.63	3197.00
Möðrudalskirkja	4386.68	—	—	241.32	4628.00
Kirkjubæjarkirkja	17868.15	—	—	982.85	18851.00
Eiðakirkja	2825.86	—	1000.00	206.14	4032.00
Hjaltastaðakirkja	7482.48	—	—	411.52	7894.00
Valþjóðsstaðarkirkja	641.05	—	—	35.95	677.00
Ásskirkja	91523.18	—	—	5033.82	96557.00
Bakkagerðiskirkja	49.79	—	—	3.21	53.00
Njarðvíkurkirkja	1477.83	—	—	81.17	1559.00
Húsavíkurkirkja	2454.59	—	—	135.41	2590.00
Seyðisfjarðarkirkja	181.24	—	—	9.76	191.00
Klyppsstaðakirkja	3590.93	—	—	157.07	3748.00
	154774.79	4500.00	94925.00	11688.21	256888.00
S.-Múlaprófastsdæmi:					
Vallanesskirkja	18.85	—	1500.00	56.15	1575.00
Þingmúlakirkja	2007.86	—	—	110.14	2118.00
Hallormsstaðarkapella ...	191.53	—	—	10.47	202.00
Neskirkja í Norðfirði	707.56	—	—	38.44	746.00
Brekukirkja, Mjóafirði ..	4.52	—	200.00	3.48	208.00
Kolfreyjustaðarkirkja	59.64	—	—	3.36	63.00
Fáskrúðsfjarðarkirkja	802.60	—	—	44.40	847.00
Stöðvarkirkja	42.59	—	—	2.41	45.00
Djúpavogskirkja	367.00	—	—	20.00	387.00
Berunesskirkja	253.90	—	—	14.10	268.00
Berufjarðarkirkja	253.90	—	—	14.10	268.00
Hofskirkja	261.31	—	—	14.69	276.00
	4971.26	—	1700.00	331.74	7003.00
A.-Skaftafellsprófastsdæmi:					
Kirkjubýgg.sj., Höfn	2155.38	—	—	118.62	2274.00
Bjarnanesskirkja	2509.50	—	—	138.50	2648.00
Stafafellskirkja	1300.58	—	—	71.42	1372.00
Sverrir Þorbjörnsson.

Þórhallur Hermannsson.

Efnahagsreikningur Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins 31. desember 1965.

Eignir:

I. Sjóður	kr.	27 650 004.16
II. Innstæða í Söfnunarsjóði	—	175 696.96
III. Innheimtumenn	—	12 280 447.83
IV. Ógreiddir vextir	—	17 248 949.84
V. Verðbréf	—	400 927 621.70
		<hr/>
	Kr.	458 282 720.49

Skuldir:

I. Ógr. lífeyrir og styrktarfé	kr.	744 234.61
II. Matskostnaður, ógreiddur	—	205 066.00
III. Höfuðstóll:		
1. Frá fyrra ári	kr.	385 031 107.37
2. Viðbót á árinu	--	72 302 312.51
		<hr/>
	—	457 333 419.88
		<hr/>
	Kr.	458 282 720.49

Reykjavík, 1. júlí 1966.

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS

Sverrir Þorbjörnsson.

Þórhallur Hermannsson.

Rekstrarreikningur Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins árið 1965.

Gjöld:

I. Lífeyrir	kr.	40 851 258.28
II. Endurgreidd iðgjöld	—	2 334 470.91
III. Kostnaður	—	1 400 000.00
IV. Lífeyrir skv. 18. gr. fjárlaga	—	7 830 682.00
V. Tekjur umfram gjöld	—	72 302 312.51
		<hr/>
	Kr.	124 718 723.70

Tekjur:

I. Iðgjöld	kr.	60 930 045.30
II. Endurgreiddar lífeyrishækkanir	—	25 224 173.67
III. Vextir	—	30 733 822.73
IV. Endurgr. af ríkissjóði, sbr. gjaldalið IV.	—	7 830 682.00
		<hr/>
	Kr.	124 718 723.70

Reykjavík, 1. júlí 1966.

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS

Sverrir Þorbjörnsson.

Þórhallur Hermannsson.

Efnahagsreikningur Slysatrygginga 31. desember 1965.

Eignir:

I. Sjóður og bankainnstæður	kr.	54 478 540.88
II. Ýmsir skuldunautar:		
1. Óinnheimt iðgjöld skyldutrygginga ..	kr.	6 236 433.75
2. Óinnheimt iðgjöld frjálsra slysatrygg.	—	469 776.53
		<hr/>
		6 706 210.28
III. Ógreiddir vextir	—	2 528 546.18
IV. Verðbréf	—	58 170 845.84
V. Áhættufé í Ísl. endurtryggingu	—	60 000.00
		<hr/>
		Kr. 121 944 143.18

Skuldir:

I. Ýmsir skuldheimtumenn:		
1. Endurtryggjendur	kr.	439 300.00
2. Ógr. söluskattur o. fl.	—	122 102.00
		<hr/>
		kr. 561 402.00
II. Ógreiddar bætur:		
1. Skyldutryggingar	kr.	13 794 192.64
2. Frjálsar slysatryggingar	—	93 000.00
		<hr/>
		— 13 887 192.64
III. Ógreitt áhættufé í Ísl. endurtryggingu	—	60 000.00
IV. Iðgjaldavarasjóður frjálsra slysatrygginga	—	67 605.00
V. Afskriftasjóður	—	5 494 314.21
VI. Höfuðstólsandvirði slysalífeyris	—	45 187 355.64
VII. Varasjóður frjálsra slysatrygginga:		
1. Frá fyrra ári	—	5 118 232.89
2. Vextir	—	358 276.30
3. Tekjuafgangur	—	480 225.47
		<hr/>
		— 5 956 734.66
VIII. Varasjóður skyldutrygginga:		
1. Frá fyrra ári	kr.	42 739 819.94
2. Vextir	—	5 146 340.48
3. Tekjuafgangur	—	2 843 378.61
		<hr/>
		— 50 729 539.03
		<hr/>
		Kr. 121 944 143.18

Reykjavík, 1. júlí 1966.

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS

Sverrir Þorbjörnsson.

Þórhallur Hermannsson.

Rekstrarreikningur Slysatrygginga árið 1965.

Gjöld:

I. Bætur slysatrygginga:		
1. Dánarbætur	kr. 11 223 516.92	
2. Örorkubætur	— 10 127 808.63	
3. Dagpeningar	— 8 789 686.56	
4. Kaup og aflahlutur lögskráðra sjóm.	— 714 742.51	
5. Sjúkrakostnaður	— 2 484 134.96	
		kr. 33 339 889.58
II. Styrkur til slysavarnastarfsemi	—	55 000.00
III. Bætur frjálsra slysatrygginga	—	352 080.70
IV. Iðjaldahluti endurtryggjenda	—	1 362 138.98
V. Kostnaður	—	3 662 000.00
VI. Vextir:		
1. Til höfuðstóls lifeyris	kr. 2 819 835.13	
2. Til varasjóðs frjálsra slysatrygginga .	— 358 276.30	
3. Til varasjóðs skyldutrygginga	— 5 146 340.48	
		— 8 324 451.91
VII. Tekjuafgangur frjálsra slysatrygginga	—	480 225.47
VIII. Tekjuafgangur slysatrygginga	—	2 843 378.61
		Kr. 50 419 165.25

Tekjur:

I. Iðgjöld samkv. 40. gr.		kr. 41 142 781.86
Til afskriftasjóðs	—	2 057 139.09
		Kr. 39 085 642.77
Úr afskriftasjóði 1961	—	814 625.42
		kr. 39 900 268.19
II. Iðgjöld frjálsra slysatrygginga	—	1 535 196.83
III. Þóknun og umboðslaun frjálsra slysatrygginga	—	357 425.14
IV. Tjón endurtryggjenda	—	301 823.18
V. Vextir	—	8 324 451.91
		Kr. 50 419 165.25

Reykjavík, 1. júlí 1966.

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS

Sverrir Þorbjörnsson.

Þórhallur Hermannsson.

Efnahagsreikningur Lífeyristrygginga 31. desember 1965.

Eignir:			
I.	Innstæða í Söfnunarsjóði	kr.	1 329 478.55
II.	Ýmsir skuldunautar:		
	1. Ríkissjóður	kr.	35 909 618.06
	2. Aðrir	—	314 708.14
			— 36 224 326.20
III.	Ógreiddir vextir	—	4 353 963.26
IV.	Verðbréf	—	75 766 443.82
V.	Fasteign	—	4 663 775.00
VI.	Áhöld og húsbúnaður	—	800 000.00
VII.	Innrétting	—	400 000.00
VIII.	Umboðs- og innheimtumenn:		
	1. Sjóður og bankainnstæður við reikningslok	kr.	132 411 640.58
	2. Óinnheimt iðgjöld	—	77 017 568.06
	3. Óinnheimt meðlög	—	44 677 191.55
	4. Skuldir bæjar- og sveitarfélaga	—	13 056 018.00
	5. Ýmislegt	—	475 081.71
			— 267 637 499.90
IX.	Til næsta árs:		
	1. Framlag til sveitarsjóða:		
	Inneign frá fyrra ári	kr.	4 631 580.34
	Tekjuhalli 1965	—	7 705 528.12
			— 3 073 947.78
	2. Framlag ríkissjóðs:		
	Inneign frá fyrra ári	kr.	10 170 808.43
	Tekjuhalli 1965	—	14 370 910.38
			— 4 200 101.95
			Kr. 398 449 536.46

Skuldir:			
I.	Sjóðsskuld	kr.	28 757 054.64
II.	Ýmsir skuldheimtumenn:		
	1. Sjúkrasamlög	kr.	36 194 136.23
	2. Ógreiddur kostnaður o.fl.	—	1 875 194.77
			— 38 069 331.00
III.	Afskriftasjóður	—	42 874 977.18
IV.	Afskrift fasteignar	—	273 625.00
V.	Stofnkostnaðarsjóður	—	12 220 484.10
VI.	Vörzlufé:		
	1. Ellistyrktarsjóðir	kr.	5 732 560.06
	2. Vegna sjúkrasamlags Reykjavíkur .	—	1 112 381.45
	3. Vegna örorkubóta	—	4 444 209.49
	4. Vegna sjúkrabóta	—	13 581 494.16
	5. Vegna heilsugæzlu	—	1 536 090.15
	6. Vegna sjúkraflutn. og læknavitjana	—	1 818 240.32
			— 28 224 975.63

VII. Umboðs- og innheimtumenn:			
1. Ógreiddar bætur	kr.	4 999 015.00	
2. Inneignir sveitarfélaga	—	2 812 091.47	
3. Ógreiddur kostnaður og umboðslaun	—	1 647 071.18	
4. Ýmislegt	—	1 661 828.91	
			kr. 11 120 006.56
VIII. Til næsta árs:			
1. Iðgjöld atvinnurekenda:			
Inneign frá fyrra ári	kr.	14 538 793.17	
Tekjuhalli 1965	—	650 651.69	
			— 13 888 141.48
2. Iðgjöld hinna tryggðu:			
Inneign frá fyrra ári	kr.	12 841 265.72	
Tekjuhalli 1965	—	10 588 332.20	
			— 2 252 933.52
IX. Varasjóður:			
1. Frá fyrra ári	kr.	199 292 530.40	
2. Vextir á árinu	—	4 502 241.45	
3. Tillag á árinu	—	16 973 235.50	
			— 220 768 007.35
			kr. 398 449 536.46

Reykjavík, 1. júlí 1966.

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS

Sverrir Þorbjörnsson.

Þórhallur Hermannsson.

Rekstrarreikningur Lífeyristrygginga árið 1965.

Gjöld:

I. Greiddar bætur:			
1. Ellilífeyrir	kr.	414 840 089.40	
2. Órorkulífeyrir	—	93 887 263.05	
3. Órorkustyrkur	—	11 942 935.00	
4. Makabætur	—	924 246.00	
5. Fjölskyldubætur	—	216 159 854.14	
6. Barnalífeyrir	—	29 200 997.00	
7. Meðlög	—	54 617 529.00	
8. Mæðralaun	—	23 477 798.00	
9. Fæðingarstyrkur	—	26 237 569.00	
10. Ekkjubætur og lífeyrir	—	14 589 350.00	
11. Sjúkrasamlagsiðgjöld lífeyrisþega	—	15 010 165.82	
			kr. 900 887 796.41
II. Til opinberra rannsóknarstofnana		—	1 010 025.94
III. Til læknavitjana og sjúkraflutninga		—	1 065 966.62
IV. Sjúkrakostnaður vegna milliríkjasamninga		—	104 598.27
V. Til Öryrkjabandalags Íslands		—	100 000.00
VI. Framlag ríkissjóðs til sjúkrasamlaga		—	128 979 646.38
VII. Kostnaður		—	17 005 854.73

VIII. Vextir til sérstakra sjóða:

1. Til ellistyrktarsjóða	kr.	430 762.89	
2. Til vörzlufjár Sjúkrasaml. Rvíkur .	—	77 630.05	
3. Til vörzlufjár vegna heilsugæzlu ..	—	100 491.88	
4. Til stofnkostnaðarsjóðs	—	799 470.92	
5. Til varasjóðs	—	4 502 241.45	

kr. 5 910 597.19

IX. Tillag til varasjóðs

— 16 973 235.50

Kr. 1 072 037 721.04

Tekjur:

I. Framlag ríkissjóðs skv. 23. gr.	kr.	435 600 000.00	
II. Iðgjöld hinna tryggðu skv. 26. gr. .	kr.	204 468 370.31	
Til afskriftasjóðs	—	10 223 418.52	
	Alls	kr. 194 244 951.79	
Úr afskriftasjóði 1961	—	2 998 766.01	
			— 197 243 717.80
III. Framlag bæjar- og sveitarfélaga	—	109 200 000.00	
IV. Iðgjöld atvinnurekenda skv. 28. gr. .	kr.	93 063 429.84	
Til afskriftasjóðs	—	4 653 171.49	
	Alls	kr. 88 410 258.35	
Úr afskriftasjóði 1961	—	1 865 611.83	
			— 90 275 870.18
V. Framlag sveitarfélaga til lífeyrisuppbóta	—	9 937 296.10	
VI. Endurkræfur lífeyrir:			
1. Meðlag skv. bótaskrá	kr.	54 617 529.00	
2. Frá slysatryggingu	—	6 807 642.00	
			— 61 425 171.00
VII. Vextir	—	5 910 597.19	
VIII. Ríkissjóðsstyrkur, sbr. gjaldalið III	—	150 000.00	
IX. Framlag ríkissjóðs til sjúkrasamlaga	—	128 979 646.38	
X. Tekjuhalli á árinu:			
1. Iðgjöld atvinnurekenda	kr.	90 275 870.18	
Útgjaldahluti	—	90 926 521.87	
			— 650 651.69
2. Framlag sveitarsjóða	kr.	109 200 000.00	
Útgjaldahluti	—	116 905 528.12	
			— 7 705 528.12
3. Iðgjöld hinna tryggðu	kr.	197 243 717.80	
Útgjaldahluti	—	207 832 050.00	
			— 10 588 332.20
4. Framlag ríkissjóðs	kr.	435 600 000.00	
Útgjaldahluti	—	449 970 910.38	
			— 14 370 910.38

Kr. 1 072 037 721.04

Reykjavík, 1. júlí 1966.

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS

Sverrir Þorbjörnsson.

Þórhallur Hermannsson.

REIKNINGUR**Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum fyrir árið 1965.
(Bráðafúadeild.)****Rekstrarreikningur frá 1. janúar til 31. desember 1965.****Gjöld:**

Uppgerð tjón á árinu	kr. 44 176 369.28	
Yfirfært til næsta árs til vara fyrir óuppgerðum tjónum	— 24 967 500.00	
	<hr/>	
	Kr. 69 143 869.28	
Yfirfært frá fyrra ári til vara fyrir tjónum ..	— 27 174 500.00	
	<hr/>	kr. 41 969 369.28
Rekstrarkostnaður	— 788 236.52	
Afskrifað af áhöldum 12% af kr. 95 322.30	— 11 438.68	
	<hr/>	Kr. 42 769 044.48

Tekjur:

Iðgjöld	kr. 28 484 343.93	
Vaxtatekjur	— 10 326.23	
Rekstrarhalli	— 14 274 374.32	
	<hr/>	Kr. 42 769 044.48

Efnahagsreikningur hinn 31. desember 1965.**Eignir:**

Sjóður	kr. 27 454.00	
Innstæða í sparisjóðsbók	— 100 421.80	
Innstæða í hlr. Verzlunarb. Ísl.	— 607 645.08	
Innstæða í hlr. Landsb. Ísl.	— 22 253.91	
	<hr/>	kr. 757 774.79
Verðbréf	— 40 000.00	
Vixlæign	— 66 383.83	
Útistandandi skuldir	— 37 087 611.82	
Fúavarnaefni	— 60 244.61	
Skrifstofuáhöld	kr. 95 322.30	
Afskrifað til 31. des. 1965	— 35 169.42	
	<hr/>	— 60 152.88
Skuldir umfram eignir 31. des. 1964	kr. 4 195 941.60	
Rekstrarhalli 1965	— 14 274 374.32	
	<hr/>	— 18 470 315.92
	<hr/>	Kr. 56 542 483.85

Skuldir:		
Skuldheimtumenn		kr. 19 065 259.47
Ógreiddur söluskattur		— 2 172 957.45
Ógreitt af uppgerðum tjónum		— 13 316 695.57
Yfirfært til vara til næsta árs fyrir óuppgerðum tjónum	kr. 24 967 500.00	
Greitt upp í óuppgerð tjón	— 2 979 928.64	
		— 21 987 571.36
		Kr. 56 542 483.85

Páll Sigurðsson.

Framanskráður rekstrar- og efnahagsreikningur hinn 31. desember 1965 er saminn eftir bókum deildarinnar, sem við höfum endurskoðað. Sjóðseign og bankainnstæður hafa verið sannreynðar.

Reykjavík, 26. september 1966.

Endurskoðunarskrifstofa Björns E. Árnasonar.

Árni Björnsson.

REIKNINGUR

Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum fyrir árið 1965.

Rekstrarreikningur frá 1. janúar til 31. desember 1965.

Gjöld:

I. Vélbátaflotinn:			
Tjón	kr. 59 205 583.35		
÷ hluti endurtryggjenda	— 53 544 503.31		
		Kr. 5 661 080.04	
Yfirfært til næsta árs til vara fyrir tjónum ..	kr. 16 259 138.00		
÷ hl. endurtr.	— 13 671 766.50		
		— 2 587 371.50	
			kr. 8 248 451.54
II. Skip landhelgisgæzlunnar:			
Tjón	kr. 315 285.70		
÷ hluti endurtryggjenda	— 281 382.11		
		Kr. 33 903.59	
Yfirfært til næsta árs til vara fyrir tjónum ..	kr. 1 259 520.00		
÷ hluti endurtr.	— 1 231 999.20		
		— 27 520.80	
			— 61 424.39

III. Rekstrarkostnaður	kr. 3 595 161.89	
÷ hluti Bráðafúadeildar	— 539 274.30	
	<hr/>	kr. 3 055 887.59
Afskrifaðar skuldir	—	189 451.04
IV. Umboðslaun til bátaábyrgðarfélaga	—	2 495 409.87
Vaxtagjöld	—	92 772.55
V. Afskriftir:		
Bifreið 20% af	kr. 283 664.00	
	<hr/>	kr. 56 732.80
Skrifstofuáhöld, 12% af .	kr. 555 410.13	
	<hr/>	66 649.21
		— 123 382.01
VI. Tekjuafgangur	—	14 019 656.70
		<hr/>
		Kr. 28 286 435.69

Tekjur:

I. Vélbátaflotinn:		
1. Yfirfært frá fyrra ári til vara fyrir tjónum	kr. 33 367 584.47	
÷ hluti endurtryggjenda	— 20 501 070.98	
	<hr/>	Kr. 12 866 513.49
2. Iðgjöld	kr. 64 187 095.51	
÷ hluti endurtr. . .	— 57 781 689.57	
	<hr/>	6 405 405.94
		<hr/>
		Kr. 19 271 919.43
Yfirf. til vara f. ristorno	kr. 5 000 000.00	
÷ hl. endurtr.	— 4 500 000.00	
	<hr/>	500 000.00
		<hr/>
		kr. 18 771 919.43
3. Umboðslaun	—	8 369 997.12
II. Skip landhelgisgæzlunnar:		
1. Yfirfært frá fyrra ári til vara fyrir tjónum	kr. 100 000.00	
÷ hluti endurtryggjenda	— 98 000.00	
	<hr/>	Kr. 2 000.00
2. Iðgjöld	kr. 3 669 546.21	
÷ hl. endurtr.	— 3 611 420.30	
	<hr/>	58 125.91
		<hr/>
		60 125.91
3. Umboðslaun	—	610 368.53
III. Vextatekjur	—	471 723.54
Gengishagnaður	—	2 301.16
		<hr/>
		Kr. 28 286 435.69

Efnahagsreikningur hinn 31. desember 1965.

Eignir:

I. Sjóður	kr. 240 741.90	
Innstæður í hlaupareikningum	— 3 575 762.14	
Innstæður í sparisjóðsbókum	— 7 259 932.60	
		kr. 11 076 436.64
II. Útistandandi skuldir		— 68 363 291.19
III. Verðbréfaeign		— 275 000.00
IV. Bifreið	kr. 283 664.00	
÷ afskrifað pr. 31. des. 1965	— 113 465.60	
		— 170 198.40
V. Skrifstofuáhöld	kr. 555 410.13	
÷ afskrifað pr. 31. des. 1965	— 321 346.74	
		— 234 063.39
VI. Björgunaráhöld		— 141 954.14
VII. Fyrirfram greidd húsaleiga		— 10 000.00
		<u>Kr. 80 270 943.76</u>

Skuldir:

I. Stofnfé ríkissjóðs	kr. 2 000 000.00	
II. Skuldheimtumenn	— 35 663 642.73	
III. Ógreiddur söluskattur	— 218 824.01	
IV. Ógreidd húsaleiga	— 8 710.95	
V. Til vara fyrir tjónum og iðgjöldum:		
Vélbátaflotinn fyrir tjónum	kr. 16 259 138.00	
Vélbátaflotinn fyrir iðgjöldum	— 5 000 000.00	
Skip landhelgisgæzlunnar fyrir tjónum ..	— 1 259 520.00	
	<u>Kr. 22 518 658.00</u>	
÷ hluti endurtryggjenda	— 19 403 765.70	
		— 3 114 892.30
VI. Höfuðstóll 31. des. 1964	kr. 25 245 217.07	
Tekjuafgangur 1965	— 14 019 656.70	
		<u>— 39 264 873.77</u>
		<u>Kr. 80 270 943.76</u>

Páll Sigurðsson.

Framanskráður rekstrar- og efnahagsreikningur fyrir árið 1965 er saminn eftir bókum stofnunarinnar, sem við höfum endurskoðað.

Sjóðseign, sparisjóðs- og hlaupareikingsinnstæður og verðbréfaeign hafa verið sannreynðar.

Reykjavík, 26. september 1966.

Endurskoðunarskrifstofa Björns E. Árnasonar.

Árni Björnsson.

REIKNINGUR

Minningarsjóðs Þórleifar Kr. Sigurðardóttur frá Kóngsbakka árið 1965.

Tekjur:

1. Eign frá fyrra ári	kr. 29 118.80
2. Vextir 1965	— 2 439.93
3. Vaxtabætur Söfnunarsjóðs	— 83 71
	<hr/>
	Kr. 31 642.44

Gjöld:

1. Innstæða í Söfnunarsjóði	kr. 31 642.44
	<hr/>
	Kr. 31 642.44

Haukur Sigurðsson.

Sigurborg Magnúsdóttir.

Aðalheiður Bjarnadóttir.

6. september 1966.

Nr. 269.

REGLUGERÐ

fyrir sundskála Svarfdæla.

- Sundskálinn er eign heimtavistarskólans að Húsabakka að hálfu og Barna- og unglingskóla Dalvíkur að hálfu og er starfræktur undir nafninu **Sundskáli Svarfdæla**.
- Rekstur sundskálans skal vera í höndum þriggja manna nefndar, sem skal skipuð þannig: Skólanefndir beggja skólanna kjósa hvor um sig einn fulltrúa úr sínum hópi og annan til vara. Skólastjórar fyrrnefndra skóla skulu eiga sæti í nefndinni sitt árið hvor, og skal hlutkesti ráða hvor tekur sæti fyrir í nefndinni. Skólastjóri skal jafnan vera formaður nefndarinnar.
- Nefndin ber ábyrgð á rekstri eignarinnar gagnvart skólanefndum skólanna. Nefndin haldi nákvæma gerðabók um störf sín og starfrækslu eignarinnar.
- Hlutverk nefndarinnar skal vera:
 - Setja reglur um afnot sundskálans, bæði í þágu skólanna, félagsbundinna ungmennafélaga og almennings.
 - Ákveða afnotagjöld.
 - Ráðning starfsmanna vegna rekstrar skálans og setja þeim starfsreglur.
 - Gera tillögur um viðhald laugar og áhalda og um endurbætur og nýbyggingar, einnig skal nefndin gera áætlun í byrjun hvers árs yfir fjárþörf skálans. Áætlun skal lögð fyrir viðkomandi hreppsnefndir áður en fjárhagsáætlun hvers árs er afgreidd.
- Rekstrarárið sé hið sama og rekstrarár skólanna, og skulu reikningar sundskálans fylgja reikningum Húsabakkaskóla og endurskoðast af þeim, sem endurskoða reikninga skólans. Starfstími nefndarinnar skal vera hinn sami og starfstími skólanefndanna.
- Um gengni gesta, ræsting og viðhald skal líta fyrir mælum um rekstur og notkun sundstaða.

7. Rísi ágreiningur vegna skilnings á ákvæðum þessara reglna, sker menntamála-ráðuneytið úr.
8. Reglugerð þessi er sett samkvæmt 10. gr. íþróttalaga, nr. 49 frá 7. apríl 1956, og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 6. september 1966.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Knútur Hallsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um námslán læknanema gegn skuldbindingu um lækniþjónustu í héraði, nr. 74 1. marz 1966.

1. gr.

Í stað „4 í fyrsta sinn árlega“ í niðurlagi 1. gr. komi: 6 í fyrsta sinn árlega.

2. gr.

Í stað „kr. 75 þúsund“ í 1. mgr. 6. gr. komi: kr. 90 þúsund.

3. gr.

Í stað „7%“ í niðurlagi 7. gr. komi: 5%.

4. gr.

Aftan við 1. mgr. 8. gr. komi ný málsgrein svo hljóðandi:

Nú telur lánþegi starfsskilyrði í héraði ekki viðundandi, þannig að hann treysti sér ekki til að taka við því, og getur hann þá óskað umsagnar Læknafélags Íslands um hverjar úrbætur teljist nauðsynlegar.

5. gr.

Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Lánskjör þau, sem ákveðin eru í reglugerð þessari, gilda einnig fyrir þá, sem lán fengu árið 1966.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 13. gr. læknaSKIPUNARLAGA nr. 43/1965, öðlast þegar gildi.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 8. desember 1966.

Jóhann Hafstein.

Jón Thors.

S A M Þ Y K K T**fyrir Vatnsveitufélagið Viðir.****1. gr.**

Félagið heitir Vatnsveitufélagið Viðir. Heimili þess og varnarþing er í Mosfellshreppi, Gullbringu- og Kjósarsýslu.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að sjá býlum á félagssvæðinu fyrir vatni.

3. gr.

Stofnendur eru ábúendur býlanna, sem undirrita samþykkt þessa. Hver stofnandi greiði kr. 10 000.00 stofngjald og telst hann ekki fullgildur félagsmaður fyrr en stofngjald er greitt. Þeir félagsmenn, sem nota vatn til atvinnurekstrar eða annars, sem ekki telst vera venjuleg heimilisneyzla, greiði sérstakt stofngjald vegna þeirrar starfsemi. Aðalfundur ákveður hve hátt það stofngjald skuli vera.

4. gr.

Vatnsveitan lætur leggja aðalvatnsæðar um félagssvæðið.

5. gr.

Hver félagsmaður á rétt á vatni til heimilisnotkunar og búsparfa og til annarra nota, sem venjulegar eru að dómi félagsstjórnar.

Félagsskylda er því skilyrði háð, að húseiganda séu látin í té afnot af vatni því, sem félagið hefur til afnota.

6. gr.

Ef býlum fjölgar á félagssvæðinu, má taka ábúendur þeirra í félagið með samþykki lögmæts félagsfundar.

Nýr félagsmaður greiðir sama stofngjald og eldri félagar og öll gjöld, sem á félaginu hvíla til jafns við aðra félagsmenn frá því að hann gekk í félagið. Sjálfur skal hann kosta allar framkvæmdir, sem gera verður sérstaklega hans vegna til þess að hann geti notað mannvírki félagsins.

7. gr.

Vatnsskatt skal innheimta árlega af hverjum húseiganda á félagssvæðinu, sem vatns nýtur úr vatnsveitunni. Skal félagsstjórnin tiltaka upphæð hans þannig fyrir hvert reikningsár, að nægi til greiðslu vaxta og afborgana stofnkostnaðar vatnsveitunnar og til viðhalds.

Vatnsskatt má taka lögtaki ásamt áföllnum innheimtukostnaði ef ekki er staðið í skilum með greiðslu hans til félagsins.

Eignir félagsins standa til fullnægingar skuldbindingum þess. Enginn félagsmaður ber ábyrgð á skuldbindingum félagsins umfram gjöld þau, sem honum er gert að greiða til félagsins samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar.

8. gr.

Félagsstjórn er skylt að boða til félagsfundar, ef 5 félagar eða 2 stjórnarmeðlimir krefjast þess, enda greini þeir tilefni kröfunnar.

9. gr.

Félagsfundur er lögmætur, ef helmingur félagsmanna sækir hann, enda hafi verið löglega til hans boðað. Fundur er löglega boðaður, ef hverjum félagsmanni er tilkynnt fundarboðið bréfllega eða persónulega með fimm daga fyrirvara. Á félagsfundum hafa allir félagsmenn jafnan rétt og ræður afl atkvæða úrslitum.

10. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Til hans skal boða með viku fyrirvara, bréfllega eða persónulega. Aðalfundur er lögmætur, ef $\frac{3}{4}$ félagsmanna sækja hann. Hafi þrisvar verið boðið til aðalfundar vegna ónógrar fundarsóknar, telst þriðji fundurinn lögmætur, hver sem fundarsókn er.

Á aðalfundi skulu teknar ákvarðanir um starfsemi félagsins á árinu, lagðir fram endurskoðaðir reikningar þess og kosnir þrír menn í stjórn félagsins og þrír til vara. Kosnir tveir endurskoðendur og einn til vara — allir til eins árs í senn.

Liggi önnur mál fyrir aðalfundi en venjuleg aðalfundarstörf, skal þess getið í fundarboði.

11. gr.

Stjórn félagsins skiptir með sér verkum. Störf stjórnar og endurskoðenda skulu vera ólaunuð. Formaður kveður stjórnina saman til fundar og boðar félagsfundi og aðalfundi. Stjórnarfundir eru því aðeins lögmætir, að allir stjórnarmenn séu mættir.

Færa skal gerðabók stjórnarfunda og skal ritari stjórnarinnar lesa fundargerðina í lok hvers fundar og undirrita hana ásamt formanni, þegar hún hefur verið samþykkt.

12. gr.

Stjórn félagsins hefur umsjón með vatnsveitunni, annast reikningshald hennar og innheimtu á gjöldum til félagsins. Hún sér um viðhald og viðgerðir á vatnsbóli og vatnsæðum. Umbúnað í húsum annast félagsmenn hver hjá sér, undir eftirliti félagsstjórnar.

13. gr.

Samþykkt þessari má ekki breyta nema á aðalfundi, enda hafi breytinganna verið getið í fundarboði og séu að minnsta kosti $\frac{2}{3}$ félagsmanna samþykkir þeim.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af Vatnsveitufélaginu Víði í Mosfellshreppi, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 2. desember 1966.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

um sektargerðir lögreglustjóra.

1. gr.

Lögreglustjórum er heimilt að afgreiða með sektargerð kærur, er þeim berast, um brot á umferðarlögum, áfengislögum, lögum um tilkynningar aðsetursskipta eða lögreglusamþykkt, enda telji lögreglustjóri, að viðurlög við brotinu muni eigi fara fram úr 5000 króna sekt, samkvæmt dómi.

Ef brot er þess eðlis, að vænta má, að það geti varðað varðhaldi eða fangelsi eða ökuleyfissviptingu ásamt sekt, má eigi afgreiða mál með sektargerð.

2. gr.

Saksóknari riktisins lætur lögreglustjórum í té skrá yfir brot þau, sem sektarheimild samkvæmt 1. gr. nær til. Í skránni skulu vera leiðbeiningar um sektarupp-hæð fyrir hverja tegund brota.

3. gr.

Nú berst lögreglustjóra kæra fyrir brot þau, er um ræðir í 2. gr., og má hann þá, innan mánaðar frá því honum barst kæran, gefa sökunaut kost á því að ljúka málinu innan tveggja vikna með greiðslu hæfilegrar sektar.

4. gr.

Þegar lögreglustjóri hefur ákveðið að beita sektargerðarheimild, sendir hann sökunaut bréflaga tilkynningu um þá ákvörðun. Í tilkynningu skal fram tekið í stuttu máli, fyrir hvaða brot sökunautur er kærður. Skal þar m. a. koma fram, eftir því sem við á, hvar og hvenær brot var framið. Einnig skal þess getið, hvaða refsíákvæði brot varðar við.

Greint skal frá því, að sökunautur eigi þess kost að ljúka máli með greiðslu tiltekinnar sektar til lögreglustjóra innan tveggja vikna. Taka skal enn fremur fram, hvert sekt renni.

5. gr.

Samþykki sökunautur sektarboð lögreglustjóra, ritar hann nafn sitt því til staðfestu á tilkynningarbréf það, sem um ræðir í 4. gr., og kemur því síðan til skila, ásamt sektargreiðslu, í skrifstofu lögreglustjóra.

Nú synjar sökunautur sektarboði lögreglustjóra eða greiðir eigi sekt innan tilskilins frests, og vísar lögreglustjóri þá máli til dómara með venjulegum hætti.

6. gr.

Lögreglustjórar halda skrá yfir þá, sem sektaðir eru samkvæmt framangreindum reglum. Skal þar skráð afgreiðsla hvers einstakt máls.

7. gr.

Bréf þau, sem lögreglustjóri sendir sökunautum, sbr. 4. gr., skulu gerð í frumriti og tveimur afritum. Skulu bréfin tölusett í framhaldandi röð með númerum og ártali. Frumrit skal sent sökunaut, en afrit geymd í rétri töluröð í bréfabindi. Á bæði afritin skal skráð dagsetning sektargreiðslu, hvort og hvenær mál er sent dómara eða aðrar málslyktir. Ef kæra er send dómara, skal annað afrit sektarboðs lögreglustjóra fylgja með, en ella skal það sent saksóknara, eftir reglum, er hann ákveður. Frumrit sektargerðar, sem samþykkt er, skal varðveitt sem fylgiskjal með sjóðbók.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 4. mgr. 112. gr. laga nr. 82 21. ágúst 1961, um meðferð opinberra mála, sbr. lög nr. 29 28. apríl 1966, um breytingu á þeim lögum, og öðlast gildi þegar í stað.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 18. nóvember 1966.

Jóhann Hafstein.

Baldur Möller.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Að fengnum tillögum borgarstjórnar Reykjavíkur hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 26 frá 2. maí 1958:

1. Einstefnuakstur á Barmahlíð, Mávahlíð, Drápuhlíð og Blönduhlíð til austurs frá Lönguhlíð að Stakkahlíð.
2. Bifreiðastöður eru bannaðar að sunnanverðu við framangreindar götur, en leyfðar að norðanverðu á skásettum bifreiðastæðum.
3. Bifreiðastöður eru bannaðar á Vitastíg frá Skúlagötu að Hverfisgötu, austanmegin götunnar.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 20. desember 1966.

Sigurjón Sigurðsson.

TILKYNNING

um söluskattsskírteini.

Ákveðið hefur verið, að heimildarskírteini samkv. 11. gr. söluskattslaga nr. 10/1960, sem skattstjórar hafa gefið út og framlengd hafa verið, skuli einnig gilda á árinu 1967, án sérstakrar endurnýjunar af hálfu skattstjóra. Þetta tekur þó ekki til þess, ef fyrirtæki ber að tilkynna um breytingu á starfsháttum eða heimilisfangi sbr. 11. gr. nefndra laga.

Fjármálaráðuneytið, 30. desember 1966.

F. h. r.

Guðlaugur Þorvaldsson.

Ólafur Stefánsson.

AUGLÝSING

um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild laga frá 21. nóvember 1966 og innheimta á árinu 1967 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- a. Með 100% viðauka stimpilgjald af afsölum fyrir fasteignum.
- b. Með 140% viðauka stimpilgjald af öðru en afsölum fyrir fasteignum og leyfisbréfastgjöld, önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 104/1965.
- c. Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkvæmt lögum nr. 60/1939, nema af gosdrykkjum samkvæmt 1. tölulið 4. kafla 2. gr. með 680% álagi, öli samkvæmt 3. tölulið sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkvæmt 1. tölulið 3. kafla með 50% álagi.

Álagið skal reiknað þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir hér að framan, en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

Fjármálaráðuneytið, 31. desember 1966.

F. h. r.

Guðlaugur Þorvaldsson.

Björn Hermannsson.

REGLUGERÐ

um iðgjöld hinna tryggðu og atvinnurekenda til lífeyrisdeildar almannatrygginga árið 1967.

Árið 1967 skulu iðgjöld samkvæmt 26. og 28. gr. almannatryggingalaga nr. 40/1963 vera sem hér segir:

1. Iðgjöld hinna tryggðu samkvæmt 26. gr. l. nr. 40/1963:

a. Hjón	kr. 3 850.00
b. Karlar	— 3 500.00
c. Konur	— 2 625.00
2. Iðgjöld atvinnurekenda samkvæmt 28. gr. l. nr. 40/1963:

Fyrir hverja vinnuviku	— 28.00
------------------------------	---------
3. Í jan. 1967 skal greiða upp í iðgjöld skv. 26. gr. sem hér segir:

a. Hjón og karlar	— 2 000.00
b. Konur	— 1 400.00

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 40 30. apríl 1963, sbr. lög nr. 86 23. desember 1966, um heimild til verðstöðvunar, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 30. desember 1966.

Eggert G. Þorsteinsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

AUGLÝSING

um viðauka og breytingar nr. 3 við sérlyfjaskrá, útgefna 30. september 1966.

Frá og með 20. desember 1966 gengur í gildi viðauki og breytingar nr. 3, útgefna í dag, við sérlyfjaskrá, útgefna 30. september 1965.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 13. desember 1966.

F. h. r.

Baldur Möller.

Jón Thors.

Nr. 278.

17. nóvember 1966.

AUGLÝSING

um breytingar nr. 7 á Lyfjaverðskrá I frá 1. marz 1963.

Frá og með 20. nóvember 1966 ganga í gildi breytingar útgefna í dag, á Lyfjaverðskrá I frá 1. marz 1963.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 17. nóvember 1966.

F. h. r.

Baldur Möller.

Jón Thors.

Nr. 279.

19. nóvember 1966.

REGLUGERÐ

fyrir Hjúkrunarskóla Íslands.

I. KAFLI

Markmið og stjórn skólans.

1. gr.

Skólinn heitir Hjúkrunarskóli Íslands. Hann er heimavistarskóli og starfar undir yfirstjórn menntamálaráðherra.

2. gr.

Markmið skólans er að veita nemendum sínum hjúkrunarfræðslu samkvæmt kröfum hvers tíma og að efla andlegan þroska þeirra og hæfni til hjúkrunarstarfa.

3. gr.

Stjórn skólans annast 5 manna skólanefnd. Í nefndinni eiga sæti: Landlæknir, sem er formaður nefndarinnar, forstöðukona Landspítalans og 3 aðrir, sem ráðherra skipar, einn samkvæmt tillögu Hjúkrunarfélags Íslands, annan samkvæmt tillögu Læknafélags Íslands og hinn þriðja án tilnefningar, og skal hann vera sérfróður um skólamál. Skólastjóri hefur tillögurétt á fundum skólanefndar.

II. KAFLI

Inntökuskilyrði.

4. gr.

Inntökuskilyrði skólans eru:

1. Umsækjandi skal vera fullra 18 ára og ekki eldri en 30 ára, er skólavist hefst. Þó getur skólanefnd veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstaklega stendur á.
2. Umsækjandi má ekki hafa næman sjúkdóm eða kvilla, sem öðrum geti stafað hættu af eða orðið honum til trafala í námi og starfi.
3. Umsækjandi skal hafa góða framkomu og óspillt siðferði.
4. Umsækjandi skal hafa lokið landsprófi miðskóla, gagnfræðaprófi eða hlotið hliðstæða menntun. Umsækjendur, sem hlotið hafa frekari menntun, skulu ganga fyrir að öðru jöfnu.
5. Heimilt er skólanum að láta umsækjendur ganga undir inntökupróf í einstökum námsgreinum. Enn fremur má úrskurða inngöngu nemenda í skólann með hæfniprófi.

5. gr.

Umsóknir skulu sendar skólastjóra, og úrskurðar hann um þær. Sé um vafatriði að ræða, skal hann leita álits skólanefndar.

III. KAFLI

Námstími og námsefni.

6. gr.

Námstími skólans skal vera full 3 ár, þar með talin skólaleyfi, og hefst hann með námskeiði, sem má taka allt að 16 vikna tíma.

Próf þau, er nemandi tekur að loknu fyrsta bóklega námskeiði, skulu skera úr um það, hvort hann telst hæfur til að hefja verklegt hjúkrunarnám.

Eigi síðar en eftir 4 mánaða reynslutíma í verklulegu hjúkrunarnámi í sjúkrahúsi, skal fundur fastra kennara skólans, að fengnu áliti viðkomandi yfir- eða deildarhjúkrunarkvenna, skera úr því, hvort nemandi sé hæfur til að halda námi áfram.

7. gr.

Námið er bæði bóklegt og verklegt. Aðalhluti bóklega námsins fer fram í námskeiðum, en nokkur hluti þess jafnhliða verklega náminu. Á bóklegu námskeiðunum eru einnig verklegar námsæfingar. Verklega námið fer fram í Landspítalanum, öðrum sjúkrahúsum og skyldum stofnunum eftir því, sem um verður samið af skólanefnd.

8. gr.

Í skólanum skal kenna þessar aðalnámsgreinar: Hjúkrunarfræði, heilsufræði og heilsuvernd, líffæra- og lífeðlisfræði, sjúkdóma- og sýklafræði, lyfjafræði, lyflæknisfræði, handlæknisfræði, sálarfræði og geðsjúkdómafræði.

Enn fremur skal kenna eftirtaldir undirnámsgreinar: Hjúkrunarsíðfræði, hjúkrunarsögu, eðlis- og efnafræði, næringarefnafræði og sjúkrafæði, barnasjúkdómafræði, kvensjúkdómafræði og fæðingarhjálp.

Eftirtaldir námsgreinar verða aukanámsgreinar: Félagsfræði, spítalastjórn, tilsögn nemenda og starfsstúlkna á sjúkradeildum, augnsjúkdómafræði, berkla sjúkdómafræði, háls-, nef- og eyrnasjúkdómafræði, húð- og kynsjúkdómafræði, tauga-sjúkdómafræði, geislalækningar, rannsóknir, svæfingar, hjálp í viðlögum og íþróttir.

9. gr.

Á fyrsta bóklega námskeiðinu má kennsla standa yfir 16 vikur og skulu þar kenndar eftirtaldar námsgreinar:

Almenn hjúkrunarfræði	145	stundir
Hjúkrun lyflæknis- og handlæknissjúklinga (inngangur)	11	—
Hjúkrun gamalmenna og ellisjúkdómar	10	—
Heilsufræði og heilsuvernd	33	—
Líffæra- og lífeðlisfræði	75	—
Sjúkdóma- og sýklafræði (bókleg og verkleg)	48	—
Lyfjafræði	11	—
Sálarfræði	28	—
Hjúkrunarsiðfræði	22	—
Hjúkrunarsaga	5	—
Eðlis- og efnafræði (bókleg og verkleg)	37	—
Félagsfræði	5	—
Spítalastjórn	5	—
Hjálp í viðlögum	14	—
Leikfimi og starfsstillingar	10	—
Námsleiðbeiningar, fyrirlestrar, ritgerðir o. fl.	26	—

Alls 485 stundir

Annað bóklegt námskeið fer fram, er nemandi hefur lokið fyrsta verklega námstímabilinu, sem nær yfir 27—30 vikur. Kennsla má standa yfir 13 vikur, og skulu þar kenndar eftirtaldar námsgreinar:

Almenn hjúkrunarfræði	28	stundir
Líffæra- og lífeðlisfræði	10	—
Lyfjafræði, lyflæknisfræði og hjúkrun	85	—
Handlæknisfræði og hjúkrun	53	—
Sálarfræði	28	—
Geðsjúkdómafræði og hjúkrun	35	—
Hjúkrunarsiðfræði	5	—
Hjúkrunarsaga	23	—
Næringarefnafræði	22	—
Sjúkrafræði	12	—
Barnasjúkdómafræði og hjúkrun	45	—
Kvensjúkdómafræði og hjúkrun	18	—
Húð- og kynsjúkdómafræði og hjúkrun	11	—
Leikfimi og starfsstillingar	10	—
Námsleiðbeiningar, fyrirlestrar o. fl.	10	—

Alls 395 stundir

Þriðja bóklega námskeiðið fer fram, er nemandi hefur lokið öðru verklega námstímabilinu, sem nær yfir 49 vikur. Kennsla má standa yfir 7 vikur og skulu þar kenndar eftirtaldar námsgreinar:

Almenn hjúkrunarfræði	20	stundir
Heilsufræði og heilsuvernd	23	—
Líffæra- og lífeðlisfræði	5	—
Lyflæknisfræði og hjúkrun, taugasjúkdómafræði og hjúkrun	72	—
Handlæknisfræði og hjúkrun	43	—

Sálarfræði	23 stundir
Fæðingarhjálp og hjúkrun	18 —
Námsleiðbeiningar, fyrirlestrar o. fl.	6 —

Alls 210 stundir

Fjórða bóklega námskeiðið fer fram, er nemandi hefur lokið þriðja verklega námstímabilinu, sem nær yfir 27—29 vikur. Kennsla má standa yfir 2 vikur, og skulu þar kenndar eftirtaldar námsgreinar:

Hjúkrunarsiðfræði	5 stundir
Hjúkrunarsaga	5 —
Félagsfræði	5 —
Spítalastjórn	5 —
Tilsögn nemenda og starfsstúlkna á sjúkradeildum	5 —
Augnsjúkdómafræði og hjúkrun	7 —
Háls-, nef- og eyrnasjúkdómafræði og hjúkrun	8 —
Berklasjúkdómafræði og hjúkrun	7 —
Rannsóknir	8 —
Námsleiðbeiningar, fyrirlestrar o. fl.	5 —

Alls 60 stundir

10. gr.

Á verklegu námstímabilunum skulu nemendur fá bóklega kennslu og sýnikennslu allt að 380 kennlustundir samtals í eftirtöldum námsgreinum:

Almennri hjúkrunarfræði,
lyfjafræði,
lyflæknisfræði og hjúkrun,
handlæknisfræði og hjúkrun,
geðsjúkdómafræði og hjúkrun,
barnasjúkdómafræði og hjúkrun,
kvensjúkdómafræði og hjúkrun,
fæðingarhjálp og hjúkrun,
geislalækningum og hjúkrun og
svæfingum.

11. gr.

Verklega námið skal fara fram í eftirtöldum stofnunum eða sjúkradeildum og standa yfir sem næst þann tíma, sem hér er nefndur:

Lyflæknisdeildum	25 vikur
Handlæknisdeildum	25 —
Kvensjúkdóma- og fæðingardeildum	10 —
Skurð- og slystofum	10 —
Barnadeildum	12 —
Geðveikrahæli	10 —
Húð- og kynsjúkdómadeild, berklahæli eða taugasjúkdómadeild	8 —
Enn fremur verða nemendur við heilsuverndarnám og heimahjúkrun í	2 —

Alls 102 vikur

12. gr.

Skylt er þeim stofnunum, er hafa nemendur í verklegu námi, að veita þeim tilsögn í samráði við þá hjúkrunarkennara, sem hafa umsjón með námi þeirra í viðkomandi stofnunum eða deildum.

IV. KAFLI

Próf og einkunnir.

13. gr.

Próf fara fram í lok námskeiða í öllum aðalnámsgreinum skólans og í öðrum námsgreinum samkvæmt ákvörðun skólanefndar, að fengnum tillögum skólastjóra. Próf þau, er tekin eru í lok fyrsta námskeiðs, skera úr um það, hvort nemandi telst hæfur til að hefja verklegt nám, sbr. 6. gr.

14. gr.

Próf í bóklegum námsgreinum skulu vera munnleg eða skrifleg samkvæmt ákvörðun kennara, skólastjóra og prófdómara, en munnleg og verkleg í hjúkrunarstörfum.

15. gr.

Einkunnir skulu gefnar í heilum tölum og tíundu hlutum frá 0 upp í 10. Sami einkunnastigi gildir fyrir bóklegt og verklegt nám.

Þegar verklegt próf fylgir námskeiði, skal gefa tvær aðaleinkunnir, aðra fyrir hið verklega nám, hina fyrir bóklegar námsgreir. Á lokaprófi skal á sama hátt gefa tvær aðaleinkunnir.

16. gr.

Að lokinni námsdvöl á sérhverri sjúkradeild fær nemandinn einkunnir, sem deildarhjúkrunarkona og aðstoðarhjúkrunarkonur, ásamt hjúkrunarkennara, gefa nemandanum í sameiningu. Fáir nemandi lægri einkunn en 5 í einhverjum lið og léleg ummæli á einkunnaseðli frá stofnun eða deild, skal á fundi hjúkrunarkennara og viðkomandi yfir- eða deildarhjúkrunarkonu taka afstöðu til þess, hvort nemandi teljist hæfur til að halda áfram námi.

Auk þess skal nemandi taka verklegt próf í hjúkrunarstörfum á sjúkradeild að loknum reynslutíma og í lok námstímans.

Taka skal meðaltal af þeim einkunnum, sem nemandinn fær á reynslutíma í verklegu námi og þeirri einkunn, sem fæst á verklegu prófi að loknum reynslutíma, sbr. 6. gr.

Enn fremur skal taka meðaltal af þeim einkunnum, sem nemandinn fær í verklegu námi síðar á námstímanum, og einkunn, sem gefin er fyrir lokapróf í hjúkrunarstörfum í lok námstímans.

17. gr.

Á lokaprófi hvers námskeiðs þarf lágmarkseinkunnina 6 í hjúkrunarfræði, 5 í heilsufræði og heilsuvernd, líffæra- og lífeðlisfræði, lyflæknis- og lyfjafræði og handlæknisfræði og 4 í öðrum aðalnámsgreinum.

Í öðrum námsgreinum fellir einkunnin 1 í fleiri en einni námsgrein.

Til að standast lokapróf skólans þarf einkunnina 5 í aðaleinkunn.

Aðaleinkunn í bóklegum námsgreinum skal finna með því að taka meðaltal af einkunnum allra námsgreina, og skulu brot, sem út koma, látin haldast með tveimur tugastöfum.

Aðaleinkunnir: 5—5.99 teljast 3. einkunn.

— 6—7.24 — 2. —

— 7.25—8.99 — 1. —

— 9—10 — ágætiseinkunn.

18. gr.

Landlæknir skipar prófdómara í aðalnámsgreinum skólans, að fengnum tillögum skólastjóra, einn í hverri námsgrein.

Á lokaprófum dæmir kennari og prófdómari, en í öðrum prófum dæma kennarar hver hjá öðrum.

19. gr.

Kennarar og prófdómarar skólans semja prófverkefni í aðalnámsgreinum og dæma úrlausnir. Í öðrum námsgreinum semja kennararnir prófverkefni hver í sinni grein.

20. gr.

Kennarar skólans skulu í samráði við umsjónarkonu heimavistar og skólastjóra gefa nemendum vitnisburð fyrir umgengni, framkomu og stundvísi.

21. gr.

Standist nemandi ekki próf í einni eða tveimur aðalnámsgreinum, má skólastjóri í samráði við kennara og prófdómara leyfa honum að endurtaka það síðar. Ekki má þó endurtaka prófið oftár en einu sinni.

Hið sama gildir um þá, er falla í öðrum námsgreinum.

Sé um verklegt lokapróf á einhverri sjúkradeild að ræða, skal lengja náms tímamann á þeirri deild eða annarri, eftir ákvörðun ofangreindra aðila.

22. gr.

Að loknu skriflegu prófi tekur kennari við úrlausnum, leiðréttir þær og dæmir, en síðar prófdómari, ef um aðalnámsgrein er að ræða, og koma þeir sér saman um einkunn. Ef ágreiningur verður um einkunn, hvort heldur er fyrir munnlega eða skriflega úrlausn, skal taka meðaltal af einkunnagjöf kennara og prófdómara.

23. gr.

Við skrifleg próf má nota þau gögn ein, sem skólastjóri og prófdómari leyfa. Nemendur, sem staðnir eru að því að nota óleyfileg gögn eða hafa rangt við á prófum, hafa fyrirgert rétti til að ljúka prófi í það sinn. Skal minna nemendur á þetta ákvæði, áður en skrifleg próf hefjast.

24. gr.

Prófeinkunnir, er nemandi fær í lok hvers námskeiðs, skulu færðar inn í einkunnabók nemandans.

Í lok verklegs námstímabils í stofnun eða deild fær nemandi einkunnaseðil.

Nemandi, er lokið hefur prófum frá skólanum, skal fá prófskírteini, er sýnir lokaekunnir þær, er hann hefur hlotið í skólanum, svo og aðaleinkunnir. Enn fremur fái hann afhent merki skólans.

Skírteinið skal undirritað af skólastjóra og formanni skólanefndar.

25. gr.

Prófskírteinið gefur nemandanum réttindi að lögum til hjúkrunarstarfa hér á landi.

V. KAFLI**Kennarar skólans og annað starfsfólk.****26. gr.**

Skólastjóri og fastir kennarar skólans eru starfsmenn ríkisins og taka laun úr ríkissjóði samkvæmt gildandi ákvæðum um laun opinberra starfsmanna á hverjum tíma.

Ráðherra setur og skipar kennara að fengnum tillögum skólanefndar og skólastjóra.

Til þess að geta orðið settur eða skipaður kennari við skólann þarf:

1. stúdentspróf eða aðra fullnægjandi menntun,
2. að hafa lokið prófi frá Hjúkrunarskóla Íslands eða sambærilegum skóla,
3. að hafa starfað við hjúkrun í 2–3 ár á lyflækni-, handlækni- og barnadeildum, verið a. m. k. $\frac{1}{2}$ ár aðstoðardeildarhjúkrunarkona eða aðstoðaryfirhjúkrunarkona. Ef um karlmann er að ræða, gilda hliðstæð ákvæði.
4. að hafa lokið prófi hjúkrunarkennara frá viðurkenndum skóla,
5. heilbrigðisvottorð.

Eigi má skipa kennara fyrr en eftir 2ja ára reynslutíma.

Nú sækir enginn, sem fullnægir þessum skilyrðum, um lausa kennarastöðu, og skal þá skólanefnd og fræðslumálastjórn leitast við að fá hæfan mann, og má að tveimur til þremur árum liðnum, skipa hann í stöðuna, enda komi til meðmæli skólastjóra.

27. gr.

Til þess að geta orðið settur eða skipaður skólastjóri þarf að uppfylla skilyrði 26. gr. og auk þess að hafa verið hjúkrunarkennari með góðum árangri og hafa sótt námskeið í stjórn hjúkrunarskóla.

Nú sækir enginn um stöðuna, sem fullnægir þessum skilyrðum, og skal þá, að fengnum tillögum skólanefndar, setja skólastjóra til eins árs í senn. Þó má að tveim til þrem árum liðnum skipa í stöðuna, enda komi til meðmæli skólanefndar.

28. gr.

Menntamálaráðuneytið getur, að fengnum tillögum skólastjóra og skólanefndar, ráðið einn af föstum kennurum skólans skólastjóra til aðstoðar og nefnist hann yfirkennari.

29. gr.

Skólastjóri eða kennari, sem settur er eða skipaður, skal gegna störfum samkvæmt erindisbréfi, er ráðherra setur, að fengnum tillögum skólanefndar.

30. gr.

Nú hefur kennari (skólastjóri) gegnt embætti í 10 ár og óskar að hverfa frá störfum í eitt ár til að efla þekkingu sína og kennarahæfni, og skal hann þá senda fræðslumálastjóra beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst verja orlofsárinu. Ef menntamálaráðuneyti og fræðslumálastjóri telja þá greinargerð fullnægjandi, getur ráðuneytið veitt kennaranum (skólastjóranum) ársorlof með fullum launum. Engum skal þó veita slíkt orlof nema einu sinni. Beiðni um orlof skal senda fræðslumálastjóra með árs fyrirvara. Fræðslumálastjóri veitir kennurum, sem þess óska, leiðbeiningar um, hvernig orlofsári skuli varið, en allir verða þeir að gefa fullnægjandi skýrslu um störf sín að orlofsári loknu, að viðlögðum launamissi fyrir það ár. Menntamálaráðuneytið setur, að fengnum tillögum fræðslumálastjóra, nánari reglur um framkvæmd orlofs kennara. Skal þess gætt, að það trúfli ekki störf skólans eða torveldi þau.

31. gr.

Skólastjóri hefur umsjón með starfi og rekstri skólans. Hann skal hafa eftirlit með því, að kennarar og aðrir starfsmenn skólans ræki skyldur sínar samkvæmt erindisbréfi og fyrirmælum,

Skólastjóri skal kalla saman kennarafundi, þegar þurfa þykir, og stjórnna þeim. Fastir kennarar eru skyldir að mæta á kennarafundum, og stundakennara má boða á fundi, ef ræða skal mál, sem kennslu þeirra varðar. Kennarafundir skulu vera ráðgefandi um stjórn skólans.

32. gr.

Skólastjóri skal hafa yfirumsjón með nemendum og námi þeirra, bæði bóklegu og verklegu.

33. gr.

Menntamálaráðuneytið ákveður tölu fastra kennara að fenginni tillögu skólastjóra og skólanefndar.

34. gr.

Um laun og starfskjör skólastjóra og kennara fer eftir kjarasamningi (kjara-dómi), sbr. lög nr. 55/1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

35. gr.

Skólastjóri ræður stundakennara og annað starfsfólk skólans í samráði við skólanefnd og eftir því, sem fé er veitt til í fjárlögum.

36. gr.

Skólastjóri felur einum kennara umsjón með hverju námskeiði, og skal sá kennari fylgjast sem best með framför og ástundun nemenda og gefa skólastjóra skýrslu um þau atriði.

37. gr.

Gera skal kröfur til, að sérhver starfsmaður skólans sýni þróðmennsku í framkomu og samvirkusemi í störfum og stuðli á þann hátt að því að vera nemendum til fyrirmyndar.

Kennarar skulu hvetja nemendur til að temja sér hæversku og þróðmannlega framkomu í skólanum og utan hans.

VI. KAFLI

Starfsskipting og stundaskrá.

38. gr.

Skólastjóri skiptir störfum með kennurum við kennslu, eftirlit og umsjón í skóla, próf eða önnur störf. Hann semur eða lætur semja stundatöflur og skipar nemendum í flokka. Gæta skal hann hagsýni í verkaskiptingu bæði með tilliti til nemenda, kennara og rekstrarkostnaðar skólans.

39. gr.

Daglegur starfstími kennara í skólanum skal vera samfelldur, nema skólastjóri og kennarar eða kennarafundur verði ásáttir um annað.

Starfstími skólans skal vera á tímanum frá kl. 8—17, með matarhléi á venjulegum matmálstíma.

Á laugardögum skal kennslu lokið kl. 12.00, nema sérstaklega sé um annað samið.

40. gr.

Skólastjóri skal kynna sér störf kennara í skólanum og árangur þeirra. Þá skal hann leiðbeina kennurum eftir föngum og þá einkum þeim, sem litla kennarareynslu hafa.

VII. KAFLI

Um nemendur skólans.

41. gr.

Nemendur skulu temja sér prúðmannlega framkomu, reglusemi og hreinlæti í skóla og utan, sýna skólastjóra, kennurum og öðru starfsfólki hæversku og hlýðni og rækja nám sitt af alúð og stundvísi.

42. gr.

Nemendum er skylt að takast á hendur umsjón í skólanum eftir fyrimælum skólastjóra.

43. gr.

Nemendur, sem geta ekki stundað nám, bóklegt og/eða verklegt, sökum veikinda eða annarra gildra ástæðna, skulu tilkynna skólastjóra eða umsjónarkennara það, og grennslast þeir eftir ástæðum, ef þörf þykir. Eigi er skylt að taka önnur læknisvottorð gild en vottorð skólalæknis.

44. gr.

Nú forfallast nemandi frá bóklegu námi lengur en $\frac{1}{3}$ hluta námskeiðsins, og líkur benda til, að hann muni eigi ná prófi í lok þess, þá getur hann, hafi hann lokið fyrsta námskeiði, haldið áfram verklegu námi og komið aftur inn í sams konar bóklegt námskeið síðar, eftir nánari ákvörðun skólastjóra.

Forfallist nemandi frá verklegu námi vegna veikinda lengur en 4 vikur á öllum námstímanum, lengist verklega námið sem því svarar.

Hverfi nemandi frá námi í lengri tíma en 6 mánuði og óski þá eftir að hefja nám að nýju, skal skólastjóri og kennarafundur ákveða, hvort leyfa skuli, svo og hvort nemandinn eigi að endurtaka hluta af námi sínu.

45. gr.

Nú veldur nemandi skemmdum á eignum skólans, og ber honum þá að bæta þær samkvæmt mati eða greiða viðgerðarkostnað.

VIII. KAFLI

Um aga og reglu.

46. gr.

Agi skólans skal miða að því að halda uppi reglu og efla með nemendum iðjusemi, hófsemd og prúðmennsku. Skulu kennarar, nemendur og annað starfsfólk leitast við í sameiningu að glæða heilbrigðan anda í skólanum.

47. gr.

Óleyfilegt er að hafa áfengi um hönd í húsakynnum skólans eða á samkomum á skólans vegum. Sama gildir um aðrar stofnanir, þar sem nemendur dveljast við nám. Brjóti nemandi gegn þessu, skal skólastjóri eða forstöðukona viðkomandi stofnunar vanda um við hann og áminna. Skipist nemandi eigi við áminningu, getur það varðað brottrekstri úr skóla um stundarsakir eða fyrir fullt og allt.

Komi nemandi til verklegs náms undir áhrifum áfengis eða neyti þess við hjúkrunarstörf, skal hann tafarlaust hætta starfi og koma eigi aftur til starfs, meðan mál hans er í athugun. Skylt er að tilkynna skólastjóra þetta þegar í stað.

48. gr.

Ef nemandi gerist brotlegur við reglugerð skólans á annan hátt en að framan greinir, hagar sér ósæmilega, sýnir meгна vanrækslu, vist hans í skólanum telst skaðleg fyrir skólann eða gagnslaus honum sjálfum að álitu skólastjóra og kennara, má víkja honum úr skólanum um stundarsakir. En telji kennarafundur nauðsynlegt að vísa honum úr skólanum að fullu og öllu, skal til þess leita samþykkis skólanefndar.

49. gr.

Heimilt er skólastjóra með samþykki skólanefndar að setja sérstakar heima-
vistarreglur fyrir nemendur.

Skýlt er nemendum að hlíta öllum settum reglum skólans.

50. gr.

Komi kennari til starfa undir áhrifum áfengis, neyti þess í hýbýlum skólans eða á samkomum á skólans vegum og vanræki störf sín sakir áfengisneyzlu, ber skólastjóra að gera skólanefnd aðvart, og getur slíkt brot varðað stöðumissi.

51. gr.

Sé um aðrar þungar sakir að ræða á hendur kennara og hann láti eigi skipast við áminningu, getur skólanefnd vikið honum úr starfi um stundarsakir fyrirvaralaust, en tilkynna skal nefndin menntamálaráðuneyti það tafarlaust.

IX. KAFLI

Framhaldsnám og námskeið.

52. gr.

Skólanum skal heimilt, að fenginni sérstakri fjárveitingu, að veita framhalds-
menntun í hjúkrunarfræðum. Einnig má skólinn halda sérnámskeið í hjúkrunar-
fræðum fyrir aðra í því skyni að gera þá færa um að taka að sér takmörkuð hjúkrunarstörf.

Skulu nemendur þessir þreyta próf að námi loknu og fá viðurkenningu skólans fyrir.

X. KAFLI

Ákvæði til bráðabirgða.

53. gr.

Menntamálaráðuneytinu er heimilt að fela skrifstofu rikisspítalanna eða öðrum aðila að sjá um fjárreiður skólans.

54. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 35/1962, um Hjúkrunarskóla Íslands, og fellur þá úr gildi reglugerð fyrir Hjúkrunarkvinnaskóla Íslands frá 12. marz 1949.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og kemur til framkvæmda eins fljótt og við verður komið samkvæmt ákvörðun ráðuneytisins.

Menntamálaráðuneytið, 19. nóvember 1966.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 28/1958, um útvarpsrekstur ríkisins.

1. gr.

1. grein reglugerðarinnar orðist þannig:

Ríkisstjórnin hefur einkarétt til að reka útvarp (hljóðvarp og sjónvarp) á Íslandi. Hún lætur starfrækja í Reykjavík hljóðvarps- og sjónvarpsstöð og endurvarpsstöðvar annars staðar á landinu. Stöðvarnar og starfræksla þeirra nefnist einu nafni Ríkisútvarpið og ber undir menntamálaráðuneytið.

2. gr.

4. grein reglugerðarinnar orðist þannig:

Útvarpsráð skipa sjö menn. Skulu þeir ásamt jafnmörgum varamönnum kosnir hlutfallskosningu á Alþingi eftir hverjar alþingiskosningar.

Menntamálaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi hinna kosnu útvarpsráðsmanna.

Menntamálaráðherra ákveður þóknun fyrir störf í útvarpsráði.

3. gr.

Í niðurlagi 6. greinar reglugerðarinnar falli brott þessi orð: „Forfallist formaður útvarpsráðs, tilnefni menntamálaráðherra mann innan ráðsins til þess að gegna störfum hans, á meðan á forföllum eða fjarvist stendur.“

4. gr.

Síðasta málsgrein 7. greinar reglugerðarinnar orðist þannig:

Nú fellur niður fundur í útvarpsráði vegna forfalla eða önnur atvik hindra, að fullnaðarákvarðanir um dagskrá verði teknar í tæka tíð, og ber þá útvarpsstjóra eða í forföllum hans framkvæmdastjórum hljóðvarps eða sjónvarps eða öðrum starfsmönnum í forföllum þeirra að taka ákvarðanir samkvæmt því, sem venjur og atvik liggja til.

5. gr.

Í 8. grein reglugerðarinnar komi orðin: „Frankvæmdastjóri fjármáladeildar og framkvæmdastjóri hljóðvarps eða sjónvarps“ í stað orðanna: „Skrifstofustjóri útvarpsráðs eða fulltrúi hans“.

6. gr.

9. grein reglugerðarinnar orðist þannig:

Nú forfallast maður, sem flytja á útvarpsefni, eða önnur ófyrirséð atvik raska framkvæmd dagskrár, og gerir þá framkvæmdastjóri hljóðvarps eða sjónvarps í samráði við útvarpsstjóra, ef til hans næst, en að öðrum kosti á eigin hönd, nauðsynlegar ráðstafanir um framkvæmd dagskrárinnar. Beri slíkar truflanir að höndum með skyndilegum hætti og svo standi á, að þulur nái ekki til að hafa samráð við yfirmenn stofnunarinnar, er honum skylt að ráða fram úr, eftir því sem venjur og atvik liggja til.

7. gr.

Aftan við 16. grein reglugerðarinnar bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Útvarpsstjóri setur gjaldskrá fyrir tilkynningar og auglýsingar, sem birtar eru í hljóðvarpi og sjónvarpi, og taka þær gildi, þegar þær hafa verið staðfestar af menntamálaráðuneytinu.

8. gr.

18. grein reglugerðarinnar orðist þannig:

Heimilt er útvarpsnotanda, sem greiðir afnotagjald skv. 20. gr. reglugerðar þessarar, að hagnýta sér útvarpið eftir vild með viðtækjum eða línunum til fleiri gjallarhorna og heyrnartækja, en aðeins innan síns eigin heimilis og í sumarbústöðum. Útvarpsheimili telst í reglugerð þessari:

1. Framfærsluheimili.
2. Heimili einstaks manns, sem hefur sérskilinn fjárhag og sjálfstæða atvinnu.
3. Stofnun, hvers konar sem er, svo sem skóli, sjúkrahús, samkomuhús, gistihús, verþúð, atvinnustöð o. fl., deildir innan þessara stofnana og útibú þeirra hvers konar.
4. Bifreiðar allar.
5. Skip öll.

Nú er viðtæki notað með leiðslum til annarra heimila, og telst þá hvert heimili, sem þannig hagnýtir sér útvarpið, útvarpsnotandi.

Nú hefur starfsmaður stofnunar, sem heyrir undir 3. tölulið, eigið viðtæki í húsnæði stofnunarinnar, og teljast það sjálfstæð útvarpsnot á ábyrgð stofnunarinnar.

9. gr.

20. grein reglugerðarinnar orðist þannig:

Hver sá maður, heimili eða stofnun, sem er eigandi viðtækis, er nota má til að hagnýta útvarp (hljóðvarp eða sjónvarp) ríkisins, skal greiða til Ríkisútvarpsins árlegt afnotagjald. Innheimta skal sérstakt hljóðvarpsgjald og sérstakt sjónvarpsgjald.

Greiða skal afnotagjald af sérhverju sjónvarpsviðtæki, þótt fleiri séu en eitt á heimili eða í stofnun. Þó má, ef í hlut á aldrað fólk eða sjúklingar, falla frá innheimtu sjónvarpsgjalds, nema af einu tæki á sama heimili.

Sjónvarpsviðtæki telst hvert það tæki, sem á má sjá mynd, sem send hefur verið þráðlaust.

Greiða skal afnotagjald af þeim talstöðvartækjum, sem nota má til hljóðsvarpsmóttöku. Gjald þetta greiðir eigandi þessara tækja eða leigutaki, ef þu eru eign opinberrar stofnunar, sem selur slík tæki á leigu. Nú á maður eða stofnun, sem ekki greiðir afnotagjald af hljóðvarpi, sjónvarpstæki, sem er svo úr garði gert, að það má nota til hljóðvarpsmóttöku, og skal þá auk afnotagjalds af sjónvarpi greiða afnotagjald af hljóðvarpi.

Greiða skal sérstakt afnotagjald vegna þeirra útvarpsnota, sem um ræðir í tveimur síðustu málsgreinum 18. greinar þessarar reglugerðar.

Menntamálaráðherra ákveður afnotagjalðið um eitt ár í senn að fengnum tilögum útvarpsstjóra og útvarpsráðs.

10. gr.

Aftan við 21. grein reglugerðarinnar bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Á árinu 1967 skal Ríkisútvarpið framkvæma sérstaka könnun í því skyni að endurbæta skrár sínar yfir útvarpstæki og gjaldendur í landinu. Leitað skal upplýsinga um viðtæki og eigendur viðtækja. Öllum, sem munnlega, bréflega eða með opinberri auglýsingu eru beðnir um upplýsingar hér að lútandi, ber að veita umbeðnar upplýsingar varðandi tæki þeirra sjálfra, stofnana, sem þeir eiga eða veita forstöðu, eða um annað er máli skiptir hér að lútandi. Ákveða má, að upplýsingarnar skuli gefnar skriflega á þar til gerðum eyðublöðum. Sams konar upplýsinga má leita á árinu 1968 og síðar með sama hætti.

11. gr.

22. grein reglugerðarinnar orðist þannig:

Hver sá, sem selur, leigir eða afhendir hljóðvarps- eða sjónvarpstæki, skal hverju sinni tilkynna það innheimtudeild Ríkisútvarpsins skriflega. Tekur þetta bæði til aðila, sem verzla með viðtæki, og allra annarra, sem ráðstafa viðtæki á umræddan hátt.

Hver sá aðili, sem verzlar með viðtæki, skal gefa skýrslu skv. 1. málsgrein á eyðublöðum, sem honum ber að afla sér hjá innheimtudeild Ríkisútvarpsins, og gefa í skýrslunn þær upplýsingar, sem um er beðið um viðtækið og eigendur þess. Ef aðrir eru krafðir upplýsinga á slíkum eyðublöðum, ber þeim að láta þær í té, þótt þeir hafi áður tilkynnt ráðstöfun á viðtæki með öðrum hætti.

Hver sá, sem tekur útvarpstæki í notkun á heimili eða í stofnun, þar sem ekki hefur áður verið slíkt tæki, skal tilkynna það innheimtudeild Ríkisútvarpsins skriflega.

Hver sá einstaklingur, sem kaupir, tekur á leigu eða fær afhent viðtæki, skal sýna nafnskirteini sitt þeim, sem hann á skipti við.

Hver sá, sem selur, leigir eða afhendir einstaklingi viðtæki, skal krefjast þess af hlutaðeiganda, að hann sanni, hver hann er, með því að sýna nafnskirteini sitt. Nafnnúmer hans skal tilgreina í skýrslu þeirri, sem send er innheimtudeild Ríkisútvarpsins skv. 1. og 2. málsgrein þessarar greinar.

Hver sá eigandi eða umráðamaður viðtækis, sem vanrækir að láta innheimtudeild Ríkisútvarpsins í té skýrslu skv. þessari grein, ber auk refsíabýrgðar ábyrgð á greiðslu afnotagjalds vegna viðkomandi tækja, þar til hann fullnægir skyldu sinni í þessu efni. Hið sama gildir, ef gefnar eru rangar upplýsingar.

12. gr.

24. grein reglugerðarinnar orðist þannig:

Gjalddagi afnotagjalds fyrir hljóðvarp er 1. apríl.

Gjalddagar afnotagjalds fyrir sjónvarp eru 1. febrúar og 1. ágúst, og fellur helmingur gjaldsins í gjalddaga í hvert skiptið. Gjalddagi afnotagjalds fyrir sjónvarp 1966 er 1. febrúar 1967.

13. gr.

26. grein reglugerðarinnar orðist þannig:

Innheimtuskrifstofa Ríkisútvarpsins skal afhenda pósthöfnunni í Reykjavík pósthöfnunni þær, sem innheimta á, með hæfilegum fyrirvara.

14. gr.

29. grein reglugerðarinnar orðist þannig:

Vanræki útvarpsnotandi að tilkynna bústaðaskipti og nái póstkrafa ekki til hans af þeim sökum, fellur innheimtukostnaður á gjald hans eins og annarra, sem ekki greiða afnotagjald sitt innan mánaðar frá gjalddaga.

15. gr.

Úr gildi fellur VI. kafli (42.—47. grein) reglugerðarinnar.

16. gr.

Í 56. grein reglugerðarinnar orðist 3. töluliður í 1. málsgrein þannig:

3. Nafn kaupanda og nafnnúmer.

Aftan við 56. grein reglugerðarinnar bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú heimilar Viðtækjaverzlun ríkisins öðrum aðilum innflutning viðtækja, og skal innheimtudeild Ríkisútvarpsins þá sent afrit af innkaupareikningum.

17. gr.

62. grein reglugerðarinnar orðist þannig:

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum að lögum.

Hvert það viðtæki eða hluti tækis, sem ólöglega er flutt inn í landið eða ætlað til sölu á óleyfilegan hátt, skal upptækt vera, og rennur andvirði þess í ríkissjóð.

Brot gegn lögum þessum skal farið með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um útvarpsrekstur ríkisins nr. 68/1934, sbr. lög um breyting á þeim lögum nr. 34/1966 og nr. 88/1966, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 30. desember 1966.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 169 3. september 1965
fyrir Vatnsveitu Seyðisfjarðar.

8. gr. 1. mgr. orðist svo:

Heimilt er bæjarráði að loka fyrirvaralaust heimæðum fyrir þeim, sem vanrækja að láta gera við bilanir á pípum eða tækjum og eyða vatni að óþörfu. Bæjarráði er einnig heimilt að undangenginni aðvörun með 7 daga fyrirvara að loka fyrir vatn til þeirra er eigi greiða gjöld skv. reglugerð þessari á réttum gjalddögum. Lokunarheimild þessi gildir þó ekki, ef um er að ræða vanskil á aukagjaldi, samkvæmt 10. gr. reglugerðarinnar.

9. og 10. gr. verði ein grein, 9. gr., er orðist svo:

Vatnsskattur ákveðst þannig:

1. Af öllum húseignum á vatnsveitusvæðinu, sem vatn er lagt að, sbr. 5. gr., skal greiða vatnsskatt 2% fasteignamatsverðs árlega, þó þannig, að lægsta gjald af íbúð skal vera kr. 300.00. Af gripahúsum, beitingaskúrum og slíkum húsum skal lægsta gjald vera kr. 100.00.
2. Til skipa greiðast kr. 15.00 fyrir smálestina, þó aldrei minna en kr. 150.00 til fiskiskipa og kr. 300.00 til annarra skipa. Þó skal bæjarstjórn heimilt að semja um fast árgjald fyrir neyzluvatn til skipa og báta, sem gerðir eru út frá Seyðisfirði.
3. Af hverri útfluttri síldartunnu greiðast kr. 2.00.
4. Af hverjum 100 kg síldar, sem skipað er upp eða tekið á móti á annan hátt, greiðast kr. 0.70.
5. Um mæli til annarra en skipa greiðast kr. 1.50 hver smálest. Árlegt leigugjald fyrir mæli skal vera kr. 200.00.
6. Bæjarstjórn ákveður sérstakt gjald fyrir aðra notkun en að framan er talin, svo sem bílapvottastöðvar, sláturhús o. fl.

Greinarnar 11.—16. verða 10.—15.

10. gr. orðist svo:

Nú hefur greiðsla kostnaðar við nýjar vatnsveitulagnir, ekki fengizt greidd eins og ráð er fyrir gert í 3. málslíð 2. mgr. 5. gr. reglugerðar þessarar eða greiðsla hefur ekki verið tryggð samkvæmt 3. mgr. sömu greinar, og er þá bæjarstjórn heimilt að leggja á atvinnufyrirtækin aukagjald í eitt skipti fyrir öll eins og hér greinir:

1. Á síldarverksmiðjur allt að kr. 640.00 fyrir hvert mál (135 kg), sem síldarpressur eru gefnar upp fyrir frá framleiðanda, miðað við lágmarksafköst á sólarhring.
2. Á hverja síldarsöltunarstöð allt að kr. 400 000.00.
3. Á hvert hraðfrystihús allt að kr. 400.000.00. Ef rekið er á sömu fasteign síldaríðnaðar skv. 1. og 2. fl., skal gjald skv. þessum tölulíð lækka um 50%.

Gjald þetta greiðist þannig, að 40% gjaldsins greiðast fyrsta árið, en eftirstöðvarnar með jöfnum greiðslum á fimm árum frá og með því ári, sem atvinnufyrirtæki er tengt eða komið í tengingarhæft ástand við hina nýju götuæð. Gjald-dagi er 1. júní ár hvert. Heimilt er bæjarstjórn að veita gjaldanda lengri gjaldfrest, enda greiði hann þá almenna innlánsvexti af eftirstöðvum gjaldsins eins og það er á hverjum tíma frá tengingu.

Gjaldfallin og ógreidd aukagjöld samkvæmt grein þessari, skulu greidd fyrir 31. des. 1966.

Verði gjöld samkvæmt grein þessari vegna nýrra fyrirtækja meira en 10% herra en þau eru við gildistöku reglugerðar þessar og sú aukning gjaldanna leiðir ekki af lögnum nýrra vatnsæða vegna atvinnufyrirtækja, skal endurskoða reglugerð þessa og lækka gjöld samkvæmt 3. og 4. tl. 9. gr. til samræmis við þann tekjuauka, sem reynist umfram áður nefnd 10%.

11. gr. orðist svo:

Bæjarstjórn getur ákveðið að hækka eða lækka gjöld skv. 9. gr. um allt að 50%.

12. gr. 1. mgr. 3. tl. orðist svo:

Vatnsskattur skv. 3. og 4. tl. 9. gr. fellur í gjalddaga um leið og varan er framleidd eða flutt á skipsfjöl til útflutnings.

12. gr. 2. mgr. orðist svo:

Vatnsskatt og aukagjald má taka lögtaki, og eru þau tryggð með lögveði í eignum gjaldanda með forgangsveði fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Reglugerðarbreyting þessi, sem bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 2. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 28. desember 1966.

Magnús Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Útkomið í A-deild Stjórnartíðinda 1966.

Lög um heimild til verðstöðvunar, undirskrifuð af forsetanum 23. desember 1966, nr. 86.

Lög um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka, undirskrifuð af forsetanum 21. nóvember 1966, nr. 87.

Lög um breyting á lögum nr. 68 28. des. 1934, um útvarpsrekstur ríkisins, undirskrifuð af forsetanum 23. desember 1966, nr. 88.

Lög um Framleiðnisjóð landbúnaðarins, undirskrifuð af forsetanum 17. desember 1966, nr. 89.

Lög um breyting á lögum nr. 45 3. apríl 1963, um Iðnlánasjóð, undirskrifuð af forsetanum 23. desember 1966, nr. 90.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til kaupa á sildarflutningaskipi o. fl., undirskrifuð af forsetanum 23. desember 1966, nr. 91.

Lög um breyting á lögum nr. 34 18. febr. 1953, um verðjöfnun á olíu og benzíni, undirskrifuð af forsetanum 23. desember 1966, nr. 92.

Lög um breyting á lögum nr. 70 13. maí 1966, um heimild fyrir ríkisstjórnina að ábyrgjast lán fyrir Flugfélag Íslands h.f. til kaupa á millilandaflugvél, undirskrifuð af forsetanum 20. desember 1966, nr. 93.

Lög um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar, undirskrifuð af forsetanum 20. desember 1966, nr. 94.

Lög um breyting á lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar, undirskrifuð af forsetanum 23. desember 1966, nr. 95.

Bréf handhafa valds forseta Íslands um að reglulegt Alþingi 1966 skuli koma saman til funda mánudaginn 10. október 1966, undirskrifað af handhöfum valds forseta Íslands 21. september 1966, nr. 96.

Fjárlög fyrir árið 1967, undirskrifuð af forsetanum 23. desember 1966, nr. 97.

Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands, undirskrifuð af forsætisráðherra 10. september 1966, nr. 98.

Auglýsing um að forseti sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum, undirskrifuð af forsætisráðherra 1. október 1966, nr. 99.

Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis, undirskrifað af forsetanum 15. desember 1966, nr. 100.

Lög um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., undirskrifuð af forsetanum 8. desember 1966, nr. 101.

AUGLÝSING

um endurgreiðslur, samkv. 11. lið 3. gr. tollskrárlaga, á gjöldum af innfluttum efnivörum í útfluttar íslenzkar framleiðsluvörur, innfluttum umbúðum og efn-um í umbúðir um þær og um skilyrði fyrir þessum endurgreiðslum.

Endurgreiðsluheimild ráðuneytisins í 11. lið 3. gr. tollskrárlaga tekur til eftirgreindra 3 vörutegunda:

- I. Innfluttar efnivörur í útfluttar innlendar framleiðsluvörur.
- II. Innfluttar umbúðir um útfluttar innlendar framleiðsluvörur.
- III. Innflutt efni í umbúðir um útfluttar innlendar framleiðsluvörur.

Heimild ráðuneytisins er bundin þessum takmörkum:

- A. Að hinar innlendu framleiðsluvörur séu fluttar til útlanda.
- B. Að þær séu seldar til útlanda. Heimildin tekur þannig hvorki til ókeypis sýnis-horna né gjafa.
- C. Að hægt sé að ganga úr skugga um magn hinna innfluttu efnivara í hinar innlendu framleiðsluvörur.
- D. Að einnig sé hægt að ganga úr skugga um verð þessara innfluttu efnivara.

Til þess að fullnægja þessum 4 atriðum í A—D hér á undan setur ráðuneytið eftirgreind skilyrði fyrir endurgreiðslum sínum skv. 11. lið 3. gr. tollskrárlaga:

I. Innfluttar efnivörur í útflutningsvörur.

1. Að endurgreiðslubeiðnir séu bornar fram og sendar ráðuneytinu í sérstöku *skriflegu erindi* og skal í erindi þessu tilgreina þá heildarupphæð, sem ætlast er til að ráðuneytið endurgreiði og enn fremur það magn og tilsvarendi toll-verð hvernar efnivöru, sem fór í hverja magnseiningu hinna útfluttu framleiðsluvara, t. d. hversu mikið af olívuolíu fór í hverja dós eða í tiltekið dósamagn af sardinum.
2. Að endurgreiðslubeiðnum fylgi eftirgreind skjöl til stuðnings framborinni endurgreiðslubeiðni:
 - a. *Útflutningsskýrslur* yfir hinar útfluttu íslenzku framleiðsluvörur. Ljós-myndaeintök af skýrslum nægja ekki vegna áritana ráðuneytisins á skýrslurnar. Ef útflutningsskýrslur eru ekki jafnframt kvittaður útflutningsgjaldareikningur, skulu útflutningsskýrslurnar vera með áritun eða stimpli hlutaðeigandi tollskrifstofu eða póstafgreiðslu um það, að samhljóða eintak sé mótttekið. — Útflutningsskýrslur eru endursendar af ráðuneytinu að aflokinni notkun þeirra með áritun um endurgreiðsluna.
 - b. Afrit af *sölureikningum* yfir útflutningsvörurnar — Sölureikningarnir eru endursendir af ráðuneytinu að aflokinni notkun þeirra.
 - c. Afrit af *útflutnings-farmskirteinum eða -fylgibréfum* yfir útflutningsvörurnar. — Ráðuneytið endursendir afritin að aflokinni notkun.
 - d. *Sérstakur listi yfir útflutningsvörurnar* og skal tilgreina í honum tegund útflutningsvara, tölu þeirra og magn, útflutningsfarartækin og brottfarardag þeirra og skal listinn að öðru leyti vera í sem mestu samræmi við útflutningsskýrslurnar og sölureikninga til þess að auðvelda samanburð og aðra yfirferð.

- e. *Frumtollreikningar* yfir allar efnivörurnar. Ef endurgreiðslubeiðandi eða útflytjandi hafa ekki sjálfir flutt inn efnivörurnar, verða þeir að biðja þá, sem þeir hafa keypt efnivörurnar hjá, að senda ráðuneytinu reikningana, en ráðuneytið endursendir þá reikninga og aðra að aflokinni notkun þeirra með áritun um endurgreiðsluna.
- f. *Vörureikningar*, sem tilheyra tollreikningunum yfir efnivörurnar. — Vörureikningarnir eru endursendir af ráðuneytinu að aflokinni notkun þeirra.
- g. *Sérstakur listi yfir hinar innfluttu notuðu efnivöru* í útflutningsvörurnar og í honum sé vísað til viðkomandi tollafgreiðslunúmera með þeim gjaldaupphæðum, sem ætlazt er til að endurgreiddar verði, og skal koma fram í listanum, hvernig fengin er sú heildarupphæð, sem tilgreind er og tilgreina ber í endurgreiðslubeiðninni, og skal listinn að öðru leyti vera í sem mestu samræmi við tollreikningana og vörureikningana og skal í honum nota sömu vöruheiti og magnseiningar og í vörureikningunum.
- h. *Skriflegt álit sérfróðs manns*, t. d. álit frá efnarannsóknarstofu Fiskifélagsins, hvað sé hæfilegt magn efnivara í hinar útfluttu innlendu framleiðsluvörur, t. d. hversu mikið af olívuolíu í hverja dós eða tiltekið dósamagn af sardinum.
3. Að endurgreiðslubeiðnir berist ráðuneytinu *innan árs* frá því að allar útflutningsvörur, sem taldar eru í erindinu, voru fluttar út.
4. Að ráðuneytið megi láta rannsaka vörubirgðir endurgreiðslubeiðenda eða útflytjanda, birgðabókhald þeirra, vinnubækur og annað bókhald, aðrar verzlunarbækur, bréfavíðskipti og önnur gögn um útflutningsvörurnar og útflutninginn og innflutninginn og innkaup efnivaranna og notkun þeirra.
5. Að ráðuneytið geti með auglýsingu eða annarri tilkynningu lagt fyrir endurgreiðslubeiðendur eða útflytjendur, að leggja fram vottorð tollgæzlunnar um skoðun útflutningsvaranna við pökkun eða áður en þær eru fermdar í útflutningsfarartæki, að þeir skili löndunarvottorði erlendis frá um útflutningsvörurnar og að þeir leggi fram vottorð Gjaldeyriseftirlitsins um skil á andvirði útflutningsvaranna í erlendum gjaldeyri.

II. Umbúðir um útflutningsvörur.

Um endurgreiðslur á gjöldum af innfluttum umbúðum um útflutningsvörur gilda eftir því, sem við á, sömu skilyrði og sett eru hér að framan í I um endurgreiðslur á gjöldum af innfluttum efnivörum í útflutningsvörur.

Nú eru umbúðirnar fluttar inn af öðrum en endurgreiðslubeiðanda eða útflytjanda, og skulu þeir þá biðja innflytjanda um að senda ráðuneytinu bréf um hið selda umbúðamagn og tollreikningana yfir umbúðirnar, en ráðuneytið endursendir innflytjanda reikningana að aflokinni notkun þeirra með áritun á þá um endurgreiðsluna.

Eftir að tollur af eftirgreindum umbúðum hefur verið lækkaður í 4%, 2% og þær undanþegar söluskatti við innflutning, endurgreiðir ráðuneytið ekki 4% eða 2% tollinn af þeim, enda þótt umbúðirnar séu fluttar út undir innlendar framleiðsluvörur.

Tollskrá:

Umbúðategundir:

- 39.07.32 Fiskkassar og fiskkölfur úr plasti.
 44.22.01 Kjöttunnur úr trjáviði og hlutar til þeirra.
 44.22.02 Sildartunnur úr trjáviði og hlutar til þeirra.
 48.03.01 Smjörpappír og hvítur pergamentpappír, sem vegur allt að 100 g/m².

Tollskrá:

Umbúðategundir:

- 48.07.88 Vaxborinn pergamentpappír utan um fisk til útflutnings, enda sé á honum viðeigandi áritun.
- 48.16.06 Pappakassar utan um fisk til útflutnings, enda sé á þeim viðeigandi áritun.
- 48.16.07 Pappírspokar, margfaldir, utan um fiskafurðir til útflutnings, enda sé á þeim viðeigandi áritun.
- 48.19.02 Áprentaðir merkimiðar fyrir útflutningsafurðir.
- 73.23.04 Áletraðar dósir, úr jární, stáli eða legeringum þeirra málma, utan um útflutningsvörur.
- 76.16.02 Fiskkassar og fiskkölfur úr alúmíní og alúmínlegeringum.
- 83.13.03 Áletruð lok, úr ódýrum málmum, á dósir utan um útflutningsvörur.

III. Innflutt efni í umbúðir um útflutningsvörur.

Sömu skilyrði og sett eru hér að framan í I um endurgreiðslur á gjöldum af innfluttum efnivörum í útflutningsvörum gilda um endurgreiðslur á gjöldum af innfluttum efnum í útflutningsumbúðir.

Ef umbúðirnar eru gerðar af öðrum en endurgreiðslubeiðanda eða útflytjanda, skulu þeir biðja framleiðanda umbúðanna að senda ráðuneytinu bæði bréf um það, hversu mikið innflutt efni fór í hverja umbúðaeiningu eða í hið selda umbúðamagn og tollreikninga yfir hið notaða umbúðaefni, en ráðuneytið endursendir innflytjanda reikningana að aflokinni notkun þeirra með áritun á þá um endurgreiðsluna.

Fjármálaráðuneytið, 31. maí 1966.

Magnús Jónsson.

Björn Hermannsson.

Nr. 283.

11. nóvember 1966.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Að fengnum tillögum borgarstjórnar Reykjavíkur, hefur verið ákveðið, samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 26 frá 2. maí 1958 að einstefnuakstur verði á Starhaga til vesturs frá Suðurgötu að Ægissíðu og á Lynghaga til austurs frá Ægissíðu að Suðurgötu.

Lögreglustjórnin í Reykjavík, 11. nóvember 1966.

Sigurjón Sigurðsson.

REGLUGERÐ**um breyting á reglugerð nr. 214/1958, um heilsuvernd í skólum.****1. gr.**

18. grein reglugerðarinnar orðist þannig:

Þar sem heilsuverndarstöðvar hafa heilsuvernd í skólum með höndum, ráða þær eða leggja sjálfar til heilbrigðisstarfslið í skóla, hver í sínu umdæmi.

Þar sem heilsuverndarstöðvar hafa ekki heilsuvernd í skólum með höndum, ráða eftirtaldir aðilar heilbrigðisstarfslið að skólum annað en héraðslækna, sem gegna skólalæknisstörfum samkvæmt lögum um heilsuvernd í skólum:

- a. fræðslumálastjórn, eða skólastjóri í umboði hennar, ef um er að ræða ríkisskóla;
- b. fræðsluráð (skólanefndir), ef um er að ræða skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum;
- d. skólastjórn, ef um er að ræða einkaskóla.

2. gr.

19. grein reglugerðarinnar orðist þannig:

Um greiðslu fyrir skólalækningar fer eftir samningi milli menntamálaráðuneytis og stéttarféлага lækna. Ef samningar takast ekki, fer um ákvörðun greiðslu eftir ákvæðum 8. gr. 3. t. 1. mgr. læknaþingarlaga nr. 43/1965, að því er varðar héraðslækna, og 13. gr. laga um lækningaleyfi o. fl. nr. 47/1932, að því er aðra lækna varðar.

Kostnaður við heilsuvernd í skólum telst hluti af rekstrarkostnaði hvers skóla og skiptist milli greiðsluaðila í skólum, sem reknir eru af ríki og sveitarfélögum sameiginlega, samkvæmt lögum nr. 41/1955, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.

3. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 21. nóvember 1966.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

REGLUR**um menntun starfsfræðikennara.**

Kennarar þeir, sem annast starfsfræðslu í skólum gagnfræðastigs, skulu hafa notið kennslu og stundað nám undir leiðsögn sérfróðra manna í þeim greinum og á þeim sviðum, er starfsfræðslu varða. Skal undirbúningsnám þetta einkum miða að því að veita staðgóða þekkingu á eftirtöldum efnum:

Hlutverki og gildi starfsfræðslu og sálfræðilegum forsendum hennar, sálarfræði vinnu og starfsvals, atvinnusögu og þróun verkmenningar,

atvinnuvegum Íslands, ástandi þeirra og horfum,
vinnustað og aðstaðum á vinnustað,
réttindum og skyldum launþega og vinnuveitenda,
námsbrautum og námskröfum einstakra menntastofnana.

Þá skal starfsfræðslukennarinn kunna góð skil á kennslubókum og handbókum
í starfsfræðslu, ásamt fræðslumyndum og öðrum gögnum, er starfsfræðslu varða.

Samanlagður námstími skal eigi vera skemmri en 120 kennslustundir, er skiptast
milli fyrirlestra, vettvangsfræðslu og verklegra æfinga.

Náminu lýkur með prófi og skal forstöðumaður námskeiðsins gefa út próf-
skirteini þeim til handa, er fullnægja settum skilyrðum.

Menntamálaráðuneytið, 30. nóvember 1966.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

Nr. 286.

14. desember 1966.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Kristínar Thoroddsen, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 14. desember 1966.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

um Minningarsjóð Kristínar Thoroddsen.

Kristín Ólína Thoroddsen, f. 29. apríl 1894, d. 28. febr. 1961, var forstöðukona Hjúkrunaskóla Íslands frá stofnun hans árið 1931 og til 1949. Nemendur skólans og aðrar hjúkrunarkonur, sem átt höfðu samstarf með Kristínu Thoroddsen, gengust fyrir stofnun þessa minningarsjóðs við andlát hennar, 28/2 1961, í þakklætis- og virðingarskyni fyrir brautryðjendastörf hennar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Kristínar Thoroddsen. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Höfuðstóll sjóðsins er kr. 25 þúsund. Hann má ekki skerða.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita verðlaun þeim nemendum Hjúkrunarskóla Íslands, sem skarað hafa fram úr í hjúkrunarnámi og sýnt sérstaka hæfileika til hjúkrunarstarfa. Verðlaunin skal veita við brautskráningu úr skólanum, þegar einhver er talinn þeirra maklegur. Verðlaunin skulu vera peningar úr bronsi, á annarri hlið hans skal vera upphleypt mynd af Kristínu Thoroddsen, gerð eftir lágmynd Sigurjóns Ólafssonar af henni. Á hinni hlið peningsins standi: Verðlaun Kristínar Thoroddsen, nafn nemanda, er peninginn hlýtur, ásamt ártali.

Heimilt er sjóðsstjórn að færa út starfssvið sjóðsins, ef unnt er og ástæða þykir til, svo sem með því að veita úr honum styrk til framhaldsnáms í hjúkrun.

4. gr.

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun. Stjórn hans skipa: Skólastjóri Hjúkrunarskóla Íslands, sem er formaður, yfirkennari skólans, forstöðukona Landspítalans, sú hjúkrunarkona Landspítalans, sem þar er elzt í starfi hverju sinni og forstöðukona Kleppspítalans.

Sjóðsstjórnin skal annast úthlutun úr sjóðnum. Hún heldur gerðabók um sjóðinn, reikninga hans og annað, er varðar hag sjóðsins og starf.

5. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skal sjóðsstjórnin birta endurskoðaða ársreikninga í skýrslum Hjúkrunarskóla Íslands, þegar þær eru gefnar út.

Endurskoðendur reikninga Hjúkrunarskóla Íslands endurskoða reikninga sjóðsins.

6. gr.

Sjóðinn má efla með minningargjöfum og öðrum ráðum, er sjóðsstjórnin telur heppileg.

7. gr.

Stjórn sjóðsins getur breytt skipulagsskrá þessari, enda sé hún einhuga um breytinguna.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

S A M Þ Y K K T

**fyrir Vatnsveitufélag Lækjamóta, Fáskrúðarbakka og Breiðabliks
í Miklaholtshreppi.**

1. gr.

Félagið heitir Vatnsveitufélag Lækjamóta, Fáskrúðarbakka og Breiðabliks. Heimili þess og varnarþing er í Miklaholtshreppi í Hnappadalssýslu.

2. gr.

Markmið félagsins er að sjá býlum á félagssvæðinu fyrir vatni.

3. gr.

Stofnendur félagsins eru eigendur og ábúendur býlanna Lækjamóta, Fáskráðarbakka og Félagsheimilið Breiðablik.

Hver stofnandi greiði tvö þúsund krónur sem stofngjald.

4. gr.

Ábúendur nýrra býla á félagssvæðinu má taka í félagið með samþykki lögmæts aðalfundar. Nýr félagsmaður greiðir tvö þúsund krónur sem stofngjald. Þó getur aðalfundur ákveðið aðra upphæð, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Nýr félagsmaður verður að kosta allar framkvæmdir, sem gerðar verða sérstaklega, til að hann geti notað mannvirki félagsins.

5. gr.

Vatnsskatt skal innheimta eftir ákvörðun félagsstjórnar hverju sinni. Vatnsskatt má taka lögtaki, ef ekki er staðið í skilum. Eignir félagsins standa til full-

nægingar skuldbindingum þess. Enginn félagsmaður ber ábyrgð á skuldbindingum félagsins umfram þau gjöld, sem honum er gert að greiða samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar.

6. gr.

Félagsstjórn er skylt að boða til fundar, ef þrír félagar eða tveir stjórnarmenn krefjast þess, enda greini þeir tilefni kröfunnar.

7. gr.

Félagsfundur er lögmætur, ef helmingur félagsmanna sækir hann, enda hafi verið löglega til hans boðað. Fundur er löglega boðaður, ef hverjum félagsmanni er tilkynnt fundarboð bréflaga eða persónulega með fimm daga fyrirvara. Á félagsfundum hafa allir félagsmenn jafnan rétt og ræður afl atkvæða úrslitum.

8. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Til hans skal boðað með viku fyrirvara, bréflaga eða persónulega. Aðalfundur er lögmætur ef allir félagsmenn sækja hann. Hafi þrisvar sinnum verið boðað til aðalfundar vegna ónógrar fundarsóknar, telst þriðji fundurinn lögmætur, hver sem fundarsókn er. Á aðalfundi skulu teknar ákvarðanir um starfsemi félagsins á árinu, lagðir fram reikningar af stjórn félagsins en hana skipa þeir þrír menn, sem að félagsstofnun standa. Liggi önnur mál fyrir aðalfundi en venjuleg aðalfundarstörf, skal þess getið í fundarboði.

9. gr.

Stjórn félagsins skiptir með sér verkum.

Störf stjórnar skulu ólaunuð. Formaður kveður stjórnina saman til fundar og boðar félagsfundi og aðalfundi. Stjórnarfundir eru því aðeins lögmætir, að allir stjórnarmenn séu mættir. Færa skal gerðabók stjórnarfunda og skal ritari stjórnarinnar lesa fundargerð í lok hvers fundar og undirrita hana, ásamt formanni, þegar hún hefur verið samþykkt.

10. gr.

Stjórn félagsins hefur umsjón með vatnsveitunni, annast reikningshald hennar og innheimtu á gjöldum til félagsins. Hún sér um viðgerðir og viðhald á vatnsveitunni. Viðhald heimæða og umbúnað í húsum annast félagsmenn hver hjá sér.

11. gr.

Samþykkt þessari má ekki breyta, nema á aðalfundi, enda hafi breytinganna verið getið í fundarboði og séu að minnsta kosti $\frac{2}{3}$ félagsmanna samþykkir þeim.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af Vatnsveitufélagi Lækjamóta, Fáskrúðarbakka og Breiðabliks í Miklaholtshreppi, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 19. desember 1966.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

B Æ J A N Ö F N

Menntamálaráðuneytið hefur samkvæmt lögum nr. 35 18. febrúar 1953 gefið út leyfisbréf fyrir eftirgreindum bæjanöfnum á árinu 1966:

Mýrasýsla.

Norðtunga II, á nýbýli í landi Norðtungu, Þverárhliðarhreppi.
Tún, á býli í landi Stórafjalls, Borgarhreppi.

Dalsýsla.

Galtartunga, á nýbýli í landi Stórutungu, Fellsstrandarhreppi.

Strandasýsla.

Hlaðhamar I, á býli í landi Hlaðhamars, Bæjarhreppi.
Hlaðhamar II, á býli í landi Hlaðhamars, Bæjarhreppi.
Laugarholt, á býli í landi Borðeyrarbæjar, Bæjarhreppi.

A.-Húnavatnssýsla.

Árholt, á nýbýli í landi Holts, Torfalækjarhreppi.

Eyjafjarðarsýsla.

Hólshús II, á nýbýli í landi Hólshúsa, Hrafnagilshreppi.
Sólbrekka, á nýbýli í landi Eiða, Grímseyjarhreppi.

Suður-Þingeyjarsýsla.

Einarsstaðaskáli, á nýbýli í landi Einarsstaða, Reykdælahreppi.

Rangárvallasýsla.

Skiðbakki III, á býli í landi Skíðbakkahjáleigu og Kirkjulands II, Austur-Landeyjahreppi.
Skiðbakki IV, á býli í landi Skíðbakka I og Bryggju í Austur-Landeyjahreppi.
Útgarðar, á smábýli í landi Stórólshvols, Hvolhreppi.

Árnessýsla.

Heiðmörk, á býli í landi Laugarásslæknishéraðs í Laugarási, Biskupstungnahreppi.

Hraunbær, á iðnaðarbýli í landi Öxnalækjar, Ölfushreppi.

Ljósaland, á nýbýli í landi Laugarásslæknishéraðs í Laugarási, Biskupstungnahreppi.

Steinahlíð, á iðnaðarbýli, er Hrunamannahreppur á að Flúðum í sama hreppi.

Gullbringusýsla.

Strönd, á húsi í landi Melshúsa, Bessastaðahreppi.

Menntamálaráðuneytið, 31. desember 1966.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Sigurður J. Briem.

HEIÐURSMERKI FÁLKAORÐUNNAR

Forseti Íslands hefur á árinu 1966 sæmt þessa menn heiðursmerkjum hinnar íslenzku fálkaorðu.

I. ÍSLENDINGAR.

1. janúar:

Dr. Jóhannes Nordal, bankastjóri, stórriddarakross.
 Svanbjörn Frimannsson, bankastjóri, stórriddarakross.
 Árni Árnason, kaupmaður, riddarakross.
 Björn E. Árnason, endurskoðandi, riddarakross.
 Guðmundur Kr. Guðmundsson, bóndi, Kvigindisfelli, Tálknaf., riddarakross.
 Jóhannes Jónsson, útgerðarmaður, Gauksstöðum, Garði, riddarakross.
 Jóna Guðmundsdóttir, fyrrv. yfirhjúkrunarkona, riddarakross.
 Magnús J. Brynjólfsson, forstjóri, riddarakross.
 Niels P. Sigurðsson, deildarstjóri í utanríkisráðuneytinu, riddarakross.
 Þórsteinn Bjarnason, körfugerðarmaður, riddarakross.

10. marz:

Jóhannes S. Kjarval, listmálari, stórkross.

11. marz:

Séra Emil Björnsson, form. Blaðamannafélags Íslands, riddarakross.
 Kristján Jónsson, bakameistari, Akureyri, riddarakross.
 Tómas Á. Tómasson, deildarstjóri í utanríkisráðuneytinu, riddarakross.

2. júní:

Birgir Kjaran, hagfræðingur, riddarakross

17. júní:

Jón G. Mariasson, bankastjóri, stjarna stórriddara.
 Þorleifur Thorlacius, forsetaritari, stórriddarakross.
 Haraldur V. Ólafsson, forstjóri, riddarakross.
 Jóhann Þorkelsson, héraðslæknir, riddarakross
 Jón Auðuns, dómprófastur, riddarakross.
 Frú Teresía Guðmundsson, fyrrv. veðurstofustjóri, riddarakross.
 Þorgils Ingvarsson, bankafulltrúi, riddarakross.
 Þórhallur Jónasson, hreppstjóri, Breiðavaði, Eiðabínghá, riddarakross.

12. október:

Árni Snævarr, verkfræðingur, riddarakross.
 Björn Tryggvason, skrifstofustjóri, riddarakross.
 Erlendur Einarsson, framkvæmdastjóri, riddarakross.
 Pétur Daníelsson, hóteltstjóri, riddarakross.

II. ERLENDIR RÍKISBORGARAR.

8. marz:

Erwin van Hazebrouck, ræðismaður Íslands, Frankfurt, riddarakross.
 Ernst O. Hesse, ræðismaður Íslands, Düsseldorf, riddarakross.
 Heinrich Bossert, ræðismaður Íslands, München, riddarakross.
 David N. Wiesley, aðalræðismaður Íslands, Mexico, riddarakross.
 Per Kind, vararæðismaður Íslands, Harstad, riddarakross.

Hans Edvard Evensen, vararæðismaður Íslands, Hammerfest, riddarakross.
 Jens Dragöy, vararæðismaður Íslands, Tromsö, riddarakross.
 Ian Maxwell, prófessor, Melbourne, riddarakross.

23. apríl:

Carl Gustaf, ríkisarfi Svíþjóðar, stórkross.
 Frú Ingibjörg Jónsson, ritstjóri Lögbergs-Heimskringlu, Winnipeg, riddarakross.

19. maí:

Lauri J. Kivekäs, form. finnska Vinnuveitendasambandsins, Helsingfors, stórkross.
 Jens Vilhelm Henriksen, tollstjóri Danmerkur, Kaupmannahöfn, stórriddarakross með stjórn.
 Sven Schwartz, fil. dr., form. sænska Vinnuveitendasambandsins, Stokkhólmi, stórriddarakross með stjórn.
 Svend Heineke, dr. rer pol., form. danska Vinnuveitendasambandsins, Kaupmannahöfn, stórriddarakross með stjórn.
 Bertil Kugelberg, fyrrv. framkvæmdastjóri sænska Vinnuveitendasambandsins, Stokkhólmi, stórriddarakross með stjórn.
 Bror Sievers, ræðismaður Íslands, Ábo, stórriddarakross.
 Birger Knudsen, fyrrv. forstjóri Norsk Telegramburá, Oslo, stórriddarakross.
 B. L. Corwin, forstjóri, Oslo, stórriddarakross.
 F. C. L. Neergaard-Petersen, forstjóri dönsku einkaleyfisstofnunarinnar, Kaupmannahöfn, stórriddarakross.
 Asbjörn P. Östberg, form. norska Vinnuveitendasambandsins, Oslo, stórriddarakross.
 Oluf Andersen, próf. dr. med., Kaupmannahöfn, riddarakross.

10. júní:

Dr. Ernest Lehman, bankastjóri, Tel-Aviv, riddarakross.

29. júní:

Johannes Nielsen, forstjóri Kaupmannahöfn, stórriddarakross.
 Vagn Möller, forstjóri Kaupmannahöfn, riddarakross.

4. júlí:

Alexander Philon, fulltrúi í gríska utanríkisráðuneytinu, Aþenu, riddarakross.

12. júlí:

Harold Lone, norskur sendiráðsritari, Oslo, riddarakross.

28. september:

Ib Bjerregaard-Pedersen, danskur sendiráðsritari, Kaupmannahöfn, riddarakross.

19. október:

Bjarne Robberstad, ráðuneytisstjóri, Oslo, stjarna stórriddara.
 Ernst Stabel, ræðismaður Íslands, Cuxhaven, stórriddarakross.
 Frú Helen Englund, Chicago, riddarakross.
 Sidney G. King, forstjóri, London, riddarakross.

21. desember:

Paul S. Bauer, prófessor, Washington D. C., stórriddarakross.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 186 24. ágúst 1966, um breyting á reglugerð nr. 57 12. apríl 1960, um ökukennslu, próf ökumanna o. fl.

1. gr.

Í stað „1. janúar 1967“ í 2. mgr. 24. gr. komi: 1. apríl 1967.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í umferðarlögum nr. 26 2. maí 1958, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 31. desember 1966.

Jóhann Hafstein.

Ólafur W. Stefánsson.

Nr. 291.

REIKNINGUR

Minningarsjóðs Frjálslynda safnaðarins 1965.

Tekjur:

1. Yfirfært frá fyrra ári:

a.	Skuldabréf Siglufjarðarkaupstaðar	kr.	3 000.00
b.	— Byggingarsjóðs verkamanna	—	20 000.00
c.	Útvegsbankabók nr. 13 223	—	90 427.55
d.	— — 17 341	—	59 938.77
e.	— — 11 120	—	13 326.44

_____ kr. 186 692.76

2. Vextir:

a.	Skuldabréf Siglufjarðarkaupstaðar	kr.	120.00
b.	— Byggingarsjóðs verkamanna	—	800.00
c.	Útvegsbankabók nr. 13 223	—	6 330.00
d.	— — 17 341	—	3 986.00
e.	— — 11 120	—	800.00

_____ — 12 036.00

_____ **Kr. 198 728.76**

Gjöld:

1. Yfirfært til næsta árs:

a.	Skuldabréf Siglufjarðarkaupstaðar	kr.	3 000.00
b.	— Byggingarsjóðs verkamanna	—	15 000.00
c.	Útvegsbankabók nr. 13 233	—	96 757.55
d.	— — 17 341	—	63 924.77
e.	— — 11 120	—	20 046.44

_____ kr. 198 728.76

_____ **Kr. 198 728.76**

AUGLÝSING

um verðstöðvun.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimildir þær, sem henni eru veittar í 1. og 3. gr. laga nr. 86 frá 23. desember 1966, um heimild til verðstöðvunar.

Forsætisráðuneytið, 23. desember 1966.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Thorlacius.

Nr. 293.

AUGLÝSING

frá vörumerkjaskráritara, Reykjavík.

I. Vörumerki skrásett árið 1966.

Skrás. 1966, nr. 1. Tilkynnt 22. jan. 1966, kl. 11.00 árdegis, af Westinghouse Electric Corporation, iðjurekstur og verzlun, Pittsburgh 35, Pennsylvania, Bandaríkjunum, og skrásett 28. febr. 1966.

Orðið: **L A U N D R O M A T**

Samkvæmt tilkynningu 25. jan. 1947 er merkið skrásett í Washington D. C. 14. okt. 1947, í 24. flokki, fyrir rafmagnsþvottavélar.

Skrás. 1966, nr. 2. Tilkynnt 10. jan. 1966, kl. 15.00, af Schering Aktiengesellschaft, iðjurekstur og verzlun, Müllerstrasse 170—172, Berlín 65, Þýskalandi, og skrásett 15. ágúst 1966.

Orðið:

Novageron

Samkvæmt tilkynningu 10. jan. 1958 er merkið skrásett í Berlín 23. marz 1964, í 2. flokki, fyrir: lyf, efnavörur til lækninga og heilsuverndar, lyfjaefnavörur, plástra, sáraumbúðir, gerilsneyðingar- og rotvarnarefni (sótthreinsunarefni), efni til að halda matvælum ferskum og geymsluþolnum.

Skrás. 1966, nr. 3. Tilkynnt 10. jan. 1966, kl. 15.00, af sama, og skrásett 15. ágúst 1966.

Orðið:

Ultraproct

Samkvæmt tilkynningu 18. sept. 1964 er merkið skrásett í Berlín 9. júlí 1965 í 2. flokki fyrir: lyf, efnavörur til lækninga og heilsuverndar, plástra, sáraumbúðir, dýra- og jurtaeitur, gerilsneyðingar- og rotvarnarefni (sótthreinsunarefni), efni til að halda matvælum ferskum og geymsluþolnum.

Skrás. 1966, nr. 4. Tilkynnt 11. jan. 1966, kl. 14.30, af Cussons International Limited Kersal Vale Works, iðjurekstur, Moor Lane, Kersal Vale, Manchester 7, Englandi, og skrásett 15. ágúst 1966.

Orðin:

IMPERIAL LEATHER

Merkið er skrásett í London 28. maí 1958 í 3. flokki fyrir ilmvötn, hreinlætis-vörur (ekki til lækninga), snyrtivörur, tannkrem og tannduft, háreyðingarefni, hreinlætistæki, belgi, sem notaðir eru til hárlíðunar, handsápur og ilmoliur.

Skrásetning vörumerkisins var síðast endurnýjuð 28. maí 1965.

Skrás. 1966, nr. 5. Tilkynnt 13. jan. 1966, kl. 15.00, af P. R. Mallory & Co. Inc. (Delaware corporation), iðjurekstur, 3029 E. Washington Street, Indianapolis, Indiana, Bandaríkjunum, og skrásett 15. ágúst 1966.

Orðið:

DURACELL

Samkvæmt tilkynningu 17. júlí 1964 er merkið skrásett í Washington D. C. 27. júlí 1965 í 21. flokki fyrir: kvikasilfurs- og magnesíum rafhlöður, þó ekki fyrir rafgeyma, með miklu álagi.

Skrás. 1966, nr. 6. Tilkynnt 19. jan. 1966, kl. 14.00, af Glen Keith-Glenlivet Distillery Company Limited, iðjurekstur, Station Road, Keith, Banffshire, Skotlandi, og skrásett 15. ágúst 1966.

Orðin:

100 PIPERS

Merkið er skrásett í London 11. júní 1964 í 33. flokki fyrir: vín, áfenga drykki og líkjöra.

Skrás. 1966, nr. 7. Tilkynnt 19. jan. 1966, kl. 14.00, af The Drackett Company (Ohio corporation), iðjurekstur, 100 West 10th Str., Wilmington, Delaware, Bandaríkjunum, og skrásett 15. ágúst 1966.

Orðið: Drackett. Strikuð boglína yfir orðinu.



Samkvæmt tilkynningu 31. maí 1963 er merkið skrásett í Washington D. C. 25. ágúst 1964 í 52. flokki fyrir: fægilög, hreinsiefni og bón á gólf, húsgögn, bifreiðar og aðra ámóta fleti, málmfægilög og hreinsiefni, þar á meðal silfurfægilög og hreinsiefni; lofthreinsiefni og sóthhreinsiefni; skordýraeitur og efni til að verjast skordýrum; þurrkur og hluta þeirra; ryð- og blettahreinsi; tilbúin efni, sem hafa sóthhreinsandi og gerlaeyðandi eiginleika til að hreinsa niðurföll, vaska, handlaugar og því um líkt; snyrti- og hreinsiefni fyrir málm, gler, glugga og aðra fleti, kopar- og eldaveilahreinsi; mottu- og áklæðishreinsi, efnasambönd, sem draga í sig ryk og sett eru í afþurrkunarklúta sem hreinsiefni.

Skrás. 1966, nr. 8. Tilkynnt 19. jan. 1966, kl. 14.00, af Charles Tanqueray & Co. Limited, iðjurekstur, 260/266 Gaswell Road, London E. C. 1, Englandi, og skrásett 15. ágúst 1966.

Orðið:

TANQUERAY

Merkið er skrásett í London 14. febr. 1952 í 33. flokki fyrir vín (áfeng), áfenga drykki, líkjöra og áfengisblöndur (cocktails).

Skrásetning vörumerkisins var síðast endurnýjuð 14. febr. 1959.

Skrás. 1966, nr. 9. Tilkynnt 24. jan. 1966, kl. 16.30, af Arnold André Zigarrenfabrik, G. m. b. H., iðjurekstur og verzlun, Moltkestrasse 10—18, Bünde (Westf.), Þýzkalandi, og skrásett 15. ágúst 1966.

Orðið:

Prisma

Samkvæmt tilkynningu 20. marz 1964 er merkið skrásett í München 6. maí 1964 í 38. flokki fyrir: hrátóbak, tóbaksvörur, einkum vindla, smávindla, reykt- og munn-tóbak, cigarettur og cigarettupappír.

Skrás. 1966, nr. 10. Tilkynnt 24. jan. 1966, kl. 16.30, af sama, og skrásett 15. ágúst 1966.

Orðið:

Continental

Samkvæmt tilkynningu 12. okt. 1934 er merkið skrásett í München 7. júní 1935 í 38. flokki fyrir: vindla, smávindla og reyktóbak.

Skrásetning vörumerkisins var síðast endurnýjuð 12. okt. 1964.

Skrás. 1966, nr. 11. Tilkynnt 24. jan. 1966, kl. 16.30, af sama, og skrásett 15. ágúst 1966.

Mynd á einkennismiða af tveim hnattlíkönum, en þvert yfir myndina er letrað á borða orðið: H A N D E L S G O L D. Fyrir ofan er mynd af seglskipi.



Samkvæmt tilkynningu 20. apríl 1950 er merkið skrásett í München 12. jan. 1952 í 38. flokki fyrir: hrátóbak, tóbaksvörur, einkum vindla, smávindla, reykt- og munn-tóbak, cigarettur og cigarettupappír.

Skrásetning vörumerkisins var síðast endurnýjuð 20. apríl 1960.

Skrás. 1966, nr. 12. Tilkynnt 2. febr. 1966, kl. 15.00, af Bristol-Myers Company (Delaware corporation), iðjurekstur, 630 5th Ave., New York, N. Y., Bandaríkjunum, og skrásett 15. ágúst 1966.

Orðið:

RESOLVE

Samkvæmt tilkynningu 13. jan. 1964 er merkið skrásett í Washington 6. okt. 1964 í 18. flokki fyrir verkjastillandi freyðitöflur með alkalískri verkun.

Skrás. 1966, nr. 13. Tilkynnt 8. febr. 1966, kl. 14.30, af Schenley Industries, Inc. (Delaware corporation), iðjurekstur, 350 5th Ave., New York, 1, N. Y., Bandaríkjunum, og skrásett 15. ágúst 1966.

Orðin:

ORDER OF MERIT

Samkvæmt tilkynningu 10. okt. 1961 er merkið skrásett í Washington 4. sept. 1962 í 49. flokki fyrir kanadískt whisky.

